Alþingistíðindi

1911

B. I.

Umræður í sameinuðu þingi og efri deild.

Reykjavik
Prentað í Félagsprentsmiðjunni
1911

Skammstafanir.

Alþ. = alþingi.
alþm. = alþingismaður.
alþt. = alþingistíðindi.
aths. = athugasemd.
atkv. = atkvæði.
atkvgr. = atkvæðagreiðsla.
breyt.till. eða brtill. eða brt. = breytingartillaga.
breyt.uppást. = breytingaruppástunga.
Ed. = efri deild.
e. hlj. eða e. h. = einu hljóði.
flutnm. og flm. = flutningsmaður.
form. = formaður.
framsm. eða frsm. = framsögumaður.
frumv. eða frv. = frumvarp.
gr. = grein.
h. eða háttv. = háttvirtur eða hinn háttvirti.
hæstv. = hæstvirtur.
kgk. = konungkjörinn.
l. = lög (laga).
lagafrv. eða lfrv. = lagafrumvarp.
Nd. = neðri deild.
ráðh. = ráðherra.
skrif. = skrifari.
st. f. = staðinn fyrir.
stfl. stafliður.
samþ. eða sþ. = samþykt.
till. = tillaga.
t. = til.
tl. = töluliður.
umr. = umræða.
uppást. = uppástunga.
uppástm. = uppástungumaður.
þingd. eða þd. = þingdeild.
þingsál. = þingsályktun.
þingdm. = þingdeildarmaður.
þm. = þingmaður.
þm. Ak. = þingmaður Akureyrarkaupstaðar.
þm. Árn. = þingmaður Árnesinga.
þm. A.-Sk. = þingmaður Austur-Skaftfellinga.
þm. Borgf. = þingmaður Borgfirðinga.
þm. Barðstr. = þingmaður Barðstrendinga.
þm. Dal. = þingmaður Dalamanna.
þm. Eyf. = þingmaður Eyfirðinga.
þm. G.-K. = þingmaður Gullbringu og Kjósarsýslu.
þm. Húnv. = þingmaður Húnvetninga.
þm. Ísaf. = þingmaður Ísafjarðarkaupstaðar.
þm. Mýr. = þingmaður Mýramanna.
þm. N.-Ísf. = þingmaður Norður-Ísafjarðarsýslu.
þm. N.-Múl. = þingmaður Norður-Múlasýslu.
þm. N.-Þing. = þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu.
þm. Rang. = þingmaður Rangvellinga.
þm. Rvík = þingmaður Reykvíkinga.
þm. Seyðf. = þingmaður Seyðisfjarðarkaupstaðar.
þm. Skgf. = þingmaður Skagfirðinga.
þm. S.-Múl. = þingmaður Suður-Múlasýslu.
þm. Snæf. = þingmaður Snæfellinga.
þm. Strand. = þingmaður Strandasýslu.
þm. S.-Þing. = þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu.
þm. Vestm. = þingmaður Vestmanneyjasýslu.
þm. V.-Ísf. = þingmaður Vestur-Ísafjarðarsýslu.
þm. V.-Sk. = þingmaður Vestur-Skaftafellssýslu.
þskj. eða þgskj. = þingskjal.

Þessar skammstafanir tákna og orðin í fleirtölu og í öllum beygingarföllum, og eins með ákveðna greininum.

ÁRIÐ 1911, miðvikudaginn þ. 15. febr., var 22. löggefandi alþingi Íslendinga sett í Reykjavík. Söfnuðust þingmenn saman í alþingishúsinu hálfri stundu fyrir hádegi og gengu þaðan í dómkirkjuna kl. 12 á hádegi. Var þar haldin guðsþjónusta. Prédikaði séra Björn Þorláksson, þingmaður Seyðfirðinga, og valdi sér að ræðuefni ritningarorð þau, er standa í 1. Jóh. 3. 16.

Að guðsþjónustu lokinni söfnuðust þingmenn aftur saman í fundarsal neðri deildar. Las þá ráðherra Íslands, Björn Jónsson, upp konungsbréf það, sem hér fer á eftir:

Frederik hinn áttundi af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vér veitum yður með bréfi þessu sem ráðherra Vorum fyrir Vort land, Ísland, vald til að setja í voru nafni hið reglulega alþingi, sem saman kemur miðvikudaginn 15. febrúarmánaðar næstkomandi.

Ritað á Amaliuborg 3. janúar 1911.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.) *Björn Jónsson.*

Til herra Björns Jónssonar riddara af dannebrog. Vors ráðherra fyrir Ísland.

Að bréfinu loknu stóð upp Sigurður Stefánsson, þm. Ísafj.kaupst. og mælti: Lengi lifi konungur vor, Frederik hinn áttundi! Tóku þingmenn undir það með níföldu húrra.

Lýsti þá ráðherra því yfir, að *alþingi Íslendinga væri sett.*

Gekk þá fyrrum amtmaður Júlíus Havsteen, 1. konungkj. þingm., sem er elztur allra þingmanna, til forsetasætis, setti hinn fyrsta fund í sameinuðu alþingi og kvaddi sér til aðstoðar sem skrifara Sigurð Stefánsson, þm. Ísaf.kaupst. og Jón Magnússon, þingm. Vestmannaeyinga.

Þessir alþingismenn voru þá saman komnir:

Konungkjörnir:

1. Júlíus Havsteen.
2. Eiríkur Briem.
3. Ágúst Flygenring.
4. Steingrímur Jónsson.
5. Lárus H. Bjarnason.
6. Stefán Stefánsson.

Þjóðkjörnir:

Ari Jónsson, þm. Strand.
Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þing.
Bjarni Jónsson, þm. Dal.
Björn Jónsson, þm. Barðstr.
Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
Björn Sigfússon, 2. þm. Húnv.
Björn Þorláksson, þm. Seyðfirðinga.
Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.
Einar Jónsson, 2. þm. Rang.
Gunnar Ólafsson, þm. V.-Sk.
Hannes Hafstein, 1. þm. Eyf.
Hannes Þorsteinsson, 1. þm. Árn.
Hálfdán Guðjónsson, 1. þm. Húnv.
Jens Pálsson, 2. þm. G.-K.
Jóhannes Jóhannesson, 2. þm. N.-Múl.
Jón Jónsson, 1. þm. N.-Múl.
Jón Jónsson, 1. þm. S.-Múl.
Jón Magnússon, þm. Vestm.

Jón Ólafsson, 2. þm. S.-Múl.
Jón Sigurðsson, þm. Mýr.
Jón Þorkelsson, 1. þm. Rvk.
Jósef Björnsson, 2. þm. Skgf.
Kristinn Daníelsson, þm. V.-Ísf.
Kristján Jónsson, þm. Borgf.
Magnús Blöndahl, 2. þm. Rvk.
Ólafur Briem, 1. þm. Skgf.
Pétur Jónsson, þm. S.-Þing.
Sigurður Gunnarsson, þm. Snæf.
Sigurður Hjörleifsson, þm. Ak.
Sigurður Sigurðsson, 2. þm. Árn.
Sigurður Stefánsson, þm. Ísaf.
Skúli Thóroddsen þm. N.-Ísf.
Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Þá var gengið til kosninga. Var Skúli Thoroddsen kosinn forseti sameinaðs þings með 23 atkvæðum. Hannes Hafstein fékk 13 atkvæði og 3 seðlar voru auðir. Varaforseti var kosinn Sigurður Gunnarsson með 20 atkvæðum, Ólafur Briem fékk eitt atkvæði og 18 seðlar voru auðir.

Þá kom fram svohljóðandi ósk um hlutfallskosningu á skrifurum sameinaðs þings.

Það er óskað hlutfallskosningar um skrifara í sameinuðu þingi.

Alþingi 15. febr. 1911.

H. Hafstein. Pétur Jónsson. Eiríkur Briem. Lárus H. Bjarnason. J. Havsteen. Stefán Stefánsson. Jón Jónsson. Einar Jónsson. Eggert Pálsson. Jón Magnússon. Jón Ólafsson. Ágúst Flygenring. Steingr. Jónsson.

Síðan fór fram hlutfallskosning og hlutu þeir kosningu: Sigurður Stefánsson (A listi) og Jón Ólafsson (B listi).

Þá var einnig óskað hlutfallskosningar um kjörbréfanefnd, með svohljóðandi bréfi:

Við óskum hlutfallskosningar í kjörbréfanefnd þá, er kjósa skal eftir 3. gr. þingskapanna.

Alþingi 15. febr. 1911.

H. Hafstein. Lárus H. Bjarnason. Einar Jónsson. Eggert Pálsson. Eiríkur Briem. Jón Magnússon. Pétur Jónsson. Steingrímur Jónsson. Ágúst Flygenring. Jón Ólafsson.

Var þá kosið í kjörbréfanefnd, að viðhafðri hlutfallskosningu, og hlutu þessir þingmenn kosningu:

Kristján Jónsson (A listi).
Sigurður Stefánsson (A listi).
Benedikt Sveinsson (A listi).
Jón Magnússon (B listi).
Lárus H. Bjarnason (B listi).

Að því búnu var fundi sameinaðs þings slitið og skiftu þingmenn sér í tvær deildir.

---

1. FUNDUR í efri deild 15. febr.

Ár 1911, miðvikudaginn 15. febr., var 1. fundur settur í efri deild alþingis að loknum fundi í sameinuðu þingi, af aldursforseta deildarinnar, Júlíusi Havsteen, 1. kgk. þingmanni.

Var þá fyrst kosinn forseti deildarinnar Jens Pálsson, með hlutkesti milli hans og Kristjáns Jónssonar.

1. varaforseti var kosinn Stefán Stefánsson með 7 atkvæðum og 2. varaforseti Júlíus Havsteen einnig með 7 atkvæðum.

Þessir þingmenn óskuðu hlutfallskosningar um skrifara deildarinnar: J. Havsteen, Eiríkur Briem, Steingrímur Jónsson, Ágúst Flygenring og Lárus H. Bjarnason. Fór síðan fram hlutfallskosning og voru kosnir: Kristiun Daníelsson og Steingr. Jónsson.

Forseti las upp bréf frá ráðherra til deildarinnar um að hann hefði í hyggju að leggja fyrir deildina þessi frumvörp, sem þegar hafði verið útbýtt:

1. Frv. til laga um vita og sjómerki.
2. „ „ almennra viðskiftalaga.
3. „ „ laga um öryggi skipa.
4. „ „ „ „ eiða og drengsk.vottorð.
5. „ „ „ „ sóttgæzluskírteini skipa.
6. „ „ „ „ úrskurðavald sáttanefnda.
7. „ „ „ „ stýrimannaskólann í Rvk.
8. „ „ „ „ laun sóknarpresta.
9. „ „ „ „ fræðslu æskulýðsins.
10. „ „ „ „ viðauka við gildandi lagafyrirmæli um utanþjóðkirkjumenn.

11. Frv. til laga um dánarskýrslur.
12. „ „ „ „ lögaldursleyfi,
og lýsti ráðherra því yfir, að hann legði þessi frumvörp fyrir deildina til meðferðar.

Tilkynning um framlengda þingsetu konungkjörinna þingmanna.

ANNAR FUNDUR í sameinuðu þingi 29. apríl.

Forseti (Sk. Th.): Eg skal geta þess, að eg fékk tilkynningu frá hæstvirtum ráðherra um að þingseta hinna konungkjörnu þingmanna væri framlengd. Nú er í 14. gr. stjórnarskrárinnar gert ráð fyrir, að konungkjörnir þingmenn séu útnefndir til 6 ára og þar sem síðasta útnefning fór fram 29. apríl 1905 og þannig liðin rétt 6 ár frá þeim tíma, þá vil eg beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra, hvort hann álíti hér vera um nýja útnefningu að ræða, sem þá ætti að vísa til kjörbréfanefndar eða hvaða skilning hann hefir á þessu?

Ráðherra (Kr. J.): Þegar eg mintist á þetta mál í fyrradag við hæstvirtan forseta, þá var það í því skyni gert, að hann væri ekki í vafa um, hverja þingmenn bæri að kveðja til sameinaðs þings. En úr því að þetta mál hefir verið tekið hér á dagskrá, þá vil eg nú tilkynna þinginu það, sem hér fer á eftir. Eg átti von á því í fyrstu, að þessu þingi yrði lokið eigi síðar en í lok aprílmánaðar. En þegar snemma á þingi var það orðið ljóst, að svo gæti ekki orðið. Þá kom til athugunar sú spurning, hvenær þingsetutími hinna konungkj. þingmanna væri útrunninn. Á þessu gat verið nokkur vafi, því að það er ekki alveg auðgert að skera úr því, frá hvaða degi beri að telja umboð þeirra. Sumir líta svo á, sem umboð þeirra hafi byrjað 29. apríl 1905, því þá var konungsúrskurðurinn gefinn, þar sem hinir konungkjörnu þingmenn voru tilnefndir. Aðrir telja umboð þeirra frá 3. maí, því að þá var gefið bréf það, sem tilkynti útnefningu þeirra. Enn aðrir líta svo á, að þingmensku-umboð byrji 1. júlí, og eg er einn meðal þeirra, er svo vilja líta á málið. Eins og kunnugt er, hafa konungkj. þingmenn átt sæti á þingi alla tíð síðan 1845, því að þeir sátu fyrst á ráðgjafarþingunum. Hinir fyrstu konungkj. þingmenn munu hafa verið skipaðir árið 1844, þannig að þeir áttu að taka sæti á þinginu, sem kom saman 1. júlí 1845, þá byrjaði starfstími þeirra. Á sama hátt hefir þetta verið síðan 1874, er stjórnarskráin gekk í gildi. Konungkj. þingmenn voru skipaðir á miðjum vetri 1875, en áttu ekki að taka til starfa fyr en alþingi kæmi saman 1. júlí sama ár. Þessvegna lít eg svo á, að umboð konungkj. þingmanna byrji 1. júlí og endi 30. júní 6 árum síðar og þá er umboð núverandi konungkj. þingmanna ekki út runnið fyrri en 30. júní í sumar. En af því að nokkur vafi getur leikið á þessu og af því að það var sýnilegt, að þetta þing mundi dragast fram í maímánuð, þá áleit eg réttast að fá þingsetutíma hinna konungkj. þingm. framlengdan með sérstökum konungsúrskurði. Eg lít svo á, að þetta sé ekki ný útnefning og þurfi málið því ekki að koma til kjörbréfanefndar. Eg hefi nú fengið áminstan konungsúrskurð, og er hann svo hljóðandi:

Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vér veitum yður með bréfi þessu sem ráðherra Vorum fyrir land Vort Ísland vald til þess að samþykkja í Voru nafni, að yfirstandandi alþingi megi setu eiga svo lengi sem þörf verður á, þó eigi meir en 4 vikur fram yfir 8 vikna tíma þann, er heimilaður er í 3. grein stjórnarskipunarlaga 3. október 1903 um breyting á stjórnarskrá um hin sérstak-

legu málefni Íslands 5. jan. 1874, og ennfremur vald til þess í voru nafni að segja þingi slitið að liðnum hinum lögheimilaða reglulega þingsetutíma, eða síðar á 4 vikna fresti þeim, er áður er nefndur, þegar eigi er lengur þörf á að lengja þingið.

Ritað á Amaliuborg, 25. marz 1911.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.) *Kristján Jónsson.*

Til
herra Kristjáns Jónssonar riddara af Dannebrog, Vors ráðherra fyrir Ísland.

„Indstillingen bifaldes", — en tillagan var, að umboð núverandi konungkjörinna þingmanna skuli gilda til loka þessa þings, eða meðan þing þetta situr.

Úrskurðurinn segir þannig, að starfstími núverandi konungkjörinna þingmanna sé framlengdur, þar til þessu þingi er lokið. Eg gjörði þetta fyrir tryggingarsakir, ex tuto, einmitt af því að eg hafði heyrt hreyft vafa um það, hvenær umboði þeirra væri lokið. Á hinn bóginn sá eg, að það væri hið mesta óráð að skifta um konungkj. þingmenn að eins viku til hálfum mánuði áður en þingi lýkur. Þeir hafa tekið þátt í öllum störfum þingsins og sitja í nefndum, og ef ætti nú að fara að taka nýja menn í þeirra stað, þá mundi það verða mikil röskun á störfum þingsins. Því áleit eg þetta hið eina rétta og tiltækilega. Enda hygg eg það vera í samræmi við vilja beggja flokka á þinginu. Eg hefi skoðað það svo, að það væri sameiginleg ósk háttvirtra þingmanna, að útnefning nýrra konungkjörinna þingmanna fari ekki fram fyrri en næstu kosningar eru um garð gengnar; því að það má ætla að almennar kosningar fari fram á næsta hausti vegna stjórnarskrárbreytingar þeirrar, sem þingið hefir með höndum. Hefði ný útnefning farið fram nú þegar, þá hefði umboð hinna nýju konungkjörnu þingmanna orðið að gilda um næstu 6 ár. Eg sé ekki að neitt ákvæði stjórnarskrárinnar sé því til fyrirstöðu að fara að eins og hér er gert. Það má jafnvel skilja 14. gr. svo, sem hún heimili þetta beina leið. Þar stendur nefnilega, að umboð konungkj. þingmanna gildi „venjulega fyrir 6 ára tímabil." Þetta orð „venjulega", í danska tekstanum „ordentligvis", bendir í þá átt, að undantekningar megi eiga sér stað. Nú hefi eg gjört grein fyrir því, hversvegna eg hefi ráðið konungi til að gefa þennan úrskurð, sem eg hefi fyrir nokkrum dögum skýrt forsetum þingsins frá.

Forseti: Háttvirtir þingmenn hafa þá heyrt greinargjörð hæstvirts ráðherra í þessu máli og álít eg að frekari umræður fari ekki fram um það.

Tillaga til þingsályktunar um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfélaga.

27. fundur í efri deild, 25. marz.

Forseti: Eg vil leyfa mér að leggja það til, að tvær umræður verði hafðar um þetta mál, þareð fram hefir komið beiðni um það frá nokkrum háttv. þingdeildarmönnum.

Tvær umr. samþ. með 7 samhlj. atkv.

Fyrri umr. 27. marz.

Kristinn Daníelsson: Eg leyfi mér að leggja til, að málinu sé vísað til nefndarinnar, er kosin var í frumvarpið um bygging, ábúð og úttekt jarða.

Eiríkur Briem: Eg hefi ásamt háttv. 6. kgk. þm. leyft mér að koma fram með breytingartillögu. Eg afhenti hana á skrifstofu þingsins fyrir fund á laugardaginn var, en henni hefir ekki verið útbýtt fyr en nú, svo að hún verður eigi rædd, en það gerir ekkert til, ef málinu verður vísað til nefndar.

ATKV.GR.: Till. vísað til seinni umr. í

einu hljóði og síðan vísað til nefndarinnar í frumv. um bygging, ábúð og úttekt jarða.

Síðari umr. 4. apríl (291; n. 442; 454; 316).

Framsögumaður (Jósef Björnsson): Eins og hv. deild sér, hefir nefndin, sem hefir haft þetta mál til íhugunar, komið fram með allmargar breytingartill. um skilyrðin fyrir styrkveiting úr landsjóði til Búnaðarfélaga. Þessi þingsályktunartillaga er sprottin af þeirri þörf, sem orðin er á því að setja nýjar og fyllri reglur en verið hafa um slíkar styrkveitingar. Það er eðlilegt að slíkar reglur verði úreltar, þegar þær hafa staðið um nokkurn tíma, og þurfi því við og við að breyta þeim. Núgildandi reglur um styrkveitingar til búnaðarfélaga eru orðnar á eftir tímanum að ýmsu leyti. Það á rót sína í því að jarðabótum hefir farið fram og að þær hafa tekið stórmiklum breytingum. Þær reglur, sem hv. Nd. hefir samþykt og hingað eru komnar, fara talsvert í þessa átt. En þó fanst nefndinni ástæða til að koma fram með nokkrar breytingatillögur við þær, og skal eg með nokkrum orðum skýra frá ástæðum nefndarinnar til þess. Breytingartillögurnar eru margar smávægilegar, sumar aðeins orðabreytingar, og þarf eg því ekki að vera langorður um þær. Fyrsta breytingartill. á þingskj. 442 fer fram á það að orðin „og grónar flagsléttur“ falli burt úr staflið B. 1. a. Þetta er gjört vegna þess að nefndin verður að álíta, að þetta eigi betur heima undir næsta lið. Þá leggur nefndin til að B. 1. b. verði tveir liðir: 1. Túnútgræðsla (óbylt land). 2. Plægt land og herfað (flagsléttur og sáðsléttur), sem er nýr liður. Þessi nýi liður er að áliti nefndarinnar nauðsynlegur. Fyrst og fremst fyrir þá sök, að nú eru menn farnir að gera talsvert mikið að því að nýrækta land með því að plægja það, herfa og sá í það. Að taka þetta fram sérstaklega, sem lið út af fyrir sig, hefir einkum þýðingu að því leyti að það gefur manni tök á að sjá hve mikið er ræktað út af landinu. Og það sést ekki aðeins hvernig ræktað land stækkar, heldur einnig hvernig það er ræktað. En þetta hefir talsverða hagfræðilega þýðingu.

Þá skal eg minnast á 4. brtill. á þskj. 442 við B. 1 k, að í stað orðanna „vegir yfir tún og engjavegir“ komi tún, og engjavegir, svo að liðurinn verður: „upphleyptir tún- og engjavegir“. Eins og liðurinn er orðaður í frv. N. d. getur hann orðið til þess að ómerkilegir engjavegir, hvort sem þeir eru upphleyptir eða ekki, gætu orðið styrktir, en í veg fyrir þetta er komið með brtill.

Þá er 5. brtill við B. 2. a. að í stað orðsins „ferstikur“ komi merkið m^2 og að yfirleitt komi merkið *m* í stað orðsins stika hvar sem er í tillögunni. Þessa breytingu vill nefndin gera til þess að koma á samræmi við lögin um metramæli og vog frá 16 nóv. 1907. Að vísu segir í 3. grein þessara laga, að stjórnarráð Íslands geti ákveðið, hvar íslenzkt heiti megi nota jafnhliða útlendu heitunum. En hér virðist réttara að binda sig frekar við hin lögákveðnu heiti heldur en hvað stjórnarráðið heimilar. Enda munu þessi merki ekki geta valdið neinum örðugleikum út um landið. Þá eru brtill. um það hvað leggja skuli í dagsverk. Í 1. brtill. við B. 2 c. leggur nefndin til að af byltum og blönduðum sáðreitum sé ekki lagt meira í dagsverk en 50 ferstikur, það er jafnt og af túnasléttum. Það er ekki minna verk að rækta landið til sáðreita en að slétta tún og er því ósanngjarnt að þriðjungi meira sé lagt af þeim í dagsverk. Þá leggur nefndin til að þegar um girðingar úr sléttum vír er að ræða, þá geti þær orðið teknar til greina þó ekki séu strengirnir nema 3. Þessar girðingar eru helzt meðfram heimreiðum og til þess ætlaðar að hamla gripum, einkum hestum, að hlaupa af veginum inn á tún og geta

þær verið fullgildar til þeirra hluta þó strengirnir séu ekki nema 3. En jafnframt þessari breytingu leggur nefndin til að meira sé lagt í dagsverk. Þá leggur nefndin til að sú breyting verði gerð á liðnum B. 2 e. að garðar hlaðnir á skurðbakka þurfi ekki, til þess að verða teknar til greina, að vera fullur meter á hæð, heldur megi þeir vera lægri eða 0,65 m. ef gaddavírstrengur er hafður ofan á. Þá er 10. brtill. við B. 2 í 2 um það hve mikið skuli leggja í dagsverk af lokræsum úr hnaus (holræsum). Slík ræsi eru ófullkomin og endingarlítil, en þó svo fljótgerð að nefndinni fanst of lítið að heimta ekki meira en 8 m. í eitt dagsverk og vill færa það upp í 10 m. Eg hefði verið fús á að færa töluna enn meira upp, því eg tel ekki ástæðu til að hlynt sé sérstaklega að þessari ræsagerð. Þá er 11. brtill. við B. 2. í 3. um að færa upp þann metrafjölda, sem lagður er í dagsverk af pípuræsum úr 5 og upp í 6 og getur það ekki talist ósanngjarnt, þótt pípur séu nokkuð dýrar hér hjá oss. 12. brtill. fer fram á það að alstaðar í tillögunni, þar sem talað er um forir, komi orðið safngryfjur í staðinn. En þar eð þetta er að eins orðabreyting skal eg ekki frekar tala um hana. Þá skal eg minnast á 15. brtill. við C. 4. um það hvað útheimtist til þess að gaddavírsgirðing verði talin fullgild. Þar vantar ákvæði um það hversu traustir máttarstólpar skuli vera og vill því nefndin mæla með, að bætt sé inn í greinina því skilyrði, að máttarstólpar úr tré skuli vera 10 cm. á hvorn veg. 14. brtill við C. 2. er um það hvað skuli kalla tvíhlaðna grjótgarða, og er í reglunum eins og þær komu frá Nd. það ákvæði að það skuli telja tvíhlaðinn garð, ef gróin jörð er bak við einfalda hleðslu. Þetta getur nefndin alls ekki aðhylst og vill því kippa þessu ákvæði út úr greininni. Þá eru á þskj. 454 nokkrar breytingartill. fram komnar frá tveim háttvirtum deildarmönnum og hefir nefndin í heild sinni getað aðhylst 4 af þeim, sem sé brtill. 1—3 og 5.

Fyrsta br.till. miðar að því hvað útheimtist til þess að búnaðarfélög geti orðið styrks aðnjótandi. Hún fer fram á það að hækka tölu þeirra félagsmanna, sem heimtað er að unnið hafa árið áður en styrkurinn er veittur úr 5 og upp í 8. Það verður tæpast sagt annað en að þessi krafa sé svo væg, að ekki sé ástæða til þess að hafa á móti henni. Þá er önnur br.till. á sama þskj. við sama lið þess efnis að dagsverkafjöldi sá, sem heimtaður er af hverjum þessara manna, skuli hækkaður úr 10 og upp í 12. Um þessa br.till. er sama að segja og hina fyrri, að krafan er svo væg að nefndin getur vel aðhylst hana. Þá getur nefndin einnig fallist á að fella burt síðustu málsgreinina í A. 1. eins og farið er fram á í 3. br.till. á þskj. 454. Kemur þá 5. br.till. á sama þskj. þess efnis að eftir 1919 megi enginn skoðunarmaður taka upp í jarðabótaskýrslu túnasléttur, túnútgræðslu eða sáðreiti á þeim heimilum þar sem eigi eru áburðarhús og salerni. Þetta getur nefndin líka aðhylst, því það má óhætt telja mikinn þátt í góðri meðferð áburðar að höfð séu hús fyrir hann.

Í öðrum löndum eru áburðarhús á sumum stöðum eigi annað en vegglausir skúrar, þar sem áburðurinn því að eins er varinn fyrir úrfelli. Yrði slíkir skúrar bygðir hér, og vel væri gengið frá haugbotninum, þá má telja rétt, að þeir álitust vera áburðarhús.

Ég skal játa að slík hús gætu á sumum stöðum verið fullnægjandi eða mikil bót verið að þeim að minsta kosti, þar eð áburðurinn fengi vörn fyrir úrfelli, er annars gæti skolað svo eða svo miklu burt, en á flestum stöðum hygg ég að fullkomnara hús mundi happasælla. Með áburðarhúsum mundi áburðurinn ekki einungis verða miklu betri, heldur og stórum meiri en á þeim stöðum, er áburðarhús vantar.

Sumum kann ef til vill að þykja nokk-

uð hart, að bændur séu skyldaðir til þess að búa til slík hús, en þess ber vel að gæta að þessi skylda er frjáls, — á ekki skylt við neina þvingun, því maðurinn hefir frjálst val um það, hvort heldur hann vill byggja húsið eða verða af jarðabótastyrk. Loks eru þá brtill. 4. og 6., sem nefndin hefir ekki getað orðið sammála um að aðhyllast.

Í 4. br.till. er ákveðið að einn skuli vera skoðunarmaður í sýslu hverri, en jafnframt tekið fram að í samráði við stjórn búnaðarfélags Íslands megi hafa fleyri slíka menn. Eg fyrir mitt leyti teldi heppilegra að maðurinn væri að eins einn, og með því mundi eftirlitið miklu nákvæmara en ef fleiri væru. En sumstaðar getur auðvitað hagað svo til, staðhátta vegna, að einn mundi ekki duga En meiri hluta nefndarinnar finst í því liggja óþarfa skriffinska, að stjórn búnaðarfélagsins skuli endilega þurfa að koma til sögunnar um útnefning slíkra manna. Þá er 6. br.till. að ekki skuli önnur félög njóta styrks, eftir 1915, en þau, sem séu í einhverju búnaðarsambandi. Það er nú ekki allsendis ljóst, hvort hagurinn af þeim samböndum, sumum hverjum, svarar vel kostnaðinum, eða svo lítur meiri hluti nefndarinnar á það mál. En nú eru vitanlega á stórum svæðum sambönd milli búnaðarfélaga komin á, og með því að ekki er farið fram á að sambandið skuli ná yfir ákveðið svæði, þá er ég þessu ekki beinlínis ósamþykkur; eg tek það fram sem mína skoðun, að ég sé ekki neitt sérlega varhugavert við þá breytingartillögu.

Stefán Stefánsson (6. konungkj.) Við höfum leyft okkur, háttv. þingm. Akureyrar og eg, að koma fram með breytingartillögur við mál þetta; nokkrar hefir nefndin tekið upp, en hún hefir verið á móti þeim tillögum, er okkur var sárast um. Eg veit ekki, hvort mér tekst að skýra fyrir hinni háttv. deild, hvers vegna okkur var sárast um þessar tillögur. Máli þessu var fyrst hreyft á aðalfundi Ræktunarfélags Norðurlands 1909, og það kom einnig fyrir á síðasta fundi félagsins, og þess þá óskað að lögum félagsins yrði breytt í þá átt að öll búnaðarfélög á félagssvæðinu gengju í samband, þannig að Ræktunarfélagið yrði í raun og veru samband allra búnaðarfélaga norðanlands; þau félög, er í sambandið gengju, skyldu greiða til þess eitthvert fastákveðið gjald, en fá í staðinn t. d. Ársrit félagsins og mann til þess að mæla og meta jarðabætur félagsmanna ókeypis og leiðbeina þeim í öllu, sem að búnaði lýtur. Þessi maður, eða menn, yrðu þá nokkurskonar búnaðar farkennarar — búnaðarfélögin intu af hendi eitthvert ákveðið árgjald, en fengju í stað þess nauðsynlega en ódýra fræðslu. Enn fremur var ætlast til að sýslurnar á félags- eða sambandssvæðinu styrktu félagið með árlegu tillagi, er miða mætti við býlatölu sýslunnar. Ræktunarfélagsfundurinn lagði til að sýslutillagið yrði sem næst 50 aurum fyrir hvert bygt ból, sem grasnyt hefði, en Búnaðarþingið taldi það of hátt og vildi hafa það 25 aura.

Þessu var hreyft á búnaðarþinginu, og allir hljóta að vera sammála um það, að bráðnauðsynlegt sé að reyna sem allra fyrst, að koma öllum búnaðarfélögum undir umsjón og yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands, koma föstu skipulagi á allan búnaðarfélagsskap landsins, og löggjafarvaldið getur flýtt mjög fyrir framgangi málsins, ef það felst á tillögur og gerðir búnaðarþingsins síðasta, sem hér að lúta. Með því að hafa að eins einn eftirlitsmann í sýslu hverri, fást miklu nákvæmari og betri skýrslur en ella mundi. Maður þessi skal að sjálfsögðu vera búfróður.

Fyr meir var ástandið þannig, að búnaðaðarfélögin baukuðu hvert í sínu horni, hugsuðu varla um annað en hirða styrkinn. Skýrslurnar um jarðabæturnar voru mjög ófullkomnar og óáreiðanlegar, en á þinginu 1901 var ákveðið eftir minni tillögu, að eg held, að þeir menn, sem mæla skyldu jarðabæturnar, mættu þó aldrei

vera fleiri en þrír, og var það fyrsta takmörkunin, en nú er hér farið fram á að maðurinn skuli vera einn í sýslu hverri útnefndur af sýslunefnd, eftir tillögum búnaðarsambands þess sem sýslan er í. Allir hljóta að viðurkenna, að það, að hafa einn góðir mann til slíkra starfa, hlýtur að vera til mikilla bóta, og með því er fengin trygging fyrir því, að mæling jarðabótanna verði sem ábyggilegust og er það ekki lítils vert, og meira samræmi hlýtur að komast í jarðabótaskýrslurnar með þessu móti.

Hin tillagan, að þau búnaðarfélög, sem ekki eru í neinu sambandi, skuli engan styrk fá, eftir víst árabil, er að okkar dómi bæði sanngjörn og sjálfsögð, því með henni mundi vaxa hvöt hjá þeim félögum til þess að ganga í sambandið, er þau ættu enga styrks von annars.

Þau félög, sem nú eru ekki í neinu sambandi, eru Búnaðarfélög Snæfellsness-Hnappadalssýslu, Mýra- og Dalasýsla og nokkrir hreppar í Kjósar- og Gullbringusýslu. Á Norðurlandi vona eg að sambandið komist á innan skamms, ekki síst ef þessi tillaga verður samþykt. Öll búnaðarfélög landsins þurfa að verða eitt órjúfanlegt krefi, ein organisk, lifræn heild. Eg er ekki í neinum vafa um að það mundi verða þjóðinni til stórkostlegra heilla í framtíðinni.

Eg skal ekki fara út í hinar breytingartillögurnar, þær miða allar til þess að herða á skilyrðunum, og álít eg það til bóta.

Eiríkur Briem: Háttv. framsögumaður tók það fram, að nefndin hefði ekki getað aðhylst breytingartillögurnar við 4. og 6. lið.

Hvað 4. liðinn snertir, þá segir þar, að einn skuli vera skoðunarmaður í sýslu hverri; en í þingsályktunartillögunni, að þeir megi ekki vera fleiri en þrír. Eftir tillögunni mega þeir og vera það með samþykki Búnaðarfélags Íslands. Þetta þykir hálfundarlegt fyrirkomulag; og mér þykir það líka óþarfa skriffinska, að þurfa endilega að sækja samþykki Búnaðarfélags Íslands til útnefningar þessara skoðunarmanna. Eg verð að líta svo á að stundum geti verið nauðsynlegt að hafa fleiri en einn skoðunarmann, hvað sem líður samræminu, sem hv. 6. konungkj. talaði um. Og væri nú t. d. einhverra orsaka vegna bráð þörf á, að fá skýrslu frá þessum mönnum um jarðabætur eða mat þeirra, gæti stundum orðið nokkuð örðugt að fá þær.

En aðalatriðið er sem sagt það, að þurfa endilega að skrifa gegnum búnaðarsambandið til Búnaðarfélags Íslands; það þykir mér alt of vafningasamt. Um 6. liðinn hefi eg það að segja, að stundum hafa búnaðarsamböndin orðið til — eg vil segja einungis til þess að fá fé úr landssjóðnum.

Jósef Björnsson: Það er að eins örlitið, sem eg vildi segja. Hingað til hefir styrkurinn til búnaðarfélaga verið veittur til hvatningar bændum.

Og þótt áhuginn á jarðabótum fari mikið vaxandi, þá verður þess að gæta, að einatt getur eitthvað nýtt komið til sögunnar, sem hvatningar þarf við, og þá verður full ástæða að halda styrknum til nýrra hvata og nýrra framfara.

Eg skal ekki deila við háttv. 6. kgk. um búnaðarsamböndin. Okkur skilur þar í raun og veru ekki mikið á. En það vil eg taka fram, að eg tel næsta mikilsvert að góðir skoðunarmenn fáist, ekki einungis til þess að mæla jarðabæturnar, heldur einnig meta þær til dagsverka. Þá gæti þingið sjálft hætt að meta hvað í dagsverk eigi að leggja, og losnað við það vandaverk, sem því, oft sökum ónógrar þekkingar á málinu, hefir verið um megn. Í slíkum ákvæðum hefir ekki æfinlega verið tekið nægilegt tillit til þess feikna munar, sem á því er, að rækta upp stórgrýtta jörð og vota eða slétt og gljúp landsvæði.

Þess vegna getur orðið mikill ávinning-

ur af því að fá hæfa menn til þessara starfa.

Sigurður Hjörleifsson: Eg get tekið undir með háttv. 6. kgkj. að því er til kemur meðmæla þessara breytingartillagna. En eg vil benda á það, að þótt menn feldu br.till. við 4. lið, þá geti menn samþ. till. við þann sjötta.

Það er ekki fragangssök að fella aðra, þótt menn aðhyllist hina.

Eg get fallist á flestar br.till. nefndarinnar og greitt þeim atkvæði, nema því, að breyta orðunum: stika, ferstika o. s. frv.

Annars er það tillagan um salerni og áburðarhús, sem mér er langsárast um; sú till. er upphaflega frá mér komin, og hún hefir mikla þýðingu; komist hún í fult gildi hjá þjóðinni, þá vinst með því mikið fé, er annars mundi glatast. Auðvitað er mikið undir því komið að áburðarhúsin séu bygð sem bezt; það er mikils vert fyrir búnað þessa lands í framtíðinni.

Umr. lokið.

Brt. við A 1 sþ. í einu hlj.
„ „ „ „ „ 12 samhlj.
„ „ „ „ „ í einu hlj.
„ „ „ 4 „ 7 : 3 atkv.
„ „ „ „ „ 12 : 1 „
„ „ „ „ feld 8 : 5 „

að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson	Steingr. Jónsson
Jósef Björnsson,	Ari Jónsson,
Kristján Jónsson,	Aug. Flygenring,
Sig. Hjörleifsson,	Eiríkur Briem,
Stefán Stefánsson,	Gunnar Ólafsson,
	Júlíus Havsteen,
	Lárus H. Bjarnas.
	Sig. Stefánsson.

Brt. við B 1, a. sþ. 12 shlj.
„ „ „ „ b. „ í einu hlj.
„ „ „ „ j. „ 12 atkv.
„ „ „ „ k. „ í einu hlj.
„ „ „ 2 a. „ 8 : 4.
„ „ „ „ b. „ í einu hlj.
„ „ „ „ c. „ - „ „
Brt. við B 2 d, 6. „ 11 shlj.
„ „ „ „ e. „ í einu hlj.
„ „ „ „ i, 2. „ 11 shlj.
„ „ „ „ i, 3. „ 11 shlj.
„ „ „ „ j. „ án atkv.
„ „ „ „ c, 2. „ 12 : 1 atkv.
„ „ „ „ c, 4. „ 11 shlj.
„ „ „ „ c, 8. „ án atkv.
„ „ „ „ c. 9. „ „ „

Till. þannig breytt sþ. í einu hlj. og afgr. til sameinaðs alþingis.

Umræða í sameinuðu alþingi 29. apríl (494, 700).

Framsögumaður (Sigurður Sigurðsson): Þessi tillaga hefir fengið rækilegan undirbúning. Snemma á þinginu er hún borin fram í háttv. neðri deild, og um sama leyti er hún til umræðu á búnaðarþinginu. Síðan hefir tillagan verið rædd tvisvar í hvorri deild. — Efri deild gjörði nokkrar breytingar á tillögunni og eru þær flestar þannig vaxnar, að landbúnaðarnefnd neðri deildar getur fallist á þær. Eigi að síður eru nokkur atriði, sem nefndin sá sér ekki fært að ganga inn á, og þessvegna hefir hún komið með breytingartillögurnar á þingskjali 700. Þær eru 5 talsins, en í eðli sínu ekki nema 3. Aðalbreytingin, sú eina, sem nokkru máli skiftir, snertir 4. lið hinna almennu skilyrða. Þegar tillagan fór frá neðri deild, var svo ákveðið í þessum lið, að skoðunarmenn skyldu ekki vera fleiri en 3 í hverri sýslu. Efri deild breytti þessu þannig, að skoðunarmaður skyldi að eins vera einn, en þó megi sýslunefnd skipa 2—3 skoðunarmenn í sýslu með samþykki stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Breyting efri deildar miðast við það, að í ráði er að koma á sambandi milli allra búnaðarfélaga í landinu og að búnaðarsambandið hafi einn skoðunar- og mælingamann í hverri sýslu. En þessu máli er ekki komið svo langt áleiðis enn, að allar sýslur landsins séu komnar í búnaðarsamband. Nefndin leggur því til, að síðustu tvær málsgreinarnar í 4. lið falli

burt, og í þess stað komi, að skoðunarmenn skuli eigi vera fleiri en þrír í sýslu hverri. Jafnvel þó búnaðarsambönd komist á um land alt, sem nefndin vonar að verði, þá gæti þetta atkvæði ekki orðið því til fyrirstöðu, að að eins einn maður skoði jarðabætur í hverri sýslu. Það væri þá samningsatriði. En nefndin vildi ekki að það væri *skylda* að hafa að eins einn skoðunarmann, því að það hefir í för með sér töluverðan kostnað og erfiðleika, sérstaklega í þeim sýslum, sem eru stórar og illar yfirferðar. Nefndin leggur áherzlu á þetta atriði, eins og nú tilhagar. En það er ekkert því til fyrirstöðu, þegar allar sýslur eru komnar í búnaðarsamband, að menn þá komi sér saman um einn skoðunarmann í hverri sýslu. Þetta er aðalbreytingin; hinar eru minna virði. Næsti flokkur breytinganna er eiginlega ekki nema orðabreyting. Í tillögunni, sem upphaflega lá fyrir neðri deild, var talað um „áburðarhús og forir". Neðri deild setti „safnþrór í staðinn fyrir „forir", en efri deild breytti því í „safngryfjur". Nefndin vill breyta því aftur í safnþrór og álítur, að það orð fullnægi betur hugtakinu, sem liggur á bak við það. Auk þess er orðið ekki ljótt í sjálfu sér. Loks er síðasta breytingin, hún er líka óveruleg. En nefndinni virtist ástæða til að setja metri — fermetri og rúmmetri — í staðinn fyrir m., m^2 og m^3, eins og nú stendur í tillögunni. Nefndin álítur þetta áferðarfegurra og skýrara fyrir almenning, sem naumast skilur enn alfarið hvað m^2 o. s. frv. þýðir.

Þótt þessi merki séu notuð í ritum, þá álít eg að hér fari betur á, að orðunum fermetri og rúmmetri sé haldið.

Bjarni Jónsson: Eg skal ekki deila um þessar breytingartill., þær skifta litlu máli, og líka sú seinasta, sem eg ætla að tala um. Eg lagði áherzlu á það, þegar þetta mál var í neðri deild, að íslenzk heiti væru höfð í stað útlendra vanskapninga. Það hefir ekki verið samþykt í efri deild, heldur hefir hún í staðinn tekið upp m^1, m^2, m^3. Það þykir mér langtum betra, en að hafa orðskrípi þau, fransk-latnesk-grísk, sem farið er fram á í br.till. Það skaðar ekki íslenzkan málsmekk manna að segja m í þriðja veldi eða m í öðru, o. s. frv., því m-ið er nú einusinni komið í stafrófið. Verði br.till. samþykt, verður fermetri óbeygjanlegt eins og t. d. í 2. lið, þar sem talað er um 50 m^2, það verða þá 50 fermetri, og flóðgarðar í sama lið, sex rúmmetri. (Sig. Sig.: þetta er hártogun, orðið beygist.) Það er engin hártogun, en ef maður er velviljaður, má ef til vill skilja br.till. svo. Eg mæli þessvegna með, að br.till. sé feld, en m látið halda sér.

Björn Þorláksson: Eg á brtill. við þessa þingsál.till. á þingskj. 803. Hún er við 1. gr. í A. 1. gr. hljóðar svo: „Að 8 menn eða fleiri í félagi hverju hafi á næsta ári á undan því, er styrkurinn er veittur, unnið að jarðyrkjustörfum þeim, er til greina eru tekin við styrkveitingu, samkv. eftirfylgjandi reglum, að minsta kosti 12 dagsverk hver þeirra". Mín brtill. fer fram á að minsta tala manna, sem þarf til að mynda félag til að fá styrk, sé ekki 8 heldur einungis 5. Eg hefi komið fram með þessa brtill. vegna reynslu þeirrar sem eg hefi um 2 hreppa á Austurlandi, hreppinn sem eg bý í, og næsta hrepp. Það hagar svo til í öðrum hreppnum, að ómögulegt er að mynda félagsskap til jarðabóta til þess að geta fengið styrk, því að búendur eru svo fáir, ekki nema 9—10, en sumir þeirra, alt að helmingur, frábitnir öllum slíkum félagsskap. Aftur á móti eru nokkrir í mínum hrepp, sem stunda jarðabætur, en þegar 8 menn þarf til að mynda félagsskap, er styrks geti orðið aðnjótandi, þá geta 5—6 menn, þótt þeir vilji, ekki myndað félag til að fá styrk, meðan þetta ákvæði er. Það væri ef til vill hægt að segja, að þeir gætu myndað félag með mönnum úr næstu sveit, en á því eru ýmsir annmarkar, t. d. vond og erfið ferða-

lög milli sveitanna, og svo setja búnaðarfélög sveitanna mismunandi reglur, sem koma í bága hvorar við aðra. Fyrir þá sök veit eg, að menn úr næsta hreppi við mig hafa ekki viljað segjast í lög með okkur. Þeim hefir þótt það of erfitt. Eg verð að ætla, að tilgangurinn með þessum landsjóðsstyrk sé sá, að örfa menn til jarðabóta, og eg ætla, að honum verði bezt náð með því, að ákveða tölu þeirra manna, sem þarf til að mynda búnaðarfélélag, er styrks geti notið, sem lægsta, og miða þá við fámennustu hreppana, svo að allir geti komist að. Sé það ekki gert, liggur beint við, að mörgum mönnum verði alveg synjað um að verða styrks þessa aðnjótandi. Það getur komið fyrir, og hefir oft komið fyrir, að fáir menn í félagi, 4—5, vinni miklu meira heldur en tvö—þreföld tala manna í öðru félagi.

Eg skal svo ekki teygja tímann með fleiri orðum, en að eins geta þess, að við síðari umr. í neðri deild gerði eg brtill. samhljóða þessari við þingsályktunartillöguna. Hún var þá samþykt, og fór til efri deildar, en þar var hún feld burt. Eg vonast til þeirrar sanngirni af sameinuðu þingi, að það taki tillögu mína til greina, og samþykki hana.

Stefán Stefánsson 6 (kgkj.): Þessar brtill. hafa allar það sameiginlegt, að þær eru smávægilegar; þær eiga líka allar það sameiginlegt að þær eru fremur til skemda en bóta. Háttv. framsögumaður (Sig. Sig.) hefir skýrt ítarlega brtill. nefndarinnar á þingskj. 700. Eg er honum sammála um, að það sé ekki svo mikill munur á því, hvort skoðunarmennirnir eru 3, eins og fyrsta brtill. nefndarinnar fer fram á, eða 1, eins og efri deild hefir lagt til, en hann er þó nokkur. Eins og menn vita, þá hafa smátt og smátt verið að breytast skilyrðin fyrir styrkveitingum til búnaðarfélaga og breytingarnar hafa alt af gengið í þá átt að gera skilyrðin strangari. Eftir því sem áhugi manna á jarðabótum fer vaxandi, því strangari mega og eiga skilyrðin að vera. Breyting efri deildar á tillögunni gekk líka einmitt í þessa áttina. Fyrst framan af voru skoðunarmenn margir, einn í hverjum hreppi, en á þinginu 1901 var ákveðið, að þeir skyldu ekki vera nema 3 í sýslu. Þetta var gert til þess, að meira samræmi kæmist í skýrslurnar, og svo líka til þess að hægra væri að fá 3 hæfa menn en marga. En vitanlega er þó allra bezt, að hafa að eins 1 mann í sýslu, því með því eina móti gæti komist fullkomið samræmi í skýrslurnar. Það er rétt, að ekki er gott að koma þessu við í sumum sýslum landsins, eins og t. d. Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu; en við í efri deild settum undir þann leka með því að heimila sýslunefndum að kjósa 2—3 skoðunarmenn með samþykki Búnaðarfélags Islands; með því móti mundi svo fara, að þær einar sýslur fengju 2—3 skoðunarmenn, sem þyrftu þess með, þær sýslur sem óframkvæmanlegt væri að hafa að eins einn skoðunarmann í. Eg verð því að halda fast við greinina eins og hún kom frá efri deild og leggja á móti brtill. nefndarinnar, með því að hún er heldur til skemda.

Þá eru næstu 3. brtill. um að setja safnþró í staðinn fyrir safngryfju. Mér er auðvitað sama, hvort orðið er, en finst það þó heldur til skemda, af því að orðið er rangt hneigt. Það ætti að vera safnþrær, en ekki safnþrór. En lang-einlægast finst mér að láta það óbreytt.

Það sem háttv. þm. Dalam. sagði um metrana var alveg rétt. Það er miklu betra að hafa m^1, m^2 og m^3 heldur en útlendu nöfnin. Það var þó ekki þess vegna sem við settum það, heldur til samkomulags við háttv. neðri deild. Oss þótti auðsætt, að það mundi engan meiða að hafa þessi alheims tákn, og eg skil ekki að nokkur fari að amast við því; það er því sjálfsagt að láta einnig þetta standa óbreytt. Allir, sem við þetta fást, þekkja

hvað m ^{1}, m^2 og m^3 táknar, allir skoðunarmenn að minsta kosti ættu að vera svo vel að sér.

Þá er þrtill. á þingskj. 803 frá háttv. þm. Seyðf., sem mér finst líka vera fremur til skemda en bóta. Oss efri deildarmönnum þykir það mikilsvert að ákvæðið um, að það þurfi minst 8 menn til þess að mynda félag, fái að standa óbreytt. Þessi tala er svo lág, að oss finst færri megi tæplega félag heita. Háttv. þm skýrði frá því, að á Austurlandi væri einn hreppur, þar sem ekki væru nema 9—10 búendur og þar væri ekki hægt að mynda búnaðarfélag, ef félagatalan væri bundin við 8 menn. En þeir geta vel stofnað búnaðarfélag, *ef* þeir hafa nokkurn áhuga á því. Þeir sem vilja það eiga að fá hina sem ekki vilja það, til að ganga í félagið, og takist það ekki, þá er alt af hægurinn hjá að ganga í búnaðarfélag næsta hrepps, og þá er ekkert til fyrirstöðu að þeir fái styrk. Mér finst að það verði að gera kröfu til, að búnaðarfélög, sem styrk eiga að fá úr landssjóði, séu nokkuð fjölmenn. Eg legg því til, að þessi brtill. sé líka feld.

Framsögumaður (Sigurður Sigurðsson). Mér láðist áðan að minnast á brtll. háttv. þm. Seyðf. á þingskj. 803. Hann hefir nú gjört ítarlega grein fyrir henni, þó að eg ekki geti orðið honum sammála. Háttv. 6. kgkj. hefir svarað honum, svo eg þarf þar ekki miklu við að bæta. Eg man ekki eftir neinum hreppi landsins, sem hefir færri en 9—10 búendur, og sá hreppur, sem háttv. þm. Seyðf. átti við, Loðmundarfjarðarhreppur, hefir, ef eg man rétt, 10 búendur. Þó að einhverjir smáhreppar kunni að vera til, þar sem menn ekki geta komið sér saman um að stofna búnaðarfélag með 8 mönnum, þá geta þeir sem vilja það altaf slegið sér saman við nágrannafélögin og gengið í þau. Til skýringar þessu skal eg geta þess, að á Siglufirði hafa menn ekki stofnað búnaðarfélag, og eru búendur þar þó fleiri en 8; en 3 bændur þar hafa gengið í félag með Fljótamönnum. Þetta ákvæði þarf því ekki að hefta framkvæmdir þeirra sem hafa hug á jarðabótum. Eg held því, að brtll. þessi sé fremur til að spilla aðaltillögunni og ætti því að fella hana.

Gagnvart háttv. 6. kgkj. vil ég leyfa mér að taka það fram, að þessi tillaga hefði komið í sameinað þing, þótt við hefðum eigi komið fram með brtll. þessar. — Tillögur okkar finst mér allar vera til bóta, og þær geta aldrei orðið til skaða eða hnekkis jarðabótaviðleitni manna, eins og virtist vaka fyrir háttv. 6. kgkj. Mér finst það eðlilegt, að sýslunefndirnar geti útnefnt fleiri en 1 skoðunarmann, ef það er hentugt og kringumstæðurnar mæla með því. Að heimila það með samþykki Búnaðarfélags Íslands finst mér vera krókaleið og skriffinskulegt og annað ekki. Eg efast ekki um að Búnaðarfélagið mundi leggja til alt hið bezta, en mér finst óþarfi að taka þetta upp, það minnir alt of mikið á skriffinskuna, sem er svo rík hjá okkur Íslendingum. Eg vona því, að þessi brtill. verði samþykt.

Hinar brtill. eru mér ekkert kappsmál. Þeir lærðu mennirnir, háttv. þm. Dalam. og háttv. 6. kgkj., voru að setja út á málið á tillögunni. En það er siður lærðra manna að hengja hattinn sinn á hvað lítinn snaga sem er, þegar við, sem ekki höfum gengið lærða veginn, eigum í hlut. En eg mun ekki taka þeim vísu herrum það illa upp, sérstaklega þegar villan er ekki meiri en það, að hana má leiðrétta í próförk.

Safnþró þykir mér gott og gilt orð, það er gamla heitið í eldri reglunum og að mínu áliti betra en safngryfja. Viðvíkjandi m^1, m^2, og m^3, sem nefndin leggur til að falli burt, en að í stað þess komi metri, fermetri og rúmmetri, þá álít ég það vera til bóta að nota þau orð. Það eru margir menn, sem ekki skilja hvað m^1, m^2, og m^3 þýða, og fyrir því miklu hentugra að nota

fyrst um sinn heitin metri, fermetri og rúmmetri.

Björn Þorláksson: Eg finn að tillaga mín finnur ekki náð fyrir augum háttv. framsögumanna deildanna. Þeir finna henni ekkert til foráttu, en telja upp kosti þess, að hafa minst 8 manns í félagi. En það, að 8 menn minst þurfi í slíkt félag, það tel eg vera ókost, eg tók það fram áðan og skal leyfa mér að taka það upp aftur, af því mér heyrðist háttv. 6. kgkj. segja að þar sem væru 8—9 búendur í hreppi, þá væri það af áhugaleysi, ef þeir ekki gætu komið sér saman um að stofna félag. Það er satt, en það er áhugaleysi, sem gengur fyrst og fremst út yfir þá, sem hafa áhuga á jarðabótum. 5—6 menn geta unnið dagsverk svo hundruðum skifti, en þeir fá engan styrk, af því að þeir eru ekki nógu margir til að mynda félag. Það hefir verið sagt, að þeir gætu gengið í félag með mönnum úr næstu sveit, en á því eru ýmsir annmarkar, eins og eg sagði áðan, og þá oftast nær fjárhagslegir. Það er oft svo, að búnaðarfél. eins hrepps setur það í sín lög, að styrknum skuli úthluta jafnt milli þeirra sem í félaginu eru, en sumstaðar er aftur ákveðið að viss hluti styrksins, t. d. $^1/_3$ eða $^1/_4$ skuli leggjast í félagssjóð. Ef nú tvö nágrannafélög eru sitt með hvoru fyrirkomulaginu, þá sjá allir að ekki er gott að koma þeim saman. Menn vilja ógjarnan ganga í félag í næsta hreppi, þegar þeir vita, að nokkur hluti styrksins gengur í sjóð, sem að eins er til góðs þeim hreppnum. Þar að auki er erfitt að koma fundum saman í sveitum, þar sem há fjöll og illfærar heiðar eru á milli. Mér finst það hin mesta ósanngirni að hafa töluna 8, og eg trúi því ekki fyr en eg tek á því, að háttv. þingm. greiði atkvæði á móti þessari tillögu minni.

Stefán Stefánsson (6. kgkj.): Háttv. þm. Seyðf. virðist ekki hafa mjög skarpan skilning, ef hann hefir ekki skilið það sem eg sagði áðan. Ef 5 eða 6 menn eru í hreppi, sem vilja mynda félagsskap með sér, þá er það ekki lítil hvöt fyrir þá að fá hina í félagið með sér, að það er gjört að skilyrði að félagsmenn sé minst 8, eigi þeir að verða nokkurs styrks aðnjótandi. Þótt þeir gætu ekki fengið þá nema að nafninu til fyrst í stað og þeir ynnu lítið eitt á ári, þá eru líkur til að það færi vaxandi, þegar þeir sæju arðsemi jarðabótanna. (B. Þ.: 12 dagsverk minst). Tólf dagsverk eru smáræði og að styrkja menn eða verðlauna fyrir minna en 12 dagsverk á ári nær engri átt. Það skilyrði ætti fremur að gjöra strangara heldur en vægara. Ef það ætti að vera nóg að 5 menn væru í félagi, þá yrðu það ekki nema 60 dagsverk, sem heilt félag þyrfti að vinna, til þess að fá styrk úr landssjóði. Það munu vera fáir smábændur í Norðurlandi, sem ekki vinna 60 dagsverk á ári, hvað þá heldur heil félög. Þegar verið er að setja lög fyrir alt landið, þá er ekki hægt að miða við 1 eða 2 smáhreppa austur á fjörðum. Eg benti á það áðan, að menn gætu slegið sér saman við búendur úr næstu sveit. Háttv. framsögumaður nefndi, sem eg líka vissi, að þetta hefir átt sér stað um langan tíma um Fljótamenn og Siglufjarðarbúa, og er þar þó hár fjallgarður á milli.

Eg get gengið fram hjá þessum hnútum háttv. framsögumanns til lærðu mannanna. Eg hefi orðið var við það áður, hefi heyrt það, þegar eg hefi verið gestur hér í neðri deild, að hann ber einhvern kala til lærðra manna, og þykir mér það því undarlegra, þar sem hann er einhver lærðasti maður í sinni grein hér á þinginu, að minsta kosti í sinni eigin ímyndun, þori eg að fullyrða, og að því er eg veit bezt.

Umræðunni lokið.

ATKV.GR.:

Br.till. á þingskj. 803 feld með 23 : 10

1. br.till. á þingskj. 700 samþ. með 20 : 14

2. br.till. á „ „ „ „ 20 shl.

3. og 4. br.till. „ „ „ án atkv.gr.

5. brtill. „ „ feld með 21 : 18 að viðhöfðu natnakalli.

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Sig. Stefánsson,
Björn Sigfússon,	Ari Jónsson,
Eggert Pálsson,	Ágúst Flygenring,
Einar Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Eiríkur Briem,	Bjarni Jónsson,
Gunnar Ólafsson,	Björn Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Jens Pálsson,	Björn Þorláksson,
Jóh. Jóhannesson	Hannes Þorsteinsson
Jón Jónsson N.-M.	Jón Jónsson S.-M.
Jón Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Kristinn Daníelsson,	Jón Þorkelsson,
Kristján Jónsson,	Jósef Björnsson,
Lárus H. Bjarnason,	Júlíus Havsteen.
Ólafur Briem,	Magnús Blöndahl,
Sig. Hjörleifsson,	Pétur Jónsson,
Sig. Sigurðsson,	Sigurður Gunnarsson,
Stef. Stefánss. Eyf.	Stef. Stefánss, 6. kgkj.
	Steingr. Jónsson,
	Þorleifur Jónsson.

Hálfdán Guðjónsson greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hlutanum.

Þingsályktunartillagan samþykt með 31 samhlj. atkv. og afgreidd til ráðherra.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910—1911.

Fyrsta umræða í efri deild 27. marz.

Lárus H. Bjarnason: Eg leyfi mér að stinga upp á 5 manna nefnd að umræðu lokinni.

Atkvæðagr.: Frv. vísað til 2. umr. í einu hljóði. 5 manna nefnd samþykt í e. hlj. og hlutu kosningu:

Lárus H. Bjarnason,
Sigurður Stefánsson,
Steingrímur Jónsson,
Sigurður Hjörleifsson,
Stefán Stefánsson.

Önnur umræða í efri deild 6. apríl, (295, n. 465, 479, 481, 489, 490).

Framsögumaður (Steingrímur Jónsson): Fjárlaganefnd þessarar deildar hefir nú haft frumvarpið til meðferðar. Hún hefir lagt til að á því verði gerðar nokkrar breytingar, eins og sjá má á áliti hennar á þingskjali 465. Aðalefni þessara breytinga er niðurfærsla. Nefndin fer fram á, að útgjöld þau, sem ákveðin eru í frumvarpinu, lækki úr kr. 142,621,25 ofan í kr. 99,121,25 Alls nemur niðurfærslan þannig 43 þúsund og 500 kr. Nefndin leggur til, að margir útgjaldaliðir séu lækkaðir, en að eins fáir hækkaðir. Í fjáraukalögunum 5. gr. B I—III er klausa um að háskóli Íslands skuli settur 17. *Júní*, en laun háskólakennaranna séu talin frá 1. okt. þetta ár. Nefndin leggur til, að þau útgjöld, sem af þessu leiða, séu tilfærð í frumvarpinu. Þau eru hvort sem er óhjákvæmileg. Þessi útgjöld nema 3450 kr. Í raun réttri eru útgjöldin eftir frumv. neðri deildar kr. 146,071,25. Lækkunin er þá kr. 46,950. Eg sný mér þá að einstökum breytingartillögum, er komið hafa frá nefndinni.

Fyrsta brtill. er við 4. gr. B XIII, að fjárveitingin til brúar yfir Hölkná verði færð niður, úr 4500 kr. í 3500 kr. og greiði héraðið það sem á vantar byggingarkostnaðinn. Nefndin lítur svo á, að ekki sé rétt, að landssjóður leggi fram allan byggingarkostnaðinn, heldur, að héruðin leggi nokkuð af mörkum, er um slík fyrirtæki er að ræða, og að þau sýni með því, að þeim þyki eitthvað varið í, að þau komist á. Auk þess telur nefndin réttast, að brúin sé úr járni, en ekki úr tré. Nefndin álítur, að það ætti að vera regla um brýr, sem ekki liggja á þjóðvegum, að héruðin kostuðu þær að nokkru leyti. Eg vil þó benda á, að hér stendur nokkuð sérstaklega á. Vegurinn, sem brúin liggur á, er að vísu sýsluvegur en um hann er mikil umferð og hann er aðalvegur um

mikinn part Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu. Þessar 1000 kr., sem sparaðar eru við Hölknárbrúna, leggur nefndin til, að veittar verði til brúar yfir Víðidalsá í Steingrímsfirði, sem eins er ill yfirferðar og nauðsyn á brú. Telur nefndin styrk þeim, sem veittur er til þessa fyrirtækis, vel varið. Skilyrði fyrir að hann sé veittur er það, að brúin sé úr járni. Brúin verður að vísu dýrari en 1000 kr. (um 2000 kr.), en það er ætlast til, að héraðið leggi hitt fram.

Þá leggur nefndin til, að feld sé burt fjárveitingin til loftskeyta milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Hæstv. forseti hefir bent mér á, að nokkur ónákvæmni væri í, hvernig breytitill. nefndarinnar er orðuð. Þar stendur nefnil. að liðurinn D II falli burt, svo að það mætti ef til vill skilja þetta þannig, að átt væri við alt, sem talið er í liðnum. En af því að „*D. II*“ stóð beint fram undan línunni, álítum við þetta nægja, en til vonar og vara hefi ég lagt svo fyrir við skrifstofu þingsins, að það komi breytingartillaga um þetta nú, meðan á umræðum stendur, þar sem þetta sé nákvæmara orðað. Aðalástæða nefndarinnar til að fella fjárveiting þessa burt er sú, að meiri hluti hennar lítur svo á, sem loftskeytasamband verði að minna gagni en símasamband. Loftskeytasamband er að eins samband við Reykjavík, en símasamband er samband við allar símastöðvar á landinu, eitthvað um 60 — og þar að auki er það talsamband. Þótt Vestmannaeyingar gætu ef til vill ekki átt tal við allra fjarlægustu stöðvarnar, þá gætu þeir að minsta kosti átt tal við mjög margar þeirra. En fyrsta og veigamesta ástæðan gegn loftskeytum er samt sú, að með þannig löguðu sambandi væri brotið það kerfi, sem nú er komið á hér á landi í þessu efni, nefnilega símasambandið -- slíkt er í ósamræmi við það. En auk þess verða loftskeytin landssjóði miklu dýrari. Eftir áætlun landssímastjórans verður reksturskostnaður við símalínu ekki nema 500 kr. Eftir það að hann hefir gert nákvæmar áætlanir um þetta efni, hefir hann komist að þeirri niðurstöðu, að nettótekjur af honum mundu verða yfir 3000 kr. Stofnkostnaður verður eftir áætlun hans ekki meiri en um 30 þús. kr., svo að það verða yfir 10% vextir af þessari upphæð. En eftir áætlun stjórnarinnar nemur reksturskostnaður við loftskeyti um 6000 kr. Landssímastjórinn álítur, að hann mundi verða 5500 kr. Hvað viðhald loftskeytastöðva kostar, skal ég ekki segja neitt um, en agent Marconifélagsins hér, sem nefndin hefir átt tal við, heldur því fram, að hann sé mjög lítill. Þó að tekjur af loftskeytum yrðu nokkru meiri en af símaskeytum, yrði samt „*undirballance*“. Þær áætlanir, sem nefndin hefir fengið um þetta efni, eru ekki nákvæmar. En það er víst, að munurinn á dýrleika er geysimikill. Í öðru tilfellinu fáum vér háa vexti, í hinu fer því svo fjarri, að vér fáum nokkra vexti greidda af því fé, er vér leggjum fram, að það vantar mikið á, að inn komi svo mikið fé, að það samsvari reksturskostnaði. Stofnkostnaður við loftskeytasamband er ca. 40 þús. kr. Stofnkostnaður við símasamband er ekki nema 30 þús. kr., því það er ætlast til, að Vestmannaeyjar leggi til 4. þús. kr. Eftir því sem nefndinni hefir verið skýrt frá, þá hafa Vestmannaeyingar látið í ljós, að þeir vildu ekki loftskeytasamband, og er það ein af ástæðunum til þess, að nefndin leggur til, að þessar 40 þús. krónur verði feldar burt.

Eg skal geta þess, að nefndin hefir hinsvegar ekki komið fram með breytingartillögu um, að veitt skyldi fé til símasambands. En ef slík tillaga kemur fram og ef sæmilega rætist fram úr fjárhagnum, þá mundi eg telja mig skuldbundinn til að greiða henni atkvæði mitt. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að það að

vera mótfallinn loftskeytasambandi milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja, er ekki sama sem að vera móti því, að loftskeytastöð sé sett á stofn hér á landi. Eg segi það fyrir mína hönd og sama hygst ég geta sagt fyrir meðnefndarmenn mína. Það er sitthvað að hafa loftskeytasamband milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja — og að hafa eina loftskeytastöð hér í Reykjavík, sem hafi samband við skip úti í hafi.

(**Gunnar Ólafsson**: Yrði það ódýrara?)

Eg er ekki viðbúinn að svara því. En ef loftskeytastöð yrði reist hér í Reykjavík, þá yrði hún rekin í sambandi við símann, svo að reksturskostnaður yrði ekki mjög mikill. Ef loftskeytastöð yrði sett hér á stofn, þá ætti hún að vera svo sterk, að skeyti frá henni næðu yfir hafið, og senda mætti þau til Noregs, Írlands og Grænlands. Slíkar stöðvar eru ekki svo dýrar, að það væri óvit í því fyrir oss að koma þeim á stofn, og slík stöð gæti ef til vill gefið af sér miklar tekjur. Mér eða nefndinni dettur samt ekki í hug að fara fram á breytingar í þá átt.

4. breytingartill. nefndarinnar er við vitann á Siglunesi. Nefndin lítur svo á, að nauðsynlegt sé að byggja hús handa vitaverðinum á Siglunesi. Í frumvarpinu eru veittar til húsbyggingarinnar 3 þúsund kr. En nefndin álítur, að 2 þúsund kr. séu nægilegar til þess. Þá er líka br.till. frá nefndinni um laun vitavarðarins sama staðar. Neðri deild og stjórnin hefir sett þau 12 hundruð kr. Þetta þykir nefndinni óþarflega mikið. Hann hefir nú 600 kr. laun. Hún telur 300 kr. nægilega launahækkun þannig, að hann hafi 900 í laun. Hann hefir eftir því 100 kr. um mánuðinn, þar sem hann vinnur ekki við vitann lengur en þá 9 mánuði, sem kveikt er á vitanum. 3 mánuði ársins, einmitt þegar einna bezt er atvinna á Siglufirði, getur hann leitað sér annarar atvinnu. Auk þess verður að gæta þess, að hann hefir leigulausan bústað.

Næsta breytingartillagan er við 5. gr. B. I—III. Hún er um háskólann. Það er svo gert ráð fyrir, að hann skuli settur 17. júní og að hann taki til starfa 1. okt. og að laun kennaranna séu reiknuð frá þeim tíma. En af þessu leiðir að færa verður í útgjaldadálkinn 3450 kr., sem eru laun til kennara háskólans fyrir síðasta fjórðung þ. á., annaðhvort hækkun á launum þeirra kennara, sem nú eru við æðri skólana hér, eða laun til þeirra kennara, sem við verður bætt. Þetta er í raun og veru engin breyting, að eins formbreyting.

Þá er næsta brtill. nefndarinnar við 5. gr. B VII, að byggingarstyrkur til kvennaskólans á Blönduósi falli niður. Úr því að hús kvennaskólans er nú brunnið, lítur nefndin svo á, að rétt sé að rasa ekki fyrir ráð fram að því að reisa það aftur, fyrr en það sé rannsakað, hvort heppilegt sé að hafa skólann þar eða ekki. Það geta verið og eru skiftar skoðanir um kvennaskólamál landsins. Sumir álíta, að vér eigum að eins að hafa einn almennan skóla, en aðrir eru þeirrar skoðunar, að þeir eigi að vera fleiri. Ef þeir eiga að vera fleiri en einn, heldur ágreiningur áfram og hann snýst þá um, hvar skólarnir eigi að vera. Eg hygg, að allur þorri Norðlinga sætti sig ekki við að hafa skólann á Blönduósi. Alt þetta þarf að athuga, áður en skólahúsið er reist af nýju. Þetta skólahús var bygt í trássi við stjórn og þing og án samkomulags eða málaumleitana við aðra Norðlendinga. En ég held, að flestir Norðlendingar kysu að hafa kvennaskóla fyrir alt Norðurland á Akureyri. Og ég held líka að flestir séu á því, að rétt sé að hrapa ekki að endurbygging skólahússins fyrr en alt þetta er athugað og rannsakað, eins og ég sagði.

Þá leggur nefndin til, að ekkjufrú Björg Einarsdóttir fái 200 kr. í eftirlaun. Hún er ekkja eftir einn af merkustu prestum landsins, sem andaðist síðastliðið haust í

hárri elli. Nefndinni þótti eðlilegt, að hún fengi þennan styrk, þar sem hún vitanlega er styrkþurfi.

Nefndin getur þess í áliti sínu, að hún telji meðferð fyrverandi stjórnar á fé því, er veitt var síldarmatsmanninum á Akureyri til ferðakostnaðar, nokkuð athugaverða. Eg skal geta þess, að ummælum nefndarinnar er ekki beint á móti manninum, sem fékk þennan styrk, og í þeim felst heldur ekki aðdróttun til hans um, að hann hafi farið illa með styrkinn. Nefndinni þótti að eins gengið of langt í þessu efni fram yfir það, sem seinasta þing hafði ætlast til.

Þá eru komnar fram nokkrar breytingartillögur frá háttv. þingdeildarmönnum. Þar verður fyrst fyrir tillaga frá háttv. þm. V.Ísf. (Kr. D.) Þar er farið fram á, að veitt verði fé til að reisa Jóni Sigurðssyni minnisvarða á fæðingarstað hans, Rafnseyri, 1500 kr., gegn jafnmiklu framlagi frá héraðsbúum. Af skjölum þeim, er fylgdu þessari málaleitun, sást, að það var í raun og veru ekki meiningin, að fé þessu væri varið til minnisvarða, heldur til hátíðahalds. Það er búist við, að minnisvarðinn sjálfur kosti ekki nema 800 kr. En til hans hefir nú safnast um 700 kr. En það er gizkað á, að hátíðarhald og reising minnisvarða í sameiningu kosti 3 þús. kr. Nefndin áleit rétt að veita fé til minnisvarðans, en aftur þótti henni varhugavert að veita fé til hátíðahalda. Hátíðahöld til minningar um aldarafmæli Jóns Sigurðssonar eiga héruðin að kosta sjálf.

Þá er hér önnur brtill. frá háttv. sama þingmanni, þm. V.-Ísafj., um að leggja talsíma frá Ísafirði til Suðureyrar í Súgandafirði fyrir alt að 6200 kr. Í skýrslum landsímastjórans er farið fram á að sími verði lagður þarna á næsta fjárhagstímabili. Nefndin sér ekki þörf á því að gera þetta í sumar, henni finst ekki rétt að breyta frá þeirri áætlun, nema brýn nauðsyn sé til, sérstaklega af því nú liggur fyrir háttv. neðri deild frumvarp um símalagningu. Nefndin vill því fresta þessari fjárveitingu til fjárlaganna.

Þá er hér önnur tillaga á þingskj. 489 frá hæstv. ráðherra, þar sem sótt er um viðbót við skrifstofukostnað landsverkfræðingsins. Það var farið fram á það á þinginu 1909 að honum yrði veittar 700 kr. í skrifstofufé. Þessi upphæð var þá færð niðnr í 500 kr. Landsverkfræðingurinn hefir nú sent reikning yfir skrifstofukostnað sinn, þar með talin ræsting, sími o. fl. o. fl. og hefir kostnaðurinn orðið kr. 629,98, eða kr, 129,98 meira en veitt var á fjárlögunum. Nefndin lítur svo á, að ekki beri að draga þessa upphæð frá launum landsverkfræðingsins, og leggur hún því til að hún sé veitt.

Þá er hér enn ein brtill. á þingskj. 490 frá háttv. 2. þm. Skagf. um að reisa leikfimishús á Hólum. Um þessa tillögu þarf eg ekki að fjölyrða. Hann mun ætla að taka hana aftur.

(**J. B.**: Með skilyrði).

Nefndin lítur svo á, að rétt sé að reisa leikfimishús á Hólum eins og á Hvanneyri, en hún sér ekki ástæðu til þess að gera það í sumar, hún óskar því að það sé dregið þangað til á fjárlögunum. Það mun vera nægilegt að veita fé til þess á fyrra ári fjárhagstímabilsins.

Fleira hefi eg ekki að segja að þessu sinni sem framsögumaður.

Ráðherra (Kr. J).: Eg stend upp vegna brtill. þeirrar sem eg er flytjandi að fyrir hönd stjórnarinnar. Eg þarf lítið um hana að segja vegna þess að háttv. framsögumaður hefir þegar getið hennar og skýrt, hvernig á henni stendur. Að loknu síðastliðnu ári fékk stjórnarráðið skýrslu yfir skrifstofukostnað vegagerðarverkfræðingsins. Þennan reikning hefi eg skoðað, hann er sundurliðaður og mjög nákvæmur og sýnir að verkfræðingurinn hefir eytt kr. 129,98 meira en þeim 500 kr. sem veittar voru

til þess á fjárlögunum. Kostnaðurinn verður þá alls um 630 kr. fyrir árið sem leið. Eg hefi litið yfir reikninginn og eg get ekki betur séð en að alt, sem þar er tilfært, heyri til þeim skrifstofukostnaði, sem hér er um að ræða. Eg get því ekki séð að komist verði hjá að veita þessa upphæð. Það hefir verið minst á það áður, að farið var fram á það á síðasta þingi að veita landsverkfræðingnum 700 kr. í skrifstofufé, en að þingið færði það niður í 500 kr. Ef verkfræðingurinn á að geta notið sín og komið að því gagni, sem til er ætlast, þá verður hann að hafa skrifstofu og kostnaðinn til skrifstofuhalds verður að greiða úr landssjóði, en eigi af launum verkfræðingsins. Eg óska að háttv. deild samþykki þessa tillögu mína.

Gunnar Ólafsson: Það er aðallega eitt atriði í tillögum nefndarinnar við fjáraukalögin, sem eg get ekki felt mig við. Eg á þar við tillöguna um að fella niður 40 þús. kr. til loftskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. Eins og háttv. framsögumaður skýrði frá þeirri tillögu, þá fanst mér hann líta of mikið á þetta mál eins og litið var á ritsímamálið 1905, sama ofstækið gegn loftskeytum. Hann lýsti því yfir, að hann hefði sömu skoðun óbreytta, og það er eins og þar eigi ekkert á milli að komast, engin skynsamleg rök geta komist þar að. Ein mótbára hans móti loftskeytunum var sú, að það raskaði símakerfinu. Hvaða símakerfi er það? Eg veit nú ekki til að hér sé lögleitt neitt órjúfanlegt símakerfi, sem ekki geti slitnað, sé órjúfanlegt. Mér þykir þetta lítilfjörleg röksemdaleiðsla, því þótt síminn sé víða hentugur og komi sér vel, þá er þó ekki svo alstaðar. Hann tók það fram, að loftskeyti væru sérstaklega óhentug fyrir Vestmannaeyjar. Það er vitaskuld, að eg hefi ekki neina sérþekkingu í þessu efni og eg býst við að fjárlaganefndin hafi því miður líka heldur litla þekkingu á loftskeytum, en samt held eg þó, að eftir því sem til hagar við Eyjarnar og kunnugir menn segja og heilbrigð skynsemi býður mönnum að sjá, að síminn geti hæglega slitnað milli Vestmannaeyja og lands. Ef það á sér stað, þá getur það verið óþægilegt og komið sér illa að geta ekki verið viss um að koma skeytum sínum áfram á hvaða tíma árs sem er. Það hefir verið nefnt til samanburðar að sæsíminn sá sem liggur yfir firðina á Vesturlandi hafi aldrei slitnað og það hefir verið talið, að sæsíminn milli eyja og lands mundi verða eins öruggur og hann. En eg held enginn geti ímyndað sér að þetta sé rétt, eða að sundið millum lands og eyja líkist þeim fjörðum á Vesturlandi, sem síminn hefir verið lagður yfir, og eru sífelt skipgengir og straumlausir með sléttum botni. Setjum svo að síminn slitnaði fyrri part vetrar, þá væri skip ekki við hendina til viðgerðar á símslitinu, því ekki trúi eg að hægt sé að gera það á mótorbátum, þegar oft er ekki fær sjór vikum saman milli eyja og lands. Þegar svona er ástatt, getur kunnugur maður vel gert sér í hugarlund, að dregist geti mánuðum saman að gera við hann; og finst mér þá fara að verða allvafasamt, hvort rétt sé að halda svona fast í hann, þegar svo þar við bætist, að síminn verður dýrari en hitt fyrirkomulagið. Það var skakt, sem háttv. framsögumaður sagði, auðvitað óviljandi, þar sem hann sagði að landssjóði yrði dýrara loftskeytasambandið með 40 þús. kr. en símalagningin. Eftir áætlun, sem lá fyrir þinginu 1909, voru ætlaðar 42 þús. kr. til símasambands. Eg skal ekkert dæma um það, hvort efnið hefir lækkað í verði síðan, en mér þykir það ólíklegt og sést þá á því að símasambandið er dýrara. En þar sem háttv. framsögum. sagði að Eyjamenn hefðu boðið fram 8 þús. kr. frá sér til þess að síminn yrði lagður, þá er mér vitanlega engin átylla til að halda slíku fram. Eyjamenn hafa aldrei boðið nokkurt fjárframlag. Það var þingið 1909, sem setti þetta skilyrði og ætlaði

með því að knýja þá til að leggja það fram. Eg efast nú um, að Eyjamenn hefðu nokkurn tíma þegið þetta, og eg er viss um að þeir leggja ekkert fram nú. Þeim stendur annað nær.

Ein ástæða háttv. framsögumanns var, að Eyjamenn vildu þau eigi, loftskeytin. Að þeir vildu heldur símasamband vegna þess að það væri svo þægilegt að geta talað til lands. En það er því að eins þægilegt og gott til frambúðar, að sambandið sé trygt. Og eg fyrir mitt leyti álít það skifta meiru máli að geta komið áríðandi skeytum, þegar þarf, og þetta er einmitt ástæðan til þess að eg álít að við eigum að taka loftskeyti en ekki símasamband, að þau eru miklu öruggari eftir því sem þarna er ástatt — þegar svo þar að auki er ekki dýrara að koma á loftskeytasambandi milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. Þess ber enn að gæta, að um leið og Vestmannaeyjar komast í samband við Reykjavík, þá liggur opið fyrir og er sjálfsagt að koma Eyjafjöllunum, Vík ogHornafirði líka í sambandið. Þessi héruð, sem þing og stjórn hingað til hefir hlíft við að leggja síma til, ættu þá samtímis að fá hvert sína stöð. Eftir því sem mér er sagt, mundu þær ekki kosta nema 20 þús. kr. eða minna. Þetta, að þessi bygðarlög geta samtímis komist í samband við heiminn, finst mér sérstaklega mæla með því að nú sé hér notað tækifærið og settar á stofn loftskeytastöðvar í Vestmannaeyjum og Reykjavík, með það fyrir augum að setja upp litlar stöðvar á þeim svæðum, sem ógerningur hefir verið að leggja síma til.

Eins og eg sagði áðan, þá var það ein ástæða háttv. framsögumanns á móti loftskeytunum, að Eyjabúar sjálfir væru þeim mótfallnir. Það mun mega heita svo, að það sé rétt. Það var samþykt á kjósendafundi í vetur af um 20—30 manns, þegar langt var liðið á fund og margir farnir, sem ekki gátu beðið lengur vegna róðra. En eins og við er að búast, þá höfðu menn ekki gjört sér grein fyrir því, hver munur væri á loftskeytasambandi og símasambandi, hvort væri hentugra þar. Þeir munu aðallega hafa litið til þessa þægilega sambands, að geta talað til lands.

Að loftskeytasamband gefi minni tekjur er sagt alveg úti loftið. Eg vil að eins benda á það, að það gæti aukið tekjur alls símans ef skip, sem loftskeytatæki hafa, senda skeyti til Vestmannaeyja-stöðvanna, sem svo berast með símanum út um landið eða út úr því, auk þess sem slík símskeyti mundu oft geta varnað tjóni og bjargað mönnum úr hættu.

Eg verð því að álíta að það sé misráðið af meiri hluta nefndarinnar að halda svo dauðahaldi í símann, að þeir vilji ekki gá að því, hvað heppilegast sé fyrir landið í heild sinni.

Sigurður Hjörleifsson: Það eru nokkur atriði í fjáraukalögunum, sem eg vildi fara nokkrum orðum um. Fyrst er þá tillaga meiri hluta nefndarinnar, að fella burt 40 þús. kr. fjárveitingu til loftskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. Þetta mál hefir þegar verið mikið rætt á þinginu, svo að eg býst við að margir háttv. deildarmenn hafi nú myndað sér fasta skoðun í því. Eg lít því svo á, að það sé ekki til annars en að tefja tímann að vera að taka upp þær ástæður, sem fram hafa komið á báða bóga, eða að fjölyrða um það. Vér erum ekki fagmenn í þessu efni, heldur höfum vér myndað oss skoðun um málið hver um sig á sinn hátt. Eg vil taka það strax fram, að eg mun greiða atkvæði á móti tillögu meiri hluta nefndarinnar. Eg vil að loftskeytasambandið fáist og að fjárveitingin haldist. Um þetta mál hefir verið margt sagt, en fyrir mér vaka tvær aðalástæður til að vera með loftskeytasambandi. Sú fyrst, að með þessu móti væru slegnar 2 flugur í einu höggi: Sæmilegt loftskeytasamband milli Íslands og skipa í hafi, og samband

milli Vestmannaeyja og lands. Og þetta tvent fyrir ekki meira fé en þyrfti til hins sambandsins. Það hefir reyndar verið færður niður hinn áætlaði kostnaður við lagningu símans um 5000 kr. Sá kostnaður var áætlaður af símastjóranum upphaflega 42 þús. kr., en nú er það fært niður í 37 þús. kr. En það getur ekki verið gjört með öðru móti en að verkið verði ófullkomnara, færri staurar, eða eitthvað annað, sem veldur því að koma má því upp í bráð, en gjöra þarf við fljótlega. Eins og menn vita, er hægt að leggja símann mjög misjafnlega, enda er þá endingin eftir því. Þetta var önnur aðalástæðan. Hin er sú, að með þessu er opnaður vegur til að fá ódýrt samband austur á bóginn. Með því að reisa loftskeytastöð í Vestmannaeyjum er mögulegt að hafa litlar stöðvar í Skaftafellssýslunum, sem annars mundi kosta offjár að koma í símasamband við aðalsímakerfið. Til Hornafjarðar yrði að leggja símann frá Djúpavog, og til Víkur frá Ægissíðu.

Af þessum ástæðum greiði eg atkvæði þannig að þessi liður standi eins og hann er í fjáraukalagafrumvarpinu. Mér finst ekki lítilsvirði sú hætta að símasambandið geti slitnað, eða að það sé dýrt og örðugt að bæta það.

Annað atriði, sem eg vildi minnast á, er háskólamálið. Það er fjárveiting, sem hér er verið að smeygja inn í fjáraukalögin. Þessi fjárveiting, sem hér er farið fram á, er ekki nema lítilræði, svo að ef ekki væri um annað meira að tefla, skyldi eg ekki deila um hana. En hér er verið að stofna til þýðingarmikils verks, og að sjálfsögðu stendur ekki á sama, hvernig til þess er stofnað í fyrstu. Eins og málið horfir nú við, þá er hér verið að hækka laun einstakra manna. og auk þess að bæta við kenslu í sérfræðigrein, sem eg annars er hlyntur að komist á. En eins og hér er af stað farið, get eg ekki verið með þessu. Mér finst eitthvað svo leiðinlegt að vera að stofna háskóla svo að ekki verði eftir því tekið. Mér finst ekki hægt að stofna hann fyr en við höfum fengið sæmilegt hús fyrir hann og hægt er að gjöra hann sæmilega úr garði. Því hefir verið haldið fram, að það mætti hafa háskólann hér í Alþingishúsinu. Eg skal ekki mikið um það segja annað en það, að eg hefi enga trú á, að slíkt húsnæði gæti orðið til frambúðar. Eg held það yrði að eins rétt í svipinn.

Það hefir verið sagt, að það mætti selja prestaskólahúsið og fá þannig inn nokkuð af kostnaðinum. En það má gera það alveg eins fyrir því, þó að enginn háskóli sé stofnaður. Það má flytja þessar deildir, sem nú eru til, saman í alþingishúsið og sjá hvort hægt er að komast af með það húsrúm, sem hér er. Ef það er tiltækilegt á annað borð húsrúmsins vegna, þá er vert að gera þessa tilraun að flytja deildirnar saman. Og það gæti líka vel komið til tals, að veita fé til að stofna nýja deild og kenna þar íslenzka málfræði og sögu, eins og gert er ráð fyrir í háskólalögunum. Þetta má alt gera án þess að stofna háskóla að svo stöddu. Mér finst einnig að stofnun háskóla sé svo merkilegur viðburður í sögu þjóðarinnar, að það væri vel við eigandi að bjóða nokkrum útlendingum að vera viðstaddir þá athöfn. En eigi að stofna háskólann á komandi sumri og á þennan hátt, sem gert er ráð fyrir, þá virðist mér það gert af svo miklum vanefnum, að ekki sé gerandi að bjóða útlendum gestum til slíks.

Svo er enn eitt. Mér er sagt að 17 nemendur muni útskrifast úr lærða skólanum í vor og að þeir muni nálega allir ætla að sigla, þrátt fyrir það að nú er verið að ráðgera að stofna hér háskóla. Hvers vegna? Auðvitað af því að þeir eru miklu betur styrktir til námsins við Kaupmannahafnarháskóla en hér. Það er svo nauðalítið lagt til þeirra mentastofnana, sem þegar eru hér, og þarf að bæta

úr því til muna, bæta kjör nemendanna til þess að þeir kjósi ekki fremur að stunda nám sitt annars staðar. En að fara nú í þess stað að tildra upp háskóla, það er að byrja að byggja ofan að í staðinn fyrir að neðan. Hvernig ætti sá háskóli að geta kept við Hafnarháskóla, þar sem til eru stórir sjóðir til styrktar nemendunum? Það er eðlilegt að nemendur, sem flestir eru fátækir, dragist fremur þangað sem hjálp er að fá, en að þeir fari að stunda nám hér, þar sem þeim er synjað um hjálp. Þess vegna finst mér að þeir sem álíta, að vér séum nú sem stendur illa staddir fjárhagslega, ættu heldur að vilja bæta nokkuð við þann styrk, sem nemendum er veittur við skólana hér, heldur en að fara að stofna til kostnaðar við háskóladeild, sem enginn veit hve mikill kann að verða.

Af þessum ástæðum telur minni hluti nefndarinnar rangt að stofna háskóla að svo stöddu.

Þriðja atriðið, sem eg vildi minnast á, er ferðakostnaður síldarmatsmanns til að kynnast síldarverkun og síldarmarkaði í útlöndum. Eg hefði reyndar getað slept að minnast á þetta atriði eftir þeim kurteislegu orðum, sem háttv. framsögum. viðhafði um þetta mál í ræðu sinni. En af því að ummælin um þetta í nefndarálitinu eru ekki eins kurteis, get eg ekki gengið alveg fram hjá því. Þar er sagt, að þessi ráðstöfun stjórnarinnar, sem hér er um að ræða, sé „vítaverð“. Slíkum ummælum verð eg að mótmæla. Það komu fram í nefndinni miklar ákúrur til fráfarandi ráðherra út af þessu, og því var auðvitað ekki gleymt, að maðurinn, sem í hlut átti, er systursonur hans. Hinc illae lacrymae. Þetta, að hann er systursonur Björns Jónssonar, er sjálfsagt ástæðan til þess, að svona mikill gauragangur hefir verið gerður út af nokkur hundr. kr. fjárveitingu til þess að reyna að efla einn af aðalatvinnuvegum landsins. Eg vil fastlega mótmæla því að þessi ráðstöfun fyrv. ráðherra sé á nokkurn hátt vítaverð. Ennfremur segir í nefndarálitinu, að engin skýrsla hafi komið frá þessum manni um ferðina. En skýrslan var send stjórnarráðinu í síðastl. september og er hér nú til sýnis. Hún hafði verið lánuð útgefanda Andvara, sem var að hugsa um að gefa hana út, og því hefir hún ekki verið lögð fram fyrri. — Í annan stað skal eg geta þess, að mér hefir nýlega borist hraðskeyti frá helztu síldarútgerðarmönnum á Akureyri, á þessa leið:

„Að sumarið 1909 hafi undirritaðir útgerðarmenn álitið nauðsynlegt að síldarmatsmaðurinn á Akureyri ferðaðist til Bandaríkja Norður-Ameríku og víðar til að kynnast markaðshorfum m. m. fyrir íslenzka síld, vottast hér með. Ennfremur teljum vér fjárveitingu til þeirrar ferðar nauðsynlega og sjálfsagða.

Akureyri 4. apríl 1911.

Ásgeir Pétursson, Otto Tulinius,
Snorri Jónsson, Ragnar Ólafsson.“

Það eina, sem fundið var að reikningi þessa manns yfir ferðakostnaðinn, var það að kostnaðurinn við dvöl hans í New York þótti nokkuð hár. En um það get eg gefið þá bendingu, að á meðan hann dvaldi þar, varð hann að kaupa sér túlk fyrir 10 dollara á dag.

Sá flokkur, sem eg telst til, hefir oft samþykt margvíslegar fjárveitingar Hafsteinsstjórnarinnar, er gerðar voru umfram alla heimild í fjárlögum eða fjáraukalögum, og voru sumar þeirra þó þess eðlis, að vel mátti gera deilu úr þeim. Því þykir mér það illa viðeigandi að kalla sams konar ráðstafanir af hendi Sjálfstæðisflokksstjórnarinnar „vítaverðar“, og það eins þarfa ráðstöfun og þá sem hér er um að ræða.

Kristinn Daníelsson: Èg stend upp vegna þess að ég á breytingartillögur á tveimur þingskjölum, sem ég vildi fara nokkrum orðum um. Þá skal ég

fyrst minnast á breytt. á þskj. 479. Þar stendur nafn Jóns Sigurðssonar og er öllum kunnugt, hvert óskabarn þessarar þjóðar hann er, ekki sízt nú, er sá dagur nálgast, er 100 ár eru liðin frá fæðingu þessa manns. Og það kemur víst engum á óvart, þó að hann sé sérstaklega óskabarn þess héraðs, þar sem hann er fæddur og þar sem menn enn í dag minnast þess með lotningu, að það var þeirra hérað, sem ól þennan mann. Nefndin hefir ekki tekið sem bezt í þessa tillögu mína og háttv. framsm. færði nokkuð afvega, hver tilgangurinn er. Það er beðið um 1500 kr. styrk til þess að reisa Jóni Sigurðssyni minnisvarða á Rafnseyri *í sambandi* við hátíðarhald þar í 100 ára minningu hans 17. júní. Þessu vil ég mæla með sem bezt og vildi óska, að ég hefði málið betur á valdi mínu og betri orða val en ég hefi, til þess að tala fyrir þessu máli. Háttv. framsm. vildi snúa þessu á þá leið, að hér væri aðallega verið að fara fram á fé til að drekka það út, eða eitthvað á þá leið féllu orð hans. Það kann að líta nokkuð þannig út, þar sem minnisvarðinn sjálfur á ekki að kosta nærri svona mikið fé eins og gert er ráð fyrir til minnisvarðans og hátíðahaldsins í sameiningu. En ég vil benda á, að hátíðarhaldið stendur í svo nánu sambandi við minnisvarðann, að annað kemur ekki að gagni nema hitt fylgi með. Minning Jóns Sigurðssonar á að vera fólgin í hvorutveggju í sameiningu. Það er viðurkent, hve mikla þýðingu það hefir að draga fram minningu afbragðsmanna hverrar þjóðar, öðrum til hvatningar til alls góðs. Og það eru einmitt hátíðahöldin, sem hafa mesta þýðingu að þessu leyti. Ég hygg, að okkur, sem munum þjóðhátíðirnar 1874, finnist alla æfi að þeir viðburðir standi sem nokkurs konar minnisvarði á lífsvegi okkar. Líka þýðingu mundi þetta hátíðarhald hafa fyrir fólkið í því héraði, sem hér er um að ræða. En það er ómögulegt að reisa minnisvarða og halda hátíð á þessum stað, nema með töluvert miklum undirbúningi og tilkostnaði. Staðurinn er afskektur og þarf að kosta miklu til aðflutninga, ef hátíðarhaldið á að geta farið sæmilega fram og orðið samboðið því fyrirtæki, sem um er að ræða. — Ég vona að ég hafi gert það ljóst, að þó að sjálfur minnisvarðinn kosti ekki alla þessa upphæð, þá verði ekki komist af með verð hans eitt, heldur þurfi töluvert fé til viðbótar, ef minningarathöfnin í heild sinni á að fara sómasamlega úr hendi. Og ég vona að háttv. deild líti á þetta með velvildaraugum. Ég tek það fram að héraðsbúar eru sjálfir búnir að leggja mikið á sig. Þeir hafa safnað samskotum og ætla þar að auki að leggja nokkurt fé til hátíðahaldsins úr sveitasjóðum og sýslusjóði, og eru þó miklir örðugleikar á því vegna þess að það, er afarþröngt í búi í þessum sjóðum aðallega fyrir mjög mikinn tilkostnað til símalagninga. Ég vil ennfremur benda á það að þó að þingið verði við þessari fjárbeiðni, þá er það ekki hættulegt í þá átt að slíkar fjárbeiðnir kynnu að fara að tíðkast, ef fordæmið er gefið. Því getur ekki verið til að dreifa. Þessi maður er svo sérstæður í sögu landsins og þessi 100 ára minning svo sérstæð, að það er varla hægt að búast við að slíkt komi fyrir aftur, jafnvel ekki að öðrum 100 árum liðnum, því að minningarnar fyrnast. — Ég vona að háttv. deild samþykki þessa tillögu og skal ekki fara fleiri orðum um hana.

Þá skal eg stuttlega víkja að breytt. minni á þskj. 481, að sumarið 1911 verði lagður talsími frá Ísafirði til Suðureyrar í Súgandafirði. Eg skal benda á að þetta pláss hefir átt von á að fá síma jafnvel fyr en þetta. Háttv. framsögum. sagði að héraðsbúar hefðu að eins farið fram á að fá símann á fjárhagstímabilinu 1912—13, Eg skal játa að það er mikil bót að eiga hann vísan þá, ef hann fæst ekki í sumar.

En eg hygg að þetta sé sprottið af misskilningi. Meining héraðsbúa mun hafa verið að fara fram á að fá símann nú í sumar, en þeir hafa ekki athugað að til þess þurfti fjárveitingu á aukafjárlögum og hafa álitið nægilegt að biðja um fjárveitingu til símans á næstu fjárlögum. Þetta er lítið hérað en í afarmiklum uppgangi. Þar er mikill atvinnurekstur, fiskveiðar, verzlun og ýms blómleg fyrirtæki, sem fiskiveiðar ávalt eru grundvöllurinn undir. Þetta pláss hefir því mikla þörf fyrir síma og fremur mörgum öðrum, sem hafa verið á undan. Enn fremur hefir þessi sími mikla þýðingu vegna þess, að það er oft hægt að fá beitu í Súgandafirði, þegar beituskortur er annarstaðar. Eg hefi hér bréf í höndum, þar sem er sagt frá því, að skip hafi lagt út beitulaus, en hefðu getað fengið nóga síld á Súgandafirði, ef hægt hefði verið að gera viðvart í síma. Eg skal benda á það, að þó alþingi samþykki þessa fjárveitingu, þá er ærið hæpið að héraðsbúar hafi gagn af henni. Það er gert ráð fyrir að síminn kosti 9300 krónur og héraðsbúar sjálfir leggi til 3100 af þeirri upphæð. En svo stendur á, að ef héraðið á að leggja til þessa fjárhæð, þá verður þessi litli hreppur að gera það einn, því að eins og eg tók fram áðan, er orðið svo þröngt í búi í sýslusjóði, að við það er ekki bætandi. Ef þessi eini litli hreppur vill vinna til að leggja til svona mikla upphæð, þriðjunginn af öllum kostnaðinum, þá sýnir það bezt, hve mikla nauðsyn þeir telja á að fá símann. Eins og eg gat um áðan, gat þetta pláss þegar fyrir löngu gert sér von um að fá þennan síma. Því til sönnunar skal eg með leyfi hæstv. forseta lesa upp part úr bréfi frá hreppsnefndaroddvitanum í þessum hreppi:

„Samkvæmt bréfi frá stjórnarráðinu ds. 30. nóv. 1906, sem sýslumaður á Ísafirði skrifaði hreppsnefndinni hér, var svo að sjá, sem þessi fjörður ætti að fylgjast með, er símalagningin færi fram á Vestfjörðum. En úrslitin urðu þau, að engan fengum við símann. Hitt fengum við, að taka hlutfallslegan þátt í símakostnaðinum við hina hreppa sýslunnar . . . .“

Þeir hafa þannig ár eftir ár verið að vona að síminn yrði nú lagður þetta árið og þetta árið, en jafnan brugðist. Nú vil eg skjóta því til háttv. deildar, hvort henni þykir ekki rétt og sanngjarnt að verða við óskum héraðsbúa í þessu efni.

Augúst Flygenring: Það voru nokkrar athugasemdir, sem eg vildi gera við tvær breytingartillögur háttvirtrar fjárlaganefndar. Það var við 4. grein 4. og 5. lið E. V.

Hin fyrri þessara greina er um byggingu á íbúðarhúsi handa vitaverðinum á Siglunesi, þar sem farið er fram á að lækka tillagið til þeirrar byggingar um þúsund krónur. Frumvarpið fer fram á að til þessa séu veittar 3000 krónur, og er sú upphæð sett samkvæmt tillögum þess manns, sem hefir kynt sér málið vandlega. Þetta hús er áætlað 11 álna langt og 9 álna breitt með kjallara, einlyft og með lágu risi. Áætlun um hús þetta hefir verið gerð með ráði byggingarfróðra manna og þeim telst svo til, að húsinu verði ekki komið upp fyrir minna en 3000 krónur, og verð eg að fallast á, að þetta sé ekki of hátt eftir þeirri reynslu, sem eg sjálfur hefi í húsabyggingum. Þess er að gæta, að húsið stendur hátt, þar sem mjög er veðrasamt og verður því að vera sterklega bygt. Ennfremur má geta þess, að þangað sem húsið á að standa eru erviðir aðflutningar og er þá yfir höfuð ekki hægt að búast við að húsið verði bygt fyrir minna verð. Það má ekki hafa húsið of lítið eða svo veikt og illa bygt að skömm sé að því sem opinberri byggingu. Mæli eg því eindregið móti því, að þessi breytingartillaga hinnar háttvirtu nefndar nái fram að ganga.

Nefndin hefir líklega hugsað sér, að þetta hús yrði bygt úr steini, en jarðvegi er svo

háttað þar. að efni er ekki fyrir hendi til þess og verður því að byggja húsið úr timbri.

Hin breytingartillagan, sem eg vildi fara nokkrum orðum um, er um laun vitavarðarins. Frumvarpið gerir ráð fyrir 300 króna launaviðbót á þessu ári og að launin verði úr því 1200 krónur á ári, en það eru nákvæmlega sömu launin og vitavörðurinn á Reykjanesi hefir haft frá öndverðu, og er þetta að nokkru leyti bygt á því, að hér eru sömu ljóstækin og voru á Reykjanesi; þau hafa sem sé verið flutt þaðan norður. Get eg því ekki séð, að laun þessi séu of hátt sett, sérstaklega þegar þess er gætt, að maðurinn hefir ekki við neitt annað að styðjast. Landsjóður á þarna sár-litla lóð og er því ekki tök á að koma þarna upp túni og yfir höfuð engin jarðrækt möguleg, sem gæti verið vitaverðinum til styrktar. Staðurinn liggur afskektur og er hér mjög eyðilegt.

Ennfremur er þess að gæta, að hér þarf lengur að tendra vitann en á Reykjanesi, eða að minsta kosti frá 20. sept. til 20. mars, meðan sólin hefir suður deklination. Það er ákveðið með lögum, hve lengi ljós á að kveikja og í skammdeginu er það nálega allur dagurinn þarna norður frá, en af því leiðir, að hann verður að hafa sér aðstoðarmann. Sé fjölskyldumaður í þessari stöðu, verður hann ekki of haldinn af að fá 1200 krónur á ári eða 100 kr. á mánuði.

Þó það sé ekki sagt beinum orðum í nefndarálitinu, þá má þó skilja það svo, að nefndin ætlist til að vitavörðurinn stundi síldarveiðar á Siglufirði þessa þrjá mánuði, sem ekki er kveikt á vitanum. En hér er á það að líta, að það er ekki víst að vitavörðurinn sé fær um það starf. Til vitavörzlu eru oft fengnir uppgjafa skipstjórar, sem ekki eru færir um erviða vinnu. Það þarf líka að hafa gæzlu á vitanum, þótt ekki sé kveikt, og það getur verið vankvæðum bundið að vera lengi burtu frá fjölskyldu sinni, sem er á þessum útkjálkastað. Flestum vitavörðum er gert það að skyldu í nálega öllum stærri annesjavitum að halda dagbók; á þar í að skrá ekki einungis veðurlag hvern dag, heldur og allar þær siglingar, sem bera fyrir augað. Eigi vitavörður þessi að uppfylla þessa skyldu, hvernig má hann þá vera að heiman fleiri mánuði?

Eg vil að síðustu mælast til þess að háttvirt deild taki til athugunar þessar bendingar, sem eg hefi gefið um áminst atriði, og vænti eg þá að atkvæðagreiðslan sýni það, að menn skilji mig, því að eg þykist hér byggja skoðanir mínar á góðum rökum.

Steingrímur Jónsson: Háttvirtur þingmaður Skaftafellssýslu mintist í ræðu sinni á loftskeytasambandið og hélt hann því fram í byrjun ræðu sinnar, að nefndin hefði litið nokkuð einhliða á það mál, er hún vildi fella tölulið þann burt og ætlaði hann, að í henni væri enn glímuskjálfti frá því, er fyrst var ákveðið hér á þingi um símalagningu milli landa. Eg held, að það sé hreinn óþarfi að óttast glímuskjálfta frá þeim tímum, enda virtist mér málið vera athugað mjög rólega í nefndinni og eg ætla að mín framsaga hafi einnig verið mjög róleg.

Það var rétt hjá háttvirtum þingmanni, að hvorki eg eða meðnefndarmenn mínir höfðum þekkingu í þessu máli og því leituðum við einnig þangað sem þekkingin er.

(**Gunnar Ólafsson:** Þar sem hún er ekki til).

(**Ráðherra:** Alveg ástæðulaus orð).

Einmitt til þess eina manns, sem við verðum að ætla að hafi þekkingu í þessu máli, sem er símastjóri vor. Hann hefir sýnt það með starfi sínu hér, að hann hefir ágætt vit á öllu, sem síma við kemur.

(**Gunnar Ólafsson**: Er ekki sími annað en loftskeyti?)

Hann hefir sýnt og sannað nefndinni, að símasamband við Vestmannaeyjar er

ekki einungis mjög vel framkvæmanlegt, heldur gefur það og góða vexti. Hitt má vera, að hann hafi ekki vit á loftskeytum, en við létum okkur ekki heldur nægja það sem hann bar fram, heldur snerum við okkur einnig til umboðsmanns Marconi-félagsins hér og fengum hjá honum upplýsingar, er að loftskeytasambandinu lutu.

Þá talaði háttvirtur þingmaður um símaslit, sem mundu verða mikil. Símastjórinn hefir látið það álit sitt í ljósi, að hér sé ekki um neina verulega hættu að ræða; raunar sé hættan meiri en á Arnarfirði, en ekki berandi saman við Færeyjar. Færeyingar notuðu líka verra efni og straumar þar eru miklu meiri en hér getur verið um að ræða.

En þó gert sé ráð fyrir nokkrum símaslitum, þá er það samt áreiðanlegt, að símastjórinn getur gert við þau með þeim tækjum, sem hér eru til. Hefir hann sjálfur sagt, að hann hann hafi gert við erviðari símaslit.

Það er annars mjög óheppileg aðferð, sem farið er að brydda á hér í þinginu, að ráðist er á æðstu starfsmenn þjóðarinnar og þeim brugðið sumpart um flokksofstæki og sumpart um þekkingarskort. Þetta hefir komið nokkrum sinnum fyrir í þinginu í vetur og er það bæði ómaklegt og órétt.

Þá sagði háttv. þingm. að stofnkostnaðurinn væri rangt tilfærður í nefndarálitinu, hann væri hærri fyrir síma en loftskeyti, og gat þess jafnframt, að áætlunum símastjórans bæri ekki saman. Þessu er svo varið, að símalagningin varð ódýrari austur en áætlað hafði verið, og er síðari áætlun símastjórans um símasamband við Vestmannaeyjar leiðrétt samkvæmt því. Sæsímalagningin er reiknuð nákvæmlega jafn-hátt í báðum áætlununum.

En þetta er ekki aðalatriðið, hve dýrt sé að koma sambandinu á, heldur rekstrarskostnaðurinn.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. þm. Ak. fór að segja sögur. Hann tók upp þann nýtízku hátt hér á þingi, að segja sögur úr nefnd. Menn verða að virða honum þetta til vorkunnar, því að hann er nýr þingmaður. En vilji hann segja sögur, þá á hann að segja þær réttar. Eg vænti að hann leggi það á minnið framvegis. Hann sagði sögur um það, að maður, sem hann er mjög viðkvæmur fyrir, hafi fengið ákúrur í fjárlaganefndinni útaf fjárveitingunni til síldarmatsmannsins. Eg minnist þess ekki, að þetta sé rétt hjá honum, en hinsvegar má benda á það. að fjárveitingin var um alla heimild fram, ef ekki ofaní alla heimild. Á þessu var vakin athygli nefndarinnar, og er sízt láandi þó menn reki augun í annað eins. Á fjárlögunum fyrir 1910—11 voru veittar tvennar upphæðir til tveggja síldarmatsmanna, 1200 kr. til launa og 800 kr. til ferðakostnaðar. Maður skyldi nú ætla, að þessum upphæðum hefði átt að skifta jafnt milli beggja, enda var launaupphæðinni 1200 kr skift jafnt. En svo misjafnt var ferðakostnaðarupphæðinni skift, að annar þeirra fékk að eins 200 kr. en hinn fékk kr. 1536,25 til ferðakostnaðar. Af þessu var heimild fyrir kr. 600 veitingu. En nærri 1000 kr. eða 936 kr. 25 aur. umfram alla heimild. Þetta hlaut að vekja eftirtekt nefndarinnar, ekki sízt þar sem sá er meira fékk var náskyldur fráförnum ráðherra. Og eigi síður er þetta eftirtektarvert fyrir það, hvernig reikningur þessa manns er úr garði gerður. Þegar eg var sýslumaður, þá lét eg ávalt fylgiskjöl fylgja hverjum ferðakostnaðarreikningi mínum, enda gekk þáverandi amtmaður, hv. 1. kgk., ríkt eftir því að ekki væri fleygt í hann fylgiskjalalausum reikningum. Með reikningi þessa síldarmatsmanns, sem eg hefi hér í höndum, fylgir aftur á móti ekkert einasta fylgiskjal. Hér er skráð svo og svo mikið fyrir fæði og húsnæði og fleira, án þess að nokkur skilríki fylgi, er sýni að upphæðirnar séu réttar eða jafnvel nokkur grein sé gjörð fyrir,

hvað þetta „og fl.“ er. Þetta mundi sæmilegur maður ekki láta sér nægja. Hann mundi ekki líða systursyni sínum slíkt, ekki bróður sínum, ekki einu sinni syni sínum. Hann mundi ekki gera það, sjálfs síns vegna. Það er því undarlegra að hv. þm. Ak. skuli finna meðnefndarmanni sínum það til foráttu, að hann upplýsti þetta, þar sem hann sjálfur skýrði frá því, að þessi maður skildi ekki einusinni málið, þar sem hann ferðaðist, heldur þurfti að fá sér túlk meðan hann stóð við í New York. Því mátti ekki eins senda hinn síldarmatsmanninn þangað? hann hefði ef til vill ekki þurft á túlk að halda. En annars vil eg benda á það, að viðskiftaráðunauturinn okkar, þingmaður Dalamanna, álítur ekki þörf á að seilast svo langt eftir markaði fyrir síldina okkar. Hann segir, að nógur markaður sé fyrir hana í Svíþjóð, en ræður aðeins til að selja hana beint til Svíþjóðar, til að fækka dönskum milliliðum. Það er enn því undarlegra, að hv. þm. Ak. skyldi finna að þessu, sem hann hefir sjálfur með undirskrift sinni undir nefndarálitið viðurkent, að þetta athæfi fráfarins ráðherra sé vítavert. Í nefndarálitinu er ekki getið um að neinn ágreiningur hafi verið um þetta atriði, enda var það ekki. Hinsvegar er getið um það í nefndarálitinu, að nefndin hafi klofnað í meiri og minni hluta í loftskeytamálinu og háskólamálinu, því um þau mál var ágreiningur. Vörn hv. þm. Ak. er því ekki sem heppilegust. Trygðin er auðvitað altaf lofsverð, jafnvel við framliðna menn, en augnalaus trygð fer öðrum skepnum betur en mannskepnum. Annars ætlaði eg ekki að tala um þetta atriði. Eg tók í skottið á ræðu hv. þm. Ak., því það varð fyrst fyrir mér.

Eg stóð aðallega upp til þess að minnast á annað mál, sem stendur miklu nær huga mínum; eg á við háskólamálið. Mér fanst kenna kuldagusts, sem oft áður, þarna úr norð-austrinu, og er það því undarlegra sem hv. þm. Ak. var einn af fylgismönnum þessa máls á síðasta þingi. Hann sagði að hér væri verið að reyna að smeygja inn í fjáraukalögin fjárveitingu til háskólans. Þetta er ekki rétt. Í frv. eins og það kom frá nd. er því lýst yfir, að háskólinn skuli stofnaður þ. 17. júní þ. á., á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar, og taka til starfa fyrir alvöru þ. 1. okt. næstk. Það sem við höfum gert er ekki annað en sjálfsögð lagfæring; við höfum fært út upphæðina á því sem háskólahaldið kostar til hausts. Hv. þm. sagði, að þó að hér væri að vísu aðeins um lítilræði að ræða, þá mundi fjárupphæðin aukast, er fram í sækti. Þetta er auðvitað alveg rétt. Ef veittar verða til háskólans 3450 krónur frá 1. okt. til 31. des. þ. á., þá leiðir eðlilega af því að veita verður árlega lögmælt fé til hans áfram, en hafi hann ekki átt við annað en þetta, þá var algjör óþarfi að geta þess. Hann sagði, að tilgangur okkar með þessari tillögu væri að hækka laun núverandi kennara og fjölga launamönnum. Hér hefir hann óvart haft hausavíxl á hlutunum. Tilgangurinn með því að flytja háskólann af pappírnum út í lífið er ekki sá að hækka laun eða fjölga embættismönnum, heldur sá að reyna að lyfta þjóðinni upp og áfram, en til þess að búa til slíka lyftistöng þarf auðvitað fé-afl þeirra hluta, sem gera skal. Það sem hann færði sem ástæður á móti stofnun háskólans nú, var aðallega þrent. Hann sagði að leiðinlegt væri að stofna háskólann áður en við gætum bygt honum sæmilegt hús. Ef við gætum ekki haft hér háskóla án þess að byggja undir hann reisulegt hús, þá næði þessi röksemd nokkurri átt. En til hvers eigum við að bíða þangað til við höfum efni á að byggja stórhýsi undir háskóla, þegar þess gerist engin þörf? Vér höfum þetta hús, sem vér stöndum hér í, og getum hæglega notað það. Það stendur autt c. 22 mánuði af 24. Fjárlaganefndin hefir gengið um alt húsið og er sammála um, að nota

mætti það jafnvel meðan þing stæði yfir, því rúmið er nóg. Að vísu hefir fjárlaganefnd nd. eitt herbergi niðri, en hún gæti flutt sig upp á háa loft. Háskólinn þarf ekki nema 5 kenslustofur, eina fyrir hverja deild, nema tvær fyrir læknadeildina. Auk þess þarf læknadeildin 2 smástofur fyrir söfn. Hér í alþingishúsinu niðri eru 6 stórar stofur og mörg smá herbergi, minst 4—5. Húsrúmið er því ærið nóg. Þá sagði hv. þm. Ak. að leiðinlegt væri að stofna háskólann fyrri en hann gæti orðið fær um að keppa við aðra háskóla, einkum Hafnarháskólann. En þetta nær engri átt, því að þá kæmi hér aldrei háskóli. Ef við eigum nokkurn tíma að verða færir um að keppa við önnur lönd, þá mundi háskólinn verða ekki sízta meðalið til þess. Hann er eitt af aðalskilyrðunum fyrir því að við gætum gert okkur von um að geta kept hlutfallslega við aðrar þjóðir. Í þriðja lagi sagði hv. þm. Ak. að leiðinlegt væri að stofna háskóla nú, af því við gætum ekki boðið útlendum mönnum að vera viðstaddir. Veit hv. þm. ekki að það er ekki lengur tízka að halda burðargildi, „Barselsgilde“. Þetta er því einu sinni engin átylla, ekkert annað en uppskafnings tildur. Hafi hv. þm. ekki annað fram að bera, þá eru ástæður hans heldur fúakendar og sízt nægilega sterkar stoðir undir atkvæði móti háskólanum. En eg vona líka að hann vilji ekki í alvöru leggjast á móti háskólamálinu. Eg byggi það á því fylgi, sem hann veitti málinu á síðasta þingi. Enda sagði hann, að við gætum flutt deildirnar þrjár saman í þetta hús og veitt fé til kenslu í hinni nýju sérfræðigrein. Með þessu segir hann óbeinlínis. að koma eigi eða megi háskólanum í framkvæmd. Það er einmitt þetta, sem við förum fram á og ekki annað. Í rauninni er hann því með okkur, og eg vona líka að allir aðrir hv. deildarmenn verði með. Á síðasta þingi sögðu allir já við háskólamálinu en enginn nei. Einn greiddi ekki atkvæði og hefði að réttu lagi átt að teljast til meirihlutans, þó svo væri ekki gert. Ástæðan til að fresta framkvæmd þessa máls er engin; það er sannarlega miklu fremur ástæða til að flýta því sem mest. Það er svo langt frá því, að við höfum ekki efni á að stofna háskóla, eins og hv. þm. sagði, að við höfum þvert á móti ekki efni á að vera lengur háskólalausir. Auk þess sem það er oss eigi vansalaust. Hvaða meining er í því að sækja til annara landa lækni kenslu en við getum fengið hér heima, einkum í alíslenzkum greinum, svo sem í lögfræði og ísl. málfræði og sögu? Að berja kostnaðinum við er ekki frambærileg ástæða, því hann er svo hverfandi lítill. Munurinn á launakostnaðinum er brúttó 13,800 kr. En móts við eða uppí það mætti telja aðrar upphæðir, er mundu sparast. Það mætti gera sér mat úr prestaskólanum, því að lóðin er góð, þó að húsið sé gamalt. Ennfremur mundi sparast húsaleiga sú er lækna- og lagaskólinn borga. Kostnaðaraukinn verður því varla meira en 10,000 kr. í hæsta lagi, nfl. það er um 12 aurar á hvert nef á landinu eða 84 aurar á hvert heimili. Og þessu fé, sem borgað yrði í kennaralaun m. m., væri ekki fleygt á glæ. Það hefði í rauninni aðeins vasaskifti. því það rynni aftur úr þeirra vösum í aðra íslenzka vasa. eins og blóðið rennur frá hjartanu og til þess aftur. Stofnun háskólans yrði ekki einungis andlegur heldur og jafnvel fjárhagslegur gróði fyrir okkur, því að öllu því fé, sem nú er eytt til fræðslu í útlöndum, yrði þá eytt hér. Að segja að við höfum ekki efni á að stofna háskólann er því ekki rétt. Ef við gerum það ekki, þá kemur það til af því, að við tímum því ekki eða sjáum ekki sóma okkar. Ef við viljum heita sjálfstæð þjóð, eða jafnvel bara þjóð, þá verðum við að tíma því að borga þau tæki sem nauðsynleg eru til þess. Eg skal því ekki trúa öðru en að þetta mál fái lík afdrif hér í deildinni nú sem það fékk hér á síðasta þingi og núna

í neðri deild, þar sem það, að viðhöfðu nafnakalli, var samþykt með 19 atkv. Eg trúi því að minsta kosti ekki, að það sé orðið flokksmál „Sjálfstæðisflokksins“ að vera á móti því að háskólinn komist af pappírnum út í lífið.

Sigurður Hjörleifsson: Það er svo sem eftir sumu öðru að fjárveitingin til síldarmatsmannanna sé orðin að stórmáli í þessari deild og gat eg áðan um, hvernig á því stæði. Eg skal svara lítið eitt orðum hv. framsögumanns um það mál. en skal þó ekki fara að deila við hann, minn gamla vin, um það að öðru leyti. Hann sagði, að gengið hefði verið fram hjá tilgangi þingsins að því er þessa fjárveitingu snerti. Eg skal rifja upp lítið eitt sögu þessa máls. Árið 1909 var farið fram á það af síldarmatsnefndinni, að veittar væru 1000 kr, til hvors síldarmatsmannsins. Það verða að teljast sæmileg laun og ekki of há. En þegar kom til fjárlaganefndarinnar og deildarinnar, þá varð sparnaðurinn ofan á og fjárveitingin var færð niður í 600 kr. til hvors. Með þessu var loku skotið fyrir það að síldarmatsmennirnir gætu lagt nokkuð af launum sínum til utanfararkostnaðar. Mér var það þegar ljóst, að meira fé þyrfti, ef gagn ætti að vera af. Því reyndi eg að fá því framgengt að fjárveitingin væri hækkuð, en það var árangurslaust. Sú varð einnig reyndin á, að þessir menn gátu ekki komið fram þeirri rannsókn á síldarmarkaðinum, sem þeim var falin, nema meira fé yrði veitt. Því réðist stjórnin í það að veita þetta fé framyfir það sem þingið ætlaðist til. Það getur ekki talist að ríða í bága við tilgang þingsins, þó að stjórnin veiti fé umfram veitingu þingsins, ef það verk, sem þingið ætlaðist til að unnið yrði fyrir þetta fé, verður ekki að öðrum kosti unnið á viðunanlegan hátt. Hv. þm. gerði mikið úr því að sá síldarmatsmaðurinn, sem þetta fé var veitt, hafi verið systursonur fráfarins ráðherra. Mér er fullkunnugt um það, að hinn síldarmatsmaðurinn samþykti það fullkomlega, að þannig væri skift milli þeirra ferðakostnaðinum, að Jóni Bergsteinsson fengi meira.

Þá þótti hinum hv. 5. kgk. að ekki væru næg fylgiskjöl með reikningnum, en eg vil benda á, að þó að háttv. 5. kgk. kunni að hafa getað látið fylgiskjöl fylgja reikningum sínum, forðum daga, er hann ferðaðist um sitt mikla riki, þá er það engin sönnun fyrir því að auðgert hafi verið að láta fylgiskjöl fylgja yfir hvert kostnaðaratriði á þessari ferð, enda fer því fjarri að stjórnin hafi ætið áður verið mjög kröfuhörð við starfsmenn sína, og það þó auðvelt virtist að gera sér grein fyrir kostnaðinum. Slík nákvæmni var víst ekki venjan í tíð Hafsteinsstjórnarinnar, að minsta kosti ekki stundum, og kunnugt er mér um mann einn, sem sent hafði stjórnarráðinu á þeim tímum nokkuð háan reikning, án fylgiskjala. sem það reyndar vildi ekki borga fyrst í stað; en greiddi þó, þrátt fyrir það að hann var firna ósennilegur; maður þessi var lögreglustjóri nyrðra, og held eg mér sé óhætt að segja, að æði margt hafi verið skrítið við reikninginn þann, t. d. fékk hann 80 krónur í ferðakostnað frá Akureyri til Siglufjarðar, og margt var eftir þessu. Maðurinn sendi aldrei stjórnarráðinu fylgiskjölin, en fékk reikninginn borgaðan samt; og þess má geta, að þetta gerðist, er sú stjórn sat að völdum, er háttv. 5. kgk. fylgdi.

En þar sem háttv. 5. kgk. var að tala um að þessi síldarmatsm. hefði ekki kunnað málið og hefði þurft að nota túlk, þá verð eg að segja, að eg fyrir mitt leyti finn ekki athugavert við það, þótt hann, t. d. í annari eins stórborg og New-York, hefði fengið sér leiðsögumann í 2—3 daga; eg gæti vel trúað, að hv. 5. kgk. hefði líka þurft á túlk að halda, og mundi eg enga minkun hafa talið honum í því. Annars vil eg geta þess, að þessi síldarmatsm. kann dável ensku, þótt hann hafi að

mestu numið hana af sjálfum sér, og fyrir það á hann fulla virðingu skilda. Þá vil eg algerlega mótmæla því, að engin þörf hafi verið að senda manninn til Ameríku; því að nú er fullsannað, að markaðurinn fyrir síldina, sem við getum aflað hér, er að verða okkur ófullnægjandi á Norðurlöndum, og þá er auðsætt að vér hljótum að leita annað. Enn fremur vildi háttv. 5. kgk. halda því fram, að afstaða mín til þessa máls væri eingöngu sprottin af trygð við fyrv. ráðh. Björn Jónsson. Þetta er algerður miskilningur; en eg skal kannast við það, að eg vil á engan hátt að verk þau sem hann hefir unnið í þarfir þjóðarinnar sæti ranglátum dómum. Eg hefi einskis notið af hr. Birni Jónssyni persónulega; en það vil eg taka fram, að eg er ekki eins og tóan, sem aldrei verður trygð, þótt sumum mönnum sé ef til vill þannig farið. Þá er að minnast á háskólann. Það er rétt að eg var með því, að lögin væru afgreidd á síðasta þingi; en þar með er engan veginn sagt, að eg áliti þegar í stað fært að veita til háskólans fé. Háttv. sami þm. tók þá fram berum orðum, að við værum engan veginn skyldir til þess að stofna skólann strax, þótt lögin væri samin. En það verð eg að segja, að mér finst nú á þessum tímum hálfundarlegt, að menn skuli vilja rjúka til að stofna háskóla, þar sem fjárhagurinn er ekki sem beztur — sumir segja afarþröngur. Þessar 13—14 þúsundir árlega hljóta að verða alls ónógar; þyrfti víst hækkun strax í fjáraukalögunum 1912—13; og mér finst full ástæða að þannig löguðum fjárveitingum sé ekki laumað inn í þingið athugunarlaust. Þá var þingmaðurinn oftar en einu sinni að tala um, að eg hefði haft hausavixl á hlutunum; mér er alveg óskiljanlegt, hvernig hann fór að koma því orði að; það sem eg tók skýrt fram, var það, að hvað sem öðru liði, þá værum við skyldir til að leggja rækt við þær mentastofnanir, sem fyrir eru í landinu. Annars fanst mér hv. 5. kgkj. leggja aðaláherzluna á laun og titla. Það er líka talsverður munur á því, að verða t. d. Prófessor eða Rektor Magnificus, eða vera einungis einfaldur „stjóri“. Þá vil eg og í þessu sambandi benda á, hvað biskup landsins sagði í Kirkjublaðinu fyrir 2—3 árum, er hann taldi þar upp nemenda fjölda á embættisskólum vorum hér heima og reyndust þeir þá næsta fáir — hann sagði að á aðsókninni að skólum þessum væri ekki mikill háskólabragur, og að fyrsta sporið, sem við þyrftum að stiga, væri það, að hæna námsmenn að okkar eigin skólum; og er það dagsanna.

Eg benti áður á það, að hægt væri að flytja saman þessar þrjár embættisstofnanir, sem nú höfum við, í þetta hús — alþingishúsið — til þess að sýna hversu til tækist í framtíðinni; þetta er enn hægt, án þess að háskóli sé stofnaður, og eg fyrir mitt leyti gef ekki mikið fyrir nafnið tómt. Háttv. 5. konungkj. endaði ræðu sína á þeim orðum, að þessi fjárveiting til háskóla væri að eins vasaskifti eða eins og blóðið, sem rynni frá hjarta til hjarta. En það er ekki sama, hvernig þetta blóð rennur. Eg minnist þess út af síðustu orðum hv. 5. kgkj., að heyrt hefi eg hann nefndan þingsins herra, en aldrei þingsins hjarta.

Framsögum. (Steingrímur Jónsson): Út af þeim orðum hv. þm. Akureyrar, er hann beindi til mín í upphafi ræðu sinnar, að eg hefði viljað gera þessa síldarmatspeninga að stórmáli, þá vil eg lýsa yfir því, að þetta er ekki rétt. Eg held, að allir hljóti að sjá, að nefndin gat ekki farið varlegar í þessu máli en hún hefir gert, og eg var einmitt fremstur í þeim flokki, sem ekki vildu leiða „asnann inn í herbúðirnar“ út af þessari aukafjárveitingu. Eg gleymdi áðan í ræðu minni símalínunni frá Isafirði til Suðureyrar, og vil nú taka það fram, að eg álít ekki geta komið til nokkurra mála, að við förum að leið-

rétta þann misskilning, sem fram hefir komið hjá Vestfirðingum, um að fá síma nú á aukafjárlögunum, þar sem þeir sjálfir fara fram á að fá hann á fjárlögunum; auk þess þarf umsögn símastjórans um málið.

Um leið og eg sezt niður, skal eg geta þess, að einn meðnefndarmaður minn skaut því að mér núna í augnablikinu, að hann hafi fengið þá upplýsingu frá merkum manni norðanlands, að Húnvetningar muni alls ekki kæra sig um að kvennaskólahúsið á Blönduósi verði bygt af nýju þar á staðnum.

Gunnar Ólafsson: Það er aðallega og eingöngu út af ræðu hv. frsm. fjárlaganefndarinnar, að eg verð að segja nokkur orð. Eg sagði í fyrri ræðu minni að landsímastjórinn hefði af eðlilegum ástæðum ekki nægilega þekkingu til að bera á loftskeytum. En háttv. framsögum. misskildi orð mín svo herfilega, að hann sagði, að eg hefði sagt, að landsímastjórinn hefði ekkert vit á símum eða símalagningum. Fyr má nú rota en dauðrota. Þá geysaði sami háttv. þm. svo feykilega yfir því að svona væri hvað eftir annað ráðist á háttstandandi embættismenn landsins. Og eg verð nú að játa, að þegar þingmaðurinn stendur svona skjálfandi á verði um embætismannastéttina, að þá sé honum það talsvert vorkunnarmál, þótt hann misskildi og afbakaði orð mín.

Ein af höfuðástæðunum, sem hv. þm. bar fram fyrir því, að ekki væri hætt við símslitum á milli Vestmannaeyja og lands, var sú, að í þeim væntanlega síma yrði svo gott efni, en í Færeyjasímanum margumrædda hefði efnið verið harla lélegt. Hvaðan kemur þingmanninum þessi vizka? Eg fæ ekki betur séð en þetta sé bara slegið út í bláinn — eitt stórt vindhögg — sem líklega er bezt að minnast ekki á.

Þó viðurkendi hv. þm. að símaslit gætu átt sér stað og það verð eg að telja allrar virðingar vert. En það sem eg fyr taldi og tel enn hættulegasta gallann við símann, er það að hann getur slitnað — *kannske oft*, og þá þarf að fá dýrt skip og áhöld frá útlöndum til þess að gera við, og með því getur reksturskostnaðurinn orðið æði *mikill* — *jafnvel miklu meiri* en starfræksla loftskeytanna kostar; og auk þess þar af leiðandi alt af líka sú hætta, að geta máske ekki komið áríðandi skeytum, um svo eða svo langan tíma. Fyrir alla slíka hættu er girt, ef loftskeytin eru valin.

Auk þess vil eg geta þess, að fróðir menn segja, að loftskeytin séu nú þegar komin í það horf, að um stuttar vegalengdir *megi tala saman*; þá getur líka svo farið, að ekki verði langt að bíða þess, að þau verði alveg eins nothæf til samtals eins og símarnir. Þá dróttaði háttv. frsm. því að mér, að eg hefði sagt að landsímastjórinn hefði gert skakka áætlun um kostnaðinn við símalagninguna; þessu vísa eg frá mér sem hreinum og beinum ósannindum. Það sem eg sagði þessu viðvíkjandi var það, að áætlunin, sem hann gerði nú, bar ekki saman við hina eldri áætlun. — Annars verð eg að segja, að mér var ræða háttv. frsm. næsta torskilin. Eftir *kenningum* hans ætti t. d. að fást reynsla fyrir sæsíma til Vestm.eyja með símalagningu frá Reykjavík austur að Garðsauka — skilji þá hver sem getur hugsunarferil háttv. framsögumanns í þessu máli!

En þegar talað er um óskeikulleik landsímastjórans og að alt skuli standa óhaggað, er hann ákveður, og að það sé skylt, að trúa honum í öllu, virðist mér ekki úr vegi að geta þess, að eftir áætlun hans 1909 var vegalengdin milli lands og Eyja 13 þús. metrar og þá talin sú allra styzta leið, en nú er þessi allra styzta leið ekki talin nema 12 þús. metrar. Þetta skiftir nú ekki miklu, en bendir þó á það, að skakt er *mælt í annaðhvort skiftið*. Sömuleiðis má benda á það í þessu sambandi, að

hann hefir gjört tvær áætlanir um þennan síma, sem ekki standa heima hvor við aðra, enda er þess getið, að sú síðari sé gjörð vegna þess að farið er að hugsa um loftskeytasamband og er síðari áætlunin miklu lægri, eða um 5200 kr. Já svona er samkepnin, þetta lækkar síminn í verði, þegar loftskeytastöðvar eru taldar í nánd, hvernig svo sem á því stendur.

Þá tók háttv. framsögum. það ennfremur fram, að þegar símasamband væri komið á til Vestmannaeyja, væru eyjarnar um leið komnar í samband við alt landið. Eg efast mjög um, eftir þeirri reynslu, sem hefir átt sér stað í þessu efni, að þetta sé satt. Og ef það er ekki satt og eyjarnar komast aðeins í samband við nærliggjandi hluta landsins, þá fæ eg ekki annað séð, en að þær séu litlu nær og þeim litlu betur borgið heldur en þó að þær hefðu loftskeytasamband. Það var ekki neitt sérstakt annað, að minsta kosti ekki neitt, sem þýðingu hefir, sem eg man eftir að þyrfti að mótmæla í ræðu hins háttv. framsögum. En eg verð að taka það fram, að honum hefir ekki tekist að færa neinar líkur, hvað þá heldur réttar og gildar ástæður að því, að réttara sé, eins og nú á stendur, að taka símasamband heldur en loftskeytasamband, „einkum og sér í lagi“, eins og þar stendur, þegar hann í raun og veru er hlyntur því að loftskeytastöð sé komið á fót í Reykjavík. Sú stöð mundi kosta 28 þús. kr. og er $^2/_3$ kostnaðarins á við það, sem hver hinna mundi kosta, ef sú leið væri farin. —

Það var örlítil athugasemd, sem eg vildi gera út af orðum hins háttv. 3. kgk. þm. (Aug. Fl.) um Siglunesvitann. Hann talaði um það, að þessar 3 þúsund krónur, sem ætlaðar væru til húsabyggingar á Siglunesi, væri alls ekki of mikið. Hann færði til þess ýmsar ástæður, sem eg vil ekki beinlínis rengja. Mér þykir samt hlýða að geta þess, að það er ekki langt síðan að bygt var hús handa vitaverði í Vestmannaeyjum. Það hús kostaði 2000 kr. eða það voru veittar til þess 2000 kr. í fjárlögunum 1909.

(**Augúst Flygenring**; Það kostaði 2500 kr.)

Jæja, það getur vel verið. Eg hygg samt, að það sé miklu erviðara aðstöðu við húsbyggingu í Vestmannaeyjum heldur en við vitann á Siglunesi. Eða er ekki svo? Hv. 3. kgk. þm. hefir komið á báða staðina og er kunnugri þar en eg, og getur því betur um þetta borið. Eg skal geta þess, að það er fjarri því, að mér sé þetta nokkurt kappsmál. Eg skal líka geta þess, að eg felli mig í rauninni vel við uppástungu nefndarinnar um, að laun vitavarðarins séu 900 kr. Þau eru ef til vill alls ekki of há. En þó get eg ekki stilt mig um að benda á hitt, að það er hætt við, að fleiri komi á eftir og fari fram á líka hækkun og hér á að veita. Þeir hafa svipuðum störfum að gegna en lægri laun. Laun þeirra eru 500—600—700 kr. Það er hætt við að þegar þeir, sem hafa lægri laun, sjá, að hinna, sem hærri laun hafa en svipuð störf, eru hækkuð, að þá beiðist þeir þess, að laun sín séu líka hækkuð — og það er ekki hægt að neita því, að slíkt er sanngjörn krafa, ekki sízt er þess er gætt, að hér er um einhverja léttustu vitavarðarstöðuna að ræða. Með þetta alt fyrir augum verður að fara varlega í að hækka laun vitavarðanna, nema brýn nauðsyn sé á.

Ráðherrann (Kristján Jónsson): Eg kann ekki við að láta ganga hér til atkvæða án þess að lýsa afstöðu minni í einu af þeim málum, sem hér á að ganga til atkvæða um. Það er málið um loftskeytasambandið milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja, sem eg á við. Fyrir nokkrum árum var það uppi á baugi hér og þá mikið um það rætt, hvort vér ættum heldur að hafa loftskeytasamband eða símasamband við önnur lönd. Eg kannast við það, að eg var því þá fylgjandi, að vér fengjum

loftskeytasamband við önnur lönd. Þetta varð nú ekki ofaná, eins og kunnugt er. Sími var lagður til landsins og því máli þar með ráðið til lykta. Mig minnir að það væri einn háttvirtur þingmaður, sem enn situr hér á þingi, ekki hér í deildinni, en í hinni, háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), sem kom fyrstur fram með þá tillögu, að vér skyldum hafa firðritunarsamband við útlönd, en símasamband innanlands. Sú tillaga þótti mér aðgengileg. Það er fyrst nú, að tillaga um firðritunarsamband *innan lands* í stað síma kemur fram fyrir alvöru. Þegar nú á að ráða þessu máli til lykta, verður að gæta þess, hve langt vér erum komnir á leið í þessum efnum. Það er búið að skapa hér símakerfi, sem nær yfir mikinn hluta landsins. Það liggur því beinast við, að þegar einhverju er bætt við þetta símakerfi, verði það sameinað við það, en slíkt er ekki hægt með öðru móti en með þræði. Þessi nýja viðbót verður að vera gerð með sömu grundvallarreglu og það, sem á undan er komið og fyrir er af kerfinu, hefir verið gert. Í þessu efni verð eg að leyfa mér að skírskota til þess manns, er mesta sérþekking hefir af mönnum hér, í þessu efni, eg á við símastjórann. Því hefir verið kastað fram hér í deildinni, að þessi maður hafi ekki vit á þessu máli. Þessu verð eg að mótmæla. Þótt hann hafi ekki sérstaklega lagt stund á loftskeytafræði, þá leiðir það af stöðu hans, að hann hlýtur að vera kunnugur þeim efnum, er hér að lúta, auk þess sem hann er allra manna kunnugastur hér á landi og ber bezt skyn á, hvað oss hentar í þessu efni. Eg verð, sem sagt, að mótmæla þeim ummælum í garð jafn-heiðarlegs embættismanns og símastjórans, sem háttv. þm. V.-Sk. lét sér um munn fara. Eg álít að landsstjórnin verði að fara eftir tillögum hans í þessu efni og hið sama verður þingið að gera.

Það eru einkum tvö atriði, er líta verður á í þessu máli. Annað atriðið er óskir þeirra, sem verið er að vinna fyrir. Nú er það fullkunnugt, að allur þorri Vestmannaeyinga krefst einmitt símasambands, þótt þeir kunni að vilja loftskeyti heldur en ekki neitt. Það er undarlega mikið kapp, sem hinn hv. þm. V.-Sk. leggur á þetta mál. Er honum ekki kunnugt, hvernig sveitungar hans líta á þetta mál? Þá er hitt atriðið, og það er, að þótt ekki sé hægt að segja það nema með því að spá, þá er eg samt fullkomlega sannfærður um, að þótt loftskeyti komist á stofn og þótt alt gangi vel, líða ekki nema 3—4 ár þangað til Vestmannaeyingar, að kalla, neyða þingið til að koma á símasambandi milli lands og eyja. Reynslan sýnir, að ekkert annað samband en talsímasamband fullnægir þörfum og kröfum almennings. Hann gefur ekki nokkurn skapaðan hlut fyrir ritsímasamband — það er aðeins talsíminn, sem honum þykir nokkurs virði. Eg vil ekki setja þetta loftskeytasamband á stofn og eiga það svo á hættu, að á eftir verði komið til þingsins og heimtað talsímasamband. Hitt er aftur álit mitt, að vér ættum sem allra fyrst að kostur er á að koma hér í Reykjavík á stofn loftskeytastöð til gagns fyrir skip og siglingar. En þá ætti sú stöð að vera svo sterk, að hún gæti náð sambandi við Noreg, Írland og Grænland. En þessi stöð, sem nú er ráðgjörð, verður eigi styrkari en svo, að hún nær ekki sambandi nema ef til vill við Færeyjar.

Eg vildi ekki leiða hjá mér að láta í ljós álit mitt á þessu atriði, áður en gengið verður til atkvæða.

Enn ætla eg að bæta einu atriði við. Þegar síminn var lagður hér til lands og um landið fyrir nokkrum árum, óttuðust margir, að símaslit mundu verða tíð. En reynslan hefir sýnt, að þessi ótti var ekki á rökum bygður. Það hefir aðeins eitt verulegt slit átt sér stað og það var á millilandasímanum. Önnur slit eru varla teljandi og viðgerð á þeim hefir kostað

mjög lítið. Ef þráðurinn milli Vestmannaeyja og lands verður eins traustur og millilandaþráðurinn, er ekkert að óttast í þessu efni. Eg hefi spurt símastjórann um þetta og hefi það eftir honum, og eg byggi mikið á orðum hans.

Um háskólann vil eg geta þess, að eg bjóst við í hitteðfyrra, þegar alþingi réðst í að samþykkja lög um stofnun háskóla á Islandi, að það mundi ekki líða mörg ár áður en lögin kæmu til framkvæmda. Hér er heldur ekki svo hart af stað farið, að ekki megi undir rísa. Vitaskuld verður kostnaðarauki að honum, en það má ætla að alþingi hafi gert sér það ljóst, er það samþykti lögin um háskóla·n fyrir 2 árum síðan. — Eg álít, að lögin ættu að koma til framkvæmda í haust, eg sé enga ástæðu til að fresta framkvæmd þeirra lengur.

Lárus H. Bjarnason: Eg þarf ekki að eyða mörgum orðum til að svara háttv. þingdeildarmönnum, því að hv. framsögum. hefir gert góða grein fyrir flestu af því, er eg vildi sagt hafa. En eg get ekki komist hjá því að víkja nokkrum orðum að þeim háttv. þingmanni (S. Hj.), er stendur þarna andspænis mér, ekki ofboð óánægður með sjálfan sig, fremur en hann á vanda til. Eg rak áðan ofaní hann ýms ófugmæli hans um síldarmatsmanninn, enda þorði hann ekki að segja að eg hefði farið þar með rangt mál.

(**Sigurður Hjörleifsson**: Ósatt.)

Eg færði ástæður fyrir því, að fyrverandi ráðgjafa hefði verið mislagðar hendur, er hann lét systurson sinn ferðast um Vesturheim, mállausan, eins og háttv. þm. Ak. upplýsti að hann hefði verið, með því að segja að hann hefði orðið að kaupa sér túlk í New York fyrir 20 kr. á dag. Jafnframt skaut þm. því að mér, að mér mundi hafa farið á líka leið, og skal eg ekkert um tungumálakunnáttu mína segja, en fyrir því geri eg ráð, að háttv.þm Ak. mundi sjálfur þurfa túlk í útlendum málum, jafn-ósýnt og honum er um að tala íslenzku, enda var maðurinn aldrei lærdómsmaður, gjörði sem sé það þrekvirki, að taka lakara háskólapróf á lengri tíma en nokkur annar Íslendingur. Eg hafði getið ónefndrar skepnu í sambandi við trygð þm. til fyrv. ráðherra. Hann bendlaði mig aftur á móti klaufalega við tóu, og átti það víst að þýða, að eg hefði launað H. H. illa veitinguna á forstöðumannsembættinu við lagaskólann. Eg skal nú ekkert úti það fara, hvor okkar H. H. hefir stutt hinn betur, enda mun hvorugur hafa kvartað fyrir þm. Það er satt, að H. H veitti mér nefnt embætti, en um það eða réttara sagt styrkinn til undirbúnings því, sótti ekki nema einn kandídat, og hann var bæði yngri en eg og hafði lægri einkunn. Svo að það getur naumast talist óbætandi góðverk, er ekki verði launað nema með rakkatrygð. Aftur á móti er sagt, að hrokkið hafi ofaní þm. Ak. alveg óverðskuldað sá eini biti, sem losnað kvað hafa þar nyrðra í valdatíð fyrv. ráðherra, óverðskuldað að öðru leyti en því að þm. hafði rúið þann mann af gærunni, er bitinn var tekinn af. Annars hefði eg líklega, úr því eg fór á annað borð að lýsa þm., helzt átt að líkja honum við Sancho heitinn Panza, því að eins og fyrv. ráðh. var líkastur Don Quixote sáluga, eins var og er þm. líkari S. P. en skepnunni, sem eg átti við, því að S P. fylgdi húsbónda sínum engan veginn af trygð, heldur af von um trúrra þjóna verðlaun.

Það var líka rangt, sem hinn háttv. þm. sagði, að eg hefði verið höfundur tillögunnar að því að stofnun háskólans skyldi ekki fara fram fyr en fé væri veitt til þess. Það var einmitt háttv. þm. Ak., sem þá tillögu átti. En það er aftur rétt haft eftir mér, að þingið væri ekki skuldbundið til að koma honum þegar í stað á stofn, þótt það samþykti lög um hann Það er rétt, að þingið er að forminu til óbundið, enda einmitt þessvegna nú farið fram á fé í því skyni. Þá sagði hv. þm. Ak., að

þessar 3500 kr. mundu ekki hrökkva til fyrir launaunum. Slái hann upp í lögunum, og þá mun hann sannfærast um að þau nema ekki meiru í bráðina. Um annan kostnað er tæplega að tala svo nokkru nemi. Húsið fáum við fyrir ekkert og skólaáhöld, borð og bekki m. m. eiga skólarnir viðunanleg. Háttv. þm. bar mér á brýn, að eg mundi leggja mesta áherzluna á titilinn og launin, sækja málið svo hart þessvegna. En það vill nú svo til, að eg hefi í bráðina engan fjárhagnað af breytingunni, verð kominn hátt að sextugu, þegar eg næ hámarki launanna. Það er og miskilningur, að vegur minn vaxi, þótt eg verði svokallaður prófessor. Eg hefi nú sömu „lögtign“ og prófessorar. Hinn háttv. þm. Ak. (S. Hj.) hefir hér óvart tekið hendina úr vestisbolungi sínum og stungið henni í sinn eigin barm. Hv. þm. sagði ennfremur, að við ættum ekki að stofna háskólann fyr en við gætum hænt nemendur að honum. Sér hann ekki frv., sem liggur hér fyrir framan okkur á borðinu? Við erum með því einmitt að hæna nemendur að háskólanum, með því að gera það að skilyrði fyrir embættisgengi hér á landi, að hafa numið við háskólann. Eða er þetta alt leikur, alt loddaraskapur? Nei! Því trúi eg ekki fyr en í fulla hnefana.

Út af því að eg hafi einhverntíma verið kallaður þingsins herra, en aldrei „þingsins hjarta“, leyfi eg mér aðeins að spá því, að verði þm. nokkurntíma einkendur með nafni, er bendi í einu til þingsins og mannslíkama, þá verður hann aldrei kallaður þingsins hjarta, og því síður þingsins höfuð, af skiljanlegum ástæðum, hann mundi því einna helzt verða kallaður: þingsins endi.

Stgr. Jónsson: Eg verð að svara hv. þm. V.-Skaft. nokkrum orðum. En auðvitað get eg ekki svarað spurningum hans með öðru en svörum símastjóra, því að eg er ekki sjálfur sérfræðingur í þessu efni. Hann heldur því enn fram, sem ómótmæltu af mér, að útvega þurfi "kabel"-skip, ef símaslit skyldu koma fyrir í sundinu milli Vestmannaeyja og lands. Eg tók það fram þegar í framsögu ræðu minnar, að þetta er ekki rétt. Símastjórinn hefir lýst því yfir, að hann hefði öll tæki til þess að gera við símaslit hér heima. Til þess má nota hvort sem vill heldur mótorbát eða botnvörpuskip, eftir því hvort auðveldara er að ná í. Eg tek þetta fram af því það getur skift máli í áliti almennings og vitanlega væri það galli og gerði símasamband miklu óaðgengilegra, ef útvega þyrfti sérstakt „kabel“-skip, ef síminn slitnaði. Sömuleiðis vil eg benda á það, að hv. þm. V.-Skaft. mintist aldrei neitt á reksturskostnað við loftskeytasamband, þegar hann andmælti því að taka símasamband fram yfir það. En eg gat um það þegar í fyrstu ræðu minni, að þetta er aðalatriðið fyrir okkur, sem kjósum fremur síma, hversu rekstur símasambands er miklu ódýrari en rekstur loftskeytasambands. Eg sýndi glögglega fram á þetta.

Ari Jónsson: Eg ætla að eins með örfáum orðum að færa ástæður fyrir atkvæði mínu um einn lið í fjáraukalögunum, nefnilega fjárveitinguna til háskólans. Eg hefi frá byrjun verið hlyntur því að háskólinn kæmist á hér og er sömu skoðunar, því að eg álít þetta eitt hið ákjósanlegasta framfaraspor, sem við getum stigið. En þegar um fjárveitingu til hans er að ræða, þá kemur ekki einungis til greina reksturskostnaðurinn, það er kostnaður við áhöld, húsnæði og fleira, heldur eru hér einnig 2 flokkar manna, sem taka verður tillit til, kennarar og nemendur. Nú er farið fram á launaviðbót fyrir núverandi kennara og er þar með hugsað fyrir þeim útgjaldaauka, sem launahækkun kennaranna hefir í för með sér fyrir landið. En á hinn bóginn hefir ekkert verið hugsað um hinn flokkinn, nemendurna, og eg vil geta þess, að eg greiði atkvæði með fjárveitingu til háskólans að eins með því skilyrði, að nú

á þessu þingi verði hækkuð að mun fjárveitingin til þeirra. Sá styrkur, sem nú er í fjárlögunum, eins og þau komu frá nd., ætlaður presta-, lækna- og lagaskólastúdentunum, er svo lágur, að það er að mínu áliti ógerningur að samþykkja fjárveitingu til háskólans, ef þessi styrkur er ekki hækkaður. Það þarf ekki síður að hugsa fyrir styrkhækkun til nemenda en launahækkun fyrir kennara. Eg greiði því að eins atkvæði með fjárveitingu til háskólans vegna þess að eg geri fastlega ráð fyrir að brtill. um hitt atriðið komi fram, þegar fjárlögin verða til umræðu hér í deildinni.

Kristinn Daníelsson: Það er að eins lítið, sem eg hefi að segja út af breytingartillögum mínum. Hv. framsögumaður skaut því til mín í dag, að eg skyldi gefa frekari upplýsingar um þá fjárveitingu, sem eg hefi farið fram á til minnisvarða Jóns Sigurðssonar fyrir vestan. Eg verð að taka það fram, að hvorttveggja, minnisvarðinn og athöfnin, sem á að fara fram um leið og hann verður afhjúpaður, skoða Vestur-Ísfirðingar sem eitt málefni, eina athöfn. Þeir skoða það sem skyldu sína að halda uppi virðingu og heiðri Jóns Sigurðssonar á fæðingarstað hans. Eg er viss um, að allir þm. meta þetta vel við héraðsbúa og vilja á einhvern hátt styðja það, að þeir geti gert það sómasamlega. Það var tekið fram, að safnast hefði með frjálsum samskotum hátt upp í það, er minnisvarðinn kostar, og sagt, að mér skildist, að ekki væri rétt að veita meira en það sem á vantaði. En eg get upplýst það, að fé það sem skotið hefir verið saman hefir ekki fremur verið gefið til myndarinnar, en til hinnar umtöluðu athafnar: hátíðahaldsins. En þrátt fyrir þetta hefi eg heyrt, að hv. þm. þyki munnurinn tekinn nokkuð fullur, beðið um helzt til mikið, en væru fúsir á að styrkja þessa athöfn nokkuð. Eg hefi því afráðið að taka tillöguna aftur, en koma með hana aftur við 3. umræðu í breyttri og að eg vona í aðgengilegri mynd. — Þá vil eg minnast lítið eitt á hina brtill. Eg var ekki inni, þegar háttv. framsögumaður mintist á hana, en hann skaut því að mér, að hann hefði sagt, að til þess að þessi beiðni Súgfirðinga yrði tekin til greina, þá yrði að fylgja henni meðmæli símastjóra. Eg tek það fram, að eg vil ekki með nokkru móti kasta mér yfir sérfræðinga í þessari eða öðrum greinum eða gera lítið úr þeim. Eg hefi þvert á móti oft átt í baráttu við alþýðumenn, þegar þeir hafa verið að gera lítið úr sérfræðingum, t. d. læknum og leitað til homopata. En þrátt fyrir þetta þá vil eg taka það fram, að tillitið til þeirra verður að vera innan hæfilegra takmarka. Það liggja freistingar á vegi þeirra, þeim hættir við að verða nokkuð einhliða og draga taum síns máls um of. Þeir þurfa því að hafa sína yfirmenn, sem við og við grípa í taumana, því það ber oft við, að sérfræðingar verða einstrengingslegir í vissar áttir. Þetta getur einnig átt við símastjórann, t. d. að honum hafi í deilunni milli loftskeyta og síma hætt við að halda fast við sína grein, en þó segi eg ekki að hann hafi gert þetta um skör fram. Eg vil hafa þetta mál undan þegið því, að símastjóri þurfi að leggja með því, án þess eg þó viti, hverjar tillögur hans mundu verða. Samt hefi eg frekari ástæðu til að búast við að hann mundi leggja á móti þessu máli, eg veit jafnvel hvers vegna. Eg hefi átt tal við hann um þetta og sagði hann mér þá, að hann hefði lagt fast „skema“ yfir talsíma, sem ætti að leggja hér á landi, og sagði að sér væri hugþekkast að brjóta ekki út af því. En samkvæmt því „skema“ getur Súgandafjörður ekki fengið síma fyrst um sinn. Það er þetta sem sérfræðingunum hættir við, að verða of einstrengingslegir og fara eftir vissum reglum, sem þeir vilja ekki vikja frá, en sem koma ekki alt af heim við það sem hentugast er og hagfeldast. Það er oft full ástæða til að fara út fyrir kerfið. Hér á

þetta sér einmitt stað; það er full ástæða til þess að leggja þennan símaspotta til Súgandafjarðar á undan öðrum símum og það því fremur sem þetta litla hérað vill leggja svo mikið á sig til að fá símann, að borga einn þriðja part af kostnaðinum. Auðvitað hefi eg ekki á móti því að leitað sé álits símastjórans um þetta mál, en eg sé ekki ástæðu til þess og eg mælist til að hv. deild láti hann ekki einráðan í þessu efni, að honum algerlega ólöstuðum.

Stgr. Jónsson: Þegar eg mintist á þetta atriði áðan, talaði eg fyrir nefndarinnar hönd, en þó ekki skuldbindandi fyrir hana. Eg lýsti því yfir, að það væri skoðun mín, að rétt væri að álit símastjóra fylgdi þessari fjárbeiðni, ef nefndin ætti að taka hana til nýrrar yfirvegunar. Sömuleiðis sagði eg, að nefndin gæti ekki tekið beiðnina til yfirvegunar, meðal annars af því, að sýslubúar hefðu ekki æskt að fá símann á þessu ári. Hv. flutningsmaður upplýsti það, að símastjóri væri á móti þessu máli, og að ástæðan væri sú, að þessi símalagning mundi raska því „skema“, sem hann hefði lagt um talsímalagningar hér á landi. En þessu „skema“ má einmitt ekki raska. Símastjóri getur kastað ábyrgð á þingið, ef það brýtur í bága við það „skema“, sem hann hefir lagt. Auk þess er óheppilegt að fara fram á þessa fjárveitingu í fjáraukalögum. — Í sambandi við þetta vil eg geta þess, að mér leiðist að svo mætur maður, sem hv. þm. V.-Ísafj., skuli fylla flokk þeirra manna, sem saka símastjóra um það. að hann hljóti að líta einstrengingslega og ekki óhlutdrægt á málið. Hvaða ástæða er til að núa honum því um nasir, að hann sé af einhverjum ósæmilegum hvötum á móti loftskeytum. Mætti ekki með sama rétti drótta þessu að hinum, sem með loftskeytunum eru?

Jósef Björnsson: Eg ætla að segja örfá orð um þá br.till., er eg hefi borið fram, þrátt fyrir að eg hefi afráðið að taka hana aftur. En það gjörði eg af þeirri ástæðu, að framsögumaður sagði fyrir hönd nefndarinnar, að hún mundi fús á að taka þá fjárveitingu, sem br.till. fer fram á, upp á fjárlögin fyrra árið. Í lögunum um bændaskóla, sem samþykt voru árið 1905, er það tekið fram að kenna skuli leikfimi við bændaskólana. Það sama er tekið fram í reglugjörð fyrir bændaskólana frá 1908. Það er því auðsætt, að hér hefir orðið dráttur á framkvæmd á lögskipuðu atriði. Og þegar Nd. setti inn á fjáraukalögin fjárveitingu til leikfimishúss á Hvanneyri, þá virtist það sjálfsagt, að veita samtímis fé til leikfimishússbyggingar á Hólum, enda tekur fjárlaganefnd neðri deildar á einum stað í nefndaráliti sínu um fjárlögin fram, að sjálfsagt sé að gera skólana jafna. En það er þar sem hún er að rökstyðja tillögu um að færa niður styrk til verklegs náms við Hólaskóla. En vegna þess að fjárlaganefndin hér í deildinni lét í ljósi við mig, að hún vildi beiðast undan að farið væri fram á þessa fjárveitingu á fjáraukalögunum vegna þess hve fjárhagurinn væri þröngur í bráð, þá vil eg verða við þessari beiðni og tek tillöguna aftur, að svo stöddu, og geri mig ánægðan með þá yfirlýsingu nefndarinnar, að hún muni styðja það að þessi fjárveiting verði samþykt á fjárlögunum. Eg er nefndinni samdóma um það að fjárhagurinn sé svo óglæsilegur, að ástæða sé til að draga úr nauðsynlegum fjárveitingum. —

Um leið ætla eg að minnast örlítið á annað atriði í fjáraukalögunum og gera grein fyrir atkvæði mínu um það, eg á við háskólann. Þótt eg af þjóðlegum ástæðum vildi feginn óska, að hann kæmist strax á fót, þá býst eg samt ekki við að eg geti greitt atkvæði með fjárframlagi til háskólans að þessu sinni, og er það af þeirri ástæðu, sem eg nefndi áðan, nefnilega að eg kannast fullkomlega við það, að við verðum að fara sem allra sparlegast með fé landsins, af því féþröngt sé í bráðina.

ATKVGR.:
1. 2. og 3. gr. frv. sþ. í einu hljóði.
Br.till. (489) við 4. gr. sþ. í e. hlj.
Br.till. við 4. gr. B XIII sþ. í e. hlj.
Br.till. við 4. gr. B XIII, nýr liður, sþ. í einu hljóði.
Skilyrði fyrir þessum fjárveitingum sþ. í e. hlj.
Br.till. við D II sþ. 7:6.
Br.till. eftir D II feld 8:3.
Br.till. E V sþ. 10:3.
Br.till. E V sþ. 10:2.
„ „ „ „ án atkv.gr.
4. gr. þannig breytt sþ. í e. hlj.
Br.till. við 5. gr. B I—III sþ. 9:4 að viðhöfðu nafnakalli.

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Kristinn Daníelsson.
Ari Jónsson,	Jósef Björnsson,
Augúst Flygenring,	Sig. Hjörleifsson,
Eiríkur Briem,	Sig. Stefánsson,
Gunnar Ólafsson,	
Júlíus Havsteen,	
Kristján Jónsson,	
Lárus H. Bjarnason,	
Stefán Stefánsson.	

Br.till. við 5. gr. B VII sþ. 9:2.
5. gr. þannig breytt sþ. í e. hlj.
6. og 7. gr. hvor um sig sþ. í e. hlj.
Br.till. við 8. gr. sþ. með 11 samhlj. atkv.
8. gr. þannig breytt sþ. í e. hlj.
9 gr. sþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frv. sþ. án atkv.gr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umræða í efri deild 10. apríl.

Steingrímur Jónsson: Eg skal leyfa mér að fara nokkrum orðum um breytingar þær við frumvarpið, sem fram hafa komið síðan 2 umræðu hér, og nefndin hefir talað sig saman um.

Þá er fyrst breytingartillaga á þingskjali 593 frá háttv. 3. kgk. um símalagningu til Vestmannaeyja. Hér hafa orðið skiftar skoðanir í nefndinni, og hefir hún klofnað um það mál. Við aðra umræðu sagði eg álit mitt á þessu máli og ætla ekki að fjölyrða um það nú, en mun gefa þessari tillögu atkvæði mitt. Þá er breytingartillaga á þingskjali 598 frá háttvirtum þm. Skagfirðinga um að inn í 7. grein bætist nýr liður á undan 2. lið, þannig hljóðandi: til aðgerðar á gamla skólahúsinu á Hólum alt að 3000 kr.

Háttvirtur tillögumaður hefir gert grein fyrir því við nefndina og ráðherra, að það þyrfti að gera við gamla skólahúsið, og er þetta réttmæt beiðni, en áætlanir þær sem liggja fyrir um þessa aðferð enn alls óábyggilegur. Þá er breytingartillaga á þingskjali 600 frá háttvirtum þm. Vestur-Ísfirðinga, þar sem hann fer fram á að veittar séu 800 kr., til vara 500 kr., til þess að reisa Jóni Sigurðssyni minnisvarða á fæðingarstað hans, Rafnseyri, í sambandi við hátíðahald þar 17. júní. Nefndin hefir komið sér saman um að vera með varatillögunni.

Á þingskjali 602 er breytingartillaga frá hæstvirtum ráðherra um að hækka upphæð þá sem ætluð er til byggingar húss handa vitaverðinum á Siglunesi úr 2000 kr. uppí 2500 kr.

Tillag n er bygð á því, að 2000 kr. séu allsendis ónógar, samkvæmt upplýsingum, sem fengnar eru hjá umsjónarmanni vitanna, og getur nefndin eftir atvikum greitt atkvæði með þessari hækkun.

Þá er breytingartillaga á þingskjali 603 frá nefndinni sjálfri, þar sem hún fer fram á að veittur sé styrkur til Bókmentafélagsins til þess að gefa út bréf Jóns Sigurðssonar alt að 500 kr. Bókmentafélagið hefir tekist á hendur að gefa út þessi bréf, en bókin hefir orðið stærri en ætlað var í fyrstu og vantar því fé til útgáfu á hér um bil 7 örkum. Nefndin mælir með þessari tillögu, svo bókin geti komið öll út á réttum tíma, og vonar að deildin verði henni sinnandi.

Þá er enn breytingartillaga á þingskjali

617 frá 6 háttvirtum þingdeildarmönnum, þar sem þeir fara fram á að burtu falli liðurinn við B I—III, það er tillagið til háskólans.

Nefndin hefir enga ályktun gert í þessu máli, og verður tillagan væntanlega rædd í deildinni, og hefi eg ekki ástæðu til að tala um hana að þessu sinni.

Ráðherra: Eg vildi fara nokkrum orðum um breytingartillögu mína á þingskj. 602, þar sem farið er fram á að hækka tillag til húsbyggingar handa vitaverði á Siglunesi um 500 kr. Hér um er það að segja, að fjárveitingin var frá neðri deild 3000 krónur, en var lækkuð hér í þessari hv. deild niður í 2000 kr. Vitaumsjónarmaðurinn kom til mín, er hann sá þetta og sagði, að ekki yrði hægt að byggja húsið, nema þessu yrði kipt í lag, og upphæðin verulega hækkuð. Nú hefi eg í samráði við hann komið með þessa breytingar þar sem nauðsynlegt er að hyggja húsið. — Eg hefi eigi talið það tiltækilegt að fara fram á hærri upphæð en 2500 kr., með tilliti til þess, hvernig hv. deild fór með þetta mál við síðustu umræðu, en eg er alls eigi viss um að þessi upphæð verði nóg, en reynt verður að láta það nægja, ef unt er. Eg gat þess við vitaumsjónarmanninn, að eg myndi koma með breytingartillögu, sem væri miðja vegu milli tillögu hans, og þeirrar, er deildin hefur samþykt.

Jósef Björnsson: Astæðan til þess, að eg kom fram með breytingartillöguna á þingskali 598 er sú, að skólastjórinn á Hólum hafði skrifað stjórninni um fjárveitingu þessa til aðgerðar á skólahúsinu, en stjórnin hafði ekki séð sér fært að taka neitt upp nema óumflýjanlegu útgjöldin.

Skólastjórinn vissi ekki annað en að stjórnin hefði tekið þetta til greina, og gerði því engar frekari ráðstafanir þessu viðvíkjandi. En er honum varð kunnugt, að stjórnin hefði ekki getað orðið við þessu nauðsynjamáli, þá skrifaði hann mér, og bað mig að reyna að koma þessu í lag, þar sem óflýjandi nauðsyn væri að endurbæta húsið, sem nú er ekki orðið fært til íbúðar, enda óhagur mikill að bíða með það verk að kostnaðinum til, því það skilja allir, að ódýrara er að endurbæta strax og þörf krefur, en að geyma það og láta skemdirnar aukast og margfaldast.

Eg sneri mér því til smiðanna, sem voru á Hólum í fyrrasumar, og bað þá um álit sitt um, hvað þyrfti að gera við húsið og hvað það mundi kosta. Þetta gerði eg í samráði við háttv. stjórn og hæstv. ráðherra.

Gerðu þeir áætlun nú aðeins um það sem nauðsynlegast var að gera, því á það lagði stjórnin áherzlu, að kostnaðurinn mætti ekki verða mikill. Það sem þeir lögðu aðaláherzluna á að gera þyrfti var að breyta stigunum. Nú liggur einn stigi í miðju húsi upp um öll loft. Ef eldur kæmi upp í húsinu neðarlega, gæti orðið örðugt um alla mannbjörg úr húsinu, nema um glugga, og gæti slík björgun verið miklum örðugleikum bundin. Með leyfi forseta vildi eg lesa hér upp kafla úr bréfi skólastjóra, um þörfina á viðgerð hússins. Hann segir svo:

„Gamla húsið þarf mikilla endurbóta við, til þess að það geti orðið viðunandi bústaður fyrir nemendur og kennara, sem ætlað er að búa í því. Gluggar eru allir mjög illa um búnir — grindurnar orðnar fúnar og gisnar, svo að í úrkomutíð streymir regnvatn alstaðar inn og bleytir og feygir gluggakisturnar. Ýmsar fleiri aðgerðar eru og nauðsynlegar, svo sem á hurðum, endbætur á máli og endurnýjun ofna, því margir þeirra mega ónýtir heita“.

Með hliðsjón til þessa fer eg fram á að veitt verði 3000 krónur til aðgerða. Eg legg aðaláherzluna á stigana, eins og smiðirnir. Gluggarnir eru og mjög lélegir. Húsið er ekki málað, nema að mjög litlu leiti, en málning mjög nauðsynleg eins og smiðirnir segja, ef ekki á alt húsið að

fúna niður. Eldfæri öll eru í mesta ólagi. En án þess að eg fari frekar út í þetta eða þreyti háttvirta deild á upptalningum um hvað aflaga fer, vil eg geta um eina ástæðu, sem mælir með því, að þetta sé gert nú. Smiðirnir, sem bygðu nýja húsið, hafa ekki lokið því að fullu og fara því í vor norður; verður því miklu ódýrari vinna á þessu, ef það er gert um leið.

Annars er áætlunin gerð nokkuð af handa hófi, eins og háttvirtur formaður fjárlaganefndarinnar gat um; en þar sem hæstvirtur ráðherra gat þess, að hann vildi ekki, að hér væri gert nema það allra nauðsynlegasta, þá hefi eg tekið upphæðina svo lága sem eg áleit, að frekast mætti. Eg skal að síðustu geta þess, að í þessu húsi er nú íbúð allra nemanda skólans og tveggja kennara, yfir höfuð íbúð fyrir flest það fólk, sem við skólann er. Í nýja húsinu er íbúð skólastjóra. Þar eru kenslustofur og söfn skólans. Það er því knýandi þörf að gert sé við gamla húsið, sem er að allra kunnugra manna áliti alls óviðunandi íbúð eins og nú stendur.

Eg er hinni háttvirtu fjárlaganefnd þakklátur fyrir undirtektir hennar til þessa máls, og vona að háttv. deild samþykki fjárveitingu þessa.

Augúst Flygenring: Eg vil taka það fram strax, að í breytingartillögu minni á þingskjali 593 er tveim orðum ofaukið. Þar stendur að til símalagningarinnar eigi að veita fyrra árið, en þetta „fyrra árið“ á að falla burt.

Eins og menn muna, lagði stjórnin það til á síðasta þingi, að sími yrði lagður alla leið til Vestmannaeyja. Þessi sími komst þó ekki lengra en til Garðsauka. Sími til Vestmannaeyja var feldur fyrir heimskulegt ofurkapp þess flokks hér á þingi, sem frá því er símamálið upphaflega var flutt inn á þing, hefir verið óvinveitt öllum símalagningum í stærri stíl.

Eg hefi ekki nent að kynna mér ástæður Nd. á fyrra þingi fyrir því að fella þessa fjárveitingu, en hér í þessari háttv. deild var það látið heita svo sem stjórnin ætlaði að útvega miklu ódýrara samband við eyjar þessar með loftskeytum.

En hefir þá stjórninni, sem frá fór fyrir skemstu, lukkast þetta? — Eg held ekki. Það hefir verið sagt, að við ættum kost á tveimur loftskeytastöðvum fyrir 44 þús. kr., en um það liggur þó ekkert tilboð, sem hægt er að byggja á, og hér mun enginn vera mættur frá Marconifélaginu eða öðru félagi, sem hefir umboð til að semja. Vér höfum þessvegna enga tryggingu fyrir, hvað þessar stöðvar muni kosta.

Athugi maður þær einu áætlanir, sem fyrir liggja um þessar firðritanir — þær sem landsímastjórinn hefir gert, öðrum er ekki takandi neitt mark á — þá er það bert, að stofnkostnaður við loftskeytin verður strax miklu dýrari en við símann. — Líklega nemur mismunurinn 5—10 þús. kr.

Þó að stjórnin væri loftskeytunum mjög fylgjandi, hefir hún ekki getað komið með neina áætlun, er sýni að loftskeytasambandið sè ódýrara. — Síður en svo. Hefir í raun-inni ekkert annað fyrir sig að bera en bréf frá Brüssel, dagsett 2. nóv. 1910, þar sem aðeins er áætlað um ýmsan kostnað, án þess að það sé bindandi tilboð, og þess utan eru látnar í té ýmsar upplýsingar um loftskeytastarfrækslu m. m.

Hér liggur fyrir þinginu áætlun þess manns, sem er þessu kunnugastur allra manna, sundurliðuð kostnaðaráætlun um símalagningu austur. Það er fjarstæða að segja, að slíkt sé gripið úr lausu lofti, eins og sumir menn gera. Í þessari kostnaðaráætlun segir hann, að hægt sé að leggja einfaldan síma til Vestmannaeyja fyrir 28500 krónur, en jafnframt segir hann að mikið geti sparast af þeim 22000 krónum, sem þar eru áætlaðar fyrir sæsímanum, ef veður verður gott, meðan verið verður að leggja hann. En hann heldur því líka fram, að sjálfsagt sé að gera símann svo vel úr garði, að fólk verði ánægt með hann

og leggur því til, að hann verði hafður tvöfaldur og yfirleitt svo góður, sem hann er beztur annarstaðar hér á landi, og býst hann, við, að hann muni kosta 37000 krónur. Eg get ekki leitt hjá mèr það sem þessi maður leggur til, því að það er hygt á reynslu og þekkingu. Fastur embættismaður hlýtur að finna skyldu hjá sér til að leggja það eitt til, sem hann álítur skynsamlegast, hagkvæmast og tekjumest. Munurinn á stofnkostnaði við símasamband og loftskeytasamband mundi verða c. 5 þús. kr. En eg legg ekki svo mikið upp úr því. Eg legg mest upp úr hinu, að símastjórinn hefir í bréfi, sem dagsett er þ. 21. síðastl. mán., sýnt með órækum tölum, hversu mikill munur hljóti að verða á afrakstrinum, arðinum. Af bréfinu sést það bert, að landssjóður hlýtur að fá stórar tekjur af símasambandi; að öllum líkindum eru þær þar áætlaðar of lágt fremur en hitt. Símastjórinn gerir ráð fyrir að ábatinn af símasambandi muni verða c. 3500 kr., en 3 þús. kr. tekjuhalli af loftskeytum, aðallega vegna miklu meiri reksturskostnaðar. Að vísu er þetta einungis áætlun, en þetta er þó áætlun þess manns, sem mest er á að byggja í þessu efni. Þó loftskeytastöðvarnar yrðu miklu meira notaðar heldur en á er gizkað, þá er altaf þess að gæta, að bæði stofn- og reksturskostnaður er miklu meiri við loftskeytasamband heldur en við símasamband. En auðvitað mál er það, að þessi kostnaður, stofnkostnaður og reksturskostnaður, er í sjálfu sér þýðingarminna atriði í þessu máli heldur en vilji og óskir fólksins. Ef kjósendur óskuðu eftir loftskeytasambandi, og trygging væri fyrir því að menn yrðu ánægðir með það, þá væri rangt að setja kostnaðinn fyrir sig. En fólk vill talsíma og mundi strax heimta talsímasamband, þó að loftskeytasamband kæmist á, enda játa allir að talsíminn hafi mikla yfirburði fram yfir firðritun. Talsímasamband hefir viðlíka yfirburði yfir loftskeytasamband sem heilbrigður maður hefir yfir heyrnarlausan mann og málíausan, þó hann kunni að skrifa. Hversvegna skyldi þessi uppfundning, talsíminn, hafa rutt sér svo mjög til rúms að hann er alstaðar lagður við hliðina á ritsímum og loftskeytastöðvum? Auðvitað vegna þeirra stóru yfirburða, sem hann hefir yfir hvorttveggja. Það er áreiðanlegt, að hér á landi gera menn sig aldrei ánægða með loftskeytasamband, því menn heimta að geta talað saman, enda verður tilgangnum altaf betur náð með samtali. Þetta sést einnig bezt af því, að talsíminn hefir gefið mestar tekjur hér á landi, miklu meiri en ritsíminn. —

Eg get verið fáorður um mótbárurnar, sem eg veit að fram muni koma. Þær eru sumar hverjar svo öfgakendar, að þær falla um sjálfar sig. Það hefir verið sagt að sæsíminn hljóti að verða fyrir viðlíka óskunda eins og síminn milli eyjanna í Færeyjum. En hér er ólíku saman að jafna. Straumurinn milli eyjanna í Færeyjum er svo harður, að hann fer 10 mílur á vökunni, eins og straumharðasta á, en hér er straumurinn aldrei meiri en svo, að hann fari 3 mílur á vökunni. En straumurinn er orsökin til þess að síminn slitnar, við það að hann berst fram og til baka á botninum og nuddast sundur. Þá hefir verið bent á það, að botnvörpuskip mundu eigi láta símann í friði. Það getur að vísu borið við, að botnvörpuskip slíti síma, en þó má benda á það, að fjöldi síma liggur yfir Norðursjóinn og er þar urmull af botnvörpuskipum, sem fiska þar alt árið, en samt kemur það örsjaldan fyrir að þau skemmi símann. Í Norðursjónum er nálega altaf fiskað með nótum fast við botn. En hérna er aðallega fiskaður þorskur, og hann heldur sig fjær botninum heldur en flatfiskur. Þegar fiskað er með nót við botninn milli lands og eyja, þá hafa öll botnvörpuskip trékefli á vörpunum vegna þess, að botninn er grýttur, en vörpurnar velta á keflunum yfir steinana. Það er

því vonandi óhætt um það, að síma yrði enginn verulegur háski búinn af botnvörpuveiðunum, en þær eru það eina, sem eg hefi óttast, að gæti orðið símanum að grandi. En þó svo illa tækist til að síminn slitnaði, þá þurfa, eins og símastjóri hefir bent á, engin vandkvæði að verða á því að setja hann saman aftur. Það má gera með mótorskútu; því að síminn er ekki nema 25 ton á þyngd og kæmist því vel fyrir í skútu. Frá landi má altaf reikna út, hvar slitið er. Það eru því öfgar, að það þurfi að kosta stórar upphæðir að bæta símann, ef hann slitnar. Sé nú, eins og eg hefi bent á, símasamband hagkvæmara og tekjumeira og notasælla í alla staði en loftskeytasamband, því geta menn þá ekki komið sér saman um að kjósa það? Mér finst kenna æðimikils ofurkapps hjá þeim mönnum, sem vilja binda sig við loftskeyti, þar sem þeir hafa ekkert annað á að byggja en vonina um skeyti af hafi, og jafnvel sú von hefir ekkert við að styðjast. Því hafa þau skip, sem sigla og veiða hér við land, ekki loftskeytaútbúnað? Þau fara líka fram hjá Peterhead og öðrum stöðum, þar sem loftskeytastöðvar eru. Skyldu þau öll vera að bíða eftir að loftskeytastöð komi í Vestmannaeyjar? Það hefir verið tekið réttilega fram af símastjóra, að gagn gæti verið að loftskeytastöð hér í Reykjavík, einkum í sambandi við væntanlega loftskeytastöð á Grænlandi, en hann hefir líka bent stjórninni á, að sjálfsagt væri að komast að hagkvæmum samningum áður en slík stöð væri bygð. Eg skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en vil minna mótstöðumenn mína á að yfirvega málið skynsamlega; eg veit, að þeir muni kannast við, að eg byggi á góðum grundvelli.

Kristinn Daníelsson: Eg ætla að eins að segja örfá orð út af brtill. á þskj. 600. Eg gat þess við aðra umræðu, að eg mundi koma með aðgengilegri tillögu nú og er hún nú fram komin. Hv. framsögumaður mintist á þessa tillögu og er eg ánægður með undirtektir hans, þótt það hljóti að vera nokkuð erfitt að koma þessu áfram til framkvæmdar með þeim styrk, sem nefndin vill fallast á að veita. En þar sem eg geng að því vísu, að deildin fari að tillögum framsögumanns, þá lýsi eg því yfir, að eg tek aftur hærri tillöguna og óska að að eins verði gengið til atkvæða um varatillöguna.

Gunnar Ólafsson: Eg heyrði því miður ekki alla ræða hv. 3. kgk. En það sem eg heyrði var ekki rök heldur eitthvað út í loftið, sem hann þó bannaði að andmæla. Þetta mál er þrautrætt, og er því varla þörf á að tyggja upp aftur það sem sagt hefir verið um það áður. Við 2. umr. færði eg rök að því, í hverju loftskeytasamband hefði yfirburði yfir símasamband og stendur það enn óhrakið á þessum stöðum. Aðalröksemd hv. 3. kgk. var það, að símastjórinn vildi símasamband. Mér skildist þetta vera aðalatriðið, að það væri goðgá að hafa aðra skoðun á þessu máli en hann. Með allri virðingu fyrir símastjóranum og þekking hans á þessu máli, þá get eg ekki kannast við það að þingnu sé skylt að fylgja þeirri skoðun, sem hann hefir. Eg álít að hv. 3. kgk. geti með alveg sama rétti sagt, að okkur væri skylt að trúa því sem hann sjálfur segði, hversu fjarstætt sem það annars kynni að vera. Hann talaði um það, að hér lægi ekki neitt fast tilboð um loftskeytastöðvar fyrir þinginu. Þetta er í rauninni ekki rétt, en þó svo væri, að tilboðið væri ekki nógu ákveðið, þá er hér staddur fulltrúi fyrir félagið, sem semja má við hvenær sem er. En það þýðir ekkert að semja til fulls, fyr en fe er veitt til fyrirtækisins. Honum hefði líklega ekki þótt það hyggilegt, að stjórnin hefði samið um byggingu stöðvanna áður en fé var veitt til þeirra, eins og gert var hér áður, þá er líkt stóð á, í óheimild þingsins. Þá sagði hann, að áætlun símastjóra væri svo viss, að þar yrðu engu raskað. En hann hefir

gleymt því, að símastjóri hefir gert 2 áætlanir um þessa símalagningu. Arið 1909 átti sími til eyjanna að kosta 42,200 kr. en nú 1911 á hann ekki að kosta meira en 37 þús. kr. Hvor áætlunin er réttari, læt eg ósagt. En það er ekki rétt að segja, að engu verði raskað, þegar áætlanirnar eru hver á móti annari. Hv. framsögumaður sagði að ástæðan væri sú, að reynsla hefði fengist með lagningu símans til Garðsauka. En eg verð að mótmæla því, að nokkur reynsla sé með því fengin um lagningu sæsímans milli lands og eyja. Þá taldi hann það öruggan sannleika, sem símastjórinn hefir haldið fram í bréfi til þingsins, að tekjur mundu verða meiri af símasambandi heldur en af loftskeytasambandi. Þetta er vitanlega algerlega ósannanlegt. En allar líkur eru til þess að loftskeytastöðvar yrðu notað svipað og sæsíminn. Nauðsynlegar fréttir mundu verða sendar, hvort fyrirkomulagið sem haft yrði. En á hinn bóginn mundu skip, sem eru í förum eða veiða hér við land, útvega sér loftskeytatæki, þegar loftskeytastöðvar væru komnar upp hér á landi, og hefðum við þá tekjur af skeytum þeim er þau skip mundu senda, En það eru hreinar aukatekjur, sem ekki fást, ef símasamband er. Þess vegna hlytu tekjurnar af loftskeytasambandi að verða meiri en af símasambandi, því svæðið, sem loftskeytin ná yfir, er meira. Hv. 3. kgk. lýsti straum og botni milli lands og eyja, en sá galli var á þessari lýsingu, að hún var alveg skökk, og sýndi það svo greinilega, að hann þekti hvorki straumhraðann eða sjávarbotninn, og er það ekki ámælisvert. Hann sagðist vitanlega vera hræddastur um að botnvörpurnar mundu slíta símann. Hann viðurkendi, eins og sjálfsagt er, að hætta væri á því, en til að bæta úr þessu sagði hann að botninn væri svo grýttur á þessu svæði, að flest skipin mundu nota „rúllur“ á vörpunum og gætu þær því ekki skemt símann. En eins og áður er sagt, vantar háttv. þingm. þekkingu til að geta dæmt um þetta. Eg hygg að þeir noti aldrei „rúllur“ á þessu svæði; þeir nota þær, að sögn, þegar kemur vestur á Banka, sem kallað er, fyrir vestan eyjarnar. Hvernig botninn er í Álnum milli lands og eyja, skal eg ekki segja. Það getur verið, að þar sé grjótbotn, en nær landi er leirbotn, og næst því sandbotn. Þar draga skipin inn vörpur sínar án þess að hafa „rúllur“ á þeim og gætu því slitið símann. Yfirleitt nota þeir „rúllurnar“ ekki nema þeir megi til. Eg hefi búið við suðurströnd landsins mörg ár og þar af leiðandi oftar komið út í botnvörpuskip heldur en hv. 3. kgk., því að botnvörpuskipin draga ekki vörpur sínar um Hafnarfjörð, að eg hygg. Eg skal ekki þrátta meira um þetta mál; eg hefi sýnt fram á það áður, að rök hv. 3. kgk. og annara, sem á móti hafa mælt, eru æði reykkend. En þess vil eg geta, að mér finst liggja dálítið annað á bak við tillögu hans, háttv. 3. kgk., en hann lætur uppi; hún sýnir, að honum er ekki eins ant um að samband komist á milli Vestmannaeyja og lands eins og hann lætur í veðri vaka. Eg sé ekki betur en hann vilji koma í veg fyrir nokkurt samband. Hann vill ekki að landssjóður leggi meira til símans en 30 þús. kr., en það er sama sem að vera mótfallinn símalagningu til Eyjanna, því að fjárframlagið er ekki nærri nógu hátt. Það er engin afsökun, að 7 þús. kr. væntist frá Vestmannaeyjum, eða hvaðan kemur honum sú vissa að Vestmanneyingar vilji leggja eða geti lagt til þessa sambands. Eg held nú, að þeir vilji það ekki, því eg tel víst að þeir álíti það sjálfsagða skyldu landssjóðs að kosta sambandið. En þó að þeir vildu, þá gætu þeir ekki lagt neitt fé til þess. Þeir hafa annað fyrirtæki á prjónunum, sem er miklu meira virði fyrir þá, eg á við hafnargerð. Að vísu mundi samband hafa mikla þýðingu fyrir Eyjarnar, en eg veit, að það er ekki eins stórt lífsskilyrði eins og að laga höfnina. Ef Vest-

manneyingar legðu fé til símasambands, þá væru þeir lamaðir frá því að leggja nokkuð til nauðsynlegra fyrirtækja, svo sem hafnargerðarinnar. Tillagan er því nokkurs konar banatilræði við framkvæmdir þeirra Eyjamanna, að öðru leyti. Eg álít hana skaðlega, ef hún nær fram að ganga, og vil mælast til að hv. flutningsmaður taki hana góðfúslega aftur og láti hana hvergi sjást. Honum á að vera kunnugt um, hv. tillögum., að landið á að kosta þessa línu, hvort heldur sem um loftskeyti eða símasamband er að ræða. En því er þá hv. 3. kgk. að koma með annað eins og þetta. Það hefir að vísu verið sú stefna í flokki þeim, sem hann fylgir, að pína fé út úr fátækum héruðum, sem landssjóður er skyldur til að kosta, svo sem símasamband og hefir það mælst illa fyrir að verðleikum. En hvað sem því líður, þá tel eg loftskeytasambandið hvorttveggja í senn, bæði langtum tryggara og ódýrara; ekki sízt með það fyrir augum, að fá um leið samband við Skaftafellssýslurnar, sem eru allra héraða verst sett í þessu efni, og munu að öðrum kosti eiga mjög langt í land til þess að fá nokkurt hraðskeytasamband. Skal eg því ekki fjölyrða meira um málið að sinni.

Augúst Flygenring: Það þýðir ekki að svara langt ræðu hv. þm. Vestur-Skaftfellinga, það mætti æra óstöðugan að elta allar þær krókaleiðir, er hann fór um þetta mál, sem hann auðvitað ekkert skilur í sjálfur. Loftskeytin eru fyrir honum hrein trúaratriði, og ekkert annað. Hann talar um að aðrir fari með reyk, en veit ekki sjálfur hve loftkendar þær staðhæfingar eru, sem hann heldur að séu rök. Hann sagði, hv. þm., að hér lægi fyrir umboð frá Marconifélaginu, og fulltrúi félagsins væri hér staddur með slíkt umboð og mætti því semja við hann o. s. frv. — En þetta er ekki rétt. — Það liggur ekkert slíkt umboð eða tilboð hér fyrir. En eg vildi leyfa mér að spyrja hv. þm. Vestur-Skaft., hvort sími til Vestm.eyja er lagður fyrir mig eða hann eingöngu, eða hvort hann er ekki heldur lagður fyrir almenning, og þá ekki sízt þau héruð, er næst liggja, þá alt fólkið. Eg vildi líka leyfa mér að spyrja hv. þm. hvort Vestm.eyingar sjálfir hafi óskað loftskeytasambands. Nei, það hafa þeir ekki gert — heldur þvert á móti, og væri þá ekki slíkt samband hér um bil það sama fyrir þá, og að gefa þeim steina fyrir brauð. Eg er ekki í neinum vafa um það. Eg verð að halda því fast fram, að á síðasta þingi hafi Vestm.eyjar verið fúsar á að leggja til símalínu 7—8000 kr. og eg býst við að svo mundi enn vera. Það var háttv. þingm. V.-Sk. sem með sínu atkv. þá tókst að svifta eyjarnar þessari sjálfsögðu samgöngubót. Eg er samdóma hv. þm. um, að þeir Vestm. ættu að borga lítið til línunnar, eða helzt ekkert, en geng út frá því líka, að þó þeim sé ætlað að borga hér nokkuð, þá mundi síðar hægt að fá eftirgjöf á einhverju af því, þegar það sýndi sig, að síminn borgaði sig vel, sem raun mundi á verða. En að þetta sé banatilræði við málið, nær engri átt. Annars skal eg ekki fara út í fleiri atriði í ræðu hv. þm., því hann hefir haldið alla þessa sömu ræðu fyrir nokkrum dögum hér í hinni háttvirtu deild, og held eg að engum hafi þá þótt taka því að vera að svara honum.

Steingr. Jónsson: Það er aðeins örstutt athugasemd. —

Háttv. þm. Vestur-Skaftf. sagði að hér væri maður til þess að semja fyrir hönd Marconifélagsins; þetta er ekki rétt; það stendur bara, að hann eigi að útskýra þau samningstilboð, sem félagið gerði eftir samráði við hans excellence ráðherrann.

Það liggur hér ekki fyrir neinn fastur, ábyggilegur samningsgrundvöllur, og sjálfur erindreki félagsins, hr. V. Finsen, hefir heldur ekki haldið því fram; hann segist bara eiga að vera viðriðinn samninga.

En það eru engir samningar gerðir hér enn.

Það var líka annað atriði í ræðu hv. sama þm., sem eg vildi minnast á. Hann vildi vefengja það að Vestmanneyingar mundu fást til þess að taka þátt í kostnaði símalínunnar að einhverju leyti. En eg vil benda honum á, að fjárlaganefndin hafði til að byggja á tilboð um 8000 kr. framlag frá Eyjabúum, er lá fyrir síðasta þingi, og auk þess hefir hún átt tal við þingmann Vestmannaeyja um málið, og mun hann vera eins kunnugur vilja Vestmanneyinga og hv. þm. Vestur-Skaftfellinga.

Sigurður Stefánsson: Það er breytingartillagan á þskj. 617, sem eg vildi leyfa mér að fara um nokkrum orðum.

Orsökin til þess, að hún er fram komin, eru viðburðir þeir, sem fyrir skemstu gerðust í hv. neðri deild. Eins og kunnugt er, þá kom þessi liður á fjáraukalögunum nokkuð undarlega fyrir sjónir, var nokkuð halakliptur; það var að vísu sagt að stofna skyldi háskóla, en ekki veitt til hans neitt fé. Hér í deildinni var sett inn fé málinu til framgangs og er það auðvitað rétt, frá sjónarmiði þeirra manna, sem vildu að háskólinn tæki til starfa undir eins á komandi hausti, því auðvitað var ómögulegt að stofna háskóla án nægilegra fjárveitinga. En nú hefir hv. neðri deild fallið frá máli þessu að sinni, með því að ætla ekki fé til háskólans á fjárlögunum; og þá víkur málinu alt öðru vísi við. —

Eg lít svo á, að fyrst hv. neðri deild ekki vildi veita fé, þá verði efri deild að beygja sig, aðalfjárveitingarvaldið er auðvitað hjá neðri deild, og einungis af þessum hvötum er tillagan komin fram.

Annars skal eg fúslega játa, að eg stend nákvæmlega í sömu skorðum í máli þessu og á síðasta þingi —, eg taldi þá þegar lögin nokkuð fordildarkend.

Það var auðvitað réttilega tekið fram þá á þinginu, er lögin voru samþykt, að þingið réði því sjálft, hvenær fé yrði veitt til háskólastofnunarinnar, og enn stendur líka alveg eins á og þá, hvað húsnæði fyrir skólann áhrærir. I fyrra átti að mega bjargast við Latínuskólann, og nú hafa ýmsir talað um alþingishúsið, þar á meðal framsögumaður þessa máls á síðasta Stúdentafundinum. En eins og kunnugt er, varð ekki af færslu þingtimans, og þar með álít eg það sund lokað. Latínuskólann má líka telja úr sögunni. Sennilegt er að bráðum verði stungið upp á þriðja húsnæðinu.

En sannleikurinn er sá, að þótt eitthvert húsnæði yrði talið viðunanlegt svo sem 3—4 mánuði, yrði strax farið fram á að byggja, og væri fé fyrir hendi, mundi eg vera með byggingu. Ef landssjóður hefði t. d. getað selt lóðir sínar — eg meina Arnarhólslóðina — þá hefði ef til vill úr þessu ræzt, en fyrir það er girt með heimskulegum lögum. En, sem sagt, aðalástæðan er að mínum dómi sú, að fyrst neðri deild hefir tekið svona í málið, tel eg sjálfsagt að efri deild beygi sig.

Stefán Stefánsson: Eg vildi minnast á breytingartillöguna á þingskjali 617, sem fer fram á að strika háskólann út af fjáraukalögunum og með því girða fyrir, að hann geti tekið til starfa á þessu ári. Eg ætla mér ekki að halda langa ræðu, og allra sízt að ganga inn á ræðu aðalfl.manns, háttvirts þingmanns Ísfirðinga, heldur að eins lýsa yfir því með örfáum orðum, fyrir mína, og eg vona allra þeirra þingdeildarmanna hönd, sem fylgt hafa háskólamálinu af einlægum hug og þeirri bjargföstu sannfæringu, að hér sé um eitt vort dýrasta þjóðframamál að ræða, lýsa yfir því, að vér erum með öllu ófáanlegir til þess að taka nokkurn þátt í þeim hörmulega skrípaleik, sem verið er að leika hér á þingi í þessu merkilega máli, þinginu til ævarandi vanvirðu og þjóðinni til minkunar í augum alls hins mentaða heims. Oss er, eða var, innan handar, að koma

málinu fram með því að leyfa eigi þessari tillögu að koma til umræðu, sem hér liggur fyrir frá 6 þjóðkjörnum sjálfstæðismönnum, og þá eigi síður með því að samþykkja fjáraukalögin óbreytt, eins og þau komu frá háttvirtri neðri deild. Fleiri færar leiðir mætti benda á. En það eru alt krókaleiðir, meira og minna athugaverðar frá sjónarmiði *samvizkusamra* þingmanna. Og þessvegna erum vér ráðnir í því, að fara einu beinu leiðina; *fella tillögu* þá, sem fyrir liggur. Með þessari atkvæðagreiðslu *mótmælum* vér allir þeirri aðferð, sem beitt hefir verið í þessu máli nú á þingi, *mótmælum* því sem *vansæmandi* þingi og þjóð, að þingmenn snúist í slíku máli eins og snarkringlur, greiði atkvæði með því í dag og móti því á morgun, *mótmælum* því fyrir þjóðarinnar hönd, að standa eins og *viðundur* frammi fyrir öllum heiminum. Blöðin, sem berast til vor þessa daga frá frændþjóðum vorum, flytja þær fregnir út um heiminn, að þingið hafi svo gott sem ákveðið, að háskólinn tæki til starfa á þessu ári, 100 ára afmæli Jóns Sigurðssonar. Það hafi verið samþykt með yfirgnæfandi meiri hluta í neðri deild alþingis, og öruggur meiri hluti sé fyrir því í efri deildinni, eins og líka sýndi sig við aðra umræðu fjáraukalaganna hér í hinni háttvirtu deild. Þau samfagna oss yfirleitt með því, að oss hafi auðnast að stíga þetta mikla framfaraspor til þjóðlegrar sjálfstæði og hverskonar þjóðmenningar. Ekki er ólíklegt, að mönnum erlendis, sem veitt hafa þessu máli eftirtekt, og þeir eru margir meðal Norðurlandaþjóðanna, verði bilt við, þegar þær fregnir berast út yfir hafið, að *háskólinn sé fallinn fyrir atkvæði meiri hluta sjálfstæðismanna á þingi*, fallinn fyrir atkvæði þeirra manna, sem fyrir fáum dögum beittu sér fyrir því, að hann kæmist upp á þessu ári, og greiddu því atkvæði.

Hvernig í ósköpunum stendur á þessu? — munu menn spyrja.

Þeirri spurningu ætla eg nú ekki að reyna að svara að þessu sinni, og eg vorkenni þeim sannarlega að svara, vesalingsmönnunum, sem snúist hafa í þessu máli, því þeim er skylt að svara, svara því, hvað valdið hafi þessum sinnaskiftum þeirra. Þjóðin getur krafið þá svars. Heimurinn getur krafið þá svars. Um þá, sem altaf hafa verið því mótfallnir, að málið næði nú fram að ganga, er öðru máli að gegna. Þeir eru eigi beinlínis ámælis verðir, nema hvað þeir hefðu *getað* og hefðu *átt* að leiða flokksbræðrum sínum það fyrir sjónir, hvílíka minkun þeir gerðu þingi og þjóð með framkomu sinni. Vér sem nú greiðum atkvæði móti þessari tillögu, gerum það sem í okkar valdi stendur til þess að firra þingið og þjóðina þessari óvirðingu. Ekki er óhugsandi að menn sjái sig um hönd, er frv. kemur aftur til háttvirtrar neðri deildar. Mun svo eigi frekar mælt í máli þessu af vorri hálfu, háskólamanna, í þetta sinn.

Gunnar Ólafsson: Eg skal ekki flytja langt erindi, en mér þykir rétt að segja fáein orð.

(**Lárus H. Bjarnason**: Af hverju?)

Háttv. 6. kgkj. þm. hélt eða ætlaði að halda hjartnæma vandlætingarræðu um það, að menn snúist í þessu máli. En það getur oft verið rétt sjálfsagt og nauðsynlegt, að menn láti af skoðun sinni, þegar nýjar upplýsingar koma fram, og það því fremur þegar um mikilsvert mál er að ræða.

(**Lárus H. Bjarnason**: Það eru tveir menn, sem hlaupið hafa frá nafnakalli.)

Eg sé ekki ástæðu til að ýfa skap hins háttv. 5. kgkj. (L. H. Bj.) Það er ef til vill ekki gustuk, þar sem honum er svo hætt við að brjóta þingsköpin, sem raun hefir á orðið. Eg hefði í sjálfu sér getað verið með stofnun háskóla nú. Hún er eðlileg afleiðing af lögunum frá 1909. Það er sjálfsagt, að slíkt verður að gera. En þegar þess er gætt, hvernig þetta verður

gert og hvernig það að réttu lagi á að vera, og þegar líka er litið til hinnar vesölu aðferðar, sem beitt er til að koma máli þessu áfram, þá er ekki óeðlilegt, þótt það renni á mann tvær grímur og menn hallist að því að fresta málinu. Það er ekki satt, að eg sé á móti því, að háskóli komist hér einhverntíma á stofn, þegar fært er.

(**L. H. Bj.**: Því trúir enginn.)

Forgöngumenn þessa máls sækja þetta mál með allskonar brögðum, sem eg ekki vil nefna hér, og þá auðvitað af vorkunsemi við háttv. 5. kgkj. Þeir segja, að sóma landsins sé bætta búin, ef hann er ekki stofnaður einmitt nú. Samt er ekkert húsnæði til handa háskólanum. Hér liggur ekkert annað fyrir en veita fé til þess, að hægt sé að segja, að háskólinn sé kominn á stofn. Hér er í rauninni ekki farið fram á annað en launa þessa væntanlegu prófessora. Það verður að gæta þess, að hér þarf miklu meira fé. Ef flytjendur þessa máls væru í raun og veru hygnir menn, mundu þeir hafa farið öðru vísi að. Þá hefðu þeir ekki byrjað á neglunni, heldur á skipinu sjálfu, og byrjað á byggingu hússins. Það fékst ekki, að þingtíminn væri færður, svo að háskólinn gæti fengið þar rúm. Það er því ekkert hús til, sem hugsanlegt er um, að væntanlegur háskóli geti starfað í. Forgöngumenn þessa máls hefðu átt að byrja á því að berjast fyrir byggingu háskólahúss, og hefði sú bygging getað staðið yfir eitt eða tvö fjárhagstímabil. Það hefði verið skynsamlegra að fara svona að, heldur en að berjast fyrir málinu með þeim hætti, sem nú er gert. Það var háttv. 6. kgkj. þm. (St. St.), sem sagðist mótmæla því, að standa uppi sem viðundur. Það er auðvitað sjálfsagt, að mótmæla sliku. Eg ætlast ekki til, að hann geri það, þótt eg geti ekki ábyrgst neitt um það.

Eg skal svo ekki þreyta hv. þingdeildarmenn á að tala meira um þetta mál. Atkvæði mitt byggist á því, að neðri deild hefir neitað að veita fé til þessarar stofnunar, og þegar ekki er hægt að fá fé nema til þriggja mánaða, álít eg, að það geti ekki átt sér stað, að háskólinn taki til starfa að eins um þriggja mánaða tíma.

ATKVÆÐAGR.:

1. Brtill. á þgsk. 593 feld með 6 : 6, að við höfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvæðagreiðslu.

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Augúst Flygenring,	Ari Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Ólafsson,
Júlíus Havsteen,	Jósef Björnsson,
Kristján Jónsson,	Sig. Hjörleifsson,
Lárus H. Bjarnason.	Sigurður Stefánsson.

Einn þingmaður greiddi ekki atkvæði.

2. Brtill. á þgsk. 602 samþ. með 12 samhlj. atkv.

3. Brtill. á þgsk. 617 feld með 7 : 6 að við höfðu nafnakalli eftir ósk nokkurra þingmanna og sögðu

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Steingr. Jónsson,
Ari Jónsson,	Augúst Flygenring,
Gunnar Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Jósef Björnsson,	Júlíus Havsteen,
Sig. Hjörleifsson.	Kristján Jónsson,
Sigurður Stefánsson.	Lárus H. Bjarnason,
	Stefán Stefánsson.

4. Brtill. á þgsk. 683 samþ. með 11 samhlj. atkv.

5. Brtill. á þgsk. 598 samþ. í e. hlj.

6. Brtill. á þgsk. 600, varatillaga, samþ. í e. hlj.

Frumvarpið með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj. og endursendist neðri deild.

Ein umræða í efri deild 1. maí.

Framsögum. Steingrímur Jónsson: Frumvarp þetta hefir tekið allmiklum breytingum frá því það fór héðan úr deildinni. Gjöldin hafa hækkað um 67 þúsund kr. Meiri hluti nefndarinnar hefir ekki getað

fallist á þessar breytingar Neðri deildar. Þó er það ein breyting, sem nefndinni hefir ekki fundist ástæða til að hreyfa við. Það er fjárveitingin til brúargerðar á Hölkná. Hún hefir verið hækkuð um 1000 kr., eða er nú 4500 kr., eins og hún var upphaflega. Það er ekki svo stór upphæð, að vert sé að gera slíkt að deilumáli milli deildanna.

Aðalbreytingin á frv. er sú, að loftskeytin hafa verið sett aftur inn í frumvarpið í 4. gr. Í fjáraukalagafrumvarpi stjórnarinnar var gert ráð fyrir því, og eins þegar það var hér til umræðu og meðferðar á dögunum, að veittar yrðu 48 þús. kr. til að koma upp loftskeytastöðvum í Reykjavík og Vestmannaeyjum. Nú er hér bætt inn í nýjum lið, þar sem ákveðið er, að koma upp þrem nýjum loftskeytastöðvum, á Seljalandi undir Eyjafjöllum eða einhverstaðar þar í grend, í Vík í Mýrdal, og í Hornafirði og eru til þess ætlaðar 20 þús. kr. Þessar 20 þús. kr. eru alveg út í loftið. Þegar nefndin hafði þetta mál seinast til meðferðar, sást hvergi, að hægt væri að reisa slíkar stöðvar fyrir svo lítið fé. Það kemur ekki til mála, að ódýrara sé að koma á slíku sambandi milli Víkur og Hornafjarðar en milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. Á skipum kosta slík áhöld minst 5—7 þús. kr. En á skipum er ekki að reikna neitt sérstakt fyrir byggingar, vélakraft, né íbúð handa starfsmönnum. Þessar 20 þús. kr. þýða því 40—50 þús. kr. aukin útgjöld. Reksturskostnaður verður og að minsta kosti 3 þús. kr. á hverri stöð. Alls og alls kosta þessi loftskeytasambönd því landið 80—90 þús kr. í stofnkostnað, og 15 þús. kr. á ári í reksturskostnað. Eg vil nú benda á það, að það nægir ekki að setja tölur á pappírinn. Það verður að hugsa fyrir því, hvar fé á að fá. Nefndin getur ekki ráðið til að setja svona gífurleg útgjöld á pappírinn eins og Neðri deild hefir gert, ekki sízt þar sem gagnið er vafasamt og tekjurnar óvissar.

Þá vil eg minna á það, að sjálfir Vestmanneyingar hafa mótmælt loftskeytasambandi við Reykjavík. Fyrir þinginu liggur bréf frá 109—110 kjósendum, þar sem þeir mótmæla því, að slíkt samband sé sett á stofn. Það eru með öðrum orðum $^2/_3$ kjósenda þar í eyjunum, sem eru því mótfallnir.

(**Ráðherrann**: Sama er að segja um Vestur-Skaftafellssýslu).

Og mér finst, að hafa verði hliðsjón af vilja kjósenda, ekki sízt nú fyrir kosningarnar. Vestmanneyingar álíta sér þetta svo gagnslaust, en símann svo arðvænlegan, að þeir fara fram á að mega leggja hann á eigin kostnað.

Að síðustu skal eg geta þess, að ef þetta verður samþykt, verður að bæta 15 þús. kr. á fjárlögin. Þetta er með öllu óhafandi og óaðgengilegt.

Þá er Blönduósskólinn aftur settur inn í frumvarpið. Ástæður deildarinnar gegn honum eru svo kunnar, að það þarf ekki að rifja þær upp. Nefndin getur ekki fallist á, að rétt sé að veita fé til byggingar hans, og leggur því til að liðurinn B VIII í 5. gr. falli burt.

Þá er ný br.till. frá nefndinni við 6. gr., sem fer fram á það, að magister Guðm. Finnbogasyni sé veittur þúsund króna ferðastyrkur til þess að sækja þúsund ára hátíð Normandis sem fulltrúi Íslands þar. Bretagnebúar og Rouenbúar,frændur okkar, ætla að minnast þess í sumar, að nú eru þúsund ár liðin síðan norrænir víkingar fengu þar lén og riki, og hafa boðið gestum frá Norðurlöndum að sækja þau hátíðahöld og þann fagnað, sem þar er í vændum í minningu þess. Þeir hafa sýnt Íslendingum þann sóma að bjóða mönnum héðan að taka þátt í þeim. Guðmundur meistari Finnbogason hefir fengið boð þangað, ennfremur hefir Bókmentafélaginu verið

boðið að senda fulltrúa, og forseta sameinaðs þings hefir líka verið boðið að koma. Nefndinni þótti fara vel á því, að Íslendingar ættu sér fulltrúa á þessum hátíðum, eins og aðrar Norðurlandaþjóðir. Þessi heimboð Frakka mega vera oss gleðiefni; þau sýna, að þeir hafa hugboð um, að hér búi frændþjóð sín af norrænum kynstofni. Eg tel með öllu óviðeigandi að hafna þessu boði. Og vér eigum naumast völ á færari manni til þessarar farar en Guðmundi Finnbogasyni. Hann er, eins og við allir vitum, maður mjög vel mentaður, og nýkominn frá Frakklandi, og því ekki farinn að ryðga í frakkneskri tungu. Eg ber því engan kvíðboga fyrir, að framkoma hans verði ekki eins og land og þjóð mega una við. — Þess eru víst ekki mörg dæmi, að Frakkar hafi munað, að Íslendingar væru til, og færi illa á því, að vér gæfum slíku kurteisis-boði engan gaum.

Ráðherrann (Kristján Jónsson): Eg vildi leyfa mér að benda háttv. deild á fyrirsögn þessa frumvarps. Þar stendur: „frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.“ Það er svo að skilja, að þau eiga að koma til framkvæmda á þessu ári, sem þegar er liðið að þriðjungi. Nú er í þessum lögum ætlaðar eða veittar 60 þús. kr. til loftskeyta. Eg veit ekki, hvar peningarnir eru til þessa fyrirtækis, alþingi hefir ekki bent á þá, og eg veit ekki, hvar á að taka þá. Eg hefi ekki orðið var við, að neinn undirbúningur hafi verið gjörður á þessu máli. Það hafa að eins komið tvö tilboð til þingsins að koma þessum loftskeytastöðvum á stofn, en slíkt getur ekki kallast undirbúningur, þar sem tilboðin hafa eigi verið rannsökuð til neinnar hlítar. Hvað svo sem samþykt verður í þessu efni, eða hvað svo sem Neðri deild kann að gera í málinu, býst eg ekki við, að nein framkvæmd geti orðið á því í sumar að koma loftskeytastöðvunum upp, eða eg vil enga ábyrgð taka á mig í því efni. — Eg vildi að eins skýra háttv. deild frá þessu nú, með tilliti til þess, að svo er litið á, að ákvæði fjáraukalaga, sem þessi eru, *eiga* að framkvæmast á þessu ári, — ef alt fer með feldu.

Gunnar Ólafsson: Eg ætla ekki að þreyta háttv. deild á langri ræðu að þessu sinni. Eg ætla að minnast örlítið á loftskeytin. Eg hefi áður minst á þau, og það er ekkert nýtt um þau að segja. Það er ekki hægt að búast við nýjum ástæðum í málinu. Það sem háttv. framsögum. (Stgr. J.) sagði um þetta efni var öfgakent og út í loftið.

(Stefán Stefánsson: Það átti nú líka við, þegar um þetta er að ræða. Hlátur.)

Já, það á heima þar. Hann (framsögum.) hélt því fram að nýju stöðvarnar í Vík og Hornafirði mundu kosta 40—50 þús. kr. í stað þess, að nú er gert til þeirra 20 þús. kr. Eg get vitaskuld ekki fyllilega dæmt um þetta, en það getur hinn háttv. framsögum. ekki heldur með nokkurri vissu. En það er fjarstæða að segja, að þær verði helmingi dýrari en þeir menn, sem hér hafa bezt vit á, áætla. Þetta held eg sé nokkuð loftkent hjá háttv. framsögum. Sama er að segja um fullyrðingar háttv. framsögum. um kostnað við starfrækslu loftskeyta. Eg veit ekki, hvaðan honum kemur sú þekking, að hann muni nema um 15 þús. kr. á ári, nema ef flokkur hans ætlar að launa þeim sérstaklega vel, er að loftskeytunum vinnur.

(Lárus H Bjarnason: Þekkir þingmaðurinn nokkuð þetta mál, sem hann er að tala um?)

Eg er ef til vill ekki eins lærður og háttv. 5. kgkj. þm. (L. H. B.), en eg á ekki að ganga upp til prófs hjá honum. En honum er sæmra að yfirheyra þá og kenna þeim sæmilega, sem hann á að kenna, en ekki mér.

(Lárus H. Bjarnason: Það er ekki sitjandi undir þessu.)

Aðalatriðið í þessu máli er það, að það er hætt við, að símí slitni, en það gera

loftskeytin ekki. Þetta loftskeytasamband verður og landinu í heild sinni miklu ódýrara, heldur en ef leggja ætti þráð yfir alt það svæði, sem hér er um að ræða.

Háttv. framsögum. (Stgr. J.) mintist á mótmælaskjal Vestmanneyinga. Hann virtist vilja taka mikið tillit til þess. En hér til er að svara, að hver þingmaður er eingöngu bundinn við sannfæring sína. Sannfæringin á ekki að koma til þingmanna á þann hátt, að þeir fái hana með undirskriftum utan úr einhverju landshorni. Menn ættu líka að athuga, hvernig svona löguð skjöl eru til komin. Einn eða tveir menn ganga um með þau í laumi og fara með þau eins og mannsmorð. Þess er vandlega gætt, að ekkert komist upp fyr en eftir á. Svona skjöl hafa oft komið upp áður, og hafa sáralitla þýðingu, og þingmenn eiga ekki að vera að vitna í þau né byggja mikið á þeim. Aðrir eyjabúar segja, sem satt er, að allur fjöldinn hafi enga hugmynd um, hvað hann skrifar undir, og að hægt hefði verið með sömu aðferð á sama tíma eða dálitlu á undan að ná í jafnmargar undirskriftir með loftskeytunum. Það er með öðrum orðum, að fólk hefir ekkert vit á því, sem það skrifar undir. Það má gylla flest svo fyrir því, að það verður því ákaflega fylgjandi.

Hæstv. ráðherra skaut því inn í ræðu háttv. framsögumanns, þegar hann sagði, að Vestmanneyingar hefðu mótmælt loftskeytasambandi, að eins mundi ástatt um Vestur-Skaftfellinga. Mér ber, ef til vill, ekki að þræta um þetta né andmæla því, en mér er ekki kunnugt um, að neinar raddir hafi komið fram þaðan gegn því. Eg hefi ekki heyrt um slíkt og held, að það sé ekki mikið um slíkt enn þá, hvað sem kann að verða.

Þar sem hæstv. ráðherra gat þess, að engin framkvæmd yrði á þessum lið frumvarpsins í ár, þótt hann yrði að lögum, þá kemur mér þetta dálítið undarlega fyrir og þykir það vera vitni þess, að honum og sumum háttv. þingmönnum sé ekki eins mikið áhugamál að koma eyjunum í fréttasamband við land og þeir láta, er þeir vilja ekki hlýðnast því sem þingið vill.

(**Stefán Stefánsson**: Það þarf þó peninga).

Það getur verið, að hinn hæstv. ráðherra hafi ekki athugað þetta vel enn þá, en eg trúi ekki öðru, en að hann geri sitt ítrasta til að koma þessu til framkvæmda, ef það verður samþykt, og eg þykist vita, að hann reyni að koma þessu eins fljótt til framkvæmda og auðið er og það nú þegar á þessu ári. Mér er það kunnugt, að Marconifélagið býðst til að koma loftskeytastöðvum upp, þótt það fái ekki borgunina fyrr en á næsta ári.

Atkvæði eru víst ráðin í þessu máli og báðir aðilar þykjast víst hafa nokkuð til síns máls. Það er gamall fordómur hér á þingi gegn loftskeytum frá því á þingi 1905, og þeir sem voru mótfallnir þeim þá vilja eyða þeim nú.

Framsögum. Steingr. Jónsson: Eg vil gera nokkrar athugasemdir við ræðu hv. þm. Vestur-Skaftf., þó að það sé nú ef til vill óþarft, því að hann færði engin rök fyrir máli sínu. Hann sagði, að eg hefði ekki fært fram neinar ástæður fyrir því, að þessar 3 loftskeytastöðvar fyrir austan mundu verða dýrari en 20 þús. kr. Eg færði einmitt rök að því; jafnvel smá loftskeytatæki á skipum eru dýrari en sem því svarar. Hv. þm. sagði, að okkur vantaði þekkingu til þess að geta dæmt um, hve mikið stöðvarnar mundu kosta. Alveg rétt. En hefir hann þá slíka þekkingu sjálfur? Nei, sá maður er ekki til hér, sem geti sagt um það af nokkurri þekkingu, að það sé hægt að byggja þessar 3 stöðvar fyrir 20 þús. krónur. — Aftur á móti eru góð gögn fyrir hendi, að því er starfrækslukostnaðinn snertir. Starfræksla þessara 3 stöðva hlýtur að kosta um 3,000 kr. minst. Eg mintist á mótmæli Vestmanneyinga vegna þess að einmitt

þeir, sem eiga að hafa gagn af loftskeytunum, vilja ekki hafa þau. Því að Skaftfellingar hafa ekkert gagn af þessum loftskeytastöðvum. Þeir geta ekki haft alment neitt gagn af því, þó að loftskeytastöðvar séu á þessum tveim stöðum, Vík og Hornafirði. Nei, það eru Vestmanneyingar einir, sem gætu haft nokkurt gagn af loftskeytastöð, því að þar hagar svo til, að fjöldi manna býr á einum bletti. En einmitt þeir mótmæla. — Eg get ekkert sagt um það, hvernig undirskriftirnar eru fengnar, en mér finst, að það sitji sízt á hv. þm. Vestur-Skaftf., að vera með getsakir í þá átt, að þær muni vera illa fengnar. Það er alt af hægt að slá slíku fram, og það hefði verið viðkunnanlegra að hv. þm. hefði fært einhverjar sönnur á mál sitt.

Loks skal eg minnast sérstaklega á það sem hv. þm. talaði um í lok ræðu sinnar, að við vildum ekki koma Vestmannaeyjum í símasamband. Voru það ekki við, sem börðumst fyrir því á síðasta þingi, að sími yrði lagður til Vestmannaeyja? Og var það ekki einmitt hv. þm. Vestur-Skaftf., sem drap það? Það er honum að kenna, að Vestm. eru ekki komnar í símasamband, og hans flokki, en ekki okkur.

Þessu um fordóma frá 1905 skulum við sleppa. Þessi 6 ár, sem eru liðin síðan, hafa sýnt, að það var ekki af fordómum, sem við vildum heldur fá síma en loftskeyti, því að það hefir sýnt sig, að loftskeytin, sem áttu að vera orðin nothæf þá, eru ekki orðin nothæf enn þá, 6 árum síðar.

Umr. lokið.

ATKVÆÐAGR.:

1. Brtill. þskj. 814 sþ. m. 7 atkv. gegn 4.
2. — — — — — — — — -
3. — — — — — — — — -

Brtill. þskj. 828 við 6. gr. sþ. m. 9 samhlj. atkv.

Frv. með áorðnum br. sþ. í e. hlj. og afgreitt til sameinaðs þings.

Umræða í sameinuðu þingi 6. maí.

Gunnar Ólafsson: Eg hefi leyft mér að koma fram með breytingartillögu á þingskjali 915. Svo lítur út nú, sem Vestmanneyjar eigi ekki að fá neitt hraðskeytasamband á þessu þingi.

(**Augúst Flygenring**: Hverjum er það að kenna?)

Deildirnar hafa togast á í þessu máli. Efri deild felt það sem neðri deild hefir samþykt; það er því í óefni komið og lítur svo út, sem háttvirtum heimastjórnarmönnum sé áhugamál að fella þetta mál.

(**Jón Jónsson frá Múla:** Móti betri vitund, móti betri vitund).

Loftskeytin eru að mörgu heppilegri með tilliti til kostnaðar, og þá ekki sízt viðhaldskostnaður, og eins hve miklu meira fæst fyrir þau.

Ef tillaga mín kemst að, er fengið samband milli Reykjavíkur og Vestmanneyja og þeirra landshluta, sem lengst mega bíða, ef um síma er að ræða.

Til þess að koma Vestmannaeyjum og Skaftafellssýslum í samband við landsímann þarf ekki nema 60 þúsund krónur, en verði sími lagður, þarf helmingi meira fé. Landsímastjórinn hefir áætlað, að símin milli Garðsauka og Víkur kosti 35 þúsundir króna, milli Garðsauka og Vestmanneyja 37—40 þúsundir, verða 72—75 þúsundir.

Nú er svo til ætlast af sumum, að loftskeytastöð sé sett á stofn í Reykjavík, og er búist við að hún kosti 60 þúsundir; verða þetta þá yfir 130 þúsundir. Með þennan mikla kostnað fyrir augum verð eg að álíta, að fullkomið loftskeytasamband sé miklu betra.

Það hefir einnig oft verið bent á, hvað hættulegt er, að sími milli lands og eyja slitni. Það er ein af aðalorsökunum til þess að eg hallast frekar að loftskeytasambandinu. Þó að loftskeytasamband sé lítilsháttar stirðara í vöfunum, þá er það víst samband, þar sem hitt getur verið stopult.

Þar sem þetta mál er marg-rætt, bæði nú á þessu þingi og áður, sé eg ekki ástæðu til að fara frekar út í það að sinni, meðan andmæli koma ekki. Má líka telja víst, að ræður um það hér í dag hafi ekki mikil áhrif, þar sem atkvæði munu vera nokkuð ákveðin.

Ráðherra (Kr. J.): Eg tel rétt að lýsa hér yfir því, hvernig eg lít á þetta mál, þó eg hafi tekið það fram í hvorri deild um sig.

Eigi að setja loftskeytasamband milli Reykjavíkur annarsvegar, og Vestmannaeyja og Skaftafellssýslu hinsvegar, kemur það algjörlega í bága við fyrirkomulag það sem landsímastjórinn hefir hugsað sér og gjört áætlanir um, en á þessu verður að álíta að hann hafi bezta þekkingu.

Mér er kunnugt, að landsímastjórinn er búinn að leggja niður fyrir sér, hvernig þessum héruðum skuli komið inn í símasambandið, en verði loftskeytasamband sett á stofn, eins og hér er ráðgjört, er því símalagningarkerfi þar með kollvarpað.

Þessar loftskeytatillögur styðjast ekki við þá þekkingu í hraðskeytamálinu, sem ætla má að landsímastjórnin hafi, að því er þetta land snertir. Þá verður enn að geta þess, að enginn undirbúningur hefir verið gerður í þessu loftskeytamáli. Tilboð þau sem fyrir liggja eru mjög ógreinileg, og er harla lítill stuðningur að þeim til undirbúnings, og maður sá sem er hér fyrir hönd Marconifélagsins hefir enga heimild til að gera samninga fyrir hönd félagsins, svo mér sé kunnugt. Eg tel því málið algjörlega óundirbúið og þó að það yrði samþykt hér, að koma þessu loftskeytasambandi á, þá tel eg mjög mikinn vafa á, að nokkuð verði hægt að gera í því efni á þessu ári.

Ennfremur er mér eigi vel ljóst, hvar fé á að taka til þessa verks; þingið hefir ekki bent á það enn, og þær 60—70 þúsundir króna, sem það mun kosta, eru ekki handbærar nú.

Enn er þess að geta, að Vestmannaeyjar, sú sýslan, sem mest gagn á að hafa af þessu sambandi, hefir látið það nær einróma í ljósi, að þær vilji ekkert samband, ef símasamband fæst ekki. Telja sér hitt með öllu ónógt; og hafa mótmælt loftskeytasambandi. Ennfremur vil eg taka það fram, að öll Vestur-Skaftafellssýsla, austur á Síðu, er þessu loftskeytasambandi algjörlega mótfallin.

Þegar málinu víkur svo við og mér hinsvegar er kunnugt, að svo eru skiftar skoðanir hér á þinginu um málið, að á einu atkvæði mun velta um forlög þess, væri það vissulega réttast að skjóta því á frest 1—2 ár að gjöra ráðstafanir til framkvæmda á því. Málið á enn að bíða nokkuð.

Bjarni Jónsson: Það kann vel að vera, að breyting þessi raski því símakerfi, sem símastjórnin hefir gert, en það gerir ekki til, þó að það kerfi raskist, ef annað betra kemur í staðinn. Mín sannfæring er, að þetta sé betra og ódýrara. Þetta samband fæst fyrir 75 þúsundir, þar sem hið annað samband fæst ekki fyrir minna en 160 þúsundir, og þá eftir að leggja línu fyrir marga tugi þúsunda austur með ströndinni. Þennan kostnað, hefi eg áður sagt í tölum í hv. neðri deild og vil ekki tefja tíma þingsins með því að rekja það aftur. Félag það sem sendi mann hingað er mikið félag og maðurinn er mér nákunnugur, þar sem eg varð honum samferða hingað til landsins, og hefir hann sagt mér ítarlega, hvað þetta kostaði.

Símastjórinn er ekki fróðari öðrum mönnum um loftskeyti. Menn, sem standa honum jafnfætis að þekkingu í eðlisfræði og rafmagnsfræði, geta sett sig inn í það engu síður en hann. Ráðherra gat þess, að fé væri ekki fyrir hendi á þessu ári; það er ekki heldur nein þörf á því, þar sem félagið hefir boðist til að setja stöðvarnar í ár, án þess að þær væru borgaðar fyr en að ári.

(**Ráðherra**: Eigum við að skulda útlendu félagi?)

Stjórnin gerði að sjálfsögðu samninga við félagið og getur staðið í þeim, að ekki sé borgað fyr en stöðvarnar eru komnar upp og reyndar um tíma og félagið hefir bundið enda á loforð sitt að kenna mönnum hér loftskeytastarf. Hér er því ekki um það að ræða að við skuldum félaginu, þó því verði ekki greitt fyr en að ári.

Eg vil ekki gera lítið úr vilja Vestmanneyinga í þessu efni, en heldur en að þeir fái ekkert samband, hvorki í lofti eða legi, sem annars er fyrirsjáanlegt, vil eg að þeir hafi þetta samband.

Ef sambandið verður ekki sett, má búast við að þeir komi sjálfir upp símasambandi, sem landið verður svo að kaupa af þeim dýru verði.

Við höfum dæmin fyrir okkur nú, þar sem hlutafélag hér í bænum er að selja símkerfi bæjarins með töluverðum ágóða.

Að hér sé brotið í bág við vilja almennings get ég ekki sætt mig við. Almenningur býr víðar en í Vestmannaeyjum. Í Skaftafellssýslu vilja menn allshugarfegnir taka við loftskeytastöðvum og fá þannig hraðskeytasamband fyr en ella. Því að þeir treysta því ekki, og geta ekki treyst því, að þangað verði lagður sími.

Þá ætla ég að minnast á breytingartillögu, sem ég ber fram, að orðinu „Marconi“ verði bætt inn í tillöguna. Það er vegna þess, að Marconifélagið hefir undirbúið þetta mál og býðst til þess að setja stöðvarnar á stofn nú þegar á næsta sumri, þótt samningar fari svo, að félagið fái ekki borgunina fyr enn stöðvarnar hafa staðið sinn tíma og félagið hefir kent mönnum starfræksluna. Í þriðja lagi er þess að gæta, að annaðhvort verðum við að taka Marconi- kerfi eða eitthvert annað gneistakerfi, því að loftskeytastöðvar skipa eru flestar eða allar svo, að þær taka ekki við skeytum frá ljósbogakerfinu. Fjórða ástæðan er sú, að nú hefir hér í deildinni verið samþykt að setja á stofn loftskeytastöð, er næði til Vesturheims. En þar á Marconifélagið stöðvar á Hellulandi, í Glacebay, (þ. e. Ísvík) og víðar, og óðar en við höfum sett á stofn stöð í Reykjavík, erum við komnir í samband við Vesturheim, því að þessar stöðvar eru nægilega sterkar til að ná hingað. Auk þess eru Marconi-stöðvar á Englandi, sem vér gætum vel haft samband við. Þetta eru aðalástæðurnar fyrir því, að við verðum að nota Marconikerfið. Vér getum ekki tekið neitt óreynt kerfi hér, því að vér þurfum að komast í samband við umheiminn undir eins með þeim stöðvum, sem vér reisum. Eg vona því, að hv. þ. samþykki þessa breytingartill. mína.

Ennfremur ætla eg að minnast á aðra breytingartill., sem hér er til umræðu á þingskjali 947, um að forseta sameinaðs alþ. verði veittar 1200 kr. styrkur til þess að sækja 1000 ára þjóðhátíð Normandís. Eg hefi hér fyrir framan mig bréf, sem hv. forseta hefir verið skrifað um þetta. Öllum er kunn frændsemi vor við þessa þjóð, og þarf eg ekkert að fara út í þá sálma. Nú hefir forseta alþingis verið boðið að taka þátt í hátíðahaldi í Parísarborg þ. 10.—11. júnímán. á þessu sumri. Bréfinu fylgir skrá yfir, hvað gera skuli. Og í niðurlagi bréfsins er forseti alþingis beðinn að gera bjóðendum þann heiður, að vera við hátíðahaldið. „Sæti mun geymt yður til handa við þá ýmsu liði hátíðarinnar,“ segir í bréfinu, og að síðustu kveðja. Bréfið er stílað til forseta sam. alþ. og um leið til allra alþingismanna í því trausti, að þeir muni biðja forseta sinn um að fara, og verða við hátíðina fyrir hönd alþ. og landsins. Eg sé ekki, að alþingi geti sóma síns vegna látið hjá líða að veita fé til farinnar og sýna þar með frændrækni þjóðarinnar og það, að hún setji ekki fyrir sig smávægileg útgjöld í þessu skyni.

Steingr. Jónsson: Af því að eg hafði

framsögu nefndarinnar um aukafjárlögin efri deild, þykir mér skylt að fara nokkrum orðum um breytingartillögur þær, sem hér hafa komið fram, og skal eg þá fyrst minnast á breytingartillögurnar á þingskjali 915. Það er að vísu svo, að þetta loftskeytamál er orðið þaulrætt og ekki miklu við að bæta. En það á vel við að gera sameinuðu þingi nokkra grein fyrir ástæðum þeim, sem vöktu fyrir okkur í E. d., þegar málinu var ráðið til lykta eins og þar var gert.

Eg skal fyrst tala um fyrri lið till. á 915 um loftskeytasamband milli Reykjav. og Vestmannaeyja. Fyrst er vert að gæta að því, hvað þetta kostar í samanburði við síma. Loftskeyti kosta 40 þús. en símasamband, eftir áætlun landssímastjórans, kostar 37 þús. kr. En af þeim 37 þús. kr. er ekki ástæða til að gera ráð fyrir að landsjóður leggi til nema 30 þús. Þetta tek eg fram af því, að því hefir verið mótmælt af einum hv. þm. E. d. Eg held, að það séu miklar líkur til þess, að Vestmannaeyingar taki sjálfir þátt í kostnaðinum á móti landssjóði. Á þingi 1909 lá fyrir tilboð frá þeim um að þeir legði til 8 þús. kr. og þar sem þeir enn í vetur hafa sótt það fast að fá símasamband, er óhætt að gera ráð fyrir, að þeir vilji nokkuð til vinna. Enda er jafnvel sagt, að þeir vilji leggja símann á eigin kostnað.

Þetta eru að vísu munnlegar sagnir, en engin ástæða til að rengja þær. Kostnaður við það að leggja síma er því ómótmælanlega 10 þús. kr. minni en við það að reisa loftskeytastöðvar. En þetta er ekki aðalatriði málsins. Það sem mestu varðar er hitt, hvað gagnið er mikið og hversu hár reksturskostnaður verður. Maður getur gert sér ljósa grein fyrir gagninu af síma, því að menn vita, hvað mikinn arð símar gefa á líkum stöðum, t. d. Patreksfirði og víðar, þar sem þilskip ná til síma. Þar er niðurstaðan alstaðar, að símarnir gefa mikinn arð. Landsímastjórinn, sem er þessu kunnugastur, fullyrðir, að Vestmannaeyjasíminn mundi gefa af sér 10% – 12% arð af stofnfé því sem landssjóður leggur til, ef Vestmanneyingar sjálfir leggja til 7 þús. Þessu verður ekki mótmælt með rökum, því að öll gögn sanna, að arðurinn verður að minsta kosti svona mikill.

Samanburður við aðrar símalínur, t. d. Patreksfj.síma, Húsavíkursíma, o. fl., bendir í þá átt að arðurinn sé jafnvel helzt til oflágt áætlaður, því að það er ekki tekið neitt tillit til þess, að skipa aðsókn til Vestmannaeyja mundi að líkindum aukast, þegar síminn væri lagður. — Þá er að líta á ársarðinn af loftskeytunum. Eg hefi að vísu engin gögn fyrir því, hvað tekjurnar mundu verða miklar, nema álit landssímastjóra. Hann er sá eini, sem hefir reynt að gera sér í hugarlund, hvað loftskeyti mundu gefa af sér. Hann hyggur, að tekjur verði í hæsta lagi 2500 kr. á ári. Náttúrlega er engin vissa fyrir þessu, en enginn hefir getað bent á hærri tölu, t. d. hefir umboðsmaður Marconifél. ekki treyst sér til að gera neina áætlun um það. Aftur á móti er reksturskostnaður við loftskeytastöðvarnar áætlaðar 6000 kr. Símastjóri hélt að draga mætti nokkuð úr kostnaðinum í Reykjavík, ef stöðin væri í sambandi við landsímastöðvarnar. En allar líkur eru til að reksturskostnaður sé helzt til lágt áætlaður. Í því sambandi má benda á það, að reksturskostnaður við loftskeytastöðina í Röst í Noregi varð 1909 3900 krónur fyrir utan húsaleigu og boðborð, sem sveitafélagið þar lagði til. Minni en 5500 til 6000 kr. getur reksturskostnaðurinn fráleitt orðið og þá vantar að minsta kosti um 3000 kr. til þess að tekjurnar hrökkvi fyrir reksturskostnaði. Þetta er því auðsætt mál. Annað gefur 3000 kr. vexti af stofnfénu, hitt gefur enga vexti og vantar 3000 kr. fyrir reksturskostnaði. Svona hlýtur það að verða, meðan siglingar ekki breytast algjörlega, svo að hver skúta hefir loftskeytaáhöld. En það er svo fjarri því að

svo sé enn, því eg hefi ekki heyrt, að nokkurt skip við Íslandsstrendur hafi loftskeytaáhöld, nema ef til vill fáeinir þýzkir botnvörpungar auðvitað að undanskildum skemtiskipunum. Eg hygg, að það þurfi ekki meira að segja um þetta mál. Eg hygg, að það sé orðið ljóst, hvað vakir fyrir okkur, sem feldum þessa tillögu í E. d. En svo er viðbótin, 20 þús. kr. fjárveitingin til loftskeytastöðva undir Eyjafjöllum í Vík í Mýrdal og í Hornafirði. Mér er ekki ljóst, hvaða ástæður eru færðar fyrir þessari fjárveitingu. En eitt vita allir, að það liggur ekki fyrir neitt tilboð um byggingu þessara stöðva. Um stöðvarnar hér og í Vestmannaeyjum eru aftur á móti ítarleg tilboð, og er gengið út frá einu þeirra. En um um hinar 3 stöðvarnar er ekki eitt einasta tilboð, og ekkert, sem bendir í þá átt, að hægt sé að byggja þær fyrir svona litla upphæð. Ég álít þessa fjárveitingu algerlega út í bláinn. Eg gæti trúað því að byggja mæti stöð á Seljalandi, sem gæti náð sambandi við Vestmannaeyjar, fyrir 9—10 þús. kr. En mér er óskiljanlegt, að stöðvarnar í Vík og Hornafirði gætu orðið billegri hvor um sig en Vestmannaeyjastöðin. Sé þetta rétt, þá kostuðu þessar 3 stöðvar 50 þús. kr. Þessi áætlun er ef til vill ekki alveg rétt, en hún er áreiðanlega nær því sanna en 20 þús kr., eins og hér er gert ráð fyrir.

En þetta er ekki það athugaverðasta. Hitt er athugaverðara, að reksturskostnaður við þessar stöðvar hlýtur að verða hinn sami og við stöðina í Vestmannaeyjum. Þessar stöðvar hafa sárlitið að gera, en reksturskostnaðurinn er jafn. Það þarf sérfróðan mann við hverja stöð, og meira þarf heldur ekki í Vestmannaeyjum. Og ef stöðvarnar eru viðlika stórar, eins og ég geri ráð fyrir að verði að vera, þá er einnig reksturskostnaðurinn sá sami, mótorar jafn-sterkir o. s. frv., með öðrum orðum, það má gera ráð fyrir 9 þús. kr. árlegum reksturskostnaðarauka, ef þessar 3 stöðvar verða bygðar. Stofnkostnaður loftskeytastöðvanna í heild sinni yrði þá 90 þús. kr. og reksturskostnaðurinn allur 15 þús. kr. á ári. Þetta hygg ég næst því sanna.

En hvað er þá í aðra hönd? Það hefir verið bent á 2500 kr. tekjur af Vestmannaeyjasambandinu, í hæsta lagi. En tekjur af stöðvunum austur frá hlytu að verða afarlitlar, fyrst og fremst af því, að þar er minna brúk fyrir skeytasamband, og í öðru lagi af því að sambandið er óhentugt. Það hefir verið sagt að Vestur-Skaftfellingar séu ekki afar-hrifnir af því að eiga þetta samband í vændum og vilja heldur bíða eftir síma. En þá er talað um Austur-Skaftfellinga, að þeir mundu allshugar fegnir vilja loftskeyti. Það kann að vera um Hornfirðinga sjálfa, en það eru varla aðrir, því að eins og allir vita hafa loftskeyti þann galla, að þau geta svo óvíða komið við, þar sem aftur á móti má setja símastöðvar svo að segja á hverjum bæ, þar sem síminn liggur um héruðin. Þess vegna getur gagnið aldrei orðið eins almennt af loftskeytatækjum. — Það má gera ráð fyrir, að tekjur af þessum 3 stöðvum verði um 500 kr. með tekjunum af Vestmannaeyjasambandinu; yrðu þá allar tekjurnar 3000 kr. En reksturskostnaðurinn verður 15000 kr. Hvað er svo fengið með þessu góða loftskeytasambandi samanborið við síma?

Það hefir verið bent á það, að einn af ókostunum við loftskeytasamband væri það, að með því væri raskað því kerfi, sem áður er lagt með þeim tilgangi að hafa talstöðvar sem víðast að hægt er. Og þetta kerfi er á þá leið, að sambandið sé óslitið frá Vík og vestur og norður um land hringinn í kring til Hornafjarðar. Á þennan hátt verða allar sýslur landsins í símasambandi, og allar í talsímasambandi. Þeir sem halda fram loftskeytum segja nú, að þetta mundi verða óhæfilega dýrt. En það er ekki eins dýrt og búast mætti við

í fljótu bragði. Sími til Vestmannaeyja kostar 37000 kr. Sími frá Garðsauka til Víkur 33000 kr. En af þessari upphæð sparast aftur nokkuð við það, að símarnir verða samferða nokkuð af leiðinni, líklega 3—4 þús. kr., eftir því hvort þeir verða samferða í Eystri-Landeyjar eða að Seljalandi. Þessi kostnaður verður þá 37+30 þús. eða kringum 67 þús. kr. Nú geri eg ráð fyrir að það verði óhjákvæmilegt, hvort sem loftskeytatæki verða sett á stofn eða ekki, að framlengja símann frá Fáskrúðsfirði til Djúpavogs. Hvað verður þá dýrt að leggja símann þaðan og til Hornafjarðar? Landsímastjóri áætlar þann kostnað 40 þús. kr. Þá er allur kostnaðurinn 40+67 þús. eða 107 þúsund krónur. Af þessu má gera ráð fyrir að sýslusjóðir leggi til:

Vestmannaeyjar	7000 kr.
Skaftafellssýsla	6000 kr.
Suður-Múlasýslu	4—6000 kr.

Þá eru eftir kringum 90 þús. kr., sem landssjóður leggur til. Þetta er alt og sumt. Af þessum símalínum má gera ráð fyrir að Vestm.eyjasíminn gefi 3000 til 3500 kr. arð, ef til vill meira. Og það eru líkur til að hinar línurnar geri talsvert meira en borga reksturskostnaðinn, því sambandið við Vík mundi að líkindum gefa af sér nokkuð upp í vöxtu af stofnkostnaði, og Hornafjarðarsíminn gerði áreiðanlega betur en borga reksturskostnað. Ef maður nú gerir ráð fyrir, að þessar línur gefi af sér 1000 kr. fram yfir reksturskostnað, þá yrðu tekjurnar af öllum þessum símum til samans 4000 kr. til 4500 kr. fram yfir reksturskostnað. Með öðrumorðum, allar þessar símalínur til samans gæfu góða vöxtu af stofnkostnaðinum, sem eg áætlaði um 107 þús. kr., þar af 90 þús. úr landssjóði. Það liggur því í augum uppi, að þetta er sjálfsagt að gera, það svarar vel kostnaði, gefur góða vöxtu af fénu, sem í það er lagt, og hlýtur auk þess að verða til mikillar blessunar fyrir héruðin, sem þessar símalínur eiga að liggja um.

Af þessum ástæðum blandaðist okkur í efri deild ekki hugur um að velja heldur þessa leið. Það vakti fyrir okkur, að þetta ætti að gera sem fyrst og um fram alt ekki eyða kröftunum til loftskeytasambands á meðan þetta er ókomið í framkvæmd.

En þá segja sumir, að landið ætti þó að koma sér upp einhverri loftskeytastöð. Og það álít eg vera rétt, en af alt öðrum ástæðum, nfl. til þess að koma á sambandi við önnur lönd sem þrautasambandi, ef sæsíminn til útlanda kynni að bila. Og hins vegar til þess að geta bent útlendingum á, að hér sé loftskeytastöð til, sem þeir geti komist í samband við, ef þeir vilja koma upp loftskeytatækjum á skipum sínum. En slík stöð ætti hvergi annarstaðar að vera en í Reykjavík og yrði að vera svo sterk, að hún næði til annara landa. Ef fé væri fyrir hendi, gæti eg verið með slíkri stöð, þrátt fyrir það, að eg býst ekki við að hún geti borgað einu sinni reksturskostnaðinn fyrst um sinn.

Þetta er í raun og veru stefna meiri hl. þingmanna, sem sést á því, að í Nd. var við meðferð símalaganna samþykt að leggja loftskeytastöð, sem náð gæti sambandi við Ameríku. En sá er gallinn á þessari Ameríkustöð, að enginn lifandi maður hefir nokkra hugmynd um kostnaðinn, og auk þess finst mér sú leiðin vera óþarfa krókaleið. Því ekki eins að setja sig í samband við Noreg. Nú er verið að byggja stöð rétt við Bergen, og við þá stöð, er við á þann hátt kæmumst í samband við, mundi kostnaðurinn líklega ekki verða meiri en 60,000 krónur. Einnig má geta þess að nú um þessar mundir er talað um að setja upp stöð á Grænlandi, og mér er yfir höfuð að tala harla óskiljanlegt, hvernig menn hafa farið að framfylgja þessu máli á þinginu með eins

miklu kappi og gert hefir verið. Þá vildi eg minnast á aðra till., sem fram hefir komið, sem sé þá till., að taka upp aftur fjárveitingu til kvennaskólans á Blönduósi. Það hefir áður í nefndaráliti við bæði fjáraukalög og fjárlög verið sýnt fram á með ljósum rökum, að ekki sé rétt að veita skóla þessum jafn-háan styrk og farið hefir verið fram á, þar sem hann óneitanlega er sýsluskóli, en alls ekki landsskóli. Þessvegna verð eg að mæla með því að styrkurinn verði feldur niður. Þá er till. á þingskj. 947 um ferðastyrk til forseta sameinaðs þings til Rúðuborgar og sömuleiðis til magisters Guðm. Finnbogasonar. Eg álít að fyrri liður tillögunnar geti alls ekki komið hér til umr., þar sem hann aldrei hefir legið fyrir hv. Efri deild.

Forseti (Sk. Th.): Út af orðum hv. 4. kgkj verð eg að geta þess, að tillagan er löglega fram komin.

Till. um Guðm. magister Finnbogason hefir ekki verið rædd í hv. Neðri deild, og það er auðsætt, að ekki getur gengið að sú deildin, sem síðast hefir málið, geti smeygt inn á laun hverju sem henni þóknast.

En samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar er þetta sem nýtt atriði sett inn.

Og með skírskotun til 30. gr. þingskapanna úrskurða eg þessa br.till. löglega fram komna.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg stóð ekki upp til þess að tala um þetta mál, sem mestar hafa orðið umræður um hér í þinginu.

Eg minnist þess, er eg var eitt sinn á ferð fyrir 20 árum, ásamt vini mínum með konum okkar; og kom okkur þá saman um, að það væri hreint og beint skilnaðarsök, ef konan gæfi manni sínum þrisvar í viku blautfisk til miðdegisverðar.

En hvað mundu menn þá segja um það, ef menn fengju 7 daga í viku blautfisk. En nú eru þessi fjáraukalög búin að vera til umræðu níu eða tíu sinnum á þessu þingi.

En eg bað um orðið aðallega til þess að minnast á eina tillögu, sem hér liggur fyrir. Eg er einn í þeirra tölu, sem álít hana greinilegt þingskapabrot. Það er ekki unt að koma till. að samkv. 30 gr. En eg sé veg til þess að koma henni að, og þá beinlínis samkv. 52 gr. þingskapanna, ef ráðherra leyfir.

Björn Kristjánsson: Háttv. 2. þm. Sunnmýlinga kvaðst ekki hafa staðið upp til þess að ræða um þetta margþvælda loftskeytamál, og eg verð að vera honum alveg sammála um það, þótt málið verði rætt nú aftur á bak og áfram, þá muni ekkert nýtt koma fram í því. Það er nú komið í 30. þynningu, að því er það snertir hve oft hefir verið um það rætt.

Þá vil eg leyfa mér að víkja nokkrum orðum að ræðu hæstv. ráðherra; hann sagði, að öll skilyrði mundi bresta til þess að framfylgja þessu ákvæði nú á þessu fjárhagstímabili. En hvað skyldi vera í veginum. Nú fer hæstv. ráðh. mjög bráðlega til Danmerkur, og hygg eg honum mundi þá innan handar að undirbúa framkvæmd málsins eins og þörf krefur; og það er þá á hans áhyrgð, og honum að kenna, ef málið kemst ekki í framkvæmd, ef fé er veitt. Nú er þegar búið að búa svo í haginn fyrir stjórnina, að hún getur fengið lán til þess að koma verkinu í framkvæmd, ef henni þóknast, og hún er meira að segja beint skyldug til þess. Hann lagði, hæstv. ráðh., mikið upp úr því, að Vestmanneyingar vildu heldur vera sambandslausir en hafa loftskeytasamband. En eins og eg tók áður fram, við fyrri umræður, þá er ekki mikið leggjandi upp úr upp-„agiteruðum“ undirskriftum, og eg er alveg viss um það, að hefði nokkur viljað gefa sig til þess, þá hefði áreiðanlega mátt ná í eins marga eyjarbúa með loftskeytunum eins og á móti. Undirskriftunum þaðan er því ekki mark á tak-

andi, þær stafa eingöngu af því, að þeim hefir ekki verið málið rétt flutt — leynt því sanna og rétta.

Hefðu þeir t. d. fengið að vita um stöðvarnar í Skaftafellssýslunum, mundu áreiðanlega eins margir hafa fengist með og móti. Á því leikur enginn vafi.

Það er ekki ætlast til þess, að loftskeytastöðvarnar verði opnar allan daginn. Það ætti að vera hægt að komast af með ódýrt fólk. Það þarf engan speking til að stýra loftskeytastöðvum. Erlendis eru uppgjafa skipstjórar oft fengnir til þess. Þeir eru mjög fljótir að læra það sem læra þarf til þess að geta veitt slíkum stöðvum forstöðu. Starfið er svo létt, að gamalmenni geta leyst það af hendi. Það er öðru máli að gegna um svona stöðvar heldur en þær stöðvar, þar sem reksturinn fer fram dag og nótt.

Þá er nú þessi dæmalausa röskun á símakerfinu, sem alt af er verið að tala um. En hvaða röskun er þetta? Hún er er sú, að skeytin eru sumpart send í síma, sumpart í loftinu. Skeytin ættu að geta komist á leið eins fyrir því, þótt þetta loftskeytasamband komist á. Röskunin er ekki önnur en sú, að símastjórnin fær minna að kaupa af áhöldum.

Þá gerði háttv. 4. kgk. þm. (Stgr. J.) áætlun um, hve ódýrt væri að koma á símasambandi milli Austfjarða og Hornafjarðar. Eg skal ekki þrátta mikið um þetta við hinn háttv. þm. En eg hygg að þetta samband, sem hér er farið fram á, verði ódýrara. Arðurinn af símalínu verður lítill í samanburði við kostnaðinn.

Þá tók hinn háttv. þm. það aftur fram, að tekjur af síma yrðu 3500 kr., af loftskeytum 2500 kr. Það er óþarfi að vera að þræta um þetta. Hvorki hann né eg getum veitt sagt um það með vissu. Hann sagði og í lok ræðu sinnar, að glöggar og greinilegar ástæður hefðu verið færðar fyrir því, að símasamband væri betra en loftskeytasamband. Það hafa að minsta kosti ekki verið færðar svo glöggar og greinilegar ástæður fyrir því, að það geti, að minsta kosti ekki verið vafamál, hvort betra sé. Eitt þykir mér líka undarlegt hjá hinum háttv. þingm. Hann vill hafa loftskeytastöð í Reykjavík, sem hafi samband við skip og jafnvel önnur lönd. Eitthvað á hún víst að kosta. En því má þá ekki nota hana til að koma á sambandi milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja? Því þarf það endilega að vera sérstök stöð, sem hann vill hafa í Reykjavík? Hann talaði um, að þessi stöð ætti að vera í sambandi við Noreg, Grænland og Irland. Því undarlegra er það, að hann skuli vera því mótfallinn, að hún sé í sambandi við Vestmannaeyjar.

Að síðustu skal eg aftur minna á það, að einn hinn helzti af kaupmönnum í Vestmannaeyjum hefir lýst því yfir, að hann sjái ekkert í móti loftskeytasambandi og að það komi sér að sama haldi sem símasamband.

Jón Þorkelsson: Eg á hér litla breytingartillögu, sem menn hafa séð og mun eg lítillega minnast á hana. En ekki skal fara langt út í deiluna um loftskeytin. Það fer fyrir mér sem mörgum öðrum, að eg hefi ekki svo góða þekking á því máli, sem skyldi.

Hæstv. ráðherra flutti þá fregn, að öll Vestur-Skaftafellssýsla austur að Síðu riði sem einn maður gegn þessu frumvarpi.

(Ráðherra: Eg tók ekki svo djúpt í árinni).

Jæja, það getur verið, en hann hafi að eins sagt, að almenningur þar væri máli þessu mótfallinn. Eg get vel trúað því, að hann segi þetta satt, eftir því sem málinu horfir nú við. Eins og frumvarpið er nú, er ekki ætlast til þess, að nein stöð verði á Síðunni, heldur eiga þær að vera í Vík og Hornafirði. Eg skil það því vel, að Síðumönnum þyki sér ekki mikið gagn að því sambandi, sem frumvarpið ætlast til. En ef stöð hefði verið á Síð-

unni, býst eg við, að annað hljóð hefði orðið í bjöllunni. Það hefir mikið verið talað um, hvað það kostaði að koma Hornafirði í símasamband við Austfjörðu. Eg skal ekki fara langt út í þá sálma, eg hefi ekki vit á málinu, öðruvísi en svo, að eg er nokkuð kunnugur í Skaftafellssýslum og mér getur ekki blandast hugur um það, að það eina samband, sem þeim verður komið í, er loftskeytasamband. Það má að vísu án efa leggja símalínu yfir Mýrdals-, Skeiðarár- og Breiðamerkursand. En hvað lengi mundi sú lína standa? A sumum af þessum söndum, svo sem Skeiðarársandi, má búast við, að öll mannvirki sópist burt 4. eða 5. hvert ár. Annaðhvort verður því þar að leggja símann í sjó eða hafa loftskeyti — og þá hygg eg það vafalaust, að loftskeytin séu tiltækilegri.

Háttv. 4. kgk.þm. — eg held, að eg nefni rétt á honum númerið — gat þess, að landssímastjórinn, sem hann hefir alt sitt vit úr, hefði áætlað, að tekjur af Vestmannaeyjasímanum mundu „áreiðanlega“ nema 3—4 þús. kr. tekjum á ári. Eg skal ekki rengja þetta, því að eg kann ekki að greina þetta svo grandgæfilega sem skyldi. En hins vil eg þó geta, að eg hefi séð það, að áætlanir símastjórans eru *ekki allar* þannig vaxnar, að eg telji þær öruggar. 1909 áleit hann, að símasamband milli Vestmannaeyja og Eystri-Garðsauka myndi kosta 42 þús. og 500 kr. Þar af áttu Vestmanneyingar að leggja til 8 þús. kr.. Nú í ár á þessi sama símasambandslína ekki að kosta nema um 37000 kr. Sambandið er nú í ár 5200 kr. ódýrara en í hitt eð fyrra. Þetta þarf nú í sjálfu sér ekki að vera mjög undarlegt, því að vera má, að ýms efni til símans hafi lækkað í verði. En 1909 segir hann, að það geti ekki komið til mála að leggja sæsímann annarstaðar en þar sem styzt sé milli eyja og lands. Nú liggur fyrir önnur áætlun frá símastjóranum, sem hann hefir gert í haust. Það er ekki ólærdómsríkt að bera þessar tvær áætlanir saman. Báðar áætlanir er um, hvað kosti landsími frá Eystri-Garðsauka til sjóar, þangað sem minst sé fjarlægðin. 1909 áætlar hann 700 staura, 1911 500 staura; 1909 1000 ísolatora og króka, sem kosta 55 au., 1911 1200 ísolatora, sem kosta 0,50 hver; 1909 8 tons járnþráð (16000 pd.) á 2400 kr., 1911 ekki nema $6^1/_2$ járnþráðartons, (13000 pund) á 1625 kr.; 1909 þarf einn verkstjóra í 90 daga og eru honum ætlaðar 6 kr. á dag eða alls 540 kr.; en 1911 þarf einn verkstjóra í 60 daga, sem fær 8 kr. um daginn, alls 480 kr.; 1909 gerir hann ráð fyrir 15 starfsmönnum í 80 daga, það eru alls 4200 kr. í kaup; 1911 er gert ráð fyrir 15 starfsmönnum í 50 daga með alls 2625 kr. í kaup; 1909 er ferðakostnaður 460 kr., 1911 er hann 150 kr.! 1909 kosta tjöld og áhöld 400 kr. en 1911 200 kr. Það kann vel að vera, að þetta sé ekki óeðlilegt, því að 1909 getur verið, að landið hafi ekki verið búið að tilleggja sér svo mikið af áhöldum sem 1911. Hitt geta eg líka skilið, að það kunni að vera nokkur verðmunur á ýmsu, er til símans þarf, og að það ráði því, að áætlunin er önnur 1909 en 1911. En nú kemur það allra-merkilegasta að mínu áliti, og það fæ eg ekki með nokkru móti skilið. 1909 var „kabel“-lengdin 13 þúsund metrar, en 1911 er hún orðin 12 þúsund metrar; styzta vegalengd milli lands og eyja hefir styzt um 1000 metra á tveim árum. Komi nú þessu hver saman, sem það getur. Eg get það ekki. Þessi áætlun landssímastjórans er gerð, að sögn símastjórans sjálfs, þegar það tók að kvisast, að stjórnin hefði í ráði að bera fram tillögur um að koma á loftskeytasambandi milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. Þegar loftskeytatilboðið kemur fram, minkar því kostnaður við símasamband um 5200 kr. Eg ætla nú ekki að draga neinar ályktanir af þessu. Það geta þeir gert, sem það vilja. En kunnugt er það, að síma-

stjórinn annast *sjálfur* öll innkaup til símans, en ekki stjórnarráðið. Hann hefir meðal annars, svo menn vita, haft samband við „Eletrisk Bureau“ í Storthingsgaden í Kristjaníu. Eg ætla, svo sem eg hefi sagt, ekki að draga neinar ákærandi ályktanir út af þessu á hendur símastjóranum. En eg vildi, að þessi orð yrðu stjórninni til eftirþanka, og jafnframt skjóta því til hennar að hafa sem nákvæmast eftirlit með innkaupum í heild sinni til allra bygginga og mannvirkja, sem landið kostar. Það má virðast skylt og með því verður og bezt komið í veg fyrir tortrygni í garð einstakra manna.

Þá sný eg mér að breytingartillögu minni. Eins og háttv. þingmenn vita, fer hún fram á það að veita forseta sameinaðs þings 1200 kr. til þess að fara til Frakklands og vera þar við 1000 ára hátíð Normandís. Það hefir komið boð frá forstöðunefnd þessarar hátíðar, sem eg skal leyfa mér að lesa upp í íslenzkri þýðingu

(**Júlíus Havsteen**: Megum við ekki heyra það á frönsku?)

Eg hugsa h. háttv. þingmaður skilji frakkneskuna ekki betur en íslenzkuna. Að öðru leyti ætla eg mér ekki að fara að standa neitt „examen“ fyrir háttv. kgk. þm. nr. 1. Bréfið er svo í íslenzkri þýðingu:

„Vér biðjum yður, herra forseti, að gera hátíðanefnd okkar þá æru að vera í París þá tvo daga, sem verða kóróna 1000 ára hátíðar Normandís. Yður verða ætluð sæti við hin ýmsu hátíðahöld“.

Eins og menn vita, hefir efri deild að nokkru leyti viljað að slíku boði væri sint, þar hefir verið samþyktur ferðastyrkur til eins einstaks manns til Frakklandsferðar. Hann var settur þar inn við síðustu umræðu málsins, og sá liður hefir aldrei komið til umræðu í neðri deild. Nú þykir mönnum fara illa á því, þegar búið er að veita einstökum manni styrk, að þá sé neitað um styrk til fararinnar handa einum manni af þingsins hendi. Háttv. þm. Dal. (B. J.) er að öðru leyti búinn að taka það fram, sem hér um þarf að segja, því að það þarf ekki að skýra það fyrir háttv. þingi, hvernig hér stendur á. Sumir landnámsmenn voru náfrændur Göngu-Hrólfs, sem tók lén og ríki í Normandí fyrir 1000 árum. Bróðir hans var Hrollaugur, sem nam Hornafjörð, og frá honum er komið mikið kyn og merkilegt. Af honum var kominn Ari fróði, Gissur jarl, Oddaverjar og Sturlungar. Frá Göngu-Hrólfi sjálfum eru og komnar miklar ættir hér á landi, og fjöldi manna þeirra, er nú eru lifs vor á meðal, eru niðjar hans, flestir í 30.—33. lið, svo sem eg tók fram við umræðu þessa máls í neðri deildinni.

Hálfdán Guðjónsson: Eg hafði ekki ætlað að taka til máls, þó að ég sé meðflutningsmaður að einni breytingartillögu, sem hér liggur fyrir á þskj. 929, um byggingarstyrk til kvennaskólans á Blönduósi. Astæðan til þess, að eg bjóst ekki við að taka til máls í þetta sinn, var sú, að þessi fjárveiting hefir verið svo rækilega rökstudd áður. En ummæli hv. 4. kk. þms. neyða mig til að segja fáein orð. Sá kafli af ræðu hans, sem snerist um þessa fjárveitingu, var stuttur, en því einkennilegra var það, hve miklu ranghermi hann gat komið fyrir í þessum ræðukafla. Hann sagði, að þessi skóli hefði aldrei verið annað en sýsluskóli fyrir Húnavatnssýslu. Þetta er furðudjarft ranghermi, þar sem það er margsannað, að skólann hafa sótt stúlkur úr öllum sýslum landsins. Hitt er satt, að skólinn hefir ávalt verið sýsluskóli Húnavatnssýslu í þeim skilningi, að Húnavatnssýslan er eina sýslan, sem hefir styrkt hann og haldið honum uppi allmörg árin hin síðustu. En það var ekki þetta, sem lá í orðum hv. 4. kk. þingmanns Eg skil ekki að hv. þm. vilji láta sýsluna gjalda þess, að hún ein hefir styrkt þennan skóla, enda þótt hann hafi verið sóttur víðsvegar að úr öllu landinu.

Eg skal einnig benda á það, að þessi skóli hefir verið og verður líklega einnig héreftir langódýrasta menningarstofnun fyrir konur hér á landi. Það er eini skólinn, sem fátækum stúlkum er fært að sækja. Það munar mjög miklu, hvað þessi skóli er billegri en t. d. kvennaskólinn í Reykjavík. Og eg leyfi mér að fullyrða, að skólinn hafi komið að miklu gagni; með því að eg hefi verið prófdómari við skólann, hlýt eg að vera því kunnugri en þeir sem aldrei hafa komið nálægt honum.

Það er hart að sumir hv. þingmenn skuli róa að því öllum árum að eyðileggja þennan skóla, samtímis því sem þingið er að veita kvenfólki þau réttindi, sem mikil ábyrgð fylgir og mikla menningu þarf til að geta notað eins og vera ber, kosningarrétt til alþingis. Einmitt samtímis þessu eru þeir að reyna að eyðileggja þann eina skóla á landinu, sem fátækum stúlkum er fært að leita sér mentunar á.

Hafi margt í þessari löngu tölu hv. 4. kk. þm. verið jafnáreiðanlegt og ummæli hans um þessa stofnun, þá verð eg að segja, að það er ekki mikið byggjandi á þeim mörgu tölum, sem hann færði fram máli sínu til stuðnings.

Þegar hér var komið umræðunum, kom fram áskorun til forseta um að slíta umræðum þegar í stað. Var sú tillaga borin undir atkvæði og samþykt í e. hlj.

Atkvgr:

Brtill. á þskj. 945 (við brt. á þskj. 915) samþ. með 21 : 18 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Sigurður Stefánsson,	Jón Ólafsson,
Ari Jónsson,	Augúst Flygenring,
Benedikt Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Jónsson,	Eiríkur Briem,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Hannes Þorsteinss.,
Björn Þorláksson,	Jóh. Jóhannesson
Gunnar Ólafsson	Jón Jónss. þm. S-M.
Hálfdán Guðjónsson,	Jón Magnússon,
Jens Pálsson,	Jón Sigurðsson,
Jón Jónsson þm. N. m.,	Júlíus Havsteen,
Jón Þorkelsson,	Kristján Jónsson,
Jósef Björnsson,	Lárus H. Bjarnason
Kristinn Daníelsson,	Pétur Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Stef. Stef. 6. kk. þm.
Ólafur Briem,	Stef. Stef. þm. Eyf.,
Sigurður Gunnarsson,	Steingr. Jónsson.
Sigurður Hjörleifsson,	
Sigurður Sigurðsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Brt. á þskj. 915 (við 4, gr. D. II.) fyrri hlutinn, feld með 20 atkv. gegn 19 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Ari Jónsson,	Jón Ólafsson
Benedikt Sveinsson,	Sigurður Stefánsson,
Bjarni Jónsson,	Augúst Flygenring,
Björn Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson.	Einar Jónsson ,
Björn Sigfússon,	Eiríkur Briem,
Björn Þorláksson,	Hannes Hafstein,
Gunnar Ólafsson,	Hannes Þorsteinsson,
Hálfdán Guðjónsson	Jóhannes Jóhanness.,
Jens Pálsson,	Jón Jónsson þm. S.-M.
Jón Jónss. þm. N.-M.	Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson,	Jón Sigurðsson,
Jósef Björnsson,	Júlíus Havsteen,
Kristinn Daníelsson,	Kristján Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Lárus H. Bjarnason,
Ólafur Briem,	Pétur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Sigurður Sigurðsson,
Sig. Hjörleifsson,	Stef. Stefánss.6.kk.þm.
Þorleifur Jónsson,	Stef. Stefánss. þm.Eyf.
	Steingrímur Jónsson.

Síðari hluti tillögunnar sjálffallinn.

Brt. á þskj. 929 (við 5. gr. frv.) samþ. m. 23 : 16 atkv. og sögðu

Já:	*Nei:*
Sig. Stefánsson,	Jón Ólafsson,
Ari Jónsson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Eiríkur Briem,
Björn Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Hannes Þorsteinsson,

Björn Sigfússon, Björn Þorláksson, Gunnar Ólafsson, Hálfdán Guðjónss., Jens Pálsson. Jón Jónss. þm.N.-M. Jón Þorkelsson, Jósef Björnsson, Kristinn Daníelsson, Magnús Blöndahl, Ólafur Briem, Sig. Gunnarsson, Sig. Hjörleifsson, Þorleifur Jónsson. Jón Magnússon, Jón Sigurðsson, Júlíus Havsteen, Kristján Jónsson, Lárus H. Bjarnason, Pétur Jónsson, Sigurður Sigurðsson, Stef. Stefánss. 6. kk. þm. Stef. Stefánss. þm.Eyf. Steingr. Jónsson.

3 þingm. greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hlutanum.

Breyttill. á þingskj. 947 við 6. gr. frv., stafl. a. samþ. m. 20 : 17 atkv. og sögðu

Já:	*Nei:*
Sig. Stefánsson,	Jón Ólafsson,
Ari Jónsson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Eiríkur Briem,
Björn Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Hannes Þorsteinsson,
Björn Sigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Þorláksson,	Jón Jónsson þm. S.-M.
Gunnar Ólafsson,	Jón Magnússon,
Hálfdán Guðjónss.	Jón Sigurðsson,
Jens Pálsson,	Júlíus Havsteen,
Jón Jónss. þm.N.-M.	Kristján Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Lárus H. Bjarnason,
Jósef Björnsson,	Pétur Jónsson,
Kristinn Daníelsson,	Stef. Stefánss. þm. Eyf.
Magnús Blöndahl,	Steingr. Jónsson,
Ólafur Briem,	Ágúst Flygenring,
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Hjörleifsson,	
Þorleifur Jónsson.	

2 þm. greiddu ekki atkvæði.

Síðari stafl. tillögunnar álitinn samþ. án atkvgr.

Frv. með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj. og afgreitt til ráðherra sem fjáraukalög frá alþingi fyrir árin 1910 og 1911.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912—1913.

Fyrsta umræða í efri deild 11. apríl.

Ráðherrann (Kristján Jónsson): Eg skal ekki vera langorður. Það voru að eins 2—3 athugasemdir, sem eg vildi gera, áður en málið fer í nefnd og það eru líkar athugasemdir og eg gerði í Neðri deild. Það getur raunar verið, að það sé fullkominn óþarfi og að þingdeildarmenn hafi gert sér grein fyrir því, sem eg ætlaði að benda á, en mér finst samt réttara að taka það fram sérstaklega. Það, sem eg fyrst vildi benda á, er það, að tekjuhallinn er eftir frumvarpinu nú 281 þúsund krónur. Ennfremur skal eg benda á það, að ein af allra verulegustu tekjugreinum frumvarpsins er án efa sett of hátt. Það er áfengistollurinn, sem eg á við. Eftir það að eg hefi borið mig saman við þá menn í stjórnarráðinu, sem bezta þekkingu hafa á þessu máli, hefi eg komist að þeirri niðurstöðu, að hann muni vera settur nálægt því 110 þúsund kr. of hátt. Þá hafa og nú fyrir skömmu verið afgreidd aukafjárlög héðan úr deildinni, þar sem bætt er við 102 þús. kr. útgj. fyrir landsjóð — og þau útgj. verða að líkindum hækkuð enn. Hér höfum vér því fast að 500 þús. kr. tekjuhalla eða nákvæmara tiltekið c 493 þús. kr. tekjuhalla. Ennfremur vil eg benda á það, að ýms lög eru nú afgreidd frá þinginu, sem hafa kostnað í för með sér. Peningaforði landssjóðs er nú ekki nema um 250 þús. kr Hann hefir að vísu aukist eitthvað þessa dagana. Áður kom það sjaldan fyrir, að hann væri lægri en 400—600 þús. kr. Skuld landssjóðs við ríkisféhirzluna mun nú vera um 470 þús. kr. Peningaforði landssjóðs er því ekki nægilegur til að greiða þessa skuld eina, sem heimta má af oss, hvenær sem vill.

Að því er snertir lánveitingaheimildirnar úr viðlagasjóði, þá vil eg leyfa mér að taka það fram, eins og eg gjörði í háttv.

neðri deild, svo að menn ekki vaði í neinum reyk um það efni, að eg get ekki séð að nokkuð verði lánað úr viðlagasjóði, hvorki nú eða næstu ár. Það er búið að lofa einu láni, háttv. þm. Akureyrar veit um það, en það mun verða fullerfitt að greiða það af hendi og ekki til að tala um að frekara verði lánað. Viðlagasjóður er nú, eftir því sem skrifstofustjórinn á 3. skrifstofu hefir skýrt mér frá, um 1750 þús. kr. Einn háttv. þm. í neðri deild sagði nýlega að hann væri 1900 þús. kr., en það hlýtur að liggja í því, að hann hefir talið peningaforða landssjóðs með, sem er um 200 þús. kr. Eg hefi spurt 3. skrifstofu rétt nýlega um þetta, og 1750 þús. kr. hlýtur að vera rétta upphæðin. Viðlagasjóður er orðinn of hár. Það stafar af því, að tvö til þrjú undanfarin ár hefir of mikið verið lánað af peningaforða landssjóðs, og þannig sett fast í viðlagasjóði. Það hefir verið lánað út fram yfir vexti og afborganir, sem tilheyra viðlagasjóði, og þannig gengið á peningaforða landssjóðsins. Annars ætla eg ekki að fjölyrða meir um fjárlögin að þessu sinni. Eg vildi að eins láta deildinni í té þessar upplýsingar og nefnd þeirri sem hafa mun þetta langmerkasta mál þingsins til með erðar.

Lárus H. Bjarnason: Fjárlaganefndin má vera hæstv. ráðherra þakklát fyrir upplýsingar þær sem hann gaf, og sem vafalaust eru á sæmilegum rökum bygðar. En þó að málið líti nú svona út frá sjónarhól hæstv. ráðherra, þá hygg eg að það megi líta á það nokkuð á annan veg, ekki á tölurnar útaf fyrir sig heldur á fjárhagsástand landsins í heild sinni.

Eg vil fyrst leyfa mér að bera saman núgildandi fjárlög 1910—11 við stjórnarfrv. fyrir 1912—13 og frumvarp neðri deildar sem hér liggur fyrir. Eftir fjárlögunum 1910—11 voru tekjurnar 2,930,000 kr. Eftir stjórnarfrumvarpinu voru ráðgerðar tekjur 1912—13 2,894,000 kr. og eftir frumvarpi neðri deildar eru tekjurnar áætlaðar 2,887,000 kr. Eg tel alstaðar í þúsundum réttum. Eins og menn sjá, er lítill munur á tekjum eftir frumvarpi stjórnarinnar og frumvarpi neðri deildar Þá eru gjöldin eftir núgildandi fjárlögum 2,994,000 kr., eftir frumvarpi stjórnarinnar 2,906,000 kr. En eftir frumvarpi neðri deildar eru gjöldin 3,168,000 kr. Tekjuhalli á núgildandi fjárlögum er áætlaður 63,000 kr.; var af fráfarandi stjórn áætlaður 11,000 kr. fyrir 1912—13. En eftir frumvarpi neðri deildar er hann áætlaður 281,000 kr. Þessar tekjuhallatölur út af fyrir sig eru ekki nægilegar til að lýsa fjárhag landsins. Og skal eg í því sambandi minna á, að tekjuhallinn á núgildandi fjárlögum, 63 þús. kr., kvað vera nærri því borgaðar til fulls með tekjuafgang frá fyrri hluta fjárhagstímabilsins, árinu 1910 Þetta hefi eg eftir háttv. þm. Suður-Þingeyinga (P. J.), sem aftur hefir það úr skýrslum úr stjórnarráðinu. 281 þús. kr. er að vísu nokkuð mikill tekjuhalli. En þetta er sízt að undra, þegar þeirri aðferð er fylgt ár eftir ár að demba kostnaði við framtíðarfyrirtæki, sem óbornir eiga að njóta góðs af, ekki síður en núlifandi, á fjárhagstímabil það sem yfir stendur. Eg benti á það í neðri deild 1907 (Alþt. 1907, bls 231), að það væri ekki rétt aðferð að skella öllum símakostnaðinum á 1 eða 2 fjárhagstímabil. Þá var tillögu minni um að taka lán til framþúðarfyrirtækja ekki sint, en nú sé eg að líkt princip hefir verið tekið upp í neðri deild af háttv. þingm. Suður-Þingeyinga um símalagningar. Þessi regla ætti að gilda um öll meiriháttar framþúðarfyrirtæki, hverju nafni sem nefnast. Aðferð sú sem hingað til hefir verið beitt tíðkast nú heldur hvergi nema hér, og væri óskandi að háttv. stjórn tæki upp hinn nýja siðinn.

Ef maður lítur á, hvað veldur tekjuhallanum eftir frumvarpi neðri deildar, sést það fljótt, að gjaldaaukningin kemur aðallega fram á 4 greinum, 13., 14., 15. og

16. grein, sérstaklega þó á 13. grein. Þar nemur hækkunin 120 þús. kr. Þessi 120 þús. kr. aukning kemur aðallega niður á þjóðvegi og vitafyrirtæki, sem vér núlifandi menn erum ekki skyldari til að bera en eftirkomendurnir, heldur að eins eftir tiltölu við þá. Þá er 14. grein með 64 þús. kr. hækkun, mest til aukinnar alþýðufræðslu. Þá er 15. grein með 20 þús. kr hækkun til vísinda og bókmenta og bitlinga. 16. grein hækkar gjöldin um 67 þús. kr. og eru það aðallega 2 atriði, sem hækkuninni valda, 25 þús. kr. styrkur til hafnarbryggjugerðar í Hafnarfirði og 15 þús. kr. til Landsbankans, eftirgjöf á leigum af láni. Mikill meiri hluti hinna auknu útgjalda ganga til þarfafyrirtækja, en meinið er sumpart það að öllu er skelt á stutt tímabil og þó ekki hugsað um aukning teknanna, ekki einusinni hugsað til bóta fyrir þær tekjur, sem feldar hafa verið niður. En þó að þetta sleifarlag hafi verið haft í frammi, þá verður þó líkl. enginn tekjuhalli yfir fjárhagstímabilið 1910—11.

(Sig. St.: Hver veit það?)

Það veit að vísu enginn með vissu, en það er líklegt, úr því að árið 1910 eitt hefir gefið af sér nægilega mikið upp í áætlaðan tekjuhalla beggja áranna. Það er jafnvel líklegt að árið 1911 verði ekki lakara en 1910, svo að það verði fremur eitthvað umfram í árslokin 1911.

Eg verð og að minna á, að lánin, sem svo mikil áherzla var lögð á hér, ekki alls fyrir löngu, má ekki telja sem eyðsluskuld. Seinna lánið gefur af sér sömu vexti og fyrir það eru gefnir. Og fyrra lánið var mestmegnis lagt í fyrirtæki símans, sem gefur af sér um $5^1/_2\%$. Þó vil eg strax bæta því við, svo það ekki valdi misskilningi, að 35 þúsundin til norræna ritsímafélagsins eru ekki dregin frá, áður en þessi $5^1/_2\%$ eru reiknuð. Þessi vaxtahæð af símanum er samkvæmt skýrslu landsímastjórans til fjárlaganefndarinnar.

Háttv. þingm. Isafj.kaupst. gjörði of mikið úr skuldunum. Eg tel mig ekki skulda, ef eg á eins mikið útistandandi og aðrir eiga hjá mér og fæ sömu rentu af því og eg geld. Viðlagasjóðurinn er nú 1750 þús. kr., þó að uppætinn væri sagður í tíð Hannesar Hafsteins. Hagur landsins við lok ársins 1911 er því að mínu áliti fremur góður en hitt. Eg skal reyndar játa, að það getur valdið dálitlum óþægindum í svip fyrir ráðherra, að mikið er fast í viðlagasjóði, en hægt ætti þá að vera að fá bráðabirgðarlán út á viðlagasjóð. Og satt að segja sé eg ekki mun á því, að taka fé af vöxtum úr viðlagasjóði, og hinu, að láta það standa þar kyrt, en lána í þess stað það sem með þarf, að eins að lánsvextirnir séu ekki hærri en þeir, sem innvinnast. Eg sný ekki aftur með það, að hagur landsins í árslok 1911 verði fremur góður.

En þar með er ekki sagt, að hann verði góður við árslok 1912 og því síður við árslok 1913. Þótt engin breyting yrði gjörð á aðflutningsbannslögunum, þá hygg eg að töluverðar tekjur muni verða af áfengi 1912. Kaupmenn munu flytja töluvert inn undir árslokin 1911 og af þeim innflutningi rennur tollur fram undir árslokin 1912, hvort sem það nú verður nær áætlun hv. ráðherra eða n.deildar. Um 1913 er alt erfiðara að spá, nema því að eins að bannfrestunar frumv. gangi fram í annarihvorri myndinni. Jafnvel þó að þeim væri að eins frestað um eitt ár, þá tel eg víst að inn mundi fást nægilega mikið til síðara árs fjárhagstímabilsins. Eg held því að hagur landsins verði ekki slæmur við árslok 1913, ef breytingartillaga mín um eins árs frestun á aðflutningi áfengis nær fram að ganga. En engu að síður er bráðnauðsynlegt að vinda bráðan bug að því að auka tekjur landsins, og að minsta kosti má það ekki líðast að forsómað sé að fylla í skarð áfengistollsins. Eg býst við að efri deild muni ekki auka tekjuhallann mikið. Hún mun

fremur færa til upphæðirnar. En þótt tekjuhallinn yrði rúmlega 281 þús. kr., þá er í rauninni ekkert að óttast, sem stendur, enda þó að nú megi síður en áður búast við því að tekjurnar fari fram úr áætlun bæði vegna fulldjarfrar áætlunar og missis áfengistollsins.

Að endingu get ekki stilt mig um að geta tveggja nýmæla, sem fjárlagafrumvarpið flytur í þetta skifti. Eg á við lögfestinguna á Thore-samningnum og erindisbréfi viðskiftaráðunautsins. Slík nýmæli munu ekki þekkjast annarstaðar, enda munu einkennilegar ástæður valda þeim. Og þykist eg reyndar skilja þær og fleira, sem nú er að gjörast, þó að ekki hafi eg orð á því að svo stöddu.

Sigurður Stefánsson: Þeir komu sér ekki sérlega vel saman um fjárhaginn, hæstv. ráðherra og háttv. 5. kgk. Hæstv. ráðherra vildi telja tekjuhallann 500 þús. kr. en háttv. 5. kgk. ekki nema 281,000 eins og hann er í fjárlagafrumvarpi neðri deildar. Eg fyrir mitt leyti vil nú miklu fremur halda mér við áætlun hæstv. ráðherra, hvað sem líður áfengistollinum. Eg get ekki verið samdóma háttv. 5 kgk. um það, að enginn tekjuhalli muni verða við árslok 1911. Hann byggir áætlun sína um hinn góða fjárhag á því að tekjurnar muni reynast meiri en áætlað er. Það get eg ekki álitið hyggilegt. Það er ekki rétt að reikna með hærri tekjum en áætlaðar eru, þó reynslan hafi oft orðið sú, að þær færu fram úr áætlun. Eg vil segja, að þingið hafi hingað til farið mjög gætilega og hyggilega í því að áætla tekjurnar ekki of hátt. Hefði það gert það, mundi landið vera sokkið í stórskuldir og viðlagasjóður uppétinn. Þó að tekjurnar hafi oft farið fram úr áætlun, þá er það að byggja í lausu lofti að svo verði alt af. Eg hygg meira að segja, að nú sé búið að teygja þær svo hátt, að lítil líkindi eru til að þær fari mikið fram úr áætlun, auk þess sem við því má búast, að hinir síhækkandi tollar á aðfluttum vörum freisti manna til allmikilla tollsvika og mun ekki trútt um, að þegar sé farið að bóla á því, þótt lítt hafi uppvíst orðið.

Hinn góði fjárhagur, sem háttv. 5 kgk. talaði um, var eingöngu bygður á því, að tekjurnar mundu renna örara inn 1911, en það tel eg hæpið, einkum og sér í lagi ef skýrsla ráðherrans er rétt, að ein tekjugreinin sé áætluð um 100 þús. kr. of hátt. Það er rétt hjá háttv. 5. kgk., að það eru tekjurnar, sem einkum eru áætlaðar, gjöldin eru miklu fastari og vissari. Þess vegna tel eg það skyldu þingsins að miða þau við tekjurnar. Háttv. 5. kgk. benti á nýja stefnu, þá, að leggja plön fyrir símalagningum, vegagerðum o. s. frv. Það væri náttúrlega ákjósanlegt, en þegar maður lítur á, hvernig þessi plön hafa reynst í framkvæmdinni, þá sést að þau hafa verið einskis virt. T. d. vegalögin, þar átti að vera plan, vegunum skift í landssjóðsvegi, sýsluvegi og hreppavegi. En hvað verður svo? Það er eftir sem áður komið til þingsins með fjárbeiðnir hreppa og sýsluvega, og fé veitt til þeirra og lögin þannig gerð að pappírslögum. Eg ímynda mér að eftir þeirri hreppapólitík, sem nú er, mundi reka að því sama, þótt farið yrði t. d. að setja lög um það, í hverri röð eigi að leggja símana. Bygðalögin, sem ekki ættu að fá símann stax, mundu leita til landssjóðs um styrk til að leggja hann, og þingið svo fara með símalagningarlögin eins og vegalögin. Eg segi ekki að þetta sé óeðlilegt, þegar litið er til fátæku héraðanna, í raun og veru, en það er óheppilegt fyrir fjárhag landsins að þingið virði einkis sín eigin lög.

Það verða ekki mörg ár þangað til viðlagasjóður er alveg horfinn, ef hann er skertur til muna ár eftir ár. Eg fyrir mitt leyti álít alls ekki hættulegt, þó að hann sé skertur dálitið við og við, en eg verð að segja, að það væri illa farið, ef hann yrði alveg uppétinn á fáum árum. Og eg

tek það fram, að viðlagasjóðurinn kemur í rauninni ekki nema að hálfu gagni, þar sem hann stendur fastur í útlánum og ómögulegt að grípa til hans, þó að á liggi, nema þá að örlitlu leyti. Og þar við bætist, að svo getur farið, að sum af þessum útlánum fáist alls ekki. Eg hefi fulla ástæðu til að halda, að sum lánin séu ekki svo vel trygð sem skyldi. Það getur margt borið til þess og eg er ekkert að kenna stjórninni um það eða neinum einstökum mönnum, þó að svona kunni að vera ástatt um sum lánin. En gildi viðlagasjóðsins fer nokkuð að minka, þegar þetta er aðgætt, fyrst það, að landssjóður getur ekki gripið til hans, hvað sem á liggur, og verður heldur að taka lán, ef til vill með hærri rentum en hann fær sjálfur af útlánunum, og í öðru lagi að sum af þessum lánum eru miður vel trygð.

Háttv. 5. kgk. þm. ber aðallega fyrir brjósti að útvega landinu nægar tekjur þetta eina ár 1912. En mér er spurn, hvernig á sú stjórn, sem á að semja næstu fjárlög, að fá tekjur og gjöld til að standast nokkurn veginn á? Eg hygg, að hún hafi engin ráð til að undirbúa fjárlög nema með stórkostlegum tekjuhalla. Því að þá verður komin alger eyða fyrir áfengistollinum, eða landssjóður er með öðrum orðum algerlega búinn að missa tekjur, sem hafa numið kringum 400 þús kr. á hverju fjárhagstímabili. Með hverju á stjórnin að fylla þessa eyðu? Það hefir verið sagt, að það megi búa til ný skattalög á aukaþinginu, sem væntanlega verður haldið 1912. En eg trúi því ekki, að því þingi, þó að það verði haldið, vinnist tími til að gera slík lög úr garði, svo vel úr garði sem skyldi.

Enn fremur má minnast á það, að jafnframt því sem landssjóður verður sviftur þessum miklu tekjum, má búast við að allmikil ný útgjöld bætist á hann, nfl. til Reykjavíkurhafnar. Það er ómögulegt að búast við því, að það fyrirtæki verði arðberandi beinlínis. Eg neita því ekki, að það verði til óbeins hags fyrir landið, en það getur ekki gefið af sér svo mikla beina vexti, sem þarf að svara út af láni því sem verður tekið til að koma fyrirtækinu á stofn. Að þessu leyti má setja hafnargerðina alveg á bekk með vegalagningum, brúargerðum o. fl. slíkum fyrirtækjum, sem ekki eru beinlínis arðberandi. Þó að höfnin kunni að geta borið sig sjálf í framtíðinni, þá er óhugsanlegt, að landssjóði græðist nokkrar tekjur af henni fyrstu árin að minsta kosti.

Eg skal ekki fara neitt út í frestun bannlaganna að þessu sinni. En viðvíkjandi því sem háttv. 5. kgk. þm. sagði skal eg að eins geta þess, að fjárhagur landsins kunni að slamrast nokkurnveginn af, ef bannlögunum er frestað eitt ár, þá veitir sannarlega ekki af þriggja ára frestun til frekari tekjuauka fyrir landssjóð. Og eg sé ekki, hvað er á móti því að hafa frestinn þetta langan, nema menn óttist að það kunni að verða of mikið af peningum í kassanum. En eg fyrir mitt leyti er alveg óhræddur um það að fjárhagur landssjóðs verði of góður. Allra sízt get eg skilið, hvers vegna hæstv. ráðherra er á þeirri skoðun að hafa frestinn styttri. Honum ætti að vera það kærast, sem gætnum og góðum fjármálamanni, að tekjur landssjóðs verði sem rífastar, enda tók hann það fram í prógramræðu sinni um daginn, að hann vildi stuðla að því, að þingið gengi svo frá fjárlögunum að þau yrðu skapleg, þ. e. þannig að útlit væri fyrir að fjárhagur landssjóðs batnaði. Eg veit, að hann hefir mælt þetta af heilum hug, og eg geng að því vísu að sú stjórn, sem á að semja næstu fjárlög, verði meðmælt frestun bannlaganna, því að annars yrði hún að byggja á skattalögum, sem ekki eru enn orðin til, með öðrum orðum byggja vonir sínar um sæmilegan fjárhag framvegis á algerðri óvissu. Eg tek það fram, að eg álít ekki að þing

og stjórn skilji sómasamlega við fjárlögin, ef nokkur tekjuhalli verður á þeim. Fyrsta skilyrðið fyrir góðum búskap er þetta, að tekjur og gjöld standist á, ekki að eins í bráðina, þetta fjárhagstímabil, sem nú fer í hönd, heldur og einnig framvegis. Tekjurnar mega ekki minka, þær verða miklu fremur að fara vaxandi, til þess, að þing og stjórn þurfi ekki að kippa að sér hendinni vegna fjárskorts og hætta að veita fé jafnvel til stórnauðsynlegra fyrirtækja. Þó að það hafi fleyzt furðanlega hingað til að hafa tekjuhalla á fjárlögum, þá getur að því borið, hvenær sem er, að tekjurnar reynist minni en gizkað er á. Þá yrði að grípa til viðlagasjóðs og það gengi fljótt á hann, þó að ekki væri tekið meira en svo sem 2—3 hundr þús. kr. árlega, eða þá að taka lán á lán ofan og má hver lofa þann búskap fyrir mér; eg geri það ekki.

Ráðherra (Kr. J.): Ég vildi leyfa mér að segja fáein orð, sérstaklega í sambandi við ræðu hv. 5. kk. þm. Hann hefir skilið orð mín svo, að ég hafi verið að mála fjárhag landsins dökkum litum. En þetta er ekki rétt. Það sem ég benti á voru að eins peningaástæður landssjóðs, eins og þær eru nú. Ég er ekkert hræddur um það að þetta land geti ekki vel borið útgjöld sín. En það geta verið þær kringumstæður, að landssjóður sé í peningaþröng í augnablikinu, og þá verður auðvitað að taka tillit til þess og skapa fjárlögin eftir því. Það var að eins þetta, sem ég vildi benda á, en hitt var vissulega eigi meining mín, að neitt væri að óttast um fjárhagslega framtíð þessa lands.

Í sambandi við þetta skal ég einnig minnast á annað atriði í ræðu háttv. 5. kk. þm. Hann kvaðst vera hræddur um, að tekjur landsjóðs væru áætlaðar fullhátt. Mér er kunnugt um fjárhagsáætlanir þingsins alt frá árinu 1875, og það er eftirtektavert, að framan af hefir jafnan verið lögð áherzla á að áætla tekjurnar aldrei hærri en full vissa var fyrir að þær mundu reynast. Þetta kom fótum undir landsbúskapinn. En á síðari árum, einkum á síðasta 15 ára tímabili, hefir orðið breyting á þessu. Þá hefir þingið orðið að víkja frá þessari meginreglu og einkum síðan á aldamótum hafa tekjurnar verið teygðar meira og meira, svo að nú orðið er ekki hægt að reiða sig á, að tekjurnar nemi neinu fram yfir það, sem áætlað er í fjárlögum. Miklu fremur má óttast, að tekjurnar nái eigi áætlunarupphæð. —

Út af því sem hefir verið talað um vínfangatollinn sérstaklega, skal ég geta þess að tekjurnar af honum reyndust tæpar 200 þús. kr. árið 1908, en 1909 ekki nema rúml. 176 þús kr. Og ég hefi spurt mig fyrir um það í stjórnarráðinu, hve miklu hann muni nema fyrir árið 1910, og fengið það svar, að hann mundi verða lítið yfir 180 þús. kr.

Að því er snertir lántöku landssjóðs, þá er ég alveg sammála háttv. þm. um það að ekki sé neitt athugavert við að taka lán til arðberandi fyrirtækja. Það er auðvitað fullkomlega rétt pólitík. Í því ljósi skoða ég lán þau, sem landið hefir tekið eða kann að taka til símalagninga, því að reynsla hefir sýnt að símarnir borga sig vel. Enn fremur getur verið fullkomlega rétt að taka lán til fyrirtækja, sem ekki er hægt að búast við að borgi sig, ef þeim er svo varið, að þau verði að skoðast bráðnauðsynleg fyrirtæki, sem ekki megi fresta að koma í framkvæmd. Ég fer ekkert út í það hér, hver þau fyrirtæki kunna að vera. Það er auðvitað þingið, sem sker úr því í hverju einstöku tilfelli, hvort fyrirtækið er svo nauðsynlegt, þó að það sé ekki beint arðvænlegt, að það sé rétt að koma því í framkvæmd með lánsfé. Aftur á móti má alls ekki taka lán til þess að nota það sem eyðslufé. Það er algerlega óforsvaranlegt að jafna mismun á árlegum tekjum og gjöldum landsins með lánsfé.

Það var minst á það hér í deildinni

áðan, að sum af lánum viðlagasjóðsins mundu vera ótrygg. Ég hefi nýlega spurt mig fyrir um þetta, hjá einum af háttv. þm. neðri deildar, sem hefir rannsakað þessi lán allnákvæmlega. Hann sagði, að lánin mundu yfirleitt vera trygg. Þau lán, sem helzt væru ótrygg, væru hin svokölluðu skipalán, en af þeim væri þó ekki nema eitt verulega illa trygt. Það hefir nokkuð tapast af þessum lánum, en af þeim sem eftir voru taldi hann að eins þetta eina verulega athugavert. En svo eru önnur lán, sem að vísu geta altaf verið nokkuð athugaverð, nfl. lán til sveitafélaga. Þar kemur auðvitað alt undir því, hvernig sveitafélögin standa sig.

En svo framarlega sem landið í heild sinni á framtíð fyrir höndum, þá verður maður að vona hið sama um hin einstöku sveitafélög, og því er ekki ástæða til að óttast, að þessi lán tapist. Ég fyrir mitt leyti álít slík lán örugg.

Í sambandi við viðlagasjóð skal ég taka það fram, að landssjóður skuldar af láninu, sem var tekið til að kaupa bankavaxtabréf, um 1,450,000 kr., en upp í það eru ekki til bankavaxtabréf, nema fyrir 1,300,000 kr.; það hefir eigi verið keypt meira af bréfum fyrir lánsféð.

Hitt hefir orðið að að eyðslufé landsjóðs, og gengið upp í kostnað við lántökuna. Af símaláninu gamla skuldar landssjóður nú 450 þús. kr. Þetta eru þá skuldir, sem nema til samans nálægt 2 miljónum. En að vísu eru þessi lán að mestu leyti arðberandi.

Úr því að tveir háttv. þm. hafa minst á frestun aðflutningsbannslaganna, skal ég lýsa því yfir fyrir mitt leyti, að ég álít vel tiltækilegt að fresta þeim nokkuð, eins og kringumstæður standa nú til. Og ég get ekki álitið að neinn háski stafi af því fyrir málið. En hvað tímann snertir, þá hefði ég helzt kosið að fara mitt á milli þeirra tveggja tímalengda, sem stungið hefir verið uppá, nfl. að fresta banninu um 2 ár. Ég tel óþarft að fresta því um 3 ár, til 1. jan. 1915, og heldur stutt að fresta því að eins um eitt ár. Annars bjóst ég ekki við, að þetta mál kæmi neitt til umræðu í dag, og skal ekki heldur fara lengra út í það að sinni. Að eins skal ég taka það fram, að ég tel slíka frestun svo gersamlega hættulausa fyrir málið sjálft, að hver maður ætti að geta tekið henni með mestu hugarró, ef menn annars komast að þeirri niðurstöðu, að hér sé hagkvæmt ráð til að bæta úr fjárkröggum landssjóðs. Og ég get sagt fyrir mitt leyti, að ef ég hefði tekið þátt í umræðum um bannlagamálið á síðasta þingi, þá mundi ég hafa lagt til að samþykkja ekki bannlögin að því sinni, heldur fresta því þar til menn væri búnir að koma sér niður á, hvernig væri heppilegast að fylla það skarð, sem aðflutningsbannlögin höggva í tekjur landsjóðs. Ég tók ekki þátt í umræðum þá, en ég get vel lýst þessu yfir nú, þrátt fyrir það, að mér er kunnugt um, að kjördæmi mitt, eða sumir hlutar þess, eru á meðal áköfustu bindindishéraða landsins, og aðflutningsbanninu mjög fylgjandi.

Sigurður Hjörleifsson: Með því að enginn þeirra háttv. þm., sem talað hafa, hefir stungið uppá, að vísa málinu til nefndar þeirrar, sem hefir verið skipuð hér í deildinni til að íhuga fjármál landsins, þá skal ég leyfa mér að gera þá uppástungu.

En það er ýmislegt í umræðunum, sem eg vildi minnast dálítið á. Fyrst er það, að hæstv. ráðherra vildi halda því fram, að tekjurnar af vínfangatollinum væru of hátt áætlaðar á þessu frv. En hann færði engin rök fyrir því, önnur en þau, að einhverjir menn í stjórnarráðinu hefðu tjáð sér, að víntollurinn hafi verið svo og svo mikið fyrir neðan áætlun á árinu 1910. Eg get ekki verið honum sammála um, að tollurinn sé of hátt talinn á þessu fjárlagafrumvarpi. Vitanlega má þræta um það, og reynslan ein getur skorið úr

því. En úr því að tollurinn nam þó 180 þús. kr. síðastliðið ár, 1910, þá þykir mér undarlegt, ef það er of hátt að áætla hann 330 þús. kr. á næsta fjárhagstímabili, þó að vín verði ekki flutt lengur en til 1. jan. 1912. Mér þykir undarlegt. ef löngun manna til vins er ekki svo mikil, að tollurinn geti numið þessu, þegar á að fara að birgja sig upp með vín, sumir til lífstíðar og vínsalarnir til 3 ára verzlunar með vín. Því að vitanlega verður tollurinn af þessum birgðum, allur eða rétt-allur, einmitt greiddur á næsta fjárhagstímabili, en ekki því sem nú stendur yfir.

Hinsvegar er ég alveg samdóma hæstv. ráðherra um það, að tekjuhallinn, eins og hann er nú á þessu fjárlagafrv., er iskyggilega mikill. Það heggur ekki lítið skarð í viðlagasjóð, ef það þarf að ganga á hann, til þess að borga tekjuhalla á fjárlögum uppá 280 þús. kr. Og það er eðlilegt, að hæstv. ráðherra þyki þetta ilt, því að hann tók það fram, þegar er hann settist í ráðherrastól, að hann vildi stuðla að því, að samin yrðu sæmileg fjárlög. Og það tel eg fullkomlega rétt. Eg vil ennfremur benda á það, að þó að útgjaldaliðurinn sé nú orðinn þetta hár, þá má búast við, að hann hækki enn meir áður þingið gengur frá fjárlögunum til fulls. Það má búast við því, að Efrideildarmenn hafi ýmsar fjárkröfur fram að bera, engu ómerkari eða óþarfari en þær, sem samþyktar hafa verið í Neðri deild. Að vísu má einnig búast við því, að deildirnar felli nokkuð af fjárveitingum, hvor fyrir annari. En þá er sameinað þing eftir og má að sjálfsögðu gera ráð fyrir að meira eða minna af slíkum fjárveitingum gangi aftur fram þar. Tekjuhallinn verður því sjálfsagt engu minni, ef ekki meiri, en nú er gert ráð fyrir í þessu frv. og því er full ástæða til að líta svo á, að ástandið sé ekki glæsilegt, og þurfi að bæta úr því á einhvern hátt.

Í því sambandi hefir verið minst á frestun aðflutningsbannsins. Ég held að það sé nú ekki vert að byggja mikið á þeim tekjuauka; það er ekki víst, að sú uppástunga nái fram að ganga. Ég fyrir mitt leyti vona að áætlunin um tekjur af vínfangatolli á fjárl. reynist rétt, eða ekki of há, en hitt vona ég líka, að ekki verði um neinn tekjuauka af frestun bannlaganna að ræða. — En ég vil benda á að vel getur svo farið, að það verði í raun og veru hæstv. ráðherra sjálfur, sem mest veltur á um það, hvernig þetta þing gengur frá fjármálum landsins. Efri deild hefir möguleika til að skera niður allar þær tillögur, sem kynnu að koma frá neðri deild til aukningar á tekjum landsins; í neðri d. er nú á ferðinni frv., sem mundi auka tekjurnar verulega, og ef það frv. kemur hingað í deildina, getur vel verið að það verði að nokkru leyti á valdi hæstv. ráðherra að skera úr því með atkvæði sínu, hvort frv. á að ganga fram eða ekki. Ég á við frv. um farmgjald, sem nú liggur fyrir n. d. Verði það fyrirsjáanlegt, að sú aukning á tekjum landsins fái ekki framgang, þá horfir óneitanlega illa við um fjárhaginn, og þá er ekki annað að gera fyrir þessa deild en að skera niður sem mest af fjárveitingum neðri deildar og bæta sem fæstum nýjum við.

Þá er að minnast á eitt atriði af því, sem háttvirtur 5. konungkjörinn bar fram, en það er um símaeign landsjóðs.

Það er rétt að eign landsjóðs hefir vaxið mikið við símann, þó að lán sé öðru megin, en þar sem hann færir til $5^1/_2\,\%$, sem síminn gefi af sér, eru slíkar tölur nærri villandi, þó út séu gefnar af símastjóra.

Því hvaða meining er í að taka ekki tillit til þeirra 35 þúsunda, sem við borgum til Stóra Norræna.

Enn er þess að gæta, að ýms héruð hafa lagt mikið til símans og annast að mun reksturskostnað.

Enn er ótalin fyrning, því þó símanum

sé haldið við, svo að hann sé nothæfur þá leiðir það af sjálfu sér, að nokkuð verður að gera fyrir fyrningu.

Þegar á alt er litið, er ekki af miklu að státa um símann.

Hinar svo kölluðu beinu tekjur fara að verða heldur litlar.

Símaeignin gefur enn þann dag í dag mjög litlar tekjur, sorglega litlar %, ef rétt er reiknað, og það er sorglegt að hafa þetta ekki nákvæmt.

Það væri mjög þarft verk, ef stjórnin gæti útvegað rétta og ábyggilega áætlun, sérstaklega þegar verið er með „plön" fyrir þinginu um nýjar símalagningar.

Það er ekki gott að þurfa að byggja á plönum, sem sýna að eins aðra hlið málsins, eins og mönnum hættir við; en þetta er hrein og bein fásinna. Ég vil brýna fyrir hinni háttvirtu deild þann sannleika, að þó að við veittum núna ekki afarmikið til verklegra nytsemdarframkvæmda í fjárlögunum, þá er ekki með því dregið úr framförum í landinu, þar sem næsta þing er haldið svo snemma á fjárhagstímabilinu að veita má fé til margskonar nauðsynjafyrirtækja á fjáraukalögunum, ef þá yrði sýnt að eitthvert fé yrði til þess.

En það er næsta óvarlegt að ausa nú út þessum væntanlegu landsjóðstekjum alveg í óvissu, eins og hitt líka er ánægjulegt að geta veitt mikið fé í fjáraukalögum til þarflegra fyrirtækja, þegar það er sýnt að efni eru til þess.

Á síðasta þingi var sjálfstæðismönnum hér í deildinni brigzlað um það, að þeir væru að svíkja framsóknarviðleitni þjóðarinnar, af því, að þeir vildu fara gætilegar í fjárframlögum en flestir hinna. Slík brigzlyrði geta ekki staðist fyrir dómi nokkurs þess manns, er ber minsta skyn á fjármál landsins.

Steingrímur Jónsson: Af því að það hafa orðið talsverðar umræður um þetta mál, vil eg einnig segja nokkur orð.

Eg get að mestu verið sammála háttv. 5. kgkj. um að fjárhagsástandið í lok 1911 sé í raun og veru allgott, og býst eg við að tekjuhallinn á gildandi fjárlögum vegist nokkurn veginn upp. Þó upphæðir séu veittar á fjáraukalögum 1908—09, þá eru þær ekki til útgjalda nú, og því að eins hér að telja það, sem veitt er á fjárlögunum og fjáraukalögum 1910—11.

Þá getum við einnig verið sammála um að símaeignin gefur góðan arð.

Til símalagningarinnar var tekið 500 þúsund króna lán, og er nú eftir af því ógreitt (við árslok 1911) 433 þús. kr. Svo tók landsjóður lán til veðdeildabréfakaupa og vona eg að það verði eigi byrði fyrir fjárhag landsins.

Eg álít að sjálfsagt sé að taka lán til allra arðberandi fyrirtækja, og það þó ekki fáist af þeim fullkomlega þeir vextir, er borga verður. Þessu verður að dreifa á lengri tíma, og láta fyrirtækið vinna fyrir sér.

Og síminn hefir sýnt að hann getur unnið fyrir sér.

Háttv. þm. Ak. sagði, að hann gæfi ekki af sér 5½%, og er það svo, að þetta er ekki nákvæmlega rétt, en aftur voru nokkrar af aðfinslum háttv. þm. gjörsamlega staðlausar.

Þær 35 þúsund krónur, sem við greiðum hinu stóra norræna símafélagi, koma ekki innlenda símanum við, en að það fyrirtæki gefur sæmilega góða vexti má sjá í ársskýrslum félagsins.

Það er heldur ekki rétt, að ekki sé tekið tillit til viðhaldsins. Viðhaldskostnaður er auðvitað greiddur af tekjunum, áður en talað er um arðinn af símanum. En viðhaldskostnaður á síma er einmitt mestur fyrstu árin og vita þeir það sem kunnugir eru; en hve mikið þurfi að gera fyrir rýrnun veit eg ekki.

Þá er annað atriði, sem eg vildi minnast á, og það er hvort rétt sé að taka lán til

vegagjörða, brúa og þvíumlíks — til fyrirtækja, sem gefa ekki beinan arð, en borga sig óbeinlínis.

Eg geri ráð fyrir að það sé viss regla fyrir því, hvað leggja þarf árlega til vega, til viðhalds, nauðsynlegra umbóta og aukningar vegakerfisins. Meðan ekki er lagt fram meira en þessu nemur, má ekki taka lán.

Öðru máli er að gegna um höfn í Reykjavík. Til þess fyrirtækis er sjálfsagt að taka lán.

Eg álít fjárhagsástandið gott og ekki ástæða til kveinstafa, en fjármálapólitik landsins er nú að komast í athugavert horf.

Á undanfarandi þingum hafa stöðugt verið vaxandi kröfur og lýsir milliþinganefndin í skattamálum því bezt í áliti sínu.

Tekjur hafa að vísu aukist, en ekki nægilega, og hefir því orðið að grípa til bráðabirgðar tollauka. Milliþinganefndin í skattamálum sýndi fram á að landsjóður þyrfti að fá áreiðanlegan tekjuauka um 200 þús. kr. á ári, og er það alveg rétt; minna má það ekki vera.

En hvað hefir síðasta þing og þingið í ár gert í þessu máli? Í stað þess að útvega þennan tekjuauka, hafa þau felt í burtu með bannlögunum 200 þús. kr. eða þó öllu heldur 300 þús. kr., því samkv. tollllögunum frá 1909 mátti áætla áfengistollinn svo hátt, þó hann að vísu hafi reynst minni árið 1910.

Það er eins og komið sé gat á landsjóðinn. Hér er komin að sú fjármálapólitik, sem getur eyðilagt á stuttum tíma allgóðan fjárhag. Þingmenn geta ekki farið heim í góðu skapi nema bætt sé úr þessu.

Þá eru símalögin, sem nú liggja fyrir neðri deild. Slík lög, er skipa símamálunum, líkt og vegalögin vegamálunum, hefðu átt að koma miklu fyrr.

Sjálfsagt er að símar þeir, sem lagðir verða framvegis, verði lagðir fyrir lánsfé, en fjárlögunum verði ekki íþyngt með því, svo skera þurfi niður framlög til árlegra þarfa.

Hvað hefir þá þetta þing gert og hvað getur það gert til að fylla upp í þá eyðu, sem orðin er?

Nýfráfarin stjórn hefir lagt fyrir þingið frumvarp um hækkun á vitagjaldi, erfðafjárskatti og á aukatekjum. Þessi frumvörp býst eg við að verði að lögum og munu þau gefa 65—70 þús. kr. tekjuauka á fjárhagstímabilinu. Auk þessa liggur fyrir háttvirtri neðri deild frumvarp um farmgjald, sem menn vita ekki um hvaða tekjur muni gefa, og óvíst hvort það nær fram að ganga. Talað er um, að það geti gefið 180 þúsundir á ári, en en það verður að líkindum langtum minna. Annars ómögulegt að segja með vissu hvað það verður. Verzlunarskýrslurnar eru ekki gerðar svo, að á þeim sé hægt byggja útreikning, er nokkuð sanni í þessu efni.

Þá liggur fyrir þessari háttv. deild frumvarp um frestun á framkvæmd bannlaganna. Eg hefi áður lýst skoðun minni á þessu máli. Að eins skal eg taka það fram, að allir bannvinir ættu að taka þessu vel, það var þeirra skylda að sjá fyrir tekjuaukanum.

Sigurður Hjörleifsson: Það er að eins örlítil athugasemd, sem eg vildi gera við ræðu háttvirts framsögumanns fjárlaganna.

Hann sagði, að það væri rangt að telja þær 35 þúsundir króna, sem borgaðar eru á ári hverju til stóra norræna. Eg vil benda á að vegna útlenda sambandsins hefir landssíminn meiri tekjur, þar sem hann fær % af því sem fer gegnum sæsímann. Það er því fullkomlega rétt að telja líka þann kostnað hér með. Þá vil eg einnig benda honum á, að viðhaldskostnaður og fyrningarkostnaður er sitt hvað. En því er verið að tala um þetta í sambandi við þær $5^1/_2$%, sem verið er að slá fram? Enginn þorir víst að halda því fram, að tekjurnar hafi verið $5^1/_2$% fyrstu árin, og sé rétt

reiknað, eins og öllum dánumönnum bæri að gera, þá eru tekjurnar heldur ekki $5^1/_2\%$ þetta síðasta ár, þó verið sé að guma með þá tölu, ekki nærri því það.

Þá kem eg að aðalatriðinu. Mér virðist að mönnum vaxi heldur í augum þær tilraunir, sem gerðar er til þess að fylla það skarð, sem orðið er við lögin um aðflutningsbannið, og á því stagast, að þetta skarð hefði átt að fylla áður en lögin voru samþykt. En nú víkur því einmitt svo við, að mótspyrnan gegn auknum tekjum hér í þinginu á alla rót sína að rekja til óvildarinnar gegn aðflutningsbanninu, og ef hefði átt að auka tekjurnar áður, þá hefði eðlilega kveðið hér við sama tón, og allar tilraunir til tekjuauka, af öðru en áfenginu, verið taldar óhæfa; þannig stendur á þeirri mótspyrnu, sem hér er í þinginu gegn farmgjaldinu, og að segja, að farmgjaldið sé ómögulegt af því að ekki sé hægt að áætla nákvæmlega um tekjur af því, er fásinna.

Hvað vitum við t. d. um tekjurnar af útflutningsgjaldinu, ef satt skal segja. Þær tekjur eru í sjónum og geta brugðist. Hitt er raunar líka í óvissu um aðflutningsgjaldið, þótt aðflutningur til landsins fari reyndar árlega vaxandi, og eru þær tekjur því sízt óvissari en þær sem í sjónum eru.

Steingrímur Jónsson: Eg benti á það áðan, að fjöldi af þeim vörutegundum, sem farmgjaldið er lagt á, eru ekki vegnar.

Háttvirtur þingmaður veit að allar kornvörur, kol og salt, sem er vegið og má hafa nákvæma áætlun um, er undanþegið gjaldinu. Hefðu allar þær vörur verið teknar með, var um annað mál að ræða.

Samþ. í einu hljóði að frumvarpið gangi til 2. umræðu. Vísað til nefndar í frumvarpinu til fjáraukalaga í einu hljóði.

Önnur umræða í efri deild 27. apríl (620, n. 727, 728, 738, 744, 750, 751, 752, 755, 756, 758, 768, 769, 770, 771, 772, 773, 774, 775, 776, 777, 778, 779, 780).

Forseti gat þess, að hann skifti umræðunum í 3 kafla og hann tæki fyrst fyrir tekjukaflann 1.—6. gr. incl., þar næst 7—14. gr. incl. og síðan 15.—22. gr.

I. tekjukaflinn (1.—6. gr.)

Framsögumaður (Steingrímur Jónsson): Eg get verið stuttorður um þennan kafla, því að nefndin hefir ekki gert tillögur um breytingar á honum. Það eru að eins nokkrar almennar athugasemdir, sem ég vil gera, sérstaklega um starfsemi nefndarinnar.

Nefndin fékk frumvarpið til meðferðar 11. apríl síðdegis. Hún hafði lokið störfum sínum 21. apríl um miðjan dag. Nefndarálitið var búið til prentunar að morgni 24 apríl. Eg tek þetta fram til þess, að menn sjái, hvaða tíma nefndin hefir haft til starfa, af því að mér hefir heyrst á sumum þingmönnum, sem þeim þætti henni ganga verk sitt nokkuð seint. Starfstími nefndarinnar var bæði stuttur og sérstaklega óhentugur, því að mikill hluti hans féll í páskavikunni. Í öðru lagi er þess að gæta, að sömu mennirnir, sem í fjárlaganefndinni sátu, höfðu til meðferðar annað eins stórmál og stjórnarskrármálið.

Þá vil ég og taka annað fram, og það er það, að alstaðar er í nefndarálitinu talað eins og nefndin væri ein, nema á tveim stöðum. Það er að eins þar, að getið er um sérstöðu nokkurra nefndarmanna. En það vóru auk þess ýmsar smáatkvæðagreiðslur í nefndinni, þar sem alt var ekki samþykt í einu hljóði. Sumt var samþykt með 4 atkvæðum, sumt með 3. Yfirleitt þykist ég mega segja, að samvinna í nefndinni hafi verið góð. Menn kostuðu kapps um að verða á eitt sáttir.

Fjárlaganefndin hefir sem sagt ekki komið fram með neinar breytingartillögur við þennan kafla. Ég tel samt rétt að benda á nokkur atriði. Eg ætla að benda á,

hvernig tekjurnar nú koma heim við tekjur undanfarandi ára. Nú eru þær áætlaðar 2,88/,400 kr. 1906—1907 vóru tekjurnar áætlaðar 2,040,410, en reyndust 3,000,404,57. 1908— 1909 vóru þær áætlaðar 2,322,530 (að frádregnu láninu), en urðu í reyndinni 3,141,571,21; 1910—1911 vóru þær áætlaðar 2,930,530, en það er auðvitað enn eigi hægt að segja um, hvernig sú áætlun reynist. Nú eru þær, sem sagt, áætlaðar 2,887,400 kr. eða 40—50 þús. kr. lægri en fjárhagstímabilið næsta á undan. Tekjur landsins hafa því aukist stórkostlega á seinni árum, en nú álíta menn líka, að komið sé að hámarkinu. Þó að nefndin eigi hér engar breytingartillögur við tekjudálkinn, skal eg þó leyfa mér að bæta hér við dálitilli athugasemd. Eg og nefndin teljum tekjuáætlanir frumvarpsins yfirleitt sennilegar og nærri réttu lagi. Það er þó einn tekjuliður frumvarpsins, sem sumir okkar álíta að sé of hár, og það er áfengistollurinn. Hann er árið 1912 áætlaður 300 þús. kr. Það er með öðrum orðum tollur af áfengi, sem er í tollgæzlu, þegar bannlögin ganga í gildi. Eg álít ekki rétt að áætla hann hærri en um 200 þús. kr. það allra hæsta. Seinna árið er gert ráð fyrir, að hann verði 30 þús. kr. Það er tollur af óáfengu öli, sem þar er átt við, og það finst mér engri átt geta náð. Við höfum dálitla reynslu að byggja á þar. Árið 1909 var allur öltollurinn rúmar 29 þús. kr., en árið 1910 ca. 27,500 kr. Það er, eftir þeirri reynslu, sem vér höfum hér, ekkert vit í að áætla hann svo háan, og sama er að segja um áfengistollinn 1912. Hann er nú ekki meira en 180 þús. kr. En þó að tekjurnar yrðu um 100 þús kr. lægri en áætlað er, er samt enginn voði á ferðum, því að í öðrum liðum er áætlunin ekki of há og á þessu þingi hafa verið samþykt lög, sem gefa 60—70 þúsund kr. tekjuauka, og önnur lög eru á ferðinni, sem gefa um 120 þús. kr. tekjuviðbót á fjárhagstímabilinu, sem sé lög um hækkun á tolli af kaffi og sykri, 1 eyri af sykri og 2 aura af kaffipundinu. Eg hygg því að áætla megi tekjur landsins um 2 milj. og 900 þús. kr. — Eg skal geta þess, að eg kem ef til vill fram með breytingartillögu við 3. umr. um að áætlunin um tekjur af áfengistolli verði færð niður.

Það er að eins ein breytingartillaga komin fram við þennan kafla, frá háttv. þm. V.-Ísf. (Kr. D.) á þgsk. 776 og er það orðabreyting, sem ég hygg, að nefndin geti fallist á.

Kristinn Daníelsson: Mér þótti þessi orð: „*er eiga að hafast upp úr*“ óviðfeldin og bera nokkuð hversdagslegan keim og vildi að eins reyna að koma betra orðfæri á þetta.

ATKVÆÐAGR.:

Brt. þgsk. 776 samþ. með 11 samhlj. atkv.

1. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.

2.—6. gr. samþ. í e. hlj.

II. kafli (7—14. gr. incl.)

Framsögumaður (Steingrímur Jónsson): Eins og menn sjá á nefndarálitinu, og á breytingartillögum nefndarinnar á þingskjölunum 727—728, hefir nefndin ráðið háttv. deild til að gera allmiklar breytingar á þessum kafla; það eru þó ekki stórvægilegar breytingar í fjárhagslegu tilliti. Það er ekki farið fram á meiri gjaldaauka, af því að nefndinni þótti fjárhagurinn nokkuð þröngur, og af þessu leiddi, að nefndin getur því miður ekki tekið til greina ýmsar fjárbænir, er henni bárust, því að það er sannast að segja, að allmikill búnki af réttmætum bænum liggur í skjalasafni þingsins, sem alls ekki hefir verið sint.

Gjöldin eru í frumvarpinu áætluð 3,168,523 kr. 34 aurar. Ef breytingartillögur nefndarinnar verða samþyktar, hækka þau um 30 þúsund kr. og verða þá alls um 3 miljónir og 200 þús. kr.; þar er

með öðrum orðum kominn yfir 300 þús. kr. tekjuhalli, og því miður verður hann víst meiri, ekki sízt ef það er rétt að tekjur af áfengi séu settar 110 þús. kr. of hátt. Það verður því meiri en lítill tekjuhalli á fjárhagstímabilinu. Eg gaf áðan yfirlit yfir tekjur landsins á seinustu árum, en þessar tekjur eru dálítið breytilegar, þannig að það er misjafnt, hvaða tekjugreinir hækka. Áður vóru það tollarnir, sem hækkuðu, en þetta hefir breyzt. Tollar voru 1906—1907 áætlaðir 1,216,800 kr., en reyndust 1,569,039 kr. 1908—1909 1,293,000 kr., en reyndust 1,494,874 kr. 1910—1911 vóru þeir áætlaðir 1,670,000 kr. 1912—1913 1,450,000 kr.

Tollar eru því ekki gerðir eins háir næsta fjárhagstímabil og hið fyrirfarandi, af því að menn þykjast hafa séð fyrir, að þeir hækki ekki eins mikið og áður. Í öðrum tekjugreinum er aftur „*tendens*“ til hækkunar, einkum fer útflutningsgjaldið hækkandi. 1906—1907 var það áætlað 130,000 kr., en varð 324.606 kr. 32 aur, 1908—1909 var það áætlað 200 þús. kr., en reyndist 398 þús. 643 hundr. kr. og 24 aurar. 1910—1911 var það áætlað 240 þús kr. og 1912—1913 300 þús. kr.

Af öðrum tekjuliðum hafa símatekjur og tekjur af póstferðum oft reynst hærri en áætlað hefir verið, t. d. voru símatekjur á fjárhagstímabilinu 1906—7 áætlaðar kr. 22,500,00, en reyndust kr. 55,092,43. Á tímabilinu 1908—9 áætlaðar kr. 100,000,-00, en reyndust 151,529,14, og pósttekjur voru á tímabilinu 1906—7 áætlaðar kr. 80,000,00, en reyndust kr. 197,346,43. Á tímabilinu 1908—9 áætlaðar kr. 120,000,00, en reyndust kr. 201,187,89.

Eg hefi bent á þetta til þess að sýna, að við getum ekki búist við að tekjuhallinn verði teljandi minni í reyndinni en hann er áætlaður, þar sem aðaltekjulindirnar eru komnar að hámarkinu. Það má gera ráð fyrir að tekjuhallinn verði um 420 þús. kr. Upp í það er ekki annað en ca. 65 þúsund kr. tekjur af frumvörpunum um erfðaskatt, aukatekjur og vitagjald, og ef til vill má gera ráð fyrir ca. 130 þús. kr. tekjum af tolllagafrv., ef það verður samþykt á þinginu. Mismunurinn verður þá um 225 þús. kr., fyrir utan fjárveitingarnar á fjáraukalögum.

Við verðum að vera við því búnir, að fjárlögin sýni þetta, þegar þau fara héðan úr deildinni, falli atkvæðin svipað því sem nefndin leggur til.

Þá álít eg rétt að minnast á það, hvernig þessum útgjöldum, ca. 3,200,00 kr., er skift niður. Það eru aðallega 5 greinar fjárlaganna, sem eiga að geta sýnt, hvernig stefna þingsins í fjármálum er, nfl. 12. 13., 14., 15. og 16. gr. Að vísu eru einnig háar upphæðir í öðrum greinum, en það eru mest lögákveðin gjöld.

Eg skal fyrst benda á, að öll útgjöldin á fjárlögunum voru:

1906—07	kr.	2,250,999,64
1908—09	—	2,848,642,67
1910—11	—	2,994,440,33
en verða 1912—13 ca. kr.		3,200,000,00

Ef við gætum að, hvernig þessi hækkun útgjaldanna á síðastliðnum 6 árum og næsta fjárhagstímabili skiftist niður á einstakar greinar fjárlaganna, þá verður það á þessa leið:

12. gr. hækkar á þessum 4 fjárhagstímabilum úr kr. 240,000 í kr. 334 þús. með öðrum orðum hefir hækkað um tæp 50% og hefir hækkunin farið jafnt og þétt.

13. gr. var 1906—7 kr. 806,000. En þar er þess að gæta, að þá var greitt 300 þús. kr. tillag til byggingar landsímans. 1908—9 voru gjöld 13. gr. kr. 1,208,301, 1910—11 kr. 987,227, en á þessum fjárlögum, eftir því sem nefndin leggur til, kr. 1,034,300. Þessi grein fjárlaganna hefir hækkað stórum ár frá ári fram til fjárhagstímabilsins 1906—7, en síðan ekki teljandi, og jafnvel farið lækkandi nú upp á síðkastið. Þetta er athugavert, því að í þessari grein eru fjárv. til þýðingarmestu fram-

farafyrirtækja landsins, og ef dregið er úr útgjöldum þessarar greinar um stund, þá koma fyr eða síðar kröfur frá þjóðinni, sem ekki verður staðið á móti. Þess vegna álít eg það óheppilega fjármálastefnu, að draga úr útgjöldum þessarar greinar, því fremur sem þetta eru fyrirtæki, sem gefa töluverðar tekjur aftur, t. d. símar, vitar, póstgöngur o. fl. Eg býst við að eftirfarandi þing verði að hækka útgjöld 13. gr. til muna. En í þetta sinn hefir neðri deild ekki séð sér fært að fara hærra en þetta, rúmlega 1 miljón kr.

Þá er 14. gr.; hún hefir hækkað stórum stigum:

1906—07 kr. 307,126
1908—09 — 365,950
1910—11 — 502,004

Þar var mikil hækkun alt í einu, eftir gildandi fjárlögum, og hækkunin virðist ætla að halda áfram, því að í þessu fjárl.-frv. verða gjöld 14. gr., eftir till. nefndarinnar, 577,000 kr., þegar frv. fer héðan úr deildinni. Þetta er hækkun, sem ekki virðist auðvelt að stemma stigu fyrir, þar sem hún heldur áfram, án tillits til flokkaskiftingar á þingi.

Sama er að segja um 15. gr. Þar voru útgjöldin:

1906—07 . . . . . kr. 99,060
1908—09 . . . . . — 157,140
1910—11 . . . . . — 145,320
og 1912—13 má gera ráð fyrir — 163.340

Þá er 16. gr.:

1906—07 . . . . . kr. 340,020
1908—09 . . . . . — 336,920
1910—11 . . . . . — 439,520
og 1912—13 nálægt . . . . . — 440,000

Þar hafa því gjöldin stöðugt hækkað og má búast við, að því haldi áfram, þó að á þessu þingi hafi komið fram sú stefna að draga úr útgj. þessarar greinar.

Með þessu yfirliti vildi eg sýna hv. deild, að það virðist ómótstæðilegt lögmál, að gjöldin fari stöðugt hækkandi. Þó að dregið sé úr útgjöldum einnar gr. í eitt skifti, þá hækkar þeim mun meira annarstaðar, svo sparnaðarins gætir ekki, þegar alt er lagt saman. Við þessu er ekkert að gera, enda eru engin vandræði á ferðum fyrir því. En eitt er víst, að það verður fyrst og fremst að hafa það hugfast, að tekjurnar haldist í hendur við gjöldin. Þær hafa gert það hingað til og gera það ef til vill líka þetta yfirstandandi fjárhagstímabil. En það er áreiðanlega engin von um að þær hrökkvi til á næsta fjárhagstímabili, nema þá að einhver verulegur tekjuauki fáist.

Þá skal eg minnast á breytingartillögu nefndarinnar á þskj. 727.

Fyrst eru tvær breytt. við 8. gr. frv. Nefndinni þótti betur fara á að nefna dagsetningu lánanna. Fyrra lánið mun hafa verið tekið 18. desember 1908, eða að minsta kosti er stimpilgjaldið borgað þann dag. Hitt lánið er tekið 26. júlí 1909, en talið frá 1. s. m. Nefndin gerir ráð fyrir, að hv. deild fallist á þessar br.t.

Þá er 3. breytt. á þskj. 727 við 9. gr. frv., að í staðinn fyrir 5000—5000—10000 komi 4000—4000—8000 til Landsbankans fyrir að gegna landfógeta störfum. En þessa tillögu tekur nefndin aftur. Ástæðan er sú, að eftir að nefndin hafði gert þessa br.t., átti gjaldk. landssjóðs tal við nefndina og sýndi henni fram á að þessi upphæð, 4000 kr. á ári, væri of lítil; þess vegna réð nefndin af að taka till. aftur.

Þá er 4. br.t. á sama þskj. Þar leggur nefndin til, að hækka laun yfirskoðunarmanna landsreikninganna. Þau hafa verið 400 kr. alt frá 1875; en það eru alt of lág laun, því að verkið er vitanlega mikið og fer alt af vaxandi. Auk þess vil eg benda á, að ef launin eru of lág, þá er hætt við að endurskoðunin verði ekki eins vandvirknislega af hendi leyst og þarf að vera, og verður ef til vill töluendurskoðun. Enn fremur má benda á, að það stefnir nú alt í þá átt, að láta yfirskoðunarmenn landsreikninganna endurskoða fleira

en reikninga sjálfs landsjóðs, að láta þá einnig endurskoða ýmsar aukadeildir landssjóðsins, t. d. reikninga ræktunarsjóðsins, fiskiveiðasjóðs, byggingarsjóðs, o. fl. Enda er það fyllilega rétt, því að reikningar þessara sjóða varða landið ekki minna en aðalreikningar landssjóðs. En ef störfin eru aukin til muna, þá verður líka að auka launin

5. br.t. á sama þskj. er að eins orðabreyting. Orðalagið virðist ekki rétt á liðnum eins og hann er, þar stendur: „til aðstoðar löggæzlu . . . . og tolleftirlits“. Tollheimtan liggur undir sýslumann í Eyjafjarðarsýslu og hann hefir tolltekjurnar. Því þykir nefndinni betra að orða liðinn á þessa leið: til lögregluefirlits um síldveiðitímann. Auðvitað nær lögregluefirlit einnig til eftirlits á því, að tollsvik eigi sér ekki stað.

Þá er 6. brt., við 12. gr. 3., að sá liður falli burt. Nd. hefir sþ. 400 kr. styrk til hreppsnefndarinnar í Hólshreppi í Norður-Ísafj s., til þess að útvega lækni til að setjast að í Bolungavík, þó með því skilyrði, að lækninum verði greiddar 800 kr. á ári annarstaðar frá. Nefndin getur ekki fallist á þetta. Ísafjarðarlæknishérað var mjög stórt hérað áður, og þessvegna var skipaður aðstoðarlæknir á Ísafirði. Á síðasta þingi voru ennfr. teknir 4 hreppar af héraðinu og myndað nýtt hérað, Nauteyrarlæknishérað. En nefndinni sýnist alt of langt farið, ef nú á að setja 4. lækninn í þetta hérað. Nefndin vill því taka aðstoðarlækninn burt frá Ísafirði og setja hann í Bolungavík, en þó því að eins að hann fái 400 kr. þóknun á ári annarstaðar að, og býst nefndin við að héraðsbúar verði fúsir á að leggja til þá upphæð. Það er enginn vafi á því, að aðstoðarlæknirinn ætti fremur að sitja í Bolungavík en á Ísafirði við hlið héraðslæknisins. — Í sambandi við þessa tillögu nefndarinnar er 7. brt. að 3. liður 12. gr. frv. falli burt.

Þá er 8. brtill. við 12. gr. 6. Þar er það gert að skilyrði fyrir styrk til augnlæknis að hann hafi ókeypis klínik handa fátækum mönnum einu sinni í viku. Hinir sérfræði-læknarnir, sem styrks njóta, eiga aftur á móti að hafa ókeypis klínik að eins tvisvar í mánuði. Nefndin vill láta eitt yfir þá alla ganga, og því leggur hún til að orðin „hinn fyrstnefndi . . . síðarnefndur“ falli burt úr athugasemdinni. Aftur vill nefndin að allir þessir læknar hafi ókeypis klínik 3 sinnum á mánuði, og út á það gengur 9. br.till. Það má ekki hafa þessa klínikdaga of fáa, því að gætandi er að þeir eru jafnframt aðallærdómsdagar nemenda á læknaskólanum, í þessum lækningagreinum.

Þá er 10. br.till., að bæta við nýjum lið: styrk til að koma upp sjúkraskýlum. Þessi liður er á gildandi fjárlögum, en hefir einhverra hluta vegna fallið burt í frv. stjórnarinnar. En nefndin vill setja liðinn inn aftur. Tilgangurinn er sá, að landsjóður styðji að því, að sjúkraskýli komist smátt og smátt upp sem allra víðast. Og með því að veita 3000 kr. á ári með þessum skilyrðum, sem sett eru, má gera ráð fyrir að 2—3 sjúkraskýli verði bygð á hverju fjárhagstímabili, og gætu þá flestir læknar haft sjúkraskýli eftir svo sem 10—20 ár. En til þess að styrkurinn verði notaður, og með þeim skilyrðum, sem sett eru, má hann ómögulega vera lægri en þetta, nfl. $^1/_3$ af byggingarkostnaðinum. Hann var minni áður, en þá þótti naumast tilvinnandi að sækja um hann. Landlæknir skýrir frá, að það liggi fyrir 3 eða 4 beiðnir um styrk á næstu árum, og því verður ekki neitað, að bygging sjúkraskýla á læknasetrum er hið mesta nauðsynjamál og víða einasti vegurinn til þess að geta fengið almennilega lækna, og haldið þeim, því þeir vilja ógjarnan setjast að utan kauptúnanna nema þeir hafi sjúkraskýli.

Þá vil eg enn minnast á eitt atriði í 12. gr. frv.: heilsuhælið á Vífilsstöðum. Það kom beiðni til nefndarinnar, frá stjórn

Heilsuhælisfélagsins, um að hækka árstyrkinn upp í 25 þús. kr. En nefndin getur ekki fallist á að hækka þennan styrk frá því sem nd. hefir ákveðið. En svo kom ennfremur beiðni um að landsjóður ábyrgist 120 þús. kr. lán fyrir hælið. Félagið hefir hugsað sér að fá þetta lán í sparisjóðnum Bikuben, og hefir fengið ádrátt um að fá það, með ábyrgð landsjóðs, til 50 ára og með 4% vöxtum. Þetta eru góð kjör og nauðsynlegt fyrir hælið að geta notað sér það. Nefndin áleit þó ekki fært að taka þessa málaleitun til greina hér í deildinni. Það er of mikið í ráðist fyrir efri deild án þess að bera sig saman við neðri deild. En eg hygg, að nefndin mundi ekki setja sig á móti þessu, ef nd. verður því samþykk. Það er svo ástatt, að það má heita óhjákvæmilegt að gera eitthvað í þessu máli. Landsjóður hefir lánað hælinu 75 þús. kr. bráðabirgðalán. Þetta á því hælið að greiða aftur, en getur það ekki nema með því að fá lán, og getur ekki fengið lán með aðgengilegum kjörum, nema gegn ábyrgð landsjóðs. Þingið er því bundið í báða skó. Þessi aðferð stjórnarinnar, að lána heimildarlaust 75 þús. kr. úr landsjóði, er aðfinningarverð; en auðvitað hefði hitt líka verið ilt, að láta byggingu hælisins stansa í miðju kafi vegna fjárskorts. — Eg hefi fengið í hendur efnahagsreikning félagsins og skal leyfa mér að lesa upp nokkra liði úr honum.

Tillög og gjafir hafa numið kr. 60,800
Vextir af peningum . . . . — 3,862.
Þetta er til samans 64½ þús. kr.

Auk þess hefir félagið fengið að gjöf 10 þús. kr. í einu lagi, sem ekki má snerta við, nema vöxtunum til ákveðins augnamiðs. — Annað fé til hælisins hefir verið tekið að láni, samtals kr. 248,747. Þar af 148,747 kr. í Bikuben og 100 þúsund hér, nfl. 75 þús. úr landsjóði og 25 þús. í íslenzkum bönkum.

Þessu fé hefir verið þannig varið:

Byggingarkostnaður . . . kr. 283,000.
Vextir . . . . . — 8,290.
Reksturskostnaður til nýárs — 8,450.
Ýmisleg útgjöld . . . . . — 7,792.
Alt til samans rúml. 307 þúsund kr.

Þá kem eg að brtill. við 13. gr.

1. br.till. frá nefndinni við þessa gr. fer fram á að hækka laun aðstoðarverkfræðingsins upp í 2700 kr. Landsverkfræðingurinn álítur að í þá stöðu muni vera torvelt að fá mann, með fullkominni verkfræðingsmentun, ef launin eru lægri, og því leggur nefndin eindregið með því að þessi brtill. verði samþykt. Maður sá er nú gegnir starfa þessum hefir lofað að vera áfram, ef hann fær 2700 kr., annars ekki.

Nefndin sér sér ekki fært að hækka útgjöld til vega mikið á þessu þingi, en þó verður hún að leggja til að veittar verði 20 þúsund krónur til Borgarfjarðar-brautarinnar; sérstaklega af því, að verkfræðingur landsins hefir skýrt frá, að ef þessi upphæð sé veitt, muni ekki vanta nema 10—15000 kr. til að fullgera brautina. En til þess að fá þetta fé, hefir nefndin meðal annars lagt það til, að ekki verði byrjað á Skagafjarðarbautinni fyr en síðara ár fjárhagstímabilsins, enda er vegurinn upp frá Sauðárkróki góður og hestahaldið mjög ódýrt í Skagafirði.

Þá vil eg minnast á Reykjadalsbrautina. Hún er nú komin því sem næst miðja vega. Og má vafalaust sýna fram á, að hún verði töluvert ódýrari en áætlað er, líklega að hún kosti ekki yfir 85 þúsund krónur. En til hennar verður búið að verja 50 þús kr. í árslokin 1911, og vill nefndin veita til hennar 15,000 kr. fyrra árið, en 5,000 kr. síðara árið. Verði brautin ekki dýrari en 80—85 þús. kr., vantar ekki til að fullgera hana nema 10—15 þús. kr. og má ef til vill veita það fé á fjáraukalögum fyrir árið 1913, svo verkinu verði þá lokið og mundi það verða Suður-þingeyingum hið mesta gleðiefni. Enda er

braut þessi mikið nauðsynjamál, og hygg eg að varla hafi nokkur akvegarkafli verið eins mikið notaður þegar í byrjun og þessi brautarstúfur. Enn fremur vill nefndin veita fé til brúargerðar á Öxará við Þingvöll, og hækkar því fjárveitinguna til viðhalds akbrauta um 1500 kr. fyrra árið, en steinsteypubrú á ána kostar 1500 kr. Aftur á móti vill nefndin lækka fjárveitinguna til brúargerðar á Haffjarðará um 2000 kr., því landsverkfræðingurinn hefir upplýst, að brú á ána muni ekki kosta yfir 10000 kr. Þá leggur nefndin til, að fella burt fjárveitingarnar til þjóðvega í Austur-Skaftafellssýslu og milli Hjarðarholts og Ljárskóga. Lítum vér svo á, að engin ástæða sé til að taka þessa vegakafla fram yfir aðra þjóðvegi á landinu. Þá kem eg að framlögum úr landssjóði til sýsluvega.

Síðasta þing veitti til Hvammstangavegarins 5000 kr., gegn jafnmiklu tillagi frá sýslunni. Til þess að koma veg þessum í samband við þjóðveginn vantar 2,300 kr. En nefndin álítur rangt að veita fé til sýsluvega, nema því að eins, að sýslurnar leggi á móti. Og þess vegna vill nefndin ekki veita meira en 1000 kr. og á sú upphæð að nægja, ef sýslan leggur jafnmikið fé fram, því af fjárveitingu síðasta þings eru óeyddar 3—400. Næsta brtill. er um Keflavíkurveginn, að færa fjárveitinguna til hans niður, úr 7500 kr. í 5000 kr. hvort árið. Vegagerð þessari er nú svo komið, að búið er að leggja rúmar 26 rastir, en eftir eru 14 rastir. Af fjárveitingunni fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil er óunnið fyrir 15000 kr. Verði nú veittar 15000 kr., er það sama sem að til þessara 14 rasta verði veittar samtals 45,000 kr. eða fullar 3,200 kr. fyrir hverja röst. Er það óþarflega mikið og eru akbrautirnar varla svo dýrar, og þessi vegur þó 1 alin mjórri 20 þús. kr. fjárveiting hlýtur að nægja til að lúka við veginn alla leið til Keflavíkur.

Þá er brtill. um að í staðinn fyrir til gufuskipafél „Thore“ komi til gufuskipaferða. Eins og kunnugt er, eru skiftar skoðanir um það, hvort „Thore“-samningurinn sé gildur eða ekki, en hvað sem því líður, þá telur nefndin heppilegast að fjárveitingin sé ekki bundin við nafn. Það gefur stjórn landsins frjálsari hendur, enda er auðsætt, að hugsast getur að einhverjir þeir atburðir komi fyrir, að samningurinn hætti að gilda og á stjórnin þá að hafa heimild til að semja við einhvern annan um ferðirnar.

Þá leggur nefndin til, að hækkaður sè styrkur Faxaflóabótsins úr 12 upp í 14 þúsund.

Nefndin hefir haft reikning félagsins með höndum og sýnir hann, að útgjöldin hafa orðið 39 þúsundir, en tekjurnar, fyrir utan landssjóðsstyrkinn, að eins 28 þúsund, og er því augljóst, að félagið hlýtur að vera í kröggum, því innborgað hlutafé er 28,000 kr., en skuldirnar um 48 þús. Hinsvegar er báturinn bráðnauðsynlegur fyrir póstflutningana, og spara póstsjóði ekki alllítið fé árlega.

Þá leggur nefndin til, að fjárveitingin til starfrækslu loftskeytasambands til Vestmannaeyja falli niður, og er það sjálfsögð afleiðing af meðferð háttvirtrar deildar á tilsverandi lið í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911. Laun vitavarðarins við Elliðaeyjavitann leggur nefndin til að lækka niður í 400 kr., eins og þau voru í frv. stjórnarinnar. Hann hefir haft 200 kr. og virðist þessi hækkun nægileg. Fyrir lækkuninni á launum vitavarðarins á Siglunesi var gerð grein við umræðurnar um fjáraukalögin, og er því óþarft að tala um það hér. En aðalbrt. nefndarinnar við þennan kafla 13. gr., er að fella burt vitann á Bjargtöngum, en veita í þess stað fé til að reisa vita í Flatey á Skjálfanda. Bjargtangavitinn er algerlega óundirbúinn og allsendis óvíst að umsjónarmaður vitanna álíti þörf á að hafa þar

stóran vita, þegar hann rannsakar það mál. Eins líklegt, að þar sé nóg að hafa litla lukt eins og t. d. á Langanesi. Um Flateyjarvitann hefir verið gerð áætlun og var það eini vitinn, sem stjórnin tók upp í frumvarpið, en svo feldi nd. hann í burtu. Með þessum vita mælir það sérstaklega, að hann er innsiglingarviti á Eyjafjörð og að með honum og vitunum á Skaga og Kálfshamri er fengið sæmilega fullkomið vitakerfi fyrir siglingar fyrir öllu Norðurlandi, frá Langanesi vestur undir Horn.

Þá kemur 14. gr. Nefndin ræður hinni háttvirtu deild til að fella athugasemdina við A b 2, um húsaleigustyrk til presta í kauptúnum. Það er algerlega gagnstætt tilgangi prestlaunalaganna, að veita þennan húsaleigustyrk. Lögin ætlast til að laun þau, sem þar eru ákveðin, séu sæmilega há, en þetta gæti dregið slæman dilk á eftir sér, ef samþykt væri.

Þá leggur nefndin til, að athugasemdin við A b 4 falli einnig burtu, en hún er um prestmötu á Grund í Eyjafirði, er greiðist nú prestinum í Grundarþingum og Akureyr arpresti, en með athugasemdinni er hún lögð til Grundarkirkju. Það virðist óviðeigandi að gera hér undantekningu, og það þó kirkja þessi sé hin veglegasta. Þá kem eg að aðalbreytingartillögunni við þessa grein og það er viðvíkjandi háskólanum. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að fjárframlag til háskólans sé veitt hér í samræmi við fjáraukalögin, þar sem ákveðið er að skólinn skuli verða settur á stofn 17. júní í ár og taka til starfa 1. október. Af þessu leiðir hækkun um 30,620 krónur á fjárhagstímabilinu og er aðalhækkunin fólgin í því, að laun til kennaranna hækka frá því sem nú er greitt til hinna þriggja hærri skóla um. 13800 kr. á ári, eða 27600 kr. á fjárhagstímabilinu. Er það sumpart launahækkun, en sumpart laun hinna nýju kennara. Þá er lagt til að námsstyrkur og húsaleigustyrkur sé hækkaður um 1280 kr. á ári eða um 2560 kr. á fjárhagstímabilinu. Enn fremur er lagt til, að styrkur til útgáfu kenslubóka sé hækkaður um 2000 krónur á fjárhagstímabilinu, eða um 1000 krónur á ári. Svo er ætlast til að styrkur til bókakaupa og ýmislegs hækki upp í 2009 krónur á ári, og er þá hækkunin alls 33,860 kr. Aftur sparast 3240 krónur í húsaleigu o. fl. við það að skólarnir færast saman, og verður þá aukinn kostnaður að öllu samantöldu 30,620 kr.

Þess skal getið, að nefndin er öll sammála um það, að hækka beri námsstyrkinn og styrk til bókaútgáfu. Aftur á móti er nefndin ekki sammála, hvort háskólinn skuli taka til starfa þegar næsta haust, en það atriði verður væntanlega nánar skýrt undir umræðum málsins. Í athugasemdinni við þennan lið er það tekið fram, að húsaleigustyrk og námsstyrk megi að eins veita reglusömum og efnilegum nemendum, og fari húsaleigustyrkurinn ekki fram úr 80 kr. og mesti námsstyrkur sé 280 kr. Getur enginn nemandi þannig fengið meira en 360 kr. styrk alls, eða 40 kr. fyrir hvern námsmánuð.

Þá er breytingartillaga við B IV, að nokkur orð athugasemdarinnar falli burt. Þetta er að eins orðabreyting, sem leiðir af því sem að framan er sett.

Þá eru 35. og 36. breytingartillögurnar, þar sem farið er fram á að hækka liðinn B V a um 400 krónur hvort árið, og er sú hækkun ætluð til persónulegrar launaviðbótar handa 3. kennara Akureyrarskóla. Laun hans eru lág og maðurinn er roskinn og þessarar launahækkunar maklegur.

Breytingartillaga 27. er að eins orðabreyting.

Þá er 38. breytingartillagan um kvennaskólann í Reykjavík. Nefndin viðurkennir að kvennaskólann í Reykjavík beri að styrkja, þar sem hann er í blóma og til mikils gagns fyrir Reykjavík og jafnvel alt landið. En þar sem þetta er privatskóli, virðist nefndinni rétt, að krafist sé fjár-

framlags annarstaðar að, til móts við landssjóðstyrkinn, og væri ekki illa viðeigandi, að skólagjalds væri krafist af námsmeyjunum, einkum hinum efnaðri. En þó ekki verði gerð svo mikil breyting, þá telur nefndin, að ekki sé farandi fram á minna tillag en 1500 kr. annarstaðar frá.

Þá er Blönduóss skólinn. Nefndin leggur til að liðurinn B VIII a 3 falli niður og er það í samræmi við, að ekki var veitt fé til byggingar þessa skóla. Að öðru leyti hefir nefndin enga afstöðu tekið til þessa máls.

Þá hefir nefndin orðið að gera redaktionsbreytingu á 14. gr. B. VIII, þar sem svo illa hefir verið gengið frá þessum lið, að hann er lítt skiljanlegur. Breytingin er í því fólgin, að koma betra skipulagi á niðurröðun undirliðanna.

Nefndin hefir orðið ásátt um að veita til unglingaskóla Ásgríms Magnússonar í Reykjavík alt að 500 kr. hvort árið, þar sem hún hefir fengið upplýsingar um, að hann sé vel útbúinn, og til þess, að hann njóti jafnréttis við slíka skóla, er einstakir menn stofna utan kaupstaðanna.

Þá er 46. breytingartillaga, þar sem nefndin fer fram á, að lækkað sé tillag til Flensborgarskólans úr 7000 krónum í 6000. Nefndin lítur svo á, að þetta sé ríflegt tillag til þess skóla, sem ekki er landsskóli. Sá styrkur hefir verið altof hár í samanburði við styrk til annara skóla. Eftir síðasta reikningi þessa skóla hafa rúmar 5000 krónur gengið til kenslu og ýmsra útgjalda við skólahaldið, en 2000 krónur hafa gengið til vaxta og afborgana af skuldum skólans. Skólinn ætti því vel að geta komist af með 6000 króna styrk.

Ef Flensborgarskólinn er borinn saman við aðra skóla, sem honum eru líkastir, svo sem kvennaskólana og unglingaskóla, þá er þar farið öllu ósparara með fé, og laun við hann eru tiltölulega há.

Þessi skóli er líka að verða meir og meir skóli fyrir Hafnarfjörð og nærliggjandi sveitir, og því ætti að koma styrkur frá þeim sveitum, til móts við landssjóðsstyrkinn, enda er skólinn upphaflega gefinn því héraði.

Ef 6000 krónur eru veittar til þessa skóla, þá má telja það mjög ríflegan styrk.

Mér hefir verið næst skapi að gera það að skilyrði, að skólinn væri styrktur annarstaðar að. En að sjálfsögðu verða Hafnfirðingar og nærsveitirnar að hlaupa undir bagga hér, ef skólanum nægja ekki þessar 6000 krónur.

Fram að 1909 hafði þessi skóli ekki meira tillag frá alþingi en 4000—4500 krónur, og komst af með það.

Þá hefir nefndin fallist á, að færa upp styrkinn til sundkenslu utan Reykjavíkur um 200 krónur á ári og felst hin háttvirta deild væntanlega á þá breytingu.

Loks er styrkur til leikfimisnáms handa sveitastúlkum, og leggur nefndin til, að sá styrkur sé bundinn við nafn ungfrú Ingibjargar Guðbrandsdóttur.

Verði breytingartillögur nefndarinnar við þessa grein samþyktar, þá aukast gjöldin um 21,800 krónur.

Eg hefi þá farið nokkrum orðum um helztu breytingartillögur nefndarinnar, og vil þá með örfáum orðum athuga þær breytingartillögur, sem einstakir menn hafa borið fram, og er þá fyrst breytingartillagan á þingskjali 771 við 12. grein um 700 kr. launaviðbót til héraðslæknisins á Hólmavík, til þess að ferðast um sitt eigið hérað. Nefndin álítur, að ekki geti komið til mála að veita honum launaviðbót þá, sem hér er farið fram á. Annað mál væri að veita lítinn lækningastyrk í fjárlögunum til fjarlægustu hreppanna, svo sem Öræfingum var veitt.

Eg vildi þá gera að skilyrði fyrir slíkri fjárveitingu, að hið nýstofnaða Reykjarfjarðarhérað yrði lagt niður, og mundi þá með ánægju gefa styrknum atkvæði mitt.

Þá er breytingartill. á þingskjali 775, um að styrkurinn til Önnu Magnúsdóttur

verði hækkaður um 500 krónur. Nefndin hefir fallist á, að láta þennan styrk halda sér óbreyttum, en vill á hinn bóginn ekki hækka hann. Telur annars varhugavert, að styrkja sjúklinga á erlendum sjúkrahúsum, þegar þeir eru sendir af einstökum mönnum, og eru í nefndarálitinu tekin fram skilyrði fyrir þessari fjárveitingu.

Þá er breytingartill. á þingskjali 780, frá háttvirtum þingmanni Akureyrarkaupstaðar. Þessa breytingartillögu getur nefndin ekki fallist á. Hún kemur í beina mótsögn við það, sem nefndin hefir haldið fram, sem sé, að nefna ekki Thorefélagssamninginn í þessum lið. Enda lítur meiri hluti nefndarinnar svo á, að Thorefélagið eigi ekki að fá sérstaka borgun fyrir flutning á pósti.

Breytingartillögunni á þingskjali 770, frá háttv. þingmanni Strandamanna, er nefndin algerlega mótfallin, og sér enga ástæðu til, að nú sé verið að leggja sérstaklega fé til þjóðvegar þess, sem þar er um að ræða. Á fjárlögunum 1908—1909 var veitt fé til þessa vegar, 3000 kr. fyrra árið.

Annars væri heldur þörf á, að hækka tillag til þjóðvega alment, og gæti þá stjórnarráðið varið því, þar sem mest væri þörfin.

Á þingskjali 774 er breytingartillaga frá háttvirtum þingmanni Vestur-Ísfirðinga og er þar farið fram á, að veitt sé til talsíma frá Ísafirði að Suðureyri í Súgandafirði 80% af öllum kostnaði við hann, í stað 66%, er farið var fram á, er þetta var til umræðu við meðferð fjáraukalaganna. Síðan hafa tveir atburðir orðið, sem áhrif hafa á þetta mál. Fyrst er það, að búið er að fella Vestmannaeyjasímann, sem á að ganga á undan þessum síma, og er miklu arðvænlegri, og í öðru lagi liggur fyrir þinginu frumvarp til laga um lagningu síma. Það er nú í neðri deild, en vænta má, að það fái góðan byr gegnum þingið. Nefndin leggur því á móti þessari breytingartillögu.

Breytingartillaga á þingskjali 756, frá háttvirtum þingmanni Skagfirðinga, fer fram á, að eftir tölulið A b 5 komi nýr liður: Til greiðslu álags á Viðvíkurkirkju fyrra árið 400 kr. Nefndina vantar allar upplýsingar um þetta mál, og er því ekkert hægt um það að segja að svo komnu.

Þá er breytingartillaga á þingskjali 772, frá háttvirtum þingmanni Vestur-Ísfirðinga, þess efnis að lækkað sé tillag til unglingaskóla utan kaupstaða úr 8000 krónum í 7000 krónur, en veita svo unglingaskólanum á Núpi í Dýrafirði 1200 hvort árið, á nýjum lið B VIII b 7. Nefndin getur alls ekki fallist á þessar breytingar, og vill aðvara deildina um að taka hér einn unglingaskóla fram fyrir annan. Hér hefir í einu lagi verið veitt til allra unglingaskóla, og er sjálfsagt að þeir keppi um þann styrk. Núpsskóli á engin sérréttindi að fá fram yfir aðra skóla, og væri mjög óréttlátt, að taka hann út úr. Enda hefir þessi skóli svo ötulan og góðan forstöðumann, að telja má víst, að hann fái allríflegan styrk af þessum 8000 krónum, sem veittar eru til unglingaskóla.

Loks er á þingskjali 779 breytingartillaga, um ferðastyrk handa Birni Jakobssyni leikfimiskennara, til þess að sækja alþjóðamót um líkamsuppeldi, 300 krónur fyrra árið. Þessari málaleitun fylgja beztu meðmæli forstöðumanns fræðslumálanna. Maður þessi er kennari við kennaraskólann hér og álitinn mjög efnilegur. Leggur nefndin með að þessi breytingartillaga verði samþykt.

Eg skal svo ekki segja meira að sinni, er enda orðinn nokkuð langorður.

Gunnar Ólafsson: Eg á enga breytingartillögu við þennan kafla, en það er þó ýmislegt, sem mér finst athugavert við breytingartillögur nefndarinnar, þó eg vilji ekki álasa nefndinni fyrir það, sem mér finst

miður fara. Það er svo hér sem oftar, að sitt sýnist hverjum. Maður verður að virða viðleitni nefndarinnar til þess að leiðrétta misfellur þær, sem voru á fjárlögunum frá háttvirtri neðri deild og með tilliti til þess að fjárhagurinn er ekki góður hefir hún sjálfsagt haft huga á því að spara útgjöldin.

Mér hefir þó fundist háttvirt nefnd helzt til sparsöm að sumu leyti, og kannske full ríf að öðru; um þetta má raunar þrátta, en eitt atriði vildi eg þó benda á, sem miður viðeigandi, það er 17. breytingartillaga nefndarinnar við 13 gr. B. III. 4, að feldur sé niður þjóðvegurinn í Austurskaftafellssýslu, svo og þjóðvegurinn milli Hjarðarholts og Ljárskóga.

Háttvirtur framsögumaður tók það fram, að nefndin hefði þá skoðun að flutningabrautir ættu að sitja í fyrrirrúmi fyrir þjóðvegum, og því yrðu þeir að bíða fyrst um sinn, og bar hann þar fyrir sig álit verkfræðingsins. Það er rétt að verkfræðingurinn hefir þessa stefnu og skal eg ekki deila um það, en þótt flutningabrautir sé sjálfsagt og réttmætt að styðja, þá er það engu síður um þjóðvegi, að minsta kosti að nokkru leyti.

Það er óviðfeldið, sem nefndin leggur til um þjóðvegi, er hún vill ekki sinna þeim, því þó að hún vildi leggja mesta áherzluna á flutningabrautirnar, þá eiga þó þjóðvegirnir einhvern rétt á sér. Austur Skaftafellssýsla hefir ekki hingað til verið kröfuhörð, enda ekki hlotið mikið úr landsjóði, svo eg viti, og því fremur virðist sanngjarnt að þetta fái að standa, eins og háttvirt neðri deild hefir gengið frá því. Þessi vegur er mjög nauðsynlegur að sögn kunnugra manna, og er sjálfsagt að hlynt sé að öllum héruðum landsins og bætt úr, þar sem þörfin er mest.

Eg vildi því leyfa mér að leggja það til, að þessi uppástunga nefndarinnar nái ekki fram að ganga, sérstaklega að því er kemur til Austur Skaftafellssýslu.

Eins og eg tók fram í upphafi, hefi eg ekki komið fram með neina breytingartillögu við þennan kafla og mun því ekki verða langorður, en vil aðeins benda lítillega á fá atriði.

Eg felli mig vel við athugasemd nefndarinnar um gufubátsferðir og mótorbáta. Að eins vil eg skjóta því til hinnar háttvirtu nefndar, hvort hún vilji ekki bæta aftan við athugasemd sína að ferðaáætlanirnar verði samdar í samráði við sýslunefndirnar, sem hlut eiga að máli.

Sýslunefndirnar eru kunnugri, hvernig til hagar og geta betur ákveðið, hvernig ferðum skuli haga, en stjórnarráðið, og tel eg því réttmætt, að þær hefðu að nokkru frumkvæði um ferðirnar.

Þar sem nefndin leggur til að liðurinn um starfrækslu loftskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja falli niður, þá er það í samræmi við það að fjárveitingin til loftskeytasambands félli niður í fjáraukalögunum. Eg mæli með að þessi liður sé þó látinn standa enn, þar sem ekki er óhugsandi, að til loftskeyta verði veitt. Frumvarpið er einmitt nú til umræðu í háttvirtri neðri deild.

Þó að það mál komi lítið við mig, þá kann eg illa við þetta skilyrði fyrir fjárveitingu til kvennaskólans í Rvík, að 1500 kr. komi annarstaðar frá. Eg veit ekki, hvaðan það fé ætti að koma. Og að hinu leytinu álít eg ekki sanngjarnt að heimta fé til skólans á þennan hátt, því það er í rauninni sjálfsagt, að landið leggi fram fé til mentunar kvenna, engu síður en karla; það horfir engu síður til þjóðþrifa.

Sömuleiðis vil eg geta þess, að eg felli mig ekki við, að styrkurinn til Blönduósskóla verði feldur niður. Mér finst það hálf óviðkunnanlegt, að enginn slíkur skóli sé til á Norðurlandi, og þessi skóli hefir verið til mikils gagns og hefir verið rekinn með miklum dugnaði og kostnaði af hálfu sýslunnar. Eg held, að það sé rétt að veita þennan styrk til að halda áfram

skólanum, því að sýslubúar munu vera einráðnir í því að byggja hann upp aftur. Eg vildi að eins taka þetta fram, að eg álít heppilegra að komast að annari niðurstöðu í þessum efnum.

Kristinn Daníelsson: Eg ætla að eins að minnast á nokkrar breytingartillögur, sem eg hefi komið með, og skal vera eins stuttorður eins og eg get. Þá er fyrsta brtill. á þingskjali 775, að hækka styrk til Önnu Magnúsdóttur úr 1000 upp í 1500 kr. Eg er nákunnugur gangi þessa máls frá upphafi. Fósturföður stúlkunnar þótti upphæðin, sem neðri deild vildi veita, mjög svo skorin við nögl, og hefir hann beðið mig að reyna að koma fram leiðréttingu á þessu máli. Kostnaðurinn við veru stúlkunnar á ljóslækningastofnuninni í Khöfn var yfir 3000 kr., og hefi fósturfaðir stúlkunnar borgað þann kostnað einn En því var svo varið, að hann hafði gjört sér von um að fá nokkuð af kostnaðinum endurgreitt úr landssjóði samkv. 77. og 78. gr. fátækralaganna frá 1905. Fyrst þegar barnið fór, var álitið að það þyrfti ekki að vera nema stuttan tíma, 2 til 3 mánuði. En það reyndist svo, að tíminn varð miklu lengri.

Eg skal enn fremur geta þess, að tveir sýslumenn í Hafnarfirði hafa hvor á eftir öðrum lýst því yfir afdráttarlaust, að viðkomandi fósturfaðir og sveitarfélag mundu ekki þurfa að borga nema þessar tilteknu 200 kr., en afgangurinn mundi verða greiddur úr landsjóði. Og í því trausti var barnið látið vera svona lengi á lækingastofnuninni. Eg veit til þess, að fleiri lögfræðingar hafa látið í ljósi þá skoðun, að endurborgun mundi fást úr landsjóði með því að fara í mál. En maðurinn er fátækur og treystist ekki til þess að bera kostnað af máli þessu. Eg hefi ekki getað borið mig saman við nefndina um þetta, og eg skal geta þess, að eg var ekki búinn að lesa nefndarálitið, þegar eg kom fram með tillöguna. Neðri deild hefir veitt 1000 kr. og fjárlaganefnd efri deildar hefir sett það að skilyrði, að fénu væri að eins varið til áfallandi lækningakostnaðar, en ekki til greiðslu þess kostnaðar, sem þegar er áfallinn. Svo að viðkomandi fósturfaðir á ekki að fá neinar bætur upp í tilkostnað sinn, þrátt fyrir það, að hann er kominn í sökkvandi skuldir einmitt fyrir það, hve miklu hann hefir orðið til að kosta til lækningar barninu. Sjúklingurinn var búinn að vera $2^1/_2$ ár á stofnuninni, og kom þá hingað til þess að dvelja hér um tíma, því að lækningunum er svo hagað, að sjúklingarnir þurfa að hafa nokkra hvíld á milli. Það var ætlast til að barnið yrði hér fram yfir nýjár, en þá skrifaði læknirinn við ljóslækningastofnunina beint eftir því, með því að ekki mætti dragast að byrja á lækningunum aftur. Þá var stúlkan aftur látin sigla í því trausti, að nokkur styrkur mundi fást úr landssjóði. Eg hefi komið með þessa tillögu eftir tilmælum fósturföður barnsins og vil mæla sem bezt með því að styrkurinn sé ríflegur nokkuð. En verði það ekki gjört, þá finst mér þó að að allra sízt megi setja þetta skilyrði, að fósturfaðir barnsins megi ekki njóta afgangsins, ef þessar 1000 kr. skyldu gera betur en að hrökkva fyrir áfallandi kostnaði.

Þá er næst brtill. mín á þingskjali 774 við 13. gr. D. II. um talsíma frá Ísafirði til Suðureyrar í Súgandafirði. Eg þarf ekki að fjölyrða um þetta nú, því að eg talaði um það þegar fjáraukalögin voru til umræðu. Eg skal að eins minnast á það atriði að í tillögunni er gert er ráð fyrir 20% kostnaðarins frá héraðsbúum.

Til þessa liggju þau drög, að þegar Ísafjarðar — Patreksfjarðar símiinn var lagður, þá var samkomulag milli landsímastjóra og héraðsins, að héraðsbúar legðu til 20% af kostnaðinum, en allur kostnaðurinn er áætlaður 100,000 kr., svo að héraðsbúar áttu að leggja til 20,000 kr. En svo reyndist áætlunin svo rífleg, að kostn-

aðurinn við símalagninguna varð ekki nema 75,000 kr. Eigi að síður voru héraðsbúar látnir leggja til jafn-mikið, eins og gjört var ráð fyrir í fyrstu eða 20,000 kr., það er að segja miklu meira en 20%. Nú höfðu sýslubúar falið mér að reyna að að fá uppgjöf á þessu. Það fer eg samt ekki fram á, en hitt þykir mér sanngjarnt, að þeir fái í þess stað að sleppa með 20% af kostnaðinum við Súgandafjarðarsímann Eg hefi talað um þetta við landsímastjórann og hann var þessari tillögu meðmæltur. Eg skal þá ekki fara fleiri orðum um þetta. Mér skildist svo, að fjárlaganefndin væri því meðmælt um daginn að taka þessa fjárveitingu upp í fjárlögin, þó að hún vildi ekki setja hana inn á fjáraukalögin, og í því trausti kem eg nú með þessa tillögu. Þá er breytingartill. um fjárveitingu til skólans á Núpi. Háttv. framsögumaður sagði, að þessi unglingaskóli hefði ekkert fram yfir aðra slíka skóla, en það er ekki rétt. Það hefir verið lagt meira til hans en alment gerist. Bygt gott hús og gjörð fleiri mannvirki, meðal annars er þar gróðrarreitur, sem er notaður við kensluna. Og forstöðumaður skólans er nýtur maður og þjóðkunnur og hefir sýnt mikinn dugnað og ósérplægni í því að koma skólanum í gott horf. Því held eg, að það sé góð trygging fyrir því, að styrk til þessa skóla sé ekki á glæ kastað. Enda hygg eg að nefndin óttist það ekki, heldur mun henni miklu fremur ganga til sparnaður á landsfé, sem auðvitað er nauðsynlegur innan hæfilegra takmarka.

Þetta eru þá þær breytingartillögur, sem eg hefi komið með. En eg get ekki látið vera að minnast á nokkur önnur atriði, sérstaklega það sem nefndin leggur til um Keflavíkurveginn. Nefndin vill lækka tillagið til hans úr 7500 kr. niður í 5000 kr. hvort árið og hyggur að meira muni ekki þurfa. Eg skal taka það fram, að eg hygg að það hafi verið þegjandi samkomulag, eftir að héraðið bauðst til að leggja fram helming af kostnaði við þennan veg, að þingið ætlaði sér ekki að sleppa hendi af honum, fyr en hann væri fullgerður. En þessa áætlun nefndarinnar um kostnaðinn tel eg alveg óvísa. Og þó að ekki þyrfti alla upphæðina, þá næði það ekki lengra og væri ekki eytt því sem umfram væri. Framsögum. sagði, að eftir væru að eins 14 kílómetrar og kann vera að það sé rétt, mér er það ekki fyllilega kunnugt; en hitt get eg sagt með vissu, að það er áreiðanlega svo erfitt að leggja þennan veg, að það er engin furða þó hann sé dýr. Og einmitt þetta, að héraðsbúar hafa umyrðalaust viljað leggja á sig helming kostnaðarins, þó að vegurinn væri svona dýr, það sýnir bezt, hver þörf hefir verið á þessum vegi. Því það mun hafa verið álit flestra, að þetta væri vegur, sem landsjóður ætti að leggja einn. Það horfði svo við, þegar vegaplanið var gjört, að þá var ein einasta sýsla á landinu, sem ekki var nefnd, Gullbringusýsla. En þetta hérað átti auðvitað að fá sinn hlut af landsjóðsvegum eins og aðrir. En sem sagt, héraðsbúar álitu þennan veg svo ómissandi, að þeir vildu vinna til að að leggja á sig helming kostnaðarins. Nefndin vill nú að vísu veita næga upphæð til þess að ljúka við veginn, en álítur að þessi upphæð, sem hún stingur upp á, sé nóg. En eg vil benda á, að það væri illa farið, ef fjárveitingin skyldi svo ekki hrökkva til. Hitt gerði lítið til, þó hún væri óþarflega rífleg. Og undir engum kringumstæðum ætti að veita að eins 5000 kr. hvort árið. Ef upphæðin ætti öll að vera 10,000 kr., þá vildi eg heldur kjósa 7000 kr. fyrra árið og 3000 kr. seinna árið. Eg skal játa, að þar sem landsjóður hefir lagt til þessa vegar, þá hefði verið réttara að endurskoða vinnureikningana betur fyrir landsjóðs hönd. Eg hefi endurskoðað þessa reikninga, en með því að mig brestur þekkingu í þessum efnum, þá hefir það verið mestmegnis að eins tölu endurskoð-

un. En þar sem sá maður, sem hefir staðið fyrir verkinu, er duglegur maður og ráðvandur, þá er eg sannfærður um að vegurinn hefir orðið svona dýr eingöngu vegna þess, hve erfitt hefir verið að gera hann. Vegurinn liggur yfir hraunstorku og hefir því orðið að flytja ofaníburð í veginn langar leiðir að. Því er ekki hægt að bera þennan veg saman við aðra vegi, að því er dýrleika snertir. Eg hefi víða farið um landið og hefi aldrei farið um eins slæman veg og þarna var áður. Eg var í fyrstu alveg hissa að svona vegur skyldi vera til. Eg vona, að þessi fjárveiting verði látin standa, eins og hún er nú í fjárlagafrumvarpinu. Það er ekki neitt í húfi, þótt hún reynist of há, og það mun ekki vera tilætlun þingsins að sleppa hendinni af þessu verki fyrri en það er búið. Háttv. framsögum. sagði, að það hafi óvíða verið eins mikil gleði yfir vegagjörðum eins og yfir vegi, sem hann nefndi í Þingeyjarsýslu, en eg get sagt það sama hér, því menn hafa víst óvíða verið eins glaðir yfir nýjum vegi eins og héraðsbúar voru yfir vegi þeim sem hér er um að ræða.

Þá skal eg minnast á br.till. nefndarinnar 46. lið á þingskj. 127, þar sem nefndin vill lækka styrk til Flensborgarskólans úr 7000 kr. í 6000. Framsögumaður taldi það vera sanngjarnt, að sveitarfélagið legði nokkurn styrk til þess skóla, því að skólinn væri aðallega fyrir Hafnarfjörð; þetta er ekki rétt; nemendur í skólanum eru víðsvegar af landinu og svo mikil aðsókn að honum, að umsóknunum verður tæpl. fullnægt. Framsögumaður fann einnig að því, að kennurunum væri borgað óþarflega hátt kaup. Það hefir frá upphafi verið vandað vel til kennara við þennan skóla, og þá verður ekki komist hjá því að borga sómasamlega. Og borgunin er sannarlega ekki ofmikil. Til dæmis hefir 2. kennari ekki haft nema 700 kr. og er það algerlega óboðleg upphæð til að lifa af, enda mun nú nýlega vera búið að hækka laun hans upp í 850 kr. á ári og er það sízt of mikið. Hvað það snertir að sveitarfélagið eða sýslusjóður ætti að leggja eitthvað til skólans, þá mundi eg manna fyrstur vilja styðja að því, því að eg álít skólann gera hið mesta gagn. Eg mundi með ánægju leggja það til, að skólinn fengi styrk úr sýslusjóði, ef það væri hægt. En eg tel sýslusjóðinn alls ekki færan um það að bæta á sig útgjöldum, því að hann er allt af hlaðinn af öðrum skuldum. Enda er skólinn til þess fallinn, að njóta styrks af landssjóði, og vona eg að háttvirt efri deild fari ekki að draga úr þeirri upphæð, sem neðri deild hefir ánafnað honum.

Eg skal ekki þreyta háttv. deildarmenn með lengri ræðu; eg skal játa, að allar tillögur mínar ganga í þá átt að hækka útgjöldin og fellur mér það illa.

Eg tek undir, að það er nauðsynlegt að tekjur og gjöld á fjárlögunum standist nokkurnveginn á. En hins vegar skal eg benda á, að það er ekkert undarlegt, þótt útaf því kunni að bregða, þegar eins stendur á eins og nú, að veruleg breyting á skattalögum landsins stendur fyrir dyrum. Það er ekki furða, þótt erfitt sé um fjárhaginn, meðan svo stendur á, og í sjálfu sér ekkert hættulegt. Í því trausti vil eg mæla sem bezt með tillögum mínum að háttv. deild leyfi þeim framgang að öllu leyti eða svo miklu leyti sem hún sér sér fært.

Jósef Björnsson: Eg hefi leyft mér að koma með lítilfjörlega brtill. á þingskj. 756 um að tekið sé upp í 14. gr. fjárlaganna greiðsla álags á Viðvíkurkirkju. Háttv. framsögum. gat þess, að nefndin hefði ekki viljað taka afstöðu til þessarar tillögu af því, að hún hefði ekki sett sig inn í ástæðurnar fyrir henni. Eg vildi því með fáum orðum lýsa afstöðu þessa máls. Eg gæti að vísu látið mér nægja að vitna til þess sem eg sagði á þinginu 1909 og sem stendur í Alþt. 1909, 122—123, en með því,

að mér skildist að háttv. framsögum. ekki muna vel til þessa, vil eg leyfa mér að taka upp aftur aðalatriði málsins.

Þetta álag er svo til komið, að þegar Hofstaðaþing voru lögð niður árið 1861, þá voru makaskifti höfð á Hjaltastöðum og Viðvík og Viðvík gerð að prestsetri. Ári síðar, 1862, var kirkjan í Viðvík tekin út, og á hana lagt 200 ríkisdala álag. Þessa álags hefir verið krafist aftur og aftur af hlutaðeigendum, fyrst við Helga biskup Thordersen, síðan við Pétur biskup Pétursson og enn fremur við Hallgrím biskup Sveinsson, sem allir virðast hafa verið málinu hlyntir, en ekki getað komið því fram. Þegar nú fyrir nokkru, er söfnurinn tók við kirkjunni, var enn á ný gerð tilraun til að fá álagið greitt. Urðu um þetta talsverðar bréfaskriftir í gegnum prófastinn í Skagafjarðarprófastsdæmi til Hallgríms biskups Sveinssonar, og núverandi biskups. Af þeim málaleitunum varð þó ekki annar árangur en sá, að Þórhallur biskup Bjarnarson mælti með því, að þetta tillag yrði veitt, bæði sökum þess að þetta væri sanngirniskrafa og að kirkjan væri orðin hrörleg og fátæk. Mál þetta var tekið til athugunar í fjárlaganefnd háttv. neðri deildar á þinginu 1909, og eg hefi ástæðu til að ætla, að það hafi fengið samþykki nefndarinnar, því svo hefir einn nefndarmanna skýrt mér frá, en fyrir gleymsku komst tillagan ekki í brtill. nefndarinnar. Fyrir þá sök flutti eg brtill. 1909 hér í þessari háttv. deild um að álagið yrði greitt, en hún náði þá ekki samþykki, sökum þess, að fjárlaganefndin taldi réttast að stjórnin tæki greiðsluna á fjárlagafrumvarp sitt. En þetta hefir fráfarin stjórn ekki gert. Eg hefi þess vegna leyft mér að bera hana fram hér, enn á ný, þótt bezt hefði verið að hún hefði komið frá stjórninni. Nú hafa verið bréfaviðskifti um þetta mál síðan á þingi 1909. Þannig hefi eg 2 bréf í höndum frá biskupi til stjórnarráðsins, dags. 23. April 1910 og 22. Sept. s. á.. þar sem biskup mælir eindregið með því, að þetta álag verði greitt og að stjórnin taki það í fjárlagafrumvarp sitt. Í bréfi sínu 22. Sept 1910 farast biskupi þannig orð, að ætla má að hann telji kröfu safnaðarins fullkomlega réttmæta, og skal eg með leyfi forseta lesa lítinn part úr því bréfi:

„Úttektin frá 30. Júní 1862, sem löglega skuldbatt afhendanda til álagsgreiðslunnar, er nú í Landskjalasafni í bréfum og úttektum Hegranesþings 1851—1869". Góð og gild skjöl eru því til fyrir þessari kröfu sóknarmanna, og biskup telur þá eiga rétt til greiðslunnar. Eg skal ekkert um það dæma, hvort þeir eigi fullan lagalegan rétt til álagsins, en eg verð að taka það fram, og legg áherzlu á það, að þeir eiga að minsta kosti sanngirnisrétt til þess. Og eg tel engan vafa á því, að sóknarmenn muni leitast við að ná því með dómi, fáist ekki á annan hátt. Mér virðist að háttv. deild geti litið á þetta sem sanngirnismál, hvað sem líður lagahlið þe s.

Um leið og eg læt þetta nægja um þessa brtill., þá vildi eg minnast á eitt atriði í tillögum fjárlaganefndarinnar, þá tillögu hennar að fella niður fjárveitinguna til brautarlagningar í Skagafirði. Háttv. framsögum. sagði, að það sem aðallega hefði vakað fyrir nefndinni væri það, að vegir þar væru góðir. Eg vil nú leyfa mér að upplýsa, að sá vegur, vegurinn frá Sauðárkrók inn Skagafjörð, er víða alt annað en góður. Og það er ekki nema eðlilegt, að vegir í Skagafirði séu ekki góðir. Póstvegurinn liggur um sýsluna þvera, svo hans verður lítil not. Sýslufélagið hefir því orðið að kosta vegi um langar leiðir, og þótt landslag sé þar sumstaðar gott til vegalagninga, þá er líka allvíða mjög erfitt að leggja vegi og halda þeim við, og vegurinn frá Sauðárkróki inn að Víðimýri er mjög slæmur víða, það

get eg um borið, engu síður en háttv. framsm. Þessi ástæða er því ekki nægileg til að fella niður fjárveitinguna.

Svo er annað, að þar sem þessi braut er samkv. 3. gr. vegalaganna 13. April 1894 sett svo snemma á listann yfir flutningabrautir landsins, að hún er á undan 3 brautum, Eyjafjarðarbrautinni, Reykjadalsbrautinni og Fagradalsbrautinni, sem nú er lokið, eða þær vel á veg komnar, þá væri í mesta máta ranglátt að setja hana enn hjá með því að strika út fjárveitingu þá, sem háttv. neðri deild hefir lagt til hennar. Þetta hefir gefið mér ástæðu til að líta á, hver fjárframlög Skagafjarðarsýsla hefir fengið á fjárlögum síðustu ára. Eg hefi gengið í gegnum fjárlög síðustu 20 ár til að athuga þetta, og skal eg leyfa mér að skýra frá því sem eg hefi komist að.

Það er þá fyrst, að á fjárlögunum 1891, fyrir fjárhagstímabilið 1892—1893, eru veittar 2400 kr. til að koma á svifferjum á Héraðsvötnum. Eg skal þó geta þess, að önnur svifferjan féll síðar til landssjóðs, með því hún var flutt á aðalpóstferð. Á fjárlögunum eru það ár veittar 72,400 kr. til vegabóta.

Á næstu fjárlögum, 1893, fyrir tímabilið 1894—95, er veittur styrkur til brúargerðar á Héraðsvötnum 5000 kr. Sú brú kostaði miklu meira en tvöfalt meira. En það fé, sem á vantaði, var lagt til af sýslusjóði og gefið allmikið fé af einstökum mönnum. Í þessu sambandi skal eg geta þess, að það hefir ekki gert svo lítið til fyrir sýsluna, að þar hafa allar ár, sem nokkuð kveður að, verið brúaðar styrklaust á sýslunnar kostnað, að þessum eina litla styrk undanskildum. En það hefir eðlilega dregið úr gjaldþoli sýslubúa til annara samgöngubóta. Þetta ár voru veittar til vegabóta alls 141 þús. kr. Árið 1895, fyrir fjárhagstímabilið 1896—97, fær sýslan ekki neitt af 151 þús. kr., sem veittar eru til vegabóta. Á fjárlögunum 1897, fyrir árin 1898—99 fær hún heldur ekkert af 185,250 kr. sem veittar voru til vegabóta. Árið 1899, fyrir tímabilið 1900—01, fær sýslan ekkert af 166,600 kr. veittum til vegabóta. Á fjárlögum 1901, fyrir árin 1902—03, fær hún 600 kr. til dragferjuhalds af 175,100 kr., er gengu til vegabóta. Árið 1903, fyrir árin 1904—05, fær sýslan enn 600 kr. til dragferjuhalds og 1000 kr. til vegar frá Hofsós að Ökrum, gegn jafnmiklu tillagi úr sýslusjóði. Það ár voru veittar 272,200 kr. til vegabóta. Á fjárlögunum 1905, fyrir árin 1906—07, fær sýslan ekkert nema þessar 600 kr. til dragferjuhalds af 183,000 kr., sem það ár voru veittar til vegabóta. Árið 1907, á fjárlögunum fyrir 1908—09, fær sýslan enn 600 kr. til dragferjuviðhalds, af 307,100 kr., sem veittar voru til vegabóta. Á fjárlögunum 1909, fyrir fjárhagstímabilið 1910—1911, fær hún enn þessar 600 kr. af 246,300 kr., sem veittar voru til vegabóta. Með öðrum orðum, þá hefir Skagafjarðarsýsla fengið alls á þessum 20 árum 11,400 kr. til vegabóta af 1,898,950 kr., sem til þeirra hafa verið veittar á því tímabili. Hún hefir fengið til vega að jafnaði 570 kr. á ári af þeim 95 þús. kr., sem veittar hafa verið til hins sama að meðaltali hvert ár. Þegar við athugum, hve mikill hluti þetta er af vegafénu, þá sést að það er ekki nema $^1/_{166}$ partur af því. En Skagafjarðarsýsla er að tölunni til rúmlega $^1/_{20}$ hluti þjóðarinnar. Samkvæmt síðasta manntali voru þar 4,365 manns. Hvað Skagafjarðarsýslubúar leggi til landssjóðs, skal eg ekki telja hér, en mér er óhætt að fullyrða að þeir leggi til sinn skerf fullan eftir mannfjölda.

Eg sé því ekki annað, en að hér sé fullsæmilega að verið, þó að ekki sé enn dregið að byrjað sé á þessu mannvirki, sem Skagfirðingar ættu að hafa fengið fyrir löngu. Eg vil ekki ámæla nefndinni fyrir það, þó hún hafi lagt til að fella þessa

fjárveitingu niður. Eg vil að eins benda háttv. þingdeildarmönnum á sanngirnina í þessu máli.

Augúst Flygenring: Eg stend að eins upp til að andmæla þeim ástæðum, sem háttv. framsögumaður færði fyrir því, að nefndin hefði lækkað styrkinn til Flensborgarskólans um 1000 kr. Hann tók það fram, að ekki mundi nauðsynlegt að hafa hann hærri, því reikningurinn sýndi, að hann væri rekinn fyrir um 5000 kr. Það er að vísu að vissu leyti rétt, ef ekki er tekið tillit til þess, að skólinn skuldar. Hann er samkvæmt samningi skuldbundinn til að greiða í vexti og afborganir á næsta ári 1600—1700 kr. Það eru óhjákvæmileg gjöld, og verða ekki greidd nema úr skólasjóði. Þegar þess er gætt, hvernig varið er þeim styrk, sem skólinn nýtur úr landssjóði, þá munu menn sjá að fénu er ekki illa varið. Samkvæmt reikningi þeim sem hér liggur fyrir hafa um 4000 kr. verið notaðar til launa handa kennurunum. Skólastjóri hefir 1700 kr. laun, 1. kennari 1200 kr., 2. kennari 800 kr. Þess utan er borgað fyrir söngkenslu og tímakenslu 200—300 kr. Þegar svo við bætast vextir og afborganir 1700 kr., sem greiða þarf, þá eru ekki eftir af þessum 7000 kr. nema 1300 fyrir eldiviði, ljósi, viðhaldi á húsum og heimavist. Það er ekki stór upphæð, og sjá allir, að sparlega þarf á að halda, ef alt á að standast á endum. Eg þykist nú hafa hrakið það, sem háttv. framsm. sagði, að óþarft væri að ætla skólanum meira en það sem nefndin fer fram á. Skólinn hefir lán, sem ekki er hægt að breyta, svo hann getur ekki búist við neinni lækkun, hvorki í afborgunum eða vöxtum. Stjórnarnefnd skólans hefir reynt það sem hún hefir getað til að fá láninu breytt, en ekki tekist það.

Önnur ástæða nefndarinnar fyrir lækkuninni var sú, að þessi skóli væri héraðsskóli en ekki landsskóli. Þessu verð eg að mótmæla. Það er öllum kunnugt, að eftir stofnskrá skólans var stiftsyfirvöldunum falin umsjón með honum. Þau áttu að skipa stjórnarnefnd hans og til þeirra átti að senda skýrslur um skólann. Hann var þá undir eins og lagður undir umsjón landsstjórnarinnar. Þegar stiftsyfirvöldin voru lögð niður, kom stjórnarráðið í þeirra stað. Það hefir sömu skyldur og stiftsyfirvöldin höfðu áður. Eg skal leyfa mér að taka það fram, að stjórnarnefnd skólans hefir aldrei gengið fram hjá stjórnarráðinu. Áður en skólastjórnin réð það af að taka lán til að byggja skólann upp, leitaði hún fyrst ráða hjá stjórnarráðinu. Það vildi að lánið yrði tekið, heldur en að skólinn legðist niður, án þess þó, að það gæti ábyrgst, hvernig fjárveitingarvaldið tæki í það að afborga kostnaðinn. Skólastjórnin tók svo lánið í því trausti, að þessi elzti og fyrsti vísir til ungmennafræðslu hér fengi að njóta styrks úr landssjóði.

(**St. J.**: Hvað eru skuldirnar?)

Aðalskuldin er 10 þús. kr., sem afborgast með 1000 kr. á ári — hinar skuldirnar eru minni. Vextir og afborganir af þeim eru, eins og eg sagði áðan, milli 1600—1700 kr. á ári. Markmiðið er að borga þessar skuldir á 8—9 árum, þá ættu þær að vera horfnar, ef skólinn fær að njóta sama styrks og nú.

Eg er ekki í neinum vafa um það, að þessi skóli hefir orðið að miklu gagni fyrir alþýðufræðsluna í landinu. Hann hefir verið mest sóttur af fátæku fólki, sökum þess, að því hefir verið kleift að lifa þar sökum heimavistanna — þær eru nú 28. Þar hafa nemendurnir sameiginlegt mötuneyti, sem ekki hefir kostað þá meira en 50 aura á dag; stundum tæplega 50 aura, stundum liðuga 50 aura. Þess vegna hefir fátæka fólkið getað sótt hann. Það er einmitt á þetta, sem eg vil leggja mjög mikla áherzlu. Séu það ekki orðin tóm hjá háttv. þingmönnum að taka beri tillit til fátæka fólksins, þegar talað er um

mentun þjóðarinnar, þá eiga þeir að sjálfsögðu að styrkja þennan skóla, þar sem fátækt fólk getur fengið góða undirbúningsmentun.

Þessi skóli hefir haft mikla þýðingu fyrir alt landið. Þegar eg man fyrst eftir honum, voru þar nemendur víðsvegar af landinu. Þó að í seinni tíð hafi gengið í hann nokkuð margir unglingar í Hafnarfirði og minna hafi komið utan af landinu tiltölulega, einkum síðan vegur gagnfræðaskólans á Akureyri óx svo mjög, þá má ekki blanda því saman; því bæði er það, að Flensborgarskólinn hefir nú miklu fleiri nemendur en hann hafði áður, og svo er það ekki nema eðlilegt, að þar sem skóli er í fjölmennu þorpi, að hann sé tiltölulega mest sóttur. Því mun vera svo farið um Mentaskólann hér í Reykjavík, að hann sé mest sóttur af Reykvíkingum og Gagnfræðaskólinn á Akureyri af Akureyrarbúum o. s. frv. Sú ástæða, að skólinn sé mest sóttur af þeim sem næst búa getur því ekki orðið til að rýra álit hans. Þetta var það helzta, sem eg vildi taka fram. Sé um það að tefla, að héraðið styrki skólann, þá get eg tekið undir með háttv. þm. V.-Ísf. (Kr. Dan.) um það, að því er það illkleift fyrir skuldum, og eins er um Hafnarfjörð. Kaupstaðurinn hefir haft mikinn kostnað og orðið að taka stór lán til ýmsra fyrirtækja, t. d. barnaskólans. Eg álít, að það sé ekki takandi í mál að klípa af tillaginu til Flensborgarskólans; hann getur ekki komist af með minni upphæð en þetta; um það er eg sannfærður af reikningum síðustu ára. Eg veit heldur ekki til að nokkur hafi fundið að þessum styrk, og eg vil benda á, að í samanburði við nemendafjöldann er hann mjög lítill. Eg vonast til að háttv. deild lofi styrknum að halda sér, og að hún sjái að því fé sé vel varið.

Sigurður Hjörleifsson: Eg ætla ekki að fara hér út í öll þau atriði, er mig greinir á um við háttv samnefndarmenn mína, enda eru þau ekki stórvægileg, og mun eg sýna það við atkvæðagreiðsluna, hvar mig skilur á við þá.

Það er aðgætandi, að fjárhagurinn er ekki glæsilegur að öllu leyti, eins og stendur. Hátttv. framsögum. lýsti honum í ræðu sinni og benti á, að vinfangatollurinn væri áætlaður of hár, og er eg ekki samdóma honum um það. En hitt er satt, að verði ekki með einhverju móti bætt úr þeim fjárskort, sem nú virðist ætla að verða á næsta fjárhagstímabili, er fjárhagurinn alls ekki glæsilegur, og horfir þá ekki vænlega á um sumar fjárveitingar, sem hér er farið fram á, og skal eg sérstaklega þar nefna háskólann, sem allmikið fé þarf til. Þá má og ekki gleyma, að búast má við því, að fjárhagurinn verði enn lakari, er fjárlögin koma til þessarar deildar aftur frá háttv. neðri deild, því að hér eru feldar úr ýmsar fjárveitingar, er telja má víst, að hún taki upp aftur. Fjárhagshorfur eru því ekki eins glæsilegar og háttv. framsögum. benti á.

Annars var það ætlun mín að mæla með breytingartillögu minni á þgsk. 780. Í fjárlagafrumvarpi neðri deildar 13. gr. A. 2 er athugasemd, sem eg tel með öllu óviðurkvæmilega, eins og nú er ástatt; þar er gert ráð fyrir, að 8. þús. kr. megi verja til póstflutninga með skipum, sem hafa ekki fast tillag úr landsjóði. Hér verður að líta svo á, sem undanskilin séu bæði Thorefélagið og Sameinaða Gufuskipafélagið. Það er gert ráð fyrir, að skip þessi hagi ferðum sínum eftir fastri, fyrir fram auglýstri, ferðaáætlun. Eg man ekki eftir öðrum félögum en tveim norskum félögum, er halda uppi gufuskipaferðum með föstum ferðaáætlunum, sem sé Wathnesfél. og Bergensfélagið, sem hefir skip að sumrinu til. Það er engin ástæða til að veita þessum félögum þennan styrk allan. En það er hæpið, að veita megi öðrum félögum eða skipum hann, eins og athugasemdin er orðuð nú. Nú skal eg víkja að

breytingartillögu minni. Hún fer fram á það að 6 þúsund kr. af póstflutningsfénu greiðist hvort árið til Thorefélagsins, en að 2 þús. kr. séu goldnar fyrir flutning á póstsendingum með skipum, sem hafa ekki fast tillag úr landssjóði. Eg skal ekki segja um það, hvort þessi upphæð er hæfileg eða ekki. Það getur verið að hún sé of lág. Ef svo er, er hægðarleikur að breyta þessu, ef það þykir sanngjarnt og eðlilegt, er vitneskju hefir verið aflað um það mál. Hér er nú, eins og eg sagði, lagt til að Thorefél. fái 6 þús. kr. Samkvæmt þeim samningi, sem vitnað er í í breytingartillögu minni, hefir Thorefélagið skuldbundið sig til að flytja, vátryggja og annast póst á hafnir fyrir 6 þús. kr. og boðist til að gera þetta til 10 ára. Ferðum þessa félags hefir fjölgað árlega, og skip þess jafnan farið margar aukaferðir. Árið 1910 voru áætlunarferðir þess 36, en aukaferðir 27. Jafnframt verður að líta á, að póstflutningur til landsins og frá landinu eykst alt af. En samkvæmt þessum samningi, sem eg nefndi, er landið ekki skyldugt til að þiggja þetta tilboð Thorefélagsins. Það hefir að eins skuldbundið sig til að takast þetta á hendur, ef þingið vill. En mér finst óhugsandi annað, en þingið gangi að þessu tilboði félagsins. Póststjórnin getur ekki komist af án þess að senda póst með skipum þess. En ef athugasemdin verður látin óbreytt í frumvarpinu, eins og hún er í því nú, fer um greiðslu til félagsins fyrir þennan flutning eftir því sem segir í póstlögunum 1907. Þar er svo ákveðið, að greiða skuli 10 aura fyrir hver 3 pund fyrir hverjar 50 vikur sjávar; það yrði meira fé, sem Thorefélagið fengi samkvæmt þessum lögum, en það fengi samkvæmt nefndum samningi og skuldbindingum, sem það hefir gengist undir. Eins og marga háttv. þingdeildarmenn mun reka minni til, sýndi Hannes Hafstein fram á það 1907, að gjaldið fyrir þessa flutninga væri hækkað með tilliti til þess, hvað Thorefélagsskipin yrðu að flytja mikinn póst fyrir landið. Hér er því ekki verið að halda fram hag Thorefélagsins. Það er þvert á móti verið að halda fram hagsmunum landsins. Thorefélagið verður að borga út í beinan kostnað við póstflutninginn svo mikið að í rauninni fær það ekki nema 3 þús kr. fyrir hann. Hér verður að gæta þess, að landið sleppi ekki réttindum, sem það hefir aflað sér með þessum samningi, og því verður að ákveða þetta í fjárlögunum. Hinu vil ég ekki trúa, fyrr en eg tek á, að þingið sýni Thorefélaginu þá lítilsvirðing að hafna þessu tilboði, sem er kostaboð.

Það er allt annað en hæfilegt gagnvart félagi, sem landið á eins gott upp að inna og Thorefélaginu. Mér er satt að segja óskiljanlegt annað, en að háttv. deild komist að þeirri niðurstöðu, að eins og þessi athugasemd er nú orðuð, er hún ekki viðunandi. Ástæður háttv. framsögum. (Stgr. J.) gegn þessari brtill. minni vóru heldur lítilfjörlegar og mesta hégómamál, því að það liggur í hlutarins eðli, að ef félagið fullnægir ekki þeim samningi, sem við það er gerður, er landið laust allra mála. Framsögum. talaði um, að félagið geti orðið gjaldþrota; slíkt tal er með öllu óviðeigandi. Það eru nú full 2 ár síðan tekið var upp á því að bera róg um efnahag félagsins. Það var byrjað á því um sama leyti og tekið var að semja við það um samgöngur vorar á sjó, eða að annast nokkuð af þeim. Það má segja um þetta, að „svo mæla börn, sem vilja“, en Thorefélagið er ekki orðið gjaldþrota enn, og þó mér sé ekki kunnugt um fjárhag þess, þá tel eg litla sæmd að þessu gjaldþrotsskrafi þeirra manna, sem ekkert vita um þessi efni svo ábyggilegt sé; þætti mér fara bezt á að þessi ummæli væru tekin aftur. En eg endurtek það að síðustu, að Thorefélagið biður engan skaða af því, að breytingartillaga mín verði ekki samþykt. Það er landið, sem biður tjón af því.

Ari Jónsson: Eg ætla að leyfa mér að minnast nokkurum orðum á 2 breytingartillögur, sem eg hefi komið fram með við þennan kafla fjárlaganna.

Fyrri breytingartillagan er á þingskjali 770; þar er farið fram á, að veittar séu til viðgerðar og framhalds þjóðveginum úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn 3 þúsund krónur hvort árið. Á fjárlögunum nú er ekkert veitt til þessa vegar, en á undanförnum fjárlögum hefir verið veitt fé til hans. Það er mjög óheppilegt og hreint og beint óhæfilegt að kippa svo að sér hendinni alt í einu og taka þvert fyrir vegagerð, sem búið er að veita fé til áður, og viðurkent er að brýn þörf sé á framhaldi.

Það er og mjög í ósamræmi við undanfarandi þing, einkum hið síðasta. Þá var tillag veitt til þessa vegar að eins annað árið, 3 þús. kr. með þeim ummælum að næsta þing mundi að sjálfsögðu veita ríflegra styrk, og var það tekið skýrt fram í umræðunum þá.

Það mun kunnugt þingdeildarmönnum, að mikil þörf og nauðsyn er á vegagerð þessari.

Það er mikil umferð um þennan veg og hann er póstvegur. Héraðsbúum er það mikið áhugamál, að fé verði veitt úr landsjóði til hans. Eg leyfi mér nú að fara fram á, að veittar verði 3 þús. kr. til þessa vegar hvort árið og treysti háttv. deild til að samþykkja þessa tillögu, og vona að hún vilji að þingið sé í samræmi við fyrirfarandi þing. Ef þessi tillaga verður ekki samþykt, mun eg bera upp aðra tillögu um þetta efni við 3. umræðu.

Þá á eg hér aðra breytingartillögu á þgsk. 771; þar er farið fram á það, að Magnúsi Péturssyni, héraðslækni í Hólmavík, séu greiddar 700 kr. hvort árið fyrir að ferðast 4 sinnum á ári um Reykjarfjarðarlæknishérað og dvelja þar nokkra daga í hvert skifti til að veita mönnum þar læknishjálp. Það er tekið fram, að þessi launaviðbót falli niður, þegar héraðið verður veitt einhverjum, er um það hefir sótt. Eins og háttv. þingdeildarmenn muna, var hérað þetta stofnað á seinasta þingi, en það hefir farið um það eins og sum önnur héruð, að engir hafa fengist til að sækja um það. Aðalástæðan til stofnunar þessa héraðs var fjarlægðin frá lækni, hve langt norðurhluti Strandasýslu átti að sækja til læknis. Reykvíkingum mundi þykja hart að þurfa að sækja lækni norður í Húnavatnssýslu; en jafnlangt þyrftu íbúar nyrzta hluta Árneshrepps að sækja lækni sinn landveg, ef hann væri staddur syðst í læknishéraði sínu, Hólmavíkurhéraði, þegar þyrfti að ná í hann. En þetta var ekki eina ástæðan. Héraðið (Árneshreppur sérstaklega), er nálega afgirt á vetrum. Því annaðtveggja er að fara, yfir heiðar, sem oft eru nálega ófærar, eða sjóveg fyrir Bala, sem er hættuferð á vetrum, nema í bezta veðri.

Það er því oft ómögulegt fyrir íbúa Árneshrepps að ná í lækni á vetrum sunnan úr sýslunni. Þar að auki er það svo kostnaðarsamt, þótt það sé hægt, að vart geta aðrir en efnuðustu mennirnir kostað ferð eftir lækni. Það mælti ennfremur mikið með stofnun þessa héraðs, að líkur eru talsverðar til aukinnar atvinnu í Reykjarfirði, svipað og á Siglufirði (síldarveiði). Og ef þess konar atvinna skyldi byrja þar, mundi fólk þyrpast þangað skyndilega.

Þessar ástæður, er eg hefi tekið fram, og tekið var tillit til við stofnun Reykjarfjarðarlæknishéraðs á síðasta þingi, styðja nú sterklega að því, að sjá héraðinu fyrir einhverri læknishjálp. Því að vera án læknishjálpar, eins og það nálega er nú á vetrum, er óviðunanlegt fyrir héraðið, þar til einhver gerist til þess að sækja um það.

Héraðsbúar hafa átt fund með sér til að ræða þetta nauðsynjamál. Og hefi eg hér símskeyti í höndum mér, sem skýrir frá því, að þeir fari fram á, að þessi styrkur

sé veittur til læknishjálpar og að þeir óski þess, að hann sé bundinn við þennan lækni. Líka hefi eg fengið bréf frá læknum á Hólmavík, þar sem hann skýrir mér frá óskum héraðsbúa um styrk til læknishjálpar, og ástæðunum fyrir styrkbeiðninni, sem fara í sömu átt og eg hefi skýrt frá. Sem dæmi um örðugleika þá, sem eru fyrir lækninn í Hólmavíkurhéraði að gegna læknisstörfum í Reykjarfjarðarhéraði, getur Magnús læknir Pétursson um það í nefndu bréfi, að hann um Jonsmessuleytið í fyrra hafi í kafófærð orðið að vaða snjóinn yfir 20 klukkutíma samfleytt yfir heiðarnar.

Það er fjarri því, að styrkur sá, er farið er fram á hér, sé of hár, þar sem ætlast er til, að læknirinn fari fjórar ferðir á ári um héraðið. Styrkurinn er ekki helmingur af læknislaunum Reykjarfjarðarlæknishéraðs og er þó sú venja, að héraðslæknar, þegar þeir þjóna öðru héraði líka, fái hálf laun læknishéraðs þess, án þess þó að takast á hendur sérstaka ferðaskyldu.

Eg treysti því að háttvirt deild taki þessa styrkbeiðni til greina, enda mælir svo mikil sanngirni með því, að vart nokkurt hérað hér á landi hefir meiri ástæðu til að fara fram á styrkbeiðni til læknishjálpar.

Steingr. Jónsson: Eg ætla að eins að svara nokkrum atriðum í ræðum háttvirtra deildarmanna. Viðvíkjandi ræðu háttvirts þingmanns Vestur-Skaftfellinga skal eg lýsa því yfir, að nefndin mun taka til yfirvegunar að bæta við athugasemd um að sýslunefndir skuli eiga hlut að samningi ferðaáætlana fyrir gufubáta og mótorbáta. Og mun nefndin koma með breytingartill. við 3. umræðu um það, ef henni sýnist svo. Viðvíkjandi þjóðveginum, sem hann gat um í Austur-Skaftafellssýslu, þá sé eg enga ástæðu til þess, að taka þann veg fram fyrir aðra þjóðvegi, sem þingið hefir ekki séð sér fært að veita fé til að þessu sinni. Þá spurði sami háttv. þingm., hvaðan kvennaskólinn í Rvík ætti að fá 1500 kr. annarsstaðar að en úr landssjóði. Því er fljótsvarað. Skólinn mun eiga sjóð, sem gefur 900 kr. í vexti, og það sem ávantar getur skólinn vel tekið sem skólagjald af námsmeyjum. Eg skal taka það fram, að eg álít sjálfsagt, að taka lítilsháttar skólagjald af efnuðum stúlkum úr bænum, ef bærinn leggur ekki neitt til skólans.

Háttv. þingmaður Vestur-Ísfirðinga var óánægður með að lækka styrkinn til lupussjúklingsins Önnu Magnúsdóttur, og sérstaklega var hann óánægður með athugasemd fjárlaganefndar um þá fjárveitingu. Nefndin skildi umsóknina svo, að það ætti að nota fjárveitinguna eingöngu til framhaldslækningar stúlkunni. Ef nefndin hefði ekki skilið þetta svona, þá mundi hún hafa lagt til, að fella fjárveitinguna burt. Það er meiningarlaust að fara að endurgreiða úr landssjóði þann kostnað, sem einstakir menn hafa ráðist í, í slíkum tilfellum. Hitt er alt annað mál, að styrkja hlutaðeigendur svo, að lækningunum verði haldið áfram og geti komið að gagni. Það getur verið ástæða til að veita slíkan styrk, þegar svona stendur á, að hlutaðeigendur eru sjálfir búnir að leggja á sig mikinn kostnað og hafa ekki efni á meiri fjárframlögum. Því settum við þessa athugasemd í nefndarálitið. Ef svo er, að fósturfaðir stúlkunnar á heimting á endurgreiðslu úr landssjóði samkvæmt lögum, þá er ástæða fyrir hann að fara í mál.

Þá er skólinn á Núpi. Það getur vel verið, að þeir sem standa fyrir þessum skóla, hafi lagt á sig mikinn kostnað, og meira en alment gerist; en það hafa ekki legið fyrir nefndinni neinar skýrslur um þetta. Ef alþingi veitti styrk til þessa skóla, þá væri engin ástæða til þess, að neita um styrk til skólans í Hjarðarholti. Þar er búið að byggja hús fyrir 5000 krónur og skýrslur skólans liggja fyrir þinginu, og er alt í bezta lagi, að því leyti til. Það má ekki fara að taka neinn af unglingaskólunum út úr og styrkja hann fram yfir aðra.

Slíkt væri alveg rangt, nema þá helzt eftir tillögum fræðslumálastjóra, því að þingið vantar allan kunnugleika til að geta gert upp á milli skólanna.

Um Keflavíkurveginn hafði háttv. þingm. enga ástæðu til að skilja nefndina svo, að hún vildi kippa að sér hendinni og hætta að leggja til vegarins, áður en hann er fullgerður. Það er bjargföst sannfæring nefndarinnar, að 10.000 kr. muni nægja til þess að fullgera þessa 14 kilometra, sem eftir eru. Og þar sem háttv. þingmaður talaði um, að hann vildi heldur að veittar yrðu 7000 kr. fyrra árið og 3000 kr. seinna árið, þá er það alveg óþarft. Ef verkstjóri álítur það hentugra að færa til upphæðirnar, þá er altaf vani að gera það. Spursmálið er að eins, hvort 10,000 kr. muni nægja, og eg þykist hafa fært rök fyrir því, að svo muni verða. Það var að eins þetta sem vakti fyrir nefndinni, en það er langt frá því, að eg eða nefndin hafi nokkuð á móti því, að landssjóður leggi fram helming kostnaðarins móti sýslubúum, þangað til vegurinn er fullgerður.

Þá er ennfremur eitt, sem háttv. þingm. Vestur-Ísfirðinga og háttv. 3. konungkjörinn mintust á, styrkurinn til Flensborgarskólans. Eg álít að þingið geri vel, þó að það veiti ekki nema 6000 kr. til þessa skóla. Eg gat þess áðan í framsögu minni, að rekstur skólans kostaði 5000 kr. Nánar tiltekið er þetta svo, að kensla, ræsting, eldiviður og fleira kostar 4522,27 kr. á ári. Þar við bætist brunabótagjald kr. 222,25 og bæjargjald, þar með talið ljós og vatn, kr. 213,50. Þetta gerir alt til samans um 5000 kr. Á síðustu fjárlögum eru skólanum veittar 7000 kr. hvort árið og var styrkurinn hækkaður svo mikið, uppúr 4000 kr., vegna þess að skólinn þurfti að greiða afborganir af byggingarskuld, en alls ekki að það væri ætlast til, að skólinn hefði svona háan styrk framvegis. Af þessu er augljóst, að skólinn hefir varið 2000 kr. af landssjóðsstyrknum til þess að borga vexti með og afborganir af skuldum. Og ef skólinn fær nú 6000 kr., þá getur hann notað 1000 kr. til vaxta og afborgana, og ætti það að vera nægilegt. Það má geta þess, að skólahúsið sjálft var upphaflega gefið Garðahreppi, svo að skólinn hefir ekki átt erfitt uppdráttar, enda eru skuldirnar ekki nema um 11000 krónur. Það er alt og sumt. Skólinn ætti því sannarlega að geta komist af með þessa upphæð. En geti hann það ekki, þá ætti héraðið, sem hefir tekið við skólanum að gjöf, að leggja til það sem vantar, því að eg sé ekki betur, en að það sé nærri því til smánar héraðinu, að það skuli ekki leggja neitt af mörkum til síns eigin skóla. Og svo er annað: ef skólinn getur ekki komist af á þennan hátt, því þá ekki að taka skólagjald. Þetta verðum við fyrir norðan að gera við okkar unglingaskóla, og þessi skóli er ekkert annað en unglingaskóli. Eg gat þess áðan, án þess að eg væri að finna að því, að það væri ekki farið eins sparlega með fé við þennan skóla, eins og við aðra unglingaskóla, og átti eg þar við laun kennaranna. Þetta er 6 mánaða skóli og forstöðumaður skólans hefir 1700 kr. laun, fyrir utan hlunnindi af jörð og frítt húsnæði. Og 1. kennari hefir 200 kr. á mánuði. Þetta eru miklu hærri laun en venjulegt er við unglingaskóla. Eg er ekki að segja, að þeir vinni ekki fyrir þessu kaupi, en sem sagt, það er ekki farið eins sparlega með fé, að þessu leyti, eins og gerist annarstaðar. Eg skaut því fram, að skólinn væri aðallega fyrir Hafnarfjörð og skal eg nú færa orðum mínum betri stað. Það er satt, að skólinn var sóttur víða að, á meðan engin gagnfræðakensla var í Rvík. En þetta er að breytast. Veturinn 1909—1910 voru 80 nemendur í skólanum, þar af 36 úr Hafnarfirði, 13 úr Gullbr. og Kjósarsýslu og 31 annarstaðar að. En hvernig taka þessar tölur sig út, ef litið er á einstakar deildir skólans. Í elztu deild,

sem byrjaði 1907, voru 4 úr Hafnarfirði, 1 úr Gullbr. og Kjósarsýslu og 19 annarstaðar að. Í annari deild, sem kom í skólann 1908, voru 14 úr Hafnarfirði, 4 úr Gullbr. og Kjósarsýslu og 12 annarstaðar að. Og í 3. deild voru 18 úr Hafnarfirði, 4 úr Gullbr. og Kjósarsýslu og enginn annarstaðar að. Af þessu má sjá, að skólinn er að verða eingöngu skóli fyrir Hafnarfjörð og héraðið í kring, enda er það eðlilegt.

Þetta vildi eg benda á, til leiðbeiningar háttvirtum deildarmönnum, er þeir fara að greiða atkv., það er ekki landsskóli, heldur sérstakur skóli fyrir þetta hérað og privatskóli að því leyti, sem hann stendur að eins óbeinlínis undir umsjón landsstjórnarinnar.

Þá talaði háttv. þingm. Skagfirðinga um álag á Viðvíkur kirkju. Ef kirkjan á rétt á þessu, þá er sjálfsagt að ganga laganna veg og fá dóm í málinu. Hitt er ekki rétt, að þingið fari að skera úr því vafamáli, með því að veita fé af frjálsum vilja. Og eg skal í því sambandi benda á það, að ef þessari kirkju er veitt álag, þá dregur það líklega dilk á eftir sér, því þá kemur hver kirkjan af annari og biður um sama. Sami háttv. þingmaður talaði um Skagafjarðar akbrautina. En eg held að ræða hans hafi sýnt það, að það væri ekki stórbagalegt, þótt því máli væri frestað. Hann sagði, að vegurinn að Víðimýri væri ekki góður. Það má vel vera, en suður fyrir Reynistað er ágætur vegur, og það er einmitt sá kaflinn, sem verður lagður fyrst. Það er engin ástæða til að taka þessa braut fyrir á undan öðrum, sem er miklu meiri þörf á, til dæmis Borgarfjarðarbraut og Reykjadalsbraut. Það er betra að gera sem sem mest að hverri braut í einu, eða á sem styztum tíma, heldur en að leggja spotta og spotta hér og hvar, og láta svo líða langan tíma þangað til brautin er fullgerð. Hér stendur svo á, að brautin yrði lögð eftir sléttum grundum suður frá Sauðárkróki, en hitt látið bíða, þar sem vegurinn er miklu verri. Háttv. þingmaður taldi upp það sem Skagafjarðarsýsla hefði fengið úr landssjóði til samgöngubóta, á síðustu 20 árum. En hann gætti ekki að því, sem Skagafjarðarsýsla hefir fengið til þjóðvega. Á síðustu 20 árum hefir verið lagður vegur þvert yfir Skagafjörð, og hefir því landssjóður gert skyldu sína þar í fylsta máta. Eg gæti, ef eg vildi, nefnt Suður-Þingeyjarsýslu til samanburðar. Hún hefir ekki fengið einn einasta eyri á sama tíma, nema til þjóðvega og svo nú til akbrautarinnar. Ekkert til sýsluvega, og þar eru þó vegir mjög erfiðir.

Viðvíkjandi breytingartillögu háttv. þingmanns Strandamanna, á þingskjali 770, get eg verið stuttorður.

Eg gat þess áðan og stend við það enn, að vegurinn úr Gilsfjarðarbotni í Hrútafjarðarbotn hefir ekki verið tekinn í tölu þjóðvega, fyrri en með vegalögunum frá 1907. Fjárveitingin til þessa vegar á þingi 1909 var als ekki veitt í þeirri meiningu, að það ætti að halda veginum áfram ár eftir ár. Við megum ekki taka einstaka þjóðvegakafla fram yfir alla aðra. Hversvegna á t. d. að taka þennan veg fram yfir veginn yfir Ljósavatnsskarð, eða veginn vestur frá Akureyri. Þar er búið að leggja góðan veg vestur að Moldhaugnahálsi, en þar taka við hálfgerðar ófærur. Eg veit ekki, hvort það er nokkur ástæða til þess, að taka þennan veg úr Gilsfjarðarbotni fram yfir aðra. En ef það sýnist nauðsynlegt, þá ætti helzt að hækka tillagið til þjóðvega alment, og láta svo stjórnina og landsverkfræðing skera úr því, hvar þörfin er mest.

Þá talaði sami þingm. um launaviðbót læknisins í Strandasýslu, fyrir að ferðast um Reykjarfjarðarlæknishérað. Eg vil minna á, að stofnun þessa læknishéraðs flaut í gegn á þinginu í fyrra, eingöngu með hliðsjón af því, að héraðið átti ekki að skoðast sem sérstakt læknishérað, fyrri en að læknir fengist í það. En nú á að fara

bæta við laun læknisins í Hólmavík, til þess að þjóna þessum hluta héraðs síns.

Eg gæti verið með því, að veita Árneshreppingum í Strandasýslu styrk til þess að leita sér læknishjálpar, á sama hátt eins Öræfingum, en því að eins, að þetta hérað verði felt burt úr tölu sérstakra læknishéraða. Íbúar héraðsins voru ekki nema ca. 400. Háttv. þingmaður vildi halda því fram, að þangað mundi safnast fjöldi manna og stunda síldarútveg, en það efast eg um. Ef Norðmenn flýja frá Siglufirði, þá munu þeir heldur setjast að á hentugri stöðum, t. d. Raufarhöfn. Þar er bæði meiri síld og staðurinn liggur betur við en Reykjarfjörður.

Þá er tillaga háttvirts þingmanns Akureyrar á þingskjali 780. Eg þarf ekki að bæta miklu við það, sem eg sagði um þessa tillögu í framsögu minni. Ef skilningur hans er réttur, getur vel verið stjórnin verði að semja við Thorefélagið um póstflutning. Eg held nú, að það sé ekki rétt. Eg álít að Thorfélagið sé skylt að flytja póstflutning í öllum ferðum sínum. Eg mintist einnig á þann mögulegleika, að samningurinn verði álitinn ógildur. Mintist að eins á þetta af því, að það eru sumir, sem líta svo á. Að félagið færi um koll, getur auðvitað komið fyrir þetta félag eins og önnur. Það þarf ekki annað en að það missi nokkur skip. Það var eins og háttv. þingmanni væri viðkvæm ummæli mín Thorefélagsins vegna, en eg get lýst því yfir, að þau voru ekki þannig meint frá minni hálfu. Eg hefi enga sérstaka ástæðu til að efast um „Soliditet" Thore.

Jósef Björnsson: Eg ætla að leiða hjá mér að fara að deila við hv. frsm. um álagið til Víðvíkurkirkju, þótti mér hann fara helzti hörðum orðum um það mál. En eins og biskup landsins hefir tekið fram, er fullur réttur til þess, að kirkjan fái þetta álag greitt.

Þá tók hann ekki mýkri móðurhöndum á orðum þeim, er eg sagði um Skagafjarðarbrautina, og hann gat þess til, að þau orð mín mundu ekki hafa sannfært marga. — Eg skal nú ekki um það segja, en vel má vera að þau hafi gefið einhverjum deildarmanni efni til athugunar, þótt þau að vísu hafi ekki sannfært hv. frsm.

Eg vil geta þess, að vegurinn frá Sauðárkróki er hvergi nærri eins góður og hann vildi halda fram. Hann talaði og mikið um, hvað miklu fé hafi verið varið til vegagerðar um Skagafjörð. Já, sér er nú hvað. Vitanlega hefir verið gert dálítið við veginn af Vatnsskarði og fram Blönduhlíð, — rutt nokkrum steinum úr götunni o. s. frv. Þó liggja enn margir steinar víða í götunni, og vegur sá er enginn gæðavegur á ýmsum pörtum.

Þá mintist hann á, að eg hefði gleymt brúnni á Norðurá; það er að vísu satt að eg mintist hennar ekki; en sú brú heyrir eiginlega ekki frekar til Skagafjarðarsýslu en Eyjafjarðarsýslu, því hún er á Öxnadalsheiðarveginum — póstleiðinni — fyrir framan alla bygð. Sú brú er auk þess mjög litilfjörleg, en ekkert stórvirki, svo að þótt hennar hefði verið getið, þá raskaði það sáralitlu fjárhæð þeirri, sem eg sýndi, að Skagfirðingar hefðu fengið til vega. Og þetta er aðalástæða háttv. frsm. gegn brautinni. O, jæja! „Litlu verður Vöggur feginn."

Ekki eru röksemdirnar gegn því að leggja brautina sterkar.

Kristinn Daníelsson: Mér þótti ekki nema eðlilegt, þótt hv. frsm. hefði á móti sumum þeim breytingum, sem eg nefndi. Það var eðlilegt frá hans sjónarmiði. En mér þótti það ekki eðlilegt, sem hann sagði um sjúklinginn Önnu Magnúsdóttur. Mig stórfurðar á því, að hann skuli vera mótfallinn þeirri litlu, en jafnframt sjálfsögðu fjárveitingu til hennar. Mér þykir nokkuð hart, ef þingið segir t. d. svo við

sjúkling: „Komdu ef þú þorir og eigðu lög við mig.“ Mér finst að í þessu máli ætti að geta verið sátt og samkomulag.

Eg skal ekki fjölyrða um önnur atriði mikið nú við þessa umr. Hv. frsm. vildi segja, að til þess að taka unglingaskólann á Núpi út úr, þyrfti hann að hafa eitthvað sérstakt við sig. Eg held eg þori að fullyrða, að sá skóli standi ekki að baki öðrum samskonar skólum, nema síður sé.

Um Keflavíkurveginn skal eg ekki fjölyrða — ummæli hv. frsm um hann þóttu mér nokkuð í lausu lofti í þetta sinn, eins og áður hefir verið, er um veg þenna hefir verið að ræða hér í deildinni.

Þá þarf eg ekki að fjölyrða um Flensborgarskólann; hv. 3. kgk. skýrði það mál svo nákvæmlega. En benda vil eg á, að af nemendum skólans eru 29 menn úr Hafnarfirði og úr Kjósar- og Gullbringusýslu, en 37 annarstaðar af landinu. Og það er orðið þjóðkunnugt, að skóli þessi hefir unnið mikið gagn og verðskuldar fyllilega fjárstyrk þann er hér um ræðir. Og því má ekki gleyma, að skólinn er gjöf frá stórmerkum heiðursmanni, og það væri ranglátt, ekki hvað sízt þessvegna, að láta hann lognast útaf. Skal eg svo ekki segja fleira að þessu sinni.

ATKVGR.

1. br.till. á þingskj. 727 samþ. í e. hl.
2. „ „ „ „ „ „ „ „
   8. gr. svo br. samþ. í e. hl.
3. br.till. á þingskj. 727 tekin aftur.
   9. gr. samþ. í e. hl.
4. br.till. á þingskj. 727 samþ. í e. hl.
   10. gr. svo br. samþ í e. hl.
5. br.till. á þingskj. 727 samþ. í e. hl.
   11. gr. svo br. samþ. í e. hl.
6. br.till. á þingskj. 727 sþ. með 11 shl. atkv.
   „ „ „ 771 „ „ 7:5 „
7. „ „ „ 727 „ í e. hl.
8. „ „ „ „ „ „ „ „
9. „ „ „ „ „ „ „ „
10. „ „ „ „ „ „ „ „
    „ „ „ 775 feld með 7:4 „
    Varatill. við br.till. á þingskj. 775 feld með 7:4 atkv.
    12. gr. svo breytt samþ. í e. hl.
    Br.till. á þingskj. 780 feld með 7:4 atkv.
11. „ „ „ 727 sþ. „ 10 shl. „
12. „ „ „ „ „ „ 8:5 „
13. „ „ „ „ „ „ 12 shl. „
14. „ „ „ „ „ „ 7:5 „
15. „ „ „ „ „ „ 12 shl. „
    „ „ „ 770 feld „ 7:5 „
16. „ „ „ 727 sþ. „ 11 shl. „
17. „ „ „ „ „ „ 7:4 „
18. „ „ „ „ „ „ 7:5 „
19. „ „ „ „ „ „ 10 shl. „
20. „ „ „ „ „ „ 7:6 „
21. „ „ „ „ „ „ 7:3 „
23. „ „ „ „ „ „ 11 shl. „
22. „ „ „ „ „ „ br. skv. br.till. 23 í e. hl.
24. br.till. á þingskj. 727 tekin aftur.
25. „ „ „ „ sþ. í e. hl.
    „ „ „ 774 feld með 7:5 atkv.
26. „ „ „ 727 sþ. í e. hl.
27. „ „ „ „ „ með 7:6 atkv.
28. „ „ „ „ „ „ 10 shl. „
29. „ „ „ „ „ „ 9 „ „
30. „ „ „ „ „ „ 10:1 „
    13. gr. svo br. samþ. í e. hl.
31. br.till. á þingskj. 727 sþ. með 10:1 atkv.
32. „ „ „ „ „ „ 12 shl. „
    „ „ „ 756 „ „ 9:4 „
    að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Steingr. Jónsson,
Ari Jónsson,	Kristján Jónsson,
Augúst Flygenring,	Lárus H. Bjarnason,
Eiríkur Briem,	Sigurður Hjörleifsson.
Gunnar Ólafsson,	
Jósef Björnsson,	
Júlíus Havsteen,	
Sig. Stefánsson,	
Stefán Stefánsson.	

33. br.till. á þingskj. 727 við B I a sþ. með 9:4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Ari Jónsson,	Gunnar Ólafsson,
Augúst Flygenring,	Jósef Björnsson,
Eiríkur Briem,	Sigurður Hjörleifsson.
Júlíus Havsteen,	
Kristján Jónsson,	
Lárus H. Bjarnason,	
Stefán Stefánsson.	

Einn þingm. greiddi ekki atkv. og taldist með meirihl.

Hinir liðir 33. br.till. á þingskj. 727 sþ. með 8 shl. atkv.

34. br.till. á þingskj. 727 sþ. með 9 shl. atkv.
35. „ „ „ „ „ „ 11 „ „
36. „ „ „ „ „ „ 12 „ „
37. „ „ „ „ „ án atkvgr.
38. „ „ „ „ „ með 10:2 „
39. „ „ „ „ „ í e. hl.
40. „ „ „ „ „ án atkvgr.
41. „ „ „ „ „ með 7:4 atkv.
42. „ „ „ „ „ í e. hl.
1. „ „ „ 772 feld með 8:3 atkv.
2. „ „ „ 772 „ „ 7:3 „
44. „ „ „ 727 sþ. „ 9:1 „
1. „ „ „ 738 „ án atkvgr.
43. „ „ „ 727 „ „ „
45. „ „ „ „ „ „ „
46. „ „ „ „ feld með 8:4 atkv.
47. „ „ „ „ sþ. án atkvgr.
48. „ „ „ „ „ með 12 shl. atkv.
49. „ „ „ „ „ „ 8:1 „
„ „ „ 779 „ „ 9 shl. „

14. gr. svo br, samþ. í e. hlj.

Framsögumaður Steingr. Jónsson: Þá er nú komið að 15. greininni og eru við hana breytingartillögur frá nefndinni, sem hækka hana um 8100 krónur. Skal eg þá fara nokkrum orðum um hverja breytingartillögu, og er þá fyrst breyting á 15. gr. 2 b að fyrir „til“ komi: laun, það er til aðstoðarskjalavarðar. Þá er við 3 c að fyrir 1000—1000 komi 1500—1500. Nefndinni virðist alt of lítið lagt til forngripasafnsins og vill hækka styrkinn upp í 1500 kr. hvort árið, eins og stjórnin hafði lagt til upphaflega. Nú fellur meira til af forngripum, þar sem bannað er að flytja þá út úr landinu, og þarf þá að vera fé fyrir hendi til að kaupa þá. Nefndinni finst nauðsyn á, að gerður sé katalog yfir safnið og vill, að veitt sé fé til þess alt að 500 krónum. Þetta yrði til mikils hagræðis fyrir notendur safnsins og léttis við umsjón þess. Katalog þessi verður jafnframt að vera á útlendum málum, svo sem ensku og þýzku, til leiðbeiningar fyrir útlendinga þá, sem safnið skoða. Þá er styrkurinn til Náttúrufræðisfélagsins. Tillag til þess hefir verið 800 krónur undanfarin ár, og hafa þar af gengið 200 kr. til umsjónar, en nefndin leggur til, að þessi styrkur verði hækkaður upp í 1000 kr., enda hefir komið beiðni frá stjórn félagsins um 1200 kr. styrk. Þetta er gert til þess að meira verði hægt að kaupa af gripum og að safnið geti orðið oftar opið til sýnis. Safnið er nú, að skynbærra manna dómi, orðið mjög gott og í sumum greinum ágætt og salurinn, sem það hefir nú, er góður og skemtilegur.

Þá er 54. breytingartillagan. Það er orðabreyting, sem nefndinni þykir betur fara, og svo er um næstu breytingartillögu um að orðið „heiðursþóknan“ falli burt. Virðist nefndinni það óviðkunnanlegt.

Þá fer nefndin fram á, að styrkur til Jóns Ófeigssonar til þes sað gefa út þýzk-íslenzka orðabók sé lækkaður úr 1500—1500 í 1000—1000. En nú hafa komið fram málaleitanir frá mönnum, sem eru hlyntir þessum styrk, að þessi tillaga sé tekin aftur og hefi eg ekkert á móti því fyrir mitt leyti, ef meðnefndarmenn mínir eru því samþykkir.

Þá hefir meiri hluti nefndarinnar orðið ásáttur um þær breytingar á styrk til skáldanna, að hækka styrkinn til Guðm. Magnússonar um 200 krónur á ári, en lækka styrk til Þorsteins Erlingssonar að sama skapi.

Þá hefir meiri hluti nefndarinnar komið

sér saman um að hækka styrk til Leikfélagsins í Reykjavík, en með því skilyrði að helmingur fáist annarstaðar frá, það fái að minsta kosti jafn-mikinn styrk og það nú hefir frá Reykjavíkurbæ. Leikfélagið telur sér ekki fært að halda áfram nema það fái aukinn styrk.

Þá hefir nefndinni borist erindi frá Hannesi Þorsteinssyni forseta neðri deildar, þar sem hann fer fram á að fá styrk til þess að semja og gefa út æfisögur allra lærðra manna á 15., 16. og 17. öld og fram að þeim síðustu, er tóku próf frá Bessastaðaskóla. Telur hann, að svo megi gefa út eitt bindi um þá merka menn, sem ekki eru taldir lærðir, og væri hér þá fengið nokkurnveginn sæmandi rit um merka Íslendinga á þessum þremur öldum. Allar mentaþjóðir hafa slík rit og eru þau nauðsynleg undirstaða undir staðgóða þekkingu á sögu þjóðarinnar. Nefndin hyggur, að manni þessum sé vel treystandi til þess að semja slíkar æfisögur, svo að þær séu áreiðanlegar og styrkurinn verður að vera svo hár, að hann geti varið öllum sínum starfskröftum til þessa verks.

Þá er næst tillaga um að færa styrk til dr. Helga Péturssonar niður úr 2000 — 2000 í 1500 — 1500. Ástæðan til þess er sú, að ekkert lá fyrir nefndinni, er sýndi að ástæða væri til að hækka styrkinn til þessa manns upp úr því sem hann er á gildandi fjárlögum.

Þá hefir nefndin lagt til að aftan við síðasta lið greinarinnar komi nýr liður, 600— 600 til Sigurðar Guðmundssonar cand. mag. til undirbúnings bókmentasögu Íslands. Nefndinni blandast ekki hugur um, að það er þarft verk og nauðsynlegt, að rannsaka og skrifa um hinar nýrri bókmentir vorar, sem svo lítið hefir verið um ritað. Umsækjandinn er ungur og nýlega búinn að taka próf, en hann hefir hin beztu meðmæli frá kennurum sínum í Kaupmannahöfn, þeim prófessor Finni Jónssyni og Vilh. Andersen.

Þá er 16. greinin, og er þar fyrst að nefna, að nefndin leggur til að veitt sé til að byggja leikfimishús á Hólum úr steinsteypu alt að 6000 kr. fyrra árið.

Beiðni barst til nefndarinnar um þetta og fylgdi þar áætlun, sem gerði ráð fyrir að húsið mundi kosta 7600 kr. Aftur hafði fjárlaganefndin í neðri deild gert ráð fyrir á fjáraukalagafrumvarpinu að sæmilegt leikfimishús yrði bygt á Hvanneyri fyrir 4000 krónur. Fjárlaganefndin lítur svo á, að úr því að bygt er leikfimishus á Hvanneyri, þá eigi að gera hið sama á Hólum. En binda vill hún fjárveitinguna því skilyrði, að bygt sé úr steinsteypu og að kostnaðurinn fari ekki fram úr 6000 krónum. Nefndin lítur svo á, að ef ekki verði unt að koma húsinu upp fyrir þessa uppbæð, þá sé stjórninni ekki heimilt að byggja húsið. En hún hyggur að komast megi vel af með þessa upphæð, eða jafnvel minna.

Þá eru eftir laun Torfa skólastj. Bjarnasonar. Nefndin vill að þessi gamli heiðursmaður fái að halda launum þeim, er hann hefir haft undanfarin ár, þó hann nú hætti kenslustörfum.

Þá er 65. breytingartillaga tekin aftur. 66. breytingartillaga er orðabreyting. Nefndinni fanst óviðkunnanlegt að hnýta þessum orðum aftan við fjárveitinguna. Áleit að hér sé nægilega tryggilega orðað, þó þessu sé slept.

Þá leggur nefndin til að ungmennafélag gagnfræðaskólans á Akureyri séu veittar 400 krónur fyrra árið, til þess að koma upp leikvelli. Akureyrarbær leggur til lóð ókeypis og að öðru leyti er félagið einnig styrkt til þessa.

Þá leggur nefndin til að styrkur sé veittur tveim mönnum til þess að stunda dýralækninganám. Nefndin lítur svo á, að alveg naaðsynlegt sé að fjölga dýralæknum úr því sem er. Hefur hún tengt við fjárveitinguna athugasemd, sem væntanlega tryggir það nokkurnveginn að styrkur-

inn komi að tilætluðum notum. Áður vildi verða mikill misbrestur á því og yfirgáfu nemendurnir námið þegar á fyrstu árum.

Þá er tillaga um að veita Kvenfélaginu Ósk á Ísafirði styrk til matreiðsluskólahalds. Jónínu Sigurðardóttur hafa á gildandi fjárlögum verið veittar 1000 kr. hvort árið til matreiðsluskólahalds á Akureyri og nú hefir þetta félag farið fram á styrk líka. Nefndin álítur, að þessi kensla sé gagnleg og vill ráða deildinni til að samþykkja þessa fjárveitingu, og þá því fremur, sem yfirlýsingar liggja fyrir frá bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar og sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu um að þær styrki fyrirtækið.

Þá koma smá-orðabreytingar, að í staðinn fyrir: „Til þess að reka iðnaðarmannaskóla þar" komi: Til kvöldskólahalds.

Þá leggur nefndin til, að iðnaðarmannafélagið á Ísafirði fái jafnháan styrk og iðnaðarmannafélagið á Akureyri. Nefndin leggur enn fremur til að skilyrðunum fyrir styrkveitingum til allra þessara skóla, og þar með verzlunarmannaskóla Reykjavíkur, sé breytt þannig, að þeir að eins þurfi að leggja fram $^1/_4$ á móts við landssjóðsstyrkinn. Mér líkar illa að þurfa að draga úr skilyrðum þeim er nd. setti. En mér hefir verið sýnt fram á, að félögin gætu ekki lagt af mörkum það fé, sem þarf til að halda skólunum uppi. Eg mun því ekki greiða atkvæði á móti, að svo vöxnu máli, að dregið verði úr skilyrðinu.

Þá leggur nefndin til, að á eftir 24. lið komi nýr liður: Styrkur til Páls Jónssonar frá Djúpavogi til þess að fullgera atkvæðavél, 600 kr. fyrra árið. Þingmenn hafa átt kost á að sjá þessa vél. Nefndarmönnunum hefir virzt að vélin væri haglega gerð og að minsta kosti þess verð að henni væri komið á framfæri og manninum gert fært að ná sér í einkaleyfi bæði hér og víðar, til dæmis í Danmörku. Auk þess þarf ef til vill að endurbæta hana. Eg vil eindregið mæla með þessum styrk og virðist mér mikið hugvit í vélinni.

Þá er 76. breytingartillaga nefndarinnar um viðskiftaráðunauta. Nefndin hefir ekki, að svo vöxnu máli, séð ástæðu til að farið fram á, að þessi fjárveiting sé feld úr fjárlögunum, þó eg fyrir mitt leyti hallist að þeirri stefnu, eins og fjárhagurinn nú horfir við, eftir að bannlagafrestunin var feld í neðri deild og þannig að nokkru leyti girt fyrir að nauðsynlegar tekjur fáist í landsjóð.

En nefndin álítur að alls ekki beri að binda þá fjárveitingu við nafn þess manns, sem síðast hafði þessa stöðu, né við nokkurt annað nafn. Stjórn sú sem nú situr að völdum á engu síður en hin fráfarna stjórn að ráða því, hverjum hún felur þetta starf, þar sem hún ber ábyrgð á gjörðum hans. Því síður getur verið nokkur ástæða til að nefna erindisbréfið hér.

Nefndin var ekki öll sammála í þessu máli, en meiri hlutinn leggur til að báðar athugasemdirnar séu feldar niður.

Þá leggur nefndin til að á eftir þessum lið komi nýr liður: Heiðursgjöf til professors C. O. Jensen við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn 2,000 krónur fyrra árið.

Þessu máli er þannig varið, að professor Jensen byrjaði fyrir 15—20 árum að leita eftir meðali gegn bráðapestinni. Hann hefir starfað með mikilli elju að þessu alt fram á þennan dag. Hann hefir verið óþreytandi að gera tilraunir með bóluefni, og hefir loksins hepnast að finna örugt meðal.

Með þessu bóluefni, sem nú er notað, er algjör sigur unninn á þessari fjársýki. Alt bóluefni hefir verið gefið, þar til í fyrra, enda var þá tilraununum lokið, og er meðalið nú öruggt.

Þessi maður hefir gert landinu svo mikið gagn, að hann á sannarlega skilið viðurkenningu.

Heyrst hefir, að fyrverandi ráðherra hafi farið fram á að hann fengi heiðursmerki,

en að honum hafi verið svarað, að það væri ekki siður, að konungur veitti embættismönnum í Danmörku heiðursmerki, nema eftir tillögum danskra ráðherra.

Það er tillaga nefndarinnar, að þessi heiðursgjöf verði send honum sem þakklætisvottur frá þingi og þjóð, og leyfi eg mér að mælast til að tillagan verði samþykt á sínum tíma í einu hljóði.

Þá leggur nefndin til, að 44. töluliður, uppgjöf á gjaldi Landsbankans til landsjóðs, falli niður. Nefndin fær eigi séð að ástæða sé til að gefa bankanum þetta upp. Hann er ekki svo illa staddur, að þess sé þörf.

Þá er Iðunn. Ástæðan til þeirrar breytingartillögu er sú, að hlutafélagið hefir farið fram á viðbótarlán úr Viðlagasjóði við þau 35 þúsund, sem það nú hefir að láni. Félagið varð fyrir geysilegu tapi, er verksmiðjan brann. Það tap var metið 40 þúsundir króna. Nefndin vill heldur veita styrk, svo sem til að lúka vöxtum af lánum félagsins, meðan verið var að endurreisa verksmiðjuna, en að veita nýtt lán. Ullarverksmiðjunni á Akureyri hafa verið gefnir eftir vextir af Viðlagasjóðsláni, er nema 6000 kr., og er þetta þá til að gera ekki upp á milli þessara verksmiðja.

Þá leggur nefndin til að hækkuð séu eftirlaun Matthíasar skálds Jochumssonar. Ástæðan er sú, að honum hefir reynst fullervitt að komast af með það, sem hann nú hefir. Hann telur líka, að hann hafi aldrei gefið eftir eftirlaun þau, sem honum bar að fá sem presti, sem hefðu orðið eitthvað nálægt þessu.

Eins og menn muna, gaf konsúll Jón Vídalín landinu mjög dýrmæta gjöf eftir sig, en hann hafði ekki séð svo vel fyrir móður sinni, sem hún þurfti. Hún er nú orðin fjörgömul, og leggur meiri hluti nefndarinnar til að eftirlaun hennar séu nú hækkuð um 200 krónur á ári sem viðurkenning fyrir gjöfina.

Þá skal eg fara örfáum orðum um br.till. einstakra þingdeildarmanna. Verður þá fyrst fyrir mér br.till. frá hv. 1. kgk. þm. um 500 kr. styrk til Hjartar Snorrasonar fyrv. skólastjóra. Þeirri till. er nefndin meðmælt. Aftur á móti getur nefndin ekki fallist á br.till. hv. þm.V.-Skaftf. á þskj. 750 um styrk til Karls Sveinssonar til rafmagnsnáms. Sami hv. þm. á br.till. á þskj. 751, þess efnis að stjórninni veitist heimild til að veita Halldóri Gunnlaugssyni lækni í Vestmannaeyjum alt að 6000 kr. lán til að koma sér upp embættisbústað. Nefndin er því mótfallin að taka þessa lánsheimild upp í 22. gr., fyrst og fremst vegna þess að það er þýðingarlaust; það er ekkert fé til, sem hægt er að lána. En auk þess lítum vér svo á, að leyfilegt sé að veita þetta lán, án þess að lánsheimild fyrir því sé samþykt í fjárlögunum. Sú venja hefir ráðið, að stjórnin hefir án samþykkis þingsins getað veitt lán út á íbúðarhús embættismanna í kaupstöðum, og auk þess lækna, utan kaupstaða, ef sýslunefndir hafa ábyrgst. Í nd. segir svo í athugsemdum við 22. gr.: „Nefndin getur ekki mælt með beinum styrk til læknisbústaðar, en þar á móti með því, að það haldist áfram, sem átt hefir sér stað nokkrum sinnum, að stjórnin veiti *lán* til læknisbústaðar á ábyrgð sýslunefndar, án þess sérstök heimild hafi um það staðið í fjárlögunum.“ — Vér erum þessu sammála, og álítum tilgangslaust að samþykkja slíka till., og ráðum hv. þm. til að taka hana aftur. — Þá er br.till. frá hv. þm. Skagf. á þskj. 752, er fer fram á fjárveitingu til Hólaskóla, til áhaldakaupa. Þessa br.till. getur nefndin ekki stutt. Þess verður að gæta, að þetta þing hefir þegar samþykt æði háar fjárveitingar til skólans. A fjáraukalögunum voru veittar 3000 kr. til aðgerðar á skólahúsinu; og nú í dag hefir þessi deild samþykt 6000 kr. fjárveitingu til leikfimishússbyggingar á Hólum. Þetta virðist okkur ætti að vera nægilegt í bráð. Þá er önnur br.till. frá sama hv. þm. á þskj. 755, um upp-

gjöf á lánseftirstöðvum séra Arnórs Árnasonar í Hvammi. Nefndin felst ekki á þessa br.till. af þeirri ástæðu, að ef einu sinni er byrjað að veita uppgjöf á slíkum lánum, þá verða þeir margir, sem þykjast eiga kröfu til þess sama. — Þá er brtill. frá hv. þm. V.-Skaftaf. á þskj. 758, um styrk til Guðjóns Samúelssonar, til að ljúka námi í húsabyggingarfræði. Nefndin getur ekki mælt með þessari till. Henni er ókunnugt um manninn og verðleika hans, en enda þótt svo væri ekki, höfum við orðið að vísa svo mörgum líkum styrkbeiðnum á bug, að óréttlátt væri að taka hann einan út úr og gera honum hærra undir höfði en öllum hinum. — Meiri hluti nefndarinnar getur heldur ekki mælt með styrk til söngmannsins Péturs Jónssonar, sem hv. þm. Strand. fer fram á, á þskj. 768, enda er mér sagt, að hann sé ráðinn fyrir allhátt kaup á sönghús á Þýzkalandi, og virðist þá lítil ástæða til að styrkja hann. Sami hv. þm. leggur til á þskj. 769, að styrkurinn til Guðmundar skálds Guðmundssonar verði hækkaður úr 400 kr. á ári uppí 600 kr. Meiri hluti nefndarinnar getur ekki ráðið hv. deild til að samþykkja till.; henni virðist upphæð sú sem árlega er veitt til skáldastyrkja vera orðin helzti há, og að rétt sé að bæta sem minstu við. — Þá fer hv. þm. V.-Ísf. á þskj. 773 fram á að styrkurinn til Sighvatar Grímssonar sé hækkaður um 100 kr., úr 200 kr. uppí 300 kr. Nefndin hefir ekki látið í ljós álit sitt um þessa br.till., en eg get búist við að hún verði fremur móti heldur en með henni, ekki sízt þar sem mér hefir verið gefin sú upplýsing, að Sighvatur hafi fengið fyrir handrit sín 350 kr. lífrentu frá Landsbókasafninu. — Hæstv. ráðherra hefir borið fram br.till. á þskj. 777, þess efnis að Akraneshreppi veitist 1000 kr. styrkur fyrra árið til að standast kostnað við viðgerð á bryggju þar. Þessa till. vill meiri hluti nefndarinnar ekki taka til greina. — Þá eru loks tvær br.till. á þskj. 778 frá 2 hv. þm., 6. kgk. og þm. Ak. Fyrri tillögunni, um 800 kr. styrk hvort árið til Jóns Espólín, er meirihluti nefndarinnar mótfallinn. Um síðari till., er fer fram á 500 kr. styrk hvort árið til Kristínar Jónsdóttur, til að nema dráttlist, voru skiftar skoðanir í nefndinni, og eg get ekki sagt með vissu, hvort meirihluti hennar var með tillögunni eða móti.

Eg hefi þá sagt frá undirtektum nefndarinnar undir br.till. hv. deildarmanna. Hinsvegar gefur það að skilja að nefndin getur ekki svona í flughasti áttað sig sem skyldi á öllum þeim till., sem fram koma, og sízt áður en hún hefir fengið nokkrar upplýsingar um, á hverju þær eru bygðar.

Ráðherra (Kr. J.): Eg hefi leyft mér að biðja um orðið, til að mæla með mjög lítilli br.till., sem eg hefi komið fram með. Eg get sagt það mér til hróss, að það er í fyrsta sinn á æfi minni, sem eg kem með br.till. til hækkunar á fjárlögunum, þó eg hafi oft fengist við þau í þessari deild. Það stendur svo á þessu máli, að hreppsnefndin í Ytri-Akranesshreppi fór þess á leit við mig, að eg færi fram á nokkurn styrk fyrir hreppinn, til aðgerðar á bryggjunni í Krossavík á Akranesi. Hv. fjárlaganefnd þessarar deildar hefir haft skjölin til athugunar. Þau komu eigi til mín, fyr en nefndin í nd. hafði lokið starfi sínu, og því kaus eg að snúa mér til nefndarinnar hér. Nú hefir nefndin ekki séð sér fært að taka þessa beiðni Akurnesinga til greina og því hefi eg borið fram þessa br.till. á þskj. 717, er fer fram á 1000 kr. fjárveiting fyrra árið til þessarar bryggjuaðgerðar. En svo hefi eg bætt við því ákvæði, að styrkurinn veitist með því skilyrði að hreppurinn hafi ábyrgð á því, að bryggjan verði til almenningsnota og annist viðhald hennar. — Þessi bryggja var bygð árið 1908, og kostaði rúmar 7 þús. kr., en hreppurinn fékk úr landsjóði 2000 kr. styrk til verksins, auk þess sem laun verkfræðingsins, 380 kr., voru einnig greidd

úr landsjóði. Afganginn, c. 4800 kr., hefir þessi litli hreppur lagt til, að undanskildum 700 kr., er sýslusjóður lét af hendi rakna. Eg hygg, að sumir hv. deildarmanna hafi sèð þessa bryggju. Hún er aðal- eða eina bryggja á Akranesi, og notuð þar af póstbátnum og við alla uppskipun. Nú er það komið í ljós, að hún hefir skemst svo mjög á síðastliðnu hausti, að hún þarf talsverðrar aðgerðar við. Landsverkfræðingur Þorvaldur Krabbe hefir skoðað skemdirnar og lýst þeim í bréfi, sem nefndin hefir haft handa í milli. Þar segir hann svo: „Brúin er þannig löguð, að á steinsteyptum stöplum hvíla járnbitar og bera þeir þverbita af timbri, en yfir þeim eru þilplankar lagðir eftir endilangri bryggju. Það sem skeð er, er að sjórinn hefir mætt svo á stöplunum, þar sem járnbitarnir voru steyptir fastir, að þeir eru nú alveg lausir á 5 neðstu stöplunum. Ennfremur hafa þverbitarnir smátt og smátt skorist niður yfir járnbitana, og sjórinn hefir loks slegið nokkra þilplanka úr.“ — Þannig er lýsing verkfræðingsins á skemdunum. Eigi þetta mannvirki ekki að verða ónýtt, þá verður að vinda bráðan bug að aðgerðinni. Eg býst líka við að hreppurinn ráðist í það, en hann er ekki ríkur, og á því afar-örðugt með það. Hann er sömuleiðis talsvert skuldugur, og stafar það meðal annars af því, að hann hefir tekið að sér kirkju, sem hefir orðið honum æði dýr. Ennfremur hefir hann bygt dýrt skólahús, sem þó er oftlitið samkvæmt nýju skólalögunum. Af þessum ástæðum treystir hreppurinn sér ekki til að standast kostnaðinn við bryggjuaðgerðina, og því er þessi br.till. fram komin. Þessar 1000 kr., sem farið er fram á, er hin lægsta upphæð, sem landsverkfræðingurinn álítur að komast megi af með, ef aðgerðin á að vera sæmileg. En svo á hreppurinn að hafa allan veg og vanda af bryggjunni á eftir. Eg gat þess áðan, að póstbáturinn notaði þessa bryggju, og ef svo fer, sem ýmsir telja líklegt, að innsiglingin á Borgarfjörð reynist svo slæm til lengdar að farið verði að setja póstinn á land á Akranesi, þá verður hún enn nauðsynlegri. Hitt get eg líka um, að þetta er einasta lendingar- og uppskipunarbryggjan á Akranesi, sem nú er orðinn æði stór verzlunarstaður. Eg vona að hv. deild líti náðugum augum á þetta mál; ef frekari upplýsingar óskast, skal eg fúslega láta þær í té.

Gunnar Ólafsson: Eg hefi, eins og fleiri, komið með br.till. við þennan kafla fjárlaganna, þær eru þrjár talsins, og eru á þgskj. 750, 751 og 758. Engin þeirra er stór, en þó vill svo illa til, að nefndin leggur á móti þeim öllum. Um till. á þgskj. 750 skal þess getið, að maðurinn, sem farið er fram á styrk til, Karl Sveinsson, er sonur Sveins bónda í Hvammi í Mýrdal. Hann sigldi fyrir fjórum árum til Hafnar, og stundaði þar rafmagnsnám í þrjú ár. Síðan fór hann til Mittweida á Þýzkalandi og hefir verið á þeim skóla á annað ár. Hann sótti til þingsins um 1000 kr. styrk hvort árið, og í rauninni getur hann ekki haft full not af minni upphæð. En þar sem þingið hefir í svo mörg horn að líta og svo margar styrkbeiðnir hafa komið fram, þá hefi eg að eins farið fram á 600 kr. hvort árið. Þessi maður er mjög efnilegur, og hefir gengið framúrskarandi vel, eins og hin ágætu meðmæli hans, er hann hefir sent til þingsins, bera með sér. En nú er svo ástatt fyrir föður hans, að hann getur ekki kostað hann lengur. Hann seldi eignarjörð sína, til að geta kostað hann utanlands, og hefir nú bara bú eins og hver annar rétt sjálfbjarga bóndi og getur því ekki látið neitt verulegt af hendi rakna. Þegar þess er ennfremur gætt, að margir hafa áður fengið samskonar styrk, sem ekki hafa haft jafngóða hæfileika og þessi maður, þá sé eg ekki, að það geti kallast ósanngjarnt að fara fram á þessa litlu fjárveitingu til hans. Auk þess eru hér á landi, eins og kunnugt er, fáir menn,

sem hafa sérþekkingu á rafmagnsfræði, en á hinn bóginn verða verkefnin fyrir slíka sérfræðinga stöðugt fleiri og meiri, svo að landið hefir sjálft mestan gróða af að styrkja menn til þessa náms. Eg vona því, að hv. deild lofi þessari till. fram að ganga, þó að nefndin hafi ekki getað fallist á hana. — Þá hefi eg á þgskj. 758 farið fram á 600 kr. styrk hvort árið til Guðjóns Samúelssonar frá Reykjavík til þess að fullkomna sig í húsbyggingafræði í Khöfn. Eg játa, að eg er þessum manni ekki persónulega kunnugur, en á hinn bóginn hefi eg sannfrétt. að hann er framúrskarandi góðum hæfileikum búinn, enda hefir hann ágæt meðmæli, sem hv. nefnd eru kunn, því hún hefir haft þau handa á milli. Eg verð því að álíta það fullkomlega réttmætt, að styrkja þennan efnilega unga mann til náms, ekki síst þegar þess er gætt, að við eigum mjög fáa sérfræðinga í þessari grein, en þörfin fyrir þá vex með ári hverju. Guðjón hefir gengið í þrjú ár á skóla í þessum fræðum í Höfn, og hefir þaðan ágætan vitnisburð. En faðir hans hefir ekki efni á að kosta hann þar lengur, og því hefir hann leitað til þingsins. Eg vona, að hv. deild taki þessari beiðni vel. — Þá er þriðja br.till., á þskj. 751, við 22. gr. fjárlaganna. Hún fer fram á það, að stjórninni veitist heimild til að lána lækninum í Vestmannaeyjum, Halldóri Gunnlaugssyni, alt að 6000 kr., til að standast byggingarkostnað við embættisbústað, sem hann hefir ráðist í. Hv. framsögumaður gat þess, að þesskonar beiðni hefði verið vísað frá í nd., af þeirri ástæðu, að nd. leit svo á, að stjórnin gæti lánað embættismönnum fé til að koma sér upp embættisbústað, án þess heimild þyrfti til þess í fjárlögunum. Sama álit lét hæstv. ráðherra í ljós, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að læknirinn geti fengið þetta lán, þó heimild til þess væri ekki samþykt á þinginu, ef á annað borð væri fé fyrir hendi til þess. Að vísu þætti mér bezt, að þessi lánsheimild væri samþykt, eins og till. fer fram á, en þar sem þetta er upplýst, og hv. nefnd er á móti henni, þá getur verið að eg taki hana aftur síðar.

Eg get ekki stilt mig um að minnast á eina br.till. nefndarinnar við 16. gr., sem sé þá, að gefa H/f Iðunn 6000 kr. Háttv. framsm. tók það reyndar fram, að félag þetta hefði sótt um lán úr Viðlagasjóði, en þar sem ekkert fé væri fyrir hendi að lána, þá hefði nefndin tekið þetta ráð, að gefa félaginu 6000 kr. Eg get ekki betur séð, en að nefndinni hafi verið hér mjög mislagðar hendur. Hún verður að neita fjölda fjárbóna, sem mesta nauðsyn væri á að veita, en svo hleypur hún til og fer að gefa hlutafélagi stórfé. Og það er því síður ástæða til að gjöra þetta, sem félagið mun gefa rentur, eða að minsta kosti ekki bera sig mjög illa. Háttv. framsm. sagði, að félagið hefði nýlega orðið fyrir tjóni, þar sem hús þess hefðu brunnið. En eg held, að það sé einsdæmi, ef þingið fer að gefa fjárupphæðir, þótt félög eða einstakir menn verði fyrir tjóni af eldsvoða, eða öðrum ástæðum. Eg vil taka það fram, að eg álít þetta ekki rétta meðferð á fé landsins, og þar að auki er það hættulegt, ef þingið byrjar á slíku. Því ef þessu félagi er veitt fé, þá eru mörg önnur félög í landinu og einstakir menn, sem eiga sanngirniskröfu á hinu sama. Hér er því gengið út á stórhættulega braut fyrir þingið, að fara að gefa á þennan hátt, og það því fremur, sem þetta félag getur vel haldið áfram, þótt það fái ekki þessa peninga. Margir af hluthöfunum eru menn góðum efnum búnir.

Þá er enn eitt, sem eg vildi minnast á. Háttv. nefnd hefir lagt það til, að lækka styrkinn til Helga Péturssonar. Eg skal ekkert dæma um það, hve vel eða illa hann hefir unnið að sínu starfi, en eg vildi að eins benda nefndinni á, að það hittist illa á, að hún skuli leggja þetta til nú, þar sem það er kunnugt, að maðurinn

misti heilsuna svo að hann gat ekki sótt um styrk úr Carlsbergsjóðnum, og að hann hefir engan annan styrk en þennan. Mér finst því sanngjarnt eftir ástæðum að láta styrkinn halda sér eins og hann er.

Þá vildi eg minnast á að eg get ekki felt mig við, að lækkuð sè upphæð sú, sem háttv. neðri deild vildi veita til Þorsteins skálds Erlingssonar, eins og fjárlaganefndin vill gjöra. Mér finst styrkurinn svo lítill, að það taki því ekki að minka hann frá því sem áður var. Eg ætla, að menn skilji það, að úr því að skáldin hafa fengið skáldalaun, þá sé það leiðinlegt að taka það af þeim eða minka þau, þegar þau fara að eldast. Mér finst, að þingið megi ekki kippa að sér hendinni í þessu efni, og þar sem þetta er svo lítið, en hefir þó talsverða þýðingu fyrir skáldið, þá tekur ekki að breyta því. Mér finst þessi lækkun líka eiga sérstaklega illa við af því, að nefndin vill hækka styrk við annað skáld, Matthías Jochumsson, sem að vísu er eldri og meira liggur eftir, en það er samt ekki samræmi í því. Eg held, að réttara hefði verið að láta sama styrk standa og verið hefir handa báðum þessum mönnum, og eg vona að fleiri verði til þess að fylgja þessari skoðun, fremur en tillögu háttv. nefndar. Þá leggur nefndin til, að fjárveitingin til viðskiftaráðunautsins sé ekki bundin við nafn, hún vill fella það burtu, Eg sé ekkert á móti því að þessi fjárveiting sé bundin við nafn, eins og margar aðrar fjárveitingar. Sá maður, sem hefir haft það starf á hendi undanfarið, hefir gegnt því vel, svo vel, að eg efast um að aðrir hefðu gert það betur. Það er reyndar vitanlegt, að allir hafa ekki litið svo á, en það ber að taka til greina, að á móti manninum hafa verið miklar æsingar, oft litaðar af pólitískri óvild; eg segi ekki að tillaga nefndarinnar stafi af því.

Þetta var það helzta, sem eg ætlaði að benda á, og eg sé ekki ástæðu til að lengja umræðurnar meira.

Ari Jónsson: Eg ætla fyrst að minnast á brtill. frá mér á þingsk. 769, sem fer fram á að breyta svo styrk þeim, sem á fjárlögunum er heimilaður Guðmundi Guðmundssyni skáldi, að fyrir 400 krónur hvort árið komi 600 kr. hvort árið eða með öðrum orðum, að styrkurinn sé hækkaður um 200 kr. á ári. Mér hefir fundist það óréttlátt í hlutfalli við styrkveitingar til ýmsra annara skálda, að Guðmundur Guðmundsson skuli vera svona lágt settur. Þessi hækkun, sem eg fer fram á, munar ekki miklu fyrir landsjóðinn, en þörfin mun ekki síðri hjá þessu skáldi en hjá hinum. Hvað réttmæti þessarar hækkunar að öðru leyti snertir, þá hefir þetta sísyngjandi skáld kveðið svo fagurlega, að hann ætti hana margfaldlega skilið og þótt meira væri. Hann hefir nýlega gefið út nýjan ljóðabálk, sem að flestra dómi er snildarlega kveðinn, hverja skoðun sem menn annars hafa í trúarefnum. Enda hefir það eigi verið sjaldan, að skáld þetta hefir sýnt mikla ljóðsnild. Eg vona að háttv. deildarmenn kunni svo vel að meta ljóðsnilli, að þeir sýni skáldinu þann sóma, að hækka styrkinn um þessa litlu upphæð.

Þá á eg aðra brtill. á þingsk. 768, tilmæli um, að 800 kr. styrkur sé veittur Pétri Jónssyni stúdent í Kaupmannahöfn til fullkomnunar í sönglist. Pétur Jónsson hefir þegar fengið mikla viðurkenningu sem söngmaður. Hann hefir ekki eingöngu hlotið lof yfirleitt alstaðar, þar sem hann hefir sungið fyrir fólk, heldur hefir hann og hlotið álit fyrir það, að þegar margir tugir karlmanna síðastliðið vor sóttu um inngöngu í operuskóla konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn, þá skaraði þessi Íslendingur langt fram úr öllum og var einn tekinn. Hann vakti þá strax eftirtekt leikhússtjórans, Dr. Mantziusar og Rung söngstjóra, og fylgja styrkbeiðni hans beztu meðmæli frá þeim. Þörfin á styrk er hér mikil; hann á fátæka foreldra hér í bænum, sem ekki geta styrkt hann, og

sjálfur er hann ekki einfær til þess að komast vel áfram. Að vísu er hann ráðinn til Þýzkalands með allgóðu kaupi, en ef hann ætlar að gera sönglistina að lífsstarfi sínu, þá þarf hann fé til að geta aflað sér fullkominnar kenslu, svo þó að hann geti unnið fyrir sér nú, þá vantar hann fé til að geta stundað námið. Sú kensla er afardýr, eins og allir vita, og því hefir hann snúið sér til alþingis. Eg er viss um, að Pétur Jónsson muni verða landinu til sóma í þessari list, geti hann fullnumað sig í henni.

Að síðustu vildi eg víkja fáeinum orðum, í viðbót við það sem háttv. síðasti ræðumaður sagði, að einni breytingartillögu nefndarinnar, brtill. um að lækka styrkinn til Þorsteins skálds Erlingssonar. Mér finst furðu einkennilegt, að slík breytingartillaga skuli hafa komið fram. Mér finst vegur okkar þingmanna að minni, ef við færum nú að sneiða af þessari óstóru upphæð, sem hann hefir haft. Þörfin til styrksins er sú sama hjá honum og að leggjast hér á móti sjúkum manni finst mér ærið óaðgengilegt. En það er þó ekki aðalatriðið, heldur hitt, að þessi maður er einn sá mesti og „popúlerasti“ Lyriker sem nú er uppi hér á landi. Hann hefir sýnt svo mikla snild í ljóðum sínum, að sumir söngvarnir hans mega teljast meðal fegurstu gimsteinanna í ljóðasafni vor Íslendinga. Enda er margur Íslendurinn svo hugfanginn af ljóðum Þorsteins, að það mundi verða talin ósæmd hin mesta, að leggja tálmanir í veginn fyrir framhald á ljóðagerð hans. Eg veit, að þjóðin mundi misvirða við okkur, ef við förum illa með hann nú, færum að sneiða af styrknum til hans. Hann hefir fengið svo fast álit hjá þjóðinni, að það er gagnslaust að vera að hnjóða í hann, þótt einhverja óvini hans langi til þess; þeir ná ekki tilgangi sínum með því. Háttv. framsm. fann að því, að það hefði ekki komið mikið fram eftir hann í seinni tíð. En þar til er því að svara, að maðurinn er ákaflega vandvirkur, hann yrkir svo vel, að hann lætur ekki frá sér fara nema það sem snild er að. Þetta veit eg, að menn viðurkenna. Enn fremur er svo komið, að hann hefir lokið kvæðabálk og hefir undirbúið mikið af bókinni, sem mun koma út bráðlega. Það eru margar arkir af henni hreinskrifaðar til sýnis. Það er því von á nýrri bók, sem ekki mun síðri en Þyrnar. Mér finst það óhæfilegt að lækka styrkinn til hans, þegar að því er komið að gefa bókina út; mér finst það væri eins og að reyta af söngfuglinum fjaðrirnar, þegar hann ætlar að fara að syngja vornæturkvæðið sitt í annað sinn.

Jósef Björnsson: Eg hefi komið fram með 2 brtill. við 16. gr. Sú fyrri er á þingsk. 752 og er um, að veita fé til að kaupa áhöld til þess að hægt sé að veita nemendum Hólaskóla tilsögn í smíðum. Í reglugerð fyrir bændaskólann á Hólum 6. ág. 1908, 15. gr., er ákveðið að í skólanum skuli fara fram kensla í smíðum. Samkvæmt þessu skrifaði skólastjóri stjórnarráðinu og fór fram á að fá fjárupphæð veitta, svo þessari kröfu reglugerðarinnar yrði fullnægt. Að því er áætlunina snertir, þá er gert ráð fyrir 1000 kr. til að kaupa járnsmíðaáhöld. Skólastjóri áleit það að vísu miklu betra, ef hægt væri að fá til þess 2000 kr., því skólinn hefir fengið tilboð frá Sigurði járnsmið Sigurðssyni á Akureyri um að hann vildi selja járnsmíðaáhöld þau sem hann hefir haft, og sem eru svo góð, að með þeim má smíða jarðyrkjuverkfæri. Sömuleiðis hefir hann boðist til að taka að sér að kenna smíðar. En til þess að fullnægja ákvæðum reglugerðarinnar um að gera menn búhaga, þá mætti duga minni upphæð og við það hefi eg miðað brtill. mína. Að því er trésmíðaáhöldin snertir, þá hefir skólastjóri látið fylgja lista yfir þau verkfæri, sem nauðsynleg eru, og verð á þeim, og er sú upphæð alls 800 kr. Sökum þess, að því

verður ekki neitað, að það er mikilsvert að menn á heimilum úti um landið séu búhagir, og að það er nauðsynlegt að bændaskólarnir geti kent piltunum þetta, og svo af hinu, að það er vaknaður talsverður áhugi meðal bænda úti um landið, að skólinn geti fullnægt þessari ákvörðun, þá segi eg að það væri mjög leitt, ef það yrði lengur dregið að fullnægja þessu ákvæði reglugerðarinnar. Þótt eg hafi leyft mér að fara fram á að veitt yrði fé til hvorstveggja, járn- og trésmíðaáhalda, hefi eg þó ekki viljað vera varbúinn við því versta, að, eins og líka háttv. framsm. gaf í skyn, mótblástur yrði hér gegn því að þessi kensla komist á, þá gæti þó skeð að mótspyrnan næði ekki til hvorratveggja áhaldakaupanna, og hefi eg þess vegna til vara lagt það til, að veittar væru 800 kr. til að kaupa áhöld fyrir til trésmíðakenslu. Húsrúmið er til, svo hægt er að láta nemendurna njóta kenslu í þessari grein smíðanna, ef áhöldin fást. Eg vona því, að þó að háttv. deild vilji ekki samþykkja aðaltillöguna um að leggja fram fé til að kaupa bæði járn- og trésmíðaáhöld, þá sjái hún sér þó fært að ganga að smærri upphæðinni, svo hægt sé að feta í áttina til að fullnægja ákvæðum reglugerðar þeirrar sem stjórnarráðið hefir sett. Eg skal svo ekki þreyta menn á meiri meðmælum með þessari tillögu, en vil að eins bæta því við, að þetta er almennar óskir bænda úti um landið. Þegar bændanámsskeið var haldið á Hólum nú í ár í lok marzmán. og byrjun aprílmán., komu þessar óskir fram. Þar voru þá margir bændur af Norðurlandi — eitthvað milli 30 og 40, og síðustu dagana miklu fleiri. Síðasta daginn var haldinn almennur fundur og á þeim fundi samþykt áskorun til skólastjóra um að gera sitt ítrasta til að kenslu yrði komið á í þeim greinum, sem kenna ætti í skólanum samkvæmt reglugerð hans. Eg vona að háttv. deild taki tillit til svona almennra óska.

Á þskj. 755 á eg br.till., þar sem farið er fram á, að séra Arnór Árnason í Hvammi fái uppgjöf á eftirstöðvum af húsbyggingarláni 174 kr. fyrra árið. Eg skal taka það fram, að þótt eg hafi gerst flutningsmaður þessarar tillögu, er það fyrir mínum sjónum leiðinlegt að flytja fyrir þingið bænir um uppgjöf á lánum. En með því að sérstaklega stendur á og með því að upphæðin er lítil, get eg eftir atvikum mælt með því, að þessi uppgjöf sé veitt, og eg vona, að hin háttv. deild verði mér sammála um, að ekkert sé í móti að verða við þessari bæn.

Lán það, sem hér ræðir um, er húsbyggingarlán og tekið 1893. Það var upphaflega 1 þúsund kr. að upphæð og var tekið í tvennu lagi, og er nú borgað að fullu nema 174 kr. Þegar ræða er um þetta, kemur það fyrst til greina, að bygging sú, sem láninu var varið til að reisa, er orðin mjög hrörleg. Eftir því sem biskup skýrir frá og hann kemst að raun um á vísitazíuferðinni seinastliðið sumar, er það óhjákvæmilegt að húsa bæinn upp að nýju. En til þess þarf prestur að fá lán að upphæð alt að 3000 kr., sem biskup segist ekki treystast að mæla með að hann fái, fyr en lánið er greitt að fullu, það sem enn er ógoldið af því. Presturinn í Hvammi er fátækur maður, og á prestssetrinu hvíla eftirstöðvar af jarðabótaláni 360 kr. Hann hefir farið fram á það við biskup, að hann mælti með því, að hann fengi það gefið eftir, en eg hefi ekki treyst mér til að gerast flytjandi þess máls. Með því nú að þörf er á að húsa bæinn og með því að loku er skotið fyrir, að presturinn í Hvammi geti húsað hann fyr en umrætt lán er greitt að fullu og öllu, þar sem hann er svo fátækur, að hann getur ekki bygt, nema hann fái nýtt lán til þess, þá vona eg að hin háttv. deild, jafnvel þótt hún sjái að hér sé farin hættuleg leið, verði á því máli, að ástæða sé til þess, að sú uppgjöf sé veitt, sem hér er farið fram á.

Sigurður Stefánsson: Eg skal ekki þreyta háttv. deild á langri ræðu. Eg ætla að fara nokkrum orðum um 3. br.till. á þskj. 738, smbr. atkv skr. 106, þar sem farið er fram á, að sett sé í lánadálkinn, að það megi veita niðursuðuverksmiðjunni „Íslandi“ á Ísafirði alt að 50 þús. kr. lán úr viðlagasjóði. Eg skal strax taka það fram, að eftir því sem fjárhagurinn er nú, væri eg fúsastur á, að strika burt allar lánveitingar. En þær eru nú til vor komnar frá háttv. neðri deild, en sú tillaga fékk engan byr að strika þær út. En úr því að þessi lán eru veitt, og vegna þess, hvernig hér stendur á, þá fann eg mér skylt að gerast flutningsmaður þessa máls, og það því fremur, sem hér er um fyrirtæki að ræða, sem eg hygg, að einna mesta framtíð hafi fyrir sér hér á landi. Það var fátækur maður, er setti þessa verksmiðju á stofn árið 1907. Hann átti í byrjun við mikla erfiðleika að stríða. Hann fékk fyrst ekki að koma inn í neina verksmiðju í Svíþjóð né Noregi til þess að læra þessa iðn, svo vendilega gæta Svíar og Norðmenn þess að skapa sér ekki keppinauta. En loks komst kona hans, sem er dönsk, að í norskri verksmiðju, verksmiðju Bjellands í Stavangri, og gat lært niðursuðu þar, en henni var vísað þaðan, er sá kvittur kom upp, að maður hennar ætlaði sér að stofna niðursuðuverksmiðju á Íslandi. Í erindi sínu til þingsins fer stofnandi verksmiðjunnar fram á það, að sér verði veittur 20 þús. kr. styrkur og 40 þúsund kr. lán, en slíkt hefi eg ekki viljað leggja til. Hann fer því að eins fram á það, að geta fengið þetta lán ef mögulegt væri að veita það, og telur sér enda hagræði að þessari lánsheimild stjórnarinnar, þótt lánið ekki fáist, sem ganga má að hér um bil sem vísu. Í fyrstu varð hann fyrir stórtjóni í þessum atvinnurekstri, hefir látið aleigu sína í þetta fyrirtæki, sem kostar nú um 100 þús. kr. Varan var ekki svo góð, sem hún þurfti að vera, og hann varð þannig fyrir 30 þús. kr. skaða. En síðan hefir honum tekist að bæta hana svo, að hún hefir nú fengið 3 gullmedalíur og 3 heiðursmerki. Honum hefir tekist svo vel rekstur verksmiðjunnar, að það er á stuttum tíma orðin mjög svo mikil eftirspurn eftir vörum, er hún framleiðir. Af þessu mundi nú margur draga þá ályktun, að hann gæti þá vel haldið áfram, úr því að það gengur svona vel og varan er mikið keypt. En svo stendur á, að hann vantar tilfinnanlega rekstursfé. Hann þarf 50 þús. kr. höfuðstól til þess, að hann geti sint öllum þeim pöntunum, sem drífa að, á hverjum tíma sem er. Ef þeim er ekki sint fljótt og greiðlega, verður afleiðingin sú, að viðskiftavinirnir snúa við honum bakinu. Nýlega hefir honum borist pöntun frá New-York, þar sem hann er beðinn um $1/2$ miljón dósa af síld í „tómötum“, og hefði þurft 2230 tunnur til þeirrar sendingar einnar. Eg þarf naumast að taka það fram, að í fáum löndum eru jafngóð skilyrði fyrir, að slík fyrirtæki geti þrifist sem hér. Honum hafa víðsvegar að borist fyrirspurnir um, hvort hann geti útvegað lax, síld, síld og krækling. En hann vantar fé, og hann getur ekki sint öllum þessum miklu vörupöntunum. Hann hefir, eins og eg gat um, lagt alt sitt fé í fyrirtækið, og það stendur og fellur með því, hvort hann hefir nægilegt fé til reksturs þess. Og fjárskorturinn er mest að kenna því, að illa gekk í fyrstu, og skaða þeim, er hann þá beið. Eg hefi heyrt því haldið fram að alþingi ætti ekki að skifta sér af þesskonar fyrirtækjum, er væru eign einstakra manna. En alþingi á ekki að líta á það, *hver* á þau, heldur hitt, hve mikil líkindi eru á að landinu verði hagnaður af fyrirtækjum sem þessum. Það er minna um vert, hvort félög eða einstakir menn stofna til slíkra fyrirtækja, á hitt ber að líta, hvort um nytsemdarfyrirtæki er að ræða, sem mikla þýðingu hafa fyrir atvinnuvegi lands-

ins. Að minu áliti ber að meta fult eins mikið framtakssemi og atorku einstakra manna, eins og þó að fáeinir menn með mismunandi þekkingu og dugnaði hlaupi saman í miður hyggilega stofnaðan félagsskap, og komi einhverju á stofn. Eg skal geta þess, að meðan fjárhagurinn var betri en hann er nú, vildi landið ekki fyrir sér að veita einstökum mönnum lán í því skyni að hjálpa þeim að koma þarflegum fyrirtækjum á stofn. Hafa slíkar lánsheimildir oft staðið í fjárlögunum og enginn fundið að, þegar duglegir og nýtir menn áttu í hlut. Líka hefir J. P. Thorsteinsson, Augúst Flygenring og J P. T. Bryde verið veitt lán.

(**Augúst Flygenring**: Það var aldrei brúkað).

Eg tel það alls ekki óviturlegt af þinginu að styðja einstaka menn, sem hafa sýnt, að þeir geta komið einhverju áfram. Eg tek þetta fram til að sýna, að það hefir verið talið eins rétt að styðja fyrirtæki, er einstakir menn eiga og stofna, og þar sem margir vóru saman í félagsskap, og er það alls ekki rangt, er nægilegt fé er fyrir hendi. Þessi verksmiðja á Ísafirði hefir að undanförnu haft 40—50 manns í þjónustu sinni. Eg held að enginn geti efast um það, að svo framarlega sem nokkur iðnaður á framtíð fyrir sér á þessu landi, þá sé það slíkur iðnaður. Þessi iðnaður er ekki eldri en 15—20 ára í Noregi. Stórþingið norska hefir veitt slíkum verksmiðjum mikið fé, og nú er þetta orðinn stóriðnaður þar í landi.

Til sönnunar því, að vörur umræddrar verksmiðju á Ísafirði séu góðar og vandaðar, skal eg taka það fram, að þær hafa verið sendar til Johnson & Kaaber og þeir hafa gefið vottorð um, að varan sé góð, og eftirspurn eftir henni sé mikil, og að salan fari vaxandi.

Eg vildi með þessum fáu orðum skýra þetta mál fyrir hinni háttv. þingdeild. Og ef aðrar lánsheimildir fá að standa, þá vænti eg þess, að þessi lánsheimild verði samþykt. Verksmiðjan og verkfærin eru vátrygð fyrir 96 þúsund krónum. Nokkur hluti hennar er eigi vátrygður enn. Útbú Íslandsbanka á Ísafirði hefir gefið vottorð um að verksmiðjan hafi skilvíslega goldið afborganir af lánum, og að alt gangi nú vel.

Júlíus Havsteen: Eg hefi hér ekki nema eina fjárbeiðslu að bera fram, og eg vona, að það verði líka tekið tillit til hennar. Það er breytingartillagan á þgsk. 744, þar sem farið er fram á, að Hjörtur Snorrason, fyrverandi skólastjóri á Hvanneyri, fái 500 kr. á ári sem einskonar eftirlaun. Hann sótti um það til Stjórnaráðsins, að sér yrði veitt 600 kr. eftirlaun, en bænarskráin barst því svo seint, að það gat ekki sint henni. Síðan var hún send fjárlaganefnd neðri deildar, sem tók hana ekki til greina. Þaðan gekk hún til fjárlaganefndarinnar hér í deildinni, sem hefir ekki heldur sint henni. Á hinn bóginn hefir hann gert sér góðar vonir um, að þetta næði fram að ganga. Hann hefir verið bændaskólakennari 3 ár og skólastjóri um 13 ár. Það er vanheilsa, sem veldur því, að hann neyðist nú til að sækja um eftirlaun. Eg skal með leyfi hæstv. forseta lesa upp kafla úr bréfi Stjórnarráðs Íslands til fjárlaganefndar neðri deildar um þessa málaleitun.

„Hjörtur tók í fardögum við forstjórn þáverandi búnaðarskóla á Hvanneyri og við forstöðu skólabúsins, og hafði þetta hvorttveggja á hendi þangað til búnaðarskólinn var lagður niður í fardögum 1907, og virðist amtsráð Suðuramtsins, sem hafði á hendi yfirstjórn búnaðarskólans, hafa verið mjög vel ánægt með stjórn hans á nefndri stofnun, þar sem það í fundargerðum sínum 1906, 24. atr. (Stjórnartíðindi B. 1906, bls. 192) lýsir „ágætri frammistöðu hans á Hvanneyri, sem hann með mesta sóma hafi staðið fyrir frá því

í fardögum 1894, og gert að einhverju reisulegasta býli landsins upp úr mikilli niðurlægingu.“

„Þegar bændaskólinn á Hvanneyri var settur á stofn í fardögum 1907, var Hjörtur skipaður kennari við skólann með 1200 kr. launum samkvæmt lögum nr. 48 10. nóv. 1905.“

Hjörtur kom um sama leyti að skólanum, sem eg varð amtmaður yfir Suður- og Vesturamtinu. Þegar hann tók við honum og búinu, var jörðin í hinni mestu niðurníðslu. Öll hús vóru slæm og jörðin sjálf í mestu órækt á allan hátt. En nú er Hvanneyri, sökum dugnaðar hans, orðin mikil eign. Sérstaklega eru öll fjárhús og búpeningshús í ágætu lagi. Eg skal geta þess, að danskur maður kom þangað og dáðist mjög að öllu á Hvanneyri. Það var Feilberg. Hann lauk miklu lofsorði á allar byggingar þar, bæði fyrir hvað vel væri frá þeim gengið, og líka fyrir það, hve ódýrt þær væru bygðar. Þegar bændaskólinn á Hvanneyri var settur á stofn í fardögum 1907, stóð honum til boða að gerast forstöðumaður hans, en gat ekki tekið það að sér sökum vanheilsu. Eg get búist við því, að menn segi sem svo, að þessi maður hafi verið í þjónustu amtsins, en ekki landsins, og þetta er að nokkru leyti rétt. En aðgætandi er þó, að skólastofnunin er að nokkru leyti eign alls landsins. Sá varð endirinn á, er búnaðarskólinn var lagður niður, að Hvanneyri og alt, sem henni fylgdi, varð eign landsjóðs. Skuldlausar eignir vóru yfir 64 þús. kr., og það er ekki lítið fé, sem þannig rennur í landsjóð. Nú eru amtsráðin lögð niður og það er því ekki í annað hús að venda en til landsjóðs.

Eg tek það að síðustu fram, að Hjörtur er maður mjög samvizkusamur og duglegur, og eg vildi óska, að allir embættismenn landsins stæðu eins samvizkusamlega í stöðu sinni og hann, og ræktu hana eins vel og hann gerði, þegar hann stjórnaði búi og skóla á Hvanneyri.

Kristinn Daníelsson: Eg hefi að eins komið með eina brtill. við þennan kafla fjárlaganna. Hún er á þskj. 773 og fer fram á að Sighvati Grímssyni séu veittar 300 kr. árlega í stað 200 kr. Hv. deildarmönnum mun vera það kunnugt, að þessi fræðimaður hefir getið sér góðan orðstír fyrir starf sitt. Síðasta þing veitti honum 200 kr. styrk, og færði hann sér hann með afbrigðum vel í nyt. Hann var hér í Reykjavík meðan peningarnir hrukku til, tvo mánuði, og notaði á þessum tíma yfir 400 bindi á handritasafni og landsskjalasafni landsins. Nú langar hann til að halda starfi sínu áfram, en getur það ekki styrklaust fyrir tátæktar sakir. Það er lítið sem beðið er um, og vona eg að hv. deild unni honum þess. Úr því eg stóð upp, þá vil eg minnast lítið eitt á nokkuð af hinum svokölluðu bitlingum. Sérstaklega finst mér Guðm. Guðmundsson vera æði lágt settur. Hann er áreiðanlega eitt af okkar beztu skáldum. Það var sagt áðan, að Þorsteinn Erlingsson mundi vera okkar bezti „Lyriker“, en eg hygg að Guðm. Guðmundsson standi honum alls ekki að baki, að Þorsteini alveg ólöstuðum. Sömuleiðis get eg ekki fallist á að lækka styrkinn til Helga Péturssonar. Það er kunnugt, að hann er mjög efnilegur vísindamaður, og væri það ekki rétt að láta hann gjalda þess að hann misti heilsu sína um stund. Sömuleiðis vil eg mæla með styrknum til söngvarans Péturs Jónssonar. Það hefir verið sagt, að hann hafi fengið góða stöðu á Þýzkalandi, en mér er kunnugt, að hann þarf enn þá að kosta miklu upp á framhaldsnám í grein sinni. Það fer fjarri því að námstími hans sé á enda, þó hann hafi nú fengið launaða stöðu, því að enginn getur orðið fullnuma í sönglist, nema á afarlöngum tíma. Að endingu vil eg benda á það, að í 18. gr.

í 4. l. að neðan er eitt nafn rangprentað, það er nafn móður minnar, og vona eg að skrifstofan megi leiðrétta það sem prentvillu.

Stefán Stefánsson (6. kgk. þm.): Eg á tvær brtill. á þingskjali 718. Fyrri tillagan fer fram á það, að Jóni Sigtryggssyni sé veittur 800 kr. styrkur hvort árið til þess að nema vélafræði í Mittweida á Þýzkalandi. Þessi maður er kornungur, en hefir þó í allmörg ár fengist við vélafræði. Fyrstu tilsögn sína fékk hann í gagnfræðaskólanum á Akureyri; síðan sigldi hann til Hafnar, og hefir verið þar síðan. Árið 1908 gekk hann á „Mekanisk Fagskole", og af honum fór hann árið eftir, og réðist sem nemandi á verksmiðju þá í Danmörku, sem býr til Dan-mótora, og býst eg við að flestir muni kannast við það nafn. Árið eftir varð hann sveinn, og hefir síðan unnið á verksmiðjunni. Hann hefir beztu meðmæli þaðan. Eg er manninum kunnugur vegna þess, að hann var lærisveinn minn um nokkurt skeið, og er uppalinn á Akureyri. Frá barnsaldri hneigðist hugur hans að uppfundningum, og því sem á dönsku er kallað „Mekanik". Hann hefir fundið upp ýmislegt smávegis, sem sýnir að hann hefir hæfileika í þá átt. Nú langar hann til að fullkomna sig i vélfræði á þessum skóla. Nú er enginn maður hér á landi, sem er fullfær í þessari grein, eða hefir próf í henni. En vitanlega fjölgar vélum hér árlega, einkanlega hreyfivélum (mótorum") og er því ekki vanþörf á manni, sem getur gert við slíkar vélar og jafnvel hefir verkstæði til að smíða þær. Eg vil því mæla hið bezta með þessari tillögu.

(**Ráðherrann**: Er maðurinn ekki efnaður?)

Nei, hann er ekki efnaður. Faðir hans var upphaflega efnaður, en efni hans hafa gengið mjög til þurðar upp á síðkastið, svo hann treystir sér ekki til að kosta hann nú algerlega á þessum skóla. Skólaveran á Mittweida kostar 1600 kr. á ári. Faðir hans getur ekki lagt honum meira til árlega en helming þessarar upphæðar. Þingið hefir alt af litið svo á, að rétt sé að styðja hæfa menn til að leita sér fræðslu erlendis í þeim greinum, sem ekki er hægt að nema hér. Við erum að berjast fyrir því að koma upp fræðslustofnunum í landinu, í sem allra flestum greinum, en það líður vafalaust á löngu áður en við getum stofnað til innlendrar fræðslu í greinum eins og þessari, þar sem þörf er að eins á fáum mönnum. Þess vegna verður að styrkja menn til að fara utan og afla sér fræðslu þar; enda hefir þeirri reglu verið fylgt um langt skeið, að veita nærri á hverju þingi fleiri en einum manni slíkan styrk. Að þörf sé á slíkum sérfræðingi hér, er engum vafa undirorpið; og dýrt er að leita ávalt til útlanda til að fá aðgerð á vélum, enda lítið sjálfstæðisbragð að slíku. Allar þjóðir keppa eftir því, að hafa sem mest í landinu sjálfu, og þurfa sem minst og sjaldnast til annara að sækja. Eg skal bæta því við, að þenna tíma, sem Jón var í Höfn, gekk hann, auk þess sem hann var á þessari verksmiðju, stöðugt á kvöldin á „Det tekniske Selskabs Skole", til að nema ýmislegt, sem að grein hans lýtur, svo sem teikning, stærðfræði o. fl.— Hin tillagan, sem eg á, fer fram á það, að Kristínu Jónsdóttur verði veittur 500 kr. styrkur hvort árið til að fullkomna sig utanlands í dráttlist. Þessi unga kona fékk fyrstu mentun sína hér í Reykjavík, að mig minnir hjá Stefáni Eirikssyni. Síðan sigldi hún til Hafnar og gekk þar á „Tegne- og Kunst-Industri Skole for Kvinder". Þaðan hefir hún beztu meðmæli. Forstöðukonan segir um hana, að hún sé hneigð fyrir dráttlist og hafi ágæta hæfileika í þá átt. Eg hefi sjálfur séð ýmislegt eftir hana og ber það alt vott um að hún sé langt komin með námið. Nú langar hana til að fá frekari fræðslu í þessari grein, og þá helzt að ganga á „Kunst-Akade-

miet“ næsta ár. Ástæðan til þess, að eg sting upp á þessari fjárveitingu, er einkum sú, að eg finn og veit að mikill skortur er á kennurum í dráttlist hér á landi, en kona þessi ætlar einmitt að verða teiknikennari. Mér er ekki kunnugt, að þeir séu margir hér á landi, sem hafa fengið góða æfingu og kenslu í þessari grein; þeir eru ef til vill nokkrir hér í bænum, en úti um land eru þeir ekki til. Á Akureyri er að eins einn maður, er sé vel fær um að kenna dráttlist. En dráttlist tel eg vera eina allra nauðsynlegustu kenslugrein í hverjum skóla, ekkert síðri en skrift. Eg hefi oft fundið mjög til þess, að eg naut engrar tilsagnar í dráttlist á unga aldri og oft bagað mér. Sama munu fleiri geta sagt. Eg tel það eina hina mestu framför í skólalöggjöf vorri, þegar svo var skipað fyrir, að kenna skyldi dráttlist í skólum hér og það að miklum mun, og ætti, að mínu áliti, að leggja vaxandi áherzlu á dráttlistarkensluna. En fyrsta skilyrðið fyrir því er að völ sé á góðum kennurum. Eg álít því að sjálfsagt sé að styðja þessa konu, sem hefir góða hæfileika og er vel á veg komin til þess, að hún geti orðið vel fær um að kenna þessa grein síðar meir.

Eg hefi fylgt nefndinni í öllum tillögum hennar hingað til, en hún hefir komið með tvær tillögur til breytingar á þessum kafla fjárlaganna, sem eg get ekki fallist á. Önnur er sú, að færa niður styrkinn til Helga Péturssonar. Í því atriði er eg sammála hv. þm. V.-Ísf. og V.Skaftf. Eg veit að Helgi er einn af allra efnilegustu vísindamönnum, sem við eigum. Hann hefir þegar með ritum sínum gert okkur mikið til sæmdar, og margar athuganir hans eru stór gróði fyrir alheimsvísindin. Önnur ástæða hefir ekki verið tilfærð fyrir þessari lækkun, en að hann sé nú ekki alveg vinnufær. En mér er kunnugt, að hann býst sjálfur við að geta tekið upp aftur vinnu sína með „vaxanda vori“. Hins vegar veit eg það líka að ferðalög hans eru mjög dýr, því að mikinn útbúnað þarf til þeirra, þau eru miklu dýrari en t. d. ferðalög grasafræðinga og dýrafræðinga. Eg vil einlæglega leggja á móti því að tillaga nefndarinnar um þessa 500 kr. lækkun á styrknum verði samþykt, en með því að Helgi haldi þeim styrk, sem hv. nd. hefir samþykt. Fái hann ekki þann styrk, getur lítið orðið úr þeim rannsóknum, sem styrkurinn veitist til, því að 1500 kr. á ári hrökkva hvergi nærri til, og vilji þingið á annað borð styrkja menn til einhverra starfa, þá er vitanlega rangt að veita svo lítið fé, að það komi ekki að tilætluðum notum. Hin till. nefndarinnar, sem eg get ekki fallist á, er að lækka styrkinn til Þorsteins Erlingssonar. Eg skal ekki fara að fjölyrða um verðleika hans, þeir eru öllum kunnir. Það hefir verið sagt, að hann hafi ekki látið mikið til sín heyra á síðustu tímum. Eg veit þó, að hann er nú að vinna, þó af veikum mætti sé, því maðurinn er bláfátækur og veill heilsu. Eg sé ekki að nokkur sanngirni mæli með því, að fara að klípa þessar 200 kr. á ári af styrknum til hans, til að gera honum enn örðugri hina örðugu lífsbaráttu hans. — Þá skal eg geta þess að eg er meðmæltur styrkhækkuninni til Sighvat Grímssonar, og sömuleiðis fjárveitingunni til Hjartar Snorrasonar og Karls Sveinssonar. Það stendur líkt á fyrir Karli og Jóni Espólín; hann vill fullnuma sig á skólanum í Mittweida og teldi eg illa farið ef hann fengi ekki þennan litla styrk til þess. — Þá á eg líka bágt með að greiða atkvæði móti styrkhækkuninni til Guðm. Guðmundssonar, því ekki verður því neitað að maðurinn „yrkir eins og páfinn“. En verði hann hækkaður, þá býst eg við, að eg komi með brtill. til 3. umr. um hækkan á styrknum til hins Guðmundarins, sem er við hliðina á honum á fjárlögunum, hann er engu síðri, og vil eg helzt hafa þá jafna.

Steingrímur Jónsson Eg bið hv. deild-

armenn að afsaka að eg gleymdi í framsögu minni að geta um tvær br.till. nefndarinnar, þá 3. og 4. á þskj. 738. Sú fyrri fer fram á alt að 50,000 kr. lánsheimild til verksmiðjunnar „Íslands“ á Ísafirði. Eg skal strax geta þess að nefndin var ekki öll á einu máli um þessa tillögu. Eg var þar í minnihluta, og get ekki verið tillögunni samþykkur. Að vísu kannast eg við að þetta sé fyrirtæki, sem rétt væri að styðja með láni, ef fé væri fyrir hendi. En hinsvegar eru þessar lánsheimildir í 22. gr. mjög athugaverðar og nú meiningarlausar, þar sem ekkert fé er til. En þó eg gæti fallist á, að þetta lán væri veitt, þá mundi eg aldrei geta greitt atkvæði með hærri upphæð en 30 þús. kr.

4. br.till. á þskj. 738 fer fram á, að tóvinnufyrirtækinu á Akureyri sé veitt framlenging á afborgunarfresti af láni úr viðlagasjóði. Það er nauðsynlegt að veita frest, til að hjálpa félaginu. Það er líka alveg hættulaust, því að byggingarnar, sem landið hefir að veði, eru miklar og vel gerðar, allar úr steini.

Þá skal eg minnast nokkrum orðum á þær br.till., sem fram hafa komið. Um till. hæstv. ráðherra um styrk til bryggjuviðgerðar á Akranesi get eg getið þess, að eg get vel verið henni samþykkur, en meiri hl. nefndarinnar var á móti henni. — Hv. þm. V.-Skaftf. fer fram á styrk til Karls nokkurs Sveinssonar til að fullnuma sig í rafmagnsfræði, og Guðjóns Samúelssonar til að ljúka námi í húsabyggingarfræði. Eg get tekið það fram, að ekkert væri mér kærara en að vera með báðum þessum beiðnum, því að þær eru báðar á rökum bygðar. En einhversstaðar verður maður að takmarka sig. Stórir búnkar af slíkum styrkbeiðnum hafa legið fyrir nefndinni, en aðeins fáar verið teknar til greina. Og þar sem svo mörgum hefir þegar verið neitað, get eg heldur ekki greitt atkvæði með þessum br.till. hv. þm. V.-Skaftf., þó mér að öðru leyti væri það ljúft. Þá mintist hv. þm. á styrk þann, sem nefndin vill veita klæðaverksmiðjunni Iðunni. Aðalumsókn félagsins eða stjórnar þess var um lán, en varaumsókn um styrk. Félagið er í kreppu; það tapaði 40 þús. kr., þegar verksmiðjan brann árið 1906, og finst nefndinni því rétt að hlaupa lítið eitt undir bagga með því. Enda hefir þingið, ein og eg hefi þegar áður bent á, ávalt talið sér skylt að styrkja einmitt þessi tóvinnufyrirtæki; það er mannsaldursgömul kenning. Hér er því ekki um neitt hættulegt fordæmi að ræða.

Háttv. þm. Vestur-Skaftfellinga kom með upplýsingar um Dr. Helga Pétursson, sem mér var ókunnugt um, þegar br.till. var samþykt í nefndinni. Hún vissi ekki að hann hefði ekki fengið styrk úr Carlsbergssjóðnum. Eg hefi í dag ekki hvikað frá neinu, sem nefndin hefir lagt til, en í þessu máli verð eg að gjöra það. Þær upplýsingar, sem eg nú hefi fengið, hafa breytt skoðun minni. Eg er sammála hv. 6. kgkj. um það, að sé styrkur þessi lækkaður, þá verði han bara til að draga fram lífið. Það yrði þá lífsstyrkur en ekki starfsstyrkur. Þessi maður hefir unnið margt landinu til sóma og eg er viss um að hann muni gera enn meira, endist honum aldur og heilsa til.

Háttv. sami þingm. mintist á að nefndin vildi fella niður athugasemdirnar um viðskiftaráðunautinn. Sú fjárveiting hljóðaði ekki upp á nafn í síðustu fjárlögum og við viljum einmitt hafa liðinn eins og hann stóð áður. Þáverandi ráðherra vildi ekki einu sinni að nefnt væri neitt nafn í sambandi við þá fjárveitingu, og oss finst nú enn meiri þörf að halda þessu fram, þegar séð er, hversu starfi hans er varið. Hann er ekki ráðunautur um neina eina grein viðskiftanna, hvorki smjörráðunautur, kjötráðunautur eða annað þesshátar, heldur er starfssvið hans alveg óákveðið. Það er því sjálfsagt að stjórnin geti haft óbundnar hendur að því er þennan mann snertir. Þetta er ekki sagt neitt til lasts þeim manni,

sem nú hefir þetta starf, vinskap okkar er svo varið, að eg ætla mér ekki að gera það. En það verður ekki dulið að með þjóðinni eru skiftar skoðanir um það, hvernig þessi fjárveiting hafi verið notuð. Og skal eg ekkert frekara fara út í það.

Háttv. þm. Strandamanna mintist á hækkun á skáldastyrknum, til Guðmundar Guðmundssonar. Eg gæti fallist á, að hann fengi hærri styrk, en eg vil ekki að skáldastyrkirnir séu auknir úr því sem nú er. Það verður að fara að takmarka þá, það er óhjákvæmilegt, og mér finst að við séum nú komnir fast að hámarkinu.

Eg lít öðruvísi á eftirlaunahækkunina til séra Matthíasar Jochumssonar. Það er maður, sem við fylgjum bráðum til grafar (**Stef. Stefánsson**: Nei, nei.) Hann á langa skáldaæfi að baki sér og auk þess er hann gamall og reyndur embættismaður landsins.

Þá skal eg víkja að ræðu háttv. 2. þm. Skagfirðinga. Eg efa ekki að það væri gott, ef hægt væri, að koma upp smíðaverkstæði á Hólum. En eg í minni einfeldni hafði nú reyndar haldið, að það þyrfti ekki 1800 kr. verkfæri til að gera menn búhaga. Eg hélt að Hólabú, svo stórt bú, hefði sjálft nóg tæki til þess. Ef menn skoða skjal Sigurðar járnsmiðs Sigurðssonar á Akureyri, þar sem hann býður Hólaskóla að selja honum verkfæri sín, og taka að sér kenslu í járnsmíði, þá sést, að það hefir átt að gera menn meira en búhaga. Að kaupa þau verkfæri væri sama og að stofna verkstæði, þar sem smíða mætti allskonar jarðyrkjuverkfæri, kerrur, plóga, o. s. frv. Væri sá kostur tekinn, mundi það draga þann dilk á eftir sér að veita þyrfti fé til kenslu í smíðum. Þetta hefir gefið mér tilefni til að athuga, hvað gert hefir verið fyrir Hólaskóla síðustu árin, og það er ekki svo lítið. Á þinginu 1909 er fé veitt á fjárlögunum til byggingar skólahúss. Sú varð niðurstaðan, að bygt var steinsteypuhús, sem kostaði 30 þús. kr. Eg lasta ekki fráfarandi stjórn fyrir að hún breytti til og lét byggja steinsteypuhús, eg álít að það hafi verið rétt gert, þótt það kostaði meira. Á fjáraukalögunum 1910—11 er veitt fé til aðgerðar á gamla skólahúsinu og loks á fjárlögunum 1912—13 6000 kr. fjárveiting til að byggja leikfimishús. Ef þetta er alt lagt saman, býst eg við að einhverjir kynnu að segja: Þeir eru býsna dýrir þarna á Hólum. Eg get ekki skilið að svona mikið fé þurfi til að fullnægja ákvæðum skólareglugerðarinnar. Ekki vantar mig löngun til að veita uppgjöf á þessum 174 kr. til prestsins í Hvammi, en mér þykir óviðfeldið að fara að gefa eftir lán úr viðlagasjóði. Það er auðvitað ekki stór upphæð, eins og háttv. 2. þm. Skagfirðinga sagði, en það er einmitt af því, hve lítil hún er, að eg er á móti tillögunni. Hún er stór að því leyti til, að ef hún væri samþykt, þá væri eins og tekinn tappinn úr um eftirgjafir lána úr viðlagasjóði.

Þá eru tvær br.til. háttv. 6 kgkj. (St. Stef.) Sú fyrri að veita Jóni Sigtryggssyni Espólín 800 kr. hvort árið, til vélfræðinámsins. Með henni get eg ekki verið. Eg hefi neitað alt of mörgum samskonar beiðnum til þess að geta fallist á þessa. Annað mál er með hina tillöguna, styrkinn til ungfrú Kristínar Jónsdóttur. Háttv. flutningsmaður benti á að þar yrði völ á góðum teiknikennara, og eg skal játa, að á þeim er sár þörf til þess að kenslu í þeirri grein verði komið í það horf, sem vera á, það sem sé, að teiknikensla komist á í öllum skólum landsins.

Eg hygg nú, að eg hafi svarað öllum athugasemdum, sem gerðar hafa verið, og skal láta þetta nægja um einstakar br.till. Að eins vildi eg bæta við örfáum orðum almenns eðlis. Eg hefi minst á það áður, að fjárhagurinn, eins og hann nú er, væri mjög athugaverður. Það má gera ráð fyrir því, að tekjuhallinn verði 225 þús. kr., þó að tillit sé tekið til þeirra tolla og

skattalaga, sem afgreidd hafa verið, eða líklegt er að afgreidd verði. Fjáraukalögin munu rýra tekjurnar um 140 —160 þús. kr. Önnur lög ekki stórum, þótt eitthvað sé. Þetta álít eg allathugavert og eg get ímyndað mér, að ef einhverjir háttv. þingmenn kæmu með uppástungur til að breyta þessu ástandi, þá mundi eg geta orðið þess styðjandi í allverulegum atriðum. Eg get ímyndað mér að mörgum þyki sumir liðir fjárlaganna ekki svo nauðsynlegir, að það gilti ekki einu þótt þeir væru feldir burtu. Eg vil í þessu efni benda á eitt ráð, að fella allar lánagreinarnar. Ekki einungis af því, að ekkert fé er til að lána, heldur einnig af því að búið er að binda of mikið fé viðlagasjóðs, þessar 1600—1700 þús. kr. Allir sjá, hvert stefnir með því lagi. Það stefnir í ógöngur.

Eg hefi ekki haft tækifæri til sem skyldi að athuga, hverja liði mætti fella niður. En eg álít, að sleppa mætti þeim fjárveitingum, sem landssjóður innir af hendi án allrar lagaskyldu, svo sem er t. d. um alla styrki til sýsluvega, þótt þeir góðir séu í sjálfu sér. Enn get eg bent á, að þótt nefndin hafi ekki viljað fella niður fjárveitinguna til viðskiftaráðun., þá er þar upphæð, sem einna fyrst mætti draga inn, ef í hart færi.

Enn er eitt atriði, sem eg vildi minnast á, en það er styrkurinn til Good-Templarreglunnar, og getur vel verið að eg komi með br.till. síðar um að fella hann burt. Eftir að bannlögin voru samþykt, álít eg að tilveruréttur þessa styrks sé fallinn.

Good-Templarfélaginu hefir hingað til verið veittur þessi styrkur til að útbreiða bindindi í landinu, en sé hann veittur hér eftir, er hann að eins til agitationa fyrir bannlögin. Í raun og veru hefði Stórstúkan átt að missa þennan styrk undir eins um daginn, fyrir bréfið, sem hún sendi oss þingmönnum; fyrir þá ósvinnu forstöðunefndarinnar, að senda ógnunarbréf inn í þingsalinn, því hreint og beint ógnunarbréf var það.

Loks er eitt mál, sem eg vildi að eins drepa á. Það eru botnvörpusektirnar. Háttv. neðri deild hefir felt niður að nokkur hluti þeirra renni í ríkissjóð Danmerkur. Þetta hefir hún gert móti vilja fráfarandi stjórnar og stjórnar þeirrar sem nú er, og álít eg að deildin hafi með þessu stofnað máli þessu í hinar mestu ógöngur.

Jósef Björnsson: Mér fanst anda kalt frá háttv. framsm. í garð Hólaskólans. Hann sagði, að menn mundu fara að segja, að þeir væru dýrir þar á Hólum. Hann taldi upp útgjöldin við skólann, þennan skóla, sem landið á og sem það hefir sett reglur fyrir og er skylt að halda uppi, og fanst mér þá undarlegt að vilja ekki láta þennan skóla njóta jafnréttis við hinn bændaskólann. En úr því að hann fór að telja útgjöldin saman, þá er bezt að eg geri það líka. Hann sagði, að skólahúsið hefði kostað 30 þús. kr. Þetta er helzt til mikið. Eftir því sem smiðirnir hafa sagt mér, mun það ekki koma til að kosta nema 27 þús. kr. Auk þess er nú veitt á fjáraukalögunum til viðgerðar á gamla skólahúsinu 3000 kr. og svo nú 6000 kr. til að byggja leikfimishús. Þetta verður samtals 36 þús. kr. Nú hefi eg farið fram á að veitt sé fé, 1800 kr., til að koma á lögskipaðri kenslu í smíðum, svo sem ákveðið er í reglugerð skólans. Skólastjóri hefir farið fram á að fá hærri upphæð — 2000 kr. — til þess að hægt væri að koma á stofn fullkomnu smíðaverkstæði, þar sem hægt væri að smíða jarðyrkjuverkfæri. Ef það væri gert, þá er eg ósamdóma því, að af því mundi leiða nokkur kostnaður fyrir landsjóðinn, því skólinn mundi fá fé í aðra hönd fyrir það, sem smíðað yrði, svo eg held það borgaði sig vel. Eg hefi nú lagt minni áherzlu á þetta, og með tilliti til þess hefi eg borið fram varatillöguna um kaup á áhöldum í trésmíðakenslu. Þegar

þetta er borið saman við það sem veitt hefir verið til Hvanneyrarskólans og athugað er, hvað þangað hefir verið lagt, þykir mér líklegt, að háttv. framsm. muni segja, að þeir séu dýrir þar á Hvanneyri. Þar hefir verið bygt skólahús fyrir 46 þús. kr. og nú á að reisa þar leikfimishús fyrir 4000 kr. Það verður samtals 50 þús. kr. Og 50 þús. kr. eru þó alt af meira en 36 þús kr. Einhver kynni því að segja: Þeir eru dýrir á Hvanneyri, en ekki á Hólum.

Steingr. Jónsson: Eg vildi að eins taka það fram, að eg hefi aldrei sagt, að þeir væru ódýrir á Hvanneyri. Annars hefi eg ekki séð nema 2000 kr. til leikfimishússins þar, efri deild hefir að minsta kosti ekki haft um annað að fjalla. Það er langt frá því, að eg sjái nokkuð eftir því, að Hólaskóli fái það sem hann þarf. En það er hægt að veita svo mikið að mönnum þyki það rangt.

Umræðunni lokið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA:

50. brtill. á þskj. 727 sþ. með 12 shl. atkv.
51. „ „ „ „ „ í e. hl.
52. „ „ „ „ „ „ „ „
53. „ „ „ „ „ „ „ „
54. „ „ „ „ „ með 9 ; 2 atkv.
55. „ „ „ „ „ í e. hl.
56. „ „ „ „ tekin aftur
57. „ „ „ „ feld með 7 : 4 atkv.
58. „ „ „ „ sþ. „ 10 shl. „
„ „ „ 769 „ „ 8 „ „
„ „ „ 750 „ „ 8 : 1 „
59. „ „ „ 727 „ „ 9 shl. „
60. „ „ „ „ „ „ 10 „ „
61. „ „ „ „ feld „ 9 : 3 „
„ „ „ 773 sþ. „ 7 shl. „
„ „ „ 768 feld „ 7 : 3 „
1. „ „ „ 778 sþ. „ 7 shl. „
2. „ „ „ „ „ „ 7 : 6 „

að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvæðagreiðslu og sögðu:

Já:	*Nei*:
Kristinn Daníelsson,	Augúst Flygenring,
Steingr. Jónsson,	Eiríkur Briem,
Ari Jónsson,	Jósef Björnsson,
Gunnar Ólafsson.	Kristján Jónsson,
Júlíus Havsteen,	Lárus H. Bjarnason,
Sig. Hjörleifsson,	Sigurður Stefánsson.
Stefán Stefánsson.	

62. brtill. á þskj. 727 sþ. í e. hl.
„ „ „ 758 „ feld með 7 : 4 atkv.
15. gr. svo breytt samþ. í e. hl.
Brtill. á þingskj. 752 1. liður feld með 7 : 5 atkv.
Brtill. á þskj. 752 2. liður sþ. með 10 shl.
63. brtill. á þskj. 727 sþ. með 12 shl. atkv.
64. „ „ „ „ „ „ 9 „ „
65. „ „ „ „ tekin aftur
66. „ „ „ „ sþ. með 10 „ „
67. „ „ „ „ „ „ 10 „ „
68. „ „ „ „ „ „ 10 „ „
69. „ „ „ „ „ „ 12 : 1 „
70. „ „ „ „ „ „ 7 : 1 „
71. „ „ „ „ „ „ 11 shl. „
72. „ „ „ „ „ „ 11 „ „
2. brtill. á þingskj. 738 samþ. án atkv.gr.
73. og 75. „ „ „ 727 „ með 10:1 atkv.
74. „ „ „ 727 „ „ 10 shl. „
76. „ „ „ „ „ „ 7 : 4 „
77. „ „ „ „ „ í e. hl.
„ „ „ 777 „ með 11 shl. „
78. „ „ „ 727 „ „ 9 shl. „
„ „ „ 755 „ „ 7 : 6 „
79. „ „ „ 727 „ „ 8 : 2 „
16. gr. svo breytt samþ. í e. hl.
17. — óbreytt „ „ „ „
80. brtill. á þ.skj. 827 samþ. með 11:1 atkv.
81. „ „ „ „ „ í e. hl.
„ „ „ 744 „ með 10 shl. „
18. gr. svo br. samþ. í e. hl.
19. „ óbreytt „ „ „ „
20. „ með br. skv. atkv.gr. samþ. í e hl.
21. „ óbreytt samþ. í e. hl.
3. brtill. á þ.skj. 738 samþ. með 8:3 atkv.
4. „ „ „ „ „ „ 11 shl. „
„ „ „ 751 tekin aftur.
22. gr. svo br. samþ. með 10 shl. „
7. „ með breytingu skv. atkv.gr. samþ. í e. hl.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr. og því vísað til. 3. umræðu í e. hl.

Þriðja umræða í efri deild 1. maí. (804, 808, 812, 813, 820, 821, 822).

Framsögum. Steingr. Jónsson: Áður en frv. fer héðan vil eg minnast dálítið á það, hvern'g það lítur nú út, og hverjum breytingum það hefir tekið hér í deildinni. Eg skal að eins tala um gjaldahliðina, því að tekjunum hefir ekkert verið rótað við.

Þegar frv. kom hingað til deildarinnar, voru útgjöldin alls kr. 3,168,522,34.
En nú . . . „ „ 3,208,417,34.

Gjöldin hafa því hækkað um kr. 39,-894,00. Og tekjuhallinn er nú orðinn kr. 321,017,34.

Nú skal eg benda á það, hvernig þessi útgjaldaauki, kr. 39,894,00, er tilkominn, eða hvernig hann skiftist niður á greinar frumvarpsins. Því að það getur gefið nokkra bendingu um það, hver stefna deildarinnar er í fjármálum,

10. gr. frv. hefir hækkað um kr.		800,00
12. „ „ „ „ „ „		6,600,00
14. „ „ „ „ „ „		24,520,00
15. „ „ „ „ „ „		14,800,00
16. „ „ „ „ „ „		6,174,00
	Samtals kr.	52,894,00.
Aftur hefir 13. gr. lækkað um „		13,000,00
Svo að hækkunin nemur þá „		39,894,00.

En auk þess hefir 18. gr. (eftirlaun) verið hækkuð um kr. 2,200,00, og þá er hækkunin öll til samans í raun og veru kr. 42,094,00. Þegar nefndin lagði fram álit sitt fyrir deildina, þá lagði hún til að gjöldin hækkuðu um kr. 30,620,00 og stóð sú hækkun í sambandi við stofnun háskólans. Þannig hafa útgjöldin við atkvæðagreiðsluna hér í deildinni hækkað um kr. 11,474,00 fram yfir það sem nefndin lagði til. Af þessum 11,474 krónum eru 2400 kr. þannig tilkomnar, að deildin hefir felt lækkanir, sem nefndin lagði til, en afgangurinn, kr. 9,074,00, hefir komist inn eftir tillögum einstakra þingmanna. Eg vildi að eins benda á þetta vegna þess að hv. deildarmenn hafa, ef til vill, ekki gert sér það ljóst, að kornið fyllir mælirinn. Þetta voru altsaman smáupphæðir, en til samans nema þær þó rúml. 9000 krónum.

Fjárveitingarnar nema þá alls á fjárlögunum, eins og frv. er nú, kr. 3,208,417,34. Áður hefir deildin samþykt á fjáraukalögum fyrir árin 1910 og 1911, kr. 105,751,23, sem á auðvitað að taka af tekjum þessa árs, en ef tekjurnar hrökkva ekki til þess, sem má búast við, þá verður að taka þessa upphæð af viðlagasjóði til bráðabirgða og dregst það þá frá því, sem brúka á á næsta fjárhagstímabili. Því að tekjuafgangurinn 1910 er sagður að hafa nákvæmlega dugað til þess að fylla tekjuhallann á núgildandi fjárlögum, en ekkert þar fram yfir. — Ennfremur hefir deildin samþykt lög um hafnargerð í Reykjavík, og á landsjóður að leggja til hennar 400 þús. kr. Nú geri eg ráð fyrir að af því komi til útborgunar $^1/_4$ hluti eða 100 þús. kr. á næsta fjárhagstímabili. — Gjöldin á næsta fjárhagstímabili verða þá öll til samans á fjárl., fjáraukal., og til hafnargerðar kr. 3.414,168,57. Eg er ekki að benda á þetta af því að eg álíti lengra farið í útgjöldunum en nauðsynlegt er, og ekki heldur af því að eg álíti þetta svo ískyggilega háa upphæð, að við séum komnir á „Fallitens Rand“. En þetta er æði há upphæð, og ég hygg hærri en nokkurntíma áður hefir verið samþykt á þingi.

Þá vil eg athuga hvað til er uppí þessi útgjöld. Það er þá fyrst tekjur eftir fjárlagafrv. kr. 2,887,400. Tolllög, sem liggja fyrir í deildinni, kr. 120,000. Og loks smá skattalög, um erfðafjárskatt o. fl., sem má áætla um kr. 70,000. Þetta gerir til samans kr. 3,077,400. Nú hefir verið sýnt fram á það, að áfengistollurinn væri of hátt áætlaður fyrir næsta fjárhagstímabil, og væri rétt að lækka hann um 110 þús.

kr. til þess að áætlunin geti heitið varleg. Ef þessi upphæð, 110 þús. kr., er dregin frá tekjunum, sem eg taldi áðan, þá eru eftir kr. 2,967,400. Þetta verður ekki hrakið; það eru sem næst 3 miljónir, sem við gerum ráð fyrir að fá inn í meðal-árferði, en úr landsjóði eru veittar rúml. 3 milj. og 400 þús. krónur. Og sennilega verður bætt svo miklu við í neðri deild að það verði nær 3 milj. og 500 þús. Hinsvegar má gera ráð fyrir að til hafnargerðarinnar verði tekið sérstakt lán, og má því draga þær 100 þús. kr. frá. Þá eru útgjöldin 3 milj. 400 þúsund, eða með öðrum orðum um 400 þús. kr. tekjuhalli. Þrátt fyrir þetta álít eg alls ekki að fjárhagsástandið sé neitt voðalegt, því að þó að viðlagasjóður sé ekki handbær, þá er hann samt eign landsjóðs og góð eign. En þessar tekjur vantar samt til þess að landsbúskapurinn beri sig. Það er að eins eitt tekjufrumvarp ótalið, sem liggur fyrir þinginu, frumvarpið um farmgjald. En eg býst ekki við, að það frv. gangi fram á þinginu í þeirri mynd, að það geti gefið miklar tekjur eða neitt líkt því, sem gert var ráð fyrir í neðri deild. Auðvitað getur það gefið nokkuð. Eftir því sem eg veit bezt mætti gera ráð fyrir að það gæfi af sér í allra hæsta lagi um 100 þús. kr. á ári. Aðrir gera ráð fyrir miklu minna, en engar ábyggilegar skýrslur eru til, því að verzlunarskýrslur eru ekki svo gerðar, að hægt sé að finna út þunga hverrar vörutegundar.

Þá skal eg snúa mér að breytingartillögunum við frv. Þá er fyrst brtill. nefndarinnar á þskj. 820 við 5. gr. 1, að aftan við liðinn komi sú athugasemd, að prestinum í Breiðabólsstaðarprestakalli sé heimilt að verja afgjaldinu af því til túnasléttunar á staðnum. Afgjaldið er kr. 142,38 á ári, svo að þetta verða 284 kr. 76 aur. á fjárhagstímabilinu. Þá vill nefndin setja það skilyrði, að sléttaðar verði minst 5 dagsláttur á þessum 2 árum. Túnið er stórt, en að mestu leyti óslétt, alt óslétt nema það sem presturinn hefir sléttað sjálfur. Hann er búinn að slétta eitthvað 14—15 dagsláttur og hefir ekki fengið lán til þess áður. En nú fer hann að eins fram á að mega verja afgjaldinu til túnasléttunar. Ef hann sléttar 5 dagsláttur, þá er það sama sem að hann fái kr. 56,95 fyrir hverja dagsláttu, og er það líklega rúmlega $^1/_3$ kostnaðar. Nefndin álítur þetta sanngjarnt, því fremur sem þessi maður hefir setið staðinn ágætlega og bætt hann mjög bæði að húsum og jarðabótum.

Þá er breytt. frá nefndinni á sama þskj. við 12. gr. 2. Það var samþykt við 2. umr. að veita lækninum í Strandasýslu 700 kr. launaviðbót á ári til þess að ferðast um Reykjarfjarðarhérað. Nefndin vill nú fyrst og fremst lækka upphæðina niður í 400 kr. á ári. Og hún leggur til að þetta verði ekki launaviðbót til læknisins, heldur styrkur til þeirra héraðsbúa, sem erfiðast eiga, til þess að vitja læknis. Nefndin álítur að tilganginum verði eins vel náð á þennan hátt, og þessi aðferð hefir verið höfð áður; því að Öræfingar hafa haft samskonar styrk. Tilgangurinn var að hjálpa Árneshreppingum að þessu leyti, því að það eru þeir, sem erfiðast eiga með að ná til læknis, og nefndin leggur til að styrkurinn sé greiddur hreppsnefndinni í Árneshreppi. Auðvitað ræður hún þá, hvernig fénu er varið og getur t. d. borgað lækni fyrir vissar ferðir um héraðið, eftir því sem henni og lækni kemur saman um. Að því er snertir upphæðina þá álítur nefndin að 400 kr. sé nægilegt. Fyrir þá upphæð ætti læknirinn að geta farið þessar 4 ferðir um héraðið, sem gert var ráð fyrir. Ætti að veita lækni sjálfum 700 kr. launaviðbót, þá væri sjálfsagt að skipa hann þá heldur til að þjóna Reykjarfjarðarhéraði með hálfum launum, því að hálf launin eru einmitt rúmar 700 kr. En sem sagt nefndin álítur 400 kr. nóg, og leggur til að brt. verði samþykt.

Þá er breytt. nefndarinnar á þskj. 827, um styrkinn til að semja þýzk-íslenzka orðabók. Nefndin kom með breytt. við 2. umr. að færa styrkinn niður í 1000 kr. í stað 1500 á ári, en tók þá tillögu aftur. Nú leggur nefndin til að halda upphæðinni 1500 kr. á ári, en þannig að hann fái 60 kr. fyrir örkina alt að þessari upphæð. Meiri hluti nefndarinnar vildi ekki fara hærra en þetta fyrir hverja örk. En að öðru leyti er liðurinn óbreyttur.

Þá kem eg að breytingartill. einstakra deildarmanna, fyrst brt. á þskj. 808. Nefndin getur ekki aðhylst þá tillögu. Það virðist vera alt of snemt eða of frekt af efri deild að veita svona háa upphæð til sandgræðslu, án þess að stjórnin hafi gert nokkrar tillögur í því máli. I slíku máli virðist rétt að neðri deild hafi forgöngu, því að það er hún, sem hefir aðal-fjárveitingarvaldið. Ég mundi annars fyrir mitt leyti vera með slíkri fjárveitingu, því að það er sjálfsagt full ástæða til að hefjast handa að því er snertir sandgræðslu þar austur frá.

Nefndin getur ekki fallist á fjárv. 6200 kr. til síma frá Suðureyri til Ísafjarðar. Hún lítur svo á, að þetta ætti að falla inn undir símalög þau, sem hv. n. d. hefir með höndum. Þá er önnur till. frá hv. sama þm. V.-Ísf., sem fer fram á að fá eftirgjöf sýslunni til handa af símaláni. Það telur nefndin varhugavert fordæmi að veita slíka eftirgjöf. Verið getur þó, að það sé rétt hjá hv. þm. að Vestur-Ísafjarðarsýsla hafi orðið nokkuð hart úti að því er fjárframlög til síma snertir; en þó held eg að hún hafi ekki orðið eins mikið útundan og hv. þm. V.-Ísf. hélt fram. Þá er hér og br.till. frá háttv. þm. Strandamanna, sem er nokkurskonar afturganga, og fer fram á 3000 kr. fjárframlag til vegar úr Hrútafirði í Gilsfjarðarbotn. Eg álít ekki rétt að taka þennan vegakafla út úr og fram yfir aðra þjóðvegi.

Þá er loks br.till., sem eg hefi leyft mér að koma fram með sjálfur, og er hún á þskj. 821 og við hana er br.till., sem þó er aðeins orðabreyting. Þessi till. er um botnvörpusektirnar. Eg lít svo á, að þetta ákvæði, að Danir fái $^2/_3$ hluta sektanna, sé bygt á nokkurskonar samningi milli Íslands og Danmerkur, sem ekki verður rofinn vansalaust. Að vísu má segja að um þetta sé ekki formlegur samningur, en engu að síður er málið þannig vaxið, að frá þessu verður ekki gengið nema allar kringumstæður breytist algerlega. Svona er því einnig varið með ýmsa aðra liði á fjárlögunum.

Um aldamótin síðustu var oft og einatt verið að klifa á því, að strandvarnarskipið yrði hér lengur, og einmitt af þeim orsökum var það, að Danir létu smíða nýtt varðskip handa okkur. Og þá settu þeir það skilyrði, að Íslendingar legðu eitthvað af mörkum.

Á þingunum 1905 og 1907 var samþ. að Danir skyldu fá þennan hluta botnvörpusektanna; það var að vísu felt á þinginu 1909, en svo er fyrv. ráðh. (B. J.) kom með fjárlögin niður til Danmerkur, varð hann að viðurkenna að þetta tiltæki hafi ekki verið rétt; það gerði hann, sem drengur. Það skal honum sagt til maklegs hróss. Núverandi ráðherra lítur eins á málið. Allir þrír ráðherrar, sem nú höfum vér haft, líta því nákvæmlega eins á málið, og Danir líta svo á, að hér hafi verið rofnir samningar á þeim. Það er þetta sem var í húfi — það er þetta, sem eg áleit skyldu mína að benda á.

Danir geta sagt, hvenær sem þeim þóknast: þessu þingi, þessum mönnum, þessari þjóð er ekki treystandi, og þeir geta meira, — þeir geta tekið af okkur skipið aftur, og hvar stöndum vér þá?

Og eg held það sé alt annað en heppilegt fyrir okkur að vera sí og æ að reita Dani til reiði eins og nú hagar til. Sambandsmál vort er í ólagi, og auk þess skuldum vér Dönum stórfé.

Loks er nú stjórnarskrárbreyting á leið-

inni, sem við ef til vill getum búist við að Danir vilji amast við, smbr. ritsmíðar prófessors Knud Berlins.

Af þessu sem nú hefi eg sagt, vænti eg þess að hv. deild samþykki þessa br.till. mína.

Gunnar Ólafsson: Eg á hér eina litla br till., sem eg vildi leyfa mér að fara um nokkrum orðum Og vil eg þá fyrst geta þess að einn háttv. nefndarmanna, hv. 5. kkj. hafði lofað mér að þessi till. skyldi ekki verða samþykt. Háttv. 5. kkj. hefir víst heldur aldrei verið sérlega ant um að græða upp landið. Annars var það ekki ásetningur minn að ýfa hans góða skap! Þessu máli er svo varið að einn hreppur í Vesturskaftafellssýslu á við þau kjör að búa, að eyðileggjast þá og þegar af sandfoki; en það er svæðið á milli Eldvatns að austan og Kúðafljóts að vestan; þetta er stórhættulegt fyrir héraðið, og þessvegna skrifuðu menn umboðsmanni og báðu hann að sjá svo um, að stjórnarráðið léti skoða landsvæði þetta. Á þinginu 1903 voru veittar 4500 kr. til sandgræðslu þarna, gegn jafnmiklu framlagi annarstaðar frá, en það fékst ekki og því komst þessi sandgræðsla ekki í framkvæmd. Umboðsmaðurinn skrifaði síðan Stjórnarráðinu og skógræktarstjóri landsins hefir gert mælingar og áætlanir um kostnaðinn, leggur hann eindregið til, að þessu verki verði sem fyrst komið í framkvæmd. Ef vatni er veitt á sandana, þá hindrar það sandrokið allmikið, og í stað þess að fá vatnið úr Eldvatni, sem áætlað var að kosta mundi 9000 kr., má nota Ásakvíslar, og mundi þá vatnsveitan ekki kosta nema 3500 kr. og eg verð að líta svo á, að það sé bein skylda þings og stjórnar að koma þessu nauðsynjaverki í framkvæmd sem allra fyrst. Búnaðarfélag Íslands hefir haft nokkur afskifti af málinu, hefir t. d. sent ráðunaut sinn Sigurð Sigurðsson austur, og telur hann þetta hið mesta nauðsynjamál.

Málið er ekki flókið og eg vona að hv. deild líti á það sanngjörnum augum, og eg efa ekki að þingið vilji styðja að velferð bændanna jafnframt því, að verja eigur landsjóðs fyrir skemdum, því að svo sem kunnugt er, er það svæði, sem hér um ræðir, landsins eign.

Kristinn Daníelsson: Eg á hér 2 br.till. Sú fyrri er um Súgandafjarðarsímann. Eg fór fram á það á fjáraukalögunum að sími þessi yrði lagður gegn $^1/_3$ frá héraðsbúum. Og nú hefi eg komið með þetta á fjárlögunum fyrir 1912—13, og hafði þá lækkað till. héraðanna niður í 20 af hundraði. Eg álít þetta nauðsynjamál, héraðið er blómlegt og auk þess eitt af fiskisælustu bygðarlögum. Þar hefir stundum verið fult af síld, sem hefði getað orðið að stóru gagni, ef ekki hefði bagað símaleysi.

Háttvirtur framsögumaður hafði það á móti þessu nú, að það væri ekki í samræmi við símalögin og að þessu héraði væri ekki vandara um en öðrum.

Árið 1906 var það skoðun þings og stjórnar að þessa símalínu ætti að leggja og þó að símalögin geti verið góð, þá ætti þó að mega breyta þeim, þar sem þörf þykir eða þar sem héruðin vilja leggja mikið af byrðinni á sig.

Að vísu efast eg um að þessi sími verði lagður, þó að fé verði veitt til hans, þar sem óvíst er að sýslan geti lagt fram að sínum hluta, nema sú eftirgjöf fáist, sem farið er fram á á þingskjali 813 og vil eg biðja háttvirta þingdeildarmenn að ljá eyru að því sem eg hefi um þetta að segja. Það sem eg fer fram á hér er að það fé sé endurgreitt, sem sýslan lagði til, fram yfir það sem áætlað var í upphafi.

Það var áætlað, að umrædd símalína kostaði hundrað þúsund krónur og átti sýslan að leggja fram 20% af því fé, og lagði hún það til eða 20 þús. krónur. En svo reyndist að línan kostaði ekki nema um 70 þúsund krónur, svo að tillag sýsl-

unnar átti eftir því ekki að vera meira en 15 þúsund krónur og það sem tillagan fer fram á er að eins, að endurgreitt sé það sem ofborgað var.

Eg skrifaði símastjóranum til þess að fá hjá honum upplýsingar, og vil eg leyfa mér með leyfi hv. forseta að lesa upp kafla úr svari hans.

„Að gefnu tilefni lýsi eg því yfir að stjórnarráðið árin 1906—1907 var samdóma mér um að hæfilegt væri að hlutaðeigandi héruð greiddu 20% af kostnaði við símalagninguna frá Ísafirði til Patreksfjarðar. Línan var þá af herra Halvorsen verkfræðingi áætluð ca. 100,000 krónur og var því tillagið ákveðið 20 þúsund krónur. Það sýndi sig að línan kostaði aðeins ca. 75,000 krónur, og ætti þessvegna eftir því sjálfsagt að lækka nefnt tillag niður í 15,000 krónur".

Þó fer ég ekki fram á að þessar 5000 krónur séu endurgreiddar, heldur að eins helmingur þeirra, það er sá hluti, er vestursýslunum ber. Þær lögðu jafnt fram og kemur því í hlut hvorrar 2500 kr.

Eg leitaði upplýsinga um, hvernig þessi lína bæri sig hjá landsímastjóranum, og tjáði hann mér, að hún bæri sig næst-bezt af öllum símaköflunum. Sagði hann, að hún gæfi 5000 krónur í nettotekjur. Þó eru hér að eins talin þau skeyti, sem til Ísafjarðar koma, en ekki þau sem þaðan eru send. Ef þau væru talin með, þá mundi hér verða tvöfalt meiri upphæð, en hann áleit að að eins bæri að telja þau skeyti, sem til staðarins kæmu, og hefi eg ekki á móti að svo sé rétt að telja, enda þótt hitt geti talist að minsta kosti óbeinar tekjur. Landssjóður hefir lagt til þessarar símalínu 55 þúsund krónur, en fær 5000 krónur í tekjur af henni, eða 9%. Ef hann nú endurgreiddi það sem eg fer nú fram á, þá væru útgjöld hans til símans 60 þúsundir, og hefði hann þá samt 8% ágóða af honum, sem verður að álítast vel viðunandi.

Háttv. framsögumaður sagði, að það væri varhugavert að gefa eftir, af því að þegar gefið væri eftir á einum stað, mundu aðrir gera sömu kröfur. En hér er ekki að tala um að gefa eftir, heldur að borga til baka það sem ofborgað hefir verið.

Eg hefi fengið beiðni frá sýslunefndinni um að fara fram á, að alt lánið verði gefið eftir, en það hefi eg ekki farið fram á, og geri ekki, að minsta kosti ekki að svo stöddu.

Annars kemur þessi málaleitun frá sýslunni fram, af því að sýslusjóður er mjög illa staddur. Eg vil út af þessu leyfa mér með leyfi háttvirts forseta að lesa upp lítinn kafla úr bréfi sýslunefndarinnar til mín, skrifuðu af séra Böðvari Bjarnasyni á Rafnseyri:

„Sé litið á fjárhagshliðina, verður krafa vor engu síður sanngjörn, í fyrsta lagi varð línan miklum mun ódýrari en gert var ráð fyrir, en eigi varð tillagið frá sýslufélögunum minkað fyrir það. — Í öðru lagi mun lína þessi gefa mjög góðar tekjur."

Og á öðrum stað segir hann:

„Þá er að líta á, hve þungar búsifjar útgjöld þessi veita sýslusjóði, og er þá skjótt yfir sögu að fara, þau hafa etið upp sýslusjóðinn nú á tveimur árum og eigi unt að standast útgjöldin, nema með óhæfilegri hækkun á sýslusjóðsgjaldinu. Sýslusjóðsgjaldið er nú um hálft þriðja þúsund krónur, en í norðursýslunni rúm tvö, og munu þó gjaldendur þar fast að helmingi fleiri. Gjaldabyrði þessi heftir þannig framfarir sýslunnar og gerir henni ómögulegt að styðja ýms þarfleg fyrirtæki."

Eg skal ennfremur benda á, að nokkurrar ívilnunar mætti vænta af því að þessi lína kemur sýslunni ekki að fullum notum, þar sem vantar að leggja koparsímann frá Borðeyri til Ísafjarðar.

Alt bendir á, að sýslan eigi samngirniskröfu, ef ekki réttarkröfu, að staðið verði við það, sem áður er um samið.

Eg vil taka það fram, að þetta kemur ekki til útborgunar, heldur er ætlast til að þetta verði dregið frá láni því, sem sýslan hefir fengið úr viðlagasjóði.

Úr því eg stóð upp, ætla eg að minnast nokkrum orðum á annað mál, þó að eg viti, að þau ummæli geti ekki haft nein áhrif, en það er viðkunnanlegra, að það sé ekki að eins rætt frá annari hliðinni.

Þetta mál er breytingartillaga sú, sem háttv. 4. konungkjörni kemur með á þingskjali 821 viðvíkjandi trollarasektunum.

Enda þótt hugur minn stefni að því, að eg vilji láta borga fyrir Ísland það sem fyrir það er gert, og það hefir gagn af, þá get eg ekki verið með þessari tillögu.

Eg er þeirrar skoðunar, að hér sé ekki að ræða um neinn samning, sem við höfum gert við Dani, svo sem haldið hefir verið fram. Hér er að eins um fjárlaga-ákvæði að ræða, sem ekki getur skoðast sem neinn samningur. Háttvirtur flutningsmaður tillögunnar sagði, að Danir settu þetta upp, ef þeir ættu að halda strandvörnunum áfram.

Eg vil í þessu sambandi benda á orð Neergaards forsætisráðherra, þar sem hann sagði, að Danir ættu að gera þetta og ekki væri undir því komið, hvað einstakur hluti ríkisins, svo sem hann orðaði það, legði að mörkum, heldur væri þetta skylda og hvað hinn einstaki ríkishluti legði til þess, gæti ekki haft áhrif á það.

Við Íslendingar viljum setja það upp á móti, að Danir viðurkenni að við eigum landhelgina.

Þegar við getum sagt með sanni, að það sé fyrir okkur gert, en ekki það sé skylda gagnvart Dönum, er öðru máli að gegna.

En eg treysti mér ekki til með svo vöxnu máli að greiða Dönum þetta.

Það sem flutningsmaður sagði með töluverðri áherzlu, að jafnvel engin önnur þjóð gæti treyst orðum Íslendinga eftir þetta samningsrof, álít eg ekki á neinum rökum bygt.

Orsökin er aðeins sá ágreiningur, sem er milli þjóðanna og ekki er til neins að neita, og þar sem háttvirtur flutningsmaður segir, að Danir muni kippa hendinni að sér, þá vil eg segja, að þá er að taka því.

En það er als ekki hægt að gera ráð fyrir því.

Þar sem háttvirtur flutningsmaður talar um hið mikla gagn, sem fiskiveiðarnar hér syðra hafi af þessari strandgæzlu, þá vil eg ekki neita því, að gagn sé að því, en það er sára lítið og gjarnan minst þegar mest á ríður. Eg gæti sagt háttvirtum deildarmönnum margar sögur af því, hvernig því gagni er varið, þar sem eg bý á þeim stað, sem iðulega sést til trollaranna, en eg skal ekki fara út í það, en eitt sinni, er oss var mjög áríðandi að fá varðskipið og símuðum til stjórnarinnar í því skyni að fá það, þá kom það svar, að það þyrfti að vera allan ágústmánuð norður á Siglufirði og gæti ekki sést á Faxaflóa þann tíma.

Eg er ekki með þessu að álasa foringjum varðskipsins, þeir hafa margir verið duglegir menn og haft áhuga á starfi sínu.

(**Lárus H. Bjarnason**: Bölvað slúður er þetta).

Þar sem háttvirtur flutningsmaður sagði, að við ættum ekki að reita Dani til reiði, þá vil eg það ekki heldur, en það er ekki svo að við reitum Dani til reiði, þó ágreiningur sé um mál á milli okkar.

Menn ættu að muna eftir dönsku pressunni á síðustu tímum.

(**Steingr. Jónsson**: En íslenzka pressan).

Íslenska pressan er að tala um íslensk mál en ekki að ráðast á Dani.

(**Lárus H. Bjarnason**: Er ekki fjárlögin, sem um er að ræða?)

Að síðustu skal eg taka undir það, að það er óheppilegt að við séum í skuld við Dani, og eg vildi stuðla að því, að því yrði kipt í lag. Eg álít rétt að við reynd-

um að komast út úr því skuldasambandi með tilliti til þess, að við höfum annað undir þá að sækja.

Mér þótti síður við eiga að ekki væri rætt um þetta nema frá einu sjónarmiði.

Ari Jónsson: Eg skal ekki segja nema örfá orð til þess að tefja ekki tímann.

Það er þá fyrst um breyt.till. á þingskjali 822. Eg vil biðja háttvirta þingdeildarmenn að veita því eftirtekt, að hér er ekki farið fram á nema helming af því sem eg fór fram á við aðra umræðu.

(**Lárus H. Bjarnason**: Maður kann að lesa)

Er því nú enn meiri sanngirni og ástæða til þess að taka styrkbeiðnina til greina.

Þá er tillagan á þingskjali 823 um styrk til hreppsbúa í Árneshreppi. Eg get sætt mig við það, að styrkurinn sé veittur hreppnum í stað lækninum, en styrkurinn er alt of lítill og nær því engri átt að hann megi minni vera en farið er fram á; örðugar ferðir eru þar á milli, kostnaður við ferðirnar því afarmikill, svo að lítið verður afgangs í þóknun handa lækninum, ef styrkurinn er færður niður. Annars vísa eg til ræðu minnar, þegar mál þetta var til umræðu fyrst hér í deildinni.

Síðast vil eg fara nokkrum orðum um tillöguna á þingskjali 827, styrkinn til Jóns Ófeigssonar cand. mag, þar sem tilteknar eru 60 kr. fyrir örkina, A síðasta þingi voru honum veittar 1000 kr. hvort árið, en hann hefir ekki tekið á móti þeim styrk, vegna þess að honum þótti ekki tilvinnandi að semja orðabókina og fá ekki nema 50 kr. fyrir örkina, eins og þá var ákveðið.

Það er því vafasamt, að hann vilji taka þetta að sér, fyrir 60 kr. örkina, þar eð honum mun þykja sú hækkun alt of lítil. Hann mundi vilja taka að sér að semja orðabókina, ef hann fengi 67—70 kr. fyrir örkina, og mun það vera svipað og neðri deild ætlaðist til.

Það er meiningin, að þessi bók verði betur úr garði gerð en aðrar samskonar orðabækur, er vér höfum, svo sem tekið hefir verið fram í hátttvirtri neðri deild og professor Müller tekur einnig fram. Það er ætlast til þess að bókin verði miklu orðfleiri en þesskonar orðabækur, er vér nú höfum, sérstaklega að verzlunarorðum og alþýðaorðum, en því stærri sem bókin er, því erviðara er að vinna fyrir lítið verð, þar sem um orðabækur er að ræða.

Eg vildi því mælast til þess að háttv. efrideildarmenn haldi sér að því sem neðri deild hefir sett; með því getur styrkurinn komið að tilætluðum notum.

Sigurður Hjörleifsson: Eg vildi að eins segja örfá orð í tilefni af breytingartillögum nefndarinnar á þingskjali 820, þar sem farið er fram á að veita prestinum á Breiðabólstaðarprestakalli um 300 krónur til jarðabótavinnu.

Eftir þeim skýrslum, sem liggja fyrir nefndinni, má sjá að presturinn hefir ekki unnið lítið að jarðabótum, og mætti því teljast góðs maklegur.

Hitt er annað mál, að það er varasamt að komast inn á þessa braut, og þar að auk er þetta gjald alt of hátt.

Þessar jarðabætur eru yfir höfuð styrktar af landsfé með almennum jarðabótastyrk, og líklegt að hann gæti fengið styrk úr ræktunarsjóðnum einnig, ef mikið væri unnið. Hér á því að hrúga styrk á styrk ofan.

Það er sannarlega alt of mikið og dýrt fyrir landið að kaupa svo jarðabætur af embættismönnum sínum, og þegar einn maður er tekinn út úr, geta aðrir komið og beðið um hið sama, og sumir hverjir með eins miklum rétti.

Hann hefir minst á það í umsókn sinni, að vafasamt sé, hvort hann geti haft full not af jarðabótunum í sinni tíð.

Hann er ungur enn og ef að sköpum fer, þá getur hann á þeim tíma, sem hann

á enn eftir að lifa þar, fengið jarðabótina margfaldlega borgaða, með því að jörðin gefur meira af sér.

Þekt hefi eg prest, sem kominn var yfir sjötugt og vann samt að jarðabótum jafnkappsamlega og áður, án þess að hann færi fram á nokkurn landsjóðsstyrk til þess.

Eg vil að endingu benda á, að hér er um það að ræða að komast inn á hættulega fjármálabraut.

Steingrímur Jónsson: Eg hefi nokkuð að athuga við ræðu háttvirts þingmanns Vestur-Ísfirðinga. Þar sem hann ber fyrir sig bréf Forbergs, þá sannfærir það mig ekki.

Eg hefi alt af haldið því fram, að tillag Ísafjarðarsýslu væri of lágt. Þingeyingar máttu borga 33%, og eftir því hefðu þeir átt að greiða 25 þúsundir króna. Það er aðgætandi, að koparþráðurinn er ekki kominn enn, en þá verður kostnaðurinn miklu meiri, og síminn borgar sig ekki eins vel. Aðrar sýslur hlytu þá einnig að krefjast endurgreiðslu og það með meiri rétti.

Þá er um botnvörpusektirnar.

Þegar eg sá í dönsku fjárlögunum, að talað var um tillag frá Íslandi til strandvarnanna, þá þótti mér vænt um að sjá það. Þessvegna var eg líka glaður, er eg sá, að það var tekið upp í stjórnarfrumvarpið.

Um skyldu okkar til þess er ekki til neins að deila.

Eg sagði ekki, að Danir mundu kalla aftur skipið algerlega, þó þeir fengju ekki þennan hluta af sektunum, en í notum þessara sekta láta þeir varðskipið vera hér 12 mánuði, í stað þess sem það var 6 mánuði áður, og þar sem það varð að samkomulagi að þetta yrði greitt til Dana, þá bygðu þeir nýtt skip til þessara strandvarna, sem þeir geta illa notað til annars.

Það sem veitt er á fjárlögum gildir á meðan kringumstæður eru óbreyttar; eg skal til dæmis taka 18. grein. Engum dettur í hug að henni megi kippa í burt. Ef þingið kippir burt slíkum fjárveitingum, þá verður það til þess að gera starf okkar svo lítilmótlegt.

Að danska pressan ráðist nokkuð á okkur, er ekki rétt; hún gerir það ekki að jafnaði. Eg hefi ekki séð nema eina slíka grein og hún er í Riget nú nýskeð, eftir Knud Berlin. En við höfum einnig nóg af slíkum greinum í garð Dana. Menn muna víst eftir „kartnaglar“- greininni, sem stóð í einu blaði hér. Við höfum ekki verið varkárir þar.

ATKVGR.;

1. Breytt. þskj. 820 sþ. með 9 atkv gegn 3.
2. „ „ „ „ „ 9 shlj. atkv.

Brt. þskj, 823 þarmeð fallin.

Brt. þskj 822 feld m. 6 móti 4.
Brt. þskj. 812 „ „ „ „ „
Brt. þskj. 827 sþ. m. 7 móti 3.
Brt. þskj. 808 feld m. 6 móti 4.
Brt. við brt. 821 sþ. 7:2.
Brt. þskj. 821 sþ. m. 7 móti 5 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Augúst Flygenring,	Ari Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Ólafsson,
Júlíus Havsteen,	Sig. Hjörleifsson,
Kristján Jónsson,	Sig. Stefánsson.
Lárus H. Bjarnason,	
Stefán Stefánsson.	

Brt. þskj. 813 feld m. 6 móti 5.
Frv. í heild sinni sþ. í e. hlj.

Ein umræða í efri deild 8. maí.

Framsögum. Steingr. Jónsson: Nú við þessa síðustu umræðu um fjárlögin hér í deildinni vildi eg fara örfáum orðum um, hver áhrif háttvirt neðri deild hefir haft á fjárlögin, síðan þau fóru frá okkur.

Í 20. gr. stendur að tekjuhallinn sé áætlaður kr. 389,767,34, en þetta er skakt. Tekjuhallinn er 419,767,34, eða 30 þús. kr. meiri en þarna stendur. Við einu umræðu í neðri deild komust að hækkunar-

breytingartillögur, sem námu netto 106,-150,00 krónum. Mest var hækkunin til hraðskeytasambands og í sambandi við það, 71 þúsund. Þá hækkun til vita um 14 þúsund. Lækkanir hafa aftur orðið á 15. og 16. grein á svo kölluðum bitlingum. Breytingartillögur nefndarinnar á þingskjölum 951 og 957 fara fram á nokkra lækkun eða rúmar 42600 krónur, og verður tekjuhallinn, ef tillögur hennar verða samþyktar, nálægt 380 þús. krónur.

Deildarmenn geta sagt sér það sjálfir, að það er forsvaranlega mikið.

Þá vil eg með nokkrum orðum geta hinna helztu breytinga, og er þá fyrst að geta þess, að nefndin sér ekki ástæðu til að bæta nú 4. lækninum við í hið gamla Ísafjarðarhérað.

Aukalækninum á Ísafirði er ekki vorkun að sitja í Bolungarvík, þegar hann fær 1400 króna laun, eða nær því fullkomin héraðslæknis laun.

4. breytingartillagan er um athugasemdina við 13. gr. A 2. Þar hefir neðri deild sett inn ákvæði um að Thorefélagið skuli fá 6000 kr. fyrir að flytja póst. Þetta getur meiri hluti nefndarinnar ekki séð að sé rétt og hefir hún nú hinar sömu ástæður og þegar frumvarpið var hér áður til meðferðar í deildinni.

Þá er Borgarfjarðarbrautin. Hún verður komin langt á leið, ef þetta fé er veitt, sem nefndin leggur til. Ef að eins eru veittar 10 þúsund krónur, kemst brautin að Þverá, en ekki yfir hana, og verður þá stórkafli gagnslaus, þar sem endað er við torfæru. Aftur vill nefndin ekki etja kappi við neðri deild um Skagafjarðarbrautina og lofar henni að standa.

Þá koma tveir gamlir gestir, sem feldir hafa verið hér í deildinni, en það er B III 2 til viðgerðar og framhalds á þjóðveginum úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn og B III 9 til þjóðvegarins í Austur-Skaftafellssýslu. Eg veit ekki, því ætti að taka þessa þjóðvegi fram yfir aðra þjóðvegi á landinu, og virðist mér það gersamlega ranglátt. Nefndin leggur til að þessir tveir liðir séu feldir burt.

Þá er 13. B IX, framlagið til Hvammstangavegarins. Við höfðum sett þar 1000 krónur, gegn jafnmiklu annarstaðar frá, en neðri deild hefir fært það upp í 2000 krónur, og felt burtu skilyrðið. Hér má ekki ganga inn á þá braut nú, að fara að kosta sýsluvegi að öllu leyti úr landsjóði, og leggur nefndin til að skilyrðum um jafnmikið fé annarstaðar frá sé bætt inn í.

Þá er 13 B. XI Keflavíkurvegurinn. Af honum er ekki eftir að leggja nema 14 kilometra, og óeytt er enn af fé til hans 15 þúsundum. Ef hér við er bætt öðrum 15 þúsundum, er með því héraðsbúum gefið undir fótinn að vegurinn megi vera talsvert dýr, en sérstakt tillit verður einnig að taka til þess, að vegur þessi stendur ekki beinlínis undir landstjórninni, heldur yfirfer að eins landsverkfræðingurinn vegareikninginn. Það er víst um það, að vegurinn er góður og gagnlegur, hann er nú kominn suður undir Voga-stapa og talið miklu greiðara að leggja það sem eftir er af honum, svo það er nokkuð mikið í lagt að ætla meira en 3 þúsund krónur á röstina í 5 álna breiðum vegi.

Þá er 13. gr. C I. Meiri hluti nefndarinnar gerði nákvæmlega grein fyrir því við 2. umr. fjárlaganna, hversvegna honum virtist óviðeigandi að fjárveiting þessi sé bundin við ákveðinn samning og nafn. Það er ekki heimild til að nota fé, ef samningurinn einhverra orsaka vegna fellur burt. Eg skil ekki, hvaða kapp er lagt á að koma með þessa vanhugsuðu tillögu. 11. og 12. breytingartillögu tekur nefndin aftur. Nefndinni virtist, þá er hún athugaði frumvarpið, að rétt væri að fella niður þessa liði. Síðan hefir það komið fram, sem gerir að nefndinni virðist að rétt sé að þetta standi í fjárlögunum. Það er auðvitað, að þetta fé verður ekki notað. En svona hefir staðið áður í fjárlögunum.

Þannig stóð um nokkur ár fjárveiting 35 þúsund krónur til símasambands milli Íslands og Danmerkur, án þess að það væri notað. Í einhverjum tilgangi stóð það þó.

(**Lárus H. Bjarnason**: Hver er ástæðan?)

Nefndin getur ekki verið í vafa um að brotin hafi verið þingsköp við umræðu fjáraukalaganna í sameinuðu þingi á laugardaginn var. Ef þessir liðir eru feldir burt, er sama forseta gefið tækifæri til að gera hið sama.

Þá er 13. gr. E. IX, til að reisa vita á Bjargtöngum. Nefndin leggur til, að þessi liður sé feldur burt af þeim ástæðum, að þessi vitabygging er óundirbúin. Eigi að reisa vita á Vesturlandi, á að reisa hann á Öndverðarnesi og ætti það að vera stór viti.

Þá er 14. greinin. Þar hefir nefndin gert breytingartillögu við B III a, laun til gagnfræðaskólans á Akureyri. Þessi háttvirta deild hafði samþykt að auka við þau 400 krónum, sem launaviðbót til séra Jónasar Jónassonar, en það var felt í neðri deild. Nefndin veit ekki um ástæður fyrir því, að þetta var felt burt, og tekur fjárveitinguna upp aftur.

Þá er 16. breytingartillagan við 14. gr. VI a 4, að liðurinn falli burt, tekin aftur, þar sem nefndin hefir komið með aðra breytingartillögu viðvíkjandi þessum lið á þingskjali 957. Nefndinni virðist rétt að þar sem skólann á að byggja aftur, að þá fái hann svipaðan styrk og Reykjavíkur skóli, og leggur til að honum séu veittar 3000 krónur á ári gegn að minsta kosti 750 króna framlagi annarstaðar frá. Hér er ekki tekið fram, hvaðan sá styrkur kemur. Hann má vera hvaðan sem vill. Hvort hann er frá sýslunefndinni eða úr einhverju legati eða það er kenslugjöld námsmeyja, gerir ekkert til, að eins að fé fáist. Svo er skólanum ætlaðar 40 kr. styrkur fyrir hverja námsmey og er ekki búist við að þær verði fleiri en 35 alt árið.

Þá hefir nefndin lagt til orðabreytingu á lið B VI h. Henni virðist ekki rétt að kalla Flensborgarskóla gagnfræðaskóla, þar sem hann er það ekki í sama skilningi og hinir tveir, sem við höfum, gagnfræðaskólinn á Akureyri og gagnfræðadeildin við mentaskólann. Og aðra orðabreytingu leggur nefndin til við 15. gr. 5, að í stað Mentasafnið komi Landsbókasafnshúsið. Landsbókasafnið stendur letrað yfir dyrum húss þess sem um er að ræða, en til þess að ekki sé litið svo á, að fjárveitingin sé til safnsins sjálfs, er lagt til að hér komi til Landsbókasafns*hússins*.

Þá er 19. breytingartillaga við 16. gr. 26. lið, að í athugasemdinni um iðn- og kveldskólana komi $^4/_5$ í stað $^3/_4$. Vill meiri hluti nefndarinnar gera þessa breytingu og færir til sömu ástæður og áður, að skólunum muni ekki fært að afla sér meira fjár. Eg er ósamdóma háttvirtri nefnd. Eg álít að iðnskólar eigi ekki heimting á að fá styrk úr landsjóði, ef þeir geta ekki fengið $^1/_4$ á móti honum annarstaðar frá.

21. breytingartillaga fellur burt, þar sem hún var röng. Þessu hafði aldrei verið breytt í neðri deild.

En viðvíkjandi 20. breytingartillögu er það að segja, að neðri deild hefir felt burt styrkinn til Páls Jónssonar og sett í staðinn styrk til straumferju Helga Valtýssonar. Nefndin vill ekki fara fram á að fella styrkinn til Helga Valtýssonar, en vill ekki heldur láta fella styrkinn til Páls Jónssonar, þar sem hún lítur svo á, að atkvæðavél hans geti orðið til góðra nota og rétt sé að styðja hann til að fá einkaleyfi á henni. Hún leggur því til, að liður þessi verði tekinn upp aftur.

Þá kemur 22. breytingartillaga við 31. lið. Þegar fjárlögin fóru héðan úr deildinni, var veitt 12000 krónur á ári til viðskiftaráðunauta, eins og þessi upphæð stóð í fjárlögunum fyrir 1910—1911. Svo hefir neðri deild breytt þessu, lækkað fjárveitinguna og bundið hana við nafn, handa

einum manni. Nefndin lítur svo á, að núverandi ráðherra verði að hafa frjálst val um manninn í þessa stöðu og einnig ráða erindisbréfi hans, þar sem hann ber ábyrgð á störfum hans. En þar sem ekki fæst samkomulag um þetta, telur nefndin rétt að liðurinn sé feldur.

Loks er 23. breytingartillaga um að eftirlaun til séra Matthíasar Jochumssonar séu hækkuð úr 2000 kr. í 2400. Eg sé ekki ástæðu til að skera svo við neglur sér styrkinn til góðskálds þessa.

Þá er 2. breytt. á þskj. 957, um fjárveitingu til eftirlits með silfurbergsnámunni í Helgustaðafjalli, 1000 kr. hvort árið. Það eru meðlimir bankarannsóknarnefndarinnar í efri deild, sem hafa mælst til þess, að nefndin tæki upp þessa breytingartillögu. Eg geri ráð fyrir, að formaður rannsóknarnefndarinnar eða skrifari geri nánari grein fyrir tillögunni. Aðalástæðan er, að þeir telja silfurbergsnámuna svo dýrmæta þjóðareign, að það sé nauðsynlegt að hafa nánara eftirlit með því, hvernig náman er unnin, heldur en stjórnin getur haft aðstoðarlaust.

Þá kem eg að breytingartillögum einstakra þingmanna, og er þá fyrst brtill. á þskj. 952 frá þm. Strandamanna, um 800 kr. handa manni, er ráðinn sé af stjórninni til að afrita erlendis skjöl handa Landsskjalasafninu. Þessi tillaga kom fram í neðri deild, en var feld þar, og nefndin sér ekki ástæðu til að taka hana upp hér og ræður hv. deild til að fella tillöguna.

Þá er breytt. frá þm. Skagf., þskj. 953, um 6000 kr. til byggingar leikfimishúss úr steinsteypu á Hólum. Þessi fjárveiting stóð á frv., þegar það fór frá Ed. síðast, og var nefndin henni meðmælt. Það er ekki ástæða til að gera upp á milli skólanna á Hólum og Hvanneyri að þessu leyti, en hins vegar vill nefndin að gætt sé sparnaðar við bygging hússins.

Næst eru breytt. hv. þm. Vestur-Skaft. á þskj. 945. Nefndin hefir ekki tekið neina afstöðu gagnvart fyrri tillögunni. En um síðari breytt. um að setja upp loftskeytastöðvar í Rvík og Vestmannaeyjum, þarf ekki að fjölyrða. Nefndin er þeirri tillögu mótfallin. Eg vil líka benda á að eftir tillögunni kæmi þessi nýi liður á rangan stað á fjárlögunum, nfl. undir 13. gr. D III um reksturskostnað, í stað þess að liðurinn ætti að koma undir D II. En hvað sem því líður, ræður nefndin til að fella tillöguna.

Þá er tillaga frá hv. 1. kgk. þm., þskj. 956, um 500 kr. árlegan styrk til unglingaskóla Ásgríms Magnússonar í Reykjavík. Nefndin hefir ekki tekið neina ákvörðun um þessa tillögu.

. Þá er breytingartillaga frá mér á þskj. 955. Aðaltillagan er að 14. liður 22. gr. frv. falli burt. Þar er gert ráð fyrir að sýslufélögunum í Barðastrandarsýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu sé gefinn eftir $^1/_4$ hluti af framlagi þeirra til símalagninga. Eg lýsti því yfir um daginn, að nefndin er mótfallin þessari eftirgjöf af þeirri ástæðu, að með slíku eru opnaðar dyr, sem erfitt getur orðið að loka aftur. Þar munu fleiri á eftir koma og biðja um hið sama, og gæti niðurstaðan orðið, að landssjóður yrði að gefa eftir öll tillög sýslufélaga til símalagninga. Og jafnvel er ekki víst, að þar yrði staðar numið, heldur má búast við að farið yrði að biðja um eftirgjöf á lánum viðlagasjóðs til ýmissa annara fyrirtækja, t. d. tóvinnuvéla o. fl. Það þarf ekki nema að benda á fjárlögin og umræðurnar um þau, til þess að sjá að þetta liggur nærri dyrum. En fari svo, að þessi eftirgjöf á 14. lið 12. gr. verði látin standa, þá eiga þeir sem hafa lagt meira til símalagninga líka kröfu til samskonar eftirgjafar, t. d. Suður-Þingeyjarsýsla. Hún hefir lagt til 33% kostnaðar við Húsavíkur-símann, þar sem Vestur-Ísafjarðarsýsla hefir að eins lagt til 28%. Þessvegna kem eg með þessa varatillögu á þskj. 955. En helzt kýs eg að fyrri tillagan verði samþykt, nfl. að

fella niður 14. liðinn, og þá mun eg taka varatillöguna aftur.

Eiríkur Briem: Það er að eins ein breytt., sem eg vildi minnast á, fyrri breytt. hv. þm. Vestur-Skaftf. á þskj. 954. Tillagan sýnist meinleysisleg, að eins að ferðaáætlanir gufubáta séu gerðar „eftir tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda“. Það var áður fyrir samskonar ákvæði um áætlun fyrir bátaferðirnar í Borgarnes. Og þar varð reynslan sú, að það voru hrein vandræði að ná samkomulagi milli hlutaðeigandi bæjarstjórnar og sýslunefndar. Og svo er annað; hverjar eru þessar „hlutaðeigandi sýslunefndir“? Það eru t. d. margar sýslur, sem gætu komið til greina, að því er snertir Borgarnesbátinn, fyrst og fremst Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, en auk þess margar fleiri sýslur, sem nota bátinn til muna, t. d. Dalasýsla. Strandasýsla og Húnavatnssýsla o. fl. sýslur. Hv. þm. Akureyrar talaði um það áðan, að það væri nauðsynlegt að koma á samræmi milli allra skipaferða, sem njóta styrks af landssjóði, bæði millilandaferða og strandferða. Þetta er öldungis rétt og á einnig við um þessar bátaferðir. En þetta getur verið útilokað, ef þessi till. hv. þm. Vestur-Skaftf. verður samþykt. Bæði geta skoðanirnar orðið mjög mismunandi og eins hitt, sem hv. framsm. gat um áðan, að það er nauðsynlegt að búið sé að gera áætlanir fyrir millilandaferðirnar áður en strandferðaáætlanir eru gerðar. Þetta á eins við um bátaferðirnar, en þá yrði að vinda svo bráðan bug að því að semja áætlanir þeirra, þegar hinar væru fullgerðar, að það yrði enginn tími til að leita ráða sýslunefndanna.

Af þessum ástæðum vil eg skjóta því til hv. flutningsmanns, hvort hann vill ekki taka þessa tillögu aftur.

Gunnar Ólafsson: Það blæs ekki byrlega fyrir breytt. mínum, fremur en vant er, þar sem þær hafa báðar mætt andmælum. Eg skal taka það fram viðvíkjandi fyrri tillögunni, að mér er ekkert kappsmál að koma henni fram. Eg kom fram með hana af því að mér sýndist hentugra að sýslunefndirnar ættu nokkurn þátt í samning ferðaáætlananna. En þar sem hv. 2. kk. þm. hefir bent mér á ýms vandkvæði á þessu, bæði nú í ræðu sinni og áður í samtali, þá hefi eg sannfærst af því, og skal lýsa því yfir, að eg tek þessa breytingartillögu aftur.

En þá er hin breytt. á sama þskj. Um hana er öðru máli að gegna, enda varðar hún meiru. Eins og nú stendur, sé eg ekki betur en að Vestmannaeyjar fái ekkert samband, hvorki loftskeyti eða síma. Þetta eru illar búsifjar fyrir Vestmannaeyjar, því fremur sem þingið 1909 taldi nauðsynlegt og sjálfsagt að koma eyjunum í samband sem allra fyrst. En þeir sem voru sem ákafastir þá, berjast nú á móti því að nokkurt samband fáist. Eins og kunnugt er, hefir þessi deild felt allar tillögur neðri deildar í þessu efni, og ekki sett neitt í staðinn. Því hefir verið barið við, að fjárhagurinn væri slæmur, sérstaklega þar sem ætlast var til að Skaftafellssýslu yrði komið í loftskeytasamband jafnframt. Þessvegna hefi eg slept þeirri tillögu, en fer að eins fram á samband við Vestmannaeyjar, það kostar miklu minna og er aðgengilegra að því leyti. Það er að eins farið fram á 40 þús. kr. síðara ár fjárhagstímabilsins. Eg skal ekki fara að rekja þetta mál eða orðlengja um það, því að það er margrætt bæði í þessari deild og neðri deild. En þar sem svoleiðis andar á móti þessari tillögu, að eg býst varla við að hún gangi fram hér í deildinni, þá verð eg að geta þess, að mér þykir afstaða hv. mótflokks einkennileg og ósamræm sjálfri sér, þar sem hann vill fella þessa till. um stofnun loftskeytastöðva, en vill þó hins vegar taka aftur tillögurnar 11 og 12 á þskj. 951 og láta standa á fjárlögunum fjárveitingu til reksturs loftskeytastöðva í Vestmannaeyjum, Vík og Hornafirði.

Þetta er einkennileg stefna og verður ekki annað séð en þetta sé hreinn og beinn skrípaleikur. Hv. frsm. færði þá ástæðu, að það mætti ekki hrófla við þessum liðum, af því að forseti sameinaðs þings gæti brotið þingsköpin, ef það væri gert. Eg ætla að forseti sameinaðs þings hafi ekki brotið þingsköpin í neinu og því engin ástæða að óttast þingskapabrot af honum framvegis. En þar sem hv. frsm. gaf svona fáránlega ástæðu fyrir því, að hann tæki aftur breytingartillögurnar 11 og 12 á þskj. 951, þá lýsi eg því yfir, að eg tek þessar breytingartillögur upp aftur. Úr því að þær hafa verið bornar fram, er rétt að deildinni gefist kostur á að greiða atkvæði um þær, enda get eg ekki séð neina ástæðu til að veita fé til starfrækslufyrirtækis, sem þingið ætlast ekki til að verði komið á stofn.

Julius Havsteen: Hv. framsm. gat um breyttill. frá mér á þingskj. 956, en gat þess jafnframt, að nefndin hefði ekki tekið hana til íhugunar. Tillagan fer fram á 500 kr. styrk hvort árið til unglingaskóla Ásgríms Magnússonar. Þessi fjárveiting stóð á fjárlögunum, þegar þau fóru héðan úr deildinni um daginn, og eg man ekki betur en það væri samkvæmt tillögum fjárlaganefndarinnar, og fjárveitingin var samþykt með þorra atkvæða. En svo var þessi fjárveiting feld í neðri deild með litlum atkvæðamun. Þessi skóli er góður og gerir mikið gagn. Sérstaklega þar sem svo stendur á eins og hér, að barnaskólahúsið er orðið of lítið, getur ekki tekið alla þá sem að skólanum sækja. Mér sýnist því full ástæða til að taka þessa fjárveitingu upp aftur, og vil mæla með því að hún verði samþykt.

Steingrímur Jónsson: Eg ætlaði ekki að tala meira, en ræða hv. þm. Vestur-Skaftfellinga gerir það, að eg verð að segja nokkur orð til svars. Hann sagði, að það værum við Heimastjórnarmenn, sem berðumst móti því að Vestmannaeyjar fengju hraðskeytasamband. Þetta er staðleysa. Það vorum við, sem börðumst fyrir því á þingi 1909, að Vestmannaeyjar fengju síma. Og það var hv. þm. Vestur-Skaftf., sem þá var ákafastur að skera málið niður, og tókst það. Það vorum við, sem tókum það upp aftur á þessu þingi, að leggja síma til Vestmannaeyja. Og það var hv. þm. Vestur-Skaftf., sem tókst að drepa það, hann hafði enga Heimastjórnarmenn með sér í því, að eins einn milliflokkamann. Þetta vil eg undirstrika, úr því að þessi hv. þm. er að fara með þessa staðleysu hvað eftir annað. Ástæður okkar eru margteknar fram, fyrst að síminn er gagnlegri en loftskeyti, og í öðru lagi að hann er billegri. Þetta er margtekið fram, en þessi hv. þm., hinn 3. stærsti kaupmaður í Vestmannaeyjum, vill endilega láta eyjarnar vera sambandslausar. Aðferð þessa hv. þm. hér í deildinni í dag í þessu máli er skringileg, en hún er skiljanleg, þegar þess er gætt, að hann er að undirbúa það sem á að gerast í sameinuðu þingi á morgun. Þetta kom óvart fram áðan, þegar hann tók upp breytingartillögurnar um að fella niður fjárveitingarnar til starfrækslu loftskeytasambandsins til Vestmannaeyja. Aðferð okkar í þessu máli er enginn skrípaleikur, en hinsvegar skal eg játa, að það er ekki skemtilegt að þurfa að hafa þessa aðferð. Það er að sínu leyti eins og þegar maður fær sér traustan skáp og aflæsir honum vandlega. Það er kannske ekki skemtilegt, en það getur verið nauðsynlegt til þess að verjast því að það verði eyðilagt, sem í skápnum er geymt. Oss virðist réttast að læsa þessum lið fjárlaganna svo vandlega, að ekki verði í hann komist. Og hirðum þá minna um það, þó sumt sé þar sem við heldur kysum að ekki væri innlæst.

Viðvíkjandi breytt. hv. 1. kgk. þm. skal eg geta þess, að fjárveitingin var feld í neðri deild með 13 atkvæðum, en margir sátu, svo að það var meira en eins at-

kvæðis munur. Eg get sagt fyrir mitt leyti, að eg hefi ekki viljað taka þessa fjárveitingu upp aftur, af því að eg tók eftir því í Nd., að allmargir þingmenn búsettir hér í Reykjavík greiddu atkvæði á móti henni.

Kristinn Daníelsson: Eg ætla að eins að segja örfá orð út af tillögu nefndarinnar um Keflavíkurveginn. Eg sé að nefndin ætlar ekki að gera endaslept við þennan veg, sem sýslubúar hafa lagt á sig að kosta að helmingi, með dæmalausri sjálfsafneitun, enda þó að svo standi á, að vegurinn hefði átt að kostast af landssjóði að öllu leyti, þar sem þetta er gegnumvegur um héraðið. Enda hefir það staðið til boða að vegurinn væri tekinn í tölu þjóðvega, en héraðsbúar vildu heldur fá veginn strax, þó að þeir yrðu að vinna það til að kosta hann að helmingi móti landssjóði. En nú er verið að þrykkja niður þessu framlagi til vegarins hvað eftir annað. Hv. frsm. sagði, að það væru til óeyddar 15 þús. kr. af veittu fé til þessa vegar. Það er ekki nema 13 þús. kr. og verður unnið fyrir það fé í sumar.

Eg skal leyfa mér, hinni hv. deild til upplýsinga, að geta þess, að sýslan er þegar búin að leggja miklu meira fé til þessa vegar — Keflavíkurvegarins, heldur en landssjóður hefir fram lagt. — Landssjóður hefir lagt fram 32 þús. og 100 kr., en sýslan 40 þúsundir króna; og þrátt fyrir þetta er verið að reyna að klípa utan af þessari fjárveitingu til vegarins.

Hv. frsm. sagði, að vegurinn stæði ekki undir umsjón landsverkfræðingsins; það er að miklu leyti rétt, því að í skýrslu hans voru allar sýslur upptaldar, nema Kjósar- og Gullbringusýslu — en hversu sannarnt það er, ætla eg að leggja undir dóm hinnar hv. deildar og annara skynbærra manna. Það er að vísu satt hjá hv. frsm., að töluvert auðveldara er að leggja veginn, er kemur suður fyrir Stapa; þar er nokkuð hægra með ofaníburð. En eg þykist hafa áður rökstutt það, að hvorki sé rétt né sanngjart að spyrna á móti þessum vegi lengur.

Þá vil eg leyfa mér að minnast á það, sem hv. frsm. sagði um eftirgjöfina á láninu til Barðastrandar og Vestur-Ísafjarðarsýslu; og eg vil enn taka það fram, að landssjóður hefði hiklaust átt að greiða alt fé, sem til símans þurfti. Og þetta er í raun og veru alls ekki eftirgjöf, heldur þvert á móti, að eins farið fram á, að staðið sé við áður gerðan samning.

Ari Jónsson: Eg ætla að leyfa mér að fara nokkrum orðum um brtill. á þskj. 952, sem fer fram á það, að veittar séu manni 800 kr. hvort árið til þess að afrita handa Landsskjalasafni merk skjöl erlendis, snertandi Ísland og sögu þess. Það er alkunnugt, að allvíða erlendis, einkum í söfnum, er mikið af merkum skjölum, er snerta sögu vora og þjóðerni — aðallega þó í ríkisskjalasafni Dana, sem mikils væri um vert fyrir menningu vora að geta fengið í vorar hendur. Það stendur og svo á um mörg slíkra skjala, að enginn vegur er til þess að fá þau léð. Einstök skjöl ýms þora söfnin ekki að missa burt til afskriftar; og sumt er innfært í „protókolla", sem óhugsandi er að söfnin láti frá sér. En það þori eg að segja, að mörg slík sköl, er okkur áhræra, í ríkisskalasafninu danska og mörgum öðrum söfnum erlendis, eru miklu dýrmætari en margt af því, sem hér er safnað heima hjá okkur, með ærnum tilkostnaði.

Eg vil leyfa mér að benda á það, að t. d. hafa Norðmenn veitt manni styrk nú í hálfa öld til sama starfs; og nú er svo komið, að styrkur er þar veittur tveimur mönnum, til þessa starfa. — Þá vil eg einnig fara örfáum orðum um aðra tillögu, sem sé um fjárveitinguna til vegarins úr Hrútafjarðarbotni til Gilsfjarðarbotns. Hv. fjárlaganefnd vill ekki fallast á þá tillögu, og það þykir mér mjög undarlegt, eins sanngjörn og hún er í alla staði. Það

virðist furðu hart að fella fjárveitingu til þessa vegar nú, þar sem hún hefir verið á fjárlögunum áður, og viðurkent er, að mikil þörf sé á því að halda áfram vegagerð á þessum stað. Annars tel eg óþarft að skýra frekar frá nauðsyninni á vegagerð þessari en eg hefi gert fyr við umræðurnar hér í deildinni, en treysti mörgum háttv. deildarmönnum til þess að fallast á þessa styrkveitingu.

Steingr. Jónsson: Eg ætla ekki að halda neina ræðu, að þessu sinni, heldur að eins lýsa yfir því, að flest það, sem hv. þm. Vestur-Ísfirðinga sagði í sambandi við Keflavíkurveginn, var annaðhvort tómur misskilningur eða algerlega rangt. Eins og eg hefi áður tekið fram hér í deildinni, þá álít eg 20,000 krónur fullkomlega nógu mikið fé til þess að ljúka þessum vegi algerlega.

Kristinn Daníelsson: Eg held að ummæli hv. frsm. viðvíkjandi þessum vegi hljóti einmitt að vera bygð á misskilningi — eg vil ekki segja hlutdrægni. En eg vil enn þá einu sinni taka það fram, að það kemur ekki upp á, hvað vegirnir eru nefndir, heldur hvað nauðsynlegir þeir eru.

Steingr. Jónsson: Það var kórvilla hjá hv. þm. Vestur-Isf., að það skifti litlu hvað vegirnir hétu. Við verðum einmitt fyrst og fremst að taka tillit til þess, hvað vegalögin kalla þá.

Þá tóku ekki fleiri til máls.

Þessari einu umr. lokið.

Frv. síðan borið undir atkvæði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA:

1. br.till. á þgskj. 951,1 við 12. gr. 1. sþ. með 11 samhlj. atkv.
2. br.till. á þgskj. 951,2 við 12. gr. 2. sþ. með 12 samhlj. atkv.
3. br.till. á þgskj. 951,3 við 12. gr. 7 sþ. án atkv.
4. br.till. á þgskj. 951,4 við 13. gr. A. 2. samþ. með 7:2 atkv.
5. br.till. á þgskj. 951,5 við 13. gr. B. II, 1. sþ. með 7:3 atkv.
6. br.till. á þgskj. 951,6 við 13. gr. B. III, 2. sþ. með 7:6 atkv.
7. br.till. á þgskj. 951,7 við 13. gr. B. III, 9. sþ. með 7:5 atkv.
8. br.till. á þgskj. 951,8 við 13. gr. B. IX. sþ. með 8 samhlj. atkv.
9. br.till. á þgskj. 951,9 við 13. gr. B. XI. sþ. með 7:6 atkv.
10. br.till. á þgskj. 951,10 við 13. gr. C. 1. sþ. með 7:3 atkv.
11. br.till. á þgskj. 954,1 við 13. gr. C. 10. tekin aftur.
12. br.till. á þgskj. 951,11 við 13. gr. D. III. 8. tekin aftur, tekin upp aftur, feld með 7:6 atkv.
13. br.till. á þgskj. 954,2 við 13. gr. D. III. 8. feld með 7:5 atkv.
14. br.till. á þgskj. 951,12 við 13. gr. D. III. 9. tekin aftur, tekin upp aftur. feld með 7;5 atkv.
15. br.till. á þgskj. 951,13 við 13. gr. E. IX. sþ. með 8:3 atkv.
16. br.till. á þgskj. 951,14 við 14. gr. B. III. a. sþ. með 12 samhlj. atkv.
17. br.till. á þgskj. 951,15 við 14. gr. B. III. a. sþ. með 12 samhlj. atkv.
18. br.till. á þgskj. 951,16 við 14. gr. B. VI. a. 4. tekin aftur.
19. br.till. á þgskj. 957,1 við 14. gr. B. VI. a. 4:
    1. br.till. sþ. með 10 samhlj. atkv.
    2. „ „ „ 11 „ „
20. br.till. á þgskj. 956, við 14. gr. B. VI. e. feld með 6:6 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eiríkur Briem,	Kristinn Daníelsson,
Jósef Björnsson,	Steingr. Jónsson,
Júlíus Havsteen,	Augúst Flygenring,
Lárus H. Bjarnason,	Gunnar Ólafsson,
Sigurður Stefánsson,	Kristján Jónsson,
Stefán Stefánsson,	Sig. Hjörleifsson.

Þingmaður Strandamanna greiddi ekki atkvæði.

21. br.till. á þgskj. 951,17 við 14. gr. B. VI. h. feld með 7:3 atkv.

22. br.till. á þgskj. 952 við 15. gr. 2, e. feld með 7:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Steingr. Jónsson,
Ari Jónsson,	Augúst Flygenring,
Gunnar Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Jósef Björnsson,	Júlíus Havsteen,
Sig. Hjörleifsson,	Kristján Jónsson,
Stefán Stefánsson.	Lárus H. Bjarnason,
	Sigurður Stefánsson.

23. br.till. á þgskj. 951,18 við 15. gr. 5. sþ. með 8 samhlj. atkv.
24. br.till. á þgskj. 953, við 16. gr. 1, e. 6. sþ. með 12:1 atkv.
25. br.till. á þgskj. 951,19 við 16. gr. 26. sþ. með 10:1 atkv.
26. br.till. á þgskj. 951,20 við 16. gr. 27. sþ. með 8 samhlj. atkv.
27. br.till. á þgskj. 951,21 við 16. gr. 30. tekin aftur.
28. br.till. á þgskj. 951,22 við 16. gr. 31. sþ. með 7:4 atkv.
29. br.till. á þgskj. 957,2 við 16 gr. 51. sþ. með 9 samhlj. atkv.
30. br.till. á þgskj. 951,23 við 18. gr. sþ. með 11 samhlj. atkv.
31. br.till. á þgskj. 955, við 22. gr. sþ. með 7:4 atkv.
32. varatillaga á sama þgskj við 22. gr. tekin aftur.

Frumvarpið í heild sinni sþ. í e. hlj. og verður afgreitt til sameinaðs alþingis.

Forseti: Þar sem þessi er hinn síðasti fundur háttvirtrar efri deildar á þessu þingi, bið eg háttvirta deildarmenn virðulega kvadda og bið þá heila að lifa. Segi eg svo fundinum slitið.

Umræða í sameinuðu þingi 9. maí. (965, 958, 959, 960, 961, 962, 963, 967, 968, 969, 970, 971, 972).

Steingrímur Jónsson: Eg bjóst við því, að einhver, sem á hér breytingartillögur, mundi taka fyrst til máls. Það er ekki svo að skilja, að eg ætli að tala mikið um þær breytingartillögur, sem hér liggja fyrir. Það hefi eg gert áður í Efri deild. En eg ætla að leyfa mér að benda á nokkur atriði í fjárlögunum.

Tekjuhallinn er nú áætlaður 399,167,34. Hann er hér um bil nákvæmlega jafnmikill og sá tekjuhalli var áætlaður, sem mest var um rætt og mest þótti um vert, sem sé tekjuhallinn á fjárlögunum á þinginu 1903. Ef þær breytingartillögur, sem hér liggja fyrir, verða allar samþyktar, þá verða þetta að því leyti þau merkilegustu fjárlög, sem samþykt hafa verið af þinginu, að tekjuhallinn er meiri en nokkru sinni fyr. En eins og eg hefi áður bent á, er tekjuáætlunin alt of óvarleg. Það er einkum áfengistollurinn, sem er áætlaður of hátt, 100—120 þús. kr. of hátt. Ef þetta er nú borið saman við fjárlögin 1903, þá er auðsætt að tekjuhallinn er miklu meiri en þá. Þá var það tízka að telja tekjurnar of lágar heldur en hitt. Tekjuhallinn er því nú í raun réttri rúm hálf miljón, og hér við bætist svo fjáraukalögin með 107 þús. kr. útgjaldaviðbót. Eg hefi ekki talið saman, hve breytingar þær, sem hér liggja fyrir, fara fram á mikinn útgjaldaauka, en eg hygg, að það nemi 50 þús. kr. Mér finst, að þetta hljóti að vera öllum þingmönnum áhyggjuefni, og eg hygg, að þeir hafi gott af að athuga þetta, áður en gengið er til atkvæða.

Þá skal eg leyfa mér að minnast á nokkrar breytingartillögur, sem fram hafa komið. Verður þá fyrst fyrir mér breytingartillaga á þingskjali 959, þar sem lagt er til að veita til vita á Bjargtöngum 14 þús. kr. Að minni hyggju væri í sjálfu sér ekki ofmikið fé veitt til vita. þótt þetta fé væri veitt, því að það væri ekki veitt meira til þeirra fyrir því en það, sem ætla má, að vitagjaldið gefi af sér. En þetta mál er alveg óundirbúið. Yfirumsjónarmaður vitanna hefir ekki

komið þar og hann veit ekki, hvernig hagar til á þessum stað. Það hefir hann sagt mér sjálfur. Hann hyggur, að það sé ekki ástæða til að reisa stóran vita á þessum stað. Hann heldur, að lítið leiðarljós muni nægja. Hann hyggur, að það hefði átt að reisa þennan stóra vita á Öndverðarnesi.

Þá er hér breytingartillaga á þgsk. 963 um hækkun á tillagi til Keflavíkurvegarins úr 5000 kr. upp í 7500 kr. Eg skil ekki, hvaða ástæða er til að veita þetta fé. Eg hefi aflað mér nákvæmrar vitneskju um, hvar vegagerð þessari er nú komið. Það er búið að leggja af honum rúmar 26 rastir, sem hafa kostað rúmar 75 þús. kr. Það er eftir að gera 14 rastir. Af fé, sem áður er veitt til hans, er óeytt tæpum 16 þús. kr. Ef nú hér við bætast 30 þús. kr., verður þetta dýrasti vegur landsins. Ef þingið veitir þetta fé, verður það til uppörvunar eyðslusemi og óskynsemi í þessu efni. Eg skal geta þess, að sýslan hefir áður greitt meira en helming kostnaðarins. En það er samt alls ekki svo að skilja, að sýslan eigi nokkra kröfu á hendur landsjóði fyrir það. Eg skal taka það fram, að þótt fjárveiting þessi verði samþykt, þá hefir stjórnin samt enga heimild til þess að veita meira en til móts við það, sem sýslan leggur til. Eg get ekki skilið annað en 20 þúsund krónur nægi til að fullgera þennan veg.

Þá er Blönduósskólinn. Eg álít, að sá styrkur, sem Efri-deild hefir veitt til hans, sé fullríflegur, bæði þegar þess er gætt, hve lítill skólinn er, og eins hins, hverja þýðing hann hefir fyrir landið. Ef þingið felst á br.till. á þingsk. 967, vildi eg mælast til, að br.till. á þskj. 973 yrði samþykt. Ef Blönduósskólinn á að fá 5500 kr., verður sýslan að minsta kosti að leggja fram $^1/_4$ á móts við það, eða sú upphæð verður að koma til skólans annarstaðar að. Það er rangt að bera þetta saman við Reykjavíkurskóla, því að bæði er hann miklu stærri og hefir meiri þýðingu fyrir landið í heild sinni. Þegar talað er um upphæð annarstaðar að, þá er ekki átt við það, að þetta fé þurfi að greiða úr sýslusjóði. Það mætti ná nokkru af því inn með því móti, að efnuðustu námsmeyjar greiddu kenslugjald.

Háttv. 1. þm. Húnv. tók mér það óstint upp við umræðurnar um fjáraukalögin um daginn, að eg sagði, að þessi skóli væri sýsluskóli. Honum hefði verið vorkunnarlaust að skilja, hvað eg átti við með því. Þessi skóli var bygður af Húnvetningum einum í trássi við landsstjórnina og án samkomulags við aðra Norðlendinga. Þeir einir hafa haft umsjón með honum. Þeir einir ráða honum á alla vegu. Þó að einstöku stúlka hafi slæðst í skólann annarsstaðar að en úr Húnavatnssýslu, þá er hann aðallega sýsluskóli. Háttv. 1. þm. Húnv. (Hálfd. G.) var í þessu sambandi með dylgjur í minn garð, að eg hefði farið með óáreiðanlegar tölur í loftskeytamálinu. Þessu verð eg að mótmæla og tel það ómaklega mælt í minn garð.

Þá er hér br.till. á þskj. 970, sem eg vildi minnast á. Hún fer fram á að fella burt athugasemdina um, að styrkurinn til Hvammstangavegarins sé bundinn því skilyrði, að jafnmikið tillag sé veitt til hans annarstaðar að. Eg álít þessa vegagerð í sjálfu sér gagnlega. En Efri-deild getur ekki verið því hlynt, að ekkert sé lagt til hans annarstaðar að; þegar landssjóður hefir veitt fé til sýsluvega, hefir það hingað til verið bundið því skilyrði, að helmingur kostnaðar að minsta kosti sé lagður fram annarstaðar að. Það er, ef eg má komast svo að orði, „lífsspursmál“ fyrir landssjóð, að það sé ekki vikið frá þessari reglu og með því móti haldið inn á nýja braut. Það má vel vera að þetta komi of hart niður á einstökum mönnum. En það stafar þá af því, að þeir hafa reist

sér hurðarás um öxl og hafa ekki það fylgi í héraði sínu, sem gerði það réttmætt, að þeir réðust í þessi eða þvílík fyrirtæki.

Jens Pálsson: Eg vildi leyfa mér að minnast með örfáum orðum á br till. þá sem við. háttv. 1. þm. Gullbr. og Kj.s. og eg, eigum á þskj. 963. Háttv. 4. kgkj. hefir minst á hana allrækilega og þykir mér því rétt að taka til máls til að andmæla ræðu hans. Það var öldungis rétt tekið fram af hv. þm., að framan af tímabili því, er vegagerðin suður eftir Gullbr.sýslu hefir staðið yfir, lagði sýslusjóður meira fé fram en landssjóður. En á þinginu 1907 breyttist þetta. Var þá til þess ætlast, að sýslusjóðurinn og landssjóðurinn skyldu framvegis leggja sinn helminginn hvor til vegargerðarinnar; og síðastliðin 3 ár 1908—10 hefir þetta verið svo. Vegurinn hefir verið lagður með helmings framlagi af landssjóði og sýslubúar hafa skoðað það vera orðið að samkomulagi, og það hugðu menn að stæði fast og að því mætti treysta. Lengra hefir sýslubúum ekki dottið í hug að fara, meðan að þessi vegur er sýsluvegur. Af eðlilegum ástæðum, er eg síðar mun víkja að, hefir samt sem áður svo farið öll þessi áminstu þrjú árin, að ekki hefir orðið nákvæmlega miðað framlag sýslunnar við krónuupphæð þá, sem lögð hefir verið fram úr landssjóði. Árið 1908 lagði landssjóður fram til vegarins kr. 7500.00 en sýslan kr. 8248.23. Árið 1909 veitti landssjóður kr. 7500,00 en sýslan 9621,48. Árið 1910 var landsjóðstillagið hið sama, en sýslan lagði fram 6636,21. Með öðrum orðum framlag sýslunnar hefir ekki verið hnitmiðað niður við hvert árið. Það verður að fara eftir því, hverjar ástæður eru fyrir hendi í það og það skiftið; ef illa viðrar að haustinu til, miklar rigningar ganga, þá er sjálfsagt að hætta snemma. Ef gott er árferðið, þá er líka sjálfsagt að halda lengur áfram.

Menn hafa talað um, að vegur þessi sé dýr, og eg skal viðurkenna að það sé satt. En það liggur í því, að kostað er kapps um að hafa hann sem vandaðastan, hlaðinn úr grjóti einu og púkklagðan. Þeir sem þekkja hvernig til hagar furða sig heldur ekki á því, þótt hann verði dýr. Vegurinn er lagður um ósléttan hraunfláka, þar sem að hlaða verður upp lautirnar og sprengja fyrirstöður burtu, og ekki nóg með það, heldur bætist þar á ofan að ekki er hægt að fá ofaníburð, nema með því að aka honum að langar leiðir. Enn er eitt, sem gjörir vegalagning þessa dýra, og það er það, að vegna gróðurleysisins þar syðra verða menn að hafa fóður með sér, hey, sem kostar 4—5 aura pundið, handa hestunum, fram eftir öllu sumri. Verkkaupið aftur á móti hefir ekki verið hærra en alment gjörist, — öllu heldur lægra — og forstöðumaðurinn, sem er hinn reglusamasti, hagsýnasti og áreiðanlegasti maður, og hefir fengið mesta lof, hvar sem hann hefir verið að vegagerð, hefir lagt mikla stund á að gjöra veginn sem ódýrastan.

Um það, að sýslan hefir árin 1908 og 1909 lagt fram miklu meira fé en það sem svarar landsjóðsstyrknum þau árin, læt eg þess getið, að svo hefir verið litið á, að hún hafi eytt til vegarins fyrir sig fram af næsta fjárlagaárstillagi. Menn hafa álitið það koma í sama stað niður, en viljað hinsvegar flýta vegalagningunni sem mest, því að það hefir verið mikil óþreyja í mönnum að fá sem mest lagt, þar sem vegurinn er svo nauðsynlegur. Ennfremur verður að taka tillit til þess, að vegurinn endi það og það árið á hentugum stað, þar sem hægt er að komast af gamla veginum á nýja veginn, og það er ekki altend hægt að miða það við krónu eða eyri. Að því er snertir þessa tillögu, þá hefir hún ekki aðra þýðingu en þá, að tryggja það, að vegalagningunni verði lokið á fjárhagstímabilinu 1912—13. Við flutningsmenn vitum, að ef þessi vegur á að vera vel lagður það sem eftir er, þá

verður hann að vera púkklagður, því annars yrði viðhaldið of dýrt. Það sem eftir er leiðarinnar, er jarðvegurinn víða gljúpur og aursamur, og veðst upp í rigningum. Eins og eg sagði, þá viljum við tryggja það, að veginum sé lokið á næsta fjárhagstímabili. Í þessu sambandi skal eg geta þess, að kauptúnið, við suðurenda vegarins, Keflavík, með 500 manns, hefir farið þess á leit, að byrja mætti að leggja veginn frá sér næsta ár og mun það afráðið. Ef fjárveitingin hrykki ekki til, þá yrði afleiðingin sú, að eftir yrði lengra eða skemra bil, er yrði ófær vegleysa, sem gjörði veginn mikið til gagnslausan. Hverjum væri það til góðs, að láta lítinn spotta vegarins bíða? Eg skil ekki, að það munaði svo um þessa upphæð, að fjárlögin löguðust mikið við, þó hún væri ekki með. Eg held að það sé ekki gjörlegt að vera að sneiða nú af fjárveitingunni til þessa vegar, sem menn hafa nú verið að vinna að yfir 10 ár.

Maður er alt af látinn heyra það, að þetta sé sýsluvegur. Það er satt, að þessi Gullbringusýsluvegur allur er sýsluvegur, en hann á ekki allur að vera sýsluvegur. Það er ekki og hefir aldrei verið sanngjarnt né rétt að hann sé það. Það var ein af misfellum vegalaga vorra frá upphafi, og misrétti er það gagnv. Gullbringusýslubúum. Yfir þetta sást löggjafarþinginu 1893, og í annað sinn, er vegalögin voru endurskoðuð 1907, og þó var þá byrjað á þessari dýru og nauðsynlegu vegagerð. Þá var auðsætt, að ekki tjáði framar að láta þennan veg halda áfram að vera sýsluveg, það átti að fara með hann eins og vegi, sem liggja yfir og í gegnum fólksflestu sýslur. Norðan megin á Reykjanesskaganum ætti vegurinn að vera flutningabraut, þ. e. vagnvegur til mannflutninga og vöruflutninga. Það ætti hann að vera og á að verða alla leið frá Reykjavík suður að kauptúninu Gerðum. Hinumegin ætti að vera þjóðvegur um Miðnes, Hafnir og Grindavík til Selvogs. Vegirnir eru bygðir fyrir fólk, til þess að fara eftir þeim og til þess að nota þá til vöruflutninga. Því fleira fólk sem er á einhverju svæði, því meiri þörf er góðra gönguvega, reiðvega og akvega. Nú er það kunnugt, að norðan megin á Reykjanesskaga eru fólksmargar bygðir, er þarfnast stórlega nothæfs vegar gegnum þær og millum þeirra yfir hin alræmdu hraun og klungur, sem eru þó flatlendi, vel fallin til kerruflutninga og vagnferðalaga, er vegurinn er kominn. — Fólksfjöldinn að sleptu Seltjarnarnesi er:

í Garðaprestakalli	um	1900
- Kálfatjarnarprestakalli . .	„	600
- Útskálaprestakalli	„	1600
- Grindavíkurprestakalli . . .	„	360
eða alls um		4460
Þar við bætast í Herdísarvík og Selvogi á að gizka		90
eða fólksfjöldi alls á skaganum . .		4550

Er nú rétt að láta Gullbringusýslu eina allra sýslna landsins vera án nokkurs þjóðvegarspotta? er það sanngjarnt og réttvíst að líta á hana sem mannfátt útnes, er hljóti að verða í þessu efni útundan, — er það sanngjörn meðferð á sýslu, þar sem að búsettir eru meir en hálft fimta þúsund manna? Í annan stað er þess að gæta, að við annan enda þess vegar, er hér ræðir um, er Reykjavík höfuðstaður landsins, með um 12000 manns, ásamt Kjósarsýslu, en við hinn enda þess þjóðvegar, sem eftir sunnanverðu Reykjanesinu ætti að leggjast, er langstærsta landbúnaðarsýsla landsins, Árnessýsla. Af þessu er það auðsætt, að það er ekki sanngjarnt, að þessi vegur sé sýsluvegur og það ætti að vera öðruvísi. Eg skal taka til samanburðar annað nes, Snæfellsnesið. Þar átti sama misréttið sér stað; þar var enginn þjóðvegur; en löggjafarþingið er fyrir nokkrum árum búið að sjá og viðurkenna, að þar mátti eigi við svo búið standa. Þessvegna var það, að þegar vegalögin voru

endurskoðuð 1907, þá var gerður að þjóðvegi vegurinn um Hnappadalssýslu, Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms. Það mun hafa verið gert mest fyrir dugnað og framkvæmd manna þar. Liggur því beint við að spyrja, hvort að þar sé fleira fólk heldur en í Gullbringusýslu, svo að sanngjarnara væri að hafa þar þjóðveg. Ónei, því er ekki að heilsa. Í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu voru eftir fólkstalinu 1. des. 1910, 3900, eða nákvæmlega tekið 3911 manns, en á hinu svæðinu 4550 manns, eða meir en hálfu þúsundi fleira fólk, og þar eru þó enn ekki annað en hreppa- og sýsluvegir, alt utan af Garðskaga og austur að Hellisheiðarvegi. Auk þess er insti spottinn á Gullbringusýsluveginum, vegurinn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, langfjölfarnasti vegur á landinu. Hann er svo fjölfarinn, að það þykir tíðindum sæta, ef að maður fer svo um þann veg, hvort heldur er á nóttu eða degi, að hann mæti ekki mönnum og vögnum, og samt verður sýslan að kosta veginn, þó að Reykjavík liggi við annan enda hans og hafi hans einna mest not. Viðhaldið á þeim vegi er ákaflega dýrt, af því að hann er ekki púkklagður; það má segja, að hann sé orðinn hreinasti vandræðagripur fyrir sýsluna. Sýslusjóðurinn fékk að kenna á honum, þegar heilsuhælið á Vífilstöðum var bygt í fyrra. Það er sannarleg sanngirnis og réttlætiskrafa að landsjóður kostaði þennan veg. Því segi eg það, að allar ástæður mæla með því og krefjast þess, að landsjóður leggi nú fram sama og undanfarin ár, 7500 kr. hvort árið, svo að víst sé og trygt, að fullgerður verði á fjárhagsárinu þessi vegur, sem sýslufélagið er nú búið að kosta 42 þús. kr. til. Eg álít að sú fjárveiting mundi fremur prýða en óprýða fjárlögin; að minsta kosti held eg, að hún mundi ekki verða talin til slettnanna á þeim, þótt sumir telji þau í þetta sinn slettótt í meira lagi.

Eg hefi orðið nokkuð langorður um þetta mál nú, en það er af því, að eg hefi ekki, stöðu minnar vegna á þinginu, haft tækifæri til að tala um það fyrri. Eg vil að eins enn bæta því við til samanburðar, að stærstu kauptún á Snæfellsnesi eru: Stykkishólmur með 590 manns og Ólafsvík með 525 manns, en í Gullbringusýslu, Hafnarfjörður með 1550 manns og Keflavík með 470 manns. En þareð Hafnarfjörður er orðinn kaupstaður með bæjarréttindum, er hann laus við skyldu til sýsluvegarlagningar; til hans verður því engin krafa gerð um umrædda vegagerð.

Eg vona, að menn, að öllu þessu yfirveguðu, sjái, að það er ekki sanngjarnt að draga þetta sýslufélag lengur á að lokið verði við þennan veg. Það eru nógir vegir samt eftir í sýslunni, sem hún þarf að leggja.

Sigurður Stefánsson: Eg vildi að eins fara örfáum orðum um brtill. á þskj. 959. Mér er vel kunnugt um að vart mundi þurfa svona dýran vita á þessum stað — Bjargtöngum, og hér er farið fram á. Eg hygg að duga mætti líkt ljósker og á Öndverðarnesi; þá hefði líka stjórnin bendingu til að setja ekki meira fé í þann vita en ástæða væri til, og eg vona að stjórnin finni sér bæði ljúft og skylt að gera það. Þá vildi eg einnig, úr því að eg stóð upp, minnast dálítið á brtill. á þskj. 962, áhrærandi viðskiftaráðunautinn. Eg álít enga meiningu í því að láta hann hafa hin og önnur störf með höndum, svo sem þingmensku, og dvelja svo og svo lengi hér heima. Nærvera hans erlendis gæti áreiðanlega orðið landinu til stórmikils gagns — svo skifti hundruðum þúsunda, og eg efa ekki að sá maður, sem nú gegnir starfi þessu, geti komið mörgu og miklu góðu til leiðar komið, ef hann gefur sig óskiftan við starfinu, og það álít eg lífsnauðsyn.

Ráðherra (Kr. J.): Eg verð að segja, að mér þótti ræða hv. þm. Ísafj.kaup-

staðar harla einkennileg á ýmsan hátt. Hann mintist einmitt á 2 þau atriðin, sem eg hafði hugsað mér að segja um fáein orð, og hann mintist á þau á annan veg en eg hafði búist við af honum. Eg á hér við Bjargtangavitann og viðskiftaráðunautinn, eins og þingið mun skilja. Um Bjargtangavitann er það að segja, að nú er margbúið að fella hann hér í þinginu. Eg hefi í dag átt tal við þann starfsmann landsins, vitaumsjónarmanninn, sem hefir þessi mál með höndum, og hann álítur málið gersamlega óundirbúið. Það er enn ekki einu sinni búið að ákveða, hvar vitinn skuli standa. Enn fremur vil eg benda á, að tveir nákunnugir og velmetnir siglingarmenn, skipstjórarnir á Botníu og Ceres, hafa sagt, að á þessum vita væri engin nauðsyn, ef góður viti væri settur á Öndverðarnesi, og þar eigi einmitt að setja vitann. Mætti þá setja upp lítið ljósker á Bjargtöngum, eins og nú er á Öndverðarnesi. Þetta er álit þeirra er bezt hafa vit á málinu. Þá er hitt atriðið um viðskiftaráðunautinn. Eg var því fylgjandi á sínum tíma að setja þá fjárv. inn í fjárlögin 1910 og 1911. En að fjárveitingin sé bundin við nafn eins einstaks manns, og að hún sé bundin við það að erindisbréf hans haldist óbreytt, á það get eg eigi fallist. Það er að mínu áliti ekki að eins óhæfilegt málefnisins sjálfs vegna, heldur einnig ósæmileg tortrygging á landstjórninni.

Kristinn Daníelsson: Eg vil minnast fám orðum á brtill. á þskj. 959. Hún var fyrst borin fram í Nd. af hv. þm. Barðstrendinga, en var feld burt í Ed. Nú hefi eg gerst meðflutningsmaður að henni. Mér er það vel kunnugt, að Vestfirðingum hefir verið það áhugamál í mjög langan tíma, mér er óhætt að segja 20 ár, að fá bygða vita á Öndverðarnesi og Bjargtöngum, og er það ofur skiljanlegt, þar sem sjómenska er allmikil fyrir öllu Vesturlandi. Það var í móti þessu máli mælt áðan, að óráðið væri, hvar vitinn ætti að standa. Eg get ekki ætlað, að það geti orðið neinum annmörkum bundið að ráða fram úr því; það hefir verið gert ráð fyrir að verkfræðingur landsins veldi staðinn. Ef hér hefði legið fyrir till. um að byggja vita á Öndverðarnesi, þá mundi eg hafa verið henni fylgjandi, en úr því svo er ekki, þá vil eg leggja með þessari tillögu. Og eg vona að alþingi láti ekki undir höfuð leggjast að veita fé til vitans; þess gerist sannarlega þörf, því að sjóleiðin fram hjá vitastæðinu er mjög hættuleg. Auðvitað met eg mikils, hvað útlendir skipstjórar segja, en þó verð eg að leggja meir upp úr umsögn innlendra sjómanna um þetta efni; útlendir skipstjórar eru hér á ferð á sumrin og hafa því minna af hættunum að segja, en fiskiskúturnar geta ekki eins valið sér tímann. Það var sagt áðan, að búið væri að margfella þessa br.till, en það er ekki satt; hún var samþykt með allmiklum atkvæðamun í Nd. Eg skal ekki fara fleiri orðum um br.till., en mæli sem bezt með henni; það er mjög mikilsvarðandi fyrir íslenzka sjómenn að þetta ljós komist upp. — Úr því eg stóð upp, vil eg minnast lítið eitt á br.till. á þskj. 958, um endurgreiðslu á símalagningakostnaði til Vestur-Barðastrandarsýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu. Það hefir verið gerð grein fyrir þessari br.till. í báðum deildum og þar sem hún var samþykt í Nd. með allmiklum atkvæðamun, en feld í Ed. með litlum mun, þá leyfi eg mér að vona að niðurstaðan í hv. sameinuðu alþingi verði sú, að hún verði samþykt.

Björn Kristjánsson: Eg hefi leyft mér að koma með br.till. á þskj. 972. Hún hefir verið alloft á ferðinni í báðum deildum. Ed. kipti þessum orðum út úr liðnum, en eg skil ekki hversvegna. Það virðist engin ástæða vera til þess, því að samningurinn, sem gjörður hefir verið við Thore-félagið, er í alla staði löglegur, og er því alveg rétt að vísa í hann. Eg geri

mér því beztu vonir um, að br.till. verði samþykt. — Þá vil eg minnast á br.till. á þgskj. 963, frá okkur þm. G.-Kjós. Hv. meðþingmaður minn hefir þegar tekið það fram. að það er praktiskara að veita þessa upphæð alla nú í einu lagi, en að skifta henni á fleiri fjárhagstímabil. Það er dýrara að gera út fáa menn, og láta þá vinna lítinn hluta af verkinu í einu, en að gera það alt í einu með fleiri mönnum. Eg vona því, að br.till. nái fram að ganga, og það því fremur, sem hún var samþykt með 18 atkv. í Nd. Mig furðar annars á þeirri hörku, sem Ed. hefir beitt á þessu þingi, því að það hefir alt af verið venja í Ed. að hreyfa ekki við fjárveitingum, sem hafa verið samþyktar með miklum atkvæðamun í Nd.

Björn Sigfússon: Eg skal geta þess, að við flutningsmenn brtill. á þskj. 961 tökum hana aftur. En eg vil minnast nokkrum orðum á brtill. á þskj. 967 og í sambandi við hana á brtill. á þskj. 973. Við þm. Húnv. höfum leyft okkur að bera fram nú þá sömu brtill., sem við allar umræður er búið að samþykkja í Nd. með miklum atkvæðamun, nefnilega að veittar verði til kvennaskólans á Blönduósi kr. 5,500 hvort árið. En af því að hv. Ed., sem hafði algerlega felt allan styrk til skólans við þrjár umræður, færði nú við síðustu umræðu þessa upphæð niður í 3000 kr. og áskildi auk þess 750 kr. tillag annarstaðar frá, þá vildum við nú svo sem til samkomulags taka upp í brtill. okkar þetta skilyrði um 750 kr. framlag á móti frá sýslufélaginu, en förum aftur fram á sömu upphæð, sem áður var samþykt í Nd. En nú er fram komin brtill. við okkar till. frá hv. 4. kkj. þm. (St. J.), um að hækka þetta áskilda framlag annarstaðar frá upp í kr. 1350. Þessi brtill. þykir okkur ganga æði langt, og vera æði frekjufull. Eg minnist þess ekki, að jafnhátt framlag á móti hafi nokkurn tíma verið áskilið sem skilyrði fyrir fjárveitingu til nokkurar mentastofnunar. Eg vona því að þingið sýni þá sanngirni að samþykkja okkar till. Það getur engum dulist, að nú, þegar á að byggja skólann upp aftur, þá verður sýslan að leggja afarmikið fé fram, bæði til bygginga og áhalda. Auk þess hefir það lent á sýslunni í vetur að hlaupa undir bagga með mörgum nemendum og kenslukonum á skólanum, sem urðu fyrir stórtjóni við brunann. Um leið vil eg geta þess, að einmitt vegna þess að svo mjög hefir dregist að útkljá þetta mál á þingi, þá er undirbúningur undir byggingu skólahússins mjög stutt á veg kominn. Eg fekk t. d. fyrst í gær uppdráttinn að því. Afleiðingin af þessu öllu verður, að ekki verður hægt að taka húsið til afnota nú í haust; það getur ekki orðið fullgert þá. Það verður því óhjákvæmilegt að leigja annað húsnæði fyrir skólann í þrem húsum, og veldur það auðvitað miklum aukakostnaði. Sumir hafa sagt, að þá væri bezt að láta skólahaldið falla niður næsta vetur. En á því eru þau vankvæði, að það er brot á reglugerð skólans, og auk þess yrði, hvort sem er, að greiða kenslukonum ákveðin laun þeirra, þó þær ynnu ekki að kenslu. Þær eiga heimting á því og væru rangindum beittar ella. Það getur því ekki komið til mála að skólinn starfi eigi næsta vetur.

Það gladdi mig að heyra, að hv. 4. kgk., sem virðist vera eitthvað illa við þennan skóla, tók þó nú aftur þau ummæli sín, að hann *hefði* aldrei annað verið en *sýsluskóli*. Hann hefir sannfærst um það gagnstæða, og er ætið gott, ef menn taka aftur ósannindi, þegar sýnt er fram á þau. Eg efast um að hægt sé að benda á annan skóla, sem hefir verið landsskóli framar en þessi. Það hefir verið margsannað og sýnt með skólaskýrslunum. Hitt er annað mál, að *allir* skólar, og þessi líka, hefir haft fleiri nemendur úr nágrenninu.

Brtill. um að færa framlagið annarstaðar frá upp í 1350 kr. virðist ekki vera fram

komin af góðum hvötum, heldur einungis til þess að hnekkja þessari fjárveitingu. Fjárveitingar til slíkra skóla hafa aldrei verið miðaðar við vissa tölu nemenda og má í því efni sérstaklega benda á bændaskólana, og þá ekki síður embættaskólana, enda er það óeðlilegt, því að kostnaðurinn við skólahaldið fer ekki eftir því, hvort nemendurnir eru eitthvað ofurlítið fleiri eða færri; það hefir engin áhrif á það, hversu marga kennara þarf við skólann. Vitanlega standa þeir skólar bezt að vígi, sem eru í fjölbygðum kaupstöðum, einkum í Reykjavík, því þeir eru alt af fullskipaðir. — Þá vil eg minnast lítið eitt á brtill. okkar á þskj. 970, um að fella burt það skilyrði fyrir fjárveitingunni til Hvammstangavegarins, að jafnmikið tillag skuli koma annarstaðar frá. Það sem eg legg aðaláherzluna á er það, að þessi vegur verður án efa innan skamms flutningabraut, nefnilega frá Hvammstanga til Blönduóss. Þetta er líka álit vegaverkfræðingsins, sem var fyrir norðan í sumar sem leið. Það kemur skilmerkilega fram í umsögn hans um það mál. Þegar þessi vegur er orðinn flutningabraut, þá verður landsjóði búið að sparast mikið fé, með því sem sýslan hefir lagt fram. Auk þess vil eg minna á, að landsjóður hefir stundum lagt fram fé til slíkra fyrirtækja, án þess að áskilja nokkuð framlag í móti. T. d. má nefna fjárveitinguna til bryggjunnar á Akranesi, er samþykt var í Ed. nú fyrir stuttu. Ekki er *þar* áskilið framlag á móti, og þó er það ekkert annað en *viðgerð*, sem sumum öðrum þótti smásálarlegt að heimta af landsjóði.

Um Bjargtangavitann hefir það verið sagt, að nægilegt mundi vera að hafa að eins lítinn og ódýran vita þar; þá skil eg ekki, því þeir sömu menn leggja svo mjög í móti honum. Álíti vitaverkfræðingurinn að þar dugi lítill og ódýr viti, fer stjórnin náttúrlega eftir því og mikið af fénu sparast, eins og við Dyrhólavitann. Annars vil eg líka benda á, að það hefir iðulega komið fyrir, að vitar hafa orðið ódýrari en áætlað var.

Mér er í móti skapi að eyða tímanum, og skal því láta þetta nægja.

Björn Þorláksson: Eg stend upp til að gera grein fyrir brtill. minni á þskj. 971. Hún fer fram á það, að feld verði niður alt að 6000 kr. fjárveiting til þess að byggja leikfimishús á Hólum. Eg segi ekkert nýtt, en segi að eins það, sem eg sagði við eina umræðu í Nd., þegar þessi fjárveiting var þar til umræðu. Á fjáraukalögunum fyrir 1910—11 voru veittar 3000 kr. til aðgerðar á gamla skólahúsinu á Hólum, og ætti það að vera nægilegt til þess að húsið geti orðið í góðu lagi. Undanfarin ár hefir kjallarinn í því húsi verið notaður til þess að kenna leikfimi í, og þótt vel fara að dómi kunnugra manna, og hygg eg að vel megi notast við hann enn þessi 2 árin. Slík fjárveiting yrði því að kallast óþörf eyðsla, ekki sízt nú, þegar svo mjög er kvartað um að fjárhagur landsins sé slæmur. Sumir kunna að segja, að ósamræmi sé í því að neita um þessa fjárveitingu, þar sem búið er að veita á fjáraukalögunum 2000 kr. til að gera leikfimishús á Hvanneyri, auk efnisafgangs frá skólahúsinu, er áætlað var að nemi 2000 kr. Þess vegna hefi eg líka, auk aðaltill., um að fella alla fjárveitinguna burt, borið fram varatillögu um að færa upphæðina niður í 4000 kr. Með því móti fengi Hólaskóli jafnmikið og Hvanneyrarskólinn fær í raun og veru. Eg vona, að þessi tillaga verði samþykt, og það því fremur, sem hún er eina brtill. við fjárlögin nú, sem fer fram á lækkun.

Úr því eg stóð upp, vil eg minnast nokkuð á orð hv. 4. kgk. þm. Hann gerði grein fyrir því, hvernig fjárhagur landsins yrði nú eftir fjárlögunum, eins og þau koma frá Ed. Hann skýrði frá því, að tekjuhallinn mundi nema hér um bil 400 þús kr. — En svo bætti hann því við, að tekjur af áfengistolli mundu vera áætlaðar

100—150 þús. kr. hærra en rétt væri. Eg vil mótmæla því, að áfengistollurinn sé áætlaður of hátt í fjárlögunum, og held eg því fram, að áætlun fjárlaganefndar Nd. sé á meiri rökum bygð en skoðun þeirra, er telja hana of háa. Annars mun reynslan skera úr því, hverjir hafa réttara fyrir sér. En það skyldi gleðja mig, ef áætlunin í þessu efni reyndist of há og minna áfengi flyttist inn en gert er ráð fyrir; því minna áfeugi, sem flyzt inn í landið, því minna mun verða drukkið og því minna verður bölið, sem af því leiðir.

Það hefir verið minst á fjárhag landsins, líklega í þeim tilgangi, að menn hugsuðu sig vel um, áður en menn samþykkja þessar breytingartillögur, sem hér liggja fyrir, og sem fara fram á aukin útgjöld, um 50 þúsund kr. Það er þannig um þessar tillögur, að eg mun greiða sumum þeirra atkvæði og sumum ekki. Úr því eg er byrjaður á því að tala um tekjuhallann, þá vil eg einnig minnast á, hverjum hann er að kenna, því þótt fjárlögin séu nú afgreidd með 400 þúsund kr. tekjuhalla, og nú í dag verði samþyktar í viðbót um 40,000 kr. og hér við bætist 107 þúsund kr. á fjáraukalögum, eða samtals um 550,000 krónur, þá hefir annað eins og jafnvel verra sést áður. Í fjárlögum frá þinginu 1907 var tekjuhallinn 525,000 kr. Reyndar stóð í frumvarpinu að tekjuhallinn væri einungis 25 þús. kr. En tekjumegin var til fært lán, er taka mætti, að upphæð 500,000 kr., svo að sá sanni tekjuhalli var þá 525,000 kr. Á fjáraukalögum þá voru útgjöld að upphæð 161,000 kr., þetta alt samtalið 686,000 kr. Og í þetta skifti vóru engin lög samin, er gæfu tekjur til nokkurra muna.

Af þessu má sjá, að tekjuhallinn áætlaði 1907 var 136 þús. kr. hærri en nú, og í raun og veru miklu hærri, þegar þess er gætt að nú hafa verið samin lög, er munu gefa um 200,000 kr. tekjur, en þá var engu líku til að dreifa.

Annars vil eg taka það að endingu fram, þeim til huggunar á þingi og utanþings, sem virðast vera hálf-sfurlaðir út af hinum afarbága fjárhag, að í raun og veru sé fjárhagurinn ekki svo afar-vondur og miklu betri en 1907 og jafnvel oftar. Tekjuhallinn taldist mér áður 550 þús. kr. Frá því dragast tekjur eftir hinum nýju lögum 200,000 kr. Verða þá eftir 350,000 kr. Nú vitum við það, að í mörg ár hafa tekjurnar ávalt farið fram úr áætlun, og það er engin ástæða til að halda, að tekjurnar í heild sinni reynist ekki nokkru meiri á næsta fjárhagstímabili, en þær eru áætlaðar. Gæti því svo farið, að tekjuhallinn í reyndinni yrði mjög lítill eða jafnvel enginn.

En við skulum gera ráð fyrir því versta og setja tekjuhallann 350,000 kr. að frádregnum þeim tekjum, er nýju lögin gefa. Þá vil eg spyrja; Hverjum er þetta að kenna? Af því þetta verður í síðasta skifti, sem eg tala á þessu þingi, þá skal eg taka það greinilega fram, hverjum það er að kenna, ef tekjuhalli verður, hvort sem hann verður mikill eða lítill. Það er þeim að kenna, sem ekki hafa viljað samþykkja það frumvarpið, er miklar tekjur hefði gefið og eflaust svo miklar, að enginn tekjuhalli hefði þurft að verða; eg á við farmgjaldsfrumvarpið. Það eru þessir menn, sem bera ábyrgð á hinum væntanlega tekjuhalla. Þeir, og engir aðrir, verða að bera ábyrgðina.

Jósef Björnsson: Eg vildi leyfa mér að gera örlitla athugasemd út af því, sem háttv. þm. Seyðisfj. sagði. Hann tók það fram, sem aðra aðalástæðu fyrir br.till. sinni, að við ættum að spara. En satt að segja, þá ganga þær tillögur, sem hér liggja fyrir, ekki í sparnaðaráttina; mér finst það einkennilegur sparnaður, sem háttv. þingm. hér er flytjandi að, og því einkennilegra finst mér það, sem brtill. sú, sem hér er um að ræða fer fram á, að út sé strykuð fjárveiting til stofnunar, sem er landssjóðseign og sem ætluð er til að fullnægja kenslu-

ákvæðum, sem voru lögákveðin fyrir 6 árum með reglugjörðinni fyrir Hólaskóla. Þessi reglugjörð kveður svo á, að leikfimi skuli kenna í skólanum, en þetta hefir ekki verið hægt að gera, því hús hefir vantað. En nú, þegar á að kippa þessu í lag, þá kemur háttv. þm. Seyðisfj. fram og segir, að slíkt megi ekki líðast, því það sé *nauðsynlegt að spara*. En satt að segja finst mér það ósparnaður, að hindra nytsamlega kenslu í skóla, sem er landsstofnun. Í sambandi við þetta skal eg benda á það, sem eg áður hefi tekið fram í háttv. Ed., að í síðasta mánuði var haldið fjölment bændanámsskeið á Hólum. Komu þar saman fleiri tugir bænda, og bændaefni úr nágrenninu og af Norðurlandi. Þar var samþykt, að skora á stjórnina að draga þetta ekki lengur, en gera sitt ítrasta til að leikfimiskensla komist þar á sem fyrst og leikfimishús því reist. Háttv. þm. Seyðisfj. sagði, að nota mætti gamla húsið til að kenna leikfimi í og var það hin aðalástæða sú, er hann hafði brtill. sinni til meðmæla.

En þetta er *ekki hægt*.

(**Sigurður Sigurðsson**: Það er hægt). Nei, það er *rangt*, hvað sem þessi og hver annar þingm. segir; því er eg kunnugri en þingmaðurinn. Húsið er alt upptekið. Í því búa allir nemendur og tveir kennaranna; þar er matstofa og öll matreiðsla og ef eitthvert herbergi væri afgangs, sem ekki er nema þrengt sé til muna að nemendum og kennurum, þá er full þörf fyrir alt slíkt handa skólabóndanum, enda hefir hann stöðugt haft nokkur ítök í húsið eftir því, sem föng frekast hafa leyft, því hann hefir mjög lítil og léleg húsakynni til afnota, sem hann alls ekki kemst af með. Auk þess eru engin tök á að kenna leikfimi í þessu gamla húsi, sökum þess hvernig herbergjaskipun er varið. Eg vona nú að mönnum sé orðið það ljóst, að ekki sé hægt að nota gamla húsið, og því *verði* að byggja nýtt hús, ef ekki á að halda áfram að traðka lögákvæðum, sem gilda og gilt hafa í fleiri ár, um stofnun, sem er eign landsins.

Ráðherra (**Kr. J.**): Tilefnið til þess, að eg stend upp aftur, er ræða háttv. þm. Seyðf. Mér virðist hún ólík honum, að því leyti, að hann leit allbjart á fjárlagastarfið, sem við erum nú að lúka við, og á fjárhagsástandið. Eg hefi ávalt litið svo á, að þessi vinur minn og frændi sé glöggur á þær sakir og sjái fljótt, hvað þar er athugavert, en nú held eg þó, að vér getum ekki litið með bjartsýni á fjármálaástandið, eins og það er. Eg vil leiða athygli þingmanna að því, að tekjuhallinn verður á þessum fjárl. nær 450 þús. kr., ef samþyktar verða þær brtill. sem hér liggja fyrir og eg tel engan vafa á, eftir því sem fram hefir komið áður hér á þingi. Þar við tel eg að megi bæta ofhátt reiknuðum tolltekjum, sem nema hér um bil 110 þús., og svo allri aukafjárl. fúlgunni, sem er um 105 þús. kr. Hinn rétti tekjuhalli verður þá nú yfir 660 þús., eða nánar tiltekið 663,-367 kr. og nokkrir aurar, eftir því sem mér telst til. Þar við bætast gjöld þau, er ýms lög, er nú hafa verið samþykt af þinginu, hafa í för með sér, svo að óhætt mun vera að færa upphæðina upp í liðug 700 þús. kr. Þetta kemur nú ekki sem bezt heim við álit hv. þm. Seyðf. á fjárhagsástandinu. Ofan á þetta bætist nú einnig það, sem þingið virðist taka alt of lítið tillit til, en það er það, að peningaforði landsj. hefir verið mjög lítill, óhæfilega lítill, síðan í byrjun þessa árs. Áður voru menn ekki ánægðir, eða öruggir, væri hann minni en 600 þús., eða í lægsta lagi 400 þús. Eitthvað þar á milli var hann venjulega, þó jafnaðarlega nær hærri upphæðinni. Nú er hann þetta 2—300 þús., og það er engin sæmilegur peningaforði, þegar þörfin er svo mikil, eins og nú á sér stað, einkanlega með tilliti til þess, að vér stöndum í mjög hárri við-

skiftaskuld við ríkisféhirzluna dönsku, og má heimta hana fyrirvaralaust hvenær sem vill. Það þarf ekki annað en að líta á fjárl. og fjáraukal. til þess, að sjá hve mikil peningaþörfin er. Í dag hefi eg t. d. að nefna gefið út skipun um að borga út 2 allstórar upphæðir undir eins og þær séu samþyktar á fjáraukalögunum. Þótt viðlagasjóður sé orðinn veruleg upphæð, þá er hann allur bundinn í lánum, sem flest eru þannig vaxin, að ekki verður með nokkru móti hreyft við þeim, og loks skal eg geta þess, til þess að alt geti orðið sem ljósast um fjárhagshorfurnar, að það er nú orðinn siður, að teygja tekjurnar hærra og hærra ár frá ári, til þess að sem minst beri á greininni aftarlega í fjárlögunum, sem hljóðar um tekjuhallann, og eg sé ekki betur, en að nú sé farið svo hátt í þessu efni með tekjurnar, að lengra sé ekki fært, Áður var það venja að fara mjög varlega í þessar áætlanir og þá aflaðist viðlagasjóði fé, en nú eru þær settar svo hátt, sem frekast verður. Og eg vil minna á enn eitt, sem sagan kennir oss í þessu tilliti. Það má segja, að nú hafi verið góðæri hér á landi í nálægt því 20 ár. Á öllum þeim árum hefir varla komið hafís, svo teljandi sé. Þegar svo hefir lengi árað, þá sýnir sagan oss, að þá er von á hinum mögru árunum; þá má búast við hörðum árum. Eg vil engu spá um þetta, og eg óska að sem lengst mætti haldast góðærið, en eftir reynslu þeirri, er sagan kennir oss, gætum vér nú búist við því, að næstu 10 árin yrðu oss erfið. Vér megum búast við aflabresti og grasbresti og þar af leiðandi alls konar skorti öðrum, og ef svo færi, þá mundi lækka á könnu landssjóðs, og það meira en lítið.

Að endingu skal eg taka það fram, sem eg hefi áður sagt í Ed., að þar sem sífelt er verið að vitna í frv., sem virðist hafa átt að vera bót allra vorra fjárhagsmeina, farmgjaldsfrv. sem sé, þá er það svo lagað, að engin stjórn gæti tekið við því, og ekkert þing látið það frá sér fara, með því það yrði gersamlega óframkvæmanlegt eins og málið er nú úr garði gert, og álít eg rétt að taka það fram hér enn þá einu sinni, úr því að enn er verið að hampa þessu lagasmíði, og benda á, að það muni ráða bót á öllum fjárhagsvandræðum.

Lárus H. Bjarnason: Þegar frv. til fjárl. fyrir árin 1912 og 1913 kom frá Ed. í seinna skiftið, þá var tekjuhallinn áætlaður um 399 þús. kr. Hún hafði lækkað hann um 20 þúsundir, fært hann úr 419 þús. niður í 399, en neðri deild hafði hækkað hann við eina umræðu hjá sér úr 320 þús. upp í 410 þús. Ef allar þær brtill., sem hér liggja fyrir, verða samþyktar, eins og sumir spá, þá bætist við þá upphæð um 50 þús. kr. Mér heyrðist einhver háttv. þm. bera brigður á þetta, en það er ekki rétt, og skal eg nú færa mönnum heim sanninn um það. Hr.fj.vegur kostar 3000 kr., Keflav.vegur 5 þús., Bjargtangavitinn 14 þús., aukning Blönduósskóla 2200 kr., viðskiftaráðunauturinn einn 20 þús. kr. og til vegagerðar í Skaftafellss. er beðið um 5 þús kr. Þetta fer nú nærri 50 þús. kr. og þá er tekjuhallinn orðinn 449 þús. Þar við má nú bæta yfir 100 þús. frá fjáraukalögunum, og er tekjuhallinn þá alls orðinn um 550 þús. Svo hár hefir víst tekjuhallinn aldrei orðið síðan alþingi fékk löggjafarvald og því síður áður. Eg heyri að einhver segir ójú. Hann varð hæstur árið 1903 rúm 400 þús. kr., en þá varð þó tekjuafgangur á landsreikningnum.

Háttv. þm. Seyðf. mintist á það, sem reyndar er þýðingarlaust í þessu sambandi, hverjum tekjuhallinn væri að kenna, og skildist mér svo, sem hann vildi kenna minni hlutanum um hann, en þetta er rangt hjá þm. Eg hygg, að hann sé þeim að kenna, sem minka gjaldstofnana og koma fram með tillögur til aukningar gjöldunum og berja þær fram gegnum deild-

irnar og sameinað þing, og þetta hefir meiri hl. gert hvorttveggja. Hann hefir felt till. um það, að fresta aðflutningsbannsákvæðinu um stundarsakir og enn fremur borið fram langflest af þeim till. um aukin gjöld, sem fram hafa komið. Ef litið er á dagskrána í dag, þá er það hann, sem á allar slíkar till. undantekningarlaust. Svona fara þá „Sjálfstæðismenn“ — og þá um leið sparnaðarmenn, því að sparnaðinum hafa þeir frá öndverðu veifað einna hæst á stefnuskrá sinni — að því, að spara fé landsins. Svona var það einnig þegar fjárl. voru til einnar umr. í Nd. Þá var öll aukning gjaldanna, 100 þús. kr., þeirra megin nema — segi og skrifa — einar 600 kr., sem allir fylgdust að um. Alt hitt hafði „Sjálfstæðisflokkurinn á sinni könnu. Þeim heiður, sem heiður ber!

Annars stóð eg sérstaklega upp til þess að verða við tilmælum háttv. framsm. fjárl. í Ed. um að minnast á þrjár af till. þeim, er hér liggja fyrir, og eru þær á þskj. 962, 969 og 972. Till á þskj. 962 er um viðskiftaráðunautinn, og býst eg við að minni hl. leggi á móti henni. Það gerir hann fyrst og fremst vegna þess, að upphaflega var fjárveiting þessi gersamlega ólöglega framkvæmd, því að það er skýrt tekið fram bæði í fjárl. og fjáraukal. frá þinginu 1909, að þessi styrkur, 10 þús. kr. á fjáraukal. og 12 þús. á fjárl., skuli veittar til viðskiftaráðunauta (í fleirtölu), og sama kemur fram í dönsku þýðingunni, þar stendur „Handelskonsulenter“. Nú hefir þessi maður fengið fyrir árið 1909 helmingi meira en hann átti, og fyrir árið 1910 nálega alt það, sem báðum mönnunum var ætlað, og jafnmikið fær hann náttúrlega fyrir árið 1911, því að hæstv. núverandi ráðh. mun álíta sig bundinn við það sem fyrv. ráðh. hefir veitt honum. Þetta álít eg nú beint fjárl.brot, sem ekki séu nokkur tiltök að verja. Eg skal alveg sleppa skýrslum ráðunautsins. Þær eru ljósasti vottur þess, hve dæmalaust hégómlegt starf mannsins hefir verið. Og loks skal eg einnig sleppa því, að hann hefir verið tímunum saman hérlendis, t. d. í einni lotu síðan fyrir jól, enda álít eg dvöl hans hér engan skaða, en undarlegt er það þó, að fáir eða enginn skuli hafa að því fundið. Og enn undarlegra það mikla kapp, sem svo kallaður „Sjálfstæðisflokkur“ virðist leggja á það, að þessi fjárveiting nái fram að ganga, nema ef vera skyldi að flokkurinn vildi með þessu móti löghelga eina af lökustu gerðum fyrv. ráðherra þannig, að ekki verði seinna náð til hans út af henni.

Það er því undarlegra að bera svo mikið fé í þennan mann, 11 þús. kr. á ári, sem það er upplýst með bréfi norska konsúlsins til bankarannsóknarnefndarinnar í Ed. að sams konar ráðunautar í Noregi fá 2500 til 5000 kr. í laun, og er þó ólíku saman að jafna Noregi og voru landi. Rétt áðan var útbýtt skýrslu rannsóknarnefndar Ed. með öllum svokölluðum skýrslum viðskiftaráðunautsins til stjórnarráðsins. Þær eru of langar til að lesa upp, enda langar mig ekki til þess. Þær eru bæði leiðinlegar og nauða ómerkilegar, ekkert í þann veginn að vera þeirra peninga virði, sem ráðunautnum hafa verið greiddar, enda fær sá maðurinn, sem viðskiftaráðunauturinn ber helzt fyrir sig og hann hefir mest kapp á lagt að fá prentaða skýrslu eftir, einhver V. Jensen í Genova, þennan vitnisburð hjá viðskiftaráðunautinum sjálfum (skýrsla rannsóknarnefndar Nd. bls. 119): „Maðurinn þykir fljóthuga og stórhuga, en nokkuð laus í rás. . . . . Enn er þess ógetið, að maður þessi átti áður stóreignir, en er nú illa staddur og erfiðar fjarreiður“. Á þennan hátt lýsir hv. þm. Dalam. sjálfur þeim manni, sem hann leggur mest upp úr í skýrslum sínum.

Ed. vildi upprunalega ekki amast við fjárveitingu til viðskiftaráðunauta, hún

vildi láta fjárveitinguna standa eins og hún var orðuð upprunalega 1909 og hugði, að það mundi draga til samkomulags við hv. Nd., en Nd. hafnaði þeim samkomulagsboðum, og hefir Ed. því ekki rétt fram hendina aftur, heldur strikað liðinn alveg út. En auk þess sem borið hefir verið alt of mikið fé í viðskiftanautinn, þá er hitt þó verra, að þingið ætlar nú að fara að taka upp á því, að veita nafngreindum mönnum embætti og sýslanir, og þó langverst ef þingið á að ráða því, hvernig maðurinn á að reka starf sitt. En til hvorstveggja er stofnað með veitingu ráðanautsfjárins á nafn þm. Dalamanna og staðfestingu erindisbréfs hans. Með því móti er fyrst og fremst ekki hægt að haga starfinu svo sem æskilegast kynni að vera og ábyrgðin út af því algerlega tekin af núverandi stjórn.

Þá er brtill. á þskj. 969 frá hv. þm. Ak. þess efnis að veita Thorefélaginu 6000 kr. hvort árið til póstflutninga. Um þessa brtill. er líkt að segja sem um hina næstu á undan, að hún er að margra manna dómi gersamlega ólögleg, enda þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, því að í 13. gr. A. 2. fjárl. er beint tekið fram, að borgun fyrir póstflutning megi *ekki* greiða þeim félögum eða skipum, sem njóta fasts tillags úr landssjóði. Thore félagið hefir fast tillag, miklu hærra meira að segja, en samein. gufuskipafél. hafði áður. 1908—1909 voru ætlaðar til þess að halda uppi líkum gufuskipaferðum 40 þús. kr. á ári, en ekki brúkaðar nema 30 þús. kr. 1910—11 voru ætlaðar 60 þús. kr. og þær brúkaðar, en að auki voru félaginu veittar 6000 kr. um árið fyrir póstflutning milli landa, svo að það fær alls 66 þús. kr. — Þetta mál er svo ljóst að það hefir ekki verið hægt að gera það að flokksmáli, svo sem menn geta séð á nefndaráliti Ed. um þingsályktunartill. um gufuskipaferðir (þskj. 931). Nefndin er þar öll sammála. Bæði hv. þm. Ísf. og þm. V.-Skaft. skrifa undir það, að skipin séu ekki svo úr garði gerð né ferðum svo hagað sem tilskilið var í fjárlögunum. Nú vil eg spyrja að því, hver ástæða er til þess að verðlauna þetta félag með 6 þús. kr. svona alveg út í bláinn. Til þess hljóta að liggja einhverjar aðrar ástæður en látnar hafa verið uppi. Það mundi ekki vera gert í líku skyni og nafnfesta fjárveitingin til viðskiftaráðunautsins, til þess að hjálpa hv. fyrverandi ráðherra úr þeirri klemmu, sem hann er kominn í út af samningum við Thore, sem sonur hans var svo heppinn erindreki fyrir, sem og allir vita.

Eg hefi að nokkuru leyti svarað brt. á þskj. 972 frá hv. 1. þm. Gbr. og Kjs. Hann hélt því fram, að rétt væri að vitna í Thorefélagssamninginn 7. ágúst 1909 „af því að hann væri löglegur“, en eg hefi sýnt fram á að sá samningur sé ólöglegur, sbr. enn fremur nefndarálit Ed. um gufuskipaferðir á þskj. 931. Auk þess fer ekki vel á því, að binda fjárveitingu við félag, sem vitanlega getur msjafnlega farnast, á svo löngum tíma.

Úr því að eg stóð upp á annað borð, skal eg víkja með nokkurum orðum að sumu því er hv. þingmenn hafa sagt.

Hv. 2. þm. Gbr. og Kjs. hélt fallega stólræðu um Keflavíkurveginn. En hann gleymdi að taka það fram, að þessi vegur er sýsluvegur og á því ekki heimtingu á því að fá grænan eyri úr landssjóði. Það á því ekki við að líkja þessum vegi við Borgarnesbrautina, sem er þjóðvegur.

(**Jens Pálsson**: Eg sagði, að Keflavíkurvegurinn væri sýsluvegur, en hefði átt að vera annað).

Já, en það er að gera fyrir því sem er, en ekki hinu, sem ef til vill hefði átt að vera, á líkan hátt og hv. 2 þm. Gbr. og Kjs. var eða er forseti Ed. en hefði ef til vill átt að vera eitthvað annað. Annars hygg eg, að hv. þm. hafi með ræðu sinni viljað sannfæra kjósendur um dugn-

að sinn, í að berja fram þessa fjárveiting, sem þó raunar mun vera afráðin á flokksfundi áður.

Ekki bjóst eg við að þurfa að eiga orðastað við hv. þm. Ísf. í sam. þingi, jafnljúft sem mér hefir verið að vinna með honum í efri deild. Mér kom alveg á óvart að hann skyldi mæla með viðskiftaráðunautsfjárveitingunni, eftir því sem hann hefir talað um hana bæði við mig og aðra. Og ekki bætir það mikið úr þó að viðskiftaráðunauturinn væri jafnan erlendis, eins hv. þm. lagði áherzlu á að hann væri. Þegar tekið er tillit til þess, sem ráðunauturinn hefir afrekað, hygg eg, að jafngott væri þótt hann sætti hér á landi; með því móti sparaðist þó ferðakostnaðurinn, og jafnvel fleiri óþægindi.

Hv. þm. V. Ísf. vildi nú þegar veita fé til Bjargtangavitans. Það er rangt hjá honum, að vér viljum ekki veita fé til vitans; vér viljum veita það, en ekki nú. Verkfræðingur hefir aldrei þangað komið, enda engin skoðun farið fram á því, hvar vitinn eigi að standa, eða hvernig hann eigi að vera, né nokkur áætlun til um það, hvað kosta muni að koma upp vitanum; á það hefir fráfarin stjórn slumpað, eins og hv. þm. hefir gert, en á slíku verður ekki bygð skynsamleg fjárveiting.

Viðvíkjandi uppgjöf á 2500 kr. af viðlagasjóðsláni til Barðastrandarsýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu hvorri um sig til handa til talsímalagningar, gat hv. þm. (Kr. D.) þess að sýslurnar hefðu orðið hart úti. Eg vil þar á móti benda honum á það, að nú eru veittar 55 þús. kr. til koparþráðar frá Borðeyri til Ísafjarðar sérstaklega í þágu þessara sýslna, og sýnist mér því nokkuð íburðarmikið, að þær fái tvent í einu, bæði símann og eftirgjöfina. Auk þess er á það að líta, að ef þessi eftirgjöf verður veitt, þá munu fleiri héruð renna á sama vaðið, og verður þá óhægara að neita.

Hv. 2. þm. Húnv. sagði, að Blönduósskólinn hefði orðið harðara úti en kvennaskólinn í Reykjavík

(**Björn Sigfússon**: Það er rangt, eg nefndi ekki Reykjavíkurskólann.)

Hv. þm. átti að minsta kosti við Reykjavíkurskólann og verður að játa, að þó að heimilaðar væru annarstaðar að 1350 kr. móts við þær 5500 kr., sem farið er fram á til Blönduósskólans úr landssjóði, þá væri það ekki nema á borð við þær 1500 kr., sem kvennaskólinn í Reykjavík verður að útvega sér annarstaðar að, móts við þær 6000 kr., sem honum eru ætlaðar úr landsjóði.

Eg hefi þannig gert grein fyrir afstöðu minni til brtill., að svo miklu leyti sem hv. framsögum. fjárlaganefndar Ed. hefir ekki gert það, en hefi því miður litla von um, að orð mín muni hafi mikið að þýða. Það mun vera svo í garðinn búið um flest, að ekki tjáir að spyrna móti broddunum.

Bjarni Jónsson: Það hefir verið talað hér um ýms mál, og sérstaklega um það, hvernig þingið hafi gengið frá fjárlögunum, og þar sem hv. 5. þm. kkj. hefir sagt það í samhengi, sem aðrir ræðumenn hafa tekið fram, þá læt eg mér nægja að svara honum einum. Eg skal ekki deila um það, hvort tekjuhallinn á fjárlögunum sé nú meiri eða minni en áður. Það mál kemur okkur ekki við. Það er að eins fyrir sagnaritara, sem nenna að fást við það. Hitt skiftir nokkuð meira máli, hverjum fjárhagsástandið er að kenna. Hv. 5. kon.kj. vildi kenna það öðrum þingflokknum, Sjálfstæðisflokknum. En það er ekki hægt, af þeirri einföldu ástæðu, að hinn flokkurinn er í meiri hluta í annarri deildinni og ástandið því báðum flokkum að kenna. Meiri hlutinn hefir séð flest sín áhugamál feld í Ed., en hann á þá, hvað fjárhaginn snertir, aðallega þá einu sök, að hann hefir ekki viljað brúka vald sitt til þess að níða fjárveitingu af mótstöðumönnum sínum. Eg get bent á

margt, sem hann hefir veitt af fúsum vilja, svo sem Rangárbrúna, Eyjafjarðarveginn o. fl., sem mönnum er kunnugt um, og eg hirði ekki um að vera að telja upp. Þetta hefir hann gert tregðulaust, því hann hefir ekki litið svo á, að fjárlögin yfirleitt væru flokksmál. En þar sem fleiri hækkunartillögur hafa nú komið frá meirihlutannm, þá er það eðlilegt, því að hv. Ed. hefir áður felt svo mikið burt fyrir honum. En hinn flokkurinn þarf enga br.till. að bera fram, vegna þess, að hann hefir komið sínum till. fram í Ed. og meiri hlutinn í Nd. ekki felt þær burt. Annars leiðist mér að vera að halda hér kjörfundarræðu, eg hygg, að deilumálin á kjörfundunum verði nóg, þó að við byrjum ekki hér. Þá er eg neyddur til að minnast nokkurum orðum á viðskiftaráðunautinn og orð hv. 5. kon.kj. um hann. Eg vil fyrst lýsa undrun yfir því, að sú nefnd hér á þinginu, sem hann mun vera formaður fyrir, skuli vera að setja skæting í mig, þar sem hún hefir alls ekki verið valin til þess að rannsaka mínar gerðir. Auðvitað gat hún, þar sem hún átti að rannsaka gerðir fráfarandi stjórnar, komið með sitt vitlausa álit um brúkunina á fénu, en hún gat látið vera með að setja skæting í mig og koma með þennan vana blaðamannaskæting, að óvíst væri hvort það bæri að telja sem tekju- eða útgjaldamegin, þegar eg væri hér heima á Íslandi. Það er ekki sæmandi að vera að setja slíkt í varnarlausan mann, sem ekki einusinni veit, að verið er að ræða um hann. Það var að eins fyrir velvild skrifarans í nefndinni, en ekki formanns, að eg fekk að vita um þetta á seinustu stundu, og eg býst við að mér verði ekki meinað rúm í þingtíðindunum til að svara þeim hnútum og ósannindum, sem um mig og mitt starf starf standa í skýrslu þessarar nefndar; því á eg heimtingu á. Nefndin hefir ekki einu sinni sýnt mér þá kurteisi að kalla mig á fund sinn. Hún hefir lesið sumt úr skýrslum mínum og formaður hefir á því bygt dóm um mig og hefi eg því meiri ástæðu til þess að heimta að svar mitt verði prentað í þingtíðindum sem viðbót aftan við.

(**Lárus H. Bjarnason:** Alt, sem í skýrslunni stendur er skjallega sannað).

Það er skjalarasönnun. Mitt starf er miklð meira en það, sem skýrslurnar til stjórnarinnar bera með sér. Menn hafa nýlega hér á þinginu samþykt einn árangurinn af mínum gerðum, gufuskipaferðir mili Íslands og Svíþjóðar, þó að aðrir hafi veitt mér góða aðstoð í þessu efni, og þá helzt Ragnar Lundborg, sem hefir mikinn áhuga á okkar málum. En þann áhuga hefði hann ekki, ef hann hefði ekki komist í kynni við góða Íslendinga. En auðvitað fer það hér, sem oftar, að enginn getur verið almáttugur, og eg geri ekki meira en eg get. En eg hefi átt því láni að fagna, að þeir menn, sem hafa tekið eftir starfi mínu, hafa orðið mér velviljaðir, því að eg hefi aldrei sagt annað en það, sem eg sjálfur hefi álitið rétt, hvort sem hv. 5. kon.kj. segir annað eða ekki. Þá hefir verið sagt, að eg hafi fengið 11,000 kr. meira fé, en eg átti að fá, og er þar vitnað í einn bókstaf, þannig, að í lögunum stendur eignarfall í fleirtölu, til viðskiftaráðunauta, sem líklega er prentvilla. En segjum nú, að það sé ekki prentvilla. Hvernig ályktar hv. 5. konkj. þá? Hann segir, að stjórnin hafi átt að skipa 2 viðskiftaráðunauta, en það er bara sá galli á, að það stendur hvergi í lögunum, né heldur að þeir skuli hafa jafnt kaup, þó þeir væru tveir. En ráðherra hafði fyrir sér ákveðinn vilja þingsins í fjáraukalögunum, þar sem voru veittar 11,000 kr. til tveggja ráðunauta, og átti hvor að fá 5000 kr. í $^1/_2$, enda hefði engum manni getað dottið í hug að senda mann, sem hefði slík útgjöld og viðskiftaráðunauturinn hlýtur að hafa, með minna fé. Eg skal líka geta þess, að margir menn í Danmörku öfunduðu mig af þessum 10

þús. kr. launum, en þegar þeir vissu, að eg átti að borga af þeim í ferðakostnað líka, þá sögðu þeir, að þeir mundu ekki kæra sig um stöðuna. En því er ekki að neita, að staðan er sæmileg, eftir því sem á Íslandi er borgað, en heldur ekki meira. Eg get því lýst því yfir, að ráðherra hefir farið hér rétt að og stuðst við álit alls þingsins. Reikningur nefndarinnar er því rangur. Annars væri það gaman að líta yfir störf þessarar nefndar, sem formaðurinn í brúkar svo stór orð. Eg hefi ekki haft tíma til þess að gera það, því að formaður var svo hygginn að láta ekki útbýta henni fyr en á seinustu stundu, svo að enginn hefði tíma til að athuga hans miklu verk.

Hv. 5. konungkjör. sagði, að eg hefði verið mikið hérlendis. Það er alveg rétt, því viðskiftaráðunautsstarfið er svo vaxið, að það heimtar, að maðurinn sé eins mikið hér og erlendis. Því er nú svo varið hér hjá okkur, að ef maður vill gera gagn, þá verður maður að fara til einstakra manna að fyrra bragði, og spyrja þá að því, hvort ekki sé hægt að verða þeim að einhverju liði. Aftur á móti hafa margir útlendingar spurt mig og leitað upplýsinga hjá mér.

(**Jón Ólafsson**: Hversvegna bara þeir?)

Af því að þeir hafa ekki hlaupið eftir níði, rógi flokkshatri einstakra blaða og manna hér heima, sem gera ekki annað en hrópa út hnútyrðum um mig og láta það líka stöðugt kveða við, hvað lítið skyn eg beri á verzlun og viðskifti. En það er ekki sannað, að þeir séu um það fróðari, sem digurbarklegast tala; það bylur mest í tómri tunnu.

Hv. 5. konkjör. sagði og, að hann skildi þessa tillögu um viðskiftaráðunautinn svo, sem menn væru að leggja kapp á að viðurkenna gerðir fráfarins ráðherra. Þetta er rangt, því að flokkurinn allur, bæði þeir, sem voru með vantraustsyfirlýsingu á ráðherra og hinir, eru allir sammála um það, að hér hafi verið rétt með farið. En kappið er það, að flokkurinn vill ekki að svo nytsamlegt starf sé látið niður falla. Um mína starfsemi skal eg ekki tala mikið. Eg segi það alls ekki, að eg sé sá eini færi maður í þessa stöðu, en starfið er nauðsynlegt, og það vill flokkurinn ekki að falli niður. Eg get bent á að eins eitt atriði, sem hefir beinlínis margborgað alt það fé, sem varið hefir verið til viðskiftaráðunauts, og það er verðhækkunin á hestum á seinasta ári, sem er starfsemi viðskiftaráðunautsins að þakka. En auðvitað er ótalinn allur sá óbeini hagur af starfseminni, því að starfið er svo vaxið, að það er ilt að reikna hann út. Það er t. d. ekki hægt að sýna það með tölu, hvaða hagur hefir verið að því, að eg hefi sagt mönnum hundruðum saman í útlöndum nöfn á íslenzkum kaupmönnum og heldur ekki hvaða hagur hefir orðið að þeim fyrirlestrum, sem eg hefi haldið um Ísland og Íslendinga. Hann er allur óbeinn og getur ekki komið þannig í ljós, að hægt sé að sanna hann með tölum.

Það er ómögulegt að segja, hvaða gagn hefir hlotist af fyrirlestrum þeim, er viðskiftaráðunauturinn hefir haldið og birzt hafa í blöðum og tímaritum um endilangan Noreg, Svíþjóð og Danmörku. Það er Sjálfstæðisflokkurinn sem álítur, að starfið sé nauðsynlegt og til mikils gagns og vill ekki að því verði hætt. Og það að starfið er bundið við mitt nafn, er ekki eftir beiðni minni eða undirróðri frá mér, heldur er það eftir beiðni margra í flokknum.

(**L. H. Bjarnason**: Erindisbréfið?)

Já, erindisbréfið. Því vill flokkurinn halda óbreyttu, til þess að vera viss um að starfinu sé hagað svo sem hann vill. En flokkurinn nefnir mig til, af því að hann treystir því, að eg muni halda svo fram stefnunni sem hann vill vera láta. Mín skoðun er sú, að viðskiftaráðunautsstaðan er afarnauðsynleg, hvort heldur hún er bundin við mitt nafn eða ekki. Ræðu-

maður bar saman laun mín og svonefndra „Handelstipendiater“ í Noregi. Það tvent er ekki saman berandi. Þar sem að þeir er þau „Stipendier“ hafa fara sérstaka ferð til einhvers sérstaks lands, og auk þess fá þeir allan ferðakostnað. Eg veit það, að skýrir menn og þeir er hafa ferðast um útlönd vita, hve dýrt er að ferðast um þar, og geta þessi ummæli þeirra ekki verið til annars ætluð en að reyna að blekkja fólk, bæði þingmenn og aðra úti um land, með því að láta fólk fá þá skoðun að verið sé að ausa í mig fé.

Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefir eftir þeim ítarlegu upplýsingum, er hún hefir fengið, komist að þeirri niðurstöðu, að árstekjur mínar væru 5000 kr. og finst mér sjálfum það vera réttlátt, eða að minsta kosti eigi svo miklu hærra réttu, að mér þætti þess vert að heimta lækkað útsvar mitt. Vil eg vísa hv. ræðum. til hennar, svo að hann geti gengið úr skugga um, að eg fer með rétt mál. Heiðr. ræðum. segir, að eg hafi ekki lýst manni þeim glæsilega, er var fyrir mína hönd í Italíu. Hann las: „Maðurinn þykir fljóthuga og stórhuga, en fremur laus í rás“, og „Enn er þess ógetið, að maður þessi átti áður stóreignir, en er nú illa staddur og á erfiðar fjárreiður.“ En hann las ekki: „að maður þessi hefir áhuga á mörgu og er jafnan nokkuð gott í tillögum hans, og margt á þeim að græða, en fara verður varlega. Svo segir núverandi verzlunarráðgjafi Dana. Hefir Jensen átt tal við hann um flutning á dönsku kvikfé á ítalskan markað. Þótti margt gott í tillögum hans og athugar danska stjórnin með athygli, hvað úr megi verða.“ Sést af þessu, að formaður rannsóknarnefndarinnar kann að fara á snið við sannleikann í rannsókn sinni, er hann les svo villandi prentað mál, sem hann hefir sjálfur lagt fram fyrir þm. til lestrar Hann reiðir sig auðvitað á að menn séu ekki farnir að lesa það ennþá.

Að eg fór að spyrjast fyrir um mann þann, er að nokkru var umboðsmaður minn á Ítalíu, áleit eg ekki nema rétt og varkárt, af hverjum manni sem var samvizkusamur, og hefði ræðum. verið skyldara að lofa mig fyrir.

Ekki er það heldur rétt, að þetta sé mín eigin yfirlýsing, heldur eru þetta svör danskra manna upp á fyrirspurn frá skrifstofustjóra Jóni Krabbe. Hefði átta að virða mér þetta heldur til hróss en til lasts, og sýnir það að minsta kosti að ekki vantar viljann, þótt getuna kunni að vanta.

Eg hefi nú hér með sagt alt það er eg þurfti að segja, en vil bara benda á það viðvíkjandi heimavist minni og þingsetu, að eg álít það, þvert á móti skoðun hv. þm. Ísfirðinga, kost, að viðskiftaráðunauturinn sé alþingismaður. Það er enginn efi á því, að það vekur heldur og að miklum mun traust manna á honum en hitt. Viðvíkjandi því er hæstv. ráðherra sagði, að það lýsi vantrausti til stjórnarinnar að viðskiftaráðunautsstaðan sé bundin við nafn, þá vil eg að eins benda á það aftur, að það er ekki eftir minni uppástungu, heldur flokksins í heild sinni.

Hv. ræðum. sagði líka, að póstflutningsgjaldið kr. 6000,00 ætti ekki að greiða gufuskipafél. „Thore“, þar sem það hefði landssjóðsstyrk, en eg vil bara taka það fram, að þar er að eins átt við þau skip, sem ganga milli landa ákveðnar ferðir, en um annan póstflutning sé eftir sérstöku gjaldi. Þar að auki fer fjöldi skipa ekki eftir fastri áætlun, og álít eg það gróða en ekki tap að geta fengið póst fluttan með þeim skipum öllum fyrir ekki meira gjald.

Efast eg um að það sé rétt, er hv. ræðum. sagði áðan um þm. Isfirðinga og orð hans um mig. Mun hann þar vera sá Ratatöskur, sem bera vill öfundarorð milli mín og hans.

Þá var fjárveitingin til Bjargtangavitans. Eg get ekki séð, að þurfi að fella þá fjár-

veitingu burt, þótt ekki sé upplýst enn um kostnaðinn; því að eftir lýsingu ræðumanns á fjárhagnum ætti það ekki að saka mikið, þótt einhver afgangur yrði af fjárveitingunni.

Sama er að segja um koparsíma til Ísafjarðar, að alt var það rangt, er ræðum. sagði um hann. Því traustari og betri hann er þess tryggara er sambandið fyrir alla þá, er þann síma nota. En fátt getur verið fráleitara en að telja þessa fjárveitingu veitta Barðastrandarsýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu. Hv. 5. kgk. ætti að vita, að þær eru ekki á símaleið frá Borðeyri til Ísafjarðar og njóta því eigi meira góðs af koparsímanum en hvert annað hérað, sem er í sambandi við Ísafjörð. En alt er á sömu bókina lært hjá honum.

Magnús Blöndahl: Eg hafði ekki ætlað mér að taka til máls í þetta sinn, en við umræðurnar, sem orðið hafa um fjárlögin, hafa ýmisleg ummæli komið fram, sem eg finn mér skylt að mótmæla. Sá hv. 4. konungkj. þingm., er fyrstur tók til máls, miklaðist yfir því, hvað tekjuhallinn væri mikill, svo mikill að aldrei hefði hann verið eins. Eg tel víst, að hv. þm. hafi farið svona geyst af stað og fullyrt svona mikið af því, að hann hefir ekki munað langt aftur í tímann, og þá ekki munað, hvernig viðskilnaðurinn við fjárlögin hefir verið stundum áður; og að ástandið eða framtíðarútlitið hefir þó stundum verið ískyggilegra en nú, þótt ekki telji eg það gott eins og er. Allir kannast við tekjuhallann á fjárl. 1907. Þar er ætlast til að á fjárhagstímab. 1908—09 verði tekjuhallinn 525,512 kr. og þess utan á aukafjárlögum kr 160,962. Þetta til samans verða þá hvorki meira né minna 686,475 krónur. Er af þessu hægt að sjá, að þingið hefir séð verri og svartari fjárhagsáætlun en nú í þetta sinn. Sami þingm. tók það réttilega fram, að tekjuhallinn nú sé áætlaður c. 400 þús. krónur og ef samþyktar verða allar breytingartillögur, sem nú liggja fyrir, þá mun hann verða 450 þús. kr. A aukafjárlögum er þess utan 107.000 kr., og verður þetta þá alt saman 557,000 kr. tekjuhalli. Þetta er þá nokkuð meira en tekjuhallinn var á fjárl. 1907, fyrir utan fjáraukalög á sama þingi. Sami þm. vildi mikið gera úr því, að tekjuliðirnir væru of hátt reiknaðir; sérstaklega á aðflutningsgjaldi á áfengi að vera of hátt reiknað og taldist honum til, að sú skekkja mundi nema c. 110 þús. kr. Hvað sem þessari ágizkun hans líður, þá verð eg að segja fyrir mitt leyti, að eg þykist þess fullviss að áætlunin, hvað þennan póst snertir — eins og reyndar flesta tekjupósta aðra — er mjög gætilega sett og mætti fremur teljast of lág en ekki of há. Að sjálfsögðu játa eg það, að þessar staðhæfingar okkar beggja, háttv. 4. kgkj. og mín, verða ávalt meira eða minna ágizkun. Háttv. þingm. stendur þó það ver að vígi, að hann getur alls enga ástæðu fært sínum tölum til stuðnings. Aftur á móti skal eg nú færa rök fyrir mínum fullyrðingum, rök, sem örðugt mun verða að hrekja. Eins og sést af landsreikningunum fyrir síðustu 10 til 12 ár, hafa tekjurnar ætíð farið talsvert fram úr áætlun, og skal eg því til sönnunar geta þess að fjárhagstímabilið 1898—99 fóru tekjurnar fram úr áætlun, svo nam . . kr. 188,433

1900—01	—	—	. . —	284,132
1902—03	—	—	. . —	528,142
1904—05	—	—	. . —	577,403
1906—07	—	—	. . —	959,994
1908—09	—	—	. . —	319,041

Þessu er ekki hægt að mótmæla, því að tölurnar verða ekki hraktar. Það er því engin ástæða til að halda, að tekjurnar séu þeim mun djarfara reiknaðar nú en þá. En þess utan eru nú samþ. á þinginu lög um aukatekjur, erfðafjárskatt og fl., ásamt breyting á tolllögunum og ætti það að auka tekjur landsjóðs um alt að 250 þús. krónur. Eg gat þess áðan, að búast mætti við, að tekjuhallinn nú yrði — ef breytingartillögur þær verða samþ.,

sem hér liggja fyrir — og að meðtöldum aukafjárlögum, c. 557 þús. krónur. Dragi maður nú þar frá tekjuauka þann, er landsjóður fær af hinum nýsamþ. lögum og sem óhætt mun telja að verður 250 þús., þá verður hinn eiginlegi tekjuhalli ekki nema *307 þús. kr.* eða *379,475* krónum lægri en árið 1907.

Háttv. ráðherra fann ástæðu til að taka það fram, að honum litist illa á, hvernig fjárl. væru gerð úr garði. Eg skal játa, að það hefði verið ólíkt skemtilegra að tekjur og gjöld hefðu getað staðist á. En um það dugar ekki að tala, því ekki geri eg ráð fyrir því, að samkomulag náist um að minka til muna útgjöldin. Aftur á móti vænti eg, að sú verði raunin á, nú sem fyrri, að tekjurnar reynist góðum mun hærri en áætlað, og það jafnvel svo mikið að tekjuhallinn verði enginn.

Hæstv. ráðherra gat þess enn fremur, að búast mætti við, að mögru árin kæmu á eftir þeim feitu. Þetta er rétt. Samt sem áður finn eg enga sérstaka ástæðu til að gera svo mjög ráð fyrir hinum mögru árum nú venju fremur. Líka er þess að gæta, að landsmenn standa ólíkt betur að vígi nú í lífsbaráttunni fyrir tilverunni, en nokkru sinni áður og því óþarfi að gera ráð fyrir verri eða meiri grýlum en nauðsynlegt er.

Hvað fjárlögunum að öðru leyti viðvíkur, þá hafði Neðri deild skilið svo við þau eftir 3 umr., er þau fóru til hv. Ed., að þá var tekjuhallinn áætlaður 281,123 kr. Þegar svo háttv. Ed. er búin að hafa þau til meðferðar, er tekjuhallinn kominn upp í 320,417 kr! Hverjum var nú þetta að kenna? Voru það Sjálfstæðismenn sem réðu því? Nei! Það var aðallega konungkjörna liðið með góðri aðstoð ráðherra, sem gaf þar fordæmið.

Við eina umr. í Neðrid. komst svo tekjuhallinn uppí 419,767 krónur og skal eg ekki mæla því neina bót, en ekki var sú hækkun fremur verk sjálfstæðismanna en heimastjórnarflokksins í deildinni, og tel eg óþarft að menn séu að deila mikið um það, því það sanna er, að þar eiga báðir flokkar jafna sök á. Sá útgjaldapóstur, er mest munaði um við þá umræðu, var koparþráðurinn til Vestfjarða, að upphæð 56 þúsund krónur, og með þeirri fjárveitingu greiddu þingm. deildarinnar nokkurnveginn jöfn atkv. af báðum flokkum. Þegar svo fjárl. nú koma í Samþ. eftir eina umr. í Ed., er tekjuhallinn kominn ofan í 399,167 kr. og hefir þá Efrid. lækkað hann um c. 20 þús. kr. Hvernig stendur nú á því, að útgjöldin ekki eru sniðin eftir hinum áætluðu tekjum? Er það af því, að einlægt sé bætt við svo mörgum nýjum útgjaldaliðum, eða er það réttmætt að ásaka svo mjög þetta og síðasta þing fyrir það? — Ef vel er aðgætt, kemur það fljótt í ljós, hver aðalorsökin er, og hún er sú, að á þingunum 1905 og 1907 eru samþ. ýms lög, er leggja landstj. stórum auknar útgjaldabyrðir á herðar, og skal eg benda á máli mínu til stuðnings: Ritsíma, Vegabætur, Vita, Fræðslumál og fl. og fl. Og þessum útgjaldaliðum er þannig varið, að ekki er auðhlaupið að því, að draga þar saman seglin, því alt þetta heimtar stöðugt meiri og meiri fjárframlög með hverju ári. En hins hefir ekki verið gætt sem skyldi, að finna ráð til að auka tekjurnar að sama skapi.

Háttv. 4. kgk. kastaði því fram í ræðu sinni, að sjálfstæðismenn hefðu ekki gert mikið til að bæta úr tekjuhallanum, með því að útvega nýjar tekjur. Þessu verð eg að mótmæla sem alveg röngu. Sjálfstæðismenn í neðri deild báru fram Farmgjaldsfrumvarpið, og það komst slysalaust í gegnum deildina og upp í hv. Ed. Ef frumvarp þetta hefði verið samþ. í Ed. mundi það hafa gefið landsjóði 360 þúsund kr. tekjuauka á næsta fjárhagstímabili. Að vísu hafa komið fram sterkar raddir hér í þinginu móti því frumvarpi, og hæstv. ráðh. og fleiri heimastj.m. talið það í alla

staði ófært. Eg skal nú að vísu játa það, að eg fyrir mitt leyti var ekki alls kostar ánægður með það frumvarp. Samt hefði mátt vel við það una til bráðabirgðar — og sem slíkt var það borið fram — þangað til aðrar heppilegri leiðir væru fundnar til að auka tekjurnar.

Hvað gerir svo Ed. við frumvarpið? Hún fellir það 2 dögum áður en fjárl. voru þar til einnar umr. Með farmgjaldsfrumvarpinu greiddu 21 þjóðkjörnir þingm. atkv. Hvort samanlagt fjármálavit þessara þjóðkjörnu þingmanna er minna virði en fjármálaþekking hinna, sem á móti frumv. voru, skal eg ekki um dæma. Sennilega sker þjóðin úr því á sínum tíma.

Að landsjóði því ekki var séð fyrir frekar auknum tekjum á þessu þingi, er þá að kenna hinni kkjörnu sveit í Ed. ásamt ráðh., er allir lögðust á eitt með það að ráða Farmgj.frumv. af dögum. En þess utan vildi eg spyrja: Hverjir börðust mest fyrir því að koma inn fjárveitingunni til háskólans? — sem eykur útgjöld landsjóðs um tugi þúsunda á hverju fjárhagstímabili, þegar laun prófessoranna eru komin í hámarkið. — Hverjir börðust mest móti því, að eftirlaun ráðh væru lækkuð? Var það sjálfstæðisflokkurinn í þinginu? Nei! og aftur nei! Það var heimastjórnarflokkurinn ásamt þeim kkj. og ráðh. Það mætti benda á ýmislegt fleira í þessu sambandi, ýmsar lánsheimildirnar, kostnaðinn við rannsóknarnefndirnar, og þá sérstaklega Ed., ekki kjarnmeiri plögg en hún hefir hér látið á þrykk út ganga. Það verður því ekki skoðað öðruvísi en annað marklaust hjal, þegar heimastj.m. eru að reyna að koma af sér tekjuhallanum. En því þá ekki að kannast hreinskilnislega við þær fjárveitingar, sem hvor flokkurinn fyrir sig hefir barist fyrir.

Stgr. Jónsson: Að eins stutt athugasemd. Það er rangt hjá háttv. þm., sem síðast settist niður, að telja tekjuhallann á fjárlögunum fyrir 1908—09 kr. 525 þús. Hið heimilaða lán, sem taka átti til símalagninga, á ekki að telja með, svo tekjuhallinn er ekki nema 25 þús. kr. og auk þess á fjáraukalögum c. 160 þús. kr. En gefi eg honum eftir að telja eins og hann vill, svo tekjuhallinn sé þá talinn samtals 585 þús. kr. verður að fylgja sömu reglu nú. En þá verður niðurstaðan þessi:

Tekjuhalli nú eftir fjárlögum og fjáraukalögum og með því að draga frá tekjunum 110 þús. kr. fyrir yfirreiknuðum áfengistolli um . . . . 666 þús. kr.
Til hafnarinnar í Reykjavík (lán) . . . . . 400 — —
Til þess að kaupa talsímakerfi Reykjavíkur (lán) . . 74 — —
Þannig samtals kr. 1150 —

Eg þakka forseta þá kurteisi að leyfa mér að gera þessa athugasemd.

Magnús Blöndahl: Eg vil að eins gera þá athugasemd, að tölur þær sem hv. 4. kkj. kastaði nú fram, og flest það sem hann bygði þær á, eru sumpart algerlega rangar og sumpart koma ekkert við því máli, er við vorum að deila um.

ATKVGR.:

Br.till. á þingskjali 969 feld með 19:20 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ari Jónsson,	Jón Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,	Sig. Stefánsson,
Bjarni Jónsson,	Augúst Flygenring,
Björn Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Eiríkur Briem,
Björn Þorláksson,	Hannes Hafstein,
Gunnar Ólafsson,	Hannes Þorsteinsson,
Hálfdán Guðjónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Jens Pálsson,	Jón Jónss. 1.þm.S.-M.
Jón Jónss. 1.þm.N.-M.	Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson,	Jón Sigurðsson,
Jósef Björnsson,	Júlíus Havsteen,
Kristinn Daníelsson,	Kristján Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Lárus H. Bjarnason,
Ólafur Briem,	Pétur Jónsson,

Sigurður Gunnarss., Sigurður Sigurðsson,
Sig. Hjörleifsson, St. Stefánss. 6. kgk.
Þorleifur Jónsson. St. Stefánss. 2.þm.Eyf.
Steingrímur Jónsson.

Breytingartillaga á þingskjali 960 var samþykt með 21:16 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Sigurður Stefánsson,	Jón Ólafsson,
Ari Jónsson,	Augúst Flygenring,
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Eiríkur Briem,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Einar Jónsson,	Jón Jónsson þm.S.-M.,
Gunnar Ólafsson,	Jón Magnússon,
Hannes Þorsteinsson,	Júlíus Havsteen,
Hálfdán Guðjónsson,	Kristján Jónsson,
Jens Pálsson,	Lárus H. Bjarnason,
Jón Jónss.1.þm.N.-M.	Pétur Jónsson,
Jón Sigurðsson,	Stefán Stefánss. 6.kkj.
Jón Þorkelsson,	Stefán Stefánsson Eyf.
Kristinn Daníelsson,	Steingr. Jónsson.
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Hjörleifsson.	
Þorleifur Jónsson.	

Atkvæði greiddu ekki Jósef Björnsson og Sigurður Sigurðsson, sem töldust með meiri hlutanum.

Br.till. á þgskj. 968 var sþ. með 22:15 atkv.

Br.till. á þgskj. 970 var feld með 21:18 atkv.

Br.till. á þgskj. 963 var sþ. með 21:18 atkv. og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ari Jónsson,	Jón Ólafsson,
Augúst Flygenring,	Sigurður Stefánsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Eiríkur Briem,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Hannes Þorsteinsson,
Einar Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Gunnar Ólafsson,	Jón Jónss. 1.þm.S.-M.,
Hálfdán Guðjónsson,	Jón Magnússon,
Jens Pálsson,	Jón Sigurðsson,
Jón Jónss.1.þm.N.-M.	Júlíus Havsteen,
Jón Þorkelsson,	Kristján Jónsson,
Jósef Björnsson,	Lárus H. Bjarnason,
Kristinn Daníelsson,	Pétur Jónsson,
Magnús Blöndahl,	St. Stefánss. 6. kgk.,
Ólafur Briem,	St. St. 1. þm. Eyf.,
Sig. Gunnarsson,	Steingr. Jónsson.
Sig. Hjörleifsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Br.till. á þgskj. 972 var feld með 19:19 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ari Jónsson,	Jón Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,	Sigurður Stefánsson,
Bjarni Jónsson,	Augúst Flygenring,
Björn Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Eiríkur Briem,
Björn Þorláksson,	Hannes Hafstein,
Gunnar Ólafsson,	Hannes Þorsteinsson,
Hálfdán Guðjónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Jens Pálsson,	Jón Jónss. 1. þm. S-M.,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson,	Jón Sigurðsson,
Jósef Björnsson,	Júlíus Havsteen,
Kristinn Daníelsson,	Kristján Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Lárus H. Bjarnason,
Ólafur Briem,	Pétur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	St. Stefánss. 6. kgk.
Sig. Hjörleifsson,	St. Stefánss. 1.þm.Eyf.
Þorleifur Jónsson.	Steingr. Jónsson.

Atkvæði greiddi ekki Sigurður Sigurðsson, og taldist með meiri hlutanum.

Br.till. á þgskj. 959 var sþ. með 20:19 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Sig. Stefánsson,	Jón Ólafsson,
Ari Jónsson,	Augúst Flygenring,
Benedikt Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Jónsson,	Eiríkur Briem,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Hannes Þorsteinsson,

Björn Þorláksson, Jóh. Jóhannesson,
Gunnar Ólafsson, Jón Jónss. 1. þm.S.-M.,
Hálfdán Guðjónsson, Jón Magnússon,
Jens Pálsson, Jón Sigurðsson,
Jón Jónss.1.þm.N.-M. Júlíus Havsteen,
Jón Þorkelsson, Kristján Jónsson,
Jósef Björnsson, Lárus H. Bjarnason,
Kristinn Daníelsson, Pétur Jónsson,
Magnús Blöndahl, Sigurður Sigurðsson,
Ólafur Briem, St. Stefánss. 6. kgk.
Sig. Gunnarsson, St. Stefánss. þm. Eyf.
Sig. Hjörleifsson, Steingr. Jónsson.
Þorleifur Jónsson.

Br.tillaga á þgskj. 961 var tekin aftur.

Br.tillaga á þgskj.973 var sþ. með 20:19 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Ari Jónsson,
Sigurður Stefánsson,	Benedikt Sveinsson,
Augúst Flygenring,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Eiríkur Briem,	Björn Sigfússon,
Hannes Hafstein,	Björn Þorláksson,
Hannes Þorsteinsson,	Gunnar Ólafsson,
Jóh. Jóhannesson,	Hálfdán Guðjónsson,
Jón Jónss. 1.þm.S.-M.	Jens Pálsson,
Jón Magnússon,	Jón Jónss. 1. þmN.-M.
Jón Sigurðsson,	Jón Þorkelsson,
Júlíus Havsteen,	Jósef Björnsson,
Kristján Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Lárus H. Bjarnason,	Magnús Blöndahl,
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
Sigurður Sigurðsson,	Sigurður Gunnarsson,
St. Stefánss. 6. kgk.	Sigurður Hjörleifsson,
St. Stefánss. þm. Eyf.	Þorleifur Jónsson.
Steingr. Jónsson.	

Br.tillaga á þgskj. 967 með áorðnum breytingum var feld með 19:19 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ari Jónsson,	Jón Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,	Sig. Stefánsson,
Bjarni Jónsson,	Augúst Flygenring,
Björn Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Eiríkur Briem,
Björn Þorláksson,	Hannes Hafstein,
Gunnar Olafsson,	Hannes Þorsteinsson,
Hálfdán Guðjónsson,	Jón Jónss. 1.þm.S.-M.,
Jens Pálsson,	Jón Magnússon,
Jón Jónss.1.þm-N.-M.	Jón Sigurðsson.
Jón Þorkelsson,	Júlíus Havsteen,
Jósef Björnsson,	Kristján Jónsson,
Kristinn Daníelsson,	Lárus H. Bjarnason,
Magnús Blöndahl,	Pétur Jónsson,
Ólafur Briem,	Sigurður Sigurðsson,
Sig. Gunnarsson,	St. Stefánss. 6. kgk.,
Sig. Hjörleifsson,	St. Stefánss. 2.þm.Eyf.
Þorleifur Jónsson,	Steingr. Jónsson.

Atkvæði greiddi ekki Jóh. Jóhannesson.

Br.tillaga á þgskj. 971 feld með 25:11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Sigurður Stefánsson,
Björn Þorláksson,	Ari Jónsson,
Eggert Pálsson,	Benedikt Sveinsson,
Eiríkur Briem,	Bjarni Jónsson,
Hannes Þorsteinsson,	Björn Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónss.1.þm.N.-M.	Björn Sigfússon,
Jón Jónss.1.þm.S.-M.	Gunnar Ólafsson,
Jón Sigurðsson,	Hannes Hafstein,
Kristján Jónsson,	Hálfdán Guðjónsson,
Pétur Jónsson.	Jens Pálsson,
	Jón Magnússon,
	Jón Þorkelsson,
	Jósef Björnsson,
	Júlíus Havsteen,
	Kristinn Daníelsson,
	Lárus H. Bjarnason,
	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Hjörleifsson,
	St. Stefánss. 6. kgk.
	St. Stefánss. 2.þm.Eyf.
	Steingr. Jónsson,
	Þorleifur Jónsson,

Ekki greiddu atkvæði Augúst Flygenring, Einar Jónsson, Sigurður Sigurðsson, og töldust með meiri hlutanum.

Varatillagan á þgsk. 971 var feld með 23:15 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Sigurður Stefánsson,
Björn Jónsson,	Ari Jónsson,
Björn Þorláksson,	Augúst Flygenring,
Eggert Pálsson,	Benedikt Sveinsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinsson,	Björn Sigfússon,
Jóh. Jóhannesson,	Eiríkur Briem,
Jón Jónss.1.þm.N.-M.	Gunnar Ólafsson,
Jón Jónss.1.þm.S.-M.,	Hannes Hafstein,
Jón Sigurðsson,	Hálfdán Guðjónsson,
Kristján Jónsson,	Jens Pálsson,
Lárus H. Bjarnason,	Jón Magnússon,
Magnús Blöndahl,	Jón Þorkelsson,
Pétur Jónsson,	Jósef Björnsson,
Sig. Sigurðsson.	Júlíus Havsteen,
	Kristinn Daníelsson,
	Ólafur Briem,
	Sigurður Gunnarsson,
	Sigurður Hjörleifsson,
	St. Stefánss. 6. kgk.
	St. Stefánss. 2.þm.Eyf.
	Steingr. Jónsson,
	Þorleifur Jónsson,

Atkvæði greiddi ekki Bjarni Jónsson og telst með meiri hlutanum.

Br.tillaga á þgskj. 962 var sþ. með 20:19 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Sigurður Stefánsson,	Jón Ólafsson,
Ari Jónsson,	Augúst Flygenring,
Benedikt Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Jónsson,	Eiríkur Briem,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Hannes Þorsteinsson,
Björn Þorláksson,	Jóh. Jóhannesson,
Gunnar Ólafsson,	Jón Jónss. 1.þm.S.-M.,
Hálfdán Guðjónsson,	Jón Magnússon,
Jens Pálsson,	Jón Sigurðsson,
Jón Jónss.1.þm.N.-M.	Júlíus Havsteen,
Jón Þorkelsson,	Kristján Jónsson,
Jósef Björnsson,	Lárus H. Bjarnason,
Kristinn Daníelsson,	Pétur Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Sigurður Sigurðsson,
Ólafur Briem,	St. Stefánss. 6. kgk.
Sig. Gunnarsson,	St. Stefánss. 2.þm.Eyf.
Sig. Hjörleifsson,	Steingr. Jónsson.
Þorleifur Jónsson.	

Br.tillaga á þgskj. 958 var feld með 22:17 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Sigurður Stefánsson,	Jón Ólafsson,
Ari Jónsson,	Augúst Flygenring,
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Eiríkur Briem,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Gunnar Ólafsson,	Hannes Þorsteinsson,
Hálfdán Guðjónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Jens Pálsson,	Jón Jónss. 1.þm.N.-M.
Jón Þorkelsson,	Jón Jónss. 1. þm.S.-M.
Jósef Björnsson.	Jón Magnússon,
Kristinn Daníelsson,	Jón Sigurðsson,
Magnús Blöndahl,	Júlíus Havsteen,
Sig. Gunnarsson,	Kristján Jónsson,
Sig. Hjörleifsson,	Lárus H. Bjarnason,
Þorleifur Jónsson.	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sigurður Sigurðsson,
	St. Stefánss. 6. kgk.
	St. Stefánss. 2.þm.Eyf.
	Steingr. Jónsson.

Frv. sþ. í e. hlj., og lýsti forseti yfir því, að það yrði afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1908—09.

Fyrsta umræða í efri deild 29. apríl.

Lárus H. Bjarnason: Það mun hafa komið til mála í deildinni, að vísa þessu máli til fjárlaganefndarinnar. En með því að þetta er fjáraukalög fyrir liðið fjár-

hagstímabil, ætti það betur við og er venju samkvæmt, að vísa því til landsreikninganefndarinnar.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Vísað til landsreikninganefndar í e. hlj.

Önnur umræða í efri deild 4. maí.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Eg vil geta þess, að við prentunina hefir fallið burt úr 3. línu í nefndarálitinu, á eftir ártalinu 1909 setningin, „sem lagt var fyrir þingið“. Nefndin hefir lagt til að frumvarp þetta verði samþ. óbreytt, en þó getur meiri hluti nefndarinnar ekki leitt það hjá sér að benda á, að það er alls ekki gallalaust. Auk annarra fjárhæða, sem greiddar hafa verið fram yfir fjárveitingar, þá er öll 8. gr. umfram heimild, og 2. liður hennar, er auk þess töluvert stór upphæð. Það er kostnaður við vatnsæðalagning að Kleppi. Meiri hluti nefndarinnar kannast við, að fyrirtækið sé gott og gagnlegt, en fanst þó, að það hefði mátt bíða þangað til heimild var fengin fyrir fé til þess. — Það getur ekki með nokkru móti talist rétt af stjórninni, að ráðast í slíkt, þegar ekki hefir verið veitt fé til þess á fjárlögunum, og það er ekki beinlínis nauðsynlegt svo fljótt. Um hina fjárveitinguna — ferðakostnað Jóns Bergsveinssonar — er nokkuð öðru máli að gegna. Nefndin áleit ekki að eins, að engin nauðsyn hafi verið á að veita þetta fé, heldur hefir formaður nefndarinnar auk þess átt kost á að sjá reikninga þessa manns, og hefir hann upplýst nefndina um að þeir séu svo ófullkomnir, að læpast hafi verið ástæða til að borga út eftir þeim. Þeir eru fylgiskjalalausir, og öll sundurliðun afarófullkomin í þeim. T. d. er þar póstur eins og: „Fæði, húsnæði o. fl. í New York“, án þess að hægt sé að sjá hvað þetta *fleira* er. — Við vildum benda á þetta, þótt við hins vegar ráðum háttvirtri deild til að samþykkja frv.

Kristinn Daníelsson: Þó eg hafi skrifað undir n.ál. með fyrirvara, þá er eg þó ekki meðnefndarmönnum mínum ósamdóma í neinum verulegum atriðum, en eg sé ekki ástæðu til að gera neinar athugasemdir við þessar 2 fjárveitingar, því mér virðist þær báðar vera sjálfsagðar. Það var nauðsynlegt að leggja vatnsæð heim að Kleppi, og hefði fjárveiting til þess vafalaust verið samþykt á þingi, ef þess hefði verið freistað. En sérstaklega er eg þó hv. meðnefndarmönnum mínum ósamdóma um hina fjárveitinguna, því að eg verð að álíta, að það sé fullkomlega upplýst, að það hafi verið gagnlegt og nauðsynlegt að styrkja Jón Bergsveinsson til þessarar ferðar. Um reikninginn get eg ekki dæmt, því eg hefi ekki séð hann. Það má vel vera, að hann þurfi endurskoðunar við, enda er gott og sjálfsagt að allir reikningar séu endurskoðaðir. En eg gat ekki tekið undir þau orð í nefndarálitinu, að þessi fjárbrúkun væri vítaverð. Þetta átti eg við með fyrirvara mínum; annar ágreiningur var ekki milli mín og meðnefndarmanna minna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA:

1. gr. sþ. með 12 samhlj. atkv.
2. „ „ í e. hlj.
3. „ „ „ „ „
4. „ „ „ „ „
5. „ „ „ „ „
6. „ „ „ „ „
7. „ „ „ „ „
8. „ „ „ „ „

Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umræða í efri deild 6. maí.

Framsögum. (Eiríkur Briem): Þetta er 3. umræða um málið. Við aðra umræðu var frumvarpið samþykt án breytingar og nú hefir engin breytingartill. komið fram; hefi eg því ekkert að athuga við það nema að óska að það verði samþykt.

Samþykt í einu hljóði og afgreiðist til ráðherra sem lög frá alþingi.

Athugasemdir yfirskoðunarmanna.

TILLÖGUR út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1908—1909 (730).

Fyrri umræða í efri deild 27. apr.

Lárus H. Bjarnason: Með því að tillögurnar eru að þessu sinni óvenju efnisríkar og að sumu leyti athugaverðar, vildi eg mælast til að sett verði í málið þriggja manna nefnd að umræðunni lokinni.

ATKVGR.: Þriggja manna nefnd samþ. í e. hlj. og í hana kosnir:

Lárus H. Bjarnason,
Kristinn Daníelsson,
Eiríkur Briem.

Síðari umræða í efri deild 4. maí (730, n. 847).

Framsm. (Eir. Briem): Eins og nefndarálitið ber með sér, þá er nefndin samþykk öllum tillögunum. Þó er ein till., sem hún vill að feld sé í burtu, þó hún geti fallist á efni hennar; það er 7 till. Okkur virðist þessi till. eigi ekki heima í athugasemdum við landsreikningana; hún snertir þá ekki neitt. En nefndin hefir samt sem áður ekkert að athuga við till. í sjálfu sér. Þá vildi eg minnast nokkrum orðum á 3. till. Nefndin hefir ekkert á móti því að hún sé samþykt, en það sést í landsreikningnum, að það, sem hefir gefið tilefnið til þessarar till., er það að yfirskoðunarmenn landsreikninganna höfðu gert þær athugasemdir viðvíkjandi reikningum lagaskólans og gagnfræðaskólans á Akureyri, að þeir voru í vafa um, að hve miklu leyti þeir hefðu farið fram yfir áætlun. Í svari sínu við athugasemdunum sagði fyrv. ráðherra að lagaskólareikningurinn væri að sumu leyti „ekki greinilegur“ og reikningur gagnfræðaskólans „ekki vel aðgengilegur“. Af þessum ástæðum komu yfirskoðunarmennirnir með þessa tillögu. Nefndin vill láta þess getið um reikning lagaskólans, að hún hefir fengið að sjá skilyrðislausa kvittun stjórnarráðsins fyrir honum og hafði það ekkert við hann að athuga.

Um síðari reikninginn er það að segja, að reikningshaldarinn er hér sjálfur í deildinni og hefir skýrt frá því, að hann viti ekki, við hvað sé átt með þessum orðum. Nefndin vildi láta þessa getið, en samt sem áður er hún tillögunni samþykk, því að þó að ástæður fyrir þessari till. séu eigi á rökum bygðar í þetta sinn, þá getur verið full ástæða til að vera strangur í slíkum efnum, þegar öðruvísi stendur á. Nefndin ræður því hv. deild til að samþykkja allar tillögurnar nema þá 7.

Ráðherra (Kr. J).: Gegn einni af þessum tillögum hreyfði eg mótmælum í Nd.; það er 4. tillagan. Hún er að réttu lagi í tveim liðum. Í fyrri hluta hennar er skorað á stjórnina að taka upp í frv. til fjáraukalaga allar umframgreiðslur í landsreikningunum á fastákveðnum fjárveitingum. Þessi partur er algerlega óþarfur vegna þess að þetta er alt af gert. Svo er síðari hlutinn um umframgreiðslur á áætluðum upphæðum lögmæltra útgjalda. Það hefir ávalt farið eftir áliti stjórnarinnar, hvenær nauðsynlegt hefir verið að taka á aukafjárlög umframgreiðslur á lögmæltum fjárveitingum og áætluðum upphæðum. Þegar gjaldið er lögfyrirskipað og upphæðin er áætluð, þá felst einmitt í því það, að stjórnin á ekki að þurfa að heimta heimild á fjáraukalögum til að fara fram úr upphæðinni. Stjórnin á að geta dæmt um það, hvort umframgreiðslulán hafi verið nauðsynleg. Eg verð því að álíta þenna lið að sumu leyti óþarfan, og að sumu leyti raugan, og vil leggja til að hann sé feldur burt. Landstjórnin mun hlýðnast því fyrirmæli, að taka upp á fjáraukalög allar þær umframgreiðslur, sem ekki er bein eða óbein heimild fyrir í fjárlögunum. En hitt verð eg að álíta óþarft að skylda stjórnina til að taka upp á fjáraukalög hverja einustu umframgreiðslu á

áætluðum en sjálfsögðum gjaldaupphæðum, hversu lítil sem er.

Sigurður Hjörleifsson: Eg er sammála háttv. framsögumanni um að 7. gr. komi einkennilega fyrir. Hinsvegar er því svo varið, að hér er um nauðsynjamál að ræða og vildi eg þess vegna mæla með því að hún fái að standa. Eg viðurkenni það, að liðurinn ætti ekki hér að vera, en það gerir ekkert til þótt formið sé ekki sem allra bezt; menn eiga að láta það ráða meiru, að hér er um þjóðnytjamál að ræða.

Framsögumaður: Það var hæstv. ráðherra, sem gerði athugasemd við 4. lið tillögunnar, og það var rétt, sem hann sagði, að það er munur á því, hvort umframgreiðslur hafa átt sér stað við fastákveðnar fjárveitingar, eða áætlaðar upphæðir lögmæltra gjalda. Það hefir alt af verið venja að tilfæra ekki þær upphæðir, sem gera má ráð fyrir að settar hefðu verið í lögin, ef vissa hefði verið um, hve miklar þær mundu verða. En reynslan sýnir, að það geti verið meiningamunur um það, hvað séu fastákveðnar fjárveitingar og hvað ekki. Sá meiningamunur hefir orðið svo mikill á fjáraukalögunum 1908—09, að nefndin í neðri deild tekur það fram, að fyrir utan þær upphæðir, sem standa þar í 8. gr. frv., séu 27 liðir, sem stjórnin hafi ekki tekið upp, en sem yfirskoðunarmennirnir telja að þurfi aukafjárveitingu fyrir. Þar sem nú að þarna voru um 30 liðir, sem ekki hafa verið teknir upp, þá hefir það verið samþykt í neðri deild til að koma í veg fyrir ágreining framvegis, að taka skuli upp allar umframgreiðslur, hvort heldur þær eru við áætluð gjöld eða fastákveðin. Nefndin tók það til skoðunar, að hér væri verið að breyta frá reglu, sem fylgt hefði verið frá því 1875 að fjárlög voru fyrst samþykt, en áleit að með þessari nýju aðferð yrði komið í veg fyrir óþarfa ágreining, þar sem meiningamunur gæti orðið svo mikill.

Viðvíkjandi því sem háttv. þingm. Akureyrar sagði um 7. liðinn, þá er eg honum alveg samdóma. Sú tillaga er góð og gagnleg. En nefndinni þótti ekki ástæða til að taka hana þarna upp af því, að með því væru eins og opnaðar dyr til að koma að alls konar ályktunum, sem ekkert koma landsreikningnum við.

Ráðherra (Kr. J): Þetta hefir ekki sannfært mig um að rétt sé að fara svona langt. Þegar það er ljóst, að upphæðin er áætluð upphæð, þá er það vafalaust, að stjórninni er veitt heimild til að fara fram yfir hina „áætluðu“ upphæð til að koma verkinu í framkvæmd. Þegar um litlar upphæðir er að ræða, 5, 10 eða 15 kr., þá er engin ástæða til að taka þær upp í fjáraukalög; með því móti yrðu þau stór bálkur. En held, að það eigi að vera komið undir „conduite“ stjórnarinnar hvort hún álítur umframgreiðsluna svo mikla, að það þurfi að koma til þingsins kasta, að samþykkja hana á aukafjárlögum. Eg get ekki séð, að þó að einhver misbrestur hafi orðið á þessu síðustu 2 árin, að svo þurfi að vera næstu 2—3 árin. Eg kannast við, að það hafi verið slept of mörgum útgjöldum, sem hefði átt að taka upp í fjáraukalögin, þótt hinsvegar sé vafasamt um sum atriðin. Eg sé ekki að þingið bæti sig neitt á því að fara að samþykkja þetta. En svo er enn, að það á samkv. liðnum ekki að taka aðrar umframgreiðslur upp en þær, „er nokkru nemi“. En hver á að dæma um það, hverjar upphæðir nemi nokkru? Það verður auðvitað stjórnin. Eg held því að betra væri að fella alveg burtu þennan 4. lið, hann má missast.

Kristinn Daníelsson: Eg vildi að eins vekja athygli manna á því, að eg hygg, að það sé árangurslaust að vera að tala um 4. lið tillögunnar, vegna þess, að hann getur ekki orðið borinn undir atkvæði sérstaklega við þessa umræðu, sem er síðasta umræða þessa máls. Eftir 29. gr.

þingsk. eiga sömu reglur við hana og við 3. umr. frumvarpa, að ekki er hægt að bera upp nema brtill. Það þyrfti því, ef menn vilja fella 4. lið, annaðhvort að taka málið út af dagskrá, til þess að hægt sé að koma með brtill. um að fella 4. lið niður, eða fella málið alveg. Þetta finst mér þó ekki tilvinnandi, heldur þykir mér rétt að lofa 4. lið að standa. Mér finst stjórnin ekki þurfa að búast við, að eiga von á vítum fyrir umframgreiðslur, þó að þeirri aðalreglu sé fylgt, að taka upp í fjáraukalögin allar slíkar upphæðir.

Ráðherra (Kr. J.): Þessar tillögur hafa ætíð verið bornar upp hér í deildinni lið fyrir lið. Svo var og í háttv. neðri deild um daginn. Eg hreyfði þar mótmælum gegn þessum sama lið, og var hann samþyktur með ekki miklum atkvæðamun.

Lárus H. Bjarnason: Það hefði átt að bera upp hvern lið sérstaklega við fyrri umræðu. Eg er samdóma háttv. þm. V.-Ísf. um að enginn vafi sé á því að br.till. þurfi til að fella niður einstaka liði.

Forseti leitaði samþykkis deildarmanna, með leyfi ráðherra, um þau afbrigði frá þingsköpunum, að bera hvern lið undir atkvæði sérstaklega. Það samþ. með 11 samhl. atkvæðum.

ATKVGR.:

1. liður sþ. með 11 shl. atkv.
2. „ „ „ 11 „ „
3. „ „ „ 10 „ „
4. „ feldur „ 7:6 „
5. „ sþ. „ 11 „ „
6. „ „ „ 10 „ „

Br.till. við 7. lið sþ. með 7:5 atkv.

7. liður þar með fallinn.
8. liður sþ. með 9 shl. atkv.
9. „ „ „ 10 „ „
10. „ „ „ 11 „ „

Fyrirsögn samþykt án atkvæðagreiðslu. Tillögurnar í heild sinni samþyktar í e. hl. og afgreiddar til sameinaðs þings.

Umræða í sameinuðu þingi 6. maí.

Tillögurnar samþyktar umræðulaust með 35 samhlj. atkv.

Landsreikningurinn 1908—09.

FRUMVARP til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1908—09 (759).

Fyrsta umræða í efri deild 29. apríl.

Lárus H. Bjarnason: Eg held, að deildin hafi komið sér saman um að vísa þessu máli til þriggja manna nefndar, sem kosin var hér nýlega útaf tillögum endurskoðunarmanna landsreikninganna.

1. umr. lokið.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hl.

Samþ. í e. hl. að vísa málinu til nefndar sem kosin var út af till. endurskoðunarmanna.

Önnur umræða í efri deild 4. maí. (759, n. 848).

Framsm. (Eir. Briem): Eins og nefndarálitið ber með sér hefir nefndin ekkert haft að athuga við þetta frumvarp, nema það, að 600 kr. upphæð hafa lent á skökkum stað í reikningnum. Til námsstyrks á prestaskólanum höfðu verið veittar 1200 kr., en af þessari upphæð voru ekki útborgaðar nema 600 kr. Í landsreikningnum var öll þessi upphæð ranglega talin með í gjöldum til prestaskólans, og færði Nd. því þennan lið niður um 600 kr.

En þessi niðurfærsla var látin koma fram á skökkum lið, nefnilega á 6. A., en átti að koma fram á lið 6. B.

Nefndin hefir því komið með breytingartillögu um að lagfæra þetta. —

ATKVGR.:

Fyrri hluti frv. (Tekjur) sþ. í e. hlj.

Br.till. við síðari hluta frv. (Gjöld) 6. A. sþ. í e. hl.

Br.till. við síðari hl. frv. (Gjöld) 6. B. álitin sþ. án atkv.gr.

Síðari hluti frv. (Gjöld) sþ. í e. hlj.
Niðurlag frv. sþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frv. sþ. án atkv.gr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj. —

Þriðja umræða í efri deild 5. maí.

Enginn tók til máls, frv. borið undir atkv. og sþ. í einu hljóði og afgreitt til Neðri deildar vegna breytingar, sem á því varð hér í deildinni,

Rannsókn bankamálsins m. m.

TILLAGA til þingsályktunar um skipun nefndar samkv. 22. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka gerðir landstjórnarinnar í landsbankamálinu m. m. (35, 42),

Ein umræða í efri deild 22. febr.

Lárus H. Bjarnason: Seinna koma sumir dagar og koma þó, varð mér að orði þegar eg fyrir 14 mánuðum heyrði að allri stjórn Landsbankans, ekki að eins framkvæmdarstjóra, heldur jafnvel hinum þingkosnu gæzlustjórum, væri vikið frá fyrirvaralaust. Þrátt fyrir viðleitni hæstv. ráðherra til þess að komast hjá að svara til saka fyrir þessar aðgerðir sínar með því að neita áskorun frá meiri hluta beggja þingdeilda um að kalla saman aukaþing, þrátt fyrir viðleitni hans til þess að tefja fyrir málinu, með því að reyna að fá þinginu frestað, og þrátt fyrir enn frekari viðleitni hans til að losna við núverandi konungkjörna þingmenn á annan hátt, þá er nú loks svo komið, að þetta mál, aðalmálið á þingsályktunartillögunni, sem hér er til umræðu, er komið fyrir rétt sóknarþing, fyrir alþingi Íslendinga.

Þó að þingsályktunartillagan taki til fleiri mála, þá er aðalefni hennar þó bankafarganið svokallaða eða bankahneykslið. Og þó að eg sé einn flutningsmaður tillögunnar, þá vænti eg þess, að meiri hluti hinnar háttv. deildar standi að baki hennar. Nú er málið löglega borið upp fyrir alþingi og mun mér því leyfast að lesa kærubréf annars hinna frávikna gæzlustjóra, háttv. þingmanni Borgfirðinga, upp fyrir deildinni. Bréfið barst deildinni fyrir nokkrum dögum, en þá var neitað um að lesa það upp, líklega fyrir misskilning, og vænti eg nú að hæstv. forseti hafi ekki á móti að bréfið verði lesið. Það hljóðar svo:

„Það er hinni háttvirtu efri deild alþingis kunnugt, að eg hefi um allmörg undanfarin ár verið gæzlustjóri við Landsbankann samkvæmt kosningu deildarinnar. Fyrst var eg kosinn gæzlustjóri af hinni háttvirtu deild á alþingi 1897 fyrir tímabilið $^{1}/_{7}$ 1898—$^{30}/_{6}$ 1902, í annað sinn á alþingi 1901 fyrir tímabilið $^{1}/_{7}$ 1902—$^{30}/_{6}$ 1906, í þriðja sinni á alþingi 1905 fyrir tímabilið $^{1}/_{7}$ 1906—$^{30}/_{6}$ 1910 og í fjórða sinn á alþingi 1909 fyrir tímabilið frá $^{1}/_{7}$ 1910—$^{30}/_{6}$ 1914. Í þetta síðasta sinn var eg kosinn með öllum (13) atkvæðum efri deildarinnar, og kosningin fór fram eftir að alþingi hafði samþykt lögin nr. 12, 9. júlí 1909 um breytingu á bankastjórnarfyrirkomulaginu, en eftir þessum lögum eru gæzlustjórarnir óafsetjanlegir, og fella þau úr gildi heimild þá, sem í þá átt var í hinum eldri bankalögum frá 18. sept. 1885.

Það er nú enn fremur hinni háttvirtu deild kunnugt, að ráðherra vék mér úr gæzlustjórastöðunni og rak mig frá Landsbankanum 22. nóv. 1909 og gaf mér að sök óreglu í stjórn minni á Landsbankanum og skort á eftirliti með honum, en engar ákveðnar sakir voru mér gefnar, og eigi var mér gefinn kostur á að svara fyrir mig eða bera hönd fyrir höfuð mér, enda var mér eigi gefið neitt tækifæri til þess að fá að vita, í hverju vanstjórnin og eftirlitsleysið af minni hálfu væri fólgið. Þegar af þessari ástæðu braut frávikningin bág við allar landsstjórnarreglur, er frá

alda öðli hafa verið taldar sjálfsagðar hér á landi, sem sé aðallega þá reglu, að dæma engan að óheyrðu máli. En auk þess var frávikningin ólögleg að því leyti, að hún var frávikning fyrir fult og alt, en eigi um stundarsakir, sjá bankalögin 18. sept. 1885, 20. gr.

Nú er bankalögin nr. 12, 9. júlí 1909 gengu í gildi í ársbyrjun 1910, ætlaði eg að taka sæti í stjórn Landsbankans samkvæmt þeim og til þess þar að hafa það eftirlit með bankanum, er efri deild alþingis hafði falið mér með kosningunni, sem áður er umgetið. Studdi eg mál mitt við hið beina og ótvíræða ákvæði í 1. gr. nýnefndra laga, þar sem segir: „Í stjórn Landsbankans eru.. tveir gæzlustjórar, er kosnir séu sinn af hvorri deild alþingis til 4 ára í senn eftir þeim reglum, er hingað til hafa gilt". En Landsbankastjórarnir neituðu þá að leyfa mér að taka nokkurn þátt í stjórn bankans og að hafa nokkur afskifti af málefnum hans, og báru fyrir sig úrskurð og skipun ráðherra, og síðan hefir mér stöðuglega verið meinuð öll þátttaka í stjórn bankans. Hins vegar hefir ráðherra sjálfur skipað tvo gæzlustjóra við bankann, en til þess hefir hann að lögum ekkert vald.

Til þess nú að halda uppi rétti alþingis (efri deildar) lét eg fógeta setja mig inn í Landsbankann 4. jan. f. á. Fógetaréttarúrskurðurinn veitti mér aðgang að húsum, bókum og skjölum bankans. Úrskurði þessum áfrýjaði landsstjórn og bankastjórn til yfirdómsins, en þar vár hann staðfestur með dómi 25. apríl f. á. Til þess að fá enn ítarlegri úrskurð dómstólanna um *rétt alþingis og rétt minn* höfðaði eg mál fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn Landsbankanum til greiðslu gæzlustjórakaupsins fyrir janúarmánuð f. á., og var mér dæmt kaupið með dómi bæjarþingsins 7. apríl f. á., og þessi dómur, er Landsbankastjórarnir áfrýjuðu til yfirdóms, var staðfestur þar með dómi 11. júlí f. á. Allir þessir dómsúrskurðir segja beint og ákveðið, *að eg sé löglegur gæzlustjóri efri deildar alþingis við Landsbankann*, þrátt fyrir frávikningu ráðherra.

Er eg nú hefi tjáð háttvirtri efri deild alþingis framangreinda málavexti, og jafnframt og eg get þess, að landsstjórnin og bankastjórnin hafa eigi enn viljað viðurkenna mig sem gæzlustjóra við Landshankann samkvæmt kosningu hinnar háttvirtu deildar og áðurnefndum bankalögum frá 1909 og samkvæmt dómsúrskurðum þeim, er fengnir eru um málið, — leyfi eg mér virðingarfylst að snúa mér til hinnar háttvirtu deildar með þá málaleitun:

að deildin geri ráðstöfun til þess að landsstjórn og Landsbankastjórn tafarlaust viðurkenni mig sem gæzlustjóra deildarinnar við Landsbankann, svo að eg geti tekið þann þátt í stjórn hans, er mér ber að lögum;

að deildin sjái um, að eg fái gæzlustjórakaup mitt óskert greitt af Landsbankanum, og

að deildin styðji mig til þess að fá endurgoldinn kostnað þann, er Landsbankamálið alt hefir bakað mér, með því að eg í því hefi leitast við eftir mætti að halda uppi rétti hinnar háttvirtu efri deildar.

Reykjavík, 15. febr. 1911.

Virðingarfylst.

Kristján Jónsson,

þm. Borgf.

Til

Efri deildar alþingis".

Líkt erindi og þetta hefir háttv. 2. konungkj. þingm. sent neðri deild alþingis, sem hefir kosið hann gæzlustjóra Landsbankans af sinni hálfu.

Það má nú segja, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að fjölyrða um þetta mál. En af því, að málið nú fyrst kemur fyrir rétt sóknarþing, þá vil eg leyfa mér að lýsa aðalatriðum þess.

Mánudaginn 22. nóvember 1909 var

allri Landsbankastjórninni vikið frá fyrirvaralaust, í miðjum annatíma bankans, án þess að henni væri gefinn nokkur kostur á að bera hönd fyrir höfuð sér, meira að segja án þess hún einu sinni hefði hugmynd um fyrir hverjar sakir hún sætti þessari meðferð. Það var gengið svo ríkt eftir, að framkvæmdarstjóri var rekinn upp úr sæti sínu frá hálfloknu verki, að því er sagt er.

Með þessu móti voru upphafsstafirnir í stafrofi réttlætisins, að dæma engan óheyrðan, átakanlega brotnir á bak aftur, jafnvel enn átakanlegar en á Spáni, því að Ferrer var þó fenginn málaflutningsmaður til málamynda og gefinn kostur á að verja sig. Þetta var því undarlegra, sem enginn maður í víðri veröld hafði ákært bankastjórnina fyrir nokkurn skapaðan hlut, og hvorugur endurskoðunarmanna bankans hafði fundið neitt að gerðum hennar, hvorki hinn stjórnkjörni né hinn þingkjörni. Alt um það var þessi stóri dómur eigi að eins kveðinn upp, heldur og fullnægt samstundis fyrirvaralaust. Til þessarar óheyrðu og óheppilegu nýlundu greip hæstv. ráðherra 22. nóv. 1909, og satt að segja öfunda eg hann ekki af því.

Maður skyldi nú ætla, að styrkar stoðir hefðu verið undir þessum stóra dómi og ber því að líta á þær ástæður, sem stjórnin hefir fært fram til réttlætingar þessari stjórnarathöfn. Þeirra er fyrst getið í bréfi ráðherra til bankastjóranna, og skal eg nú leyfa mér að lesa upp bréf hans til gæzlustjóra efri deildar. Það er svo hljóðandi:

Stjórnarráð Íslands.
Reykjavík, 22. nóvbr. 1909.

Með heimild laga 18. sept. 1885 um stofnun Landsbanka, 20. gr., er yður, herra háyfirdómari og alþingismaður, vikið frá gæzlustjórastöðu yðar við bankann sökum margvíslegrar, megnrar og óafsakanlegrar óreglu í starfsemi yðar í stjórn bankans og frámunalega lélegs eftirlits með honum.

Björn Jónsson.

Jón Hermannsson.

Til
hr. háyfirdómara Kristjáns Jónssonar,
R. af Dbr.
Reykjavík.

Háttv. deildarmenn sjá það á orðunum; „margvísleg, megn, óafsakanleg óregla og frámunalega lélegt eftirlit“, að hér er ekki verið að sundurliða. Hér er ekki um ákveðnar sakir að ræða og því síður um rökstuddar sakir. Öll þessi feitu lýsingarorð líkjast miklu fremur venjulegu blaðafeitmeti en vegnum stjórnarorðum, enda lét hæstv. ráðherra sér ekki nægja að tilkynna þau bankastjórunum sjálfum, heldur kom hann þeim strax á markaðinn, símaði þau, ekki að eins landshornanna á milli heldur einnig til útlanda. Ef háttv. deildarmenn vilja heyra eitthvað af því, sem hæstv. ráðherra auglýsti og símaði um þessar mundir, þá skal eg leyfa mér að lesa upp útdrátt úr tilkynningu, sem hann lét festa upp á götuhornum hér í bænum. Hann taldi ráðstöfunina „nauðsynlega og óumflýjanlega“, sjálfsagt að styðja bankann til að standa í skilum“, og sagði „gerðar þar að lútandi ráðstafanir utanlands og innan“. Með þessu gaf hæstv. ráðherra í skyn, að í rauninni væri bankinn á heljar þröminni, en landsstjórnin ætlaði að reyna að halda honum við. Þetta og því líkt var símað landshornanna milli og til útlanda, til dönsku mömmu. Öll þessi aðferð er líkari leikhúshvell en stjórnathöfn, líkari skripaleik en „æfintýrinu góða“, sem hirðskáldið spáði að væri að gerast með þjóð vorri, er hv. ráðherra settist undir stýrið.

Það var ekki nóg með það, að svona aðferð væri beitt gagnvart bankastjórunum — sem jafnvel sjálft ráðherrablaðið taldi í alla staði heiðarlega menn — heldur skirðist ráðherra ekki við að setja ein-

mitt þá menn í stjórn bankans, sem höfðu verið settir í rannsóknarnefndina til þess að leita að átyllum til að koma gömlu bankastjórninni frá. En óbragð hafa þeir fundið að þessu, því að þeir fengust ekki til að vera gæzlustjórar nema rúman viku tíma. Nokkrir af meðmælendum hæstv. ráðherra töldu þessa stjórnarathöfn vott þess, að hann væri stjórnsamur og röggsamur ráðherra og bjuggust við að eitthvað líkt þessu stæði til um hinn bankann. Enda hafði hæstv. ráðherra gefið í skyn, að hann myndi ekki að eins líta vel eftir og rannsaka Landsb., „hjáleigubankann", heldur einnig Íslandsbanka, „herragarðsbankann". Hann svaraði mér því hér í deildinni 1909, þegar eg spurði, hvernig á því stæði, að hann hefði ekki líka látið rannsaka Íslandsbanka, að það væri of snemt að tala um vanrækslu í þessu efni, þar sem ekki væru liðnir nema fáir dagar frá því hann hefði tekið við. En nú eru liðin nærri 2 ár, og hvað hefir verið gert? Eg efast ekki um, að bankanum sé vel stjórnað. En svikin, sem upp komu í útibúinu á Akureyri, sýndu þó, að ekki var alt með feldu þar. Auk þess fer bankinn með ýms réttindi, sem landi og lýð ríður mjög svo mikið á að sé gætt vel. Hann tekur við fé með sparisjóðskjörum, hann hefir seðlaútgáfurétt og rétt til að gefa út bankavaxtabréf. Hér má og minna á það, að til eru þeir menn við bankann, sem fulltrúaráðið hefði átt að skipa, en setið hafa nú að störfum sínum misserum saman, án þess að fulltrúaráðið hafi fengið að leggja orð í belg um skipun þeirra. Eftirlitsskylda ráðherra með bankanum er tvímælalaus sbr. 9. og 17. gr. laga 7. júní 1902 og 22. gr. reglugj. 25. nóv. 1903. En hvað hefir ráðherra gert? Jú, hann myndaðist við að halda aðalfund, en fulltrúafund fékst hann ekki til að halda, svo sem vera bar. Á aðalfundinum las hann upp lofskýrslu um bankann, sem honum var fengin þar til upplesturs. Hann sagði skýrsluna vera frá fulltrúaráðinu, en játaði þó, að svo væri ekki, er það var rekið ofan í hann, að fulltrúaráðið hefði ekki komið nærri henni. Manni dettur í hug að ástæðan til mismunar á framkomu hans gagnvart „Íslandsbanka" og Landsbankanum okkar, sé runnin af líkri rót og munurinn á framkomu hans yfirleitt á „höfuðbólinu" og „hjáleigunni".

Auk þess sem hv. ráðherra réðist opinberlega á Landsbankann, hefir hann frá upphafi bankafargansins og fram á þenna dag úr skúmaskoti nafnleysisins sigað „Ísafold" miskunarlaust á bankann. Ásakanir Ísafoldar hafa áður verið tættar í sundur, bæði af mér á kjósendafundi hér í Rvík í ársbyrjun 1910 og af öðrum. En af því að sök ráðh. er nú í fyrsta skifti reifð á réttu varnarþingi, er rétt að geta þeirra stuttlega.

Í fyrsta lagi segir Isaf., að bankareikningarnir hafi aldrei verið úrskurðaðir öll 5 stjórnarár H. Hafsteins. Þetta er satt, en ekki fullur sannleikur. Það var löngu hætt að úrskurða bankareikningana formlega áður en H. H. kom til sögunnar. Seinasti reikningurinn, sem úrskurðaður var, var fyrir 1900. Með þeim reikningi var hætt að úrskurða reikningana formlega, að því að mér er sagt, af því að bankastjórnin tók upp úr því að leiðrétta gerðir sínar jafnótt og endurskoðunarmennirnir fundu að þeim. Og væri hér um brot að ræða, væri það brot af hendi landstjórnarinnar en ekki af hendi bankastjórnarinnar.

Í annan stað fann Ísaf. bankastjórninni það til foráttu, að hún hefði ekki gert sparisjóð bankans upp í 8 – 9 ár, en það eru rakalaus ósannindi eða meinlegur misskilningur, eins og hver getur sannfært sig um, sem nennir að lesa hina árlegu reikninga bankans og yfirlit í stjórnartíðindunum. Þar er árlega tilfært tekjumegin það sem í sparisjóð er lagt og útgjaldamegin það sem úr honum er tekið. Auk þess var

viðskiftareikningur hvers einasta manns, sem í sparisjóð lagði eða úr honum tók, daglega gerður upp. Hver einasta innborgun og útborgun var bókfærð á 5 stöðum og alt daglega borið saman.

Í þriðja lagi er borið á bankastjórnina, að skuldheimtur hafi verið mjög misráðnar. Stundum fundið að því, að hún hafi notað of mikið málafærslumenn, og stundum of lítið. I þessu sjá allir samkvæmnina, bankastjórnin er hér skömmuð, bæði fyrir að nota málfærslumenn og fyrir að nota þá ekki, alveg rakalaust.

Þá er fjórða ásökunin, að „oft" hafi vantað lántökuheimildir fyrir lánum. Sannleikurinn í þeirri ásökun kvað vera sá, að einu sinni, alls einu sinni, hafði vantað vottorð sýslumanns fyrir því, að ekki væri fleiri í stjórn eins félags, er lán fékk, en þeir er beiddust lánsins og fengu það.

Hinar fjórar sakirnar gegn bankastjórninni voru, *að* framkvæmdarstjórinn hefði veitt einn lán, *að* víxlar hefðu verið keyptir án skriflegrar útgjaldaskipunar, *að* ýmsar bækur hefðu átt að vera í ólagi, og *að* varasjóður hefði átt að vera veðsettur. Nú voru fæturnir undir stóra dómi hv. ráðh. orðnir átta, eins og undir Sleipni forðum, og þótti mörgum sá fótaburður fara Ísaf. miður en vel. En auk nefndra 8 ásakana, hvar af rannsóknarnefndin tók upp hinar 4 síðast töldu, hafði Isaf. dylgjur um, að margt fleira væri bogið í fari bankastjórnarinnar. Hún nefndi framantaldar ásakanir „sýnishorn", kvaðst ekki nefna aðrar af því, að það væri „ábyrgðarhluti" fyrir stjórnina að nefna sumar. Taki menn eftir: „ábyrgðarhluti" fyrir núverandi stjórn!

Eg mun víkja nánar að ásökunum þeim er rannsóknarnefndin tók upp. Hér er að eins ástæða til að minna á, að jafnvel Ísaf. þorði ekki upprunalega að bera það á bankastjórnina, að hún hefði valdið bankanum fjártjóni. Því var það, að útlend blöð kölluðu ásakanir ráðh. „formelle Lapperier". Og það var orð að sönnu. En því óforsvaranlegra var það, að stjórnin og stjórnarblaðið, sem eiga að verja landsins stofnanir, skyldi leggjast svo lágt, að skrifa hverja níðgreinina á fætur annari um jafnmikilsverða landsstofnun og Landsbankinn er.

Svo kom rannsóknarnefndarskýrslan svokallaða, dagsett 20. janúar 1910; þá þurfti ekki lengur að spá í eyðurnar um syndir bankastjórnarinnar. Þar hlutu öll kurl að koma til grafar. Skýrslan skelti strax fjóra fætur undan Foldinni, svo nú komst hún aftur á sína venjulegu og þótti sá fótaburður fara henni fult eins vel og Sleipnisfótaburðurinn. Nefndin feldi niður ásakanir Ísaf. 1. um úrskurðarvöntun reikninganna, 2. sparisjóðsuppgerðina, 3. misráðnar skuldheimtur og 4. um vantandi lántökuheimildir. Þar næst segir nefndin eftirfarandi liði í Landsbankanum í góðu lagi eða ekki svo athugaverða að tali taki:

1. Peningasjóð.
2. Verðbréfaeign.
3. Fasteignaveðslánin gömlu.
4. Handveðslán.
5. Sveita og kaupstaðalán.
6. Akkreditivlán.

Um þetta má lesa á bls. 4—5 í skýrslunni. Sama er um veðdeildarlánin að segja, bls. 37, og sömuleiðis um sparisjóð og seðlameðferð. Reyndar er einn nefndarmanna, Indriði Einarsson, látinn gjöra athugasemd á bls. 8—10 um heppilegri aðferð við þessar tvær deildir bankans, en hún stendur þar fyrir hans eigin reikning. Nefndin vildi ekki taka ábyrgð á henni. Hér hafa þá verið talin 9 mikilsverð atriði, sem rannsóknarnefndin fann ekkert athugavert við.

Og er þá komið að *aðfinningum* nefndarinnar. Þær eru sumpart *form*legar og sumpart *efnis*kendar. Meðal hinna formlegu er fyrst að geta aðfinningarinnar um það, að skriflegar útgjaldaskipanir vanti fyrir ýmsum víxillánum. Sú útásetning er átyllu-

laus, því að það er hvergi nokkurstaðar vikið að því í lögum bankans eða reglugerð, að gefa skuli skriflega útgjaldaskipun fyrir víxlum og lánum. Hitt er satt, að það hafði viðgengist, og hafði upphaflega verið tekið upp vegna herbergjaskipunar í bankanum. En slíkt mun annars hvergi tíðkast í víðri veröld og ekki er það gert í Íslandsbanka.

Í annan stað finnur rannsóknarnefndin að því, að framkvæmdarstjórinn hafi einn keypt víxla og veitt lán. Þetta er satt og jafnframt fullkomlega leyfilegt. Samkvæmt 23. gr. laga 18. sept. 1885 og 1. gr. reglugerðarinnar 8. apríl 1894 átti framkvæmdarstjórinn að annast „dagleg störf" bankans, en þau eru aðallega að kaupa víxla, veita smálán o. s. frv. Hann var aðalmaðurinn við bankann, enda liggur það skýrt í orðunum „framkvæmdarstjóri" og „gæzlustjóri" hver afstaða þeirra sé. Gæzlustjórarnir áttu aðallega að „hafa umsjón með því að lögunum um landsbankann sé fylgt". Í því skyni hafði framkvæmdarstjóri fimm sinnum hærri laun en gæzlustjórarnir, hann 5000 kr. á ári, en þeir 1000 kr. Af sömu ástæðum var framkvæmdarstjóranum einum bannað að hafa önnur atvinnustörf á hendi, en gæzlustjórarnir hafa alt af haft önnur aðalstörf með höndum, lengst af verið embættismenn. Auk þess hefir það alt af viðgengist og verið óátalið af öllum, að framkvæmdarstjóri keypti einn víxla og veitti smálán. Rannsóknarnefndin kannast sjálf við það á bls. 11, að gæzlustjórarnir hafi samþykt aðferð þessa og landstjórnin hefir aldrei að henni fundið.

Í þriðja lagi fann rannsóknarnefndin það til, að starfsmenn bankans, sérstaklega féhirðir og bókari, hafi „keypt" um 240 víxla. En hér er heldur ekki farið rétt með, heldur hafði framkvæmdarstjóri með samþykki gæzlustjóranna falið nefndum starfsmönnum að taka við nýjum víxlum til svokallaðrar framlengingar á eldri víxlum, þegar eitthvað væri afborgað og öll sömu nöfn á nýja víxlinum og þeim gamla. Og þessi ástæða, að 2 af starfsmönnum bankans höfðu tekið við nýjum víxlum, er svo á stóð, sem nú var greint, var einka-ástæða ráðherra fyrir stóradóminum 22. nóv. 1909. Annað var þá ekki komið til hans frá nefndinni en bréf hennar 16. nóv. 1909, sem finna má á bls. 54 í rannsóknarnefndarskýrslunni. Á „mati" nefndarinnar gat hann ekki bygt, því að það varð fyrst til töluvert síðar. Á nefndu bréfi og því einu bygði ráðherra þennan makalausa dóm, er gekk og var fullnægt nefndan nóvemberdag.

Loks finnur nefndin í 4. lagi að því, að bankastjórnin hafi eigi haldið gerðabók m. m. En sú aðfinning er á sömu bókina lærð og hinar, því að samkv. 8. gr. reglugj. þurfti því að eins að færa ágreining til gerðabókar að einhver krefðist þess, en það hafði aldrei komið fyrir.

Er þá komið að *efnis*aðfinningunum. Nefndin telur víxlaeign bankans oftalda um kr. 6241,85, og ávísunareign kr. 1439,90 hærri en vera bar. Þetta hét á Ísafoldarmáli „mörg, mjög mörg þúsund". Eftir reikningi bankans var víxileignin að eins oftalin um kr. 2940,51. Víxiloftalningin verður ekki teygð lengra en þetta. Og það hefir fróður maður sagt mér, að sú upphæð sé ekki nema $^1/_{25000}$ partur borinn saman við víxlaumsetningu bankans frá upphafi. Annars má geta þess að nokkur líkur hængur var á landsreikningunum um 20 ár. Peningaeign landsjóðs oftalin um rúm 3000 kr. En alþingi setti hvorki rannsóknarnefnd út af því né gerði veður af því að öðru leyti, heldur var skekkjan jöfnuð hljóðalaust á þingi 1907. Og þessi litla skekkja í víxileign bankans verður að minsta kosti ekki gefin gæzlustjórunum að sök, hún er að kenna eftirlitsleysi endurskoðenda bankans, sé hún nokkrum að kenna.

Þá hreyfir nefndin nokkrum athuga-

semdum um varasjóð bankans. Nefndin fullyrðir að vísu ekki að varasjóður hafi verið veðsettur, segist að eins „verða að álita“ að verðbréfin hjá Landmandsbanken hafi verið veðsett. Því síður segir nefndin veðsetningu lögleysu, enda hafði Ísafold strax verið bent á 7. gr. bankalaganna, sem beint leyfir að veðsetja varasjóð með því að heimila bankanum lántöku „gegn tryggingu í sjálfs sín eignum“, enda liggur sama í 31. gr laganna, ákvæðinu um að varasjóður beri tap bankans, megi borga lánardrotnum bankans beint af varasjóði, hlýtur að mega taka lán upp á hann í sama skyni.

Varasjóður var um það leyti, sem bankastjórnin fór frá, kr. 636,605,08, en nú vildi svo til, að Landsbankinn átti í verðbréfum meira en þessu nam og alt óveðsett. Bankinn átti hjá Landmandsbanken í Kaupmannahöfn verðbréf fyrir samtals kr. 587.000. Nefndin hélt því reyndar fram, að þessi bréf væru veðsett, en bankastjórarnir hafa gagngjört neitað því, enda hafði bankastjórnin ekki gefið út veðbréf fyrir þeim. Ekki að marka þó að Glückstad, bankastjóri Landmandsbanken, segði þau sett til tryggingar fyrir viðskiftum, eftir að hæstv. ráðherra var búinn að síma út um alt, að Landsbankinn væri á heljarþröminni. En þó að bréf þessi hefðu verið veðsett, þá átti bankinn samt heima fyrir í bankavaxtabréfum kr. 651,800,00, og í stjórnarráðinu átti hann verðbréf að upphæð kr. 703,100,00 til tryggingar fyrir veðdeildunum, og um þau bréfin átti ráðherra að vita. Að vísu voru bréf þessi til tryggingar veðdeildunum, en það band var á þau lagt með lögum nr, 30, 25. sept. 1902 og lögum nr. 27, 20. okt. 1905, og því ekkert að því að finna, frá lagalegu sjónarmiði, enda þó að draga megi í efa, hvort það hafi verið skynsamlegt, að leggja slíka kvöð á bankann eða varasjóð hans. Það nær heldur engri átt að varasjóður hafi verið lánaður út, eða að hann hafi verið „í veltufé bankans“. Það er sýnt, að hann hafi verið til í verðbréfum og af því leiðir að hann getur ekki hafa staðið í útlánum til Péturs eða Páls.

En þá kemur þriðja trompið og aðaltrompið, *tapið*. „Foldin“ hafði ekki þorað að bregða bankastjórninni um að hún hefði skaðað bankann. Hún hafði þvert á móti gefið bankastjórninni nokkurs konar heiðarlegleikavottorð, kallað þá „þjóðkunna ráðvendnismenn“. En það var einmitt veiki punkturinn í áhlaupi Isaf., að hún hafði annaðhvort ekki þorað eða henni ekki hugkvæmst að kenna bankastjórninni um að hafa farið illa með fé bankans. En rannsóknarnefndin lét sér það víti að varnaði verða, hún segir að bankastjórnin hafi þá þegar glatað kr. 400,000,00. Það stendur á bls. 19—20 í rannsóknarnefndarskýrslunni.

Raunar sýnir skýrslan sjálf, að það má ekki taka þetta bókstaflega. Eftir yfirskrift héraðlútandi kafla skýrslunnar var það að eins *mat* nefndarinnar, að tapið væri svona mikið. En hvernig er nú þetta mat til orðið? Eftir því, sem skýrslan ber með sér, hefir nefndin komist að þessu tapi á nokkuð einkennilegan hátt. Hún segir svo frá, að af 1100 mönnum, sem skuldi bankanum 1,900.000 kr., séu 460 menn, sem skuldi 1,380,000 kr. Nefndir 460 menn tilheyra aðallega 2 flokkum, er nefndin lýsir svo, að þeir séu sumpart „menn, sem engar eignir eiga, eða þá að eins eignir, sem veðsettar eru fyrir fullu verðmæti þeirra . . ., sem fyrirsjáanlega geta aldrei eignast neitt, er þeir gætu látið af hendi rakna“ og sumpart „menn, sem hafa dálítið undir höndum, en geta ekki staðið í skilum með sínar eigin skuldir og eiga hvergi nærri fyrir þeim og geta enn síður borgað neitt fyrir aðra“. Þegar nú 460 menn, sem eru svona illa staddir, skulda 1,380,000 kr., skyldi maður ætla að tapið yrði því sem næst þessi upphæð. En þó gerir nefndin það ekki nema 400,000 kr.

Hvernig stendur á því, að nefndin ætlar þessum fátæku mönnum að geta borgað mismuninn, þvínær eina miljón króna? Það kemur hvergi fram í skýrslunni, nefndinni hefir alveg láðst að gera grein fyrir því. — Þetta getur ekki einu sinni heitið mat, það er að eins spá út í loftið, enda er framtíðargeta manna að miklu leyti háð ófyrirsjáanlegum, sjálfráðum og ósjálfráðum atvikum. Meðal annars er mikið komið undir bankastjórninni sjálfri, hve hyggilega hún fer að við innheimtuna. Haldi hún klaufalega á, *má* auðvitað tapa 400 þúsund krónum.

Það vill nú líka svo til, að Landsbankastjórnin nýja hefir sjálf sannað það, að tapið var ekki neitt líkt því, sem rannsóknarnefndin hafði áætlað, því á bankareikningnum fyrir árið 1909, (bls. 19), telur hún tap bankans að eins 15 þúsund kr. En svo kemur það skringilega á þessum reikningum, sem líklega er að kenna viðvaningsskap bankastjóranna. Bankastjórnin skiftir varasjóði, sem auðvitað er allur ætlaður til að bera tap bankans, í tvent, og lætur annan hlutann, 385 þús. kr., standa sér, fyrir „áætluðu tapi á útistandandi skuldum á næstu árum.“ Þegar við þessar 385 þús. kr. er bætt þeim 15 þús. kr. eða nákvæmar tiltekið kr. 15,547,35, er bankastjórnin telur tapið, koma sem næst út 400 þús. kr., sem rannsóknarnefndin hafði látið bankann tapa. Að vísu kemur áætlun bankastjórnarinnar ekki nákvæmlega heim við mat nefndarinnar. Til þess að tölurnar stæðu alveg heima, hefði bankastjórnin átt að ætla fyrir tapinu kr. 384,452,65, en af skiljanlegum ástæðum hefir hún heldur kosið að áætla tapið 385 þús. kr. Það verður þannig ekki annað sagt en að bankastjórnin hafi munað eftir að „fága þá eik, er undir skal búa“.

En auk þess sem alt eða flest í skýrslu rannsóknarnefndarinnar rekur sig þannig hvað á annað, þá er hún líka af öðrum ástæðum alveg ónýt sem *sönnunargagn*. Fyrst og fremst af því, að nefndarmennirnir voru illa valdir. Þeir voru alveg óbankafróðir menn, einn þeirra auk þess háður stjórninni, aðstoðarmaður í stjórnarráðinu, annar meðverkamaður sonar ráðherra, og þriðji verzlunarmaður. Enginn þeirra var kunnugur högum viðskiftamanna bankans. Auk þess er skýrslan enganvegin lítlaus. Til dæmis skal eg benda á ummæli nefndarinnar á bls. 23. Þar segir svo um bankastjórnina: að það líti svo út sem það hafi verið „þægilegra fyrir hvern og einn að vera viðskiftamaður bankans í vanskilum við hann, en viðskiftamaður hans og standa í skilum“. Þetta eru ekki dómsorð. A sömu síðu nokkru neðar er talað um að vanskilin hafi verið „verðlaunuð af peningastofnun landsins“. Bankastjórninni er brugðið um að hún hafi *verðlaunað* vanskil við bankann. —

Við alt þetta bætist loks sú óhæfa, að bankastjórninni var ekki gefinn kostur á að svara til þeirra saka, sem á hana voru bornar. Þetta var, er og verður óhæfa af hæstv. ráðherra.

Nú hefi eg rakið gang málsins nokkuð. En hverjar urðu svo *afleiðingarnar* af þessu tiltæki hæstv. ráðherra? Þær komu brátt í ljós, því að rétt á eftir varð hæstv. ráðherra að brjóta odd af oflæti sínu og taka við tveimur útlendum bankamönnum, sem voru sendir hingað frá „dönsku mömmu“ til þess að kynna sér ástand bankans.

Í annan stað má geta þess, að þúsundum króna hefir verið eytt úr landsjóði og frá bankanum, bæði til rannsóknarnefndarinnar sjálfrar, og til margs annars kostnaðar, sem af þessu máli hefir leitt síðan. En það skiftir nú ekki mjög miklu máli, enda verður hæstv. ráðherra væntanlega látinn borga það sjálfur.

Hitt skiftir miklu meira máli, að hér

voru þrír sæmdarmenn svívirtir að ástæðulausu, reknir frá starfi sínu eins og rakkar, eða öllu heldur eins og stórglæpamenn.

Þá var og áliti lands og lýðs stórspilt með þessu tiltæki. Sem betur fór, urðu að vísu ekki eins mikil brögð að því eins og búast hefði mátt við, því að það sýndi sig, að menn, bæði útlendir og innlendir, lögðu lítinn trúnað á orð og ummæli ráðherra um stjórn bankans. Ef þeim hefði verið trúað, ef hæstv. ráðherra hefði verið meira metinn, þá hefði álit landsins og Landsbankans verið gjörspilt.

Enn hefir dómsvald landsins verið virt að vettugi. Tveimur dómum, sem gengið hafa í þessu máli, ber alveg saman um það, að frávikningin hafi verið fullkomlega ólögmæt, að ráðherra hafi ekki haft vald til að víkja gæzlustjórum bankans frá nema um stundarsakir, þ. e. að eins fyrir tímabilið frá 22. nóv. til loka ársins 1909. Hann hafði í orði kveðnu vald til að víkja framkvæmdarstjóra bankans frá fyrir fult og alt, en ástæðulaus var sú frávikning með öllu, enda hafði ráðherra sagt honum upp til nýárs og sæmileg stjórn hefði látið þá uppsögn duga. Hitt er augljóst mál, að ráðherra gat ekki með nokkru yfirskyni laga hróflað við hinum þingkosnu gæzlustjórum bankans, eftir 1. janúar 1910. Þar eru ótvíræð lög brotin, því að með 8. gr. laga nr. 12, 9. júlí 1909 er numinn úr gildi IV. kafli bankalaganna 18. sept. 1885 og þar með 20. gr. síðarnefndra laga, sem hafði að geyma heimildina til að víkja gæzlustjórunum frá um stundarsakir. Eg skal ekkert segja um innsetninguna sjálfa, engu spá um dóm hæstaréttar um það atriði, hvort *fógeti* hafi haft vald til að setja gæzlustjóra e. d. inn í stöðu hans í bankanum aftur. En eg er ekki í nokkrum vafa um það, að hæstiréttur muni dæma frávikninguna ógilda eftir 1. janúar 1910, dæma gæzlustjórunum laun sín alt frá þeim tíma.

Loks er að geta þess að Landsbankastjórnin hefir verið ólöglega skipuð frá 1. jan. 1910 til þessa dags. Hafi framkvæmdarstjórum bankans nokkurntíma borið á milli á þessu tímabili, svo að leita hafi þurft atkvæðis gæzlustjóra, þá er hver sú gerð ólögmæt, er þeir hafa tekið þátt í. Stjórn Landsbankans hefir verið ólögmæt síðan 1. jan. 1910 og er það enn.

Eg hefi nú lýst þessu svokallaða Landsbankafargani stuttlega. En því er ver, að hæstv. ráðherra á ekki einn sök á þessu máli. Hæstv. meiri hluti hér í deildinni á líka sök á því að svona fór. Á síðasta þingi, þegar hæstv. ráðherra var nýbúinn að skipa bankarannsóknarnefndina, bar eg fram tillögu til rökstuddrar dagskrár um það mál hér í deildinni, svo vægt orðaða sem frekast var unt. Tillagan stendur í Alþtíð. 1909 nr. 740 og skal eg, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana upp. Hún hljóðar svo: „Deildin telur rétt að landstjórnin líti eftir peningastofnunum landsins, en væntir þess að það sé gert með varúð og tekur í því trausti fyrir næsta mál á dagskrá". — En af ofmiklu kappi og trausti á hv. ráðh. var þessari tillögu hafnað og í þess stað sþ. önnur tillaga, Alþtíð. 1909 nr. 741, sem hljóðar svo: „Með því að deildin lítur svo á, að hin umræddu afskifti landstjórnarinnar af hag Landsbankans séu bæði lögmæt og sjálfsögð, lýsir hún fullu trausti sínu á ráðherranum, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá". Mínir herrar, það eru fleiri en ungir folar, sem ekki þola að riðið sé undir þá. Jafnvel fyrverandi ungir folar, útslitnir reiðhestar þola það ekki altaf. En nú mun háttv. meiri hluti vilja bæta úr þessu. Mér skilst svo, að hann sé mér sammála um, að það þurfi að rannsaka gerðir landstjórnarinnar í þessu máli. Það sést á þgsk. 42 að jafnvel hv. þm. Akureyrar vill bæta fyrir gerðir sínar og ráðherra í bankamálinu. Raunar er það lagt til að víkja við orðunum í till. minni og fækka þeim málum, sem væntanleg nefnd á að rannsaka. Háttv. flutn-

ingsmenn leggja til að í stað orðanna „rannsaka gerðir landstjórnarinnar í Landsbankamálinu“ komi „rannsaka Landsbankamálið“, líklega til þess að ráðherra eigi hægra með að renna pillunni niður. Eg get nú samt ekki fallist á þessar breytingartillögur. Eg lít svo á, að mín till. feli í sér að væntanleg nefnd eigi ekki að eins að rannsaka gerðir landsstjórnarinnar, heldur einnig gerðir Landsbankastjórnarinnar að svo miklu leyti, sem rannsókn á þeim væri nauðsynleg, til að dæma um gerðir landstjórnarinnar. Tillagan er þessvegna að því leyti til óþörf. Breytingin, sem felst í tillögunum á þgskj. 42, er því í rauninni að eins sú, að hv. flutningsmenn vilja binda rannsóknina við bankamálið eitt. Þar þora þeir ekki að skerast úr, enda vona eg að allir séu á einu máli um það, að ráðherra hafi unnið þar óhæfuverk.

En, mínir herrar, það eru enn fleiri gerðir hv. ráðherra, sem flokkur hans þarf að hreinsa sig af, enda á hv. ráðherra nú í vændum vantraustsyfirlýsingu frá flokksmönnum sínum. Og ekkert er eðlilegra en að flokkurinn geti ekki unað forustu hans lengur. En það er ekki nóg að koma ráðherra af sér, það liggur ekki nægileg hreinsun í því fyrir flokksmenn hans. Mér skilst að flokknum hljóti að vera áhugamál, að hreinsa sig, ekki að eins af verstu verkum ráðherra, aðgerðum hans í bankamálinu; það verður einnig að upplýsast að flokkurinn sé hreinn af hans næst-verstu verkum. Og það getur að eins komið í ljós með rannsókn. Þess vegna vona eg að hv. meiri hluti fallist á, að láta rannsaka gerðir ráðherra í fleiri málum en bankamálinu, ef mér tekst að lýsa svo sumu af því, sem eg kalla næstverstu verk hans, að flokksmönnum hans þyki nokkurs um vert að hreinsa sig af allri ábyrgð á þeim.

Meðal næst-verstu verka ráðherra tel eg fyrst og fremst:

Thore-málið.

Í fjárlögunum fyrir árin 1910—11, 13. gr. A. 2, voru veittar „alt að 12 þús. kr. hvort árið, fyrir að flytja póstsendingar með skipum, sem *ekki njóta fasts tillags*, milli Íslands og útlanda og milli hafna á Íslandi. . .“ Nú er það kunnugt, að ráðherra hefir látið Thore-félagið fá helming af þessari upphæð, og það er augljóst lagabrot.

Ráðherra var á síðasta þingi gefin „heimild til að semja um gufuskipaferðir, um alt að 10 ára tímabil, *ef* mun betri ferðir (sem ráðh. hefir þýtt „en Del hensigtsmæssige Rejser“) fást með því móti, *ef* kælirúm fást í minst 2 af skipunum, er fara milli landa og *ef* minst eitt skip fer nokkrar ferðir á ári milli Hamborgar, Leith og Íslands“. — Um not þessarar heimildar fórust háttv. þm. Ísafjarðarkaupstaðar, framsögum. fjárlaganefndar deildarinnar á síðasta þingi sbr. Alþtíð. 1909 B, bls. 198 neðst og 199 efst, orð á þessa leið: „Eg hugsa því að stjórnin muni ekki misbrúka heimild sína. En það kalla eg að misbrúka, ef gömul skip verða notuð til ferðanna, þó ferðirnar verði fleiri. Það þurfa að vera góð skip, sem notuð eru til ferðanna; það kemur alls ekki alt uppá að hafa ferðirnar mjög margar, heldur miklu meira uppá hitt, að hafa skipin góð, samsvarandi tímans kröfum. Því tel eg vel tilvinnandi að hafa ferðirnar heldur færri, en fleiri ferðir með slíkum skipum sem dallar „Samein. félagsins“ eru, og sömuleiðis mörg af skipum Thore. Einmitt þetta álít eg að sé gott að komi fram og standi í þingtíðindunum, svo að stjórninni gefist kostur á að sjá, að þessi athugasemd hefir komið fram í þessu sambandi“.

En hvernig hafa nú efndirnar orðið af hálfu ráðherra? Í samningnum, sem hv. ráðherra gerði við Thore-félagið 7. ágúst 1909, stjórnartíð. 1909 B, 176—179, hefir hann margbrotið þessi skilyrði,

sem þingið hafði sett. Millilandaferðirnar áttu að vera 25, en voru eftir samningnum við Thore, að eins 24. Ekkert farþegarúm var áskilið, en í því efni var lukkan betri en „Forstanden“, eins og Danskurinn segir. Kælirúm var að eins áskilið í einu skipi en átti að vera í tveimur. Svona var samið um millilandaferðirnar, og samningsákvæðin um strandferðirnar voru litlu betri. Tvö af strandferðaskipunum máttu ekki vera að neinu leyti síðri en Hólar og Skálholt. En strandferðaskip Thorefélagsins eru miklu minni en Hólar og Skálholt. Auk þess er 2. farþegarúm í þeim óhæfilegt. — Nú skyldi maður búast við að stjórnin hefði séð um að félagið stæði við það lítið, sem hún lét það lofa sér. En það hefir ekki heldur verið gert. Af millilandaferðunum er það styzt að segja, að þar er fæst haldið. Viðkomustaðir í Færeyjum máttu eftir samningnum t. d. ekki vera fleiri en 20, en eftir áætlun skipanna eru þeir 34. Skipin eru lakari en skip samein. félagsins.

En þó tekur útyfir um tilhögun ferðanna, Ísafold lofaði vikuferðum, en efndirnar urðu þann veg, að millilandaferðirnar hafa aldrei verið meiri kássuferðir en nú. Ferðirnar máttu samkv. 13. gr. C. 1 X 3. málsgr. gildandi fjárlaga ekki vera minni eða lakari en Samein. gufuskipafél. bauð samkv. þingskj. 679, Alþt. 1909 A, bls. 1040 o. fl., en þó voru 10 viðkomustaðir þeirra feldir úr tölu þeirra samkv. nýnefndu ákvæði og heil héruð sett hjá.

Ferðunum er þannig hagað, að eitt sinn líða 36 dagar á milli ferða til Reykjavíkur, nefnilega frá 16. jan. til 22. febr.; og á leið frá Reykjavík eitt sinn 85 dagar, frá 8. des. til 3. marz. Svona eru nú vikuferðirnar. Þetta er sambandið milli Reykjavíkur og útlanda. Milli Reykjavíkur og Norðurlands og Austurlands eru norðan að að eins 2 ferðir með millilandaskipunum á árinu, í apríl og ágúst með þrem viðkomustöðum, og að eins 2 að austan, milli Austurlands og Reykjavíkur sunnan um land í okt. og nóv. Húnavatnssýsla, Strandasýsla, Norður- og Suðurþingeyjarsýslur og Norðurmúlasýsla mega heita alveg settar hjá. Þá eru *strand*ferðabátarnir. Austri og Vestri eru bæði minni skip en Hólar og Skálholt voru. Farþegarúm á öðru og þriðja farrými miklu verri, og suðurlandsbáturinn Pervie, er allsendis óbrúkanlegt skip; auk þess hafa öll Thoreskipin, nema Sterling, illa fylgt áætlun. Og við þetta fyrirkomulag hefir ráðherrann bundið okkur í 10 ár fyrir 60,000 kr. á ári og bætt ofan á þá fúlgu 6,000 kr. í ofanálag. Þessi kjarakjör hefir sonur ráðherrans útvegað „Thore“ hjá föður sínum, og finst mér að hv. meirihl. ætti ekki að vera það óljúft að þessar ritningar væru rannsakaðar, eigi hann ekki hlut að máli.

Þá ætla eg að minnast á viðskiftaráðunautinn. Í fjáraukalögunum frá 1908—1909. 6. gr. er veitt til viðskiftaráðunaut*a* erlendis, („Forretningskonsulent*er* udenlands“) 10,000 kr. og í 16 gr. gildandi fjárlaga er veitt til viðskiftaráðunaut*a* — Forretningskonsulent*er* — alt að 12,000 kr. hvort árið. Í fjáraukalögunum og fjárlögunum er þannig gert ráð fyrir að þeir séu að minsta kosti tveir og að hvor þeirra hafi þá í hæsta lagi allt að 6000 kr. á ári. En nú hefir landritari gert hæstv. ráðherra þá glennu, að auglýsa í embættismannatali sínu að viðskiftaráðunauturinn hafi 10,000 kr. laun um árið, og auk þess heyri eg sagt. að hann fái ferðakostnað, er eitt árið kvað nema meiru en 1100 kr. Þessi meðferð á fé landsins er gersamlega óforsvaranleg, er tvímælalaust fjárlagabrot. Og hvað hefir viðskiftaráðunauturinn svo afrekað fyrir það fé, framundir 20,000 kr., sem ausið hefir verið í hann frá 1. ágúst 1909. Jú hann hefir útvegað þeim Ásgrími og Þórarni nokkurra ferálna veggpláss á listasýningunni í Kristjaníu, gefið fyrirheit um tryppasölu til Rómaborgar og

svo strikað hér um göturnar tímunum saman. Og við hverju var að búast, svo einkennilega sem hæstv. ráðherra tókst valið á manninum, verkið, sem einn vina hans sagði um, að enginn hefði getað unnið nema núverandi ráðherra.

Þá vildi eg leyfa mér að víkja fáeinum orðum að fjárveitingunni til síldarmatsmannanna. Á fjáraukalögunum 1908—09, 6. gr., 21. eru veittar 1200 kr. sem laun til tveggja síldarmatsmanna, 600 kr. handa hvorum og auk þess 800 kr. sem utanfararstyrkur til beggja eða samtals 2,000 kr. Menn skyldu nú ætla, að þessu hefði verið skift jafnt milli mannanna, að þeir hvor um sig hefðu fengið helming launaupphæðar og helming af ferðastyrknum. Laun fengu þeir og jöfn, en ferðastyrknum var skift þannig, að Jón Bergsveinsson, síldarmatsmaður á Akureyri, fékk 600 kr. af veittum 800 kr. og að auki 936,25. Hinn varð að láta sér nægja 200 kr. af ferðastyrknum. Hæstv. ráðherra fer nú fram á það í fjáraukalögum þeim, sem lögð hafa verið fyrir þingið, að fá veitta viðbót þá, sem framyfir var geidd, en fróðlegt þætti mér, áður en eg greiði því atkvæði, að fá að heyra hvaða ástæður voru til þess að annar síldarmatsmaðurinn fékk svona miklu meira, því að vafalaust hefir það ekki ráðið, að sá sem meira fékk er systursonur ráðherra.

Þá vildi eg minnast fáum orðum á Gullfoss. Í fjáraukalögunum 1908—09 6. gr. eru veittar 300 kr. til þess að leigja Gullfoss til að varna því að hann kæmist í útlendra hendur. Þessi sama fjárupphæð var enn veitt á fjárlögunum 1910—11, 16. gr. 32, og í fjárlagafrumvarpinu 1912—13, 16. gr. 29, sem nú hefir verið lagt fyrir þingið, er enn farið fram á hið sama. En nú heyri eg sagt að hæstv. ráðherra hafi framkvæmt þennan vilja þingsins þannig, að hann hafi selt útlendingi leiguréttinn. Sé þetta satt, hefir ráðh. lítils virt vilja alþingis og um leið brotið lög, er hann sjálfur átti þátt í að setja; annars má í þessu sambandi geta þess, að illa hefir verið farið með fleiri fossa. T. d. er sagt, að einn foss, einn af stærstu fossum landsins, Dettifoss, hafi verið leigður útlendingum fyrir 14 kr. um árið. Sá foss mun vera almenningseign, og væri ilt ef satt væri. Veit ráðherra til þessa?

Eg kem þá að seinasta málinu, sem eg ætlaði að gera að umtalsefni í dag, og mikið hefir verið talað um, en það er leigan á silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli. Þær voru áður leigðar Thor E. Tulinius til 5 ára gegn 50% afgjaldi að frádregnum 3% sem flutningskostnaði, geymslukostnaði, vátryggingargjaldi og sölulaunum, en nú hefir hæstv. ráðherra leigt þær Guðmundi Jakobssyni o. fl. til 10 ára, fyrir 55%. Samningurinn er gerður 27. Júní 1910, og í orði kveðnu við Guðmund einan, en í almæli er hér í bæ að einn háttv. ónefndur þingmaður og annar sonur ráðherra hafi staðið að baki Guðm. Jak. og átt jafnan hlut að máli sem hann. En það var ekki nóg með það, að G. J. og fél. væri leigð náman, enda ekki svo mjög út á það að setja, heldur lánaðist leigjendunum að útvega samþykki ráðherra til að þeir seldu útlendu félagi rétt þeirra samkvæmt samningnum fyrir 50,000 kr., án þess að landsjóður fengi 1 eyris landshlut af þessum mikla hval. Þessa gjöf geta menn sér til að hæstv. ráðh. mundi ekki hafa gefið vandalausum mönnum. Og því hafa margir spurt, ou est le fils" — hvar er sonurinn, eins og Frakkar eru vanir að spyrja: „ou est la femme" — hvar er konan? — þegar þeir botna ekki í einhverju. Enda er ekki alveg ástæðulaust að spyrja hér eftir syninum, því að maður veit að G. J. og hinn ónefndi þm. höfðu verið í félagi með ráðherrasyninum um „öll þau réttindi, sem hver einn af oss kann að öðlast með samningum við landstjórnina eða Alþingi til silfurbergsnámaréksturs . . ." Og enn veit maður að ráðherrasonurinn hefir fengið álitlega

upphæð hjá opinberu leigjendunum fyrir afskifti hans af þessu svonefnda silfurbergsmáli.

Þessi ráðstöðun er mjög varhugaverð og jafnvel óforsvaranleg. Silfurbergið er hlutur, sem hvergi er til nema hér, fullkomið unicum — eintæki — fyrir Ísland. Góður búmaður mundi hafa gert sér mat úr því tækifæri, sem hér lá fyrir. Landsjóður hefði helzt ekki átt að leigja námurnar, heldur reka þær sjálfur og kaupa þær námur, er í annari eign kunna að vera. Menn geta sem sé ekki vel komist af án silfurbergs. Það er haft til sykurgerðar og notað til optiskra verkfæra. En úr því að framsala var leyfð, þá átti vitanlega að taka bróðurpartinn landsjóði til handa af þeirri miklu upphæð, sem leigjendurnir tóku hér á alveg þurru landi. Hv. ráðherra hefði getað gert námu þessa að ótæmandi mjólkurkú fyrir landið. Hann gerði hana líka að mjólkurkú, að mjólkurkú — fyrir 2 samflokksmenn sína og — son sinn.

Mér var sagt í gær, að á Þýzkalandi væri nú gefið 500 kr. fyrir pund af silfurbergi og það mætti jafnvel koma verðinu upp í þúsund krónur, með því að passa að láta ekki nema lítið út af því í einu, því að sykurgerðarmenn og sjóntækjasmiðir geta ekki án þess verið. En með framsali leigusamningsins hefir landið verið svift færi um að njóta óþrjótandi auðsuppsprettu um langan tíma og vona eg að menn játi, að hæstv. ráðherra hafi hér gert verk, sem ekki orkar tvímælis um, að sé óforsvaranlegt í alla staði.

Eg hefi talað lengi, enda er eg nú nærri búinn. Eg vona að flestir háttv. meirihlutamenn játi því, að öll mál þessi, eða fleiri eða færri af þeim að minsta kosti, séu þess verð, að þau séu rannsökuð. Hér er ekki verið að fara fram á að háttv. deild kveði upp dóm í málum þessum og því síður að hún láti framkvæma dóminn þegar í stað, að fordæmi hv. ráðherra í bankamálinu. Hér er að eins farið þess á leit, að háttv. deild leyfi að rannsaka hið svokallaða bankamál og aðrar athugaverðar gerðir stjórnarinnar. Nefndin ræður því eftir orðalagi tillögunnar, hvort hún tekur fleiri mál en Landsbankamálið til rannsóknar, og taki hún fleiri mál, þá hver. Þau dæmi, sem eg hefi hér nefnt, varða að vísu við lög, 13. kafla hegningarlaganna eða ráðherraábyrgðarlögin. Silfurbergsmálið mundi t. d. heyra undir 4. gr. ráðherraábyrgðarlaganna, hin svokölluðu konduite brot, eða brot á móti góðri ráðsmensku. En þó að hér muni vera um vítaverð brot að ræða, þá er enganveginn þar með sagt að þau verði öll rannsökuð. Nefndin ræður, hvaða mál hún tekur fyrir auk bankamálsins, og hún á ekkert úrskurðarvald um þau, hún gerir tillögur um þau, en háttv. deild eða sam. þing ræður því, hvað úr tillögum skuli verða. Eg vona því, að háttv. deildarmenn hafi ekkert á móti skipun nefndarinnar og eg er því óruggari um það, þar sem mér er kunnugt, að á fyrsta kjósendafundinum, sem haldinn var hér í Reykjavík og þessi tillaga var fyrst borin upp á, voru staddir 5 meirihluta þingmenn og mælti þá enginn þeirra á móti henni. Einn þeirra situr hér andspænis mér.

(*Ari Jónsson*: Eg var þar ekki).

Neitar þingmaðurinn því, að hann hafi verið á fundinum?

(*Ari Jónsson*: Eg var farinn þegar tillagan var borin upp).

Þingmaðurinn var viðstaddur lengi fundarins, það mundi eg. Eg heyrði hann tala, en hinsvegar játa eg, að hann er ekki sá maður, að strax verði vart við autt sæti eftir hann á mannfundum eða annarstaðar. En þar er eg sé, að háttv. sami þingmaður er fremstur flutningsmaður að annari tillögu, sem fram er komin hér í deildinni, vantraustsyfirlýsingu gegn ráðherra, þá býst eg við, að hann fylgi líka minni tillögu.

(*Ari Jónsson*: Eg svara seinna).

Um breytingartillögur þær, sem fram eru komnar, get eg verið stuttorður. Þær eru eðlilega fram komnar af hlífð við ráðherra, búist við að nefndin renni honum og flokknum betur niður, ef rannsóknin er fyrst og fremst bundin við bankamálið og ekki einskorðuð við gerðir landstjórnarinnar í bankamálinu, altsvo ekki ólíkar pillum í gyltum umbúðum. En auk þess mun nokkuru valda gamall beygur við Isafold vegna væntanlegra kosninga, en þann ótta ættu hv. meirihl.menn að spara sér, því að Ísaf. hefir ekki sömu áhrif hér eftir og hingað til, enda mun hún tæplega gleyma þeim herrum, þann grikk, sem þeir eru nú að gera húsbónda hennar og herra hér á þingi.

Eg býst við að nefndin verði að sjálfsögðu kosin með hlutfallskosningu, enda hefi eg afhent forseta lista í því skyni.

Ráðherra (**B. J.**): Eg held eg verði að byrja á, að taka mér í munn orð hins sprengvirðulega konungkj. þingmanns, sem eg aldrei man á númerið, að öll þessi hans ræða, sé frá upphafi til enda, ekkert annað en meiri háttar leikhúshvellur; átyllulaus stóryrði og blekkingar.

Eg ætla mér nú ekki að verða eins víðförull, eins og sá hv. konungkjörni var, er síðast talaði; þar sem hann blandaði saman silfurbergi, gufuskipaferðum, bankarannsókn, fjárlögum og aukafjárlögum og ýmsu því um líku; heldur ætla eg einungis að halda mér við það efni, sem dagskráin lýtur að — svo nefnt bankamál. Virðul. framsögum. var æði digurmæltur um það atriði, að afsetning gæzlustjóranna hefði verið fyrir fult og alt; og taldi það vera hina mestu lögleysu; en eg þykist þess fullviss, að engum muni kunnugra en honum um það, að með tilvitnuninni: lög um stofnun Landsbanka frá 1885, var gefið til kynna, í frávikningar-úrskurðinum, að gæzlustjórunum væri einungis vikið frá, um stundarsakir; og þar með hygg eg hrundið vera öllum öfgunum, ósköpunum og ýkjunum, sem virðul. framsögum. spann út af því, að afsetningin væri og hefði verið allsendis ólögleg. — Þá var það eitt, sem hann fann mér til foráttu, að eg hefði í blaði sonar míns, Ísafold, kallað gömlu bankastjórana, daginn eftir að þeim var vikið frá: valinkunna sæmdarmenn. Í því átti að felast eitthvað meira en lítið svívirðilegt. Mér er ekki skiljanlegt hvað? Eg þekki alla menninna persónulega sjálfur, og veit að þeir eru allir heiðvirðir, ráðvendnis- og sæmdarmenn; engum dettur í hug að halda, að þeir hafi dregið sér einn eyri af fé bankans. — En mennirnir hafa verið ofhlaðnir öðrum störfum, og af því hlýtur aðallega að stafa óreglan og sukkið, sem komið var á í bankanum — af því og sennilega engu öðru.

Þá kem eg að öðru atriði í ræðu hans, nfl. varasjóð bankans; hann virtist vilja halda því fram, að varasjóðurinn hefði aldrei verið veðsettur Landmandsbankanum; eða þótt svo hefði verið, þá skifti það litlu máli hér, — jú, bankastjórnin gamla þrætti líka fyrir veðsetninguna, þrátt fyrir ómótmælanlegar sannanir, og þessvegna er kannske ekki undravert þótt virðul. framsögum. geri það líka. —

Þá vildi hinn virðulegi konungkjörni þingm. (L. H. B.) véfengja það að bankinn tapi 400,000 kr. En ekki tekst honum betur þar en endranær, ástæður engar, bara eintómar ágizkanir og loftkastalar og hégómlegustu vafningar. —

Sjálf skýrsla rannsóknarnefndarinnar sannar ótvírætt að tapið er minst 400,000 kr. Og nefndin hefir farið þar eftir þeim nákvæmustu rannsóknum sem hugsanlegt var.

Eg er ekki í neinum vafa um það, að það hefði verið öldungis óverjandi af mér sem stjórnanda, að láta bankastjórn, sem vanrækt hafði svo skyldustörf sín sem þesi, sitja lengur í stjórn bankans, — það hefði verið alveg óverjandi. — Auk

þess sýnir öll rannsóknarnefndarskýrslan ljóslega, að bæði réttmætt, nauðsynlegt og óumflýjanlegt var að vikja mönnum þessum þegar í stað frá störfum þeirra.

Ummælum virðul. konungkjörna þingmanns um að eg sem ráðherra hafi gert hitt og þetta, til þess að spilla áliti bankans, utanlands og innan, vísa eg frá mér, sem gersamlega ósönnum og órökstuddum sleggjudómum. Það er einmitt sannanlegt, að bankanum hefir stórum aukist traust, eftir að rannsóknin var fyrirskipuð; þrátt fyrir það þótt ýmsir þeir menn, er þykjast bera hag hans fyrir brjósti, hafi oftar en einu sinni gert að honum aðsúg, til þess að reyna að veikja traust hans og viðgang.

Þessa rengingu á tapinu, eða vissunni um það, bygði hinn afburða-virðulegi kgk. þm. nr. 5 á dálítið skrítinni athugasemd, nefnilega, að mennirnir sem taldir eru öreigar, geti unnið í lotteríinu! Þetta finst mér ærið bíræfið, eg get ekki annað sagt. Mér datt í hug, er eg heyrði þetta, dálítið sem dönsku bankamennirnir sögðu frá hér. Þessir menn, sem aldrei hafði verið beðið um héðan, en voru sendir af aðalviðskiftastofnun Landsbankans, til að rannsaka ástand bankans, þeir komust að nákvæmlega sömu niðurstöðu um hag hans og stjórn gömlu bankastjórnarinnar sem rannsóknarnefndin, og getur þó enginn dróttað að þeim hlutdrægni. Þeir gátu um, að slíkt óstand hefði verið í banka einum í Danmörku, í Fredericia, bankastjórinn hefði lánað út fé bankans gegndarlaust og gegn ónýtum tryggingum. Og er hann var eitt sinn spurður, hvort hann gæti látið sér detta í hug, að maður nokkur, er hann hafði lánað mikla fjárhæð, gæti nokkurntíma endurborgað hana, þá svaraði hann: „Hann gæti unnið í lotteríinu!“ Mér datt þessi saga í hug, og gat þessvegna ekki varist hlátri, þegar hv. 5. kgk. þm. afsakaði lánveitingar hinnar fráförnu bankastjórnar með þessari sömu óvenjulegu viturlegu athugasemd! — Eg get ekki verið að fara út í smá-atriði, eins og þá skáldsögu, að framkvæmdarstjóri hafi verið rekinn upp úr sæti sínu, er hann var að undirskrifa útgjaldaskipun fyrir víxli; það er auðvitað skáldað eins og margt annað, sem hér hefir verið sagt.

(Kristján Jónsson: Það er ekki skáldsaga; eg sat við hlið hans er þetta gerðist).

En það er ekki smá-atriði, er flutningsmaður leyfir sér að þræta fyrir það, að sparisjóður hafi ekki verið gerður upp í 8 eða 9 ár; því að fyrir því er blátt áfram frásögn bankamannanna sjálfra. — Heimildin til að vikja bankastjórninni frá — en það er ráðstöfun sem stjórnin áleit sér skylt að gera vegna þess voða, er bankinn var staddur í — felst í gömlu bankalögunum, því þau voru í gildi, þá er þetta gerðist, þ. 22. nóv. 1909. Hin nýju lög gengu ekki í gildi fyr en 1. jan. 1910, og gátu ekki verkað fram fyrir sig. Óhlutdrægir lagamenn verða að viðurkenna, að hver sú ráðstöfun er lögleg, sem gerð er meðan þar að lútandi lög eru í gildi. — Eg sagði að frávikningin hefði verið „um stundarsakir“, enda var í afsetningarbréfinu vitnað í þá grein í lögunum (frá 1885), er heimilar frávikning um stundarsakir. Þau orð geta átt við viku, mánuð, missiri, ár, og þar fram yfir. Það er því ekkert ólöglegt í því, þó þessi frávikning um stundarsakir standi enn, þó ekki væri í fyrstu ætlast til að hún stæði svo lengi. Ástæðan til þess að afráðið var að vikja bankastjórninni frá um nokkurn tíma var sú, að að öðrum kosti hefði verið ókleift að ljúka rannsókninni, þar sem þeir töfðu hana á alla lund og gerðu nefndarmönnum ókleift að koma fram störfum sínum. Það var eins og flutningsmanni fyndist það ofur-eðlilegt, að bankastjórnin kæmi þannig fram við nefndina, þar sem hún hefði verið illa skipuð, mennirnir ýmsum ókostum búnir, öðrum háðir o. s. frv. Þetta er einber hégómi. Mennirnir voru vel valdir,

óháðir stjórninni og öðrum. Þessu til sönnunar get eg getið þess, að formaður nefndarinnar síðari, er var þá þegar orðinn konunglegur sýslumaður, og hafði eg þó búist við að hinn hávirðulegi 5. kgk. þm. bæri virðingu fyrir þeirri stöðu, var þegar er hann tók sæti í nefndinni stórsvívirtur og smánaður í aðalmáltóli þessa kgk. þm., og þeim svívirðingum óðar snúið á dönsku og sendar dönskum blöðum svo sem síður er í þeim herbúðum. Þessar aðfarir heimastjórnarblaðanna eru öflugasta sönnunin fyrir því, að þessi maður er mjög heiðvirður maður. En nú munu margir spyrja, hví þessi frávikning „um stundarsakir" standi enn.

(*Lárus H. Bjarnason* hlær).

Þessi nauðavirðulegi kgk. þm. getur rekið upp hlátur þegar hann heyrir ástæðuna, en líklega verður hún honum nokkuð stirður biti í hálsi. Eg hafði hugsað mér að láta gæzlustjórana taka við starfi sínu aftur um áramót, því að þá gætu þeir ekki lengur tafið fyrir rannsókninni á bankanum, enda yrði henni þá að mestu lokið. Mér hefði enda verið þetta miklu ljúfara; mér var ekki í nöp við þessa menn, hafði talið þá góða vini mína. En er útlendu bankastjórarnir fréttu, að stjórnin hefði þetta í hyggju, sögðu þeir berum orðum, að ef það yrði gert, þá hlytu þeir að leggja það til við umbjóðendur sína, stjórn Landmandsbankans, að slitið væri viðskiftasambandi hans við Landsbankann. Eg geri ráð fyrir að ýmsa menn langi til að véfengja þetta, en það vill svo slysalega til fyrir þá, að að þessu eru margir vottar. Hvað lá þá við, ef stjórnin framkvæmdi áform sitt? Viðskiftaslit við Landmandsbankann, sem þá átti alt að 8 hundruð þús. kr. hjá Landsbankanum. Skuldinni hefði verið sagt upp fyrirvaralaust, og Landsbankinn hafði engin ráð með að borga, hefði orðið gjaldþrota. Í þennan voða mátti stjórnin, sem vildi vera samvizkusöm gagnvart bankanum, ekki stofna honum og því stendur frávikningin enn.

Hvort þessar tillögur bankamannanna hefðu verið réttmætar, fer eg ekki út í, en hitt er það, að allar líkur eru til þess, að stjórn Landmandsbankans hefði farið að ráðum trúnaðarmanna sinna. — Eg get lýst því skýlaust yfir, að hvert það viðvik, sem stjórnin hefir gert í bankamálinu, er löglegt og fullverjandi í alla staði. Ef óhlutdrægir dómarar ættu um að dæma, þá mundi fullu trausti verða lýst á stjórninni fyrir gerðir hennar í þessu máli.

(*Kristján Jónsson*: Það mun koma í ljós nú. Málið verður dæmt hér í deildinni!)

Eg marka minna en ekki það sem hinir seku menn sjálfir eða þeirra talsmenn hrópa upp. — Hinn hávirðulegi 5. kgk. þm. vitnaði í það, að eg hefði lýst þessa tvo menn, gömlu gæzlustjórana, valinkunna sæmdarmenn. Á það þá að vera glæpur! En annars er ekkert annað sagt með þessu en að eg, — eg kannast við að orðin séu frá mér komin, — sé alsannfærður um að þessir menn hafi ekki haft af bankanum vísvitandi einn eyri sér í hag. Auðvitað mátti láta þetta ósagt, og hefðu margir gert, en mér fanst hlýða að lýsa þessari sannfæring minni, að misfellurnar á eftirliti þeirra með stjórn bankans hafi eigi verið sprottnar af þeim ásetningi að baka bankanum tjón, heldur af vangæzlu og vanrækslu. Eg get ekki séð, að hreinlegar og drengilegar verði að farið og finst mér sjálfir mennirnir ættu að vera mér þakklátir fyrir þessi orð.

Eg hygg nú, að eg hafi skýrt þetta mál nægilega fyrir öllum, sem rétt vilja dæma. Eg tel það alls óþarft, að skipa nefnd í málið, því að það er rannsakað til hlítar, að því leyti sem dómstólar eiga ekki um að dæma, en sú hlið málsins bíður fullnaðarúrslita hæstaréttar, og kvíði eg þeim ekki. — Hv. flutningsmaður rausaði mikið um skipaferðir, Thorefélagið o. s.

frv. Finst mér ekki hlýða að svara þeirri langloku nú, það mál kemur til umræðu, þegar fjárlög og fjáraukalög verða rædd.

Flutningsmaðnr talaði margt um silfurbergsmálið, og var flest, sem hann sagði, rangfærslur og ósannindi. Hann sagði meðal annars, að eg hefði samið við son minn um sölu á leiguréttinum að námunum eða að hann hefði verið í því félagi, sem leiguréttnrinn var seldur. Þetta er hégómaþvaður, sem gengið hefir manna í milli og auðvitað var tekið með fögnuði af hv. 5. kgk. þm. og hans félögum, og skal eg ekki fara frekar út í það, en að lýsa það helber ósannindi. Sömuleiðis sagði flutningsmaður, að eg hefði gert það fyrir hann, son minn, að veita samþykki mitt til þess að þetta félag seldi leiguréttinn öðru útlendu félagi. Þetta er líka rangfærsla. Eg gerði ekki annað en það sem eigendur leiguréttarins áttu heimtingu á, sem sé að leyfa þeim að framselja öðrum leiguréttinn gegn því að landsjóður héldi öllum sömu réttindum. Svo að eg viki aftur að hinni upprunalegu sölu, þá skal eg taka það fram, að þá er námurnar voru auglýstar kom að eins eitt nýtt tilboð. Sá sem þangað til hafði haft námuna á leigu bauð lægra en nýja tilboðið, og því var það tekið. Eg get bætt því við, að þegar leigutími fyrri leigjandans var útrunninn, var hæpið að treysta því að nokkur ögn væri eftir af námunum. Það þurfti því að fá útlenda menn með ærnum kostnaði til að rannsaka, hvort meira væri eftir. Það er eðlilegt að ekki vilji nema útlend miljónafélög ráðast í slíkt fyrirtæki; en þau horfa ekki heldur í að leggja upp á von og óvon stórfé í að leita að dýrum málmum. Það er óvíst að landssjóði hefði borist sama tilboðið, sem íslenzka félaginu, ef hann hefði átt í hlut. Privat-menn standa oft miklu betur að vígi í slíkum efnum.

Lárus H. Bjarnason: Eg leiði alveg hest minn frá því að kenna hæstv. ráðherra að þekkja á mér númerið, sem hann kallar svo, enda gerist hann nú gamall og ilt að kenna gömlum . . . . . manni að læra. En eitt er víst, og það er það, að númerinu á honum í ráðherraembættinu mun þjóðin seint gleyma.

Og skal eg svo snúa mér að efnisatriðunum. Hæstv. ráðherra vill nú halda því fram, að afsetning gæzlustjóranna 22. nóv. 1909 hafi átt að vera um stundarsakir. En hér rekst ráðherra óheppilega á sjálfan sig, því að samkv. landsyfirréttardómi frá 25. apríl 1910 í máli, sem ráðherra og bankastjórarnir, Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson fyrir hönd Landsbankans, áttu í við annan gæzlustjórann, hv. þm. Borgf., er það haft eftir ráðherra, að gæzlustjóranum „hafi verið vikið frá gæzlustjórastarfinu til fullnaðar með stjórnarráðstöfuninni 22. nóv. f. á.“ Og líkt er tekið til orða í öðrum landsyfirréttardómi frá 11. júlí 1910. Ráðherra er þannig orðin tvísaga og kemur það nú reyndar ekkert flatt upp á mig, því í öðru máli, hinu svonefnda lygaskeytamáli, lætur hv. ráðh. son sinn segja í sóknarskjali 27. jan. 1910:

„Umbjóðandi minn hefir aldrei fyrirskipað stjórnarskrifstofunni í Khöfn að senda út hina tilfærðu frétt (þ. fregnina um „stórfögnuðinn ráðherra til handa“ við mótmælafórina til ráðherra 26. nóv. 1909) eða neitt henni líkt, og aldrei tjáð greindri skrifstofu neitt þessu líkt.“ En hvað segir hann svo í sóknarskjali 12. maí 1910? Þá segir hann: Umbjóðandi minn hefir símað til stjórnarráðsskrifstofunnar í Kaupmannahöfn, að honum hafi verið sýndur mikill fagnaður umræddan dag“. Þetta stendur, svo samstætt sem það er eða hitt þó heldur, í staðfestum útdrætti úr sóknarskjölunum, sem eg held á.

Fyrst snýr hann upp á sig, og svo snýr hann ofan af sér aftur. Eg leyfi mér að minna hæstv. ráðherra á að gæta þess

betur framvegis, hve áríðandi það er að muna, hvað menn hafa lagt til málanna áður.

(*Ráðherra:* Eg tek engum ráðum frá þessum manni)

Hæstv. ráðherra ætti að kunna að þiggja holl ráð, hvaðan sem koma. Hv. ráðh. lét sér nægja að endurtaka hvað eftir annað, að hinir sundurliðuðu, rökstuddu ákærupóstar mínir í bankamálinu væru ósannir og s. frv., en leitaðist ekki við að færa orðum sínum neinn stað. Og það er vandalítið og fremur við hæfi barna en fullorðinna manna. Þannig endurtók hv. ráðh., að óleyfilegt væri að veðsetja varasjóð, enda þó að eg hafi endur fyrir löngu bent honum á 7. gr. í bankalögunum frá 18. sept. 1885, sem beint heimilar þetta. Hann getur fengið lögin hjá mér, ef hann vill. Hv. ráðherra sagði að rannsóknarnefndin hefði sagt sér hitt og þetta fleira en komið var fram í dagsins ljós 22. nóv. og á því hefir ráðh. svo náttúrlega bygt; hann hefir þann stóra ókost, að trúa öllu, sem í hann er látið, hversu ótrúlegt sem er, eins og þegar drengurinn taldi honum trú um að Andersen hefði hlaupið í handlegginn á sér og skrifað bók. Ráðh. gaf bókina út. Eins trúði hann því, þegar honum var sagt að dauður læknir hefði skorið krabbamein úr manni og fleygt því í ofninn. Slík trúgirni er háskalegur galli á manni í ábyrgðarstöðu.

Hv. ráðherra hafði það eftir erlendu bankastjórunum að Landmandsbanken mundi segja upp sambandinu við Landsbankann, ef gæzlustjórunum yrði hleypt að. enda þóttist hann hafa hætt við það fyrir þá sök. Getur verið að þeir hafi sagt það, sem hann hefir eftir þeim. En hitt gæti líka verið, að það líktist eitthvað söguburði Ísafoldar um „uppljóstranina“ á skeytunum frá bankamönnunum, sem eg get sannað, að ráðherra sjálfur smíðaði. En þó að dönsku bankamennirnir hefðu sagt það sem ráðherra hefir eftir þeim, þá skiftir það ekki máli. Það hefði ekki verið annað en spá þeirra. Ráðherra hefði átt að spyrja stjórn Landmandsbanken um það, hvað satt væri í þessu? Hann hefði átt að geta það þessa fjóra mánuði eða hvað það nú var, sem hann sat hjá dönsku mömmu.

Þetta sem hann hefir eftir dönsku bankastjórunum er því ekki annað en nokkurskonar Gróuleitissögur.

Hæstv. ráðh. kannaðist við ummæli þau sem eg vitnaði til í Ísafoldargreininni um gæzlustjórana, að þeir væru valinkunnir sómamenn, og er þá ekkert líklegra en að hann eigi greinina eins og hún leggur sig, enda segir sagan, að hann eigi fleiri greinar í því blaði en nafn hans stendur undir.

Hæstv. ráðherra var að spá því, að hann hefði traust deildarinnar og ætlast þá líkleg til að tillögu minni verði snúið upp í traustsyfirlýsingu, en ætlist hann til þess, held eg að honum væri bezt að bera þá slíka tillögu upp sjálfur.

Þá mintist hv. ráðh. á silfurbergið og sagði að Guðm. Jak. hefði átt heimtingu á því að fá samþykki til framsalsins, en þar var ráðh. aptur óheppinn, því að í 12. gr. stendur að „leigjandi megi ekki framselja rétt sinn eftir samningi þessum öðruvísi en með samþykki landstjórnarinnar“. Þetta stendur þar með hendi ráðh. og samningurinn er undirskrifaður með hans eigin hendi. En það er sagt, að sonur ráðherrans hafi verið í félaginu um að taka silfurbergsnámurnar á leigu og að sonurinn hafi samið við föðurinn og því hafi leigjendurnir fengið framsalið afgjaldslaust.

Annars kom hæstv. ráðherra ekki fram með neinar varnir, hvorki í Thoremálinu, um viðskiftaráðunautinn, né heldur um síldarmatsmanninn. Ekkert annað en bláberar neitanir og slettur. Áður en eg sezt niður, leyfi eg mér að spyrja hv. ráðh. hvort satt sé sem sagt er, að búið sé að

selja silfurberg upp úr Helgustaðanámunni fyrir rúmar kr. 100,000, en að landsjóður hafi ekki fengið nema tæpar kr. 20,000. Landsjóður átti þó samkvæmt samningum að fá 55% að frádregnum 3% fyrir flutningskostnaði, geymslukostnaði, vátryggingu og s. frv.

Ráðherra (B. J.) Mér er ekki um að hugarsmíðar konungkjörna mannsins, sem hann leyfir sér að bera fram fyrir þingið, fái að lifa lengi. Eg vona, að eg þurfi ekki langan tíma til að ráða þær af dögum.

Hann sagði, að eg hefði látið málfærslumann, son minn, halda því fram fyrir yfirrétti, að frávikning gæzlustjóranna hefði verið fullnaðarfrávikning. Þetta er ósatt, eg hefi aldrei látið hann segja neitt slíkt, ef rétt er hermt. Það því sagt út í loftið. Mér kemur ekkert við, hvað haldið hefir verið fram í tilvitnuðu sóknarskjali. Það er þar ekki sett á mína ábyrgð. Frávikningin var um stundar sakir, eins og eg hefi áður sagt, og áformið var, að hleypa gæzlustjórunum að aftur með nýári og hefði það verið gert, ef yfirlýsing dönsku bankastjóranna hefði ekki komið til.

Það sem þingmaðurinn sagði um lygaskeytamálið, var altsaman uppspuni og þvættingur, eins og þaðan var von og vísa.

Ummælin um að bankastjórnin megi veðsetja varasjóð, voru af venjulegri sanngleiksást hans mælt. Því það stendur berum orðum í reglugerð bankans, að hann megi ekki veðsetja, sakir þess, að hann á alt af að vera handbær, svo að hægt sé að greiða af honum tap bankans, þegar óhöpp koma fyrir, og sjá það allir hvað hættulegt er að veðsetja hann.

Útúrdúr hans um spiritismus sýnir mest, hvílíkur smekkmaður hann er. Hann talar þar um mál, sem hann hefir enga minstu þekkingu á, en ætti þó að vita, að það er svo merkilegt mál, að margir af beztu mönnum heimsins telja það vera eitthvert þeirra mesta merkismál, sem nú er á dagskrá.

Ekki vildi hann trúa því, að útlendu bankastjórarnir hefðu lýst því yfir, að þeir mundu leggja til við Landmandsbanken, að hann hætti viðskiftum við Landsbankann, ef gæzlustjórarnir yrðu settir inn aftur. Mér er sama, hvort hann trúir því eða ekki. Þeir lýstu þessu yfir í margra manna viðurvist. Það má leiða votta að því.

Ummæli hans um eitthvert símskeyti, sem sagt hefði verið að símaþjónarnir hefðu ljóstað upp, var sama hégómahjalið og annað, sem hann fór með.

Að eg kannaðist við, að hafa kallað gæzlustjórana valinkunna heiðursmenn, útaf því dregur þingmaðurinn, að eg hafi skrifað alla greinina, sem þau orð standa í eða allar slíkar greinar. Það sér hver maður, hvílík fjarstæða það er, að þó að orð séu höfð eftir manni af þeim sem skrifar greinina, að hann þurfi þá að hafa skrifað hana alla.

Út úr námusamningnum getur þingmaðurinn ekkert fengið, sem stutt getur hans mál. Það er rétt, að leigjandi mátti ekki framleigja námurnar nema með samþykki landstjórnarinnar, en það gat ekki skilist svo, að leigjandi ætti ekki að fá það, og þó að þetta skilyrði hafi verið í samningnum, þá álít eg, að það hefði verið í mesta lagi ósanngjarnt að meina framleigu, að eg ekki segi að það hafi verið skylda að leyfa það, þegar öllum skilyrðum var fullnægt af leigjanda.

Að eg ekki mintist á Thoresamninginn kom af því, að það mál heyrir undir fjárlögin, enda mun eg gefa fulla skýringu á því, þegar þar að kemur. Það er eins og annað af þessum þingmanni, að fleygja þessu máli hér inn á þingið með tilhæfulausum aðdróttunum og dylgjum. Eg vil ekki þreyta áheyrendurna með að rekja

sundur þá flækju og blekkingarvef, sem gerður hefir verið til að slá ryki í augu almennings.

Um síldarmatsmanninn er það að segja, að farið var fram úr fjárveitingu alþingis, eins og oft vill verða, um ferðakostnað annars mannsins, og nú hefir verið farið fram á að fá það veitt. En þetta, að hann er alt af að tönlast á því að maðurinn er systursonur sinn, það er bara venjulegt brennimark á málaferlaaðferð hans. Ef það, að maður, sem er í trúnaðarstöðu, er skyldur mér, á að vera brigzl, vil eg lýsa því yfir hér, að eg mun ekki fælast að fela mönnum, sem mér eru skyldir, störf, sem eg veit þá öðrum færari til þeirra.

(*L. H. B.:* Ou est la femme).

Þó að ég ætti á morgun að taka mann til einhvers starfa, mundi eg ekki hika við að velja til þess ættingja minn, ef eg vissi hann betur tilkjörinn en aðra, er völ væri á. Öðru ætla eg ekki að svara þessum lúalegu brigzlum.

Ekki veit eg, hvort sagan um 50,000 kr. söluna á silfurberginu er sönn eða ekki, eg hefi ekki heyrt hana fyr en nú; geng að því vísu, að hún sé af sama toga spunnin og annað, sem fram hefir verið flutt í dag, að hún sé skáldsaga. Eg segi ekki, að hann hafi sjálfur búið hana til, ef til vill aðrir — látið hana í hann — sem kallað er.

Það er ekki nema eðlilegur hlutur, að þeir menn, sem hafa bein í hendi, geti unnið námurnar af meira krafti en aðrir. Eg veit ekki betur en að þegar byrjað var að vinna í fyrra, hafi það verið alment álitið, að náman væri tæmd. Ef hepni var með, gat auðvitað verið, að meiri málmur fyndist, en það talið vonlítið, nema þá ef til vill með stórmiklum tilkostnaði.

Kristján Jónsson: Eg býst við að engan furði, þó eg taki til máls, svo skylt sem málið er mér. Fyrst skal eg gera stutta athugasemd um afstöðu mína við atkvæðagreiðslu þá er fram mun fara um tillögurnar. Eins og háttv. deildarmenn mun reka minni til, skrifaði eg deildinni bréf, er eg óskaði að hæstv. forseti læsi upp fyrir deildarmönnum. Hann varð ekki við þessari beiðni minni. En nú hefir framsögumaður þessa máls lesið bréf mitt upp. Eins og háttv. deildarmenn hafa heyrt, þá er það að eins tilkynning um það, hvers vegna eg hefi ekki getað gegnt því starfi við Landsbankann, sem háttv. deild hefir falið mér. Eg hafði búist við að meiri hl. mundi taka þetta mál fyrir þegar í byrjun þingsins. Mér gat ekki hugsast, að hann léti sér lynda að þeim manni, er meiri hl. hefir sjálfur kosið gæzlustjóra, væri meinað að hafa það eftirlit með stjórn Landsbankans, sem honum var falið með kosningunni. Það er vitanlegt, að deildin hefir ekki í langan tíma haft neinn fulltrúa í stjórn Landsbankans. Eg bjóst því við því, að meiri hl. mundi undir eins á fyrstu fundum taka málið fyrir, og átti eg tal við tvo þingmenn úr meiri hl. og höfðu þeir þá góð orð um að gera það. En þar eð ekki hafa enn orðið neinar framkvæmdir af meiri hl. hálfu, þá kemur minni hl. með þessa till., sem hér liggur fyrir. Þá verður spurningin fyrir mér, hvað eg eigi að gera, og hefi eg afráðið að greiða atkvæði með henni, þó eg hefði fremur viljað og þótt betur fara að slík tillaga um rannsókn á gerðum stjórnarinnar í Landsbankamálinu hefði komið frá meirihlutanum, mínum flokksbræðrum. En eg vona og tel víst, að þessi till. verði til að koma því fram í þessu máli, sem eg óska, verði til að koma lagi á það. Af þessu leiðir, að eg verð að beiðast skriflegrar atkvæðagreiðslu af forseta.

(*Lárus H. Bjarnason*: Það eru þegar afhentir tveir listar).

Mér virtist eg verða að skýra þegar frá þessu. Þetta er deildarinnar eigið mál. Hér lá sú spurning fyrir, hvort réttur

deildarinnar hefði eigi verið fyrir borð borinn, og virðingu hennar misboðið. Mér voru það vonbrigði að meiri hl. tók ekki málið fyrir þegar á fyrsta fundi. Eg hafði búist fastlega við því.—Að því er snertir þá breyttill., sem fram er komin, þá verð eg að lýsa því yfir, að eg get ómögulega verið henni samþykkur. Hún er mér gersamlega ófullnægjandi. Skal eg svo snúa mér að tillögunni sjálfri. Hver þessi önnur fleiri mál eru, sem flutningsmenn höfðu fyrir augum, er þeir sömdu tillöguna, vissi eg ekki fyr en eg heyrði ræðu háttv. aðalflutningsmanns; á þau ætla eg mér ekki að minnast. Eg læt þau liggja milli hluta, en ætla að eins að tala um Landsbankamálið. Eg býst við að geta talað nokkuð á annan veg um það mál en gert hefir verið. Eg ætla að segja frá einstöku dráttum úr sögu þessa máls, eins og þeir hafa grafið sig inn í minni mitt. Eg veit, að eg muni ekki hafa nein áhrif á atkvæðagreiðsluna, en orð mín gætu ef til vill haft nokkur áhrif á það, hvernig hin væntanlega nefnd lítur á málið. Eg fyrir mitt leyti óskaði aldrei eftir neinni rannsóknarnefnd, en úr því nefndin líklega verður kosin, gætu orð mín ef til vill leiðbeint henni í nokkrum atriðum.

Það er þá fyrst frá því að segja, að hæstv. ráðherra kallaði mig á einmæli við sig að morgni dags þ. 26. apríl 1909 eftir flokksfund hér í þinghúsinu, og skýrði hann mér þá frá því, að hann ætlaði að skipa nefnd til að rannsaka hag Landsbankans. Eg spurði hann, hvort hann hefði hugsað málið vel, og áliti brýna þörf á þessu, og kvaðst hann þá vera alráðinn í að gera það. Eg spurði, hvort hann vildi ekki fresta nefndarskipuninni fram yfir þinglok. Eg hræddist að þessi ráðstöfun kynni að baka honum, sem enn var mjög ungur í ráðherrasessi, óþægindi á þinginu. Í grandvaraleysi mínu hugsaði eg þar meira um hann en mig, enda gat mér ekki dottið í hug, að hann sæti á svikráðum við mig. Hann svaraði, að hann gæti ekki frestað málinu, það væri þegar afráðið. Eg lét í ljós við hann, að mér þætti furðulegt að hann skyldi ekki hafa ráðfært sig við mig um þetta, og það því fremur sem eg hafði margoft talað við hann um hag bankans, ef til vill oftar og meira en sumum hafði líkað vel. Þegar eg svo kom ofan í banka sama dag, sá eg á borðinu bréf frá ráðherra. Það var dálítið einkennilegt, að það var alt öðruvísi samið en stjórnarráðsbréf gerast. Það var nefnilega ekki skrifað í stjórnarráðinu. Í þessu bréfi sá eg svo nöfnin á nefndarmönnunum. Um þá skal eg ekki fara neinum niðrandi orðum; einn þeirra var jafnvel aldavinur minn. En svo mikið verð eg þó að láta í ljós, að eg hafði ekki það álit á þeim, að þeir mundu geta leyst sæmilega af hendi það starf, sem þeim var falið. Næsta dag mintist eg á það við hv. ráðherra, að mér væri það vonbrigði, að þessir menn hefðu verið skipaðir í nefndina. Eg spurði hann, því hann hefði ekki valið menn, sem hægt væri að bera fult traust til, sem hefðu það álit að þeim fylgdi „autoritas“. Eg nefndi t. d. landritara og nokkra fleiri menn. Okkur varð sundurorða út úr þessu, sitt leizt hvorum og síðan féll talið niður. Sama dag varð eg var við nokkra ókyrð í Landsbankanum. Hún var lítil í byrjun, en ágerðist er á daginn leið, og næsta dag sá eg að hætta var á ferðum. Viðskiftamenn bankans litu út fyrir að vera búnir að missa traust sitt á bankanum. Þá var það, að eg fékk því til leiðar komið á flokksfundi, að flokkurinn neyddi ráðherra til að gefa út yfirlýsinguna, sem lesin var upp í Nd. og fest upp á götuhornum og síðan símuð út um land. Þetta, hvernig eg fékk flokkinn til að kúga ráðherra til að gefa þessa yfirlýsingu og svo auk þess afskifti mín af öðru máli, hefir ráðherra aldrei fyrirgefið mér, og hefir það líklega ráðið því, hvernig hann fór að við mig. Þessi yfirlýsing kom að miklu gagni, en

samt sem áður var hræðslan um bankann orðin svo mikil, að c. 80 þús. kr. voru teknar út úr bankanum fram yfir það vanalega. Ráðherra hefir borið það á bankastjórnina, að hún hafi átt þátt í því að svo mikið var tekið út. Þetta eru ósannindi. Eg fyrir mitt leyti var svo mikið í bankanum þessa daga, sem mér var mögulegt. Eg gekk þar um og talaði við menn í þeim tilgangi að fá þá til að hætta við að taka fé sitt úr bankanum, og gerðu margir það fyrir mín orð. Meðal annars hitti eg þar tvo menn, sem áttu hvor um sig yfir 2 þús. kr. í sparisjóði. Eg bað þá að bíða að eins nokkra daga, þangað til í næstu viku, og taka þá fé sitt út, ef þeir álitu það þá í hættu. Þeir biðu, og eftir vikutíma var hræðslan að miklu leyti fallin niður, svo að þeir létu fé sitt standa í bankanum. Það eru því hrein ósannindi, að við bankastjórnin höfum reynt að æsa menn til að taka fé sitt úr bankanum; við gerðum þvert á móti alt, sem í okkar valdi stóð, til að koma í veg fyrir hræðsluaðsúg að honum. En samt sem áður misti bankinn þá upphæð, sem eg nefndi áðan. — Um starf nefndarinnar get eg verið fáorður alt til síðari hluta septembermánaðar. Hún starfaði daglega í bankanum frá því í maímán.. og fór alt vel, og var samkomulag hið bezta milli hennar og bankastjórnarinnar. Enda var þá áður umgetinn vinur minn formaður hennar. Er komið var fram yfir miðjan sept.mán. er mér fullkunnugt um, að hann áleit störfum nefndarinnar vera lokið, og lét hann þá á sér skiljast, að hann hefði ekki fundið neitt verulega athugavert í ástandi bankans, — þó að Ísafold auðvitað neitaði því síðar, að hann hefði látið nokkuð slíkt í ljós. Í júní átti eg tal við ráðherra áður en hann fór til Hafnar. Hann talaði þá um það, hvort ekki væri ætlast til að gerðabók væri haldin í bankanum. Eg sagði, að við álitum hvorki þörf á því né skyldu til þess. Sömuleiðis skýrði eg honum frá annmörkunum á því að halda slíka gerðabók. En jafnframt benti eg á aðra aðferð, sem mætti viðhafa til frekari tryggingar við lánveitingar, sem sé að leggja fyrir féhirði bankans að borga ekki út neina fjárhæð nema fylgdi útgjaldaskipun undirskrifuð af framkvæmdarstjóra ásamt öðrum gæzlustjóranna. En þetta var aldrei gert. Síðan átti eg ekki tal við ráðherra um neitt mál, þangað til um lok sept.mánaðar, og var alt kyrt allan þann tíma. En þá var ný nefnd skipuð til að framkvæma rannsóknina. Eg skal ekkert um þá nefndarmenn segja nema það, að eg álít þá gersamlega óhæfa til þessa starfs, þeir höfðu enga andlega burði til að leysa það vel af hendi. Þá fór alt og að ganga stirðlegar. Gerðabókarþrefið hófst nú á ný. Við bankastjórnin vildum reyna að jafna alt sem bezt. Þann 7. okt. byrjuðum við að halda gerðabók og gerðum það þangað til okkur var vikið frá. En við unnum lítið með því að láta það undan, því að þá hófst strax stríð um það, hvernig ætti að halda bókina. Við löguðum okkur sömuleiðis eftir ráðherra í því. Eg ætla hér að segja frá dálitlu atviki, sem bar við þ. 15. okt. Þann dag kom til mín mikilsmetinn maður og vinur ráðherra. Hann varpar mæðilega öndinni og segir að þetta bankaþóf ætli að taka ljótan enda, því að ráðherra muni ætla að setja alla bankastjórnina af, líka gæzlustjórana. Eg svaraði að eins, að eg tryði því ekki. Nafn mannsins get eg nefnt fyrir væntanlegri rannsóknarnefnd. Eg skýri frá þessu atviki til að sýna það, að þá, þ. 15 okt., hefir það auðsjáanlega verið afráðið að vikja okkur frá. Það vantaði ekki annað en tilefnið. En þá var nefndin ekkert farin að rannsaka hag bankans; það er mér fullkunnugt, enda kom skýrslan ekki út fyr en í janúar. Mér var það þá þegar ljóst, að tilgangurinn með þrefi nefndarinnar var eingöngu að finna nógu sterka átyllu til að koma okkur gæzlustjórunum frá. En nú hverf eg aftur að sögu

málsins frá 15. okt. Gerðabókarþrefið hélt stöðugt áfram, og geta menn lesið nokkuð um það í athugasemdum vorum við skýrslu nefndarinnar. Mánudag 15. nóvember barst bankastjórninni bréf frá ráðherra, þar sem hann skipar okkur afdráttarlaust að halda gerðabók í því formi og á þann hátt, sem hann hafði áður lagt fyrir okkur, en við færst undan að gera. Við gæzlustjórarnir spurðum framkvæmdarstjórann, hvort hann treystist til að halda bókina á þenna hátt. Hann svaraði, að hann sæi ekki ástæðu til þess og vildi ekki gera það, meðal annars af því hann ætti nú ekki nema 6 vikur eftir af sínum starfstíma við bankann. Hér var úr vöndu að ráða. Þá datt mér gott ráð í hug. Eg stakk upp á því við hinn gæzlustjórann, að við skyldum fara til ráðherra og tala persónulega við hann um málið. Við gerðum það. Við töluðum ítarlega við hann, og fór samtalið vel og liðlega án nokkurs stirðleika. Var þetta síðasta samtal mitt við ráðherra. Við tjáðum honum að framkvæmdarstjóri vildi ekki halda gerðabókina, og við gætum ekki gert það tveir einir. Auk þess ætti um nýárið að semja nýja reglugerð (sem annars er ósamin enn) og mætti þá gera ákvörðun í reglugerðinni um gerðabókina. Þetta félst ráðherra á og svaraði: „Jæja, það verður að vera svo til nýjárs“. Þetta voru hans óbreytt orð. Eg man að eg sagði við séra Eirík Briem, þegar við gengum út: „Það fór betur að við töluðum við ráðherra“. Eg hélt sem sé, að nú væri alt þrefið búið. Enda var *gerðabókin nú* úr sögunni. Er nú fátt eftir, sem vert er að geta um, nema ef vera skyldi að þ. 17. nóv. sat eg vinaboð hjá ráðherra, — 5 dögum áður en afsetningarbréfið, sem allir munu kannast við, barst í hendur mínar. Eg fékk það skömmu eftir hádegi mánudag þ. 22. nóv. Reyndar hafði eg daginn áður heyrt að þetta væri í aðsigi, því einn nákominn maður ráðherra sagði kunningja sínum, er þeir sátu saman ásamt öðrum, við öl á laugardagskvöldið næst á undan. Þessi kunningi sagði kunningja sínum, og barst það þannig til mín. Reyndi eg þá á sunnudaginn að hafa tal af mönnum. nákomnum málinu. Einn faldi sig þangað til alt var afstaðið, og annar, sem eg náði í, vildi ekki láta neitt uppi. Þannig er þá saga málsins, mjög stytt. Eg þóttist þurfa að segja hana, því margt af þessu er mönnum ekki kunnugt áður.

Úr því að eg á annað borð stóð upp, verð eg að minnast nokkurum orðum á lögmæti afsetningarinnar.

Eg er öldungis viss um, að aldrei hefir fyr í sögu þessa lands verið beitt þvílíkri aðferð, sem hér um ræðir — að reka burtu trúnaðarmenn þingsins frá starfi sínu, án þess að þeim sé gerr nokkurr kostur á að bera hönd fyrir höfuð sér. —

Það er engin ástæða, að segja: þú ert klaufi, trassi, heimskingi, eða því um líkt. Þegar af þessu að engin ákveðin sök er gefin, er afsetningin ólögleg — fullkomlega ólögleg.

Eg vil leyfa mér að leggja áherzlu á það fyrir hinni háttv. deild, að okkur voru engar ástæður gerðar kunnar, og áttum engan kost á að kynnast þeim, fyr en skýrsla Rannsóknarnefndarinnar kom út — og ekki var heldur svo, að okkur væri send hún, heldur urðum við að kaupa hana hjá bóksala, eftir að henni hafði þó verið dreift út um land með póstum. Um bréf rannsóknarnefndarinnar frá 16. nóv., um víxlakaup starfsmannanna, sem hefir verið aðalátyllan fyrir afsetningunni, er það að segja — að eg er hárviss um, að hefðum við fengið að sjá það, þá hefði ekkert orði úr afsetningunni. — Við hefðum getað undir eins sýnt fram á það með rökum, að þær ástæður, sem bréfið greinir, voru gripnar úr lausu lofti. Annars nægir að vísa til „Aths. og Andsv.“ vorra um þetta atriði. —

Það kom mér mjög á óvart, er eg heyrði

hæstv. ráðherra halda því fram hér í hinni háttvirtu deild, að frávikningin hefði að eins verið um stundarsakir; þá skoðun hefir víst hæstv. ráðh. ekki fyr látið í ljósi.

Frávikningin var fyrir fult og alt — og af þeirri ástæðu ólögleg í alla staði. Eg fór upp í stjórnarráð, þegar eftir afsetninguna og segi við ráðherra: „Þú getur ekki meint, að afsetningin sé fyrir fult og alt. Þú getur eigi sett okkur frá nema um stundarsakir, og alls eigi eftir nýárið.“ Því svarar ráðherra þannig: „Jú það skaltu sannarlega fá að sjá sjálfur.“ — Og nú hefi eg beðið í fjórtán mánuði, eftir því, að geta rætt mál þetta á hinum rétta stað, hér í háttvirtri efri deild, er fól mér gæzlustjórastarfann á hendur — og ekkert sagt eða ritað um mál þetta, annað en bréfið, sem við bankastjórarnir létum birta daginn eftir að afsetningin fór fram, svo og bréf það, er eg einn ritaði ráðherra samdægurs afsetningunni, og birt var í blöðunum. Eg get ekki látið vera að minnast á auglýsinguna um frávikninguna, sem hæstv. ráðh. lét festa upp hér í höfuðstaðnum og síma út um land alt. — Með því særði hann freklega og svívirti okkur, gæzlustjórana — mig í æðsta dómarasessi landsins og hinn, elzta prestaskólakennara vorn.

Danskur, mikilsháttar borgari hér í bænum sagði við mig, sama daginn og afsetningingin fór fram, að hann hefði orðið öldungis forviða, er hann hefði séð þessi orð, „disse skrækkelige Ord“ sagði hann. Og svo mun ýmsum fleiri hafa farið. — Orðin voru ljót — hvaðan sem þau hefðu komið, en ekki sízt frá manni í ráðherrastöðu, og það var ekki nóg með það, að þau væru útbreidd á allan hugsanlegan hátt hér á landi; heldur voru þau símuð suður til Danmerkur, annað hvort af hæstv. ráðh. sjálfum, eða þá af einum virktavini hans hér í bænum.

Danskt blað, sem nefnist „Politiken“, gerði það að umræðuefni út af þessu máli, hvort justitiarus Íslands gæti haldið áfram að vera dómari, eftir að vera afsettur á þann hátt, sem gert var, frá bankastjórastarfinu. Svo sterkar tilraunir gerði hæstv. ráðh. til þess, að draga dómara landsins ofnan í skarnið, utanlands og innan.

Eg hugði þá, að háttvirtir samflokksmenn mínir mundu þegar taka í strenginn og ekki láta þannig svívirða mig að ástæðulausu, og traðka jafnframt rétti alþingis. Eg verð að játa, að þar varð eg að vísu fyrir vonbrigðum. — En vel getur legið þannig í því, að einstakir þingmenn hafi ekki verið fyllilega búnir að átta sig á gangi málsins. Hæstvirtur ráðherra virðist ekki hafa tekið það til greina, að bankalögin frá 9. júlí 1909 gera gæzlustjórana með öllu óafsetjanlega. — Eg fór sem fulltrúi háttv. efri deildar alþingis niður í Landsbanka, þegar eftir nýárið, til þess að gegna þar gæzlustjórastarfi mínu, en embættismenn bankans, bankastjórarnir, vildu ekki viðurkenna mig sem réttan, löglegan gæzlustjóra, og skutu sér í því efni undir úrskurð landstjórnarinnar.

Því var það, að eg fór til fógeta og krafðist þess að verða settur inn í bankann með fógetagerð. Fógeti úrskurðaði, að eg skyldi settur inn í bankann þannig, að eg hefði aðgang að bókum bankans og skjölum.

Fógetaúrskurði þessum hefir síðan verið áfrýjað til yfirdóms, þar er hann var staðfestur og síðar til hæstaréttar.

Með fógetagerðinni þóttist eg gera mitt til þess, að framkvæma vilja háttv. efri deildar; fyrir hana hefi eg átt kost á að hafa eftirlit með bankanum.

Annað mál mitt út af aðgerðum ráðherra var launamálið svokallaða, og var það aðalmálið, en í því krafðist eg dóms yfir bankanum fyrir gæzlustjóralaununum, og vann eg það gersamlega fyrir báðum réttum hér á landi. Launamálinu hefir enn ekki verið áfrýjað til hæstaréttar, og nú í þingbyrjun hefi eg fengið vissu fyrir því, að svo er ekki. En uppkveðnum

dómum hefir ekki verið hlýtt; þeir hafa verið einskisvirtir.

Alt þetta, sem eg hér segi, er skjalfest og ómótmælanlegt. Það hafa verið brotin lög á alþingi; og sjálfur verndari laganna, hæstv. ráðh., gengur fram fyrir fylkingar. Og síðan hefir hann rofið lögmæta dóma.

Það má því með fullum rétti kalla núverandi landstjórn lögbrotastjórn og dómrofastjórn; svo lagaða stjórn höfum við haft síðasta 2ja árabil. Hún hefir brotið lög á alþingi, og rofið dóma, er uppkveðnir hafa verið mér í vil. Hún hefir engan lagastaf, enga lagaheimild haft til að skipa hvað ofan í annað aðra gæzlustjóra við Landsbankann en hina þingkjörnu. Það er þriðja lagabrotið. Lagabrotin eru þrjú. Fyrsta, afsetningin 22. nóvbr. 1909. Annað, bréfið 3. janúar, er hann tilkynnir okkur, að okkur sé bannað að komast að bankanum. Þriðja, skipun gæzlustjóra við Landsbankann. — Þetta alt til samans vænti eg að háttv. alþingi taki til vandlegrar íhugunar, því að alt þetta kemur niður á hv. efri deild, er brot gegn þessari deild. — Alt hjal hæstv. ráðh. og fylgismanna hans um tap það hið mikla, er bankinn hafi átt að bíða, og okkur gæzlustjórunum er um kent, er einber hégómi, fullkomlega ósannaður tilbúningur.

Skýrsla rannsóknarnefndarinnar telur tapið 400,000 krónur, en þessu er slegið fram gersamlega út í bláinn. Tapið var ekki orðið meira en 15,000 krónur við árslok 1909; og þótt svo líti út, sem verið sé að teygja tölurnar sem næst upphæð rannsóknarnefndarinnar á síðasta reikningi bankans, þá virðist það frekar vera gert hæstv. ráðh. og nefndinni til hugnunar, en að fyrir því sé nokkur reikningsleg heimild. Og enn sem komið er get eg með ánægju lýst yfir því, að tap bankans er nauða lítið, eigi einu sinni náð 30 þús. krónum bæði árin 1909 og 1910. — Lítið er það, sem betur fer, upp í allar þessar 400,000 krónur. — Sama er að segja um varasjóðinn, hann er enn nákvæmlega það sem hann átti að vera, um 706,000 krónur. Hann er ekki tapaður og engu tapað af honum. En það vil eg leyfa mér að taka fram í þessu sambandi, að á því tapi, sem bankinn hér eftir kann að bíða, berum við enga ábyrgð, fráviknu gæzlustjórarnir.

Annars ber eg það traust til hinnar háttvirtu deildar, að hún geri réttilega upp á milli mín og hæstv. ráðh. í máli þessu.

Eg get ekki látið hjá líða að minnast enn á orð hæstv. ráðh., þar sem hann heldur því fast fram, að afsetningin sé hvorki né hafi verið fyrir fult og alt. Aldrei hefi eg fyr heyrt nokkurn mann halda fram jafnröngu máli, þrátt fyrir óhrekjanlegar skjalfestar sannanir. Og þess vegna finst mér ekki neitt sérlega óeðlilegt, þótt einhverjum kynni að fljúga í hug, að ekki mundi alt með feldu um sálarástand hæstvirts ráðh. í seinni tíð.

Enn vil eg taka það fram út af orðum ráðherra, að bankastjórnin hafði aldrei veðsett varasjóð bankans, og í vörzlum bankans var svo mikið af góðum, tryggum bréfum, sem nægði fyrir varasjóði. Tryggvi Gunnarsson hefir í höndum kvittun viðtakenda fyrir þeim.

Alt þetta veðsetningarhjal er botnleysa, og rangt frá rótum. Bankastjórnin hafði að vísu fult vald til veðsetningar, en Landmandsbankinn hafði ekki beðið um veð og því var honum eðlilega ekki veð sett. Hið margumtalaða fjögur hundruð þúsund króna tap er tóm getgáta, og sett alveg út í bláinn. Eg gæti ímyndað mér að bankinn gæti tapað fjórum hundruðum þúsunda króna á 10 til 20 árum, ef bankastjórnin væri ekki gætin og bruðlunarsöm með fé bankans.

Að því er sparisjóðinn snertir, er það fullkunnugt, að það er ósatt mál að hann hafi ekki verið gerður upp. Hann hefir einmitt verið gerður upp á hverjum degi,

á hverjum mánuði og við hver árslok. Það er vitanlegt, að það sem Ísafold segir um þetta mál er algerlega út í loftið sagt.

Einn rannsóknarm. sagði ráðherra eða Ísaf. að sparisj. hefði ekki verið gerður upp svo, að heim hefði komið. Þetta mun ráðherra og Ísafold hafa misskilið svo, sem engin uppgjörð hafi átt sér stað, og þannig var þetta látið fara út í almenning. Sparisjóðurinn hefir verið gerður upp á tvennan hátt og við þá uppgerð munaði um 47 krónur og nokkra aura, en bankastjórnin áleit ekki tilvinnandi að leita að svo lítilli skekkju. Svo hefir ráðherra, ef til vill óviljandi, hlaupið með þetta í Ísafold.

Það er ekki til neins að reyna að halda þessu fram hér í deildinni. Þetta er misskilningur úr ráðherra. Annars er þetta mál fyrir löngu úr sögunni.

Eg neita því gersamlega að bankastjórnin hafi að nokkru leyti tafið fyrir rannsóknarnefndinni. Gamla bankastjórnin var henni einmitt innanhandar og starfsmenn bankans hjálpuðu henni í hvívetna. Þetta er því tómur fyrirsláttur og uppspuni. —

Ráðherra segir, að spurningin um lögmæti afsetningarinnar sé fyrir dómstólunum Hún er fyrst og fremst fyrir þessari háttv. deild. Deildin verður að segja, hver sé löglegur gæzlustjóri hennar. —

Hæstvirtur ráðherra sagði, og þóttist þar hafa tromp á hendi, að bankamennirnir dönsku hefðu lagt það til, að afsetningin héldist. Það er næsta ótrúlegt að þeir hafi farið að blanda sér í þetta sérmál, mál, sem vissulega er sérmál okkar og stjórnarinnar. Við mig sögðu bankastjórarnir dönsku, að þeir skiftu sér alls eigi af stjórnarráðstöfunum (pólitik), og lögðu áherzlu á það. Þetta hlýtur því að vera rangt hjá ráðherra.

Bankastjórarnir dönsku fóru 29. des. 1909, ef eg man rétt, eða að minsta kosti nokkru fyrir nýár. Á gamlársdag veit eg með vissu, að ráðherra ætlaði þá að setja gæzlustjórana inn aftur í bankann. —

En þá hefir illur andi komið í spilið, sem réð því að bréfið var skrifað 3. jan.

Ráðherra getur ekki borið fyrir sig bankastjórana dönsku. Eg átti einmitt tal við þá skömmu áður en þeir fóru og þeir sögðu mér, að um þá spurningu mundu hvorki þeir sjálfir eða Landmandsbankinn láta neitt uppi. Eg krefst því skriflegra sannana ráðherra hér fyrir því, sem hann hefir sagt í þessu efni, en lýsi þetta annars tilhæfulaus ósannindi.

Annars gat Landmandsbankinn haft þessa skoðun þá, og breytt henni síðan, Eða að minsta kosti er engin ástæða til að ætla, að Landmandsbankinn hafi nú þessa skoðun. Og var ekki ástæða fyrir ráðherra í sinni fimm mánaða útivist að grenslast eftir þessu hjá Landmandsbankanum. Honum var sem sé innan handar að fá vissu um það atriði hjá nefndum banka.

Eg mun svo ekki þreyta deildina meira um þetta mál.

Það kemur nú vonandi bráðlega undir rannsókn og bíð eg eftir úrskurði deildarinnar um það, hvort eg er „hinn seki maður," eins og ráðherra hefir leyft sér að kalla mig.

Sigurður Hjörleifsson: Eg á ásamt tveimur samdeildarmönnum breytingartillögu á þingskjali 47. Hennar hefir áður verið minst lítillega, en eg vil þó með fáeinum orðum mæla með henni. Það hefir verið sagt, um þessa tillögu, að ekki væri til neins að bera hana fram, þar sem málið væri þegar afgert. Það hefir ennfremur verið sagt að það færi ekki vel á því að ritstjóri Norðurlands væri flutningsmaður hennar; en hinsvegar engin rök verið færð fyrir þeim ummælum, enda tel eg þau markleysu. Það sem þessi tillaga fer aðallega fram á er að breyta tillögunni svo, að ekki verði ber hlutdrægni deildarinnar í þessu máli. Þetta er gert vegna velsæmis deildarinnar. Það lítur ekki vel út að

orðalagið á þingsályktunartillögunni sýni, að deildin hafi fyrirfram ákveðinn tilgang með þessari nefndarskipun, sem bendi til harðræðis og hlutdrægni.

Hér eru þeir menn við riðnir, sem þetta mál snertir svo mjög, að úrskurður þeirra verður að skoðast næsta hlutdrægur, enda mundu þeir vera taldir óhæfir dómarar um það í hverju öðru siðuðu landi.

Hér í deildinni eru báðir gæzlustjórarnir og bróðir annars þeirra, og ætla þessir menn að ráða úrslitum málsins. Ákærendur eru hér dómendur, og dómendur ákærendur.

Þeir sem ákærðir hafa verið eru líka dómendur. Sjálfur háyfirdómari landsins ætlar sér að vera háyfirdómari hér í sínu eigin máli.

Það virðist öllu betur við eigandi, að ekki sé öllum auðsætt, að hér sé að ræða um ákveðna skoðun og stefnu í málinu, áður en þingið hefir rannsakað það. Það er annars óþarft að tala um þetta langt mál og er að öllu leyti sæmilegra að talað sé sem minst um málið, áður en rannsókn fer fram. Hefði verið heppilegra að málið hefði komið annarstaðar fyr fram, en þar sem báðir gæzlustjórarnir hafa atkvæði.

Lárus H. Bjarnason: Eg get ekki láð hv. þingm. Ak. að hann mælir með tillögu sinni, en vona hinsvegar að deildin verði henni ekki fylgjandi.

Eg hefi aldrei sagt að forlög þessa máls væru þegar ákveðin. En eg kom í dag að máli við þingm. Akureyrar og sagði við hann á þá leið, að við skyldum reyna að komast hjá rifrildi um tillöguna, það hefði svo hvort sem er ekkert upp á sig, og fanst mér hann taka vel í það.

Hér getur ekki legið við velsæmi deildarinnar þó að hún samþykki tillögu mína. Tillagan fer að eins fram á að gerðir landstjórnarinnar verði rannsakaðar, engan veginn fram á það að ráðherra verði þegar dæmdur; það væri miklu fremur brot á velsæmi að neita um rannsókn á máli, sem flestir munu víta. Og það getur ekki komið til mála að seta gæzlustjóranna hér í deildinni geti komið að nokkrum baga, sízt á þessu stigi málsins og jafnvel aldrei. Þeir eru aðeins 2 og þó 3. maðurinn væri talinn með ekki heldur; hér eru 13 atkvæðisbærir menn.

Það tjáir heldur ekki að mælast undan rannsókn og úrskurði málsins hér í deildinni. Deildirnar kjósa sinn gæzlustjórann hvor, og því verður hvor deild um sig að skera úr því, hvort hennar gæzlustjóri eigi að halda sæti sínu eða ekki. Neðri deild getur ekki úrskurðað um gæzlustjóra efri deildar.

Ari Jónsson: Það eru þarfir menn, þeir sem bera á völlinn, sagði einn helzti Heimastjórnarmaðurinn nýlega, er við áttum tal saman um Lárus Bjarnason.

5. konungkjörinn hefir borið ósleitilega á völlinn fyrir Heimastjórnarmenn, bæði utan þings og innan. Hann er duglegur en í meira lagi vanhygginn. Þar er ekki fyrirhyggja eða forsjálni. Síðustu árin hefir hann með dugnaði miklum ausið svo miklum auri á ýmsa mikilhæfa mótstöðumenn sína, að jafnvel Heimastjórnarmenn hafa hrist höfuðið yfir svo óhyggilegri bardagaaðferð; mætustu menn í hans flokki fyrirlíta þá aðferð hans. Þessa aðferð sína hefir hann sýnt í Reykjavíkinni og ef til vill í Lögréttumóunum líka. Svona aðferð beitir hann einnig hér. Hann hefir borið með sér mestan aurinn inn í þessa deild, slíkan óþverra hefir enginn flutt hér inn, sem þessi fimti præmíu-gripur — eða præmíu-garpur ætlaði eg nú að segja.

Það er enginn hygginn stjórnmálamaður, sem beitir sér þann veg gegn sínum mótstöðumönnum eins og Lárus Bjarnason hefir gert, 5. kgk. þingm. Enda hefir hann nú aldrei þótt bera vitið í böggum, eins og menn kannast við að komist hafi verið að orði um hann.

Í þessu máli, sem nú er á dagskrá, hefir

hann hallað svo réttu máli, sem höfuð hans hefir haft vit til.

Hann hefir forðast að koma að aðalatriðinu, af því að þar hefir hann átt örðugast með að rangfæra, en hann hefir haldið sér mest við þau aukaatriði, er mest tvímæli eru um, en minsta þýðingu hafa fyrir aðalkjarna málsins.

Hann hefir borið saman skýrslu rannsóknarnefndarinnar og skýrslu gæzlustjóranna og haldið því með mestu alvöru fram, að þeir, gæzlustjórarnir, væru hreinir sem mjöll. En allir sjá, nema hinn litblindi „fimti," að eitthvað er nú mislitt.

Eg vil leyfa mér að minnast á fáein atriði við samanburð skýrslnanna, og er þá fyrst fyrir sparisjóður Landsbankans.

Það er mikilsverð stofnun. Um ellefu þúsundir manna, eða um áttundi hver maður í landinu, áttu inni fé þar, sem þeir höfðu sparað, þegar þetta bankamál byrjaði. Við áramótin 1908—09 var það talsvert á þriðju miljón í þessum sjóði. Þessum sparisjóði hefir fylgt sérstakur vara sjóður, (ekki varasjóður Landsbankans). Varasjóður þessi var við sameininguna 26 til 27 þúsundir. Í hitt eð fyrra var hann kominn niður í níu þúsundir. Með öðrum orðum, hann hafði minkað um 17 þúsundir.

Hvernig hann hefir minkað, vita menn ekki gjörla.

Bankastjórnin hafði álitið sér heimilt að gefa úr þessum varasjóði, eftir því sem rannsóknarnefndar-skýrslan ber með sér.

Hvort mundi það álítast hyggilegt að láta varasjóð minka svo, þar sem hann á að tryggja sparisjóðinn tapi.

Það er sannarlega ekki vel á haldið, ef hann hefir runnið svo saman sem skýrslan ber með sér.

Þá kem eg að öðru atriði. *Bankastjórnin* á að ákveða um tryggingar þær, sem settar eru fyrir lánum í fyrstu, og svo er og þegar lánin koma til framlengingar. En það er jafn-nauðsynlegt að athuga tryggingarnar er um framlengingu er að ræða.

Þessu ákvæði um tryggingar hefir ekki verið fylgt. Bankastjórnin hefir ekki ætið verið þar í ráðum, heldur oft og tíðum *framkvæmdarstjóri einn*, og hefir þetta haft það í för með sér, að sum skjöl voru í ólagi.

Víxlarnir hafa oftast verið veittir af framkvæmdarstjóra einum, og segja gæzlustjórar að ókleift hafi verið fyrir sig að vera við.

Orsökin til þessa er óhyggilegt fyrirkomulag.

Gæzlustjórarnir voru einn klukkutíma á dag í bankanum, og það sama klukkutímann báðir; var því framkvæmdarstjóri 2—3 tíma einn í bankanum og veitti þá lánin einn.

Nú er sú regla á, að safna öllum skjölum, sem koma sama daginn og bera þau undir annanhvorn eða helzt báða gæzlustjórana. Slíka aðferð hefði fyrverandi bankastjórn einnig átt að hafa.

Ef gömlu bankastjórarnir hefðu alt af athugað skjölin (og það hefðu þeir getað með þeirri aðferð, er nú var bent á), þá hefði hagur bankans verið betri. Þegar þeir fara frá, liggja sjötíu þúsundir króna í protesteruðum víxlum, sem ekki hafði fengist greiðsla á.

Þeir sem á þessum víxlum standa, eru sumpart gjaldþrota menn, sumpart sveitarlimir og óreiðumenn, eftir því sem skýrslan ber með sér.

Skýrsla rannsóknarnefndarinnar ber það með sér, að tap bankans sé metið um 400 þúsundir króna.

Það er ekki til neins að halda því fram að þetta sé einber lygi. Það liggur fyrir að nokkuru játning gæzlustjóranna sjálfra, og í Lögréttu skýrir framkvæmdarstjórinn frá því, að tapið hafi verið 10 þúsundir króna við áramót 1907, en er bankastjórninni var vikið frá, hafi jafnvel mátt gera ráð fyrir 100 þús. og þar sem framkvæmd-

arstjóri gerir ráð fyrir þessu tapi, þá er ástæða til að líta svo á, að það geti verið dálítið meira.

Það er ekki til neins að segja, að hér sé ekkert tap. nema þá að bera það fram, að það sé lygi, sem framkvæmdarstjórinn segir.

Þá er varasjóður bankans. Hann er nauðsynlegur til þess að tryggja bæði útlenda og innlenda kreditora, og hann þarf einnig nauðsynlega að vera handtækur hvenær sem er, ef óhöpp bera að höndum. Enda er það ákveðið, að hann eigi að vera í konunglegum ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum, sem fljótt sé hægt að selja.

Margskonar nauðsyn getur borið að höndum, svo að strax þurfi að nota varasjóðinn. Útlendir kreditorar geta skyndilega sagt upp viðskiftum. Innlendir kreditorar tekið út úr bankanum fé sitt. Og verði reglulegt „run“ á bankann, þá þarf varasjóður sannarlega að vera til taks. Og til þessa var nú stofnað af Heimastjórnarmönnum, þegar bankastjórninni var vikið frá.

Eg skal geta þess, að margir þeirra manna, sem fremst hafa staðið í fylkingunni gegn stjórninni í þessu máli, stóðu einnig fremstir í fylkingu þeirra, sem ruku til með ótal sparisjóðsbækur, bæði sínar eigin og annara, og tóku út úr bankanum alt það fé, sem þeir sjálfir áttu þar inni eða höfðu umráð yfir fyrir aðra. En eg skal líka geta þess, að margir tóku aftur á móti peninga sína út úr Íslandsbanka og fluttu þá yfir í Landsbankann, einn maður t. d. 30 þúsund krónur, og sýnir það, að þessir menn hafa ekki verið búnir að tapa trausti á Landsbankanum. En það voru ekki Heimastjórnarmenn, heldur Sjálfstæðismenn.

Til þess að forðast þá hættu, sem stafað getur af ýmiskonar áhlaupum á bankann, er nauðsynlegt að varasjóður sé í lagi í handbæru fé, svo að gripið verði til hans, ef slíkt ber að höndum. En ef borin er saman skýrsla rannsóknarnefndarinnar og andsvör bankastjórnarinnar, er það auðséð, að varasjóður bankans var ekki til í þannig löguðu handbæru fé, þegar bankastjórninni var vikið frá. Því að þar getur ekki komið til greina að telja varasjóð veðdeildanna, eða tryggingarfé þeirra. Ekki heldur er hægt að telja þar til verðbréf þau er lágu hjá Landmandsbankanum, hvort sem þau hafa verið veðsett honum, eða sett til tryggingar, því að ef Landsbankinn hefði komist í fjárþröng og legið á að grípa til þeirra, þá hefði Landmandsbankinn vafalaust ekki slept, heldur haldið þeim til tryggingar skuld landsbankans við hann, þar til henni væri að fullu lokið.

Þá skal eg minnast á víxlakaup starfsmanna bankans. Vafalaust getur stundum staðið svo á, að það sé nauðsynlegt að bankastjórnin feli framkvæmdarstjóra einum að framkvæma störf, sem bankastjórnin annars á öll að taka þátt í, þótt slíkt eigi nú ekki að eiga sér stað nema sérstaklega standi á. En það er alls engin heimild til þess að fela öðrum starfsmönnum bankans að framkvæma slík störf. 25. okt. 1909 voru nú í Landsbankanum 250 víxlar, sem ekki fylgdi nein útgjaldaskipun með, og gat því eins vel verið að fleiri eða færri af þeim væru keyptir eða framlengdir af starfsmönnum bankans eins og af bankastjórninni. Það er ekki hægt að segja um það með neinni vissu, en þetta gat vel verið. Það eitt er víst, að á tímabilinu frá 31. júlí til 14. ágúst 1909, þegar Eiríkur Briem var settur framkvæmdarstjóri bankans í fjarveru framkvæmdarstjóra Tryggva Gunnarssonar, þá vissi hinn setti framkvæmdarstjóri ekki til þess að fleiri en 2 eða 3 víxlar hefðu verið keyptir eða framlengdir í bankanum án útgjaldaskipunar. En einmitt á þessu tímabili höfðu verið keyptir eða framlengdir 39 víxlar í bankanum án útgjaldaskipunar, svo að einhverja hafa starfsmenn

bankans hlotið að kaupa án vitundar bankastjórnarinnar. Það sjá allir, hver hætta getur af þessu stafað, að starfsmenn bankans ráði útlánum eða víxilkaupum. Og eg skal enn taka það fram, að hættan getur verið eins mikil, þó að ekki sé að ræða um nýja víxla, heldur framlengingu á eldri víxlum. Því að tryggingin getur verið orðin miklu lélegri þegar framlengja á víxilinn, heldur en hún var í upphafi, jafnvel þó að alveg sömu nöfn séu á víxlinum.

Eg skal aðeins geta þess stuttlega, að eftir því sem skýrsla rannsóknarnefndarinnar ber með sér, hefir bankinn beðið meira tap en þessar 400 þúsund kr., sem áætlað er að tapist af útistandandi skuldum. Bankinn hafði auk þess beðið tap við það, að glatast höfðu nokkrir af víxlum bankans og eitthvað af ávísunum. Annars býst eg við, að hin nýja bankastjórn geti gefið betri skýrslu um það á sínum tíma, hve miklu tap bankans muni nema, og því skal eg ekki lengja umræðurnar að þessu sinni, með því að fara lengra út í það atriði.

En það er að eins eitt atriði viðvíkjandi þessu bankamáli, sem eg skal enn leyfa mér að minnast á.

Fyrir utan það sem sýnist hafa verið athugavert við stjórn bankans, þegar bornar eru saman skýrslur rannsóknarnefndarinnar og bankastjórnarinnar, er enn eitt stórvægilegt atriði í þessu máli, sem styður það, að það hefði verið ófært af landsstjórninni að setja gæzlustjórana inn í sæti sín í stjórn bankans aftur 1. jan. 1910. Eg á við þessi ummæli dönsku bankamannanna, sem hæstv. ráðherra hafði eftir þeim áðan. Eg efast ekki um, að hæstv. ráðherra hefir þar farið með rétt, því að einn maður hefir sagt mér, að hann hafi verið sjöundi vottur að því að þessir menn hafi sagt ráðherra, skömmu áður en þeir fóru héðan, að *ef* gæzlustjórarnir yrðu látnir taka sæti sín aftur í bankastjórninni, þá yrðu þeir að ráða Landmandsbankanum til þess að hætta viðskiftum við Landsbankann. Eins og þá stóðu viðskifti þessara banka, hygg eg að enginn sé í vafa um það, að það var stór ástæða fyrir stjórnina að taka tillit til þessara ummæla dönsku bankamannanna í bráðina og hætta við að setja gæzlustjórana inn í sæti sín aftur, þó að hún hafi ætlað sér það annars, eins og hæstv. ráðherra gat um.

Þá skal eg víkja frá þessu máli að öðru, sem háttv. 5. konungk. þingm. talaði um, silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli eða samningum stjórnarinnar um þær. Eg er þessu máli nokkuð kunnugur, og eg held að það sé enginn vafi á því, að þar hafi hæstv. ráðherra hagað sér skynsamlega og náð eins góðum samningum og mögulegt var. Og eg get bætt því við, að eg stend ekki einn uppi með þá skoðun, eg hygg að aðrir, sem kunnugir eru þessu máli, muni bera hið sama, t. d. landritari og sá af skrifstofustjórunum í stjórnarráðinu, sem hafði með málið að gera. Þeir hafa báðir látið í ljósi þá skoðun, að samningar þeir, er ráðherra eða stjórnarráðið gerði í þessu máli, hafi verið mjög tryggilegir fyrir stjórnina og réttinda hennar gætt, að minsta kosti betur en áður var.

Eldri samningurinn um þessar námur, milli landstjórnarinnar og Túliníusar, var svo lítilfjörlegur, réttur landsjóðs svo illa trygður, að það má heita dæmalaust að þáverandi landstjórn skyldi gera slíkan samning. Nýi samningurinn, sem hæstv. ráðherra hefir gert, er aftur á móti margfalt betri og tryggilegri fyrir landsjóð. Eg skal að eins nefna tvær ástæður til þess, að það var sjálfsagt fyrir stjórnina að taka tilboði hins nýja leigjanda.

Í fyrsta lagi var boðin hærri leiga, því að eftir nýja samningnum á landsjóður að fá í leigu 55% af ágóðanum, í staðinn fyrir 50% áður, og auðvitað var að öðru jöfnu sjálfsagt að taka hærra tilboðinu.

En auk þess lá önnur ástæða til þess að það var tryggilegra að taka þessu tilboði. Það stóð nfl. svo á, að sá sem tilboðið gerði, hinn nýi leigjandi að námunum, átti aðra silfurbergsnámu sömu tegundar hér á landi, og ef sú náma hefði verið í annarra höndum en náman í Helgustaðafjalli, er hætt við að samkepni hefði orðið, verðið á silfurbergi þar af leiðandi lækkað og hagnaðurinn hefði orðið miklu minni fyrir landsjóð. — Um framsöluna á leiguréttinum er það að segja, að það er hreint og beint heimskulegt að halda því fram, að stjórnin hafi getað gert annað en hún gerði, t. d. að hún hefði átt að krefjast einhvers hluta af söluupphæðinni, þegar hinn nýi leigjandi seldi leigurétt sinn. Hann seldi auðvitað ekki annað en *rétt sinn* samkvæmt leigusamningnum við stjórnina; það var aðeins um framsal að ræða, og það var ómögulegt að meina honum það. Auk þess hefði verið alveg þýðingarlaust að hafa á móti því af þeirri ástæðu, að það hefði verið ofurauðvelt að fara í kringum það, þó að stjórnin hefði bannað framsalið. Þessir útlendingar, sem í hlut áttu, hefðu getað keypt námuréttinn alt að einu. Vér vitum, að leppmenska er altíð hér á landi, og það hefði verið auðvelt fyrir þá að beita þess konar brögðum, ef þeir hefðu þurft þess með. — Enn skal eg geta þess, að það er nýju leyfishöfunum að þakka og samningum þeirra við útlendinga, að silfurbergið er nú komið í hátt verð, miklu hærra verð en áður, og þar af leiðandi von um meiri hagnað fyrir landsjóð.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal ekki fara neitt út í það, sem þm. Strandamanna kallaði málsatriði, eða ræðu hans yfirleitt, því að það sem hann leggur til málanna er aldrei annað en slæm uppsuða af því sem aðrir hafa sagt. Annars er honum líkt varið og tómu tunnunum, tómu „uxahöfði". Sé slegið á það, þá gefur það mikið hljóð, en annað en hljóð er það ekki. Ekki er eg háttv. þingmanni heldur reiður fyrir nafnið, sem hann auðsjáanlega vildi velja mér, en hafði ekki vit á að finna. Hann ætlaði auðheyrt að jafna mér til „þarfanauts", og vita allir að það eru gagnsgripir. En ekki get eg svarað honum upp í sama lit. Við *þarfa* skepnu, eða þarfanaut get eg ekki kent hann. Honum verður að nægja að vera slétt og rétt naut, þó að honum sé svo tamt að breiða sig út yfir vitbrest annara.

Út í „vörn" hans út af framkomu ráðh. í silfurbergsmálinu skal eg ekki fara fremur en út í aðrar varnartilraunir hans. Get þess að eins, að hann er þar tæpast óvilhallur dómari, þó að vit hefði meira, því að sagan segir, að hann hafi tekið við fleiri þúsundum króna fyrir einhver afskifti af því máli. Annars var nógu einkennilegt að heyra þingm. vera að burðast við að verja ráðherra, því að eg man ekki betur en eg sæi nafn hans sem flutningsmanns að vantraustsyfirlýsingunni til ráðherra hér í deildinni. Hann er líklega farinn að iðrast synda sinna og lætur þá vonandi strika sig út af þeim lista, enda furðaði eg mig á, að sjá nafn hans þar, svo fylgispakur sem hann hefir verið ráðherra og svo „gott skinn" sem hann er sagður. „Zoon politicon", politíska skepnu hefi eg aldrei talið hann, en eg hélt hann „zoon humanum", mannskepnu, þangað til eg sá að hann beittist fyrir vantraustsyfirlýsing til ráðherra, þess mannsins, sem dregið hefir hann upp úr sorpinu. Nú sé eg hann er bara „zoon", bara — skepna.

Steingr. Jónsson: Hæstv. ráðherra líkti þessu máli við leikhúshvell, eða að minsta kosti skildi eg hann svo, að þau ummæli ættu einnig að ná til sjálfs málsins, þingsályktunartillögunnar, sem hér er til umræðu. Um ræðu hv. 5. kgk. þm. skal eg láta þá deila, hann og hæstv. ráðherra. En eg get ekki fallist á, að þessi tillaga, um að skipa nefnd til að rannsaka aðgerðir stjórnarinnar í bankamálinu og fleiri málum, sé leikhúshvellur.

(Ráðherra: Eg sagði það ekki).

Það getur vel verið að hæstv. ráðherra hafi ekki meint þetta með orðum sínum; þá hefi eg misskilið hann.

Þetta mál er mjög þýðingarmikið fyrir pólitískt og móralskt líf þjóðarinnar. Það er enginn vafi á því, að ýmsar athafnir stjórnarinnar hafa vakið mjög mikla æsing og óróa í hugum manna út um alt land. Eg veit til þess, að þær hafa vakið óhug hjá fjölda manna, alveg án tillits til flokkaskiftingar. Það getur vel verið, að mótstöðumenn stjórnarinnar, minni hlutinn, hafi gert mestan hvellinn, en æsingin og óhugurinn var áreiðanlega ekki minni hjá mörgum meirihlutamönnum, sem áður höfðu verið fylgjandi hæstv. ráðherra. Og þetta ástand hefir stöðugt orðið verra og verra, vegna hinnar skaðlegu bardagaaðferðar, sem beitt hefir verið, sérstaklega í málgögnum stjórnarinnar. Það er komið vel á veg með að spilla móral þessarar þjóðar, sérstaklega hinum opinbera móral. Eg tala nú ekki um álit landsins út á við; því það er farið. — Það ríður á að stöðva þetta, sem er að gerast, sem allra fyrst, það verður að hreinsa til, eins og hægt er, og rannsaka málin. Eg skal ekki leggja neinn dóm á það, hjá hverjum sökin er, en áreiðanlega þarf að gera óhlutdræga rannsókn; það þurfa að koma fram betri og skýrari gögn en hingað til hafa komið fram, til þess að þjóðin geti dæmt um það, hver er sá seki.

Það er fyrst og fremst bankamálið, sem hér er um að ræða, og rannsaka þarf. Alt það mál hefir verið stór-háskalegt frá byrjun. Skipun rannsóknarnefndarinnar var stór-háskaleg. Það var deilt um það, hve nauðsynleg hún væri, en það var áreiðanlega hættulegt fyrir lánstraust og hag bankans, að skipa slíka rannsóknarnefnd, eins og á stóð í aprílmánuði 1909, enda viðurkendi jafnvel hæstv. ráðherra það þá, en hann taldi rannsóknina nauðsynlega. Ef bankinn hefði ekki verið eins vel stæður og hann var, hefði sú stjórnarathöfn auðveldlega getað komið honum á kaldan klaka.

Næsta stigið í þessu máli er afsetning bankastjórnarinnar. Jafnvel þó maður gerði ráð fyrir, að hún hefði verið réttmæt, þá var sú stjórnarframkvæmd áreiðanlega háskaleg, eins og hún kom fram. Það var háskalegt að þurfa að reka frá fyrirvaralaust alla stjórn aðalpeningastofnunar landsins, og það með jafn-hörðum orðum og viðhöfð voru í frávikningarskjalinu. Eg ímynda mér, að það hefði þótt ærðinn maður í Danmörku, sem hefði þorað að fara eins að, t. d. við Nationalbankann þar. Eg er viss um, að danskur stjórnmálamaður hefði talið slíkt alveg óhugsandi.

Og svo er annað. Orðalagið í frávikningarbréfinu var þannig, að menn hlutu blátt áfram að furða sig á því, að mennirnir voru látnir ganga lausir. Menn hlutu að búast við því, eftir orðfærinu að dæma, að bankastjórarnir yrðu settir í varðhald, og hafin sakamálsrannsókn gegn þeim. En það varð ekki. Ráðherra lýsti þvert á móti yfir, að bankastjórarnir væru í alla staði vandaðir og heiðarlegir menn, enginn grunaði þá um annað.

Allar þessar aðfarir hlutu að vera stórhættulegar út á við fyrir virðingu bankans og lánstraust, og fyrir lánstraust landsins yfirleitt. Slík stjórnarathöfn hlýtur að hafa haft skaðleg áhrif á fjármálalega virðingu landsins erlendis. Enda hygg eg, að það hafi komið fram, og það svo greinilega, að flestir smákaupmenn á landinu munu hafa orðið varir við það. Og svo er hneisan, sem Landsbankinn og landið hefir orðið fyrir út af þessu. Að hugsa sér annað eins og það, að Landsbanki Íslands skyldi verða að láta sér lynda, að útlendur banki sendi þjóna sína til að rannsaka hag hans, útlendur banki, sem átti lítilfjörlega fjárhæð hjá Landsbankanum. Auk þess var þessi smávægilega skuld vel trygð,

eftir því sem hæstv. ráðherra segir sjálfur, því að hann hefir haldið því fram, að Landmandsbankinn hafi haft verðbréf frá Landsbankanum að handveði fyrir miklum hluta skuldarinnar. Þar að auki hafði hann aðra handhæga tryggingu í höndum, þar sem voru bankaobligationirnar — upp á 500,000 kr. — sem hann hafði til sölu fyrir Landsbankann. Þrátt fyrir alt þetta sér Landmandsbankinn sig knúðan til að láta tvo þjóna sína rannsaka hag Landsbankans. Það hefir margur Íslendingur fundið til slíkrar hneisu.

Svo er enn eitt athugavert við þessa frávikningu. Bankastjórarnir fráviknu voru ekki að eins bankastjórar, tveir af þeim voru auk þess gamlir, velmetnir embættismenn. Þessir menn eru dregnir niður í saurinn. Maður, sem hefði getað verið orðinn forseti í hæstarétti þessa lands, er dreginn niður í saurinn. Eg skal ekkert tala um þessa menn sem privatmenn, það gerir lítið til þó að sonur Jóns á Gautlöndum og sonur Eggerts Briem ættu í hlut; hitt er verra, að dómstjóri landsins og elzti kennarinn við prestaskólann voru dregnir þannig niður í sorpið. — Það hafa áreiðanlega engar sannanir komið fram, sem gætu réttlætt nokkuð í áttina til slíks. Þess vegna þarf að rannsaka þetta mál.

En eg skal leyfa mér að benda á, að það eru fleiri gerðir stjórnarinnar, þótt þær séu ekki eins þýðingarmiklar, er vakið hafa megnan óhug hjá þjóðinni. Eg skal sérstaklega nefna eitt mál, sem háttv. 5. kk. þm. hefir nefnt og það er Thorefélagssamningurinn. Hann hefir vakið óánægju meðal manna í báðum flokkum. Það hefir sannarlega ekki verið farið vel með það mál. Þessi samningur var gerður til 10 ára og er það út af fyrir sig athugavert. Þessi óánægja út af samningnum er því ekki undarleg, ekki sízt ef menn athuga vel áætlunina fyrir árið 1910, því að sjaldan hafa strandferðir verið óhagstæðari, að minsta kosti fyrir Norður- og Austurlandi, en það ár.

Hæstv. ráðherra tók það nú fram, og hann sagði það berum orðum hér í þingdeildinni í apríl 1909, að Heimastjórnarmenn hefðu gert aðsúg að bankanum. Eg mótmælti því þá og eg mótmæli því enn, að Heimastjórnarmenn hafi reynt að spilla fyrir bankanum. Þeir hafa þvert á móti reynt að girða fyrir illar afleiðingar, er leiða kynnu af hátterni landsstjórnarinnar. Það hryggir mig að hæstv. ráðherra hefir tekið þessi ummæli upp aftur, sem eg álít með öllu óviðeigandi.

Hæstv. ráðherra hefir skýrt frá ástæðunum fyrir afsetningu bankastjórnarinnar og skal eg ekki orðlengja um það, né heldur um hitt atriðið, er mikið hefir verið deilt um, hvort bankastjórunum hafi verið vikið frá fyrir fult og alt eða um stundarsakir.

En eg vildi leyfa mér að spyrja um eitt atriði út af ummælum hæstv. ráðherra: Er það svo, að erlendir bankaþjónar hafi skipað eða sagt fyrir, hvað gera skyldi í þessu máli? Þessu er fylsta ástæða til að mótmæla og eg tel þetta atriði eitt nægilegt til þess, að rannsóknarnefnd sé skipuð. Það er hart, ef erlendir bankaþjónar geta skipað landsstjórn Íslands að gera það sem þeim gott þykir. Skuldin við Landmandsbankann var bæði lítil og vel trygð. Það er líka óskiljanlegt, hví ekki mátti bæta úr þessu síðar.

Háttv. þingm. Ak. (S. H.) mælti með breyttill. sinni og hélt því fram, að tillaga sú, er nú er rætt um, væri að eðli sínu hlutdræg. En eg held, að hinum háttv. þingmanni hafi farið hér, sem oft vill verða, að hann hafi séð flísina í auga bróður síns, en sést yfir bjálkann í sínu eigin auga, séð smáögnina, en ekki komið auga á hina stærri. Hér er um mikið að tefla. Húsbóndaréttur hinnar háttv. þingdeildar er „krenktur“, er bankastjórninni er vikið

frá fyrir fult og alt. Það er misskilningur hjá háttv. þingm. Ak. (S. H.), að deildin geri sig hér að dómara. Hún annast að eins um rannsókn á málinu. Hún ætlar ekki að dæma um það í einstökum atriðum, en hinu sker hún úr, hver eigi að vera gæzlustjóri Landsbankans.

Eg fjölyrði svo ekki meira um þetta; mér fanst eg gæti ekki komist hjá að gera grein fyrir atkvæði mínu.

Ráðherra (**B. J.**): Eg geri ráð fyrir, að engum þeim, er hlýtt hafa á þessar umræður, muni dyljast, hvað hér sé um að tefla: Annars vegar er hagur almennings, en hins vegar hagsmunir örfárra einstaklinga. Það er ekki í fyrsta sinn í sögu heimsins, að þessi leikur er háður. Það er sífelt Hjaðningavíg á milli þeirra. Stjórn þessa lands telur það almennings hags vegna alveg nauðsynlegt að skifta um bankastjórn um stundar sakir. Gæzlustjórarnir þóttu ekki lengur hafandi til þeirrar stöðu, er þeir áttu að gegna, og var því vikið úr henni. Þeir mistu þessa aura, er þeir höfðu fyrir þessi hjáverk sín, en höfðu nóg fé úr landssjóði fyrir önnur störf. Þetta er nú alt og sumt. Af þessu smáræði stafar alt þetta uppþot. Það er talið sjálfsagt, að hagur almennings á að þoka fyrir hagsmunum þeirra. Og í þetta mál á nú að eyða hálfum þingtímanum. En það er mergurinn málsins og annað ekki, hvort hagur einstakra manna á að vera í fyrirrúmi fyrir gagnsmunum almennings. Í þessu máli er beitt hverskonar ráðum, sem hvorki eru fögur, réttlátleg né sæmileg. Þingmenn hafa komið fram sem svæsnir „prokuratorar“. Því er haldið fram, að stjórnin hafi hagað sér þannig í bankamálinu, til þess að stofna bankanum í hættu, en þetta eru þau tilhæfulausustu ósannindi. Hér er gersamlega snúið við sannleikanum, sem óhæfra „prókuratora“ er siður.

(*L. H. B.*: Eg bendi háttv. forseta á, að hæstv. ráðherra segir „óhæfra prókuratora“.)

Hver hefir orðið?

(*Forseti:* Hæstv. ráðherra hefir orðið).

Bankarannsóknin var eingöngu gerð í því skyni að styrkja traust bankans, til hennar stofnað af því, að orð fór af óreglu í bankanum. Bankarannsóknin hlaut að styrkja hag bankans. Ef óánægjan með stjórn bankans reyndist við rannsóknina að vera óréttmæt, hlaut bankanum að verða hagur að henni, er sannleikurinn væri leiddur í ljós. Ef hagur bankans reyndist í ólagi, var hægt að laga hann.

Háttvirti síðasti ræðumaður (4. kk. þm.) er bróðir annars hins frávikna gæzlustjóra. Ef svona lagaðir dómarar eiga að dæma í málinu, þá bið eg guð að hjálpa réttlætinu í þessu landi. Hann vílar ekki fyrir sér að segja það fullum fetum, að farið hafi verið eftir skipun útlendra bankaþjóna um frávikning bankastjóranna. Háttv. þm. Strandas. (A. J.) hefir tekið fram, hvað satt er í þessu. Háttv. þm. hlýtur að vita, að hann fer hér með rangt mál. Fyrst og fremst er ekki rétt að kalla bankamennina bankaþjóna. Þeir báru ekki við að skipa né leggja til, en þeir að eins *bentu á*, að það gæti stafað hætta af því, ef fráviknu bankastjórarnir væru látnir halda áfram störfum sínum, því að af því gæti leitt það, að Landmandsbankinn segði upp láni því, er hann átti hjá Landsbankanum. Svo er þessu snúið þannig við, sem landsstjórnin hefði farið eftir skipun þeirra. Er hægt að koma ófeilnar fram sem „prókurator“ en þetta? Út af því að rætt er um, að gæzlustjórunum er vikið frá embættum, sem þeir höfðu gegnt slælega, þá kemur háttv. 4. kgk. þm. (Stgr. J.) með þá frétt, að annar þeirra hefði nú getað verið orðinn dómari í hæstarétti. Eg skal af hlífð ekki fara langt út í það, en leyfi mér að spyrja háttv. 4. kgk. þm., hvort honum séu með öllu ókunn viðskifti hæstaréttar og og bróður hans á síðari árum. —

Það, sem fundið hefir verið að Thoresamningnum, er tilhæfulaus uppspuni, blábber vitleysa, og ranghermi.

Mönnum hefir orðið tíðrætt um, hvílíkum stórháska landinu og Landsbankanum hafi verið stofnað í með ráðstöfunum landsstjórnarinnar. En þeir gá ekki að, hvaða hætta hefði getað stafað af því, ef hún hefði látið alt ógert.

Það er kátlegur útúrsnúningur hjá háttv. 4. kgk. þm. að eg hefði kallað tilöguna leikhúshvell. Eg álít hana meinlausa, en óþarfa. Annars álít eg þetta mál dómstólamál. En ef þingdeildinni þykir vissara að skipa þessa nefnd, þá er það guðvelkomið fyrir mér. Eg er ekki hræddur við dóminn. En eg get ekki hugsað mér bróður annars gæzlustjórans óhlutdrægan dómara í þessu máli. Eg beiðist ekki traustsyfirlýsingar, dettur það ekki í hug.

(*Júlíus Havsteen:* Skárra væri það nú.)

Vitsmunalegt frá þeim manni, eins og von var til.

Það er óþarft að fara fleirum orðum um hina ofsafengnu framkomu manna í þessu máli.

Eg bið háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) afsökunar á því, að eg sinti ekki ræðu hans og hlýddi ekki á hana. Hún var, að eg ætla, lítið annað en endurtekning á svörum bankastjórnarinnar gegn rannsóknarnefndinni.

Eg get þess, að mér kemur ekki á óvart ofsóknir háttv. kgk. þm. nr. 5 — nú man eg númerið —

(*Lárus H. Bjarnason:* Batnandi manni er bezt að lifa.)

Það er kunnugt, að þessi maður hefir mörg ár þjáðst af illkynjuðum sjúkdómi

(*L. H. Bjarnason:* Napóleonssjúkdómi)

Þetta hefir komið fram á margvíslegan hátt og haft þau áhrif, að álit á honum er nú gersamlega þrotið. Eg átti áðan tal við merkan mann úr bæjarstjórninni, er sagði mér, að hann gerði þar ekkert annað en ógagn, spilti fyrir hverju máli. Þar væri engu því máli sigurvon, er hann fylgdi sem aðalmaður. Honum er þrotið alt fylgi. Taki menn eftir framkomu hans hér í dag. Hann hefir öðru hvoru verið að reka hér upp hlátur, en engan fengið til að hlæja með sér.

(*L. H. Bjarnason:* hlær.)

Enginn hlær nema hann. Þetta er sprottið af sorglegum sjúkdómi, sem heitir ofdramb, og hann lýsir sér með margvíslegum hætti Hann hefir gengið með hann líklega svo tugum ára skiftir. Flokksmenn hans, vinir og venzlalið þola þrásinnis önn fyrir hann. Það er eins og mönnum sé ekki vel ljóst, að hér er um meðaumkunaratriði að ræða og annað ekki.

Eg geri ráð fyrir, að nefnd verði skipuð til að rannsaka þetta mál, og geymi mér því frekari andsvör gegn öllum þeim rangfærslum, blekkingum, ósannindum og villandi skýrslum er fram hafa komið í því.

Lárus H. Bjarnason: Umræður eru nú orðnar svo langar, að þar við er engu bætandi. Eg stend að eins upp til að lýsa undrun minni á því, hvernig háttv. forseti fer með okkur, mig og hæstv. ráðherra, og snýr þó sama eyranu, hægra eyranu að okkur báðum. Eg hafði alt af búist við því, að hann mundi taka vægilega á hæstv. ráðherra, en ekki svo áferðarilla, að hann liði ráðherra alt, en mér ekkert.

Forseti: Eg tek mér orðið til að vísa frá mér aðdróttun þeirri, er lá í orðum hv. 5. kgkj. Eg vil bera það undir alla deildarmenn, hvort eg hafi ekki einmitt sýnt háttv. 5. kgk. hið ýtrasta umburðarlyndi alt til þessa, þar sem eg hefi látið hlutlaust, þótt hann í ræðum sínum hafi farið út yfir þingskapa-mörkin. — Nú eru æsingatímar, — æsinga kennir í deildinni; eg hefi mætt henni með hógværð í þeirri von, að hún við það sefaðist af sjálfri sér. Þessvegna hefi eg ekki verið eins strangur og skyldi um hörð og óþingmannleg orð, er fallið hafa og sem víta hefði átt. Þó þykir mér rétt að taka það fram, að hér

eiga ekki allir óskilið mál. Eg óska og vona að háttv. þingmenn deildarinnar forðist framvegis öll óþingmannleg orð og gæti stillingar.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. forseti heldur sinni skoðun og eg minni. Hann kvað vera góður maður og bætir sig því vonandi.

En hæstv. ráðherra bið eg vorkunnar. Hann er sjúkur maður og hefir lengi verið það. Það er eina vörnin, sem hægt er að færa fyrir hann. Eg hefi aldrei álitið að honum væri sjálfrátt og enn síður á þingi nú 1911, en á þingi 1909, enda heyrði eg nýlega einn flokksmann hans segja: „Hann er ekki með öllum mjalla, karlhrófið".

Annars stóð eg að eins upp til að minna háttv. forseta aftur á að gæta sín, ekki mín vegna, heldur sjálfs hans vegna og sóma forsetadómsins. Og skeri nú atkvæði úr.

Forseti: Eg kemst ekki hjá að vísa frá mér áminningu háttv. 5. kgkj. sem óþarfri. —

Steingr. Jónsson: Eg vil leyfa mér að leiðrétta misskilning hæstv. ráðherra á ræðu minni. Hann sagði að eg hefði sagt, að afsetning gæzlustjóranna við Landsbankann hefði farið fram eftir skipun dönsku bankamannanna og furðaði sig á því, að eg kallaði þá bankaþjóna. Eg kallaði þá bankaþjóna, af því þeir voru ekki í stjórn Landmandsbankans. — En þetta sagði eg ekki, heldur kastaði eg fram þeirri spurningu, hvort það hefði verið samkvæmt skipun bankaþjónanna. Þá var það annað atriði í ræðu hæstv. ráðherra. Hann sagði, að eg hefði bara bent á háskann, sem stafaði af því að setja gæzlustjórana af, en ekki minst neitt á það, hvílíkan háska það hefði getað orsakað, ef stjórnin hefði látið það vera. En þetta gerði eg einmitt, eg sagði, að afsetningin hefði verið háskaleg, hvort sem hún hefði verið óhjákvæmileg, eða ekki. Þetta var það, sem mér fanst hæstv. ráðherra misskilja í ræðu minni. Annars stóð eg upp áðan til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli, og vona að eg hafi sýnt, að eg bygði það á almennum, en ekki einstaklingslegum ástæðum.

Umræðum lokið.

ATKVGR.:

1. br.till. á þskj. 42 feld með 7:6 atkv.
2. br.till. á sama þskj. feld með 6:6 atkv.

Tillagan sjálf, á þskj. 35, samþ. með 11 atkv. móti 2.

Í nefndina kosnir með hlutfallskosningu:
Lárus H. Bjarnason,
Sigurður Stefánsson,
Ágúst Flygenring,
Sigurður Hjörleifsson,
Stefán Stefánsson.

TILLAGA til þingsályktunar um innsetning gæzlustjóra Ed. við Landsbankann.

Ein umr. í efri deild 13. marz (134).

Ráðherra (B. J.): Eg býst við að það sé nokkurnveginn árangurslaust fyrir mig og þá sem mér fylgja að tala í þessu máli. Það mun vera eins um þetta mál og annað mál, sem nýlega var til umræðu í Nd., að dómur mun vera uppkveðinn á því fyrirfram. Það er fullsannanlegt, að það er löngu ákveðið að hinn afsetti gæzlustjóri deildarinnar skuli settur inn í stöðu sína aftur. Það var minst á það í ræðu hér fyrir nokkru, og kveðinn upp sá dómur, að lagaheimting væri á innsetningunni, og þetta væri ekkert áhorfsmál. Þá er það ekki sízt ber vottur þess, að úrslit þessa máls séu fyrirfram ákveðin, að formaður þeirrar nefndar, sem um málið hefir fjallað, er þessi yfirframsögumaður allra málakonungkjörna liðsins, og þykist eg vita, að hann hafi samið nefndarálit meiri hlutans, enda er ekki heil brú í því. Það er því bara fyrir siðasakir, að eg stend upp til að tala, og mótmæla þeirri aðferð, að kveða upp dóm í máli, sem ekki er nærri fullrannsakað enn. Því að þá rannsókn, sem ekki er

gerð til annars en að safna saman skröksögum um mig, get eg ekki kallað neina rannsókn. — Það er öllum fullkunnugt, að ástæður til þessarar innsetningar, sem hér er farið fram á, eru engar. Það er þvert á móti kunnugt öllum, að þessir menn, hinir fráviknu gæzlustjórar, hafa brotið af sér allan rétt til að sitja í stjórn Landsbankans. Þeir gerðu þar ekkert gagn, en unnu bankanum þvert á móti mikið tjón. Það var landsnauðsyn að víkja þeim frá, ef bankinn átti ekki að sökkva enn dýpra en komið var. —

Það er öllum kunnugt, að þessir menn, gæzlustjórarnir, hafa játað það sjálfir, að ábyrgðarlausir starfsmenn bankans hafi keypt víxla fyrir nál. 150 þús. kr. þvert ofan í öll lög og reglugerð bankans. Það er sömuleiðis fullkunnugt, að þeir hafa með hirðuleysi sínu, ásamt fyrv. framkvæmdarstjóra, verið þess valdandi, að bankinn hefir tapað, eftir því sem rannsóknarnefndinni hefir talist til, að minsta kosti 400 þús. kr., líklega alt að $^1/_2$ miljón króna. Það eru framkomnar glöggar upplýsingar um að tapið hljóti að nema minst þessari upphæð. Annar gæzlustjórinn hefir játað að tapið *muni nema* 1—200 þús. kr. *og má* geta nærri að hann hefir tiltekið þá allra lægstu upphæð, sem hann gat hugsað sér. Allt þetta er full-sannað, og geta þeir sem rengja fengið að sjá skjöl fyrir því í bankanum. Ennfremur er það fullsannað að hin fráfarna bankastjórn hefir glatað 6 þús. kr. virði í víxlum. Þetta hafa þeir sjálfir kannast við. Enda lágu víxlarnir í opnum blikkkassa í opnu herbergi í bankanum, sem allir gátu gengið um. Auðvitað hafa þeir verið gripnir þaðan af ófrómum mönnum.

Þessu víxlahvarfi hefir fráfarna bankastjórnin kannast við að hafa leynt, með því að láta semja reikning bankans eins og víxlarnir væru vísir. Eg skal ekki fást um þrjózku bankastjórnarinnar við landstjórnina, þegar hún fór fram á að halda in væri í bankanum gerðabók, svo sem lögboðið var. Fyrir hvert eitt um sig af þessum atriðum, er nú eru upptalin, var full ástæða til að víkja bankastjórninni frá. Hvert eitt út af fyrir sig var nægilegt til að sýna það, að þessir menn voru óhæfir til að vera í stjórn Landsbankans. Ef nú þessi deild fer að taka sér dómsvald í þessu máli, sem enn er óútkljáð, og órannsakað, og setur þennan fyrverandi gæzlustjóra inn með valdi, þá hlýtur það að hafa í för með sér stórtjón fyrir Landsbankann.

Hvorki þessi maður né félagi hans hafa þá þekkingu, sem nauðsynleg er til að geta rækt vel þessa stöðu, og auk þess hafa þeir með þrjózku sinni og þverúð við landstjórnina, meðan á rannsókninni stóð, sýnt það, að þeir eru óhæfir til að gegna þessari stöðu. Slíkt tiltæki deildarinnar mundi stórum veikja traust Landsbankans bæði utanlands og innan. Það væri blátt áfram banatilræði við alla réttvísi og réttlæti í landinu, að þröngva þessum manni inn í bankann með valdi. Það situr ekki á efri deild Alþingis að ganga á undan landsmönnum, í því að sýna þrjózku gegn lögunum.

(*Lárus H. Bjarnason* hlær.)

Hér þýðir ekkert að reka upp fíflahlátur!

Eg endurtek það, að það væri hryllilegt banatilræði við alt réttlæti og réttvísi í landinu, ef á að hamra þessu máli fram hér í deildinni, og það með atkvæðum sjálfra hinna seku manna!

(*Lárus H. Bjarnason* hafði þegar beðið um orðið, en vék fyrir Kristjáni Jónssyni þm. Borgf.)

Kristján Jónsson: Eg óska þess að fá að tala nú þegar, með því að ráðherra hefir ráðist á mig persónulega með illyrðum. Þessi ræða ráðherra kom á afturfótunum, þar sem hún kom á undan reifingu málsins, formlegri framsögu þess, og öll miðaði hún að því einu að sverta okkur gæzlustjórana og bera á okkur sakir. Eg hélt

þó að það væri að bera í bakkafullan lækinn, því að síðan fyrsta niðgreinin birtist um okkur í Ísafold þ. 24. nóv. 1909, hefir þetta blað haldið áfram svo látlausri ofsókn og svertingu á okkur, að slíkt er einsdæmi í sögu þessu lands. Eg er þess fullviss, að aldrei í sögu þessa lands, og þó víðar sé leitað, hafa menn í slíkri stöðu, sem við erum, orðið fyrir jafn-ránglátum og ósvífnum árásum, sem þeim, er þetta blað hefir látið á okkur dynja síðastliðna 15 mánuði. Og átti eg sízt von á því, að ráðherra færi að ítreka þessar árásir hér úr ráðherrasætinu. Allar þær sakir, sem ráðherrra og Ísafold hafa á okkur borið, eru löngu hraktar, svo að eg þarf ekki að eyða mörgum orðum að þeim. Skal eg fyrst minnast á víxlakaup starfsmanna bankans. Að því er þetta atriði snertir get eg vísað til athugasemda okkar og andsvara við skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Sú skýrsla okkar hefir sannfært almenning um, að engin sök hvílir á gæzlustjórunum í þessu efni. Sömuleiðis vil eg benda á bréf okkar gæzlustjóranna til almennings, er kom út daginn eftir frávikningu okkar, og er prentað aftan við andsvörin. Það er vörn í okkar máli, bygð á lögum og reglugerð bankans. Við höfðum að eins lítinn þátt í framkvæmdarstjórn bankans, en var falið eftirlit með henni. Eg vil biðja þá sem veikir eru í trúnni að lesa það, sem um þetta atriði er ritað í andsvörum okkar og bréfi til almennings.

Þá kem eg að tapi bankans, sem nú hefir klingt í rúmt ár. Það getur vel verið að bankinn tapi, en það eru hrein ósannindi, að það tap, sem kann að verða, stafi af vanrækslu okkar bankastjórnarinnar, eða hirðuleysi. Það hefir ekki sannast, að eitt einasta lán hafi tapast fyrir vítaverða vanrækslu okkar. Þetta verður að sannast áður en þeirri staðhæfingu er slegið fram, að bankinn hafi tapað yfir 400 þús. kr. fyrir vítaverða stjórn okkar á honum.

Það er vitanlegt að bankinn hafði í lok ársins 1909 eigi tapað meiru en 15 þús. kr. og er það sama sem ekkert á svo löngum tíma. Við lok fyrra árs hafði nokkru minni upphæð bæzt við tapið.

Eg get fullyrt það, að nú, 15 mánuðum eftir að okkur var vikið frá, er tap bankans í hæsta lagi orðið eitthvað innan við 30 þús. kr. Til samanburðar get eg getið þess að Þjóðbankinn í Höfn, merkasti bankinn í Danmörku „afskrifaði“ síðastliðið ár 8—900 þús. kr. fyrir tapi. Að vísu er þetta stór banki, en þessi upphæð tapaðist á einu einasta ári. Yfirleitt hafa danskir bankar hver um annan þveran „afskrifað“, sem það er kallað, mörg hundruð þús. kr. síðastliðið ár. Það yrði of langt mál, ef eg ætti að fara út í það hér, enda er það ljóslega sýnt og sannað í andsvörum okkar, að ekki verði hjá því komist að Landsbankinn verði fyrir nokkuru tjóni stöku sinnum. Það er ofur eðlilegt, þar sem það er ætlunarverk hans að styðja að atvinnuvegum landsins, styrkja fátæka menn í atvinnurekstri þeirra. En eg staðhæfi, að tapið er ekki orðið meira en það sem eg til tók, og að engin líkindi séu til að það verði verulega mikið á næstu árum, nema bankanum verði því ver stjórnað. Ráðherra sagði, að annar gæzlustjórinn, og á hann þar vafalaust við mig, hafi kannast við að tapið væri orðið 1—200 þús. kr. Eg lýsi þetta bein ósannindi. Tilefnið til þessara staðhæfinga mun vera samtal, er vér bankastjórnin fráfarna áttum við dönsku bankamennina, um tap það er bankinn kynni að verða fyrir. Sagði þá framkvæmdarstjóri, að vel gæti verið að bankinn tapaði nokkru, og að hann teldi það ekki mikið þó tapið yrði 90—100 þús. kr. Þá sneru bankamennirnir sér að mér og spurði mig um álit mitt. Eg sagði að auðvitað væru nokkur veik lán í bankanum, og kynnu þau að nema yfir 100 þús. kr. En eg bætti jafnframt við, að upphæð tapsins væri alveg undir árferði og

stjórn bankans komin. Eg tók það fram, að eg byggist við, að með góðu árferði og góðri stjórn á bankanum mundi tapið verða hverfandi lítið. Eg lýsi það því fullkomlega ósatt, að eg hafi sagt við dönsku bankamennina að tap bankans væri orðið ið 1—200 þús. kr., eins og tjáð er að þeir hafi eftir mér. — Að því er kemur til víxlatapsins, skal eg geta þess að eg kannast ekki við að það komi gæzlustjórunum neitt við. Þeir hafa ekki það hlutverk að telja víxla bankans. Það er verk endurskoðunarmanna bankans. Þeir eiga tvisvar á ári að sannreyna það, að eignir bankans séu fyrir hendi, þar á meðal víxlar. Hvorugur gæzlustjórinn vissi neitt um þetta víxlatap, en annar, nefnil. eg, vissi af hendingu um ávísana mismuninn. Svo skal eg bæta því við, að það er algerlega ósannað, að víxlar þeir sem hér er um að ræða séu í raun og veru tapaðir. Þetta svokallaða víxlatap byggist að öllum líkindum bara á reikningsvillu. Slík villa getur komið fram á þann hátt, að ávísanir eða víxlar, sem eru innborgaðir í útlenda banka, hafi ekki verið dregnir út af víxlaskrá Landsbankans, þó að upphæðin hafi komið honum til inntekta í viðskiftareikningi bankans. Slíkar reikningsvillur geta komið fyrir við hvern banka. Eg get enn bætt því við, að þetta svokallaða tap nemur ekki meiru en rúmum 2900 kr. að því er víxlana snertir; það er ekki rétt hjá ráðherra, að upphæðin sé 6 þús. kr. En, eins og eg hefi þegar tekið fram, varpa eg allri ábyrgð af mér og hinum gæzlustjóranum, að því er snertir þessa víxla og ávísanaskekkju. Hún er okkur alveg óviðkomandi. Eg neita því gersamlega að eg eða hinn gæzlustjórinn hafi nokkurn tíma, á nokkurn hátt, sýnt landsstjórninni svívirðing, mótþróa eða þrjózku. En þess vil eg aftur á móti láta getið að að mikið vantar á, að landsstjórnin hafi komið kurteislega fram við mig; bréf hennar til mín og hins gæzlustjórans voru stýluð eins og þau væru til óvandaðra manna; og það finst mér ekki sæmilegt athæfi af hálfu landstjórnar. Hæstv. ráðherra var enn þá að skrafa um gerðabókina; mig furðar nú reyndar talsvert á því, að hann skuli ekki vera búinn að fá nægju sína á því; það er fyrir löngu fullsannað að þar höfðum við gæzlustjórarnir á réttu að standa, og enn virðist hæstv. ráðherra ekki muna það, er hann sagði við mig í stjórnarráðinu, að svona yrði það þá að vera til ársloka með gerðabókarhaldið. Þá gaf hæstv. ráðherra það og í skyn í ræðu sinni, að ekki hefði verið við góðu að búast af mér sem gæzlustjóra, þar sem eg hefði enga þekkingu á bankamálum. Eg hefi nú verið í samtals 12 ár riðinn við bankastörf, og held eg geti fullyrt það, að eg hafi eins mikla þekkingu á bankastörfum og hæstv. ráðherra, að viðbættri allri Landsbankarannsóknarnefndinni, kann að hafa.

Ráðherra (B. J.): Það held eg allir hljóti að sjá, að sannleikurinn í máli þessu, sé alveg gagnstæður því er háttv. þm. Borgfirðinga byrjaði ræðu sína á. Hann talaði um það, háttvirtur þingm., að aldrei hefði lint í sinn garð látlausum ofsóknum frá stjórnarinnar hálfu. Jafnbíræfin ósannindi minnist eg ekki að hafa heyrt fyrri.

Allir hér staddir menn, og fjöldi manna víðsvegar um land, vita mjög gerla, að það er einmitt landstjórnin, sem hefir orðið fyrir ofsóknum, af hendi gömlu bankastjórnarinnar, og hennar allra nánustu fylgifiskum, fyrir það, að hún gerði óhjákvæmilega skyldu sína — að hún setti ekki þessa menn aftur inn í bankann; mennina, sem svo frámunalega lélega höfðu rækt trúnaðarstarf sitt. Fyrir þetta hefir hún verið ofsótt — þetta og ekkert annað. Það þarf ekki annað en fara niður í bankann til þess að sannfærast um, hvort þetta er ekki rétt. Og svo er hann svo bíræfinn, þessi hávirðulegi þingm., að segja að hann sé búinn að hrekja alt — já hrekja alt

saman; það er einhver sú allra bírœfnasta ósannsögli, sem eg hefi heyrt nokkurn þingmann bera á borð. Annars er varla við að búast að almenningi geti dottið í hug, hve bankaflagið, fenið eða dýið var orðið gífurlega stórt; það hefði verið óverjandi að láta það halda áfram að stækka, en það hefði það vitanlega gert, ef stjórnin hefði látið þessa sömu herra sitja við stýrið áfram.

Þá var hávirðulegur þingm. enn þá svo ógurlega bírœfinn, að halda því fram, að það gerði ekkert til, þótt óvaldir starfsmenn bankans keyptu fjölda víxla, já þvílík voða fjarstæða! Hefðu gæzlustjórarnir gætt skyldu sinnar, hefðu þessi víxilkaup starfsmannanna auðvitað ekki komið fyrir, en það var nú eitthvað annað. Annar hávirðulegur gæzlustjórinn hafði um tíma verið settur framkvæmdarstjóri bankans, og á þeim tíma höfðu starfsmennirnir keypt fjölda slíkra víxla, sem námu tugum þúsunda að krónu tali, og þegar rannsóknarnefndin leitaði upplýsingar hjá honum um þetta atriði, kom upp úr kafinu, að hann hafði einhvern grun að eins um þrjá slíka víxla. Þetta kalla eg frámunalega lélegt eftirlit með starfrækslu bankans.

Þá leyfði sami háttv. þingm. sér að bera það fram, sem eg líka verð að kalla alveg aðdáanlega bírœfni, að það sem bankinn kynni að hafa tapað stafi af því, að það sé hlutverk hans að styðja atvinnuvegi landsins. Svona þaulbírœfna blekkingartilraun verð eg að kalla hina mestu ósvinnu, og mega það firn teljast að slíkt skuli koma fram á alþingi.

Þá leyfir hávirðulegur sami þingm. sér enn að lýsa það ósannindi, að hann hafi kannast við að tapið mundi vera orðið um 200,000 krónur. Það þarf töluverðan kjark til þess, að halda slíku fram.

Annars er það ekki regla að taka sakborna menn trúanlega í nokkru landi, framyfir allsendis óhlutdræga menn, og svo mun ekki verða hér gert yfirleitt. Einnig vildi sami þingm. gera lítið úr víxlahvarfinu; hann má segja hvað sem hann vill; eg legg engan trúnað á hégómann þann, sem hann er að reyna að framfæra sér til varnar, af veikum mætti þó.

Það verður að vera á ábyrgð bankastjórnarinnar að víxlar, eða önnur verðbréf, glatist ekki; en mér er kunnugt um, að í þessu atriði, sem og reyndar flestum öðrum, sýndi fráfarna bankastjórnin mjög sorglegan trassaskap; hún geymdi sem sé víxlana í opnum kössum, sem hinir og aðrir gátu haft aðgang að, og eitt er víst, að bankastjórnin gerði sig mjög seka í því að þegja um hvarfið, ef hún kynni að hafa vitað eitthvað um það. Annars væri þörf á að gera þessum virðul. þingm. ómögulegt að koma fram með slíkan fyrirsláttarhégóma og nú hefir hann borið á borð hér í deildinni.

Þá er það helber misskilningur hjá honum, að eg hefði nokkurn tíma verið að bera saman þekkingu mína við hans þekkingu í bankamálefnum; eg benti einungis til manna, sem þeim störfum eru þaulvanir og alveg óhlutdrægir í þessu máli — bankastjóranna dönsku.

Hávirðulegur sami þingm. þóttist ekki hafa getað unnið betur en hann hefði gert, að eftirliti í bankanum, fyrir einar þúsund krónur. Þetta líka smánarboðið. Eg vildi mega benda honum á, að þessi aukaþóknun hans er talsvert meiri en t. d. prestar hér á landi hafa fyrir 16 tíma vinnu á dag. Það að háttv. þingm. lýsir það ósannindi, að hann hafi sýnt þrásinnis landstjórninni þrjózku og þverúð, get eg vísað til hans aftur, sem fyrirlitlegasta hégóma. Annars má svo að orði kveða, að alt hjal háttv. þingm. hér í dag sé ekki annað en auðvirðilegasti skáldskapur, og vesalasti hégóma fyrirsláttur.

Hinn alkunni, afarvirðulegi 5. konungkj., formaður í svokallaðri rannsóknarnefnd hér í deildinni, hafði við hæstv. forseta þau orð um mig, að það væri venja mín að ganga á brott, af tómri ragmensku, ef

ef eitthvað á bjátaði. En það skal hann, þessi hávirðulegi herra, fá að vita, að það eru venjulega mestu ragmennin, sem gala hæst um ragmensku annara. Ef einhver kemur, sem þorir að taka ofan í hnakkadramdið á þeim vildu þeir helzt fara í felur.

Og það verð eg að segja, að það er ekki til nokkurs hlutar fyrir þennan hávirðulega speking að reka upp fíflahlátur — það má hann, ef hann vill fyrir mér. — En hann vantar venjulegast öll skilyrði til þess, að geta talað um mál af viti og þekkingu.

Framsögumaður meiri hlutans (L. H. B): Það hefði mátt búast við því, að háttv. forseti hefði eftir góðum loforðum sínum, þegar hann tók við forsetasætinu, komið betur fram, en raun er á orðin; en hann hefir í dag bætt gráu ofan á svart, bægt framsögumanni meiri hluta nefndarinnar frá að tala fram undir fullan klukkutíma, í stað þess að gefa honum orðið allra manna fyrst.

(Forseti hringdi).

Eg er að tala um þingsköp, og samkvæmt 36. gr. þeirra hefir hver þingmaður leyfi til að tala um þau. Það er prentað með latínuletri, svo að forseti ætti að geta komist fram úr því. Hann lofaði ráðherra að tvíausa sér yfir mig áður en eg fékk að komast að og tók aldrei fram í fyrir honum.

Jæja, loksins er þá mál þetta komið á það stig, að ekki verður lengur girt fyrir það, að um það gangi úrskurður hins eina rétta úrskurðarvalds. Og sannast hér sem oftar, að „seinna koma sumir dagar og koma þó". Eg ætla ekki að flytja langt erindi og ber tvent til þess. Fyrst það, að flutningsræða mín í f.m. var allítarleg og hitt það, að nefndarálitið er, þótt ekki finni það náð fyrir augum hæstv. ráðherra, líka allítarlegt og til þess vandað svo af öllum meiri hluta nefndarinnar, og það svo litlaust að búast hefði mátt við því að allir nefndarmennirnir hefðu getað orðið sammála um það, en háttv. þingm. Akureyrar hefir samt ekki getað fylgst með hinum af ástæðum, sem hann greinir frá í ágreiningsáliti sínu.

Þetta svokallaða bankamál, eða réttara sagt þessi bankafarce, þessi skripaleikur, er í 3 atriðum. 1. atriðið er setning bankarannsóknarnefndarinnar. 2. hin langa og stranga leit nefndarinnar og 3. atriðið er afsetning bankastjórnarinnar 22. Nóv. 1909.

Bankarannsóknarnefndin var skipuð 26. April 1909 og lauk ekki störfum sínum fyr en 20. jan. 1910. Meðgöngutíminn 9 mánuðir, þannig viðlíka langur og hjá kúnum. Nefndin var alt af að leita og leita og alt af að skipun ráðherra. Hann fékk aldrei nóg. Nefndin þóttist í rauninni búin 2. okt. 1909, en þá skipaði ráðherra nýja nefnd, og þá lánaðist honum að finna réttu mennina. Nefndin varð til á þann hátt, að embættismennirnir í stjórnarráðinu vissu ekkert af henni, fyrri en hún var fullskipuð. Þeir höfðu ekki hugmynd um að setja ætti Landsbankann undir opinbera rannsókn. Skipunarbréfið var meira að segja skrifað á Ísafoldarskrifstofu, líklega ósjálfrátt, því að maðurinn sem skrifaði það, bar það fyrir nefndinni að hann myndi ekki, að hvers skipun hann hafi gjört það. Hann er einn af allra dyggustu þjónum Ísafoldar.

Menn skyldu ætla, að hæstv. ráðherra hefði spurt endurskoðendur bankans um ástandið í bankanum, áður en hann setti bankann undir opinbera rannsókn, en hann orðaði það ekki við neinn þeirra með einu einasta orði, ekki einu sinni við stjórnkjörna endurskoðarann, einn af skrifstofustjórum sínum.

Maður skyldi og halda að einhverjar kærur hefðu komið til stjórnarráðsins yfir bankastjórninni, áður en gripið var til annars eins örþrifaráðs og opinberrar rannsóknar, en það var ekki því að heilsa, það

hafði enginn kært hana fyrir nokkurn skapaðan hlut. Ráðherra tók þetta upp hjá sjálfum sér, alt líklega ósjálfrátt. Skipun nefndarinnar var þannig ekki að eins ástæðulaus, heldur algjörlega óforsvaranleg. Landritari hefir líka borið það fyrir nefndinni, að ráðherra hafi sagt við sig, þegar hann var að reyna að girða fyrir það að einn mannanna væri settur í nefndina, sem hann taldi alveg óhæfan, að nefndarskipunin væri „*pólitík*“ og hefði verið samþykt á flokksfundi. Hér hefir ráðherra óvart gripið á kýlinu. Alt þetta bankafargan var og er pólitík. Mönnum kann nú að virðast ótrúlegt, að ráðherra hafi komið þannig fram. En á því getur enginn vafi leikið. Það sem borið hefir verið fyrir rannsóknarnefndinni er að miklu leyti sem vitnaframburður væri. Það liggur sem sé lík ábyrgð við röngum framburði þar, sem við framburði fyrir rétti, enda voru allir ólögfróðir menn, sem mættu fyrir nefndinni, ámintir um þetta. Því má byggja á orðum þeirra, sem borin væru fyrir rétti. Að vísu hefir ráðherra sagt landritara það ósatt að bankarannsóknarskipunin hafi verið samþykt á flokksfundi, eftir því sem tveir menn úr flokknum — 2 meðnefndarmenn — hafa upplýst, en það skiftir ekki máli hér, ráðherra hefir þar ætlað að velta ábyrgðinni af sér yfir á flokkinn, en hitt er ekki ástæða til að efa, að hann hafi sagt satt, er hann tjáðist hafa skipað nefndina af pólitískum ástæðum.

Leitinni, sem eg hefi kallað lúsaleit og nú er orðið algengt heiti á starfi rannsóknarnefndarinnar, þarf ekki sérstaklega að lýsa hér. Henni er bezt lýst í rannsóknarnefndarskýrslunni svokölluðu, enda verður vikið að henni hér og hvar í framsögunni.

Og víkur þá máli að afsetningunni 22. nóvember 1909, sem líklega hefir verið ráðin 15. okt. 1909. Að hún hafi verið ráðin þann dag, má marka af því, að háyfirdómari Kristján Jónsson hefir borið fyrir nefndinni, að þann dag hafi Björn Kristjánsson komið heim til sín og hafði B. K. gefið honum í skyn, að ráðherra mundi vera búinn að afráða að setja gæzlustjórana af, og bætt við að sér þætti leiðinlegt að missa þá. Björn Kristjánsson mundi að vísu ekkert eftir þessu samtali, er hann var kallaður fyrir nefndina, jafnvel ekki er háyfirdómarinn minti hann á það, að hann hefði komið heim til sín í rökkrinu, og lýsti ítarlega öllu, sem þeim hafði farið á milli. Björn Kristjánsson sat við sinn keip og mundi ekki eftir neinu; eg skal nú ekkert um segja, hvor sannara hefir sagt, háyfirdómari landsins eða B. K., en þetta er rétt ljósmynd af því, sem gjörðist fyrir nefndinni.

Það var farið líkt með afsetninguna og nefndarskipunina. Það fékk enginn í stjórnarráðinu að vita neitt um hana, ekki skrifstofustjóri sá, sem bankinn heyrir undir, ekki landritari og yfir höfuð enginn, að því er landritari hefir skýrt nefndinni frá. Þeir landritari og skrifstofustjóri vissu ekkert um hana, fyr en þeir voru sendir niður í banka til að taka við honum af gömlu bankastjórninni.

Og enginn hafði heldur kært gömlu bankastjórnina á undan afsetningunni, fremur en á undan nefndarskipaninni. Nefndarmennirnir Magnús Sigurðsson og Ólafur Eyjólfsson hafa meira að segja játað, að nefndin hafi ekki sent frá sér neinar aðrar kærur en þær, sem lesa má í rannsóknarnefndarskýrslunni, sem sé um gjörðabókarleysið og svo kölluð víxlakaup starfsmanna bankans, en báðar þær aðfinslur eru hégómamál, eins og eg sýndi fram á í flutningsræðu minni í f. m., enda enginn skaði af hlotist, svo sem gjörð er grein fyrir í meiri hluta nefndarálitinu. Háttv. þm. Ak. ber því rangar sakir á meðnefndarmenn sína, er hann segir, að vér höfum ekkert gjört til að upplýsa þetta. Nefndin hefir fengið upplýsingar um þetta, bæði hjá bankastjórninni og starfsmönnum bankans. Aðalstarfs-

menn bankans, bókari og féhirðir, hafa borið það undir eiðstilboð, að allir þeir víxlar, er þeir hafi „keypt“, séu borgaðir eða endurnýjaðir af núverandi bankastjórn, og bankastjórnin hefir með bréfi 8. þ. m. og sundurliðaðri skýrslu, um hvern einasta af víxlum þessum, játað að allir þessir víxlar séu nú sumpart fullborgaðir, og sumpart endurnýjaðir af sér, og hefir Landsbankinn þannig ekki tapað einum einasta eyri á þessum víxlum. Vonandi dregur því háttv. þm. Ak. eitthvað úr sínum hörðu orðum um oss meðnefndarmenn sína.

Það er þannig sannað með orðum landritara, skrifstofustj. og jafnvel með játningu ráðh. sjálfs, og bankarannsóknarn.mannanna, að engar aðrar kærur höfðu borist ráðherra fyrir afsetninguna, en þær sem áður getur. Ráðherra farast svo orð í bréfi til nefndarinnar 3. marz: „Við fyrri spurningunni (ɔ: spurningu um, hvort bankastjórnin hefði verið kærð undan rannsóknarnefndarskipuninni, eða afsetningunni) liggur það svar, að eftir bankalögunum þarf enga kæru til að láta rannsaka allan hag bankans, hvenær sem er. . .

En rétt á undan afsetningunni 22. nóv. hafði rannsóknarnefndin skýrt ráðherra frá þeim hinum miklu ávirðingum, sem bankastjórnin hafði gert sig seka í. . .“

Ráðherra hafði þannig ekkert annað fyrir sig að bera, afsetningunni til stuðnings, en kærur nefndarinnar út af gjörðabókarleysinu og víxlakaupum starfsmanna. Þær einar kærur hafði nefndin borið skjallega fram, en á munnlegu hjali nefndarmanna gat *jafnvel* núverandi ráðherra ekki bygt afsetninguna, enda hafði nefndin þá ekki hálfkannað aðalkálfinn sinn, tapið. Matið á því var þá ekki orðið til. Út í það skal þó ekki farið hér, enda átti Nd. að rannsaka það. Afsetningin var þannig að *efni til öldungis óforsvaranleg.*

En þó að ráðh. hefði þannig *enga efnis*ástæðu til að setja bankastjórnina af, þá hafði hann þó, að *forminu* til eða í orði kveðnu, heimild til þess, samkvæmt 20. grein bankalaganna frá 1885, að víkja gæzlustjórunum frá, en *einungis* um *stundar*-sakir. En sú formlega heimild féll niður 1. janúar 1910, er hin nýju bankalög frá 9. júlí 1909 gengu í gildi. Því að með 8. grein nýnefndra laga er sá kafli bankalaganna frá 85, er 20. greinin er í, IV. kaflinn, beint numinn úr gildi. Þar að auki sést það berlega af 1. grein laganna, að ráðherra er ekki ætlað vald til að setja gæzlustjórana frá, jafnvel ekki um stundarsakir. Honum er þar fengið vald til að „víkja bankastjórunum frá um stundarsakir, öðrum eða báðum“, en honum er ekki fengið þar samskonar vald yfir gæzlustjórunum, þó að þeirra sé minst í greininni. Gæzlustjórarnir áttu því lögum samkvæmt að taka við sætum sínum aftur, 1. janúar 1910, en ráðherra meinaði þeim það. Og það brot ráðh. getur engin hinna 3 varnarástæðna hv. þm. Akureyrarkaupstaðar réttlætt. Það er fyrst og fremst ekki rétt, að deildin þurfi að bíða dóms hæstaréttar. Hæstiréttur er ekki bær um að dæma um það, hvort ráðherra hefir farið með embættisvald sitt svo að vítavert sé. Landsdómurinn einn er bær að dæma um það. Og því síður getur hæstiréttur dæmt um það, hvort gæzlustjórarnir njóta trausts deilda sinna, eða ekki. Hæstiréttur getur í hæsta lagi dæmt um það, hvort rétt hafi verið, að fógeti setti gæzlustjóra Ed. inn, og gæti hugsast, að hann komist að þeirri niðurstöðu, að það hafi ekki verið rétt. En það snertir ekki réttmæti afsetningarinnar.

Annars er það eftirtektarvert, að heyra jafnmikla „sjálfstæðisgarpa“ og hæstv. ráðh. og hv. þm. Ak. ákalla hástöfum dómsvald hæstaréttar, í máli, sem honum kemur ekkert við.

Þá getur það að sjálfsögðu ekki sýknað hæstv. ráðh., að hv. þm. telur það sennilegt, að stjórn Landmandsbankans hefði „tekið tillögur þeirra (um að slíta viðskiftum við Landsbankann) að öllu leyti til greina“, né

heldur spá hans um að yfirlýsing þeirra „hafi ekki verið eina ástæðan“ til að ráðherra meinaði gæzlustjórunum sæti þeirra. Hæstv. ráðherra forsómaði að bera spádóm dönsku bankamannanna undir stjórn Landmandsbankans, eins og hann hefði átt að gjöra, ef hann hefði lagt nokkuð upp úr henni. Og spádómur þm. um, að ráðherra hafi haft fleiri ástæður fyrir sér, er ekkert annað en fyrirsláttur, eða því bendir hann ekki á þær ástæður? — Blátt áfram af því að hann getur það ekki, þær eru ekki til. Þá hefir hv. þm. í 3. lagi haldið fram ráðherra til forsvars að Landsbankinn hefði ekki getað leyst sig undan skuldinni við Landmandsbankann. En það er líka rangt. Landsbankinn skuldaði Landmandsbankanum um áramótin 1909—'10 alls . . . . . kr. 803,751,53
Auk þess átti bankinn um það leyti að svara fyrir útdregin bankavaxtabréf . — 135,646,52
eða alls. . . . . — 939,398,05
Af þessari upphæð borgaði Landsb. Landmandsbanken $^{2}/_{1}$ '10 . . . . — 487,500,00
og voru þá alls eftir . . — 451,898,05
Upp í þetta átti bankinn útlend verðbréf, er selja mátti samstundis á kauphöllinni. . . . . — 202,617,50
og hefðu þá staðið eftir . — 249,280,55
en þá upphæð hefði bankanum verið innan handar að útvega sér. Hann átti þá 587,000 kr. í bankavaxtabréfum, og landsjóður hefði hæglega getað keypt þau af bankanum, eða að minsta kosti svo mikið sem bankinn hefði þurft að selja af þeim, um 250,000 kr. Landssjóður átti um þetta leyti í bönkunum hér 756,000 kr. Hv. þm. segir raunar að landssjóður hefði að eins mátt kaupa 3. flokks bréf af bankanum, en það er rangt, eins og lög nr. 14, 9. VII. 1909 sjálf bera með sér; þau heimila landsstjórninni að kaupa ótiltekið: „bankavaxtabréf fyrir alt að 2 milj. króna“, enda kom það skýrt fram í ræðu framsögum. laganna 1909, að kaupin ættu ekki að vera bundin við 3. flokk. Hann segir berum orðum að kaupheimildin eigi að ná til fyrri flokka, Alþt 1909 B, bls. 801. Það er líka rangt að bankarnir mundu ekki hafa getað svarað út innstæðu landssjóðs vegna lítils peningaforða. Þeir hefðu orðið að gjöra það, enda innan handar að borga með ávísun, ef heimaféð hefði ekki hrokkið til.

Bankinn hefði þannig getað borgað Landmandsbankanum skuld sína að fullu, þótt upp hefði verið sagt láninu. En nú var ekki því að heilsa, svo langt frá því, að það var aldrei orðað. Og þó að Landmb. hefði sagt upp og bankinn komist í kreppu fyrir, þá hefði ráðherra samt ekki mátt brjóta skýlaus lög til að firra bankann stundarbaga.

Þá er eftir „leyndardómurinn“, sem Ísafold og ráðherra o. fl. hafa sagt því til fyrirstöðu, að gæzlustjórarnir fengju að taka við sætum sínum, og mun þar vera átt við hina skriflegu skýrslu dönsku bankamannanna um skoðunina, sem ráðherra fékk að láni, hjá Landmandsbanken, og þeim ráðh. og Landmb. kemur saman um að ekki megi birta opinberlega. En út af þeim leyndardómi dettur mér í hug sagan af hinu alræmda franska féglæframáli, sem kent er við hjónin Humbert. Frú Humbert sagði ameríska auðmann hafa arfleitt sig að 100 milj. kr., en nokkru seinna risu upp 2 „bróðursynir“ auðmannsins og heimtuðu til sín $^{2}/_{3}$ arfsins. Þeir héldu kröfu sinni til dóms og hafði orðið að sátt, að loka skyldi auðinn inni í járnpeningaskáp og forsigla, þangað til dómur gengi. Málið stóð yfir í 19 ár, og öll þau ár lifðu Humbert-hjónin hátt á lánum upp á forsiglaða auðinn. En loks fór menn að gruna ýmislegt, hjónin struku, og þá var skápurinn opnaður og sjá, í honum var ekkert annað en ónýtt rusl. Líkt er ástatt um skýrslu bankamannanna, sem 10 al-

þingismenn hafa fengið að heyra. Í henni er ekkert, sem máli skifti fyrir bankafarganið. Hinsvegar er í henni hitt og þetta rusl, meðal annars þannig löguð lýsing á efnahag 3 stærstu verlunarhúsanna hér, sem gjörir það ofboð skiljanlegt, að Landmandsbanken hefir ekki kært sig um að hlutaðeigendur fengju að sjá hana. Í „leyndardóminn“ er því ekki til neins að vitna, og sízt situr það á Ísafold, sem sagði um Humbertmálið: „Það má segja að hér hafi saman átt heimska og auðtrygni á aðra hlið, en ódæma þorparamenska á hina,“ Ísaf. nr. 44, XXIX. árg.

Og úr því að eg er komin út í samanburð á annað borð, get eg ekki varist þess, er eg hugsa til ráðherradóms hæstv. ráðherra, að minnast Jeppa heitins frá Fjalli. Ráðherra hafði líka átt bágt með að átta sig á hinu nýja herrastandi, hafði meðal annars lengi kveinkað sér við að fara á konungsfund. En eftir að hann hafði látið telja sér trú um herradóminn, ætlaði einnig hann alt að brjóta og bramla, sá helzti munurinn að Jeppi heitinn lét reiði sína helzt bitna á ráðsmanni sínum en ráðh. á bankastjórunum. Og mundi nú ekki hæstv. ráðh. enda í líkri sæng og danski Jeppi, á haugnum?

Hv. þm. Ak. segir að: „Deildin (hafi) fult vald til að fylla í skarðið“. Það skarðið, sem hæstv. ráðh. hjó ólöglega og að ástæðulausu í stjórn Landsbankans. Og það er orð að sönnu, látum oss nú gjöra það umsvifalaust. En áður en tillaga vor meirihlutamanna verður borin undir atkv., leyfi eg mér að leiða athygli að því, að hún er í 3 liðum og tel eg rétt að hún sé því borin upp í þrennu lagi, hver liður fyrir sig.

Loks vona eg að mótflokkurinn þýðist nú ráð mín betur en á síðasta alþingi, er eg réð honum að samþykkja ekki traustsyfirlýsingu þá, er hv. þm. Ak. bar fram ráðherra til handa út af rannsóknarnefndarskipuninni. Ráðherra þoldi ekki að ríðið væri þannig undir hann, og því er nú komið sem komið er, að hinn mikli flokkur er að miklu leyti sundraður, enda mun flokkurinn nú sjá eftir öllu saman og ekki sízt ráðherra. Flokkurinn brennir sig nú vonandi ekki á sama soðinu, enda alt annað en hyggilegt að fylkja sér fast utan um annan eins mann og hæstv. ráðh.

Sigurður Hjörleifsson: Þetta mál, sem hér er til umræðu, er sjálfsagt það málið, sem mesta eftirtekt vekur út um alt land, allra þeirra mála, sem liggja fyrir þessu þingi. Sú ástæða liggur til þess fyrst og fremst, að meira hefir verið talað um þetta mál en öll önnur mál um undanfarinn tíma, og jafnframt hitt, að málið er orðið mörgum tilfinningamál. Meðferð þessa máls og afdrifum þess hér í deildinni í dag mun verða veitt eftirtekt ekki sízt fyrir þá sök, að hér eru að fella úrskurð um þetta mál þeir menn, sem mest eru við málið riðnir, ef svo mætti að orði komast, þeir sem ákærðir eru í þessu máli. Með öðrum orðum sjálfir málsaðilarnir öðrumegin eru hér æðstu dómarar í málinu. Þegar svo einkennilega stendur á, má búast við því, að það sem gerist hér í deildinni í dag veki eftirtekt ekki að eins hér í höfuðstaðnum, heldur út um alt land. Og það má búast við, að það veki eftirtekt víðar en hér á landi, því að mér þykir ekki ótrúlegt að afdrif málsins verði símuð til Kaupmannahafnar ekki löngu eftir að atkvæðagreiðslu í málinu verður lokið hér í deildinni. Má vera, að sá sé einmitt tilgangurinn með því að flýta málinu svo mjög. Eg geri jafnframt ráð fyrir að gerðir deildarinnar í þessu máli veki eftirtekt enn þá víðar, ekki sízt hjá þeim stofnunum utanlands, sem Landsbankinn hefir mest viðskifti við.

Það má telja þrjá merkisdaga í þessu máli, eða hátíðisdaga, þó að margir hafi verið tyllidagar þar fyrir utan. Fyrsti merkisdagurinn er 27. apr. 1909, þegar bankarannsóknarnefndin var skipuð. Þá

er 22. nóv. 1909, þegar stjórn Landsbankans var vikið frá, og loks 3. jan. 1910, þegar háyfirdómari Kristján Jónsson lét setja sig inn í bankann með fógetavaldi. Frá þessum þremur stórhátíðum má telja þá viðburði, sem gerst hafa í þessu máli.

Hvað er nú að segja um fyrsta höfuðviðburðinn í þessu máli, skipun rannsóknarnefndarinnar? Eg veit ekki betur en að allir sanngjarnir menn á landinu viðurkenni það nú, að þessi stjórnarráðstöfun hafi verið fullkomlega réttmæt, að það hafi komið í ljós, að skipun nefndar til að rannsaka hag Landsbankans hafi verið mjög svo þarfleg og gagnleg. Hvað sem sagt er um gerðir hæstv. ráðherra að öðru leyti, þá fullyrði eg, að þjóðin er nú sammála um, að það hafi verið fyllilega rétt gert að skipa nefnd til að athuga það mál.

Þá er næsti merkisdagurinn, 22. nóvbr. 1909. Því er haldið fram, að ráðherra hafi ekki haft nema lítilfjörlegar ástæður til að byggja á þá stjórnarathöfn, sem þá fór fram, eða réttara sagt ekki aðrar ástæður en skýrslu rannsóknarnefndarinnar frá 16. nóv., um víxlakaup starfsmanna bankans, og í öðru lagi það, hvernig bankastjórnin snerist í fyrirskipanir stjórnarinnar um gerðabókarhald í bankanum. — En fyrst er það, að þessar ástæður eru ekki lítilfjörlegar, og í annan stað er þessi staðhæfing alveg röng. Það er full vissa fengin fyrir því við rannsókn málsins, að ráðherra hefir þá verið kunnugt um margt fleira, það er hann taldi bankastjórninni til ávirðingar eða áleit ábótavant. Þar á meðal má telja, að það vantaði á víxlaforða þann, sem bankinn átti að eiga. Enn fremur að uppgerð sparisjóðsins var ekki í fullri reglu, og loks að töluvert var álitið tapað af útlánum bankans. Alt þetta var ráðherra fullkunnugt um. Náttúrlega verður hver og einn að meta, hvort honum þykir þetta nægar ástæður til frávikningarinnar eða ekki. En annars skiftir það nú ekki máli, hvort fullgildar ástæður voru þá fyrir hendi. Hitt er meira um vert, hvort svo mikil brögð hafa verið að óreglu í stjórn bankans, að þessi stjórnarráðstöfun gæti réttlæzt af því, sem fram hefir komið yfir höfuð í því efni.

Þá er að minnast á 3. merkisdaginn í þessu máli, 3. janúar 1910. Þá setur fógeti annan gæzlustjórann inn í bankann, af því að ráðherra hafði neitað honum um að taka aftur sæti í stjórn bankans. Það hneykslaði háttv. 5. kgk. þingm., að eg skýrði frá því í nefndaráliti minni hlutans, að aðalástæðan til þessarar ráðstöfunar stjórnarinnar muni hafa verið umsögn dönsku bankamannanna, sem þar er getið um. Þó að ráðherra vitanlega teldi ýmsar ávirðingar bankastjórnarinnar svo miklar, að hann áleit fulla ástæðu til að víkja henni frá, — það er enginn vafi á því að hann taldi svo, — þá vita allir að sterkasta ástæðan, sú sem reið baggamuninn og réð því, að gæzlustjórarnir voru ekki látnir taka sæti sín í stjórninni aftur á nýári, var einmitt þessi yfirlýsing dönsku bankamannanna, sem þeir gáfu í viðurvist ráðherra og fleiri manna. Og mér þykir það næsta undarlegt, að háttv. 5. kgk. þingm. skuli leyfa sér að lýsa því lygi, að nokkur slík yfirlýsing hafi verið gefin, og byggja það á því einu, að Landmandsb. hefir í símskeyti kveðið nei við þeirri spurningu nefndarinnar, hvort landstjórnin hafi spurst fyrir um það hjá bankanum, hvað hann mundi gera, ef gæzlustjórarnir væru látnir taka sæti sín aftur í stjórn Landsbankans. Þetta er alt annað mál. Í þessu svari Landmandsb. liggur engin sönnun fyrir því, að dönsku bankamennirnir hafi ekki lýst yfir þessu, sem eftir þeim er haft. Það er furðu frekt að lýsa ósannindamenn alla þá sem um þetta hafa borið. Háttv. 5. kgk. gat þess einnig, að þessi skýrsla stæði hvergi í skýrslu dönsku bankamannanna, sem lesin var fyrir nefndinni, og mér fanst hann gefa í skyn, að

það væri sönnun þess, að þeir hefðu aldrei gefið slíka yfirlýsingu. Það er satt, að yfirlýsingin stendur ekki í skýrslunni, en það er engin sönnun fyrir því, að yfirlýsingin hafi ekki komið fram, enda er það þvert á móti bæði satt og sannanlegt.

Úr því að eg minnist á þessa skýrslu dönsku bankamannanna, skal eg leyfa mér að skýra háttv. deild frá nokkrum atriðum, sem eg man eftir úr umsögn þessara manna um stjórn bankans. Eg álít mér það fullkomlega leyfilegt, að eg skýri frá því sem engan meiðir og kemur ekki of nálægt viðskiftalífi einstakra manna. Það getur ekki verið ætlast til þess, að þagað sé yfir slíkum ummælum í skýrslunni, er gætu orðið málinu til skýringar.

Skýrslan lýsir því, að mjög mikil óstjórn hafi verið í bankanum. Það er fundið að mjög mörgu, t. d. að ýmsu, sem átti að bera saman í bókum bankans og reikningum, hafi ekki borið saman. Þar er einnig talað um veðsetningu varasjóðs og haft eftir framkvæmdarstjóra bankans að yfirlýsingar bankastjórnarinnar í því efni hafi verið gefnar „af Partihensyn“ og „forfattet i Kampens Hede“, en verðbréf þau, sem um var að ræða, hafi verið sett að tryggingu fyrir ákveðinni skuld, er bankinn var í við Landmandsbankann. Þegar bankamennirnir spurðu annan gæzlustjórann, hvort hann vildi mótmæla þessari skýrslu framkvæmdarstjóra, þá svaraði hann því einu, að þeirri spurningu vildi hann ekki svara. Þetta svar gæzlustjórans þykir mér all-einkennilegt, eftir því sem á undan var gengið. Það er hægðarleikur að vera stórorður frammi fyrir þjóðinni og gugna svo þannig, þegar á hólminn kemur. — Eg get bætt því við, að um hinn gæzlustjórann er sagt, að hann hafi ekki heldur viljað láta í ljósi neina sjálfstæða skoðun um þetta atriði. Eg man líka þau ummæli úr skýrslunni, að bankastjórnin hafi „ladet slaa til“, ekki hugsað nægilega um, hvort lántakendur væru borgunarmenn fyrir lánunum, en lánað ört út gegn vafasömum tryggingum, og ekki sjaldan veitt hættuleg lán, sem hinn bankinn hafði neitað um. En fremur, að afsetningin hafi verið „absolut nödvendig“, því að ella hefði bankinn „sokkið enn dýpra niður í fenið“. bankastjórnina hafi vantað alt yfirlit, störfin hafi vaxið henni yfir höfuð, og án þess að vikja bankastj. frá hefði verið ómögulegt að koma bankanum í betra horf, sem þó hefði verið alveg nauðsynlegt. — Þá var það og tekið fram í skýrslunni, að annar gæzlustjóranna hefði talið, að tap bankans mundi nema 1—2 hundr. þús. krónum. Eg get þessa atriðis vegna þess, að því var neitað hér áðan, að þetta stæði í skýrslunni. — Enn man eg eftir því, að það var skýrt frá, að ósamræmi hefði verið milli höfuðbókar og annara bóka bankans, þar sem samræmi átti að vera, og bendir þetta á að eftirlit endurskoðunarmanna bankans hafi heldur ekki verið gallalaust, eða ekki eins nákvæmt og hefði þurft að vera.

Þetta er þá álit dönsku bankamannanna um stjórn og ástand bankans. Það sýnir oss eins og í spegli, hversu heppileg ráðstöfun það hefði verið, ef gæzlustjórarnir hefðu verið settir aftur inn í stjórn bankans. Ef þetta álit er borið saman við yfirlýsinguna, sem þessir sömu menn gáfu, áður en þeir fóru héðan, að þeir mundu ráða Landmandsbankanum til að hætta viðskiftum við Landsbankann, ef gæzlustjórarnir yrðu settir inn aftur, þá má geta nærri um það, hvernig slíkri ráðstöfun hefði verið tekið. — Annars er gerð ítarlegri grein fyrir þessu í nefndaráliti minni hluta, og mun því nægja að vísa til þess. Alt bendir á það, að það hefði verið óforsvaranlegt af stjórninni að láta gæzlustjórana taka aftur sæti sín í stjórn bankans, hvað sem lagabókstafnum líður. *„Nauðsyn brýtur lög“*, segir íslenzka máltækið, og söm er hugsunin í latneska orðtækinu: *„salus publica suprema lex“*. Annars er það atriði enn þá óútkljáð af dóms-

valdinu, hvort nokkur lög hafi verið brotin með frávikningu gæzlustjóranna. Það mál liggur nú fyrir hæstarétti, hann á eftir að skera úr um kompetence ráðherra í því efni; dómur hæstaréttar í innsetningarmálinu getur ekki gengið fram hjá því spursmáli. Eg hefi bent á það í nefndaráliti minni hlutans, að frávikning gæzlustjóranna, sem var fullkomlega lögleg eftir þá gildandi lögum, hafi ekki getað orðið ógild fyrir það, þó að síðar kæmu í gildi lög, sem afnámu heimildina til frávikningar, ef þau þá gera það. Nú er ætlast til að deildin fari að fella úrskurð um þetta atriði, sem annar gæzlustjóranna hefir skotið undir úrskurð dómstólanna og biður þar fullnaðardóms. Hann hefir skotið því til dómstólanna og það með réttu, því að hér er að ræða um það, hvort ráðherra hefir farið út fyrir embættistakmörk sín eða ekki. Ef háttv. deild fer nú að grípa fram í og kveða upp dóm um þetta atriði, þá virðist mér slíkt eintóm markleysa og ósamrýmanlegt við 1. gr. stjórnarskrárinnar, því að hlutverk þingsins er ekki að fara með dómsvald, heldur eingöngu, eða því sem næst undantekningarlaust, að eins með löggjafarstörf. — Enn skal eg benda á það, að svo leiðinlega gæti viljað til, að úrskurður deildarinnar yrði í fullu ósamræmi við dóm hæstaréttar í málinu. — Annars get eg að mestu leyti látið mér nægja að vísa til þess, sem um þessa hlið málsins segir í nefndaráliti minni hlutans.

En út af orðum háttv. 5. konungk. þm. áðan vil eg benda á það, að bankavaxtabréf þau sem hann nefndi, að upphæð 587 þús. kr., sem Landsbankinn átti í vörzlum Landmandsbankans um síðustu áramót, voru vitanlega ekki börsgeng og því ekki hægt að selja þau í fljótu bragði, því að eg býst ekki við að neinum detti í hug, að það hefðu átt að setja þau á uppboð. Háttv. konungk. þm. segir, að landsjóður hefði átt að kaupa þau. Eg skal ekki þræta við hann um þetta, það getur verið að það hefði verið heimild til þess eftir bókstaf laganna. En eigi að síður fullyrði eg, að tilgangurinn með því að veita landsjóði hina umræddu heimild til lántöku til þess að kaupa bankavaxtabréf, var sá, að þessu lánsfé yrði varið til að kaupa fyrir það 3. flokks veðdeildarbréf jafnóðum og bankinn gæfi þau út. Og til hvers er líka að tala um það í þessu sambandi, þó að landsjóður hafi átt nóg fé í bönkum hér á þessum tíma, þegar svo stóð á, að mikill hluti þess var í Landsbankanum, kring um 400 þús. kr., en Landsbankinn átti þá ekki nema 159 þús. kr. í kassa. Landsbankinn hefði því alls ekki getað svarað út því sem hann skuldaði landsjóði, og því ómögulegt að grípa til þeirra peninga.

Þá þótti mér undarleg ummæli háttv. 5. konungkj. þm. áðan um víxlakaup starfsmanna bankans. Hann vitnaði í skýrslu yfir þessa ólöglega keyptu víxla, sem ber það með sér, að allir víxlarnir eru nú annaðhvort borgaðir eða framlengdir af nýju bankastjórninni, og átti þetta að vera sönnun fyrir því, að ekkert tap hafi orðið á þessum víxlakaupum starfsmanna bankans. En þetta er hreinn og beinn hégómi. Það segir sig sjálft, að skýrslan sannar ekkert um það. Bankastjórnin verður oft og einatt að framlengja víxla, sem ekki er hægt að fá borgaða, á meðan nokkur von er um að einhverntíma kunni að verða hægt að fá þá borgaða að meira eða minna leyti. Hún hlýtur að líta alt öðru vísi á framlenging víxla, sem bankinn hefir einusinni keypt, heldur en kaup nýrra víxla. —

Það sem mestu máli skiftir hér, er þó það, að af hálfu nefndarinnar hefir ekki farið fram nein rannsókn á því, sem að hefir verið fundið í stjórn bankans. En slík rannsókn væri einmitt alveg nauðsynleg. — Eg hafði nú lítið að segja í þessari nefnd, þar sem eg stóð þar að lokum einn uppi. En eg hefi þó leitast við að afla mér upplýsinga í þessu efni, og í þeim til-

gangi gerði eg nokkrar fyrirspurnir til núverandi bankastjórnar. Eg lít svo á, að hinna áreiðanlegustu upplýsinga í þessu máli sé að leita í skýrslu dönsku bankamannanna, sem lesin var upp fyrir nefndinni, því að þeir menn voru fullkomlega óvilhallir. En þar næst hygg eg að beztar upplýsingar sé að fá hjá núverandi bankastjórn, því að hún hlýtur að þekkja bezt þetta mál og vita, hvar skórinn kreppir að.

Upp á þessar fyrirspurnir mínar hefi eg nú fengið svör frá báðum bankastjórunum og margar skýrslur um þau atriði, sem eg hafði spurt um. Eg hefi hér í höndum ekki færri en 8 fylgiskjöl frá bankastjórninni, sem gefa töluverðar upplýsingar í þessum efnum. Þessi skjöl verða rannsökuð í heild sinni í nefnd þeirri, sem skipuð hefir verið í málið í neðri deild. En eg vil þó leyfa mér að benda á það stuttlega hér, um hvað þessi skjöl eru.

Hér er þá fyrst skýrsla um nokkur handveðslán bankans. Mér þótti ástæða til að gera fyrirspurn um þessi lán, því að þar, eins og reyndar víðast hvar annarstaðar, var framburður gömlu bankastjórnarinnar í allmiklu ósamræmi við lýsingu bankarannsóknarnefndarinnar. Þessvegna spurði eg bankastjórnina á þessa leið: „Lítur bankastjórnin svo á að handveðslán þau, er Landsbankinn átti útistandandi í nóv. 1909, hafi verið í góðu lagi og fullkomlega trygg? Ef svo er ekki, óskast skýrsla um, hverju helzt hafi verið áfátt.“

Hér er nú skýrsla um 10 af þessum handveðslánum og er óhætt að segja, að hvert einasta þeirra er varhugavert, að minsta kosti að því er formhliðina snertir. Það er einkennilegt, sem stendur hér um eitt af þessum lánum, 1200 kr. lán gegn handveði í lífsábyrgðarskírteini; lífsábyrgðin hljóðar uppá 2000 kr., en er einkis virði, þegar lánið er veitt. Hér er annað lán af sama tægi, 4000 kr. gegn handveði í lífsábyrgðarskírteini uppá 4000 kr., en lífsábyrgðin keypt sama árið sem lánið er veitt, og hefir því ekkert verðmæti á þeirri stundu, þegar lánið er veitt. Svo kemur það skrítilegasta, það er 2000 kr. lán gegn handveði, og handveðið er lífsábyrgðarskírteini, sem er dagsett 3 vikum eftir að lánið er veitt, og hefir því þetta handveð sannarlega ekki verið mikils virði.

Þá eru og tilfærð 20 sjálfskuldarábyrgðarlán, þar sem ábyrgðin er fallin úr gildi, vegna óreglu og hirðuleysis, og önnur sams konar lán 13 að tölu, sem eins stendur á með.

Einnig liggur hér fyrir skýrsla um reikningslán, sem bendir ótvírætt á, að um talsverða óreglu hafi verið að ræða í bankanum. Eitt þessara lána þykir mér satt að segja mjög kynlegt; lán það var upphaflega 3000 krónur, en síðan hefir því verið breytt í 5000 kr. á þann hátt, að svo virðist, sem skrifað hafi verið ofan í upphaflegu tölurnar. Eg veit nú ekki betur en það sé alment talinn glæpur, að yfirdraga lán, hvað sem hér kann að verða gert. Þá virðist það og hafa verið nokkuð algengt, að lán hafi staðið árum saman vanrækt; ábyrgðarskjölin ekki endurnýjuð; einnig hefir það komið fyrir, að skjöl, sem þinglesa átti, hafa ekki verið þinglesin. Alt þetta finst mér vera hættuleg óregla, og þessu til sönnunar liggja hér fyrir, um þetta mál, margar og margvíslegar skýrslur, sem örðugt er að hrekja. Háttv. framsögumaður þessa máls, og ýmsir fleiri menn, vilja ekki byggja mikið á því, sem stendur í skýrslu rannsóknarnefndarinnar — þessarar nefndar, sem öllu átti að skrökva uppá gömlu bankastjórnina — en eg vil leyfa mér að benda á það, að rannsóknarnefndin stendur þar fyrir engan veginn ein uppi með skoðun sína á óreglunni í bankanum; dönsku bankastjórarnir, sem rannsökuðu bankann, fundu þar einmitt líka mjög margt athugavert, marga og mikla óreglu.

Þá er ástandið með veðdeildarlánin ekki betra. Um 70 hús eru talin lóðarlaus, eða því sem næst; yrðu þau rifin niður, mundu allir menn hljóta að sjá, að hússkrokkurinn einn er ekki mikils virði, ef engin lóð fylgir eigninni. Mörg veðdeildarlán eru þannig útlítandi, að þau ættu skilið að færast á sérstakan lista. Einnig vantar vátryggingarskírteini fyrir 54 húsum. Þá liggur hér fyrir skýrsla um nokkur lán, er ekki virðist neitt sérstaklega álitleg; eg nefni engin nöfn; ætla einungis að tilnefna nokkrar upphæðir.

1. Einn maður er viðriðinn 171,279 kr.; hann er gjaldþrota.
2. 14389 kr., líka gjaldþrota.
3. 63539 kr., einnig gjaldþrota.
4. 152,900 kr.; hefir verið margsinnis reynt fjárnám.
5. 96,976 kr., gjaldþrota.
6. 26,242 kr., gjaldþrota.
7. 2969 kr.; sá maður ekki gjaldþrota, heldur strokinn af landi burt.
8. 10,309 kr., gjaldþrota.
9. 54,484 kr., gjaldþrota.
10. 50,970 kr., árangurslaust fjárnám.
11. 11,145 kr., gjaldþrota.

Það er ýmislegt fleira í þessari skýrslu, sem telja mætti upp, en ég held að bezt sé að hætta.

Þá liggja fyrir skýrslur um víxla og sjálfskuldarábyrgðarlán, sem sýna það, að hjá málaflutningsmönnum eru til innheimtu kr. 219,138 og 95 aurar; þessi fúlga hefir legið hjá þeim alt árið, en innheimzt hefir í alt rúmt hálft fjórða þúsund. Að vísu er þetta fé ekki alt saman tapað, heldur sumpart í hættu statt. Niðurstaða bankastjórnarinnar nýju hefir orðið sú, að 500,000 kr. séu tapaðar, eða þá að meiru eða minna leyti í hættu. Mér þótti réttara, að háttv. samnefndarmenn mínir hér í deildinni hefðu reynt að rannsaka nokkuð þetta atriði málsins; hvort þetta ískyggilega ástand bankans stafaði af einhverjum slysum eða óhepni, eða af ófullnægjandi eftirliti hinnar fráfarnu bankastjórnar; en eg get ekki betur séð, en að þetta sé órannsakað enn.

Eg benti á það í nefndaráliti mínu, að ekki væri rétt gagnvart þjóðinni að kveða upp nokkurn dóm í máli þessu, eins og það nú lægi fyrir, og því held eg fast fram enn. Eins og bent hefir verið á, hefir háttv. meiri hluti nefndarinnar alveg gengið fram hjá því, að rannsaka það sem athugaverðast þótti í bankanum; og án þess tel eg óhugsandi að upp verði kveðinn sanngjarn dómur, hvorki áfellis né sýknunardómur í máli þessu; en nú hefir háttv. meiri hluti eigi að síður kveðið upp dóminn, án þess að hafa t. d. heyrt eitt orð úr skýrslu bankastjóranna dönsku. Með þessu get eg ekki betur séð, en að stofnað sé til fjörráða við alla sanngirni og réttlæti í þessu máli.

Forseti: Eg vil leyfa mér að geta þess, að hér hefir komið fram skjal, er fer fram á að fresta fundi, og er svo hljóðandi:

Undirritaðir þingmenn efri deildar óska fundi deildarinnar kl. 5 í dag frestað.

Alþingi $^{13}/_{3}$—'11

Sigurður Stefánsson, Jósef Björnsson,
Sigurður Hjörleifsson, Ari Jónsson.

Mér þykir rétt, að af þeirra hálfu, sem um þetta hafa beðið, komi fram ástæðan fyrir beiðninni.

(L. H. B.: Hver er ástæðan?)

Mér skildist af ummælum, er eg heyrði falla meðal þingmanna, er staddir voru í neðri deildar salnum, þegar eg gekk nú hingað inn, að ástæðan sé ný tíðindi, sem vel má kalla stórtíðindi, sem þingmenn finni ástæðu til að tala saman um á privat fundi. Tíðindin voru mér sögð þau, að búið sé að tilnefna ráðherra; heyrðist mér ýmsum þingmönnum koma sú útnefning á óvart og finnast með henni gengið nærri þingræðinu (parlamentarismus) og sérstaklega vilja meiri hluta þjóðkjörinna þingmanna. Eg leyfi mér nú að bera undir atkvæði tillögu þessa.

Lárus H. Bjarnason: Eg verð að láta undrun mína í ljósi yfir því, að háttv. forseti skuli lýsa því yfir eða gefa það í skyn, þótt einhver tilkynning kunni að vera komin um að nýkjörinn sé ráðherra, að konungur hafi brotið þingræðið með útnefningu sinni. Önnur eins framkoma í forseta stól mun ekki hafa átt sér stað á nokkru þingi fyr.

Forseti: Þetta er ekki satt. Eg hefi ekki sagt eða gefið í skyn, að *konungur* hafi brotið þingræðið. Orðið er tekið af þingmanninum.

(*L. H. B.* og *Stgr. J.*: Þingsköp! Þingsköp!)

Lárus H. Bjarnason: Háttvirtur forseti hefir fengið þetta ráð, að taka af mér orðið, hjá ráðherra. Uppkastið til síðustu orða hans, í minn garð, lét ráðherra B. J. leggja á forsetaborðið í dag. Að því get eg leitt vitni. Og dygði það ekki, var honum skipað að fresta fundi.

Forseti: Orðið er tekið af þingmanninum, en með því að hann ekki hlýðir, leyfi eg mér að fresta fundi í að minsta kosti hálfan klukkutíma.

Sigurður Stefánsson: Eg stend að eins upp til að geta þess, að eg ásamt 3 öðrum háttv. þingdeildarmönnum bar upp og afhenti háttv. forseta tillögu um að fresta fundi til morguns í því skyni, að hún yrði borin undir atkvæði þegar í stað, en við ætluðumst ekki til þess, að umræður yrðu um hana.

Steingrímur Jónsson: Eg ætla að eins að leyfa mér að skora á háttv. forseta að láta ekki ganga til atkvæða um þessa tillögu nú þegar, því þær ástæður, er færðar hafa verið henni, eru með öllu óviðkomandi deildinni.

Kristján Jónsson: Eg bað háttv. forseta um orðið áðan út af gusti og óróa, er var í deildinni, og út af brígzlum, er komið hafa fram í minn garð. En eg ætla í þetta sinn ekki að halda neina ræðu, en að eins að geta þess, að mér hefir borist símskeyti frá konungi, þar sem hann biður mig að taka að mér ráðherraembættið, og að eg hefi svarað konungi og sagst mundi taka það að mér.

Ari Jónsson: Það mun mörgum finnast í meira lagi undarlegt og óviðunandi, er *nefndin* í því máli, er hér er til umræðu, fer þess á leit við deildina að hún felli úrskurð að órannsökuðu máli. Mörgum mun þykja það ósanngjarnar kröfur til háttv. deildar, að hún kveði upp úrskurð í þessu máli *áður en fullkomin rannsókn* á því hefir farið fram. En eg held, að allir séu sammála um, að málið sé ekki fullrannsakað. Því til sönnunar má fyrst minna á nefndarálitið; það játar berum orðum að málið sé ekki rannsakað til fullnustu enn. Umræðurnar hafa leitt hið sama í ljós. Háttv. framsm. meiri hluta nefndarinnar kannaðist við, að margt og mikið væri enn órannsakað í því. Eg verð að endurtaka það, sem eg sagði, að það er ósanngjarnt að ætlast til þess, að vér leggjum dóm á málið, áður en öll gögn þess eru fyllilega könnuð, þá fyrst eigum vér að kveða upp úrskurð um það, er öll kurl eru komin til grafar.

Á þessu máli eru tvær hliðar: Önnur er „*formel*“, hin er „*reel*“. Eg lít fyrst á form. hliðina. Á það munu allir sáttir, að hin alkunna stjórnarathöfn 22. nóv. 1909 — afsetning gæzlustjóranna — hafi verið heimil, eftir þágildandi lögum, fullkomlega heimil „*um stundarsakir*“. En leiðir skilja og skoðanir skiftast, þegar ræða er um, hvort löglegt hafi verið að varna gæzlustjórunum að setjast í sæti sín í Landsbankanum 1. jan. 1910. Þá voru ný lög um þetta efni gengin í gildi. Og nú eru margir þeirrar skoðunar, að þau lög geti ekki haft áhrif á stjórnarathöfn, er framkvæmd var eftir eldri lögum, en aðrir halda hinu gagnstæða fram. Sakir þessa ágreinings var málinu vísað til dómstólanna. Það er, sem kunnugt er, 3 stig,

er málið þarf að fara um, áður en því er lokið. Það er nú komið yfir 2 stigin — og er á leiðinni upp 3. stigið. Dómur hefir verið kveðinn upp í því í undirrétti og yfirrétti, og það er nú fyrir hæstarétti. Stjórninni hefir verið legið á hálsi fyrir, að hún hefir leitað æðsta dómstóls landsins til að skera úr þessu máli. En þeir sem halda slíku fram, sem ávíta stjórnina fyrir þá athöfn, hafa sjálfir notað þenna dómstól og enginn ásakar þá fyrir það. Hví má stjórnin þá ekki gera hið sama? Það er furðu lítið, sem menn hafa að ásökunarefni gegn stjórninni, er þessu er beitt gegn henni.

Þingið á um tvent að velja í þessu máli. Þingið getur útkljáð bæði hina *„formellu“* og „reellu“ hlið þess. En það getur líka snúið sér til dómstólanna með deiluna um formatriði þess, látið þá skera úr henni, samþykt gerðir landstjórnarinnar að því leyti, látið málið halda áfram fyrir dómstólunum og beðið átekta og séð hvaða úrskurð æðsti dómstóll landsins leggur á þetta mál. Og hví skyldum vér eigi láta málið halda áfram fyrir dómstólunum, og sjá hvað æðsti dómur landsins gerir í því. Það er varhugavert, að þingið fari að taka fram fyrir hendurnar á dómstólunum, og gera nú úrskurð um málið, ekki síst er það er órannsakað, eins og eg tók fram áðan. Það væri annað mál, ef deildin hefði kosið gæzlustjórana á ný, eða aðra, er henni þætti fallnir til að gegna þessari stöðu.

Þá kem eg nú að hinni *„reellu“* hlið málsins. Ef skera á úr, hvort gerðir stjórnarinnar í því eru réttmætar, verður aðallega að líta á hana. Hún er aðalatriði málsins. Það, sem fara verður eftir í því efni, er skýrsla rannsóknarnefndarinnar í bankamálinu og svör bankastjórnarinnar. Á þeim verða þingmenn að byggja og á þeim verða allir að byggja, er vilja skapa sér skoðanir í því máli, er hér ræðir um. En þessi gögn eru ekki nægileg, enda erum vér allir á því að rannsaka þurfi málið enn — og eg hefi alt af verið eindregið á þeirri skoðun að skipa ætti rannsóknarnefnd í málið hér á þinginu. En mér þótti réttara að slík nefnd væri skipuð í Nd., en ekki Ed. Hér er svo ástatt, að tveir málsaðilar eiga hér sæti og atkvæðisrétt, en þannig er því ekki farið um hinn málsaðilann, stjórnina. Hún greiðir hér ekki sjálf atkvæði. Enn er einn háttv. þingdm. hér, sem er náskyldur öðrum hinna fráviknu gæzlustjóra. Því hefði átt betur við, eins og eg sagði, að 5 eða 7 manna nefnd hefði verið skipuð í málið í Neðri deild, sem tekið hefði það til rannsökunar og athugunar. En það fór nokkuð á annan veg. Hér var kosin nefnd í málið — og bráðabirgðarálit hefir nú birzt frá henni, en ekki heldur meira. Og þrátt fyrir það fer nefndin fram á það við háttv. þingdeildarmenn, að þeir úrskurði um málið.

Stórvægileg atriði í því eru órannsökuð enn. Eg minni fyrst á víxlakaup starfsmanna bankans. Nefndarálitið hefir ekki haggað við, að þar væri sumt athugavert, en að eins reynt að gera lítið úr brotinu. Þá er annað atriði, og það er veðsetningin á varasjóð bankans — og það er mikilvægt atriði. Á það minnist nefndarálitið alls ekki; þar eru þó ýms rök, er fá þyrfti vitneskju um. Er það satt, að móttökuskírteini frá Landmandsbanken fyrir afhending verðbréfanna hafi legið í Landsbankanum og að Tryggvi Gunnarsson hafi sagt, að Kristján Jónsson bæri ábyrgð á þessu? Er það satt, að Kristján Jónsson hafi neitað þessu opinberlega, og er það satt, að honum hafi seinna farist svo orð, að hann hafi sagt þetta í „Kampens Hede“? Um þetta þarf að fræða menn. Annars má svo að orði kveða um margar staðhæfingar, er menn hafa látið sér um munn fara hér í deildinni í dag, að þær eru sagðar í *„Kampens Hede“*. Þá er enn eitt atriðið og það er tap bánkans. Það kom fram í ræðu háttv. framsögum. (L. H. B.) hér í dag, að nefndin hefir ekki leitað á-

lita þeirra manna, er bezt gætu um þetta sagt, sem sé núverandi bankastjóra.

(*Kristján Jónsson:* Ætli skýrslum þeirra sé treystandi?)

Þá var nefndarinnar að rannsaka slíkt. Þá hefðu menn líka þurft að kynna sér umsögn dönsku bankastjóranna, áður en feldur er úrskurður í þessu máli, en það hefir rannsóknarnefndin ekki gert.

(*L. H. B.:* Þingmaður Akureyrar hefir sagt þetta áður).

Háttv. „fimti“ má þakka fyrir, ef eg endurtek eitt það mikilvægasta, því svo skilningssljór virðist hann vera, eftir ræðum hans að dæma, að honum veitir sannarlega ekki af að heyra það oftar en einusinni, svo það verði honum ljóst.

Eg þykist sjá að hér eigi að beita valdi og deildin ætli að kveða upp úrskurð um mál, sem játað er um, að sé ekki fullrannsakað. Eg ætla því að leyfa mér að bera upp rökstudda dagskrá um að vísa málinu aftur til nefndarinnar, af því að það er ekki fullrannsakað. Eg geri það ekki af því að eg búist við, að hún verði samþykt, heldur af því að mig langar til að sjá, hverir vilja láta öll kurl koma til grafar áður en dómur er uppkveðinn.

Forseti: Eg skal geta þess, að mér hefir borist rökstudd dagskrá frá háttv. þingm. Strand. svohljóðandi:

Með því að deildin lítur svo á, að mál þetta sé enn ekki svo rannsakað af háttv. nefnd, að hægt sé að fella um það réttmætan úrskurð, vísar hún því aftur til nefndarinnar og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Jósef Björnsson: Eg hefi beðið um orðið af því, að eg vildi ekki láta hjá líða að gera grein fyrir afstöðu minni til þess máls, er hér liggur nú fyrir til umræðu í deildinni.

Umræður hafa farið nokkuð aðra leið en eg hafði við búist og tel rétt vera, eftir því sem málinu horfir við nú. Háttv. framsögum. gat þess, að tillaga nefndarinnar væri í þrem liðum. Eftir efni tillögunnar er það ljóst, að svo er, en liðirnir eru þessir: *1. að* deildin skorar á landsstjórnina að sjá um, að tekið verði við Kristjáni Jónssyni sem gæzlustjóra. *2. að* honum verði greidd gæzlustjóralaun sín frá 1. des. 1909. *3. að* honum verði endurgoldinn allur sá kostnaður, er hann hefir haft af bankamálinu og af því að halda uppi rétti sínum og hinnar háttv. efri deildar. Eg lít svo á, að kjarni tillögunnar sé 1. liður. Það er auðsætt, að það er innsetningin, sem er aðalatriðið í því sem hér liggur fyrir. En umræður hafa farið í alt *aðra* átt. Þær hafa snúist um fortíðina, en ekki um framtíðina. Þær hafa verið saga málsins frá byrjun og til þessa dags, verið sókn og vörn fyrir sekt og sýknun landsstjórnarinnar og bankastjórnar Landsbankans, sem nefndin þó kannast við í áliti sínu að ekki sé enn fullrannsakað mál, en ekki nema lítið um það, hvað réttlæti þessa tillögu. Eg sé ekki, að hinar miklu umræður hér snerti hana mikið. Þegar litið er á nefndarálitið, sem á sinn hátt er rækilegt og vel frá gengið að mörgu leyti, sést, að það er ástæðan til, að umræðurnar hafa farið á þessa leið. Það eyðir miklum tíma og miklu rúmi til að rekja sögu málsins, hvernig rannsóknarnefndin hafi verið skipuð, hverjar sakir hún hafi borið á Landsbankastjórnina og hvernig frávikningin hafi farið fram. Eg lít svo á, sem þetta atriði hefði mátt liggja fyrir utan nefndarálitið og umræðurnar. Þetta var rækilega rætt og rakið við umræðurnar hér í deildinni um skipun nefndarinnar til að rannsaka gerðir landsstjórnarinnar í Landsbankamálinu og var ekki ástæða til að taka það upp aftur.

Eg verð að líta svo á, sem hér sé um fremur einfalt mál að ræða, að því er kemur til innsetningarinnur. Það var bent á það af háttv. þingm. Strand. (A. J.) að málið ætti sér bæði formhlið og „*reella*“ hlið. Hér er að líta á formhliðina eða

hvernig verði sem bezt leyst úr ástandi því, er nú á sér stað um gæzlustjóra Landsbankans. Aðalþungi málsins, að því er mér virðist, er það, sem ræðir um neðst á 4. blaðsíðu og efst á 5. blaðsíðu nefndarálitsins og niður á hana og fjallar um formhlið málsins. Þessi kafli hefði mátt vera fyllri, því hann *einn* kemur þingsályktunartillögunni verulega við. Ástandið, sem nú er, er öllum ljóst. Þeir gæzlustjórar, er nú eru, eru skipaðir á annan hátt en lög gera ráð fyrir. Þetta er orðið svo fyrir „viðburðanna rás“, að þeir geta ekki talist löglegir gæzlustjórar.

(L. H. B.: Heyr!)

En það er ekki skemtilegt ástand, er játa verður um, að það sé fyrir utan landslög og rétt. Hvað á nú að gera, hvernig á að ráða bót á þessu?, er spurningin. Og hér er eg kominn að því, sem er kjarni málsins, hvort setja eigi þann gæzlustjórann aftur í sæti sitt, er háttv. þingdeild hefir kosið til að gegna þessu starfi, eða hvort það á ekki að gerast. Þegar ræða er um þetta, lít eg svo á, sem hér þurfi eigi að tala um, hvað landsstjórnin hafi gert í þessu máli eða hvað gæzlustjórarnir hafi gert, hver sekur sé eða sýkn, og á það legg eg engan dóm, heldur þurfi að athuga, hvernig hnúturinn verði sem bezt leystur. Nú er það tekið skýrt fram í nefndarálitinu, bæði áliti meiri og minni hlutans, að þingkjörnu gæzlustjórarnir hefðu verið settir í sæti sín í ársbyrjun 1910, ef stjórnin hefði ekki þózt hafa ástæðu til að varna því, að svo yrði gert. Og þessi ástæða var álit og ummæli dönsku bankamannanna. Þessa ástæðu má telja fullsannaða, því að til er vottorð margra manna fyrir því, að þeir sögðu, að afleiðingin af því, ef gæzlustjórarnir væru endurskipaðir í sæti sín, yrði sú, að viðskiftasambandi Landsbankans við Landmandsbanken yrði slitið. Hæstv. ráðherra hefir og lýst því yfir í ræðu, að hann hafi ætlað sér að setja þá aftur í þessa stöðu sína, en hafi hætt við það af þessari ástæðu. *Hann leit svo á sem Landsbankanum stafaði hætta af því.* Út af þessu hefir háttv. nefnd, bæði meiri hlutinn og minni hlutinn, fundið ástæðu til að gera allmiklar athugasemdir. Meiri hlutinn heldur því fram, að óhætt hefði verið, að gæzlustjórunum væri fengin gæzlustjórnin aftur, þrátt fyrir það þótt viðskiftasambandi við Landmandsbanken yrði slitið. Hann telur Landsbankann mundu hafa getað greitt skuld sína að fullu sér að meinalausu, og finnur því þessa ástæðu stjórnarinnar *léttvæga.* Minni hlutinn telur aftur á móti augljóst, að Landsbankinn hefði eigi getað greitt skuld sína til „Landmandsbanken“ og slitið viðskiftum við hann, nema af því hefði stafað stór hætta fyrir Landsbankann. Minni hlutinn telur því þessa ástæðu *fullgilda* til þess að stjórnin varnaði því að gæzlustjórarnir tæki aftur við starfi sínu í bankanum.

En hvernig sem litið er á þessi atriði, þá verð eg að álíta, þegar miðað er við tillöguna sjálfa, að hér sé verið að deila um skeggið keisarans. Því að það er ekki um það að ræða hér, hvort það *var* óhætt eða ekki óhætt í janúar 1910 að setja gæzlustjórana í sæti sín í stjórn bankans. Sá tími stendur ekki *nú.* Hann stóð *þá,* og það gat á þeim tíma verið fullgild ástæða fyrir stjórnina að standa á móti því, að þeir settust aftur í stjórn bankans, ef hún áleit það háskalegt fyrir landið. Jafnvel þó að stjórnin hefði litið svo á, að gerðir hennar væru á móti lögum, þá gat hún með fullum rétti talið sér *skylt* og sig neydda til að brjóta lögin, ef hún áleit að heill landsins væri hætta búin að öðrum kosti. En eg læt mig ekki varða um þessi atriði nú, af því að sá tími er löngu liðinn. Í dag hefi eg ekki heyrt neitt koma fram í umræðunum, hvorki frá hálfu meiri hlutans eða minni hlutans, í þá átt, að það gæti stafað hin minsta hætta af því frá nokkurri hlið, þó að gæzlustjór-

arnir tækju *nú* aftur sæti sín í bankastjórninni. Eg hefi ekki heldur séð nefndina halda neinu slíku fram, og eg hefi ekki heyrt nein rök frá hæstv. ráðherra fyrir því, að nokkurt tjón gæti af því stafað *nú*. En úr því að allir verða að játa, að ástandið í Landsbankanum, eins og það er, sé ekki viðunandi vegna þess að það er fyrir utan lögin, og úr því að ráðherra var jafnvel þegar í janúar 1910 farinn að hugsa töluvert mikið um að setja gæzlustjórana inn aftur, til þess að koma löglegu ástandi á stjórn bankans, þá sé eg ekki annað en að nú sé ástæða til að flýta fyrir því að lögleg skipan komist á í þessu efni, því eftir 1. jan. 1910 hafa sakir ekki getað aukist á gæzlustjóranum, sem gæzlustjóra bankans. Þegar málið er skoðað frá þessari hlið, finst mér 1. atriði tillögunnar þannig vaxið, að það standi ljóst fyrir, að ekki sé nokkur hætta á ferð, þó að gæzlustjórinn sé nú settur inn í stöðu sína aftur; með því er stjórn bankans orðin löglega skipuð, og óneitanlega er ástæða til þess fyrir háttvirta þingdeild að vinna að því, að viðunandi ástand komist á í þessu efni.

Að því er snertir atriðið um innsetning gæzlustjóranna, þá hefir meiri hlutann og minni hlutann ekki greint á um það, að æskilegt væri að bæta úr því ástandi, sem nú er, en þá hefir að eins greint á um aðferðina. Minni hl. nefndarinnar telur það heppilegustu lausnina, að kjósa gæzlustjóra fyrir þann tíma, sem gæzlustj. ætti að eiga eftir að sitja í stjórn bankans samkvæmt kosningu deildarinnar á síðasta þingi. Aftur á móti vill meiri hluti nefndarinnar skora á stjórnina að setja gæzlustjórann, sem þá var kosinn, inn í stöðu sína aftur. En í sjálfu sér sé eg ekki betur, en að hér beri ekki eins mikið á milli og í fljótu bragði kynni að sýnast. Kosningin væri auðvitað bundin við þessa háttv. deild og ekkert er líklegra en að þeir háttv. deildarmenn, sem vilja skora á stjórnina að setja gæzlustjórann inn, mundu einnig kjósa sama manninn fyrir gæzlustjóra, ef sú aðferðin væri höfð, af því þeir skoða hann sem verandi löglegan gæzlustjóra. Lausnin á málinu yrði þannig alveg sú sama.

Eg skal áður en eg skilst við þetta atriði taka það fram, að mér finst *langt frá því að nokkur dómur sé lagður á gerðir stjórnarinnar* í þessu máli *eða kveðinn upp* nokkur *úrskurður um sekt eða sýknun nokkurs* manns, þó að þetta fyrsta atriði tillögunnar verði samþykt, að skora á stjórnina að setja gæzlustjórann í stöðu sína. Nefnd sú, sem skipuð hefir verið í þetta mál hér í deildinni, hefir lýst yfir, að rannsókn málsins verði haldið áfram. Hv. neðri deild hefir og skipað nefnd til að rannsaka Landsbankamálið. Þessi nefnd er nú að störfum. Og þá fyrst, er rannsókninni er lokið í báðum deildum, gæti þingið kveðið upp úrskurð sinn um það, hvort gerðir stjórnarinnar í málinu hafi verið réttmætar eða ekki. En það atriði liggur ekki fyrir hér nú, þó að umræðurnar í dag hafi snúist töluvert um það. Eg lít svo á, að innsetningin snerti ekki þessa hlið málsins — efnishliðina, heldur að eins formhlið málsins. Af þessum ástæðum get eg ekki, fyrir mitt leyti, séð neitt í vegi fyrir því að samþykkja 1. lið tillögunnar, sem hér liggur fyrir.

En tillagan er í fleiri liðum. Næsti liður hennar er þess efnis, að gæzlustjóra deildarinnar verði greidd laun sín frá 1. desember 1909. Að því er þetta atriði snertir, þá er það náskylt fyrra atriðinu og má segja, að það sé beint áframhald af því, úr því að hæstv. ráðherra hefir viðurkent það, að stjórnin hafi haft í hyggju að setja gæzlustjórann inn 1. janúar 1910, en að hann hafi að eins ekki séð sér það fært af sérstökum ástæðum. Í þessu liggur viðurkenning þess, þótt óbeint sé, að sakir á hendur gæzlustjóranum væru eigi svo þungar, að hann þess vegna mætti alls eigi eiga afturkvæmt í bankann. En þá

sýnist það liggja í hlutarins eðli, að gæzlustjórinn eigi ekki, svo sanngjarnt sé, að bíða neinn halla, að því er launin snertir, við það, að hann ekki náði stöðunni fyrir þær orsakir, er honum gat ekki verið um að kenna, nema þá mjög svo óbeint. Þetta atriði er því ekki svo vaxið, að frekari rannsókn málsins geti hreyft mjög við því

En þegar kemur að 3. lið tillögunnar, þá virðist mér töluvert öðru máli að gegna. Þar er farið fram á, að gæzlustjóranum verði endurgoldinn útlagður kostnaður við sókn hans í þessu máli gagnvart ráðherra og bankastjórninni. Á bls. 6 í nefndarálitinu stendur þó, að gæzlustj. muni tæplega eiga heimting á þessu endurgjaldi að lögum. Þetta, að nefndin leggur til að hann fái þennan kostnað borgaðan, en álítur þó að hann eigi tæpast heimting á því að lögum, hlýtur að byggjast á einhverju *sérstöku*. Og þetta sérstaka er líka að finna undir eins í næstu línu, því að þar kemur fram, að nefndin byggir tillögu sína um endurborgun kostnaðarins á því, að öll framkoma landsstjórnarinnar hér að lútandi sé *fullkomið einsdæmi*. Hér sýnist mér nefndin vera að fara fram á það, sem ekki er réttlátt. Hversu spakir sem þeir menn kunna að vera og mætir, sem í nefndinni sitja, þá finst mér þeir hér ætlast til of mikils af deildinni. Því að þótt nefndin líti svo á, að öll framkoma stjórnarinnar í þessu máli hafi verið fullkomið einsdæmi, þá er fyrst og fremst á það að líta, að þessi kostnaður hefir verið lagður út af frjálsum vilja. Gæzlustjórinn gat látið vera að leggja út í það mál, sem bakað hefir honum þenna kostnað. Vitanlega heldur hann því fram, að hann hafi gert það til þess að halda uppi rétti deildarinnar jafnt og sínum rétti. En eg vil benda hinni háttvirtu deild á, að þetta atriði er svo nátengt fullkominni lokarannsókn á málinu, að eg get ekki lagt neinn dóm á það, hvort gæzlustjórinn á, að svo stöddu máli, að fá þann úrskurð deildarinnar, að réttlátt sé að þessi kostnaður verði endurgoldinn úr landssjóði, því síður sem eg hefi ekki haft tök á að kynna mér öll hin nýfengnu gögn í þessu máli, sem nefndin hefir haft fyrir sér. En úr því að eg er farinn að minnast á þetta orð nefndarinnar: „einsdæmi“, þá vildi eg tala lítið eitt nánara um það, áður en eg hætti.

Það er í sjálfu sér satt, að það er margt í þessu máli frá byrjun, sem mætti kalla einsdæmi. Nefndin kallar framkomu stjórnarinnar „einsdæmi“. En þegar frávikningin hafði farið fram og farið var að flytja þjóðinni út um land gögnin í þessu máli og fréttirnar, frá báðum hliðum, þá held eg því fram, að komið hafi upp eitt af þessum „einsdæmum“. Og það einsdæmi var það, að blöð höfuðstaðarins, frá báðum hliðum, gengu svo á sannleikann, og komu þannig fram í heild sinni, að með fullum rétti mátti kalla einsdæmi. Því að þess er ekki að dyljast, að þau höfðu þær fréttir að flytja þjóðinni um þetta mál, að hver maður með óbrjálaðri skynsemi hlaut að sjá, að sannleikanum var víða mjög svo misboðið. Og það vakti *réttlátan viðbjóð* á blöðunum hjá mörgum mætum manni, sem von var í svo viðkvæmu máli sem þessu, að þau skyldu ekki geta flutt nokkurnveginn sannar og óhlutdrægar sagnir. Því betur er það ekki oft, sem blöðin hafa komið svo vítavert fram, sem í þessu máli, en í þetta sinn mátti *framkoma þeirra sannarlega kallast einsdæmi*. — En hér skal eg líka benda á annað, sem frá mínu sjónarmiði er „*einsdæmi*“. Nefndin, sem um þetta mál fjallar, hefir játað, að þessi *krafa* gæzlustjórans *sé hæpin* að lögum. Og hún hefir einnig játað að *rannsókn málsins* sé ekki lokið. Samt sem áður leggur meiri hlutinn til að krafan sé tekin til greina, og kostnaðurinn endurgoldinn úr landssjóði. En það þykir mér „einsdæmi“, að svo spakvitrir menn er þeir þykja, sem í nefndinni sitja,

skuli vilja kveða þannig upp það, sem verður að kallast *úrskurður í málinu*, áður en *rannsókninni er lokið*. En í því liggur dómur eða úrskurður, að þessi kostnaður skuli greiddur. Og þessi dómur er kveðinn upp áður en nokkur tillaga er komin fram um sekt eða sýknun nokkurs í þessu máli. En hversu vissir sem nefndarmennirnir þykjast vera um það, að gæzlustjórarnir standi að lokum hreinir og sýknir saka í málinu, þá verður því ekki neitað, að þetta er ekki sannað svo lengi, sem rannsóknin ekki er til lykta leidd. En það ætti að vera ráðandi um það, hvort ástæða væri til að greiða gjald, sem hæpinn réttur væri til að lögum. Þessu síðasta atriði tillögunnar get eg því ekki með nokkru móti verið með, þótt eg geti greitt atkvæði með fyrsta atriðinu. Þess vegna vil eg taka það fram, að ef bera á tillöguna upp í einu lagi, þá mundi eg ekki geta greitt neitt atkvæði. Eg mundi, sannfæringar minnar vegna, vilja greiða atkvæði með fyrsta lið, en sömuleiðis sannfæringar vegna ekki geta greitt atkvæði með síðasta atriðinu, með því að eg lít svo á, að þá væri eg með atkvæði mínu að fella dóm í órannsökuðu máli.

Forseti gat þess að fram væri komin rökstudd dagskrá, og mundi hann bera hana undir atkvæði deildarinnar að umr. loknum. Dagskráin var svohljóðandi:

„Með því að deildin lítur svo á, að mál þetta sé enn ekki svo rannsakað af háttv. nefnd, að hægt sé að fella um það réttmætan úrskurð, vísar hún því aftur til nefndarinnar, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá".

Ennfremur lýsti forseti því, að komið hefði fram krafa frá 4 deildarmönnum um að það skyldi borið undir atkvæði deildarinnar, hvort umræðum skyldi lokið. Var sú tillaga borin undir atkvæði og feld með 7 atkv. móti 4.

Framsögum. meiri hlutans (L. H. B.): Eg skal leyfa mér að víkja fyrst máli mínu að háttv. meðnefndarmanni mínum þm. Akureyrar. Honum þykir málið ekki nógu rannsakað af oss nefndarmönnum, en hann gleymir því að Nd.nefndin á að rannsaka hag bankans. Og mér er spurn, hvernig hefðum vér átt að rannsaka það atriði, úr því að ekki er hægt að neyða ráðherra til að gera einföldustu skyldu sína, að svara nefndinni, að eg ekki tali um síðustu stjórnarathöfn hans, vonandi hina síðustu, þá að banna Magnúsi Sigurðssyni að afhenda rannsóknarnefnd háttv. neðri deildar matsbók bankarannsóknarnefndarinnar, bókina, sem nefndin á bls. 17 í skýrslu sinni telur áreiðanlega og örugga sönnun fyrir því, að tap bankans sé rétt metið. Landritari hafði skipað að afhenda bókina — hún átti auðvitað að vera í stjórnarráðinu, en hefir aldrei komið þangað — en í dag hefir ráðherra skriflega bannað að afhenda þingnefndunum bókina, hefir gefið hana bankarannsóknarnefndarmönnunum sálugu, vitanlega af því, að hann veit að það væri dauðadómur sinn, ef bókin kæmi í dagsins ljós. Það er ótrúlegt, að ráðh. skuli hafa hegðað sér jafn óviturlega, en eg hefi það eftir háttv. formanni rannsóknarnefndarinnar í neðri deild, sem hér er staddur í deildinni.

Háttv. ræðumaður vildi enn leggja mikið upp úr skýrslu dönsku bankastjóranna, hann sagði, að hún sýndi oss eins og í spegli ástandið í bankanum; mér finst það mætti heldur kalla hana spéspegil en spegil, svo einhliða heyrðist mér málið reyft þar. Og hvað sem öðru líður, þá hefir hún ekki sönnunargildi um annað en það sem séð varð í bókum bankans, en er alveg ónýt um alt annað, sérstaklega um það, sem nú er gjört mest veður af, hinu væntanlega tjóni bankans. Um það geta bankamennirnir ekkert borið af eigin þekkingu, og ekki hafa þeir getað aflað sér mikillar þekkingar hjá gömlu bankastjórninni í þenna hálftíma, sem þeir áttu tal við hana, eftir að þeir höfðu lokið rannsókn sinni. Ann-

ars er undarlegt að hann, „sjálfstæðismaðurinn," skuli altaf vera að vitna í þessa dönsku menn og lofa þá á hvert reipi, en lasta viðleitni samverkamanna sinna til réttrar lýsingar.

Þá vitnaði háttv. þingmaður oft í skýrslu bankastjórnarinnar núverandi, sem Ísafold hefir verið látin flytja, svo furðanlegt sem það er, að landstjórnarblað skuli flytja aðra eins skýrslu, sem hlýtur að grafa undan Landsbankanum það litla traust, sem hæstv. ráðherra hefir skilið honum eftir, verði henni annars trúað. Eg spurði Björn Kristjánsson bankastjóra, hvort hann hefði látið skýrsluna í blaðið, en hann neitaði því og er þá ekki öðrum til að dreifa en annaðhvort hv. ráðh. eða hv. þm. Ak. og tel eg líklegra að ráðh. eigi hér sök að. Hann hefir alla tíð legið á því lagi, að gera sem mest úr hættu bankans og að ófrægja gömlu bankastjórnina.

En hvað sem því líður, þá eru margar af aðfinningum bankastjóranna þannig lagaðar, að þeir hefðu ekki átt að láta sér sæma að bera þær fram. Það er fundið að því, að mörg veðdeildarlán — Ísafold sagði 84, en þau hafa nú lækkað ofan í 71, eftir því sem háttv. þingm. Akureyrar fórust orð — væru þannig, að engin lóð fylgdi húsunum. Þetta eru ósannindi. Eftir prentuðu formi, sem haft hefir verið við Landsbankann og eg hefi í höndunum, eru bankanum veðsett húsin „með öllu sem þeim fylgir og fylgja ber." En hvað er það sem húsi fylgir og fylgja ber fremur en lóðin, og svo gluggar, ofnar og því um líkt. Annað eins og þetta máttu hinir nýju bankastjórar, jafnvel þótt viðvaningar séu, ekki með nokkru móti láta hafa eftir sér.

Þá er fundið að því, að mörg af sjálfskuldarábyrgðarlánunum séu töpuð, af því að lánin hafi verið endurnýjuð, án þess að ábyrgðarmenn hafi verið spurðir um. Vita bankastjórarnir þá ekki, að síðan 1904 hefir það verið standandi ákvæði í sjálfskuldarábyrgðarbréfum Landsbankans, að ábyrgðarmenn væru bundnir þangað til skuldinni væri lokið, hvað sem endurnýjun lánsins liði. Bankinn getur því ekki tapað neinni kröfu, sem þannig er búið um, þó að lán kunni að hafa verið framlengt, án þess að ábyrgðarmennirnir væru aðvaraðir.

Enn er fundið að því, að mikið vanti á að húseignir, sem veðsettar eru bankanum, séu vátrygðar. Það er bygt á því, að vottorð fyrir mörgum vátryggingum vanti. En það þarf enganveginn að vera. Fyrst og fremst geta eignirnar verið prýðilega vátrygðar, þó að ekki liggi vottorð um það í bankanum, enda gæti eg trúað því, að líkt sé ástatt um fleiri og var um mig, meðan eg var viðskiftamaður bankans. Eg sýndi bankanum á hverju ári kvittun fyrir vátryggingargjaldi af húsi mínu, en tók það alt af með mér til baka. Í öðru lagi hefði bankastjórnin átt að vita, að það kvað vera samningur milli nokkurra ábyrgðarfélaga og bankans, að þau segi bankanum til, ef ekki eru borguð áskilin vátryggingar gjöld. Þetta hlýtur háttv. þm. Akureyrar að vita, sem er gæzlustjóri útibús Landsbankans á Akureyri, en hann hefir líklega í grandaleysi tekið orð bankastjóranna trúanleg.

Háttv. þm. sagði ennfremur, að bankavaxtabréfin, þessi 587,000, væru ekki söluvara á kauphöllinni í Kaupmannahöfn. Það er rétt, enda hefi eg aldrei sagt neitt í aðra átt. Það átti heldur ekki að selja þau þar, heldur átti landssjóður að kaupa þau samkv. fyrn. lögum nr. 14, 1909.

(*Kr. J.:* Ráðherra var búinn að lofa mér að kaupa 500 þúsund).

Því fremur. Og það gat landsjóður, átti nægilegt fé til þess í bönkunum og bankarnir bæði færir um og skyldir til að svara því út, „Ísl.-banki" t. d. með seðlum ef ekki með öðru móti.

Það nær engu tali, sem háttv. þingm. Akureyringa sagði, að 43. gr. stjórnarskr. ætti við embættisbrot ráðherrans. Nei, við

þau á 2. gr. stjórnskpl. frá 1903, sem segir: „Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur hans eftir þeim reglum, er nánara verður skipað fyrir um með lögum", ráðherraábyrgðarlögin 4. marz 1904 og 13. kapt. hegningarlaganna, og svo að meðferðinni til landsdómslögin 20. okt. 1905. Annars er þetta látlausa hæstaréttarjarm mokkuð einkennilegt í munni svokallaðra sjálfstæðismanna. Og þá ekki síður hitt að bæði háttv. þm. Akureyringa og þm. Strandamanna virðast hafa ætlast til að ráðherra léti lög Landsbankans lúta í lægra haldi fyrir „Landmandsbanken", jafnvel þó að sýnt sé og sannað, að Landsbankinn hafi ekki verið upp á Landmandsbanken kominn. En þó svo hefði verið, þá *hefði ráðh. ekki mátt láta útlenda stofnun kúga sig til að brjóta tvímælalaus íslenzk lög.*

Vér nefndarmenn höfum átt í sífeldu stríði við að fá hv. ráðherra til að gæta skyldu sinnar, en það hefir ekki lánast. Hann hefir með framkomu sinni gagnvart nefndinni brotið stjórnarskrána dag eftir dag. Háttv. skrifari nefndarinnar og háttv. þm. Ak. voru sendir til hans, og gerðu eitt sinn það sem þeir gátu til að fá hann til að gegna fyrirmælum 23. gr. st.skr. Hvernig það fór, má sjá á útdrætti úr fundabók nefndarinnar, sem prentaður er með nefndarálitinu, og er svo litlaus og ljós að hann lýsir ráðherra bezt óskýrður. Hæstv. ráðherra hefir hagað sér í máli þessu bæði ósæmilega og óviturlega.

Það var nýjabragð af því, sem háttv. þm. Strandamanna sagði, að efri deild hefði ekki átt að fjalla um þetta mál. Og væri gaman að fá að vita, hver mundi eiga að setja gæzlustjóra efri deildar inn í bankann, ef deildin sjálf ætti ekki að gera það. Það getur enginn annar gert það, ekki neðri deild, ekki hæstiréttur, enginn nema hún. Að sínu leyti eins getum vér e.d.menn ekki sett inn gæzlustjóra neðri deildar, það getur enginn nema neðri deild.

Hv. þm. Skagf. þótti nefndin hafa farið ranga leið. En af því að hann er samdóma nefndinni um merg málsins, skal eg ekki deila við hann um það. Það var réttilega tekið fram af hv. þm. Skagf., að ástandið við bankann, eins og það er nú, sé ólöglegt, en það er afleiðing af þeirri óhæfu, sem framin var 22. nóv. 1909 og því að gæzlustjórunum var ekki hleypt að 1. jan. 1911. Af því leiðir meðal annars, að gæzlustjórarnir svonefndu, sem setið hafa í bankanum síðan 1. jan. 1910, hafa ekki átt löglegt sæti þar, og eru gerðir þeirra því ólögmætar.

Hann gat þess að ráðherra hefði komið til hugar að setja gæzlustjórana inn í bankann við nýár, og kemur það vel heim við það sem háttv. forseti hefir borið um það efni fyrir nefndinni; hann hafði verið hér á ferð mjög seint á árinu, um það leyti sem dönsku bankastjórarnir voru að fara, — þeir fóru ef mig minnir rétt á annan í jólum, — og sagðist hann hafa farið heim í þeirri trú, að ráðherra ætlaði að setja gæzlustjórana inn aftur um nýár, enda skýrt hv. þm. Borgf. frá þeirri von sinni. Og væntir mig að enginn væni prófastinn í Görðum um, að hann segi ósatt, þótt hann stundum komi öðruvísi fram sem forseti en skyldi. En þessi fyrirætlun ráðherra sýnir einmitt, að hann hefir talið ólöglegt að meina gæzlustjórunum sæti þeirra eftir nýár.

Eg er sammála háttv. 2. þm. Skagf. um það, að ef eg ætti að gera upp á milli liða þingsályktunarinnar — eg hefi afhent forseta beiðni um að hún verði borin upp í þrem liðum, — þá teldi eg þriðja liðinn minst verðan, og á hann þó töluverðan rétt á sér, því að vel verður á það að líta, að gæzlustjóri var ekki eingöngu að reka réttar síns, heldur líka deildarinnar, sem ráðherra hafði ráðist á.

Þess má og geta, að hér átti hlut að máli æðsti dómari landsins, sem manna sízt mátti þola orðalaust aðra eins lítilsvirðingu og rangsleitni og þá er ráðherra sýndi honum.

Háttv. 2. þm. Skagf. þótti kenna ósamræmis í því að leggja til að greiða gæzlustjóra útlagðan kostnað, þar sem málið ekki væri fullrannsakað enn. Eg lít nú svo á, að það sé fullréttlætt að setja gæzlustjórann inn, og það kannast þingm. sjálfur við, og skiftir þá ekki máli, þó að hið svokallaða bankamál sé ekki að öðru leyti fullrannsakað enn, t. d. það, á hverjum eigi að lenda hinn mikli kostnaður, um 9000 kr., út af bankarannsóknarnefndinni m. m.

Eg legg persónulega ekki svo mikið upp úr þriðja lið tillögunnar og eg ímynda mér, að hann sé heldur ekki háttv. þm. Borgfirðinga jafn-fastur í hendi og hinir liðirnir. En hér er að minsta kosti um sanngirniskröfu að ræða, enda alvanalegt, að umbjóðandi verði að blæða fyrir umboðsmann sinn. Í þessu falli er landssjóður umbjóðandinn og verður að blæða fyrir umboðsmann sinn, ráðherra, þótt eigi ætti það að vera nema til bráðabirgða. Eg skal játa, að eg hefi enga sérlega tyrkjatrú á landsdómum, en samt trúi eg því ekki, að ráðherra mundi verða sýknaður af öllum þeim ávirðingum, lagabrotum og fl., sem hann hafa hent þau tæp tvö ár, sem hann hefir setið að völdum.

Að endingu vil eg þakka háttv. 2. þm. Skagf. fyrir það, hve sanngjarnlega hann lítur á þetta mál, og fyrir þann styrk, er hann lætur nefndinni í té með því að fylgja 1. og 2. lið tillögunnar. Og er vonandi, að fleiri stjórnarmenn fari þar að dæmi hans, enda þeim sjálfum sæmilegast að gera það.

Jens Pálsson. (Vék úr forsetastól): Eg finn ástæðu til að gefa skýringu á ummælum háttv. 5. kgk. þm. að því leyti sem þau snertu mig í sambandi við burtför hinna dönsku bankastjóra. Eg skýrði frá því fyrir nefndinni, að eg hefði verið á ferð hér inn frá nokkrum tíma eftir að frávikning gæzlustjóranna hafði átt sér stað, og eftir að hinn minnisstæði fundur eða fólksuppþot hafði verið, það mun hafa verið snemma á jólaföstunni. Eg hitti þá ráðherra að máli, og fór frá honum með þeirri von, er mér var þá hugþekkust, að gæzlustjórarnir gætu orðið settir inn í bankann strax eftir nýárið. Eg hafði fyrir hátíðirnar annríki mikið og fór ekki inneftir hingað aftur fyr en á gamlársdag. Þegar eg fyrir skömmu var fyrir rannsóknarnefndinni, mundi eg ekki daginn, hvort það var 29., 30 eða 31. des., en heimilisfólk mitt mundi, að það var 31. des. Í þessari ferð hitti eg ekki ráðherra B. J., enda hafði þá að eins stutta dvöl í bænum; þó heimsótti eg og átti tal við minn gamla vin og skólabróður, háyfirdómara Kristján Jónsson, og lét í ljósi við hann von mína um, að þeir gæzlustjórarnir mundu verða settir inn í bankann eftir nýárið. En milli þess að eg hafði talað við hæstv. ráðherra og háyfirdómara Kristján Jónsson höfðu dönsku bankastjórarnir talað við ráðherra og skýrt honum frá, hverjar tillögur þeir mundu gera til stjórnar Landmandsbanken. En um það hafði eg enga hugmynd fyr en löngu löngu síðar.

Svona er réttast skýrt frá þessu, og mér þótti rétt að taka þetta fram til skýringar, svo enginn viltist á skýrslu hins háttv. 5. kgk.

Framsögum. minni hlutans (Sig. H.): Eg býst við að menn hafi nú fengið nóg. Eg var með því áðan að slíta umræðum. Og skal því ekki þreyta með langri ræðu, enda mun svo um hnúta búið að ekki tjái að koma með skýringar.

Annars verð eg að segja, að eg er ósamdóma háttv. 5. kgk. um 43. gr. stjórnarskrárinnar, er segir að „dómendur eigi rétt á að skera úr öllum ágreiningi um

embættistakmörk yfirvaldanna". Embættistakmörk ráðherra eru þar að engu undanskilin. Þótt annað standi í 3. gr. stj.skr., þá er það annað mál, og tekur ekki til þess máls, sem hér liggur fyrir, nefnilega fógetaréttargerðarinnar. Eg get ekki séð, hvernig hæstiréttur getur dæmt um það mál, nema með því að dæma um kompetencesvið ráðherra. Þar hlýtur að koma fram, hvort ráðherra hafi farið út fyrir embættistakmörk sín eða ekki.

Það þótti mér vera léttvæg sönnun hjá háttv. 5. kgk. þm. að dönsku bankastjórarnir hefðu ekki getað dæmt neitt um, hvernig bankanum hefði verið stjórnað, af því að þeir hefðu ekki átt nema hálftíma fund með gömlu bankastjórninni. Eg hygg að meira sé um vert það sem þessir menn hafa rannsakað í bankanum sjálfum. Skjöl hans bera svo mikið með sér, að það þarf ekki að vera að spyrja neina ákveðna menn, hvernig bankanum sé stjórnað.

Háttv. 5. kgk. þm. minntist á eitt mál, sem eg hafði ekki hreyft og það af ásetningi, það var um sjálfskuldarábyrgðarlánsskjölin. Því vil eg svara að gefnu tilefni, að það eru lán í bankanum, sem hafa verið veitt fyrir 1904, og eiga þá ummælin við um þau.

Ef það hefði dunið yfir að Landmandsbankinn hefði sagt Landsbankanum upp, og tilkynt öðrum bönkum, sem Landsbankinn skiftir við, þá hefði það verið reiðarslag eins og þá stóð á.

En það sem hér skiftir mestu máli er, að hér á að fella úrskurð um mál, sem ekki er rannsakað. Málið er borið fram án þess að hafa heyrt álit bankastjórnar Landsbankans.

Það hefir verið talað hér um einsdæmi. Eg ætla að þetta gæti helzt kallast einsdæmi.

Kristján Jónsson: Eg vildi leyfa mér að segja rétt fáein orð, af því að ófriður þessi stafar á vissan hátt af mér. Eg hefi verið kosinn fjórum sinnum gæzlustjóri hér í þessari háttvirtu deild. Síðast fyrir tveim árum. Þegar nú landsstjórnin vill ekki leyfa mér að gegna starfinu í bankanum, sem deildin hefir falið mér, þá verð eg vissulega að spyrja:

Er eg gæzlustjóri eða ekki?

Eg heimta að deildin segi til, hvort eg er hennar gæzlustjóri eða ekki.

Eiríkur Briem: Þegar eg hafði beðið um orðið, hafði háttv. 5. kgk. þm. ekki tekið til máls, en hann tók einmitt fram nokkuð af því sem eg ætlaði að segja.

Háttv. þm. Akureyrar bar fram nýjar ásakanir, er þyrfti langan undirbúning til að svara. Þetta er hin venjulega aðferð, að láta Ísafold hlaupa með ýmsar staðhæfingar, án þess okkur sé gefinn kostur á að kynna okkur málið. Hann nefndi 70 fasteignarveðslán, sem væru meira og minna ófullkomin að tryggingu. Þessu hefir háttv. 5. kgk. svarað. Þegar lánað hefir verið út á hús, hefir ætíð fylgt með heimild fyrir lóðinni. Bankarannsóknarnefndin hefir ekki heldur fundið neitt við þessi lán að athuga og verður hún víst naumast vænd um að vera fyrri bankastjórninni vilhöll.

En það var viðvíkjandi öðru atriði, sem háttv. 5. kgk. tók ekki fram. Það var handveðslánin, að mestu lán út á lífsábyrgðarskírteini.

Bankinn hefir lánað embættismönnum, sem hafa eftirlaunarétt, gegn lífsábyrgðarskírteini og hefir landsstjórnin leyft að launin gengju til bankans. Aftur er lánið greitt út á lífsábyrgðarskírteinið ef maðurinn deyr.

Þetta eru einkar trygg lán, þó þau séu ekki jafn-góð beztu fasteignarveðslánum.

En hv. þm. Akureyrar talar um þetta eins og einhverja óhæfu og að tryggingin sé jafnvel einkis virði.

Eg vil nefna sem dæmi um þessi lán, hvernig Statsanstalten for Livsforsikring lánar út á lífsábyrgðarskírteini, en sú stofnun hefir orð á sér fyrir að fara gæti-

lega. Hún lánaði einu sinni Lárusi sýslumanni Blöndal 6000 kr. út á 7000 kr. lífsábyrgðarskírteini, sem hann keypti um leið, en að öðru leyti var trygging í embættislaunum hans.

Svo er þetta borið fram og prentað í Ísafold, að 100 kr. virði sé veðsett fyrir svo svo miklu, eins og lífsábyrgðarskírteini sé einkis virði. Þetta er ekki rétt, því að hjá embættismönnum eru laun og eftirlaun þeirra þar einnig til tryggingar.

Þá nefndi háttv. þm. ýms reikningslán, en maður þarf að þekkja þau til þess að geta borið þetta til baka.

Ísafold var að tala um þetta á laugardaginn; var þá staddur hér maður, sem þóttist þekkja, að þar væri átt við sig. Hann fór í morgun í bankann og borgaði lánið, 4800 kr.

Þetta var eitt af lánum þeim sem áttu að vera töpuð eða tvísýna á að nokkuð hefðist af.

Eg veit að þingdeildarmenn óska að umræðunum verði nú sem fyrst lokið og sleppi eg því að fara lengra út í þetta mál að sinni.

Lárus H. Bjarnason: Forseti sagði rannsóknarnefndinni, að hann hefði átt tal við hæstv. ráðh. um bankamálið „rétt fyrir jólin“, ef eg man rétt, og hefði hann farið frá ráðherra með þeirri von að gæzlustjórarnir yrðu settir inn í störf sín 1. jan.

Hann hafði og komið til Kristjáns Jónssonar rétt fyrir nýár og látið honum þessa von í ljósi.

Dönsku bankastjórarnir munu ekkert samtal hafa átt við ráðherra eftir að hv. forseti talaði við hann, því að þeir fóru á annan í jólum og ættu tillögur þeirra því engin áhrif að hafa haft á innsetninguna, hvorki frá eða til.

En útaf hjalinu um, að málið sé ekki enn fullrannsakað, vildi eg spyrja: Hvenær verður það fullrannsakað? Ef á að bíða eftir því að Ísafoldarliðið telji það fullrannsakað, þá gæti sú bið orðið nokkuð löng. En til hvers eru þessar endalausu málalengingar.

Kveðum nú upp þann dóm, sem háttv. þingdeild átti að kveða upp þegar í þingbyrjun.

Borin var upp rökstudd dagskrá og hún feld með 6:4.

Fyrsta grein tillögunnar samþykt með 9:3 eftir nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Augúst Flygenring,	Ari Jónsson,
Eiríkur Briem,	Sig. Hjörleifsson.
Gunnar Ólafsson,	
Jósef Björnsson,	
Kristján Jónsson,	
Lárus H. Bjarnason,	
Sigurður Stefánsson,	
Stefán Stefánsson.	

Önnur grein var samþykt með 8:3 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Augúst Flygenring,	Ari Jónsson,
Eiríkur Briem,	Sig. Hjörleifsson.
Gunnar Ólafsson,	
Jósef Björnsson,	
Lárus H. Bjarnason,	
Sigurður Stefánsson,	
Stefán Stefánsson.	

Kristján Jónsson greiddi ekki atkvæði.

Þriðja grein var feld með 5:5 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Augúst Flygenring,	Ari Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Ólafsson,
Lárus H. Bjarnason,	Jósef Björnsson,
Stefán Stefánsson,	Sig. Hjörleifsson.

Kristján Jónsson og Sigurður Stefánsson greiddu ekki atkvæði.

Stjórnarskrármálið.

TILLAGA til þingsályktunar um að setja 5 manna nefnd til að íhuga stjórnarskipunarlög landsins (137).

Ein umræða í efri deild, 11. marz.

Framsögumaður (Sig. St.): Það er nú orðið dauft eftir múkinn. Um þessa þingsályktunartillögu, sem hér liggur fyrir, er það að segja, að eins og hinni háttv. deild er kunnugt, þá samþykti háttv. neðri deild á síðasta þingi áskorun til stjórnarinnar um að leggja fyrir næsta þing frumvarp til stjórnarskrárbreytingar. Í þeirri þingsályktunartillögu voru teknar fram þær breytingar, er brýn nauðsyn þótti vera á að fá. Um þetta eru menn sammála af báðum flokkum. Háttv. stjórn hefði nú átt að taka þetta mál til alvarlegrar íhugunar, undirbúa það og leggja frumvarp fyrir þingið. En þessu hefir stjórnin ekki látið verða af, og er það illa farið, því að alþjóð manna á Íslandi er orðin óþolinmóð eftir breytingum þeim á stjórnarskránni, er hún telur bráðnauðsynlegar. Þess er heldur ekki að dyljast, að ef stjórnarskrárfrumvarp hefði legið fyrir þingi, sem vel var undirbúið, hefði verið fljótara að fá málið afgreitt og ekki eyða eins miklum tíma þingsins til þess sem annars mun þurfa. Á síðustu þingmálafundum hefir það komið í ljós, að svo að segja hvert kjördæmi hafi samþykt áskorun um að afgreiða þetta mál á þessu þingi, og á flestum þeirra samþyktar breytingar á stjórnarskránni, sem nauðsynlegar eru taldar. Í þessu sambandi vil eg benda á það, að fundirnir hafa gengið út frá því, að stjórnin legði stjórnarskrárfrumvarp fyrir þingið, en þegar kom til þings, brá mönnum í brún, er þeir sáu að það var ekki. Vér þingmenn, sem sitjum hér á þingbekkjum, getum illa, hinir þjóðkjörnu að minsta kosti, farið héðan burt, ef við höfum ekki lagt fram alla okkar krafta og unnið vel og skörulega að því að þetta mál verði afgreitt.

Þegar nú ekkert frumvarp frá stjórninni lá fyrir, lögðu þingmenn í neðri deild fram tvö stjórnarskrárfrumvörp, annað til stjórnarskrár Íslands, hitt frumvarp til breytingar á stjórnarskránni. Háttv. neðri deild skipaði svo nefnd málinu til undirbúnings. Með þessu hefir háttv. neðri deild gert sitt til að bæta úr því óefni, sem málið var komið í, svo að þingið geti gert sitt til að þetta mál verði afgreitt nú á þessu þingi. Með þingsályktunartillögu þeirri sem hér liggur fyrir er farið fram á að háttv. efri deild samþykki að skipa nefnd til að íhuga stjórnarskipunarlög landsins. Háttv. efri deild hefir áður skipað nefndir til þess að þær gætu sezt á rökstóla með nefndum úr neðri deild, og til þess að þær gætu frekar unnið saman. Það hefir verið gert til þess, að málin þurfi síður að hrekjast milli deilda og til þess að síður yrðu gerðar breytingar á þeim. Það sem vakað hefir fyrir oss flutningsmönnum þessarar þingsályktunartillögu er það, að greiða fyrir framgangi þessa máls hér á þinginu, en til þess töldum vér þennan veg heppilegastan. Eg skal svo ekki eyða fleirum orðum um þetta mál, en vona að háttv. deild samsamþykki tillöguna.

Lárus H. Bjarnason: Eg er öldungis sammála háttv. þingm. Ísafj.kaupstaðar um að setja þessa nefnd. En eg er honum ósamdóma um það, að sjá eftir því, að þessi stjórn, sem nú er, hafi ekki undirbúið málið. Hana hefir algerlega brostið vilja og getu til að undirbúa bæði þetta mál og önnur mál, sem hafa verið lögð fyrir þingið af hennar hendi.

Umræðunni lokið.

Þingsályktunartillagan samþykt í e. hl.

Síðan var samþykt að kjósa í nefndina beinum kosningum og í hana kosnir.

Sigurður Stefánsson með 9 atkv.
Ari Jónsson „ 8 „
L. H. Bjarnason „ 6 „

Stefán Stefánsson með 6 atkv.
Sig. Hjörleifsson „ 5 „

FRUMVARP til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903 (501).

Fyrsta umræða í efri deild 8. apr.

Lárus H. Bjarnason: Enda þótt hér sé ekki um neitt líkar breytingar á núverandi stjórnarfyrirkomulagi að ræða, sem þær er gerðar voru 1903, þegar stjórnartaumarnir voru dregnir úr útlendum höndum og lagðir í innlendar hendur, þá geymir þó frumvarpið mjög svo mikilvægar breytingar. Aðalbreytingin er hin geysimikla rýmkun kosningarréttarins eða dreifing aðalvalds þjóðarinnar á allar þær hendur, sem komið geta til mála. Ef frumvarpið gengur fram, fá ekki að eins allir karlmenn, heldur líka allar konur kosningarrétt. Konum er sem sé ekki að eins fenginn kosningarréttur, heldur er sá réttur fenginn öllum stéttum karla og kvenna, þar sem hjú nú eiga að fá þann rétt. Jafnframt kosningarréttinum fá allar konur og karlar kjörgengi til alþingis. Samkvæmt núgildandi lögum hafa hjú ekki kjörgengi til neinna sveitastjórna og kosningarrétt að eins til hreppsnefnda og bæjarstjórna, en ekki til sýslunefnda, og færi betur á, ef veita ætti þeim nú kosningarrétt til alþingis, að veita þeim um leið kosningarrétt til sýslunefnda og kjörgengi til allra sveitastjórna. Þessi afarmikla rýmkun, sem fjölgar kjósendum um meira en helming, getur haft ómælilegar afleiðingar í för með sér. Kjósendurnir eru í raun og veru aðalvaldhafar landsins. Kosningarbærir menn skipa ekki eingöngu alþingi heldur og óbeinlínis landstjórnina með atkvæðum fulltrúa sinna. Nú mætti búast við því, að þeir kjósendur, sem nú ráða lögum og lofum í landinu, óski ekki slíkrar rýmkunar á valdinu, enda gæti svo farið að þeir yrðu í algerðum minnihluta. Það gæti því komið til orða að takmarka nokkuð hina afarmiklu rýmkun neðri deildar á kosningarréttinum.

Og kem eg þá að 2. aðalbreytingunni, skipun efri deildar. Eg játa, að nokkurt aðhald er í nýmælinu um skipun hennar, jafnvel þó að kosningarréttur og kjörgengi til hennar sé eins og til neðri deildar. Það kemur til af því, að kjósa á til hennar (Ed.) með öðrum hætti. Nú eru þjóðkjörnir þingmenn, eins og allir vita, kosnir í einu lagi, en samkv. frv. á að kjósa þá til hvorrar deildar fyrir sig. Landið á alt að kjósa efrideildarmenn í einu. Það á að kjósa þá með hlutfallskosningu og kjörtímabil þeirra verður lengra en neðri deildarþingmannna. Það má búast við, að þannig kosin efri deild verði nokkur hamla á neðri deild. En þar sem kjósendur til beggja deilda eru hinir sömu og halda á sameinuðu þingi, þá mundi skipun efri deildar tæplega reynast nóg aðhald nema í bili, jafnvel ekki þangað til kjósendur vöknuðu til meðvitundar um sérhagsmuni sína. Eftir það mundi meiri hluti kjósenda ráða einn lögum og lofum í landinu, eftir sem áður. Mætti því ef til vill orða breyting hér að lútandi, er trygði betur rétt minni hlutans og héldi meir aftur af neðri deild.

Þá er enn ótalin 3. breytingin, sem hér er farið fram á, en ekki skiftir eins miklu máli, sem sé sú að lögfesta á með stjórnarskrárumbúnaði, að ráðherrar skuli vera þrír. Þegar litið er til þess, hve landið er fáment og alt óbrotið hjá oss, virðist þetta vera nokkuð íburðarfrekt og kemur ekki vel heim við tal manna innan þings og utan um að eigi megi fjölga embættismönnum að þarflausu. Eg skil ekki annað, en að einn ráðherra geti annað því, sem nauðsynlegt er í þessu efni, ef hann kann á annað borð að vinna, og er verkfær. Ráðherra á að eins að halda aðaltaumunum. Hann má ekki gína yfir

öllu. Með því forsómaði hann aðalverk sitt, enda rekur engin nauðsyn til þess, að hann blandi sér í skrifstofustörf og þess háttar. Til þeirra hefir hann skrifstofulið sitt. Eg álít því þennan eina ráðherra, sem vér höfum, nægja í bráðina. Og ómögulega má fjölga þeim þannig að þjóðinni fornspurðri. Slík fjölgun mundi að minsta kosti kosta 10 þúsund krónur á ári auk eftirlauna, aukins skrifstofuhalds og auknings við stjórnarráðshúsið. Hitt er auðvitað, að því fleiri sem ráðherrarnir eru, því fleiri geta gert sér vonir um að hreppa hnossið. En það væri helzt til dýrt verk — og vindeyðandi dropar, það.

Þá kem eg að 4. atriðinu í breytingum þeim, sem hér á að gera að lögum, — og er það takmörkun á frumkvæðisrétti alþingismanna á að bera upp breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið. Nú er því þannig háttað, að hver þingmaður hefir ótakmarkað leyfi til þess að bera upp breytingartillögur við fjárlögin, hvort sem um hækkun eða lækkun gjalda er að ræða. En samkvæmt frumvarpinu mega ekki aðrir bera upp breytingartillögur við fjárlögin, sem fara fram á ný eða aukin útgjöld, en ráðherrar eða fjárlaganefndirnar. Þetta ákvæði á víst að girða fyrir hrossakaupin svokölluðu. Það er vafamál, hvort þau mundu ekki að eins flytjast úr þingdeildarsölunum inn í ráðherraherbergið og til fjárlaganefndanna. En jafnvel þótt eg geri mér litla von um, að mikil bót yrði að þessu ákvæði, get eg þó, ef til vill, verið því fylgjandi, ef meiri og minni hlutar fjárlaganefnda mættu stofna til breytinga. Annars ætti minni hlutinn á hættu að verða algerlega ofurliði borinn.

Miklu fleira mætti segja um þetta merkilega frumvarp. En þar sem eg geri ráð fyrir að málinu verði að umræðu lokinni vísað til nefndar þeirrar er kosin var hér fyrir nokkru, læt eg hér staðar numið.

Sigurður Hjörleifsson: Eg geri ráð fyrir því, að háttv. þingdeildarmenn kæri sig ekki um að ákveða sig nú þegar um einstök atriði þessa frumvarps. Það er eðlilegt, að slíkt komi ekki mikið fram við þessa umræðu, en hinsvegar er heppilegt, að þingdeildarmenn noti nú tækifærið til að bera sig saman um ýmislegt, er að frumvarpinu lýtur. Sérstaklega gæti verið gott að heyra nú, hvað menn gætu orðið sammála um, og líka að heyra tillögur um ýms ákvæði frumvarpsins. Það gæti haft þýðing fyrir störf nefndarinnar.

Háttv. 5. kgk. (L. H. Bj.) hefir rætt nokkuð um mikilvægustu breytingarnar, sem hér er farið fram á. Hann mintist á vikkun kosningarréttarins. Hann áleit það mjög stórkostlega breyting. Um það munu allir sammála, að hún sé mjög stórfeld. Það er líka rétt, sem hinn háttv. þm. tók fram, að það má búast við því að þessir nýju flokkar muni geta haft mikil áhrif á stjórnmálin, að minsta kosti þegar fram líða stundir, og þeir hafa lært að skipa sér í fylking, og beita valdinu. Og hinn háttv. þm. spurði líka, hvort ekki mundi rétt að leggja einhverjar hömlur á þetta vald. Og hann benti á, að fyrsta hamlan, sem á það er lögð, er skipun Efri deildar. Með því skipulagi, sem hér er farið fram á, á að tryggja það, að hún verði meira íheldin en hin deildin. Háttv. sami þm. (L. H. B.) drap og á, hvort ekki mætti tryggja þetta betur en hér er gert. Eg fyrir mitt leyti tel mjög varhugavert að halda langt áleiðis á þeirri braut. Við höfum hér dæmið fyrir okkur hjá Dönum. 1866 gerðu þeir þá breyting á grundvallarlögum sínum, að þeir fengu landsþinginu mikið vald í hendur. Þeir hafa iðrast eftir því og þeim hafa staðið þar af mikil vandræði, eins og kunnugt er. Það er vert að íhuga, hvort okkur geti ekki staðið hætta af því að takmarka mikið það vald, sem Neðri deild og hinum nýju kjósendum er fengið í hendur með þessu frumvarpi. Þá er og annað ákvæði í þessu frumvarpi, sem getur takmarkað þetta

vald, og það er ákvæðið um þekkingarskilyrði fyrir kosningarrétti. Það er sá galli á þessu ákvæði, að það er með öllu ótiltekið, hver þessi þekkingarskilyrði, sem heimtuð verða, eiga að vera. Slíkt yrði í raun og veru komið undir þinginu, sem semdi slík lög. Eigi að setja þekkingarskilyrði í stjórnarskrána, þurfa þau að vera tiltekin nákvæmlega. I stjórnarskrá Belgja er t. d. ákvæði um, að menn, sem fullnægi vissum tilteknum þekkingarskilyrðum, skuli hafa fleiri atkvæði en eitt. En eins og þetta er orðað í þessu frumvarpi, er það alt of óákveðið og ótiltekið. Með þessu er búinn til vegur til þess, að svifta allmikinn fjölda kjósenda kosningarrétti, en slíkri lagasmíð væri lítt bót mælandi.

Þá er það íhugunarvert, að hve miklu leyti referendum kynni að vera heppilegt, til þess að ráða bót á fljótfærni þingmanna á löggjafarmálum. Getur vel verið, að almenn heimild fyrir referendum væri hæfileg takmörkun á einræði þingmanna. Ennfremur er það athugavert, hvort fara eigi svo langt að því er snertir hlutfallskosningar til efri deildar, eins og gert er í þessu frumvarpi. Gæti verið álitamál, hvort ekki væri betra að láta sitja við það sem nú er um skipun efri deildar, að eins að konungkjörnu þingmennirnir séu afnumdir, og í þeirra stað kosnir aðrir 6 menn með hlutfallskosningum. Eg skal ekki segja hvað bezt er í þessu efni, en þetta er eitt af því, sem er íhugunarvert.

Þá hefir enn verið minst á eitt þýðingarmikið atriði í þessu frumvarpi, fjölgun ráðherra, svo að þeir verði þrír í staðinn fyrir einn, eins og nú er. Mér heyrðist hv. þm. hafa á móti þessu, en eg fyrir mitt leyti er því eindregið meðmæltur. Og eg skal benda á það, að þó að kostnaðarauki hljóti að verða nokkur af þessu, þá verður hann ekki eins mikill og í fljótu bragði kann að sýnast. Ef ráðherrar verða þrír, þá verður landritaraembættið að sjálfsögðu lagt niður og sparast þá það fé, sem nú gengur til þess embættis. Þá má og óhætt búast við því, að ráðherraeftirlaun verði til muna færð niður, ef ráðherrum verður fjölgað. En aðalatriðið er þó, að það ríður á að hafa nægilega marga ráðherra, það ríður á því að forustan í málum landsins sé nægilega öflug og að þær skorti ekki vinnukrafta, ekki sízt þar sem svo er háttað eins og hér, að þing kemur ekki saman nema annað hvert ár. Þetta er aðalatriðið og af þessari ástæðu er eg því meðmæltur að ráðherrar verði þrír. Eg held að það sé hæpið, að nokkur einn maður í ráðherrastöðu sé fær um að „gína yfir öllu", svo að eg noti sömu orð sem féllu hér áðan.

Ennfremur má minnast á takmörkun á frumkvæðisrétti þingmanna til fjárveitinga úr landssjóði. Eg skal játa að hugmyndin er góð, að takmarka frumkvæðisrétt þingmanna í þessu efni. En eg hygg að ennþá sé tæplega fundið hæfilegt form á þessari takmörkun. Og eg er sammála um það, að með fyrirmælum frumv. um þetta er alls ekki komið í veg fyrir „hrossakaup" og sennilega yrðu þau til lítilla bóta, að því leyti. Hinsvegar er það fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir, í stað þess sem nú er, afarlangt frá að fullnægja kröfum einstaklinganna. Þessvegna get eg ekki verið með því í þessu formi, þrátt fyrir það að eg aðhyllist hugmyndina í sjálfu sér.

Steingrímur Jónsson: Mér finst umræðurnar hafa komist full-langt inn á einstök atriði frumvarpsins við þessa 1. umræðu málsins í deildinni. Eg vil ekki að sinni taka neitt fram um afstöðu mína til einstakra atriða, en geymi mér rétt til þess, þar til eg hefi fengið tækifæri til að athuga málið betur, þegar það er komið úr nefnd. Að þessu sinni get eg að eins sagt það, að eg álít nauðsynlegt að stjórnarskrárbreyting gangi fram á þessu þingi, og að það frumv., sem þingið afgreiðir, hafi inni að halda ýms þau atriði, sem

nú eru í þessu frumvarpi, eins og það er komið frá neðri deild. En það sem kom mér til að standa upp var það sem minst hefir verið á hömluákvæði frumvarpsins. Um þau ákvæði hefir verið allhörð deila í neðri deild, bæði í deildinni sjálfri og auðvitað ekki síður á bak við tjöldin. Í þessu efni er það mjög þýðingarmikið spursmál, hvernig efri deild á að vera skipuð. Það er nauðsynlegt að nokkrar hömlur séu þar, og er svo eftir því fyrirkomulagi, sem nú er. En sú skipun deildarinnar, sem nú gildir, er vafalaust óheppileg og að minsta kosti er enginn efi á því að hún er allsendis ósamrýmanleg við pólitiskan hugsunarhátt nútímans. En það sem eg ætlaði aðallega að minnast á var þetta, sem háttv. þm. Akureyrar sagði áðan um að hömlurnar eftir frv. væru óhæfilega miklar. Því til sönnunar benti hann á það, hve fyrirkomulag Landsþingsins í Danmörku hefir valdið mikill óánægju. En þetta er ekki réttur samanburður. Fyrst og fremst er það aðgætandi, að í Danmörku er ekkert sameinað þing, eins og hér er. Og í öðru lagi er það, sem menn hafa aðallega verið óánægðir með í Danmörku, hinn svokallaði „privilegerede Valgret", þ. e. hvernig kosningum til Landsþingsins er hagað þar, en engu slíku er til að dreifa eftir frumvarpinu, sem hér liggur fyrir. Það er þetta sem Dönum þykir hafa verið illa ráðið 1866, en það er ekki rétt að taka dæmi af því í þessu sambandi.

1. umr. lokið.

Frv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Samþ. í einu hlj. að vísa málinu til nefndar, sem skipuð var 11. marzmán. til þess að íhuga stjórnskipunarlög landsins.

Önnur umræða í efri deild 26. apríl. (501, n. 710, 717, 721, 748, 749, 753, 754).

Frams.m. (Sigurður Stefánsson): Eg skal strax taka það fram, að í nefndarálitinu bls. 3 er prentvilla í greininni um skilnað ríkis og kirkju í 4. línu. Þar stendur *þó* leggur til, í staðinn fyrir *þá* o. s. frv. Í 8. lið er líka prentvilla, fjárlaganefndar, á að vera fjárlaganefndanna.

Eg þykist ekki þurfa að halda langa ræðu; frv. þetta er hingað komið frá hv. neðri deild, eftir rækilegan undirbúning þar. Atriðin eru ekki mörg, sem greinir á um, en þó sum hver harla mikilsverð. En eg skal að eins halda mér við aðalatriðin. Eg skal og taka það fram strax, að þótt nefndin hafi öll skrifað fyrirvaralaust undir nefndarálitið, þá er það ekki af því að allir nefndarmanna séu alveg sammála, en sum ágreiningsatriðin eru þannig vaxin, að búist var við að um þau gæti máske orðið samkomulag. Þetta mikilsverða mál er þegar að nokkru kunnugt orðið. Frá því á síðasta þingi hefir alþjóð manna á landi hér vænt þess að mál þetta yrði undirbúið sem allra bezt af þingi og stjórn. Og má sjá af fjölda þingmálafundargerða, víðsvegar af landinu, að búist var við rækilega undirbúnu frumvarpi, frá hálfu stjórnarinnar, en því miður brást það, og er þingið því óneitanlega miklu ver sett, en ella mundi hafa verið. En þingið leit svo á, að ekki mætti það láta undir höfuð leggjast að framkvæma þá skyldu, er á því hvíldi í máli þessu. Hv. efri deild hefir unnist of stuttur tími til þess að athuga málið sem skyldi — því það vantar alt af mikið, ef undirbúning frá hendi stjórnarinnar vantar.

Þessa skyldu að taka málið til meðferðar taldi þingið sjálfsagða, vegna hinna mörgu radda víðsvegar af landinu, er óskað höfðu þess, að málið fengi nú fram að ganga. Vér höfum yfirlýsing stjórnarinnar fyrir því, að hún muni rjúfa þingið, hvort sem mál þetta fær framgang eða ekki, og þjóðin mundi þá hvort sem er hljóta að bera kostnað af aukaþingshaldi, en því æskilegra er að stjórnarskrárbreyting verði afgreidd á þessu þingi; sparað-

ur sá kostnaður, sem leiða mundi af nýju aukaþingi, vegna breytinga á stjórnarskránni, sem sjálfsagt yrði bráðlega farið fram á að gera, ef þetta þing ekki afgreiddi málið.

Eins og nefndarálitið sýnir, voru aðallega 5 atriði um breytingu á stjórnarskránni, sem fram komu á þinginu 1909, og óskað var að tekin væru upp í hana, samkvæmt þingsályktunartillögu neðri deildar. Öll þessi atriði hafa nú verið tekin til athugunar af hv. N.d.

Fyrsta atriðið í þingsályktunartillögunni frá síðasta þingi var að fjölga ráðherrum, og var þinginu í sjálfsvald sett, hvort fjölga skyldi ráðherrum með beinu stjórnarskrárákvæði, eða heimila ráðherrafjölgun með einföldum lögum. Nú hefir hv. neðri deild tekið það beint upp í stjórnarskrárfrumvarpið að ráðherrar skuli vera þrír. Um þetta atriði hefir orðið ágreiningur í nefndinni, og eru nú fram komnar br.till. þess efnis, að þetta atriði skuli ekki sett í stjórnarskrána, heldur heimilað með einföldum lögum.

En meiri hluti nefndarinnar álítur réttara að hafa beint ákvæði um að ráðherrar skuli þrír vera. Og eg vil leyfa mér að benda á, að þótt svo kynni að verða litið á af einstökum mönnum, að verksvið stjórnarinnar væri hvorki víðtækara né umfangsmeira en það, að einn maður gæti annað störfunum, að þá eru þó meiri líkur fyrir því að stjórnarstörfin verði betur af hendi leyst af þremur mönnum heldur en einum, og með því mundi fást meiri festa í stjórnina, sem eg álít bráðnauðsynlegt.

Eins og kunnugt er, var hér skipaður landritari 1903, sem hafa skyldi með höndum stjórn landsins, tímum saman. En sá maður er pólitískt ábyrgðarlaus, og verð eg að telja það mjög óheppilegt. Auk þess er sá embættismaður ekki háður þeim breytingum, sem eiga sér stað um ráðherra.

Landritari getur verið andstæðingur stjórnarinnar. Og getur það í mörgum tilfellum komið sér illa, hversu góður, sem maðurinn annars kann að vera. Þetta eru ærnir agnúar á því fyrirkomulagi sem nú er, og full þörf á að breyta því.

Eins og nú er komið málum vorum, þarf einn maður að hafa ærið víðtæka þekkingu, til þess að geta sem ráðherra verið jafnvígur í öllum þeim málum, sem til hans kasta koma. Og verð eg því að líta svo á, að bæði frá pólitísku og umboðslegu sjónarmiði sé meiri trygging fyrir víðtækri þekking á öllum stjórnmálum, ef ráðherrar eru fleiri en einn; því að betur sjá augu en auga. Og með því mundi og síður hætt við ofmiklu einræði af hálfu stjórnarinnar en ella. En af of miklu einræði eða harðræði getur jafnan stafað hætta og það því fremur sem svo langur tími er á milli reglulegra alþinga hjá oss.

Ef ekki er nema einn ráðherra, getur og orðið mjög erfitt fyrir þingið eða þingflokkana, séu þeir fleiri en tveir, sem vel má búast við að verði, að mynda stjórn, sem styðjist við meiri hluta þingsins. Með því að hafa ráðherrana þrjá, má ætla að meiri festa komist á stjórnina, og stjórnarskifti verði ekki eins tíð. En mjög tíð skifti leiða til ósamræmis og jafnvel skipuleysis í stjórn landsins. Eg veit að þessu fyrirkomulagi fylgir nokkur kostnaður; en gæti það skapað fjölhæfari, gætnari og fastari stjórn, mundi það margborga sig. Sjálfsagt er að leggja niður landritaraembættið, og kostnaðaraukinn yrði þá aðallega við eitt nýtt ráðherraembætti.

Þá kem eg að öðru atriðinu, afnámi konungkjörinna þingmanna. Um það atriði eru allir sammála. En í sambandi við það kemur aftur á móti, hvernig haga skuli til um skipun efri deildar, og kennir þar nokkurs ágreinings. Nefndin í neðri deild, sem hafði mál þetta með höndum, leit svo á, að nauðsynlegt væri að efri deild væri skipuð þannig, að þar væri

fyrir hendi nægilegt íhaldsafl, til þess að spyrna á móti skyndilegum og oft miður heppilegum hreyfingum, sem upp kunna að koma og æsa hugi manna meira en holt er fyrir þjóðina.

Eg þori að lýsa því yfir fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar, að hann hefði helzt kosið, að öll efri deild væri kosin með hlutfallskosningum um land alt til 12 ára, eins og frumvarp stjórnarskrárnefndar neðri deildar fór fram á. Með því móti telur meiri hlutinn nokkurn veginn trygging fengna fyrir nauðsynlegu íhaldi og stefnufestu í efri deild. En þar sem engin von var um að fá það samþykt hér í deildinni né í neðri deild, þótti nefndinni réttast að halda því, sem í frumvarpinu stendur, sem sé 9 ára kjörtíma með endurkosningu á fjórðungi deildarmanna þriðja hvert ár. En eg lýsi því hér með yfir, að mér líkar þetta ákvæði ekki svo vel, að eg noti ekki hvert tækifæri sem gefst til að miðla málum og koma þessu í það horf, er eg vildi helzt. Mér þykir, sem sagt, ákjósanlegast, að kjörtímabil efri deildarmanna hefði verið 12 ár. Eg þori raunar varla að segja það, en eg hefði verið ánægður, þótt það hefði verið lengra. Þetta hefði verið ákjósanlegra, þar sem hér er farið fram á mikla bylting í kosningarréttinum. Eg hygg, að þeir sem eru hræddir við, að efri deild verði íhaldssöm, einblíni of mjög á, hvernig hinir konungkjörnu þingmenn hafa lengstum verið kosnir. Þeir voru kosnir af útlendri stjórn og áttu að því leyti ekki að standa þjóðinni reikningsskap gerða sinna. Sá hugsunarháttur er orðinn rótgróinn, að konungkjörnu þingmennirnir séu og hafi verið íhalds og afturhaldssamir, en eg er ekki þeirrar skoðunar og ætla, að þetta álit ríki of mikið og ranglega í hugum manna. Menn óttast því, að þessi langi kjörtími skapi ofmikið íhald í efri deild, en eg lít svo á, sem engin ástæða sé til slíks, þar sem kosið er til hennar af allri þjóðinni og þessir þingmenn öldungis eins fulltrúar þjóðarinnar og þingmenn neðri deildar, og eiga að standa henni reikningsskap ráðsmensku sinnar. Í sambandi við þetta atriði skal eg geta þess, að nefndin hefir leyft sér að leggja til, að sú breyting verði gerð á kosningarrétti til efri deildar, að hann verði bundinn við 30 ár. Þessi önnur breytingartillaga á kosningarréttarákvæðunum er miðuð við það, að nefndin hreyfði ekki við kjörtímabili efri deildar þingmanna, eins og það er ákveðið í frumvarpinu, og hún vonar, að gengið verði að þessu til samkomulags. Samkvæmt frumv. eiga allir 25 ára gamlir karlar og konur að fá kosningarrétt og kjörgengi til alþingis. Hér þykir nefndinni alt of langt farið svona alt í einu, þar sem allri vinnuhjúastétt landsins eru veitt þau réttindi, sem löggjafarvaldið hefir enn ekki viljað veita þessari stétt í þeim málum, sem þó minna máli skifta fyrir þjóðfélagið, sveita og safnaðamálum. Hér er um algerða bylting að ræða, sem veldur því að þeir sem hingað til hafa borið mestar byrðirnar í lands þarfir, bændurnir og aðrir atvinnurekendur eru settir í algerðan minni hluta og valdið fengið í hendur þeim hluta þjóðarinnar, er minstar ber byrðirnar og minst tæki hefir á því að fara með það þjóðinni til gagns. Engin rödd hefir og hingað til heyrst í þessa átt.

Aftur hefir nefndin ekki viljað hreyfa við kosningarákvæðum frumvarpsins að því er sjálfstætt kvenfólk snertir. Eins og kunnugt er, hafa að undanförnu heyrst allháværar raddir frá kvenþjóðinni um það, að hún vildi verða aðnjótandi sömu réttinda sem karlmenn. Þessar óskir hafa fengið svo góðan byr, að nefndin vildi ekki verða hjáróma við þann lofdýrðarsöng, sem sunginn hefir verið kvenréttindunum, enda þótt sumir líti svo á, að alt gæti staðist í voru kæra landi, þótt blessað kvenfólkið hefði látið sér minna nægja fyrst um sinn.

Eg skal taka það fram, að þótt nefndin vilji ekki í þetta sinn stökkva þetta stóra stökk í rýmkun kosningarréttarins, þá er það ekki sprottið af neinni lítilsvirðing á hjúastéttinni. Henni þótti stökkið of stórt og hún óttaðist, að svo gæti farið, að mönnum þætti eftir á hafa verið farið of langt. Eg hefi heyrt því haldið fram, að það væri ekki ástæða til að veita lausamönnum meiri rétt en vinnufólki og skal eg fúslega játa það. En nú er svo ástatt, að búið er að veita lausamönnum þennan rétt og nefndin vill ekki taka þann rétt af þeim, sem þeim hefir verið gefinn, þótt hún fúslega viðurkenni að lausamannastéttin sé yfirleitt ekki mikið færari til að fara með hann, svo vel fari, en vinnuhjúin. Hinsvegar vildi nefndin hamla því, að þessi réttur væri notaður af þeim, sem eru ekki löglegir lausamenn. Það er kunnugt að fjöldi lausamanna eru það ekki á löglegan hátt. Nefndin vildi tryggja það að þessir kóngsins lausamenn eða landshornamenn, eins og þeir eru kallaðir, yrðu ekki þess réttar aðnjótandi, að þeir geti ekki laumast inn í kosningaklefann og notað rétt, sem þeir ekki hafa, eiga enga heimting á.

Um skilnað ríkis og kirkju er nefndin á sama máli og háttv. neðri deild og þarf ekki að fjölyrða um það. Og enn hefir nefndin bætt inn í grein um eiðfestu konungs, sem neðri deild hafði láðst. Og eg hefi nú gert grein fyrir þeim breytingartillögum nefndarinnar, sem mestu máli skifta.

Nefndin hefir leyft sér að stinga upp á, að 4. gr. stj.skr. sé orðuð nokkuð öðruvísi en nú er.

Þá kem eg að 5. br.till. við 11. grein frumvarpsins, sem hljóðar um breyting á 2. tölul. 18. gr. stjskr. um kjörgengi til alþingis. Eftir frumvarpinu er það bundið því skilyrði, að menn hafi síðasta arið verið heimilisfastir á Íslandi. I stjórnarskránni nú er kveðið svo á, að maður hafi að minsta kosti verið 5 síðustu árin búsettur í löndum Danakonungs í Norðurálfu. Þessu 5 ára ákvæði vill nefndin halda og binda kjörgengið við þá dvöl á Íslandi. Nefndinni þótti hv. neðri deild hafa farið of langt í þessu, ekki sízt þar sem búast má við, að hingað streymi á næstu árum allmikill fjöldi útlendinga, og hann af misjöfnu tægi. Að vísu má segja með réttu, að þetta ákvæði geti komið illa niður á sumum Islendingum, er dvalið hafa langvistum ytra, en í það verður ekki horft.

Eg skal ekki segja margt um breytinguna á þingtímanum, sem meiri hluti nefndarinnar leggur til, enda býst eg við að tveir háttvirtir samnefndarmenn mínir geri grein fyrir þeim ástæðum, sem eru til hennar. Eg er þessari breytingu ekki hlyntur; þó gæti eg eftir atvikum sætt mig við færslu þingtímans til sumarsins, ef við það sparaðist kostnaður við húsbygging fyrir háskólann.

Þá kem eg að 8. br.till. nefndarinnar við 15. gr. Sú grein frumvarpsins inniheldur merkilegt nýmæli, sem þingdeildarmönnum er kunnugt og eg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að hefði verið til góðs, ef það hefði staðið þar, eins og það upphaflega stóð, að stjórnin ein ætti frumkvæðisrétt að breytingartillögum við fjárlögin, sem hafa í för með sér aukin útgjöld. En þessu var breytt í neðri deild, eins og háttvirtir þingdeildarmenn vita, þannig, að fjárlaganefndum beggja þingdeildanna var og veittur þessi réttur, og þótti mér ákvæðinu spilt með þeirri breytingu. Nú á að breyta þessu enn meira, eftir tillögum meiri hluta nefndarinnar, sem vill að meiri eða minni hluti fjárlaganefndanna fái þennan rétt. Eg tek það fram, að mér þykir þessi breyting ill, svo ill, að eg vil heldur að alt þetta nýmæli falli, heldur en að það sé samþykt með þessum viðauka. Fjárlaganefndirnar verða með þessu ákvæði í jafn-

mörgum hlutum og mennirnir í þeim, og hver nefndarmaður verður með heilan hóp af bitlinga og hrossakaupmönnum að baki sér og öll festa og samræmi í gerðum nefndanna þar með fallin.

Eg vildi óska þess, þótt það kunni að vera ókurteist við nefndina, að þessi breytingartillaga nái ekki fram að ganga.

Þá er ein breytingartillagan við 20. gr. frumvarpsins, að í staðinn fyrir „*skóla*“ komi barnafræðsla. Nefndin hélt, að það hefði verið meining neðri deildar, en hefir síðar komist að því að svo var eigi — eg mun athuga þessa breyting nánar síðar.

Þá *kem eg að breytingum nefndarinnar* við 23. gr. Nú er svo ákveðið í frumv., að lögum, sem alþingi samþykkir um sambandið milli Íslands og Danmerkur, skuli skotið til atkvæðis allra kjósenda landsins. Hér er nú farið fram á það, í breytingartillögum nefndarinnar, að gera þetta ákvæði um þjóðaratkvæði miklu viðtækara og sumum nefndarmönnum er þetta mikið áhugamál, en sumum þótti lítil nauðsyn á því, en hinsvegar vildi nefndin ekki gera það að kappsmáli; eins og ákvæðið er orðað er það meinlaust, en að líkindum gagnslítið.

Þá leyfir nefndin sér að fara fram á, að orðalagi 61. gr. stjskr. sé breytt. Neðri deild láðist að gera nauðsynlegar breytingar á henni, sem standa í sambandi við þá breyting, sem gerð hefir verið á skipun deildanna.

Þá er 16. breytingartillagan, sem eg get verið fáorður um. Þar þótti nefndinni ástæða til að prjóna dálítið neðan við frumvarp neðri deildar, af því að henni þótti ákvæði þess ekki nógu ljós.

Eg finn svo ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um málið að þessu sinni, og geymi mér frekari athugasemdir, þar til er eg hefi heyrt flutningsmennina að breytingartillögum þeim, er nú liggja fyrir við frumvarpið, gera grein fyrir þeim.

Lárus H. Bjarnason: Eg hefi ekki skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, enda þótt eg sé ekki allskostar ánægður með sum ákvæði frumvarpsins, eins og breytingartillögur mínar og háttv. 2. þm. Skagf. bera vitni um. En eg skal þegar í stað geta þess, að breytingartillögu mína á þingskjali 748 tek eg aftur, eftir það, að eg hefi borið mig saman við hæstv. forseta um hana.

Eg er, sem sagt, ekki vel ánægður með frumvarpið, enda er ekki við því að búast, að frumvarpið sé vel úr garði gert, er gætt er þess undirbúnings, sem það hefir fengið. Stjórnarskrárfrumvarpið átti að sjálfsögðu að vera stjórnarfrumvarp, og það hefði vel getað komið til mála, að setja í það milliþinganefnd. Það er að miklum mun mikilsverðara en mörg mál, er milliþinganefndir hafa verið skipaðar í.

Það er að miklu leyti undirbúningsleysi að kenna, að búast má við, að lítið verði misjöfnum augum á frumvarpið beggja megin pollsins.

En þó að eg sé óánægður með ýmislegt, ætla eg samt að *halda mér* við breytingartillögur mínar og háttv. 2. þm. Skagf. (Jós. Bj.). Þær eru 7 talsins, en þó er breytingin í raun og veru ekki nema ein, sú, að ráðherra skuli vera einn, en heimilt skuli að fjölga ráðherrum með lögum. Háttv. deild hefir gefist kostur á að heyra þær ástæður, er taldar eru til þess, að nauðsyn sé á fjölgun ráðherra nú þegar, en þær eru ekki fullnægjandi, hvorki þær, er greindar eru í nefndarálitinu, né þær, sem fluttar hafa verið hér í deildinni. Fyrst er talin sú ástæða, að betri trygging fáist fyrir því, að undirbúningur mála verði góður, ef ráðherrarnir séu þrír. En þar sem þingræði er komið á, er engin trygging þess, að ráðherraval fari eftir þekkingu manna og öðrum kostum, og er nokkur reynsla fengin hér í þessu efni. Það er ekki langt síðan stjórn veik frá völdum, sem

sízt var sjálfkjörin í þann sess fyrir þekkingarsakir, og annara mannkosta, svo að ekki sé meira sagt.

Önnur ástæðan, sem hv. framsögumaður bar fram fyrir fjölgun ráðherra, var sú, að með fleirmennisstjórn fengist meiri trygging gegn einræði stjórnar milli þinga. — Eg held einmitt þvert á móti, að undir venjulegum kringumstæðum, þ. e. a. s. þegar tvímælalaus meiri hluti ræður, þá væri undir fleirmennisstjórn minni trygging fyrir þingræði, en aftur yrði stjórnareinræðið meira. Þriggja manna stjórn hefði sterkari og víðtækari ítök í flokki sínum, en einmennisstjórn getur haft. Eg get hugsað mér, að það hefði verið erfiðara að koma fyrverandi stjórn frá, ef hún hefði haft með sér, sem ráðherra, 2 aðra menn úr þingflokknum. Eg verð því að líta svo á, að með fleirmennisstjórn yrði stjórnræðið aukið, en þingræðið skert. Þó að einræðishætta kynni að stafa af einmennisstjórn milli þinga, þá er annað ráð til að girða fyrir, og það er þegar komið inn í frumv. Eg á við 13. gr., um að aukaþing skuli halda, þegar meiri hluti hvorrar deildar krefst þess. Í þessu ákvæði felst nægileg trygging gegn einveldi einmennisstjórnar milli þinga.

Þriðja ástæða hv. framsögumanns var sú, að um fleirmennisstjórn myndi verða hægra með stjórnarmyndun, er enginn meiri hluti væri til á þingi. Þetta kann svo að vera, en hv. framsögumaður gerir hér ráð fyrir undantekningarástandi, nefnilega því, að ekki sé skýr meiri hluti á þingi. Enda er ekki nægilega greitt úr, þó að ákveðið væri, að ráðherrar skuli vera þrír; til þess yrði að áskilja hverjum flokki, eða flokksómynd, rétt til að heimta einn ráðherra úr sínum hóp, hversu fámennur sem hann væri. Fjölgun ráðherra bætir því ekki úr þessum agnúa, sem hv. framsögumaður fann í einmennisstjórn.

Fjórða ástæða hv. framsögumanns var sú, að síður myndi hætt við of tíðum stjórnarskiftum, ef ráðherrar væru fleiri en einn. Hér er einnig gert ráð fyrir undantekningarástandi. Venjulega ástæðan til stjórnarskifta í öllum löndum er sú, að kosningar hafa skipað annan meiri hluta, og þá fellur öll stjórnin, hvort sem hún er fámenn eða fjölmenn. Við slíkum stjórnarskiftum spornar fleirmennisstjórn því ekki; enda eru stjórnarskifti óhjákvæmileg afleiðing af þingræði og það aftur af straumbreytingum hjá þjóðinni. Þá er það og ofmælt, að stefnufesta í stjórnarframkvæmdunum hlyti að verða meiri hjá fleirmennisstjórn en einmennisstjórn, því að hún er ekki síður bundin við embættisrekstur hinna föstu stjórnarembættismanna, en við hina skiftandi ráðherra.

Eg get ekki heldur kannast við fimtu ástæðu hv. framsögumanns, að það sé lítt viðunandi að landritarinn verði að gegna stjórnarstörfunum í fjarveru ráðherra, og það oft um langan tíma, enda hefir þetta, mér vitanlega, aldrei komið að baga. Landritari gegnir að eins hinum venjulegu daglegu störfum, en ræður aldrei af eigin rammleik meiriháttar málum stjórnarinnar, vegna þess að hann ber ekki ábyrgð á þeim. I slíkum málum mun hann alt af leita úrskurðar ráðherra; er enginn hængur á því nú, er símasamband er komið á við útlönd og innanlands, svo að auðvelt er að ná til ráðherra hvar sem hann er. Að minsta kosti væri engin ástæða til að fjölga ráðherrum um *tvo* vegna þessa ímyndaða agnúa; það ætti að vera nóg að bæta einum við.

Þá hefi eg reynt stuttlega að leiða rök að því, að ástæður hv. framsögumanns um fleirmennisstjórn eru ekki ábyggilegar. Enda ekki þess að vænta að nauðsyn fleirmennisstjórnar verði varin, því að eins og nú hagar til hér á landi ætti það alls ekki að vera ofvaxið einum *nýtum* manni að stjórna landinu svo að vel færi, ekki sízt með jafnfjölmennu og, að því er ætla má, vel skipuðu aðstoðarliði, sem ráðherr-

ann hefir í stjórnarráðinu. Enda hefir reynsla sú, er vér höfum af fyrsta heimaráðherranum sýnt þetta og hins sama mun mega vænta af þeim ráðherra, sem nú höfum vér. Miðmanninn var ekkert að marka af ástæðum, sem allir þekkja.

Lífskjör vorrar fámennu þjóðar eru svo smá og óbrotin, að störf ráðherra okkar geta ekki talist mikil né erfið. Þau eru aðallega í því fólgin að undirbúa löggjafarmálin til meðferðar á alþingi, sem að eins kemur saman annaðhvort ár, og ekki situr venjulega nema 8—10 vikur; það virðist ekki að ætti að þurfa neinn sérlegan afkastamann til að búa til nokkur lagafrumvörp á c. 22 mánuðum.

Eg verð því að telja það alls kostar óþarft að fjölga ráðherrum sem stendur, að minsta kosti frá almennu sjónarmiði. Það væri, ef til vill, heppilegt fyrir þá sem langar til að komast í ráðherrasess, því meiri von, því fleiri sem sætin væru, án þess að eg drótti slíkum hvötum að hv. þm. Ísafj., og allra óþarfast að negla þá 3 í stjórnarskrána, svo að ekki verði um þá losað nema með mikilli fyrirhöfn og tilkostnaði. Enda mun ekki títt að ákveða slíkt í stjórnarskrám. Í grundvallarlögunum dönsku er mælt svo fyrir, að konungur ráði því, hve margir ráðherrar séu. Eg vil enda segja, að það sé beinlínis rangt að slá því föstu í stjórnarskránni, hversu margir ráðherrarnir skuli vera; því að hentistefnan verður að ráða tölu þeirra, sem annara embætta. Það getur verið hentugt að hafa þá tvo, eða stundum þrjá; nú sem stendur álít eg nægilegt að hafa að eins einn. Þess vegna er undir öllum kringumstæðum nægilegt að setja inn í stjórnarskrána heimild til að fjölga ráðherrunum, eins og till. mín og háttv. þm. Skagf. fer fram á.

En auk þess sem ástæðulaust er að fjölga ráðherrum, þá ber einnig að líta á þann kostnað, sem það mundi hafa í för með sér. Það hefði mátt búast við, að hinn góði búmaður, hv. þm. Ísafj., sem vill að landið búi svo vel, hefði lagt meira upp úr þeirri hlið málsins; mér þótti hann fara nokkuð fljótt yfir hana. Tilkostnaðurinn við stjórn okkar er nú 50 þús. kr. á ári eða 100 þús. kr. á fjárhagstímabilinu, og er það borið saman við önnur lönd geysimikil upphæð hlutfallslega. Ráðherra hefir nú 14000 kr. í laun, þ. e. 8000 í embættislaun, 2000 til risnu, 2000 til húsaleigu, og 2000 kr. til ferðakostnaðar. Hvorum hinna nýju ráðherra mætti ekki ætla minna en 10 þús. kr. árslaun, þ. e. sömu embættislaun og sama húsaleigustyrk sem nú, en aftur þyrfti ekki að ætla þeim neitt fé til risnu eða utanfara. Þá sjá menn að kostnaðaraukinn yrði 20 þús. kr. árlega. Þó mætti draga frá þeirri upphæð 3000 kr., eða hálf laun landritara; því að það embætti yrði líklega lagt niður, en helming launanna yrði núverandi landritari að halda sem eftirlaunum. Kostnaður til launa ykist því um 17000 kr., að ótöldum eftirlaunum. En auk þess er óhætt að gera ráð fyrir, að auka þyrfti starfskraftana í stjórnarráðinu, því hver ráðherra mundi ekki láta sér nægja ein skrifstofa; og ofan á alt þetta yrði nauðsynlegt að umsteypa stjórnarráðshúsinu, og jafnvel byggja ofan á það, en það gæti kostað tugi þúsunda. — Eg get ekki neitað því, að mér þykir það koma dálítið kynlega við, að það skuli aðallega vera sá flokkur, sem hefir kent sig við þjóðræði, sem leggur það til að þessum kostnaði verði dembt á þjóðina að henni fornspurðri. Það er ekki heldur sem sannsýnilegast, að þessi sami flokkur, sem nú kallar sig Sjálfstæðisflokk, skuli óður og uppvægur leggjast í þennan kostnað, sem alls ekki miðar í þá átt að auka sjálfstæði landsins, en skuli á hinn bóginn neyta allra bragða til að koma háskólamálinu fyrir kattarnef, máli, sem af er alt annað sjálfstæðisbragð, en af þessari óþarfa embættismanna fjölgun.

Eg gat þess í upphafi ræðu minnar, að

þó eg væri ekki ánægður með öll ákvæði frv., þá ætlaði eg ekki að fara út í þau nú. Þessi orð áttu að eins að vera meðmæli með brtill. minni og hv. þm. Skagf. á þskj. 717.

Jósep Björnsson: Eg ætla með örfáum orðum að minnast á br.till. mínar, og hv. þm. Ak. á þskj. 724. Þær eru 4 talsins, en í rauninni eru þær að efni til ekki nema 2. Önnur er sú að við leggjum til að tala þm. í deildunum verði önnur en samþykt hefir verið í frv. Nd., nefnilega að tala þm. í hvorri deild um sig haldist sú sama sem nú er, 26 í Nd. og 14 í Ed. Við teljum þessa skiftingu eðlilegri vegna þess, að með henni verður tala þeirra þm., sem á þingbekkjum sitja, stök, og á það betur við en að hún sé jöfn. Um þetta er frekar það að segja, að við höfum séð okkur fært að leggja þetta til vegna þess að við leggjum jafnframt til að skipun Ed. verði nokkuð á annan veg en samþykt hefir verið í frv. Nd. Aðalástæða Nd. til þess að samþykkja, að í Ed. skyldu sitja 15 þm., mun hafa verið sú, að það stóð betur af sér samkvæmt tillögunni um þriskifting þm. við kosningar; þá var skift um jafnmarga þm. í hvort skiftið.

En nú leggjum við til, að ekki verði nema 10 þm. kosnir hlutfallskosningu til Ed., en að 4 verði valdir úr flokki þeirra þm., sem kosnir verða óhlutbundnum kosningum í kjördæmum landsins á sama hátt og nú á sér stað.

Hv. framsögumaður gat þess, að öll nefndin hefði verið einhuga á því, að nauðsynlegt væri að Ed. yrði stöðvunarafl, þar sem svo mörgum kjósendum verður bætt við. Eg er nefndinni sammála um það, en með brtill. okkar þykjumst við ekki hverfa neitt frá þessu. Við teljum það er við leggjum til, að 10 þm. séu kosnir hlutfallskosningu til Ed., eins gott til stöðvunar eins og þó allir Ed.-þm. væru kosnir á þann hátt til 9 ára, með því að við leggjum jafnframt til að þingseta þeirra verði lengri, 12 ár, og að skift sé um helming þeirra í hvort skifti, svo að á 6 ára fresti verði kosnir 5 þm. Þegar þetta er borið saman við tillögu Nd. um 9 ára þingsetu, er leiðir til þess að 5 menn fara frá eftir 3 ár og aðrir 5 eftir 6 ár og síðasti þriðjungurinn eftir 9 ár, þá virðist okkar tillaga vera eðlilegri og engu síður hyggileg að því er snertir þá íhaldsstefnu, sem Ed. er ætlað að hafa. Það er fremur óviðkynnilegt að 5 fyrstu þm. færi frá eftir að að þeir hafa setið að eins á einu þingi, og næstu 5 eftir að hafa setið á 2 þingum og enginn þessara 15 getur setið lengur en á 4 reglulegum þingum, samkvæmt tillögunni um 9 ára þingsetutíma. Við viljum að hinir hlutfallskosnu þm. verði fastari í sessi og sitji á 6 þingum reglulegum. Þegar ennfremur er litið á hlutfallskosningar í heild sinni, hvernig þær muni verka, þá lít eg svo á, að að öllum jafnaði mundu þeir menn, sem sætu í Ed. samkvæmt hlutfallskosningu, verða embættismenn og flestir úr Reykjavík. Eg segi ekki að það væri óheppilegt, þó nokkrir embættismenn skipuðu deildina, en eg tel þó, að gott og hentugt sé, að í þeirri deild, eins og hinni, sitji blendingur manna, menn úr öllum stéttum landsins, því með því yrði fjölbreyttari þekkingu að finna í deildinni. En þetta mundi fremur verða, ef nokkrir væru kosnir upp í Ed. á sama hátt og nú á sér stað. Sömuleiðis verður það að skoðast eðlilegt, að sterkur meiri hluti geti haft áhrif á skipun Ed., þegar svo stendur á, að mikill meiri hluti er ráðandi í landinu, og verði okkar tillaga samþykt, þá er betur séð fyrir þessu en ef hlutfallskosningar einar réðu. Eg held því, að hér sé farin leið, sem báðum flokkum megi allvel líka, bæði þeim sem vilja að Ed verði stöðvunarafl, með því að við leggjum til að kjörtímabil hlutfallskosinna þm. verði lengra en Nd. samþykti, og svo þeim sem vilja að Ed. verði ekki alt of kyrstæð, en til þess miðar sú tillaga, að

nokkur hluti hennar verði valinn úr flokki þeirra þm., sem kosnir verða óhlutbundnum kosningum. Eitt atriði vil eg enn taka fram, sem eg veit að kjósendur leggja mikið upp úr, og það er, að ekki er rétt að fækka nema sem allra minst þeim þm., sem kosnir eru óhlutbundnum kosningum. Kjósendur munu vera ófúsir á að fækka mjög mikið þingmönnum kosnum í sérstökum kjördæmum. Sömuleiðis leggja kjósendur mikið uppúr því, að sem flestar stéttir eigi fulltrúa í hvorri deild um sig og meiri líkur eru til að svo verði samkvæmt okkar tillögu. Eg skal svo ekki fjölyrða meir um þessar br.till. Eg vona að hv. deild taki þeim sæmilega vel, þó eg geri mér ekki glæsilegar vonir um að þær verði samþyktar af háttv. deild, þótt eg telji það illa farið, nái þær ekki fram að ganga.

Þá vildi eg minnast á brtill. á þingksj. 754. Þær eru ekki annað en orðabreytingar og leiða af brtill. á þingsk. 749. Þó er ein þeirra efnisbreyting. Það er 2. brtill. við 15. brtill. nefndarinnar snertandi 61. gr. stskr. Með henni er lagt til, að öðru vísi sé farið að en hingað til, þegar gerð er breyting á stjórnarskránni. Í stað þess að rjúfa þing og efla til nýrra kosninga, ætlumst við til, að þegar stskr. er breytt, verði breytingarnar bornar undir kjósendur til samþyktar eða synjunar, þó því að eins að stjórnin sé þeim meðmælt. Okkur þótti sjálfsagt að taka þetta fram, að breytingum skyldi ekki skjóta til kjósendanna, ef stjórnin væri þeim andvíg, því þá mætti líta svo á, að hún mundi ekki vilja flytja þær, og því væri árangurslaust að leggja þær undir atkvæði þjóðarinnar. Það sem mest og bezt mælir með þessu ákvæði er það, að þegar stjórnarskrárbreytingar eru gerðar, þá eru það ekki breytingarnar einar, sem ráða kosningunum, heldur ýms önnur mál. Það er því ekki að búast við, að eins hreinlega verði skorið úr því með því móti, hvort þjóðin vill breytingar þær á stskr., sem fyrir liggja, eða ekki, eins og ef þær einar út af fyrir sig væru lagðar undir atkvæði kjósendanna. Þetta er svo ljóst mál, að ekki ætti að vera ástæða til að fjölyrða um það. Það skal vitanlega játað, að ástand það sem nú er, að leysa upp þingið og stofna til nýrra kosninga, er gott til að tryggja það, að ekki sé hrapað að því að gera breytingu á stjórnarskránni, en mér finst tryggingin engu minni þó að þessi aðferð sé höfð, sem óneitanlega er miklu einfaldari.

Að síðustu skal eg að eins bæta örlitlu við, snertandi brtill. þær, sem eg hefi gerst meðflutningsmaður að ásamt háttv. 5. kgk. á þingsk. 717. Háttv. 5. kgk. talaði svo vel fyrir þeim, að það er harla lítil ástæða að bæta nokkru við það. Þó vildi eg segja eitt, og það er, að mér virðist tvísýni á því, hvort kjósendurnir muni fella sig vel við að tala ráðherranna sé fortakslaust ákveðin í stjórnarskránni. Þótt þjóðin hafi látið uppi að hún teldi fjölgun ráðherra heppilega, sem meðal annars hefir komið fram á þingmálafundunum í vetur, þá hefir hún ekki óskað annars en þess, að opnaður væri vegur til að fjölga þeim — að breyta mætti tölu þeirra með einföldum lögum. Mér finst því auðsætt að sú aðferð er réttust nú, að heimila að breyta tölu ráðherra með einföldum lögum, eftir því sem að reynslan segir til, án þess að breyta þurfi stjórnarskránni, ef reynslan sýnir að ástæða sé til að hafa aðra tölu en þá, sem ákveðin er á henni. Sumir líta svo á, að fjölgun ráðherra bæti mjög úr einræði stjórnarinnar, sem átt geti sér stað, þegar ráðherra er einn, og auki þingræðið. Aðrir líta aftur svo á, að fjölgun ráðherranna auki stjórnræði og minki þingræðið. Um þetta skal eg ekki þrátta.

Eg lít svo á, að það mundi auka þingræðið miklu meir, og koma í veg fyrir marga þá galla, sem eru á því að hafa einn ráðherra, ef þingið væri haldið á hverju ári,

heldur en þótt höfð sé ákveðin tala ráðherra.

Sigurður Hjörleifsson: Eg á hér litla brtill. á þingsk. 753 ásamt með háttv. þm. Strandamanna. Það er viðaukatillaga við brtill. þær sem bornar eru fram af nefndinni.

Eins og háttv. þingdeildarmenn kannast við, voru í þingbyrjun borin fram 2 frv. til breytingar á stjórnarskipunarlögum vorum. Í öðru þeirri var gert ráð fyrir því, að kosningarrétturinn yrði almennur fyrir konur og karla, sem náð hefðu lögaldri, og það eins þótt hann hefði verið bundinn við 21 árs aldur. Nefnd sú, sem skipuð var í málið í þessari háttv. deild, hefir gert hér á allmiklar breytingar. Hún gerir meðal annars ráð fyrir að bægja hjúum og vistskyldu fólki frá kosningarrétti. Mönnum þótti það í of stórt ráðist að veita í einu svo mörgu fólki kosningarrétt, en þótti hins vegar ekki tiltækilegt að færa áfram aldurstakmarkið og þess vegna var hjúunum og vistskyldu fólki slept úr. Eg er sannfærður um það, að þetta spor sé viðunanlegt, eins og háttv. samnefndarmenn mínir leggja til, því að það er mjög varhugavert að auka kosningarréttinn svo mjög í einu. En það getur varla hjá því farið að sumum kunni að þykja, sem í þessu liggi einhver lítilsvirðing við þá stétt, sem verið er að bægja frá, hjúastétt landsins, og er þá skylt að bæta úr því. Það má búast við því, að ekki líði á löngu áður mönnum sýnist rétt að veita hjúum kosningarrétt, og til þess að ekki þurfi til þess stjórnarskrárbreytingu, höfum við farið hér fram á að veita megi hann með einföldum lögum. Eg vil mælast til þess, að háttv. forseti skifti þessari tillögu í tvent við atkvæðagreiðsluna og beri upp sérstaklega þessa tillögu, því það getur vel verið að menn vilji samþykkja fyrri liðinn, en ekki þann síðari, sem hljóðar svo; „Áður en konungsstaðfestingar er leitað á þeim lögum, er þó skylt að leggja þau fyrir alþingiskjósendur um land alt, til samþyktar eða synjunar“. Okkur þykir lítil ástæða til, að ef stjórnin og meiri hluti þings hafa komið sér saman um að veita hjúum þennan rétt, þá þurfi til þess breytingu á stjórnarskránni, þingrof og nýjar kosningar. Okkur virtist mega gera það á miklu einfaldari hátt, með einföldum lögum. Um síðari liðinn er mér ekkert kappsmál, hvort hann verður samþyktur eða ekki. Þó mér reyndar finnist að í honum sé trygging sú, sem sé, að hjúunum verði ekki veittur kosningarréttur nema það sé vilji kjósendanna. Það er sérstök ástæða til að fara ekki ver með hjúastéttina en aðrar stéttir, af því að hér er vistarskylda, sem ekki er víðast hvar annarstaðar. Hinsvegar er ekki mikil hætta að veita þeim kosningarrétt. Hjúin mundu fremur verða til að mynda stöðvunarafl í landinu en aðrar stéttir.

Háttv. 2. þm. Skagf. (J. B.) hefir talað fyrir brtill. þeim sem við eigum sameiginlegar og gert svo glögga grein fyrir þeim, að engin veruleg ástæða er til að ræða frekara um þær. Í þeim felst að minni skoðun meiri stöðvun, heldur en er í frumvarpinu, eins og það var samþykt í háttv. neðri deild. Eg vil sérstaklega benda á, að samkvæmt frumvarpinu á að kjósa 5 þingmenn til efri deildar 3ja hvert ár. Eg get ekki skilið að nokkur maður, sem lætur sér ant um að eitthvert stöðvunarafl sé í þinginu, geti fallist á þessa tillögu. Þetta mundi leiða til þess, að alt of mikið af því pólitíska afli þjóðarinnar lenti í kosningum og sífeldri baráttu um völdin, í stað góðrar og heillavænlegrar umhugsunar um undirbúning á hinum þýðingarmiklu málum þjóðarinnar. Þess vegna verð eg að telja þetta fyrirkomulag mjög óheppilegt, því ofan á það að kjósa á 3. hvert ár til efri deildar bætist það, að líka á að kjósa til neðri deildar 6. hvert ár, svo það má þá segja, að við yrðum einlægt að kjósa. Þessu þarf að breyta, hvert ráð svo sem tekið er. Það má telja víst, að ekki tjái

að fara í þá áttina að lengja kjörtíma þeirra, sem kosnir eru hlutfallskosningu, og láta þá alla vera kosna til 12 ára; það mun ekki ná fram að ganga hér á þinginu. Það er hætt við að neðri deild muni þá breyta til aftur í radíkala átt; þess vegna álít eg ráðlegast að taka þessa aðferð, sem við förum fram á með brtill. okkar, og tel eg þá þessa deild stilla vel til hófs.

Þá vildi eg minnast lítið eitt á eina af þeim tillögum, sem fram hafa komið frá nefndinni, sem sé þá, að með sérstöku lagaboði megi kveða svo á að lagafrumvörpum megi skjóta til leynilegrar atkvæðagreiðslu kjósendanna. Þetta sem hér er um að ræða er hið svokallaða referendum. Eg vil leyfa mér að benda a það, að með þessu er hér ekki verið að lögleiða málskotsrétt, heldur er að eins leyft að setja lög um það síðar, þegar þjóð og þing hefir vandlega íhugað þetta mál. Auk þess eru takmarkanir settar á því, hvaða málum megi skjóta til þjóðarinnar. Það eru undanskilin fjárlög og fjáraukalög og lög sem eiga að öðlast gildi vissum tíma eftir að þau eru samþykt á þingi. Það er því algerlega á þingsins valdi að takmarka og hafa í hendi sér, hvaða lögum geti orðið skotið til þjóðarinnar. Það var sagt hér áðan, eða því kastað fram, að referendum væri orðið úrelt í heiminum. Margt hefi eg heyrt sagt um referendum, en aldrei þetta fyr. Eg vil benda á, að þessi réttur, alþýðuatkvæði, skiftist í tvent: Málskotsrétt, eða rétt ákveðinnar tölu kjósenda eða ákveðinnar tölu þingmanna til að heimta það að lögum, að lagafrumvörpum sé skotið til kjósenda til samþyktar eða synjunar. Hitt er frumkvæðisréttur, eða sá réttur, að ákveðin tala kjósenda getur heimtað, að löggjafarþingið semji og samþykki lög um eitthvert tiltekið málefni.

Úrelt getur referendum ekki kallast af því, að það er tiltölulega nýtt í heiminum og alt af að aukast. Eg heyrði það sagt í neðri deild um daginn, að það hefði þekst langt neðan úr öldum í Sviss. Þetta er ekki rétt. Það er ekki nema rúmra 100 ára gamalt þar í landi, og var fyrst sérmál hvers einstaks fylkis. Árið 1848 er það tekið í stjórnarlög Svisslands og árið 1874 er ákveðið að 30 þús. manna skuli hafa málskotsrétt. Um stjórnarskrána er það ákveðið og mun hafa verið alla götu frá 1848, að breytingar á henni skulu bornar undir atkvæði þjóðarinnar. Frumkvæðisrétturinn virðist heldur ekki úreltur. Hann var tekinn upp í Svisslandi 1891 og hefir gefist vel. Þar geta 50 þús. kjósendur krafist þess, að tiltekin, ákveðin lög skuli borin upp til samþyktar eða synjunar. Þegar Svisslendingar bættu þessum rétti við sig, var það gert eftir þjóðaratkvæði og voru 182 þús. atkv. með því, en 120 þús. á móti. Mikill meiri hluti er þá með því ekki einungis að halda þeim rétti, sem áður var, heldur að bæta við sig nýjum rétti miklu víðtækari en hinum.

Líti maður til Bandaríkjanna í Norður-Ameríku, á ekki síður illa við að segja, að referendum sé orðið úrelt, því á síðustu áratugum hafa orðið stórkostlegar breytingar einmitt í þessa átt. Sex ríkin hafa nýlega lögtekið referendum í öllum málum, þar á meðal í fjármálum. Þessi sex ríki eru: Suður-Dakota 1889, Utah 1895, Oregon 1899, Nevada 1901, Montana 1905, og Oklahama 1907. Í öllum þessum ríkjum er bæði málskotsréttur og frumkvæðisréttur, nema í Nevada. Þar er að eins málskotsréttur. Árið 1895 var tekið í lög í ríkinu Delaware ráðgefandi referendum Og það er til meira blóð í kúnni. Fjórtán ríkin í Bandaríkjunum hafa sett það í stjórnarlög sín, að ríkislán megi ekki taka nema bera það fyrst undir kjósendurna, og meðal þessara 14 ríkja auðugasta og voldugasta ríkið, New York. En það sem er þýðingarmest og hér skiftir mestu máli er það, að af 46 ríkjum Bandaríkjanna hafa 45 lögleitt málsskotsrétt um stjórnarskrá sína. Eg á hér auðvitað við

stjórnarskrá hinna einstöku ríkja; stjórnarskrá alríkisins hefir, sem kunnugt er, ekki verið breytt síðan 1789. Hvert ríkið eftir annað hefir verið að taka upp þenna rétt.

Annars er þetta mál mikið rætt í heiminum. Nú sem stendur er mikið deilt um það á Englandi út af breytingu þeirri sem þar er í ráði að gerð verði á stjórnarskipun landsins. Sama er að segja um Noreg. Í Danmörku hefir frjálslyndi eða radikali flokkurinn haft málskotsrétt á málaskrá sinni um nokkurn tíma. Ekki alls fyrir löngu, fyrir eitthvað 2—3 árum, bar þessi flokkur fram tillögur í ríkisdeginum til breytingar á grundvallarlögum ríkisins og upp í þessar tillögur var málskotsrétturinn tekinn. Eftir þeim tillögum voru sniðnar tillögur þær sem háttv. 1. þm. Skagf. bar fram í neðri deild um daginn. Eg vil í þessu sambandi leyfa mér að benda á, að í Danmörku var gert ráð fyrir að 50 þús. kjósendur af 1 milj. 300 þús. hefðu málskotsrétt.

Það er því ekkert vafamál, að þetta sem hér er farið fram á í br.till. nefndarinnar um referendum, er ekki neitt nýtt fyrirkomulag, heldur finst það þvert á móti mjög víða. Og alstaðar þar sem það er haft er það látið ná til stjórnarskrárinnar; enda er það ekki nema eðlilegt, því það sýnist vera harla ástæðulítið að rjúfa þing vegna breytinga á stjórnarskránni. Mér er óskiljanlegt hvaða áhrif þessi blessuð þingrof hafa í sambandi við stjórnarskrána. Hugsum okkur t. d. þær kosningar, sem að líkindum fara fram bráðlega. Halda menn, að þær muni snúast um stjórnarskrána, eða að menn fari að athuga hvert atriði í stjórnarskrárfrumvarpi því, sem væntanlega verður afgreitt frá þessu þingi? Nei, langt í frá. Það verður talað um alt annað. Það verða alt önnur mál, sem ráða úrslitunum. Og það er einmitt sönnun þess, hve réttlátt það er, að breytingar á stjórnarskránni séu bornar upp sérstaklega, og hvað það er nauðsynlegt. að henni sé haldið fyrir utan og ofan þann aur, sem oftast er samfara kosningabaráttunni. Þessvegna er mjög eðlilegt að málskotsréttar sé einmitt neytt um stjórnarskrána.

Enn er það, að referendum verður því nauðsynlegra, sem meira vit, þekking og frjálslyndi er utan þinganna — og það vonum við að fari stöðugt vaxandi — svo að löggjöfin geti orðið fyrir áhrifum úr þeirri átt, því að sá kosningarréttur, sem þingræðið byggist á, bendir ekki til þess, að nein trygging sé fyrir því, að vitið og þekkingin sé mest innan þinganna.

Þingið hefir það mjög í hendi sér og getur komið undan þeim málum, sem því þykir mestu um varða.

En það er líka til nokkuð, sem heitir hið þögula vald og í þessum rétti felst mikið af hinu þögula valdi. Það vald þora menn ekki að brjóta.

Löggjafarnir hika sér við að samþykkja þau lög, sem þeir búast við að séu á móti vilja þjóðarinnar. Þessvegna felst í þessu siðferðislegt aðhald við löggjöfina.

Eg hefi ekki haft langan tíma til að athuga þessi efni, en eg hefi heyrt menn tala margt á þessu þingi og margt undarlegt hefir komið fyrir.

Mér dettur í hug í þessu sambandi það sem sagt er um Pythagóras, griska heimspekinginn, að er hann fann mjög merkilega setningu, hafi hann fært guðunum fórnir með 100 nauta blóti, en síðan hafi naut jafnan baulað, er nýr sannleikur var leiddur í ljós, og mér hefir oft dottið þetta í hug hér, hvort nautin hans Pythagorasar væru farin að baula.

Eg mótmæli því að þetta mál hafi verið flokksmál.

Eg veit ekki betur en að báðir fyrverandi ráðherrar hafi verið andvígir ráðherra fjölguninni, og segi eg þeim það ekki til lasts, þó eg fyrir mitt leyti vilji að ráðherrum sé fjölgað.

Framsögumaður heimastjórnarmanna í neðri deild er mjög ákveðinn talsmaður

þess að fjölga ráðherrum, og hefir hann skrifað um það blaðagreinir. Hvort fleiri eru í öðrum flokknum en hinum, sem eru þessu máli fylgjandi, veit eg ekki, en óhætt mun að fullyrða að meiri hluti þingsins muni vera með fjölguninni.

Það er á allan hátt rangt að kenna einstökum flokki tillöguna, og er þetta ekki sagt til að verja neinn flokk, þótt eg teldi hverjum flokki sæmd að því að fylgja þessu fram.

Gunnar Ólafsson: Eg á hér enga breytingartillögu og sá eg það ekki til neins og sé raunar heldur ekki til neins að tala á móti því, sem 7 menn af 13 hér í deildinni hafa komið sér saman um,

Það var svo vísdómslega skipað í nefndina, að setja í hana meir en helming deildarmanna; það var svo þinglegt, eða öllu heldur óþinglegt, að þess munu ekki mörg dæmi.

Þessir 7 menn eru órjúfanlegur múr um þær breytingar, sem þeir hafa komið sér saman um, og þær eru margar, alt of margar, þegar litið er á innihald sumra þeirra.

Eg ætla ekki hér að fara að ræða um allar þessar breytingartillögur, þar sem það er algerlega þýðingarlaust. Að eins vil eg minnast lítilsháttar á eina breytingartillöguna, en það er 4. breytingartillaga nefndarinnar um að ræna nokkurn hluta þjóðarinnar sjálfsögðum rétti, ræna segi eg, af því að mínu áliti hafa allir og eiga að hafa sama rétt. Þessi sjálfsagði réttur, er hér um ræðir, er kosningarrétturinn, sem vinnufólkið á heimtingu á jafnt öðrum.

Er þetta mál var áður fyrir í deildinni, var að heyra sem nokkrir deildarmenn hefðu þegar tekið ákveðna stefnu í þessu atriði og lagði kaldan gust hér um salinn til þess hluta þjóðarinnar, sem vinnufólk er kallað.

Það var háttv. 5. konungkj. þingmaður *(L. H. Bjarnason:* Nefndi það ekki.) sem gaf það í skyn að það væri viss flokkur manna, sem ekki gæti komið til greina.

(L. H. Bjarnason: Alt misskilningur.)

Að minsta kosti sagði hann að tekinn væri réttur af þeim sem nú hefðu hann og gætu þá þessir, sem nú hafa kosningarrétt, orðið ofurliði bornir og það áleit hann skaðlegt. Ef þetta er ekki sá andi, sem nú er fram kominn, veit eg ekki, hvernig það ber að skilja.

Þessi andi kom einmitt þá þegar fram, eins og eg hefi bent á, og nú sé eg að hann, illu heilli, hefir haldist við síðan.

Raunar hefir háttv. þm. Akureyrar viljað bæta nokkuð úr þessu ranglæti, en það er ekki svipað því að vera nóg.

Eg var einn af þeim, er á þinginu 1909 vildi gefa vinnubjúum jafnan rétt við aðra í sveitamálum og safnaða, og sama sinnis er eg nú, að eg vil gefa þeim jafnan rétt í landsmálum. En þá voru hér sumir menn svo sem nú, sem ekki vildu gefa þeirri stétt þennan rétt og þar með mun 5. kgkj. þm. hafa verið fyrstur í flokki.

Ástæður þær, sem nefndin færir fyrir þessu, eru að mínu áliti ekki réttar. Það er kallað í nefndarálitinu að það sé bylting að veita þennan rétt. Eg get ekki skilið að það sé rétt skoðað að gera hér þennan mun.

Það er ekki til annars en að spilla fyrir því sem er nauðsynlegt, að fólk haldist við í vinnumenskustétt, og eg skil aldrei þann hugsunarhátt að vilja lítilsvirða þessa stétt og traðka rétti hennar.

Mörgum þótti sárt, þegar vinnufólki var gert hægara fyrir að losna úr vinnumenskunni, og hafði það við nokkur rök að styðjast, þó í alla staði væri rétt og sanngjarnt að veita þennan rétt.

En þar sem nauðsyn þykir að hafa vinnufólk, má ekki svifta það réttindum eða fæla það frá vinnumensku með ósanngjörnum lögum; það verður að njóta sömu réttinda í mannfélaginu og aðrir.

Það er sagt að þetta komi í bága við

skyldur við húsbóndann. Eg veit ekki í hverju þetta er fólgið; ef meint er það að húsbóndinn þurfi að gefa hjúum frí til þess að kjósa, þá er það ekki verulegt atriði, því að það getur aldrei orðið annað en samkomulagsatriði milli húsbænda og hjúa. Þá er því haldið fram, að bændur og aðrir atvinnurekendur hafi meiri andlegan þroska og meira vit á landsmálum og því um líkt, en það er held eg ekki alveg rétt, því að þar er misjafn sauður í mörgu fé. Menn verða varla vitrari og þroskameiri við að hlaupa landshornanna á milli, sem lausamenn nú gera, en við að sitja um kyrt í vist á góðu heimili og held eg að þetta flakk skapi hvorki þroska í landsmálum eða auki ábyrgðartilfinningu fyrir því sem gert er.

Hér mun heilbrigð skynsemi vera drýgri en staða sú sem menn hafa í lífinu. Eg kann ekki við að þessi hugsun gangi hér fram ómótmælt alveg gagnstætt hinu rétta.

Þurfi að lítilsvirða vinnuhjú, af því að þau eru öðrum háð, má benda á að það eru fleiri öðrum háðir en vinnuhjú, og það eru embættismennirnir; þeir eru vinnuhjú þjóðarinnar, og öðrum háðir engu síður en hin vinnuhjúin.

(Ráðherra: En faktorar?)

(Lárus H. Bjarnason: En pakkhúsmenn?)

Því vitanlega eru þeir háðir húsbændum sínum og þó ekki frekar en vinnumenn þjóðarinnar, sem að réttu lagi og lögum samkvæmt verða að hlýða því sem þeim er skipað, og eg vil ekki svifta þá kosningarrétti samt sem áður,

Þessir menn hafa margir hverjir eigi meiri almenna þekkingu en önnur vinnuhjú, þótt þeir hafi einhverja sérmentun, sem gerir þá hæfa til að gegna einhverju vissu starfi og státa svo af mentun sinni. En það er víst, að þessir menn bera ekki allir meira með sér af skynsamlegu viti en menn, sem ekki eru lærðir. Eg get ekki gert við því, þó 5. kgkj. þm. stingi upp í eyrun, en maður, sem sagt er að brósi svo alþýðunni og segist vera alþýðumaður, þegar hann er í þeirra hóp og þarf að láta alþýðuna tylla sér upp, vil eg að sé henni ekki svona andvígur á bak.

Eg skal svo ekki þreyta deildina á lengra máli. Eg heyri að sumir láta illa, þegar embættismenn eru nefndir í sambandi við þetta mál, en eg verð að álíta, að það sé í raun og veru ekki goðgá að geta þeirra í þessu sambandi.

Eg skal taka það fram að síðustu, að eg álít að breytingartillögur hv. þm. Ak. og hv. þm. Strandamanna séu til talsverðra bóta, þó eg álíti þær hvergi nærri fullnægjandi. Þetta átti að standa eins og það kom frá hv. neðri deild, en hér verður líklega engu við þokað, þar sem múr nefndarinnar er svo hár, að þar kemst ekkert yfir.

Sigurður Stefánsson: Eg skal ekki lengja umræðurnar mikið, en vildi að eins gera stutta athugasemd og skal eg fara fljótt yfir ræður þær er haldnar hafa verið, og víkja að eins að því er máli skiftir.

Háttvirtur 5. konungkjörinn þingmaður og háttvirtur þingmaður Skagfirðinga hafa komið fram með breytingartillögur á þingskjali 717. Það er ekki til neins að deila um, hvort betra sé að hafa einn ráðherra eða þrjá og má margt segja með og móti því, en líklegra verð eg að telja að stjórnin fari betur úr hendi fleiri manna.

Þar sem háttvirtur 5. konungkjörinn þingmaður bendir á óheppilega stjórn upp á síðkastið, sem eg get að mörgu verið samdóma, þó ekki sé að öll leyti, þá verð eg að benda á að oft getur farið betur, er fleiri eru.

(L. H. Bjarnason: Margfalda með þremur.)

Ef að heiðursmaður sá, sem stjórnina hafði með höndum, hefði haft með sér tvo menn jafngreinda, en með þeim kostum,

er hann vantaði, þá hefði eflaust orðið minna upp á stjórnina að klaga, en raun hefir á orðið.

Eg geng út frá því, að þrír ráðherrar hafi meiri og fjölbreyttari þekkingu en einn, og einn bætir upp það sem öðrum er áfátt.

Háttvirtur 5. konungkjörinn þingmaður tók það fram, og var það að nokkru leyti rétt, að móti einræði stjórnar er að nokkru hamlað með ákvæði 13. greinar, þar sem meiri hluti hvorrar deildar sem er getur krafist aukaþings, en eg álít að það geti orðið æði umsvifamikið að koma slíkum kröfum fram og ærinn er kostnaður við aukaþingshald. Og þó meiri hluti þings sé með þessu, þá er ekki víst að þjóðin sé því fylgjandi og óvíst að þetta sé heillavænleg aðferð.

Hann gerir enn fremur ráð fyrir því, að þrír ráðherrar mundu vilja auka starfskrafta stjórnarráðsins. Mér finst að einmitt þessi fjölgun sé svo mikil aukning starfskrafta. að hún ætti að nægja í bráð. En leiði fjölgunin þetta af sér, þá má ekki síður búast við kröfunni af hendi eins ráðherra í þessa átt og það mjög bráðlega. Eg tók það fram áður, að meiri þekkingar væri að vænta hjá þriggja manna stjórn og yrðu því málin betur undirbúin undir þing. Ennfremur þyrfti þá síður að setja stórar og dýrar milliþinganefndir, og léttist þá af hinum mikla kostnaði, er leiðir af löngum milliþinganefndastörfum.

Það sem hann lagði mest áherzlu á var kostnaðaraukinn, og væri ekkert út á reikning hans að setja, þá skal eg játa, að þar væri gripið á kýli, sem mér er viðkvæmt. En reikningur hans er ekki réttur, hann taldi kostnaðinn 17 þús. krónur og fékk þann kostnað út með því, að ætla hverjum ráðherra 10 þús. kr., 8 þús. kr. laun og 2 þús. kr. húsaleigustyrk. Þetta get eg ekki fallist á. Það dettur engum í hug að ætla þessum 2 nýju ráðherrum húsaleigustyrk, því að þeir þurfa ekki að halda uppi risnu. eða taka á móti útlendingum fyrir þjóðarinnar hönd. Það ætti forsætisráðherrann að gera einn. Enda tíðkast það ekki utanlands að aðrir ráðherrar hafi húsaleigustyrk en þeir, sem halda uppi risnu fyrir þjóð sína. Hinir búa eins og hverir aðrir embættismenn og hafa engan húsaleigustyrk, og eg tel víst, að það yrði svo hér, að þinginu dytti ekki í hug að láta aðra hafa húsaleigustyrk en forsætisráðherrann. Auk þess teldi eg það fullsæmilegt að þessir 2 nýju ráðherrar hefðu 6 þús. kr. laun eins og landritari hefir nú. En þó að þeir hefðu 7 þús. kr. hver, þá yrðu aukin útgjöld ekki meir en 8 þús. krónur, þegar búið væri að draga laun landritara frá, því að þau sparast alveg. Eg get gengið inn á það að núverandi landritari eigi að hafa biðlaun, en sá kostnaður er að eins í bili. Eg gerði ráð fyrir því, að kostnaðaraukinn yrði 8 þús. kr., eða í hæsta lagi 10 þúsund. Annars skal eg játa það, að þótt eg sé sparnaðarmaður, þá horfi eg ekki í nokkurn útgjaldauka, þegar um er að ræða atriði, sem eg álít miklu máli skifta til þess að hafa góða og ötula landstjórn. Og eg lít svo á, að það sé meiri trygging fyrir góðri landstjórn og góðri samvinnu milli stjórnar og þings, ef ráðherrar eru fleiri en einn.

Um breytingartillögu hv. 2 þm. Skagf., þingskj 745, skal eg ekki vera langorður, því að eg felli mig betur við þá skipun efri deildar heldur en þá, sem frumv. gerir ráð fyrir.

Hv. flutningsmaður gerði góða grein fyrir því og eg skal ekki lengja tímann með því að bæta neinu þar við. Hitt er annað mál, hvernig neðri deild tekur þessari breytingu og gæti svo farið, að þetta leiddi til enn meiri byltinga; það skal eg ekki segja um, en hitt veit eg, að þótt efri deild breytti engu í þessu atriði, þá mundu samt verða gerðar breytingar á því í neðri deild, því að þar eru margir óánægðir með skipun Ed., eins og hún er í frumvarpinu. Það

eina, sem eg hefi á móti þessari breytingartillögu er það, að þar er brotin sú meginregla, sem eg hefði helzt kosið að gilti um kosningu til efri deildar, nefnil. að allir þingm. deildarinnar væru kosnir á sama hátt. En hins vegar tel eg það kosningarhringl, sem verður eftir frumvarpinu, enn þá verra, þar sem kosningar eiga alt af að fara fram 3. hvert ár. En um það atriði tala eg í eigin nafni, en ekki fyrir hönd nefndarinnar.

Það kom til tals í nefndinni að gera breytingartillögu að þessu leyti, en eftir atvikum félst nefndin á að láta þessi ákvæði standa óbreytt.

Þá eru breytingartillögur á þingskjali 744 frá sömu þingmönnum. En þar verð eg fyrir mitt leyti og eg held fyrir hönd allra nefndarmanna að lýsa því yfir, að við getum ekki fallist á að breyta 61 gr. núgildandi stjórnarskrár. Hér er farið fram á alveg nýja aðferð, að leggja stjórnarskrárbreytingar undir alþjóðar atkvæði, og að því skilyrði viðbættu að stjórnin verði að vera stjórnarskrárbreytingunni meðmælt, í staðinn fyrir að samkv. 61 gr. skal rjúfa alþingi og stofna til nýrra kosninga, hvort sem stjórnin er meðmælt breytingunni eða ekki. Eftir tillögu hv. þingmanna finst mér stjórninni vera gefið alt of mikið vald í hendur. Það er alveg lagt á hennar vald, hvort nokkur stjórnarskrárbreyting verður gerð eða ekki, hversu eindreginn meiri hluti sem er breytingunni fylgjandi á þingi. Það tel eg óheppilegt. Það er hægt að segja að þá megi steypa stjórninni. En það er umsvifamikið, og gæti leitt til stjórnarskifta, sem væru alveg ástæðulaus að öðru leyti. Það hefir verið sagt um 61. gr. stjórnarskr., að hún væri gimsteinn í stjórnarskrá okkar, einmitt af því, að samkvæmt henni getur stjórnarskrárbreyting gengið fram, þó að stjórnin sé henni mótfallin. Ef þessu er breytt eins og till. hv. þingm. gerði ráð fyrir, þá er þingræði skert og þó að þingið geti náð rétti sínum með því að steypa stjór...nni, þá er það ekki nóg. Eg vil ekki að stjórninni sé lagt þetta vald í hendur. Og eg hygg að meiri hluti nefndarinnar muni halda fast við það, að láta stjórnarskrárbreytingu als ekki vera háða referendo, heldur halda þeirri skipun, sem nú er. Hv. þingm. Akureyrar tók fram að ýmisleg önnur atriði gætu blandast inn í aukaþingskosningarnar, óviðkomandi stjórnarskrárbreytingunni. Það er að vísu rétt, en kosningin snýst þó aðallega um stjórnarskrárbreytinguna og eg hygg að stjórnarskrárbreytingin sjálf verði betur rædd og athuguð með þeirri skipun, sem nú er. Auk þess óttast eg, að referendum um stjórnarskrárbreytingu gæti oft leitt til þess, að málið kæmist á ringulreið, því að einn festi augun á þessum agnúa, annar á hinum o. s. frv, og miðuðu atkvæði sín við það, svo að málið félli niður. Eg vil halda 61. gr. stskr., en ef menn vilja reyna referendum, þá að sjá hvernig það gefst á öðrum málum.

Þá skal eg nefna breytingartill. hv. þm. Akureyrar og Strandamanna, þingskjali 721 um hjúin, sem sumum hv. þingm. hefir orðið tíðrætt um. Eg gæti fyrir mitt leyti vel gengið inn á fyrri lið tillögunnar, en eg skal játa, að eg hefi enga vissu um vilja meðnefndarmanna um það. Um hina tillöguna skal eg ekkert tala í þetta sinn, því að eg er ekki búinn að átta mig vel á málskoti til þjóðarinnar í almennum málum. En sjálfsagt gæti verið margt við það að athuga.

Þá skal eg minnast á ummæli hv. þm. Vesturskaftfellinga í garð nefndarinnar; þau voru í harðara lagi. Hann sagði að nefndin vildi ræna hjúin rétti sínum, en það er ekki rétt. Nefndin vill að eins ekki veita þeim rétt, sem þau hafa ekki nú. Og það er ekki af neinni lítilsvirðingu við þessa stétt, heldur að eins að nefndin vill gæta allrar varúðar og ekki gera stórfeldar breytingar, sem gætu orðið til þess að

koma löggjafarmálum þjóðarinnar á ringulreið. Þess vegna vill nefndin ekki fara lengra í því að auka kosningarréttinn alt í einu. Hann sagði, að þetta væri til þess að fæla fólk frá því að ráða sig í vist. Eg óttast það ekkert. Í því sambandi skal eg geta þess, að mér sárnaði ekkert, þegar rýmkað var um vistarbandið. Reyndar hefir það heyrst, að vinnufólkseklan, sem síðan hefir verið, mundi stafa að nokkru leyti af því, en eg hygg að hún stafi meir af breyttum lifnaðarháttum og breytingum á atvinnugreinum. Og hvað sem því líður, þá vil eg sízt hamla mönnum að leita sér atvinnu sem þeim bezt líkar.

Þar að auki skal eg benda á það, að alþingi hefir ekki enn þá séð sér fært að veita hjúum þennan rétt í sveitamálum og safnaðarmálum. En eg álít heppilegt að veita þeim fyrst þennan rétt og sjá hvernig það reynist, og síðan þann réttinn, sem er þýðingarmestur, kosningarréttinn til alþingis. Ennfremur má nefna það, að það hefir ekki ein einasta rödd heyrst frá vinnuhjúunum sjálfum í þá átt, að þau óskuðu eftir kosningarrétti. Að vísu má segja, að þau hafi lítil tök á því að láta til sín heyra, þar sem þau hafa ekki kosningarrétt. En sama máli gegnir um konur; þær hafa ekki kosningarrétt, en hafa alment gert kröfur til þess að fá hann. Alveg eins hafa vinnuhjúin full tök á því að láta til sín heyra, hvenær sem þau alment fara að óska eftir að fá þessi réttindi, og þá fyrst ætti að koma til ihugunar á þingi, hvort þau ættu að fá þennan rétt eða ekki. Og eg tel víst, að þá standi ekki á alþingi að veita hann. Það er ennfremur töluvert atriði í þessu máli, að hjú geta ekki notið þessara réttinda, nema bóndi sleppi rétti sínum, oft með stórkostlegum skaða. Eg segi fyrir mitt leyti, að ef eg væri t. d. útgerðarmaður í Vestmanneyjum þá þætti mér leitt að láta húskarla mína sitja í landi við kosningu í í blaðaflavinnu, mér til stórskaða, og eg er ekki viss um, að hjúin myndu vilja sjá það mikið við húsbóndann, þegar um kaupið væri að ræða. Eg er ekki sá Matador að eg horfi ekki í slíkt. Og húsbóndinn getur verið góður hjúum sínum þrátt fyrir það. Svo má enn benda á það, að þau hjú, sem þykir þetta nokkurs um vert, geta vel útvegað sér þessi réttindi. Lausamenskubréf eru orðin svo ódýr nú, að ráðdeildarsömum vinnuhjúum er innan handar að eignast þau, og fá kosningarrétt á þann hátt, svo að þetta eru engin vandræði. Hér er um engan óvirðingarstimpil að ræða og eg skal játa að mörg hjú eru eins fær um að kjósa eins og margir í tölu lausamanna. En það stendur svo á, að lausamenn eru búnir að fá kosningarrétt, og það á illa við að taka hann af þeim aftur.

Mér láðist að tala um síðustu breytingartill. nefndarinnar, að færa breytingarnar inn í texta stjórnarskrárinnar. Eg veit að það blæs óbyrlega móti þessari tillögu í neðri deild, því að sumir líta svo á, að með því yrði ekki komist hjá því, að lögfesta stöðulögin. Eg legg ekki neina trú á það. En hitt veit eg að nefndin muni sætta sig við það eftir atvikum, þótt neðri deild vilji ekki fallast á þessa tillögu, en nefndin vill þó leggja til, að hún verði samþykt hér, því að hún álítur þessa mótbáru, sem eg nefndi, að eins theoretiska kreddu, sem hafi enga þýðingu í raun og veru.

Einnig láðist mér að geta um aðra breytingartill., sem sumum þjóðræknum mönnum í neðri deild þykir miklu máli skifta. Það er tillagan um að fella burtu ákvæðið að enginn hér á landi megi bera orður né titla. Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, þótti nefndinni þetta svo lítilsvert mál, að það ætti ekki við að hafa ákvæði um það í stjórnarskrá landsins. Á hinn bóginn má líta svo á, að hér sé gengið nærri einkaréttindum konungs, en til þess er engin ástæða í svo hégómlegu

máli. Þess vegna leggur nefndin til, að þessu ákvæði sé slept.

Steingrímur Jónsson: Það er að eins eitt atriði, sem eg ætla að minnast á við þessa umræðu málsins, breytingartill. á þingskjali 753. Mér kom á óvart að þessi tillaga skyldi koma fram frá hv. þingm. Akureyrar, því mér hafði skilist svo, að það væri samkomulag í nefndinni að takmarka kosningarréttinn frá því, sem gert er í frumvarpi neðri deildar og takmarka hann einmitt á þann hátt, sem nefndin leggur til. Það er alls ekki af neinum óvildarhug til hjúa, heldur af því að nefndin áleit ekki gerlegt að fjölga kjósendum svo mikið alt í einu og þá ætti bezt við, að það væru hjúin sem biðu. Svona skildi eg meðnefndarmenn mína og því þykir mér undarlegt, að þessi tillaga skyldi koma fram frá einum nefndarmanna og að jafnvel hv. framsögumaður mælti ekki á móti henni. Eg vil undirstryka það, að ef þessi br.till. verður samþykt, þá er hjúum þar með veittur kosningarréttur. Því ef það er ástæða til að hafa nokkuð stjórnarskrárákvæði, sem ekki verði breytt með einföldum lögum, þá eru það einmitt ákvæðin um kosningarréttinn. Slík ákvæði verður stjórnarskráin að halda fast við sem sína eign.

Júlíus Havsteen: Eg ætla að eins að segja fáein orð til viðbótar því, sem hv. framsögum. sagði um 13. till. á þgskj. 721, sem sé að þessi málsgrein 22. gr. frv., falli niður. Eg álít alveg nauðsynlegt að þessi grein falli, ekki einungis af því, sem hv. framsögum. nefndi, heldur hreint og beint af því, að stjórnarskráin yrði eflaust ekki staðfest að öðrum kosti. Í því efni get eg vísað til dómsmálastj.br. 15. apríl 1851. Enda má benda á það, að orðuveitingar eru aldrei „kontrasignerað“ af ráðherra, heldur skrifar konungur undir einn með orðukanselleranum. Hér er því gengið á einkarétt eða forréttindi konungs, og það gæti gersamlega eyðilagt alt frumvarpið ef þetta ákvæði fær að standa.

Sigurður Hjörleifsson: Eg ætla að eins að gera stutta athugasemd út af því atriði í br.till. okkar, að stjórnarskrárfrv. sé því að eins borið undir alþjóða atkv., að stjórnin sé því meðmælt. Þetta ákvæði álít eg réttlátt og nauðsynlegt. Stjórnin hefir ábyrgð á þeim breytingum, sem verið er að gera og þá er eins gott, að hún taki á sig þá ábyrgð strax. Ráðherra verður að minsta kosti að taka á sig ábyrgðina þegar hann ber frumvarpið upp fyrir konungi, og úr því að hann verður einhverntíma að gera það, hvort sem er, þá er bezt að hann geri það frá upphafi og hafi ábyrgð á málinu, ekki einungis gagnvart konungi, heldur líka gagnvart þjóðinni. En þá verður hann líka að ráða því, hvort málinu er haldið áfram eða ekki.

Viðvíkjandi því, sem hv. 4. kgkj. þm. tók fram um hjúin, þá vil eg leyfa mér að geta þess, að þó samþykt væri, að hjúin gætu fengið kosningarrétt með einföldum lögum, þá helzt samt kosningarákvæði stjórnskipunarlaganna að öllu leyti nema þessu eina. Það má til dæmis ekki færa til aldurstakmarkið, hvorki lækka það né hækka.

Ef menn viðurkenna, að það sé réttmætt, að hjúin fái einhvern tíma kosningarrétt, þá virðist ástæða til að leyfa að veita megi hann með lögum.

2. umræðu lokið.

ATKVGR.:

1. br.till. á þgsk. 717 við 1. gr. feld með 9:3 atkv.

Aðrar br.till. á þgsk. 717 teknar aftur.

1. gr. frv. sþ. með 11 shl. atkv.

1. br.till. á þgsk. 721 sþ. í e. hl.

2. gr. sþ. í e. hl.

3. gr. sþ. með 11 shl. atkv.

2. br.till. á þgsk. 721 við 4. gr. sþ. í e. hl.

4. gr. frv. þar með fallin.

1. br.till. á þgsk. 749 við 5. gr. sþ. með 7:6 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Steingr. Jónsson,
Ari Jónsson,	Aug. Flygenring,
Eiríkur Briem,	Júlíus Havsteen,
Gunnar Ólafsson,	Kristján Jónsson,
Jósef Björnsson,	L. H. Bjarnason,
Sigurður Hjörleifsson,	Stefán Stefánsson.
Sigurður Stefánsson.	

5. gr. frv. þar með fallin.
6. gr. frv. sþ. með 12 shl. atkv.
7. gr. frv. sþ. í e. hl.

3. br.till. á þgsk. 721 við 8. gr. sþ. án atkvgr.
2. br.till. á þgsk. 749 við 8. gr. sþ. með 7:1 atkv.
8. gr. frv. þar með fallin.
3. br.till. á þgsk. 749 sþ. með 11:2 atkv. með nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Augúst Flygenring,
Ari Jónsson,	Kristján Jónsson.
Eiríkur Briem,	
Gunnar Ólafsson,	
Jósef Björnsson,	
Júlíus Havsteen,	
Sigurður Hjörleifsson,	
Sigurður Stefánsson.	

Þrír þingmenn greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hlutanum.

9. gr. þar með fallin.

Br.till. 1. a. þgsk. 754 við br.till. 4 á þgsk. 721 sþ. með 7 shl. atkv.

Br.till. 1. b. þgsk. 754 við br.till. 4 á þgsk. 721 sþ. með 7 shl. atkv.

4. br.till. 721 við 10. gr. sþ. með 11:1 atkv.

Viðaukatill. 753 fyrri liður sþ. rn. 7:6 atkv.

Seinni liður feldur með 8:4 atkv.

10. gr. svo br. sþ. í e hl.

5. br.till. 721 við 11. gr. sþ. með 11 shl. atkv.

11. gr. svo br. sþ. með 12 shl. atkv.

4. br.till. á þgsk. 749 við 12. gr. sþ. með 9 shl. atkv,

12. gr. svo br. sþ.

6. br.till. á þgsk. 721 við 13. gr. sþ. með 11 shl. atkv.
7. br.till. á þgsk. 721 við 13. gr. sþ. með 11 shl. atkv.

Br.till. á þgsk. 748 við 13. gr. tekin aftur.

13. gr. svo br. sþ. með 12 shl. atkv.

14. gr. sþ. í e. hl.

8. br.till. á þgsk. 721 við 15. gr. sþ. með 8:4 atkv.
9. br.till. á þgsk. 721 við 15. gr. sþ. með 9 shl. atkv.

15. gr. svo br. sþ. í e. hl.

10. br.till. á þgsk. 721 við 16. gr. sþ. án atkv.gr.

16. gr. sþ. með 11 shl. atkv.

11. br.till. á þgsk. 721 við 17. gr. sþ. með 11 shl. atkv.

17. gr. svo br. sþ. í e. hl.

18. gr. sþ. í e. hl.

19. gr. sþ. í e. hl.

12. br.till. á þgsk. 721 við 20. gr. sþ. með 9 shl. atkv.

20. gr. svo br. sþ. með 12 shl. atkv.

21. gr. sþ. í e. hl.

13. br.till. á þgsk. 721 við 22. gr. sþ. með 11 shl. atkv.

22. gr. svo br. sþ. með 11 shl. atkv.

14. br.till. á þgsk. 721 við 23. gr. sþ. með 7:3 atkv.

23. gr. þar með fallin.

2. br.till. á þgsk. 754 við br.till. 721, 15 við 61. gr. stj.skr. feld með 8:5 atkv.

15. br.till. á þgsk. 721 við 61. gr. stj.skr. sþ. með 10 shl. atkv.

24. gr. sþ. í e. hl.

3. br.till. á þgsk. 754 við 721 við ákv. um stundarsakir sþ. með 7 shl. atkv.

16. br.till. á þgsk. 721 þar með fallin.

Ákvæði um stundarsakir sþ. í e. hl.

17. br.till. á þgsk. 721 ný gr. sþ. með 8:4 atkv.

Fyrirsögn sþ. í e. hl.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. í e. hl.

Þriðja umræða í efri deild 29. apríl. (788).

Forseti: Eg verð að leyfa mér að snúa mér í annað sinn til hv. ráðherra fyrir hönd hinnar hv. deildar um framlenging á þingtímanum, með því að enn er mörgum og mikilvægum málefnum ólokið hér í deildinni.

Ráðherra (Kr. J): Eg lýsi hér með yfir því, að eftir umboði hans hátignar konungsins framlengi eg þingið til laugardags 6. maí næstk.

Enn fremur skal eg skýra frá því, til þess að taka af allan vafa um þingsetu konungkj. þingmanna, að eg hefi fengið konungsúrskurð fyrir því, að núverandi kgkj. þingm. skuli eiga þingseturétt til loka þessa þings, eg gæti lesið upp konungsbréfið ef deildin óskaði.

Framsögum. Sigurður Stefánsson: Eg finn ekki ástæðu til að halda ræðu að þessu sinni, um þetta mál, er hér liggur fyrir. Að vísu eru fram komnar nokkrar breytingar, en flestar eru þær að eins orðabreytingar og til skýringarauka. Inn hafa að vísu slæðst smávillur, sem þó má hæglega leiðrétta á skrifstofunni. En sem sagt skal eg ekki tefja þingdeildarmenn með ræðu, tíminn er orðinn harla naumur, og því ekki rétt að tefja fyrir þessu mikilsverða máli.

ATKVGR.:

1. br.till. nefndarinnar sþ. í e. hl.
2. „ —„— „ „ „ „
3. „ —„— „ „ „ „
4. „ —„— „ „ „ „
5. „ —„— „ „ „ „
6. „ —„— „ „ „ „
7. „ —„— „ „ „ „
8. „ —„— „ „ „ „
9. „ —„— „ m. 11 shl. atkv.
10. „ —„— „ í e. hl.
11. „ —„— „ „ „ „
12. „ —„— „ án atkv.
13. „ —„— „ í e. hl.
14. „ —„— „ „ „ „
15. „ —„— „ án atkv.
16. „ —„— „ í e. hl.
17. br.till. nefndarinnar sþ. í e. hl.
18. „ —„— „ „ „ „
19. „ —„— „ m. 11 shl. atkv.
20. „ —„— „ m. 11 shl. atkv.
21. „ —„— „ í e. hl.
22. „ —„— „ „ „ „
23. „ —„— „ „ „ „
24. „ —„— „ „ „ „
25. „ —„— „ „ „ „

Frv. þannig br. sþ. með 11 shl. atkv. og endursendist til neðri deildar.

Ein umr. í efri deild 6. maí (900; n. 935).

Sigurður Stefánsson: Háttvirt deild hefir fyrir sér nefndarálitið og sér af því hver afstaða nefndarinnar hefir verið til málsins, og sé eg því ekki ástæðu til að tala um það frekar.

Allir nefndarmenn, nema háttv. 6. konungkjörinn, leggja það til, að málið sé samþykt, svo þjóðin geti greitt atkvæði um það.

Stefán Stefánsson: Eg hef alls ekki lagt á móti því, að málið sé samþykt, en vildi halda mínu atkvæði óbundnu.

Samþykt með 10 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðherra til að leggjast fyrir næsta þing.

Almenn viðskiftalög.

FRUMVARP til almennra viðskiftalaga.

Fyrsta umr. í efri deild 17. febr.

Ráðherra: Eg get verið fáorður um frv., þó það sé bæði langt og merkilegt, með því að nálega samhljóða frv. var til umræðu á síðasta þingi. Frv. er aðfengið, en þó ekki þýðing á dönskum lögum, svo að virðul. þm. þurfa ekki að vera fælnir við það af þeirri ástæðu. Því var snúið á síðasta þingi af vel færum manni úr lögum er gilda um öll Norðurlönd. Var unnið að þessum lögum af hæfustu mönnum úr öllum þrem löndum, og voru þau samþykt á öllum þrem löggjafarþingum þar. Er því trygging fyrir því, að þau séu vel vönduð og vel frá þeim gengið;

en auk þess er það hagfelt að búa við sömu lög í þessu efni, sem aðrar Norðurlanda þjóðir. Stjórnin hefir að eins gert nokkrar smábreytingar á lögunum, þar sem henni þótti við þurfa eftir sérháttum vorum.

Lárus H. Bjarnason: Mér þykir leitt, að ráðherra skuli vera á förum úr deildinni. Eg hefði gjarnan viljað að hann hefði hlustað á mál mitt, og vona að minsta kosti að hann skelli ekki hurðinni í lás á eftir sér, eins og honum verður stundum á. — Árið 1909 var það talið afsökun stjórninni, hversu nauman tíma hún hefði haft til að undirbúa lögin. Nú eru ekki sömu afsökun til að dreifa; nú hefir stjórnin sannarlega haft nægan tíma. Liggur því nærri að athuga, hvernig sá tími hefir verið notaður og líta á þau frv., sem hafa verið lögð fram. Þau eru æði mörg, 24 talsins, svo að ekki er hægt að athuga þau öll, enda er það skemst af að segja, að þau frv., sem eru ný, eru ónýt eða lítt nýtileg, en þau, sem eru nýtileg, eru ekki ný. Meðal þeirra, sem ný eru og ekki nýtileg skal eg nefna fræðslufrv. og frv. um færslu þingtímans. Eitt af þeim frv. sem verða að teljast nokkuð nýtileg, er þetta, sem nú liggur fyrir. Enda á hæstv. stj. lítið í því. Það er lán frá „dönsku mömmu", er þýðing af dönsku lögunum frá 6. apríl 1906. Það eina sem hæstv. ráðh. hefir lagt til frá eigin brjósti, athugasemdin um að ekkert ákvæði sé til í ísl. lögum líkt dönsku lögunum frá 6. apríl 1855, er rangt, því að til eru lög frá 27. maí 1859, um þetta efni, og hefðu lögskipaðir meðráðamenn hæstv. ráðh. í stjórnarráðinu getað sagt honum þetta, ef hann hefði látið svo lítið að leita þeirra. Að öðru leyti er frv. nálega eingöngu afskrift af frv. nefndar í n. d. á síðasta þingi, svo að ráðherra hefir sannarlega ekki haft mikið fyrir því. Frv. er gott að mörgu leyti. En eins og allir vita, þá eiga lög að fara eftir sérháttum hvers lands, á líkan hátt eins og föt eiga að laga sig eftir líkamanum, sem á að bera þau. Þó einhver lög hæfi annarstaðar, er ekki þar með sagt, að þau hæfi hér. Hitt er satt, að það er hagfelt fyrir þennan litla hólma, „hjáleiguna", að geta notað sér góð lög frá öðrum löndum. En þar eð stjórnin hefir ekki athugað frumvarpið neitt, þá verður deildin að vinna hennar verk og athuga það í nefnd. Eg vil stinga upp á að 5 manna n. verði kosin að lokinni umr., til að íhuga frv.

Samþ. að vísa málinu til 2. umr. í e. hlj.

Samþ. að kjósa 5 m. n. í e. hlj.

Í nefnina voru kosnir:

Kristján Jónsson,
Lárus H. Bjarnason,
Gunnar Ólafsson,
Augúst Flygenring,
Jósef Björnsson.

Önnur umr. í efri deild 30. marz (n. 355).

Lárus H. Bjarnason: Eins og háttvirtur forseti gat um er þetta frumvarp stjórnarfrumvarp að nafninu til, en heldur ekki meira en að nafninu til. Það er nánast eftirrit af þingmannafrumvarpi frá 1909, en það var aftur útlegging — nær orði til orðs — úr dönskum lögum frá 6. apríl 1906, en þau eru sem næst samhljóða sænskum lögum frá árinu á undan (20. VI. '05) og norskum lögum frá árinu á eftir (24. V. '07). En þessi lög voru undirbúin af dansk-norsk-sænskri nefnd og síðan samþykt nær óbreytt á þingi hverrar þjóðarinnar fyrir sig.

Frumvarpið flytur fá nýmæli, aðallega lögfestir þær reglur, sem farið hefir verið eftir einnig hér á landi.

Lögin eru engu að síður mikilsverð, enda orðuð lagaákvæði betri, en óorðaðar venjureglur.

Hér eru og allar reglur komnar á einn stað og er það hið mesta hagræði.

Lögin eru ekki skyldulög, jus cogens, heldur facultativ, það er lög, sem því að

eins gilda að ekki hefir beinlínis eða óbeinlínis samist öðru vísi milli manna. Lögin eiga að eins við viðskifti um lausafé, en ná ekki til fasteigna.

Sérstaklega vil eg benda á sem mjög æskileg ákvæði 9.—11. greinina um staðinn, þar sem skila ber seldum hlut. Ennfremur á 17. gr. um ábyrgð á hættu fyrir seldan hlut. Og loks vil eg leiða athygli að 42.—54. gr. um það er seldum hlut er áfátt.

Það er mjög æskilegt. að fá þessar reglur tvímælalaust orðaðar, þótt farið hafi að vísu verið eftir þeim áður í dómum. Í frv. eru þó nokkur ákvæði, sem ekki geta staðist vegna gildandi laga, og er það að vísu ekki venjulegt um stjórnarfrumvörp, en mun hér vera því að kenna, að stjórnin hefir ekki notið nægilega góðrar lögfræðislegrar leiðbeiningar. 39. gr. gerir rangl. ráð fyrir nauðungarsamning að vorum lögum og verður því að fella þar að lútandi orð úr frumvarpinu. Og sama máli gegnir um ráðagerð sömu greinar um að kaupmaður „hætti greiðslum“.

Þá leggur nefndin til, að í stað: „Eldri venju eða lagaákvæða“, í 38. grein, komi: Ákvæði 2. gr. tilskipunar 27. maí 1859 sem stjórnin samkv. athugasemdum aftan við frumvarpið ekki hefir vitað um, að gildi hér á landi.

I 40. gr. er gerður munur á þar um ræddum fresti eftir því hvort um innlend eða útlend viðskifti er að ræða, sem sé 3 eða 4 vikur, en þann mun virðist ekki ástæða til að gera og hallast nefndin eftir atvikum að 4 vikna frestinum frá útlöndum sem innanlands.

Aðrar breytingar eru flestar orðabreytingar eða að minsta kosti óverulegar og þykir því ekki þörf á að gera sérstaklega grein fyrir þeim. Brakúnar eru ekki til hér enn sem komið er, en geta risið hér upp og hefir nefndin því ekki amast við þessu.

Með þessum orðum vil eg fyrir hönd nefndarinnar mæla með því, að hin háttvirta deild samþykki frumvarpið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA:

1.—9. gr. samþ. í einu hljóði.

Brtill. við 10. gr. samþ. án atkvæðagr.

10. gr. samþ. í einu hljóði.

11.—16. gr. samþ. í einu hljóði.

Orðabr. við 17. gr. hin fyrri sþ. án atkv.

2. breyting samþ. í einu hljóði.

17. gr. þannig breytt samþ. í einu hljóði.

18.—29. gr.	„	„	„	„
30. gr. 1. brtill.	„	„	„	„
2. „	„	„	„	„
3. „	„	„	„	„
30. gr. m. áorðn. br.	„	„	„	„
31.—37. gr.	„	„	„	„
38. gr. breytingin	„	„	„	„
38. gr. m. áorðn. br.	„	„	„	„
39. gr. 1. brtill.	„	„	„	„
2. „	„	„	„	„
39. gr. m. áorðn. br.	„	„	„	„
40. gr. breytingartill.	„	„	„	„
40. gr. m. áorðn. br.	„	„	„	„
40.—43. gr.	„	„	„	„
44. gr. breytingin samþ. án atkvæðagr.				
44. gr. þannig breytt samþ. í einu hljóði.				
45.—50. gr.	„	„	„	„
51. gr. breytingartill.	„	„	„	„
51. gr. þannig breytt	„	„	„	„
52.—71. gr.	„	„	„	„

Frumvarpinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Þriðja umræða í efri deild 1. apríl.

Enginn tók til máls. Frv. borið undir atkv. og samþ. í einu hljóði og afgr. til Neðri deildar.

Eiðar og drengskaparorð.

FRUMVARP til laga um eiða og drengskaparorð.

Fyrsta umræða í efri deild 21. febrúar.

Málinu vísað til 2. umræðu.

Samþ. að kjósa þriggja manna nefnd og í hana kosnir;
Ari Jónsson,
Júlíus Havsteen,
Gunnar Ólafsson.

Önnur umræða í efri deild 1. apríl. (Stj.frv., n. 426).

Ari Jónsson: Eg tel óþarft að fara mörgum orðum um frumv. þetta; nefndin hefir athugað það vandlega, og auk þess er það vel og vendilega undirbúið af hendi stjórnarinnar.

Vér nefndarmennirnir teljum aðal-tilgang frumvarpsins æskilegan, að maður sem enga trú játar, hafi rétt til þess að staðfesta framburð sinn með drengskaparyfirlýsingu í stað eiðvinningar. Breytingartillaga sú, er fram er komin er auðskilin, og er því óþarfi að skýra hana sérstaklega.

Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um frumvarpið; vér nefndarmenn teljum það til töluverðra bóta, og leyfum oss að leggja til við hina háttvirtu deild, að hún samþykki það.

Lárus H. Bjarnason: Eg vaknaði með þeim góða ásetningi í morgun, að halda ekki neinar ræður í dag, en þegar hv. framsögum. fór að hæla fráfarandi stjórn fyrir góðan undirbúning þessa máls, gat eg ekki á mér setið, enda er frumvarpið engan veginn gallalaust, hvorki úr höndum stjórnarinnar né hv. nefndar.

Fyrst og fremst er nú málið á frumv. hvergi nærri gott, t. d. er orðalagið „opinber staða“ hvergi nærri heppilegt; það hugtak mætti færa í miklu fallegri búning. En þó vakti sérstaklega 5. greinin eftirtekt mína. Samkv. henni á maður að „færa sönnur á, að hann hafi eigi verið í neinu trúarfélagi hér á landi“ vilji hann komast undan svokölluðum „pasteiði“, en það er æði erfitt, ef ekki beint ómögulegt að sanna það, sem er neikvætt. Til þess í hérumræddu falli að geta notað drengskaparorð í stað eiða, þyrfti maðurinn að smala saman vottorðum frá öllum prestum og trúarflokkaforstöðumönnum hér á landi, lútherskum, kaþólskum, Mormónum og Methodistum m. fl. Annars stendur frv. þetta í svo nánu sambandi við frv., sem nýlega var lögað hér í deildinni, frv. um utanþjóðkirkjumenn, að ástæða hefði verið til að athuga þá afstöðu nánar en nefndin virðist hafa gert.

Framsögum. Ari Jónsson: Það getur vel verið að íslenzkan sé ekki sem allra bezt á frv. þessu; en að hún sé ekki viðunandi, get eg ómögulega fallist á. Um 5. greinina er það að segja, að nefndin athugaði hana sérstaklega í tilliti til frumvarpsins, sem hv. 5. kgk. gat um, en var felt, sem átti að greina skýrt í sundur hverjir væru í þjóðkirkjunni og hverjir ekki; en nefndin áleit samt tiltækilegt að haga þessu svona, en til 3. umr. er auðvelt að koma með br.till. ef vill.

Ráðherra (Kr. J.): Það er alveg rétt, sem hv. 5. kgk. þm. sagði, að það er ekki að eins ervitt heldur má kalla það ómögulegt, að sanna þetta negativa, að maður sé ekki í neinum trúarbragðaflokki. Það er blátt áfram frágangssök, að heimta það.

Eg hefi annars ekki mikið að athuga við frumvarpið; tel það heldur til bóta; en þó hefði eg kosið að gamla áminningarræðan frá 1847 hefði verið feld niður og tekin úr lögum; eg hefi oft sem dómari, staðið svitnandi með hana í höndunum; eg kann hana ennþá held eg utanbókar, gæti lesið úr henni kafla, ef eg vildi, því til sönnunar, að hún er orðin alveg úrelt, óhafandi og ósamrýmanleg við löggjöf vorra tíma. Hún var samin í stranglega „pietistiskum“ anda, og hefir talsvert af formælingum, sem mig hefir jafnan ógað við. Hún ætti vissulega að hverfa úr sögunni.

Lárus H. Bjarnason: Út af síðustu orðum hv. ráðherra, held eg, eg verði að mæla með því, að áminningarræðan gamla fái að lifa áfram, ekki af því að hún sé svo falleg eða uppbyggileg, heldur af hinu,

að hún getur haft góð og mikil áhrif sé hún lesin vel og tilhlýðilega; þess þekki eg nokkur dæmi.

Ráðherra (Kr. J.): Ut af síðustu orðum hv. 5. kgk. skal eg geta þess, að mér er sjálfum persónulega kunnugt um það af eigin reynslu, að þessi gamla áminningarræða getur stundum haft áhrif; því að hún, lesin af mér, bjargaði einu sinni einum manni frá meinsæri; nokkru síðar gat hún reyndar ekki bjargað öðrum frá þeim glæp, þótt eg þá læsi hana alla upp með sömu alvörunni. Eg álít að þar sem góðir eru dómarar, sé líklegt að hún kunni í höndum þeirra, að hafa einhver, og ef til vill góð og veruleg áhrif; en oft og tíðum hygg eg að hún verði einungis að stóryrðagaspri, er hún er lesin upp, og eg hygg, að allir menn, sem með hana hafa farið, geti viðurkent, að hún eigi ekki við löggjöf vorra tíma.

Fleiri tóku ekki til máls.

Umr. lokið.

Málinu vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

1.—7. gr. sþ. með 10 shl. atkv.
Br.till. nefndarinnar við 8. gr. sþ. með 10 shl. atkv.
8. gr. með br. sþ. með 10 shl. atkv.
9. gr. með br. sþ. með 10 shl. atkv.
Fyrirsögn skoðuð sþ. án atkv.greiðslu.

Þriðja umræða í efri deild 6. apríl. (461).

Framsögum. Arí Jónsson: Það eru mest alt orðabreytingar, sem fram hefir komið frá nefndinni, nema ein efnisbreyting við 5. gr., greinina sem um var deilt síðast við 2. umræðu. Nefndin hefir komið sér saman um að fella burtu síðari hluta þeirrar greinar. Þann hlutann sem sé, að maður, sem enga trú hefir og fær leyfi til að vinna drengskaparheit, þurfi að færa sönnur á: „Að hann hafi eigi verið í neinu trúarfélagi hér á landi, þá er mál það kom í rétt, er leiða átti til lykta með eiði“. Þetta þótti óheppilegt vegna erfiðleika, sem á því getur orðið að sanna þetta. Eins og greinin er nú breytt er það nóg, að maður lýsi því fyrir dómaranum, að hann sé ekki í neinu trúarfélagi. Hinar breytingarnar eru allar orðabreytingar. Aðal-orðabreytingin er á orðalagi eiðstafsins. Fyrir þá trúuðu hljóði eiðstafurinn svo: „Það sver eg við guð almáttugan, að eg hefi sagt satt eitt og ekkert undandregið.“ En fyrir hina: „Það legg eg undir drengskap minn og mannorð, að eg hafi sagt satt eitt og ekkert undandregið.“ Oss þótti þetta orðalag miklu betra og íslenzkulegra.

3. umr. lokið.

1.–10. br.till. á þgsk. 502 sþ. í einu hljóði.

Ein umræða í efri deild 1. maí.

Framsögum. Arí Jónsson: Nefndin ræður deildinni til að samþykkja frumv. eins og það er komið frá neðri deild. Breytingin, sem hefir verið gerð í neðri deild, er að eins innifalin í lítilfjörlegri breytingu á orðalagi eiðstafsins í 2. gr. frumv.

Umr. lokið.

Frv. sþ. m. 9 shl. atkv. og afgreiðist sem lög frá alþingi.

Frumvarpið í heild sinni samþ. með 10 atkv. gegn 1 og sent forseta neðri deildar.

Utanþjóðkirkjumenn.

FRUMVARP til laga um viðauka við gildandi lagafyrirmæli um utanþjóðkirkjumenn.

Fyrsta umræða í efri deild 17. febrúar.

Sigurður Stefánsson: Eg leyfi mér að stinga upp á, að 5 manna nefnd sé, að lokinni umr., kosin til að íhuga. frv.

Samþ. að vísa málinu til 2. umr. í e. hlj.

„ „ kjósa 5 manna nefnd „ „ „

Kosnir voru í nefndina:
Sigurður Stefánsson,
Eiríkur Briem,
Sigurður Hjörleifsson,
Steingrímur Jónsson,
Kristinn Daníelsson.

Önnur umræða í efri deild 14. marz.

Kristinn Daníelsson: Eg tel óþarft að hafa langa framsögu í þessu máli, en get vísað í nefndarálitið, sem eg hygg að sé allrækilegt.

Eg vil þó geta þess fyrst að slæðst hafa í það tvær villur. Önnur á blaðsíðu 2 „þar með taldar *þrjár* landsjóðskirkjur" á að vera *fimm* og á sömu blaðsíðu 3. línu að neðan „fallast á ákvæði *nefndarinnar*" á að vera *frumvarpsins*.

Eg skal geta þess, að nefndin gekk að þessu starfi með þá hugsun fyrir augum, að hún mundi geta lagt það til, að þessu máli yrði komið í nokkra framkvæmd, en hún sá brátt, að hér voru ýms tormerki á.

Er þar sérstaklega að minnast á afstöðu bændakirkna, ef frumvarpið verður að lögum eins og það liggur fyrir.

Eigendur þeirra geta orðið sviftir þeim fjárstuðningi, sem þeir hafa fullan lagarétt til að njóta til viðhalds kirkjunni, og sér nefndin því ekki annað ráð vænna en að 1. grein frumvarpsins sé feld, og það sem henni fylgir. Það verður ekki annað séð, en að óbjákvæmilegt yrði, að landssjóður bætti eigendum kirknanna tekjumissi þeirra, en nefndin getur ekki gert ráð fyrir, að þingið muni ganga að því, og getur ekki lagt það til.

Aftur sér nefndin fulla nauðsyn á að aðhyllast ákvæði 5. greinar. Þó að öðrum kosti gæti svo farið, að kirkja gæti ekki fengið nauðsynlegt lán úr hinum almenna kirkjusjóði, þar sem trygging yrði þá ónóg.

Lárus H. Bjarnason: Eg má játa það að eg er fyrir viðburðanna rás ekki jafnvel undirbúinn að tala um þetta mál og skyldi. Sú greinin 5. gr., sem nefndin leggur til að standi, ætti helst allra greinanna að falla burtu. Hún tekur sem sé meira tillit til kirkjunnar en til safnaðarmanna, jafnvel meira tillit en góðu hófi gegnir, enda sátu 3 prestar í nefndinni.

Að nafninu til er trúarbragðafrelsi hér á landi. Ættu utanþjóðkirkjumenn því ekki að þurfa að gjalda til framandi prests eða kirkju. En svo er ekki að lögum vorum. Þeir losna því að eins við þjóðkirkjuna að þeir hafi myndað söfnuð og fengið löggiltan prest. Undan þessari gjaldskyldu utanþjóðkirkjumanna vill stjórnin leysa þá. raunar ekki undan öllu gjaldi, eins og vera bæri, heldur ætlast hún til, að það gjald er prestlausir utanþjóðkirkjumenn nú svara þjóðkirkjunni og hennar prestum, gangi til kenslumála, og mundi það mælast betur fyrir en gildandi gjaldmáti. Þetta vill nefndin ekki aðhyllast, en ræður hins vegar til þess að versta ákvæðið standi, ákvæði 5. gr. um, að maður, er gangi úr þjóðkirkjunni, skuli eftir atvikum greiða tiltölulegan hluta af skuld kirkjunnar. En það ákvæði getur leitt til þess að sami maður þurfi að standa straum af tveimur kirkjum.

Setjum t. d. svo, *að* söfnuðurinn tæki að sér dómkirkjuna í Reykjavík, *að* kirkjan væri í stórri skuld og *að* nokkrir menn gengu síðan úr dómkirkjusöfnuðinum og í fríkirkjusöfnuðinn. Þeir hinir sömu menn yrðu þá fyrst og fremst að greiða skuldir sínar til dómkirkjunnar og taka svo á sig skuld fríkirkjusafnaðarins.

Hinsvegar fá þeir, er kynnu að ganga úr ríkum og skuldlausum þjóðkirkjusöfnuði ekki tiltölulegan hluta af nettó-eignum

fyrverandi kirkju sinnar. Og það er ósanngjarnt, úr því að þeim er gert að skyldu að taka þátt í skuldunum.

Jafnframt leyfi eg mér að benda á það, að tiltekin söknarkirkja er, það sem á lagamáli er kallað, „juridisk person“ og eg vil nefna lögpersónu. Hana eiga ekki tilteknir menn, heldur aðeins þeir, sem á hverjum tíma teljast til safnaðarins.

Því eiga skuldir hennar ekki að bitna á þeim sem úr ganga. En eigi að koma slíku til leiðar, þá verður samræmisins vegna líka að fá þeim mönnum tiltölulegan hluta af eignum hennar. Mál það, sem hér liggur fyrir er að vísu ekki stórt peningaspursmál eða mun sjaldan verða það. En hér er um „princip“-mál að ræða og því hef eg ekki getað látið það afskiftalaust, enda mun það heldur hnekkja frikirkjuhreyfingunni en hitt.

Eg mun við 3. umræðu þessa máls koma fram með viðaukatillögu þess efnis, að þeir, sem ganga úr þjóðkirkjunni, fái útborgaðan sinn hluta af netto-eign kirkjunnar, ef tillaga nefndarinnar stendur við þessa umræðu.

Steingr. Jónsson: Út af því, sem hv. 5. kgkj. sagði um frumvarp þetta og meðferð nefndarinnar á því, vil eg leyfa mér að segja nokkur orð.

Það er að vísu rétt, að stjórnarskráin gerir ráð fyrir trúarbragðafrelsi á landi hér, en að það þó sé nokkru bundnara en háttv. 5. kkj. helt fram, sér maður bezt á 45. gr. stjórnarskrárinnar. Eg get tekið það fram, að þó þetta umrædda ákvæði stjórnarfrumvarpsins hefði haldist óbreytt, hefði um litlar eða engar réttarbætur verið að ræða; en með því væri raskað svo verulega fornum og viðurkendum rétti kirkjunnar, að þar væri beint farið í bága við 45. grein stjórnarskrárinnar, sem heitir þjóðkirkjunni vernd sinni, og með því hefðu allar bændakirkjur getað komist á vonarvöl. Eg vildi gera stuttlega grein fyrir því, hvers vegna eg var með í því að fella allar hinar greinarnar, en halda þeirri fimtu. Viðvíkjandi ákvæðum stjórnarfrumvarpsins, að því er þau snerta launa prestanna, er það að segja, að þau hefðu þá öll komið beint á landsjóðinn, þar sem auðvitað hefði þurft að bæta prestlaunasjóðnum upp hallann á einhvern hátt. Eg skal játa það, að þetta ákvæði hlynnir heldur að þjóðkirkjunni, en það er ekki nema bein afleiðing af þeirri löggjöf, sem vér búum undir. Þá get eg ekki með nokkru móti fallist á það, er háttv. 5. kkj. sagði, að með þessu sé verið að setja slagbrand fyrir frikirkjuhreyfinguna í landinu; eg get með eins miklum rétti sagt, að þetta ákvæði væri einungis sett til þess, að söfnuðunum og kirkjum þeim, er máske standa í byggingarákvæðum, sé ekki stofnað í bersýnilegan voða; annars verð eg að líta svo á, að það sé engan veginn nokkur löggjafarnauðsyn, að maður, sem segir sig úr þjóðkirkjunni, eigi heimting á, að fá útborgaðan hluta úr sjóðeigninni, eins og mér skildist háttv. 5. konungkj. halda fram. Það er alveg hárrétt, sem 5. kgkj. hélt fram, að kirkjan er lögpersóna, og þar af leiðandi ekki eign neinnra vissra manna, en það get eg ómögulega skilið, að nokkrum geti dottið í hug, að t. d. maður, sem fer alfarinn til annara landa, skuli samt sem áður, fá einhverja vissa upphæð af þjóðareigninni greidda ef hann yfirgefur ættjörðina.

Kristinn Daníelsson: Eg verð nú að vísu, að segja það, að atriði þau, sem háttv. 5. konungkj. fann frumvarpi þessu til foráttu, voru að minni hyggju, ekki sérlega veigamikil, og eg skal ekki heldur kveinka mér, þótt sami háttv. þingm. sneyddi hálfvegis að því, að í nefndinni sætu 3 prestar; því eg fyrir mitt leyti verð að segja, að meira beri að líta á það, hvort þeir, sem í nefndinni sátu, hafi komið fram með sennileg rök máli sínu til stuðnings, heldur en hitt, hverir þeir voru, prestar eða eitthvað annað. Eg vil ekki

beint væna háttv. 5. konungkj. þess, að hann hafi ekki lesið nefndarálitið, en þó lætur nærri, að maður freistist til að halda að svo hafi þó verið. Háttv. 5. kkj. hélt því fram, að svo gæti farið, samkv. þessum breytingum, að sami maður yrði kannske að standa straum af tveim kirkjum í senn. Þetta er alveg rangt hjá háttv. þingmanni. Hann sagði og, sami háttv. þingm., að ef dómkirkjan í Reykjavík yrði safnaðarkirkja, þá gæti þetta mjög auðveldlega komið fyrir; en eg held nú að eitthvað annað sé líklegra en það, að Reykjavíkurdómkirkja verði safnaðarkirkja á næstu árunum. Auk þess, er það líka alveg augljóst, að maðurinn yrði því að eins að borga skuldina, að hann væri kyr á sama sóknarsvæðinu. Það getur verið, að breytingartillaga sú, sem hv. 5. kgkj,, ráðgerir að koma með, miði til nokkurs konar samræmis. En þetta getur ekki komið til greina, þar sem kirkjunni er ætlað að standa áfram og hún verður að halda öllum eignum sínum til viðhalds sér og ekki hægt að taka af henni það, sem hún með réttu hefir til þess. Um það gæti því að eins verið að tala, að kirkjuna ætti að leggja niður og „realisera“ eignir hennar.

Háttv. 5. konungkj. sagði, að hér væri um stórt principmál að ræða; eg er að vísu enginn lagamaður, en það fæ eg engan veginn skilið, að hér sé um nokkra hættu að ræða, og hygg að lagaskólastjórinn geti haldið óhögguðum öllum „principum“ í lagakenslu sinni, þó að þetta verði að lögum. Þessar breytingar eru nauðvörn fyrir söfnuði og kirkjur eins og á stendur, og getur orðið eina bjargráðið fyrir kirkjurnar í bili.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. 4. kkj. greindi ekki í sundur formhlið og efnishlið þessa máls. Það er rétt, að safnaðarlimir hafa leyfi til að byggja sér kirkju ef þeir vilja, alveg eins og við hér á alþingi höfum vald til þess, að veita fé úr landsjóði til hins eða þessa; en það eru fleiri safnaðarlimir en þeir, sem nú eru til þriðjudaginn 14. marz, hvort sem þeir nú kynnu að heyra til Strandarkirkju, eða einhverjum öðrum kirkjusöfnuði; það verður líka að taka tillit til eftirkomendanna. En það er ekki gert, ef tiltekinn maður er látinn borga tiltölulegan hluta skuldar, sem stofnað er til jafnt fyrir óborna sem alda. Hitt er hins vegar rétt, sem háttv. 4. kkj. hélt fram, að það er ekki bein lögnauðsyn að maður, sem segir sig úr þjóðkirkjunni eigi heimting á, að fá útborgaðan vissan hluta af sjóðeigninni; en það er sanngirniskrafa, eigi hann að taka þátt í ákvæðunum, og maður skyldi ætla, að slíkar tillögur mætti orða hér á þingi. Mér væri skapi næst, að fylgja heldur stjórninni að hinum greinum frumvarpsins en nefndinni um 5. gr. Þó mun eg sætta mig við, að alt frv. falli.

Sigurður Stefánsson: Háttv. 5. konungkj. lýsti yfir því, að hann vildi fyrir sitt leyti miklu heldur vera með hinum greinum frumvarpsins, ef 5. gr. yrði feld burtu. Eg vil benda háttv. þm. á það, að frá mínu sjónarmiði stafaði ekki minni hætta af því, ef þær greinar yrðu að lögum. Þær einu tekjur, sem kirkjur landins nú hafa er kirkjugjaldið; á þessum tekjum er bygt lánstraust þeirra hjá hinum almenna kirkjusjóðs. Þetta lánstraust stendur mjög höllum fæti, ef hver maður getur losað sig undan gjaldskyldu til kirknanna, með því að segja sig úr þjóðkirkjunni, en þar með hyrfi öll trygging fyrir því, að hægt væri að halda kirkjunum í sómasamlegu standi, þar sem svo getur auðveldlega farið, að lítið brot af söfnuðinum yrði eftir í þjóðkirkjunni, sem yrði alls ófært til að standa straum af sóknarkirkju sinni. Að því er lán kirkjunnar snertir, lenti þetta auðvitað á landsjóðnum og gæti því haft meiri útgjöld fyrir hann í för með sér; en að því er kemur til bændakirknanna, yrði ranglætið enn þá meira. Eigendur þeirra eru skyldir að halda þeim við, og til þess þeir geti það, eru þeim með lögum tryggðar tekjur handa kirkjunum. Með svona lögum væru þeir

sviftir þessari tryggingu. Bændakirkjueignirnar í landinu hlytu því stórum að falla í verði, ef frumv. þetta yrði að lögum. Það væri óbeinlínis gerð árás á friðhelgi eignarréttarins með svona löguðum lögum.

Það hlýtur þó að vera tilgangur löggjafarinnar að koma í veg fyrir, að gengið sé á rétt einstaklingsins.

Með allri virðingu fyrir háttvirtum 5. kkj., held eg, að hann muni ekki hafa athugað þetta nógu grandgæfilega, finst eins og hann hafi farið á nokkurskonar lausagangi yfir frv. og þá ekki sízt, að því er til kemur 5. greinarinnar. Sem sagt álít eg allar hinar greinar frv. miklu ranglátari og hættulegri, en einmitt þá grein.

Fleiri tóku ekki til máls.

1. brtill. nefndarinnar samþ. 8 shlj. atkv.
2. „ —„— „ 7 : 3
3. „ —„— „ 8 shlj.
4. „ —„— „ 8 „

Fyrirsögnin skoðuð samþ. án atkgr.

Frv. með áorðnum breyt. v. til 3. umr. með 7 gegn 3 atkv.

Þriðja umræða í efri deild 16. marz (207, 214).

Framsögumaður (Kr. Dan.): Eg stend ekki upp af því, að eg hafi nokkru við að bæta framsöguna við aðra umr. Það er eitt atriði, sem aðallega knýr mig til að taka til máls, en það er breytingartillaga sú, sem hér er fram komin.

(L. H. B. Áður en gerð er grein fyrir henni.)

Hún gerir sjálf grein fyrir sér. Hver skynjandi maður getur fundið út, hvað í tillögunni liggur.

Eg vil leyfa mér að byrja strax á því, að lýsa því yfir fyrir nefndarinnar hönd, að hún sér sér ekki fært að ganga að þessari breytingartillögu, sem hér er fram komin. Mér liggur við að segja — eg segi það frá sjálfum mér en ekki nefndinni — að mér finst tillaga þessi hálf hrekkjótt tilraun til að verða málinu að falli. Hún er svo óaðgengileg, að eg vildi heldur að frumvarpið félli en að það yrði samþykt með henni. Eg álít, að þeim, sem bera þessa tillögu fram, væri miklu sæmra að ganga beint framan að frumvarpinu og drepa það hreinlega heldur en að myrða það þannig, mér liggur við að segja með launvígi. Þeir tala fagurlega um samræmið, sem sé í því, að fyrsta frumvarpsgreinin fari fram á, að maður, sem úr kirkjunni gangi, greiði sinn hluta af skuld hennar, þá skuli hann einnig fá sinn hluta af afgangs sjóði hennar; en þetta er algerlega í mótsögn hvað við annað, og á ekki heima í sama lagafrumvarpi. Annað á að vera til að hjálpa við ástandi því, sem kirkjan er í, en hitt miðar að því, að gera kirkjunni erfiðleika. A hinum staðnum er verið að bjarga kirkjunni við, á öðrum staðnum er verið að fella hana. Það er að því leytinu til ekki hægt að bera kirkjuna saman við ýms samvinnufélagsfyrirtæki, eins og verið er að gera, að þeim félagsskap er þannig varið, að það er hægt að draga hann saman ef félagsmenn ganga úr, en kirkjuna er ekki hægt að draga saman, hún þarf altaf hið sama sér til viðurhalds og uppbyggingar. Eg vil leyfa mér að benda á dæmi. Segjum að kirkjan hafi eignast 2000 kr. og að hún eigi á næsta ári að byggja sig upp, en nú yrði eitthvert afhroð í meðlimatölu við það, að menn færu úr henni, þá mundi það draga þann dilk á eftir sér, að söfnuðurinn yrði að láta af hendi það fé, sem hann hefir dregið saman með súrum sveita til þess, að kirkjan gæti bygt sig upp. Og væri þá með því tvent mist, fyrst nokkur — ef til vill tilfinnanlegur — hluti af eigin sjóði kirkjunnar, sem hún ætti að láta af hendi, og í öðru lagi möguleikinn til að fá lán úr hinum almenna kirkjusjóði, þar sem kirkjan hefði ónóga trygging að setja fyrir láninu. Eg sé því ekki betur en að réttara sé algerlega að myrða frumvarpið, en að það yrði að lögum með þessari breytingu. Kýs eg þá heldur, að

að þeir háttv. þingdeildarmenn, sem eru með þessari breytingartillögu, vildu fella frumvarpið. Eg vil leyfa mér að geta þess, að eg hefi borið mig saman við biskupinn um þetta atriði, og er hann mér alveg samdóma um, að með viðbótinni sé frumvarpið einskisvirði. Eg býst við að það verði tækifæri til að taka fram ýmislegt fleira seinna, en eg gat ekki stilt mig um að taka á móti breytingartillögunni með nokkrum orðum.

Lárus H. Bjarnason: Eg vil leyfa mér að geta þess, að eg hefi afhent forseta beiðni um að nafnakall verði haft um þetta mál. Get þess strax, svo að ekki verði rengt, að slík krafa hafi löglega fram komið.

Eins og eg gat um við aðra umræðu, þá er hver sjóður, kirkjusjóður. landsjóður, sveitarsjóður lögpersóna, þannig, að þá sjóði eiga engir tilteknir menn á tilteknum tíma, hvorki gjöldin né eignirnar. En eigi að kasta skuldum slíkrar lögpersónu upp á einstaka menn, mælir öll sanngirni með því, að eins sé farið með eignirnar, að þeir fái þá sinn hlut úr þeim.

Tillaga okkar háttv. 2. þingm. Skagf. á þingskj. 214 er fram komin til að koma þessum jöfnuði á. En jafnframt að opna augu hinna geistlegu manna fyrir hinni hlið málsins. Þeir sjá ekki nema aðra hliðina á því, þá hliðina, sem að kirkjunni veit. Þeir sjá ekki hina hliðina, þá, sem að söfnuðunum veit. En um sanngjarna málsmeðferð er því að eins að ræða, að báðar hliðar séu jafn vendilega skoðaðar.

Eg skal nú reyna að lesa frumvarpsgreinina niður í kjölinn. Verði frumvarpið að lögum, nær ákvæði þess ekki að eins til lána, er framvegis kunna að verða tekin, heldur og til þeirra, er nú þegar eru tekin. Það nær jafnt til þeirra lána, sem sá, er úr kirkjunni gengur, hefir ekki komið nærri að stofna, sem til hinna, er hann hefir tekið þátt í að taka. Og það eitt út af fyrir sig er óhæfilega ósanngjarnt, og ekki nóg með það, hann á að borga sinn hlut út allan í einu, hversu há sem skuldin er. Það gæti gert mönnum ókleyft að komast úr kirkju, er þeir þó ekki vildu í vera, og mundi geta bakað þeim, er ráð hefðu á því að yfirgefa skulduga kirkju efnatjón. Væri t. d. farið að reisa steinkirkjur í fámennum söfnuðum, gæti skuldarhluti eins manns numið hundruðum króna. Það hefir verið bent á, að þetta ákvæði eigi ekki við aðra en þá, sem úr kirkjunni ganga og eru kyrrir á safnaðarsvæðinu. En hvaða ástæða er til þess að vera að gera upp á milli manna eftir því, hvort þeir eru hérna eða hinumegin við ána. Því er það ekki látið ná til allra, eins til þeirra sem flytja í annan landsfjórðung eða önnur lönd. Er verið að straffa mennina fyrir að flytja ekki útaf sóknarsvæðinu? Og loks má benda á, að frv. á aðeins við þá sem ganga í utanþjóðkirkjusöfnuð eða fríkirkjusöfnuð, en hinir, er í engan söfnuð ganga, sýnast eiga að vera lausir allra mála. Afleiðingin af því, að þetta frumvarp yrði að lögum, yrði sú; og það vita hinir geistlegu menn vel, að með því væri lagður steinn í götu fríkirkjunnar hér á landi.

Með frumvarpi þessu hefir verið brotið það lögmál, að safnaðarkirkja hver er lögpersóna, sem öllum safnaðarmönnum, á hvaða tíma sem er, er jafnskylt að standa straum af. En það er ekki brotið minna á annan veginn. Skuldum velt yfir á úrgengna safnaðarmeðlimi, en eignunum haldið fyrir þeim. Til þess nú að hafa „Methode í Galskaben," eins og Danskurinn segir, þá hefði átt að gefa þeim líka þátt í eignunum. Það gerir breytingartillaga okkar háttv. 2. þm. Skagf. og sýnir væntanlega jafnframt flutningsmönnum frumvarpsins, hve aðgengilegt það er rétt rakið.

Þeir herrar, sem í nefndinni sitja, hafa blínt um of á hagsmuni kirkjunnar. Brt. opnar væntanlega augu þeirra fyrir hags-

munum safnaðarmanna. Yrði sami maður ef til vill að standa straum af 2 kirkjum, sinni eigin kirkju og þeirri, sem hann gekk úr. Hann yrði þá að bera byrðar kirkju, sem hann ekki vildi vera í og sem hann eftir guðs og manna lögum á ekkert að hafa saman við að sælda.

Eg skal engu spá um afdrif frumvarpsins hér í deildinni en komist það héðan, er það mín innileg ósk, að háttvirt Neðri deild geri því makleg skil.

Ráðherra (Kr. J.): Eg er ekki hrifinn af þessu frumvarpi, en læt það þó liggja á milli hluta að þessu sinni. Eg mun ekki taka það nærri mér, þótt það falli.

En eg ætlaði að minnast á breytingartillöguna örfáum orðum. Mér sýnist hún varhugaverð. Eignir eða sjóðir kirkna geta verið misjafnlega miklir, segjum 1000 kr. eða 2000 kr. eða 5000 kr. Enn getur tala íbúanna í kirkjusóknunum verið misjöfn, 50 manns, 100 manns, 200 manns o. s. frv. Ef breytingartillagan verður samþykt, getur hún gefið tilefni til, að menn fara að hugsa um, hvort hér sé ekki hægt að afla sér fjár með léttu móti. Menn hugsa sem svo: „Hér er all-álitlegur sjóður. Get eg ekki náð í eitthvað af fjáreign hans?“

Eg sé ekki betur, en að hér sé verið að leggja agn fyrir almenning með slíkum ákvæðum, og má óttast, að ýmsir kynnu að verða til að hlaupa eftir því. Eg er frumvarpinu sjálfu ekki heldur meðmæltur, og þykir vandséð, hvort það er bót á gildandi lögum um þetta efni. Eg hefi þó heldur ætlað að styðja það en hitt, en segi þó ekki neitt um það að svokomnu máli.

Framsögumaður Kr. Daníelsson: Eg býst við, að mér takist heldur ófimlega að deila við löglærða menn um lögskýringar og lagaþýðingar. Hv. 5. kgk. þm. leggur mikla áherzlu á lögpersónuhugtakið. Eg skal fúslega kannast við, að eg kann ekki að útlista þetta hugtak eða skýra með vísindalegri nákvæmni, hvað í því felst. En í lagavísindum, sem fleira, mun svo vera, að þegar til framkvæmdanna kemur, verða að komast að ýmsar undantekningar og afbrigði frá því, sem vera kann meginregla, án þess gildi þeirrar reglu í heild haggist fyrir það. Ef þetta er borið saman við sveitarfélög og það, er þar á sér stað, sést, að þetta er ekki ósanngjarnt. Engin lög skipa söfnuðunum að taka að sér kirkjurnar. Það hefir náðst samkomulag um, að söfnuðurinn tæki þær að sér — söfnuðurinn hefir sjálfur samþykt að standa straum af þeim og sjá um þær. Öðru máli er að gegna um sveitarfélög. Lögum samkvæmt verður hver, sem er í hreppnum, að vera meðlimur þess, og hlíta lögum þess. Hver safnaðarmeðlimur hefir undirgengist og skuldbundið sig til að halda kirkjunum við — og hann verður að efna þá skuldbinding. Það er því dálítið skrítið, að tala um gerræðisverk í þessu sambandi. Þar sem hv. 5 kgk. þm. (L. H. Bj.) talaði um ósanngræmi í frumv., þá getur verið, að það sýnist svo, ef litið er á málið í fljótu bragði, en því er ekki þannig farið, ef málið er rakið út í yztu æsar.

Þar sem háttv. sami þm. fann það klerkum og biskupi til ámælis, að þeir hugsuðu að eins um hag kirkjunnar, þá á það heldur illa við. Fyrst og fremst er það ekki óeðlilegt, að sú stétt hlynni að þeirri stofnun, sem hún starfar fyrir og þjónar, líkt og hv. þm. reynir á allan hátt, að hlynna að þeirri stofnun, lagaskólanum, er hann þjónar. En eg verð að mótmæla því, að það sé kirkjan, sem við biskup og prestar hugsum eingöngu um og *„per fas nefasque“* viljum hlynna að. Það eru safnaðarbrotin, sem eftir verða, sem við hugsum um og höfum hér sérstaka ástæðu til að vilja girða fyrir, að ofþungar byrðar lendi á. Á þeim hvílir sama skylda og öllum söfnuðinum, sem áður var. Eg get ekki séð, að það sé rétt hjá hv. þingm.,

er hann virtist vilja leggja mikla áherzlu á, að ef til vill helmingur safnaðarmeðlima hefði ekki samþykt kröfur þær, er gerðar eru á hendur söfnuðinum. En hver sem gengur inn í söfnuðinn, gengst um leið undir allar gerðir hans. Og þetta ákvæði á að tryggja, að menn geti ekki skotið sér undan því, er þeir þannig hafa tekið sér á herðar. Við viljum ekki, að þeir, sé straffaðir, sem eru eftir í söfnuðinum.

Hv. 5. kgk. þm. (L. H. Bj.) lítur einhliða á þetta mál. Hann bendir ekki á það, sem er til bóta í frumv. Það er eins og hann vilji *„per fas nefasque“* verða því að bana. Eg skal játa, að breytingar frumv. eru ekki annmarkalausar, en þær eru nauðsynlegar, eins og nú horfir við í þessu efni. Það er ekkert gagn í þessu laga-nýmæli, ef það verður spjallað með þeirri breytingartillögu, er hér liggur fyrir.

Steingr. Jónsson: Hv. 5. kgk. þm. (L. H. Bj.) gat þess við 2. umr., að eg hefði blandað saman formhlið og efnishlið málsins. Þetta er rangt hjá hv. þm. Eg leit einmitt á efnishlið málsins. Eg leit á efnið, er eg annarsvegar bar saman þá vernd, er löggjafarvaldið samkvæmt stjórnarskránni á að veita þjóðkirkjunni og hins vegar þá skyldu, er söfnuðirnir lögum samkvæmt hafa til að halda kirkjunum við. Það eru lög 3. marz 1904, er eg hér á við. Þetta tvent samrýmist ekki vel: Ábyrgð sú, sem söfnuðirnir samkv. gildandi lögum eiga að hafa á viðhaldi kirknanna og ákvæðin um utanþjóðkirkjumenn í þessum lögum. Af þessum rökum er eg frumvarpinu hlyntur — eg vildi ráða bót á þessu ósamræmi. Eg skal geta þess, að eg hallaðist auðvitað að þessari stefnu, ekki vegna þeirra, er úr þjóðkirkjunni fara, heldur þeirra, er eftir eru í söfnuðinum.

Eg get ekki fallist á br.till. þá, er hér liggur fyrir, og tel þá betra að fella frv. algerlega, en samþykkja hana. Ef hún yrði samþykt, hefði það margskonar kostnað og fyrirhöfn í för með sér. Þá þyrfti að ákveða um álag á kirkjuna, sjá um, að henni gæti verið skilað í sæmilegu ásigkomulagi o. fl. Um þetta þyrfti ýms ákvæði.

Hv. 5. kgk. þm. fann meðal annars frumvarpinu það til foráttu, að þetta ákvæði gilti að eins um þá, er ættu heima á sóknarsvæðinu. En það stafar af því, að gengið er út frá því sem vísu, að þeir sem flytja burt af sóknarsvæðinu, takist samsvarandi skyldur á hendur, þar sem þeir koma inn annarsstaðar, en það á sér ekki stað, ef þeir eru kyrrir á sóknarsvæðinu, en ganga úr þjóðkirkjunni.

Jósef Björnsson: Eg skal ekki vera langorður um þetta mál. Hv. 5. kgk. þm. hefir tekið fram flestar þær ástæður, er voru til þess, að við gerðumst flutningsmenn þessarar br.till. En það voru nokkur atriði í ræðu hins hv. framsögum. (Kr. D.), er eg vildi minnast á. Hann hélt því fram, að safnaðarmennirnir tækju kirkjurnar að sér samkvæmt frjálsu samkomulagi og samþykki sjálfra þeirra. Við þetta er það að athuga, að þótt söfnuðurinn í heild sinni hafi tekið kirkjuna að sér, með samþykt af frjálsum vilja, þá er einstaklingnum það ekki fullkomlega frjálst, hvort hann tekur við kirkjunni eða ekki. Hann flytur ef til vill, inn á sóknarsvæðið, eftir það að söfnuðurinn hefir samþykt ályktun um að taka kirkjuna að sér og verður þá að gangast undir þær skuldbindingar, er gerðar eru, áður en hann varð safnaðarlimur. En þótt hann sé á sóknarsviðinu, getur hann sem einstaklingur hafa verið því mótfallinn, að söfnuðurinn tæki kirkjuna að sér, en verið ofurliði borinn, og því ekki tekið þessa skuldbinding á sig af frjálsum vilja. Þessi tvö dæmi geta vel átt sér stað.

Hv. framsögum. (Kr. Dan.) gat þess, að það væri ekkert óeðlilegt, þótt prestar hugsuðu um hag kirkjunnar, er þeir ættu

að hlynna að. En hann bætti því við, að það væri hagsmunir safnaðanna, er þeir bæru fyrir brjósti sér í þessu máli og hann tók það sérstaklega fram, að þeir hugsuðu um safnaðarbrotið, eða þann hluta safnaðarins, er eftir er, en ekki þá einstaklinga er út úr söfnuðinum fara. En það er ekki ósanngjarnt, þótt gætt sé hagsmuna þeirra líka, ekki sízt er litið er á, hvernig hér er ástatt. Það er óeðlilegt að einstaklingurinn skuli skyldur til að greiða skuld, sem hann hefir ekki tekist á hendur af frjálsum vilja, þegar hann fer út úr söfnuðinum.

Það er líka einkennilegt, eins og háttv. 5. kgk. þm. (L. H. Bj.) tók fram, að sumum, sem úr þjóðkirkjunni fara, er veitt undanþága frá þessu gjaldi, sem hér ræðir um. Það er skrítið, að allir skulu ekki eiga að gjalda úr því að nokkrir eiga að gera það. Eg sé ekki nokkra ástæðu til að sleppa þeim, sem fer út fyrir sóknarsvæðið, en skylda þann, sem er kyrr á því. Hv. 4. kgk. þm. sagði, að þetta væri gert af því, að búist væri við, að þeir tækju að sér sömu skuldbindingar annars staðar. En það er engin vissa fyrir því, að hann flytji þangað, þar sem sömu skyldur og skuldbindingar lenda á honum. Það getur alt öðru vísi staðið þar á. En svo er annað, er gæta verður og það er það, að þetta gjald, sem getur verið misjafnlega mikið — það getur, sem auðvitað er, stundum verið mikið, stundum lítið — á að greiðast í fardögum það ár, er menn fara úr þjóðkirkjunni — og þetta getur gert mönnum óþarflega erfitt fyrir að segja sig úr henni. Og að demba tilfinnanlegu gjaldi á þá, er úr þjóðkirkjunni ganga til að létta af þeim, er eftir eru í henni, — það finst mér ranglátt og óheppilegt.

Það er eftirtektavert, að hv. framsögum. segist heldur vilja, að frumv. falli, ef brtill. **okkar**, hv. 5. kgk. þm. og mín, verður samþykt, og að frumvarpið mundi þá verða þjóðkirkjunni til tjóns. Þetta sýnir betur en alt annað, að hann hefir hér þörf hennar fyrir sjónum og að hér er verið að kasta steini í götu fyrir þá menn, er segja vilja sig úr þjóðkirkjunni.

Framsögumaður Kristinn Daníelsson: Háttv. þm. Skagf. (Jós. Bj.) talaði fremur á móti frumvarpinu en með breytingartillögu sinni. Þar sem hann mintist á eða talaði í þá átt, að menn kæmi inn á sóknarsviðið, þar sem alt væri samþykt áður og þeir hefðu engin áhrif haft á þær samþyktir, þá er hér til að svara, að þeir koma þangað vitandi vits, vita, í hvaða félagsskap þeir ganga. Enn sagði sami háttv. þm., að verið gæti, að maðurinn hefði sjálfur verið í sókninni, en verið sjálfur mótfallinn þeirri samþykt, er batt honum þá skuldbinding á herðar, sem veldur því, að hann verður að greiða einhverja upphæð, er hann fer úr þjóðkirkjunni. Þetta getur auðvitað vel komið fyrir, en eg sé ekkert athugavert við það. Slíkt gerist alstaðar, þar sem lögbundinn meiri hluti á að ráða úrslitum mála. Slíkt er sjálfsagður hlutur. Fyrir því verður minni hlutinn að beygja sig. Ef hann gerði það ekki, og gæti sagt sig úr félagi þess vegna, kæmist alt í sundrung og enginn félagsskapur væri hugsanlegur.

Hv. 2. þm. Skagf. hélt því fram, að við hugsuðum að eins um hagsmuni safnaðarbrotanna eða þeirra, er eftir eru í þjóðkirkjunni. En það er undarlegt, að hv. þm., jafn góðviljaður maður, skuli telja eitthvað athugavert við það, eða þykja það óskyggilegt af okkar hálfu. Ef þetta væri ekki gert, sem frumv. fer fram á, þá væri það sama sem að gera söfnuðunum ókleyft að viðhalda kirkjunum. Allir geta farið nærri um, hvernig ganga mundi að afla söfnuðunum lána, sem oft þarf á að halda, t. d. til kirkjubygginga, ef allir safnaðarlimir væri ekki skyldir til að ann-

ast greiðslu þess, en gætu smeygt því fram af sér, hvenær sem þeim þóknast, með því að fara úr þjóðkirkjunni.

Þá þótti hv. 2. þm. Skagf. það galli, að þessi skylda skyldi ekki ná til allra, sem úr þjóðkirkjunni fara. En hví kemur hann og hv. 5. kgk. þm. þá ekki með br.till., er bæti úr þessu. Það var töluvert talað um þetta atriði í nefndinni, en niðurstaðan varð, að þessu yrði ekki öðruvísi fyrirkomið á heppilegan hátt.

Um br.till. get eg skírskotað til orða hv. 4. kgk. þm. (Stgr. J.) Ef meta ætti afgangseignir kirkjunnar, yrði auðvitað að meta hæfilegt álag á hana og gæti þá oft reynst svo, að kirkjan ætti ekkert afgangs.

Það er auðvitað að við höfum hag þjóðkirkjunnar fyrir augum og er sjálfsagt að þing og þjóð veiti henni þá vernd, er stjórnarskráin skyldar til og skipar að veita henni.

Sigurður Stefánsson: Eg hafði hugsað mér að taka það fram, er hv. ráðherra benti á. Eg álít, að með þessari br.till. sé mönnum gefið undir fótinn að segja sig úr þjóðkirkjunni í því skyni að hafa hag af því. Þar sem svo stendur á, að kirkja á í sjóði og þarf að byggja kirkjuna, geta menn verið því mótfallnir af þessari ástæðu, og ef þeir fá ekki ráðið við það, segja þeir sig úr henni og fá þá úr sjóðnum, sem verja átti seinna til kirkjubyggingar.

Hv. 5. kgk. þm. (L. H. Bj.) sagði, að við, þessir „geistlegu" herrar í nefndinni, sæjum að eins aðra hliðina á þessu máli, og værum steinblindir á öðru auganu. Sjálfur virðist hann þó skoða málið eingöngu frá sjónarmiði þeirra manna, sem úr kirkjunni fara. En hverir eru það, sem 45. gr. stjórnarskrárinnar talar um að vernda? Eru það ekki þeir, sem eftir eru? Það eru ekki þeir, sem fara úr þjóðkirkjunni, það er einmitt brotið, sem eftir er. Hv. þm. talaði mikið um það í öðru máli, er var hér til umræðu á dögunum, að menn ættu fremur að líta á hagsmuni landsjóðs, en hagnað einstaklinganna. En nú ber hann hagsmuni einstaklinganna fyrir brjósti, en gætir ekki gagnsmuna safnaðanna. Það er ærin mótsögn í milli þess, er hann segir nú, og hann sagði þá. Hann talaði um að nefndin væri *„methodulaus"* í sínum *„galskab"*. En það er ekki heldur nein *„methoda"* í hans *„galskab"*.

Þá sagði hv. sami þm. (L. H. Bj.), að það gæti numið um 100 krónum, er menn yrðu að borga. Þetta eru hinar mestu öfgar. Engin kirkja hér á landi er svo skuldug, að slíkt geti komið til nokkurra mála. Sú kirkja, sem mun vera skuldugust nú, er Húsavíkurkirkja. Eftir því, sem hv. 4. kgk. þm. (Stgr. J.) sagði frá í nefndinni, yrðu það 14 kr., er kæmi á mann. Þetta eru nú öll ósköpin. Sú kirkja skuldar 7 þúsund krónur.

Frumvarpið eins og það kom frá nefndinni, miðar til þess að vernda hag þjóðkirkjunnar, eins og skilt er samkv. 45 gr. stjórnarskrárinnar. Það á að koma í veg fyrir, að einstakir menn geti svift kirkjusjóðina þeim einu tekjum, sem þeir eiga tilkall til. Því að síðan lögin um sóknargjöld frá 1909 komu í gildi, hafa kirkjur engar tekjur aðrar en þessi kirkjugjöld safnaðarmeðlimanna. Öllum öðrum tekjum hefir kirkjan verið rænd, og nú á einnig að kippa burt allri trygging fyrir því, að hún geti haldið þessum tekjum, því að ef breytingartill. á þingskj. 214 verður samþykt, má búast við, að sumar kirkjur kunni að missa mestallar tekjur sínar en eigendurnir standa uppi með skylduna eina til að halda þeim við. Verði frumvarp þetta felt, getur svo farið, að bændakirkjueignirnar í landinu falli stórum í verði og einstökum mönnum því gert stórtjón.

Okkur, sem erum prestar hér í deildinni hefir verið brugðið um það, að við héldum þessu máli fram, frumvarpinu á þingskj. 207, af blindu fylgi við mál kirkjunnar

og eigin hagsmunavon. En því neita eg alveg. Málið kemur okkur ekkert við sem prestum, tap kirkjunnar kemur ekki niður á okkur, það kemur niður á landsjóði, að því er til landskirknanna kemur, og á eigendum bændakirknanna, að því er til bændakirknanna kemur

Eg lít svo á, að ef breytingartill. verður samþykt, þá gefi þingið undir fótinn lágum hvötum einstaklinganna til að nota tækifærið og hlaupa burt úr þjóðkirkjusöfnuðunum í gróða skyni, en þeim til stórtjóns, sem eftir eru í þjóðkirkjunni, sem löggjöf og stjórn á þó að vernda.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. þm. Ísafjarðar hefði getað sparað sér þessar athugasemdir, því að það eina, sem hann sagði af viti í þetta sinn, hafði hæstv. ráðherra tekið fram áður.

Fyrir okkur, sem flytjum brtill., vakir aðallega að þetta óhæfilega frumvarp eigi að falla alveg. En *ef* það fellur ekki, þá viljum við, að einnig verði tekin sú hugsunarrétta afleiðing, að þeir, sem fari ur þjóðkirkjunni fái sinn hluta af eignum hennar útborgaðan.

Háttv. 4. kgk. hefir annaðhvort ekki munað lögin, sem hann vitnaði í, lögin 4. marz 1904 og lögin um sóknargjöld frá 30. júlí 1909, eða hann hefir misskilið þau. Eg sagði, að frumvarpið gerði að ástæðulausu greinarmun á frelsi manna til að fara úr þjóðkirkjusöfnuði, eftir því hvort þeir yrðu kyrrir á sóknarsvæðinu eða ekki. Háttv. þm. sagði, að það stafaði af því, að búist væri við, að þeir, sem flyttu af sóknarsvæðinu myndu taka á sig viðlíka byrðar annarstaðar og sagði þar með óbeinlínis, að öðruvísi stæði á um þá, sem kyrrir væru. Veit hann þá ekki, að utanþjóðkirkjumenn eða svokallaðir fríkirkjumenn verða, þótt á sóknarsvæðinu séu, að borga álíka gjöld til fríkirkju sinnar, ef þeir eiga að geta losnað við gjöld til þjóðkirkjunnar.

Háttv. stuðningsmenn frumvarpsins segjast hugsa um það safnaðarbrot, sem eftir verður. En við viljum líka hugsa um rétt hinna, sem vilja ganga úr söfnuðinum. Kirkjan er handa öllum þeim söfnuði, sem býr á sóknarsvæðinu, hvort sem hann er stór eða smár, en kemur hins vegar ekkert við þeim mönnum, er utan hennar standa, þó að þeir búi á sóknarsvæðinu.

Háttv. þm. verður að muna, að félagsskapur er ýmist frjáls eða ófrjáls. I frjálsum félagsskap er skift bæði skuldum og eignum, á milli félagsmanna, þegar félagsskapurinn er á enda. En þar sem um ófrjálsan félagsskap er að ræða, svo sem um flutning í tiltekið sveitarfélag eða söfnuð, þar eiga menn, sem úr ganga að losna með öllu við allar félagskvaðir um leið og þeir losna við félagsréttinn, á líkan hátt og félagsskylda og félagsréttur flyzt yfir þá um leið og þeir flytja inn. En eigi slíkur félagi, þrátt fyrir úrgönguna að bera byrðar síns fyrri félagsskapar, þá verður hann að njóta réttarins að sama skapi.

Eg er sammála háttv. 4 kgk. þm. um það, að eignaafgang kirkjunnar ber ekki að telja annað en það, sem eftir verður þegar búið er að draga hæfilegt álag á kirkjuna frá. Það verður auðvitað að ætla fyrir því, svo að kirkjan sé í sómasamlegu standi. En einmitt þess vegna ætti háttv. þm. ekki að vera á móti breytingartillögunni, því að þá er séð fyrir því, að ákvæðið gæti ekki orðið kirkjunni til verulegra óþæginda.

Háttv. þm. Ísafj. vitnaði mjög í stjórnarskrána um það, að þjóðkirkjan ætti að njóta verndar hins opinbera. Það er rétt en stjskr. ætlast ekki til, að hún sé vernduð á hvaða hátt sem vera skal, enda fær kirkjan fulla vernd í hér um rædda átt, með því að vera í ábyrgð þeirra manna, er söfnuðinum heyra til, á hvaða tíma sem er. Gagnvart rétti kirkjunnar samkv. 48. gr. stendur og fullkomlega jafnfætis réttur einstaklingsins samkv. 46. gr. Það

hefði háttv. þm. getað séð á upphafi næstu greinar eftir 45. gr. er hann vitnar í svo mjög. Frumvarpið leggur bann á trúfrelsi manna, samkvæmt stjórnarskránni. Það verður einn hlekkur á helsi því, sem sumum er svo gjarnt að „treysta“ þjóðkirkjuna með. Eg og háttv. meðflutnm. minn að breyttill. stöndum hér sem „protestantar“, við mótmælum slíku hafti á persónulegt frelsi manna og trúfrelsi.

Enn vil eg benda á það, að ef gæta ætti nokkurrar sanngirni, mætti ákvæði frumvarpsins ómögulega ná til annarra lána en þeirra, sem verða stofnuð eftir að lögin koma í gildi, því að þá geta menn þó varað sig á ákvæðinu. Hitt er óhæfa, að láta lögin ná til eldri lána, alveg sama sem að láta lög gilda fyrir sig fram. Það eru ófær rangindi að láta mann, sem ganga vill úr söfnuði, borga sinn hluta af skuldum kirkjunnar, eins þeim, sem hann ef til vill hefir mótmælt að yrðu stofnaðar og hinum, sem hann kynni að hafa stofnað til.

Hér er ekki að ræða um að halda tekjum undir kirkjuna, sem kirkjan á tilkall til, heldur þvert á móti um að hrifsa undir hana tekjur, sem hún á engan rétt til.

Steingrímur Jónsson: Háttv. 5. kgk. þm. hélt að það væri af misminni hjá mér er eg talaði áðan um „fiktion“ í þessu sambandi. Eg þykist sjá, að hann muni ekki hafa skilið hvað eg meinti. Eg átti við það, að lögin 4. marz 1904 gerðu undantekningu um gjaldskyldu utanþjóðkirkjumanna, sem undir einum kringumstæðum kemur í bág við þá „fiktion“ löggjafarinnar, að maður, sem fer úr einum þjóðkirkjusöfnuði tæki á sig sömu skyldur og hann hafði, væri bygð á fiktion. Ganga þau því að mínu áliti helzti nærri 45 gr. stjórnarskrárinnar.

Jósef Björnsson: Eg skal að eins leyfa mér að gera litla athugasemd út af orðum hæstv. ráðherra og háttv. þm. Isafj. Þeir töluðu um, að í breytingartillögunni fælist agn, sem gæti tælt menn til að segja sig úr þjóðkirkjunni, ef breytingartillagan yrði samþykt. Hinsvegar hefir háttv. þm. Ísafj. tekið til dæmis, að skuldir Húsavíkur kirkju, sem skuldaði þó einna mest kirkna á landinu, væri ekki meira en sem svaraði 14—15 kr. á hvern meðlim safnaðarins, og því gæti það ekki orðið nema lítilfjörlegar upphæðir, sem kæmu á mann til útborgunar samkvæmt frumvarpinu. Alveg það sama er óhætt að segja um skuldlausar eignir kirkna. Þær mundu óvíða nema meiri upphæð á mann en skuld sú nemur, er hér hefir verið nefnd, ef þeim væri skift niður á safnaðarmeðlimina. En nú vil eg spyrja; gæti verið ástæða til að nokkur færi að spekúlera í að segja sig úr kirkjufélaginu til þess að græða svo sem 14—15 krónur? Eg held að það sé lítil ástæða til að óttast slíkt.

Umræðum lokið.

ATKVGR:

Breytt. á þskj. 214 feld með 8:3 atkvæðum.

Frv. felt með 6:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli eftir beiðni Lárusar H. Bjarnason, Aug. Flygenrings og Jóseps Björnssonar og sögðu:

Já:	*Nei*:
Kristinn Daníelsson,	Ari Jónsson,
Steingr. Jónsson,	Augúst Flygenring,
Eiríkur Briem,	Jósef Björnsson,
Gunnar Ólafsson.	Kristján Jónsson,
Sigurður Hjörleifss.,	Lárus H. Bjarnason,
Sigurður Stefánsson,	Stefán Stefánsson.

Vitar, sjómerki o. fl.

FRUMVARP til laga um vita, sjómerki o. fl.

Fyrsta umræða í efri deild 18. febrúar.

Sigurður Stefánsson: Eg leyfi mér að stinga upp á 5 manna nefnd í málið að lokinni þessari umræðu.

1. umr. lokið.

Samþ. í einu hljóði að frumv. gangi til 2. umræðu.

Samþ. í einu hljóði að skipa 5 manna nefnd í málið, og voru kosnir í nefndina:

Sigurður Stefánsson,
Júlíus Havsteen,
Gunnar Ólafsson,
Augúst Flygenring,
Sigurður Hjörleifsson.

Önnur umræða í efri deild 1. marz (stj.frv.; n. 54)

Framsögum. Augúst Flygenring: Eins og hv. deild mun kunnugt eru engin ákvæði til í lögum vorum, er reisi skorður við því, að hver og einn geti sett upp leiðarmerki, bygt vita o. s. frv. til leiðbeiningar skipum. Eru því allvíða umhverfis landið leiðarmerki og smávitar, er ekki eru háðir eftirliti landstjórnar, því að hún hefir að eins eftirlit með þeim vitum og leiðarmerkjum, er trygð eru á kostnað landsjóðs. Við svo búið má ekki lengur standa, því að eins og það á annan bóginn er mikilsvert að hafa sem flest leiðarmerki og vita, eins er það á hinn bóginn háskalegt er slíkum leiðarmerkjum er ýmist breytt eða feld niður án þess það sé auglýst, svo sem hingað til hefir átt sér stað um þau leiðarmerki, er sett hafa verið upp af einstökum mönnum, hreppum eða sýslufélögum, af því eigi hafa verið háð eftirliti landstjórnar. Leiðarmerki koma auðvitað því að eins að notum, að sjófarendur geti treyst á þau. Það er því álit nefndarinnar, að frv. það, er hér liggur fyrir sé á góðum rökum bygt, og það því fremur sem landsjóður leggur árlega mikið fé í byggingu nýrra vita og starfrækslu þeirra. Í frv. eru sem sé öll leiðarmerki og vitar lögð undir umsjón og eftirlit landsstjórnarinnar, og með því er ráðin bót á þeirri óreglu, sem hingað til hefir átt sér stað í þessu efni. Í sambandi við þetta skal eg geta þess,að þó það sé óhjákvæmilegt, að það sé landstjórnin, sem hafi þetta eftirlit nú, þá er eg þess hinsvegar fullviss, að þessu máli verður ekki komið í fyllilega gott horf, fyrr en umsjón og eftirlit með vitum og leiðarmerkjum í landinu verður falið sérstökum, óskiftum manni. Þetta liggur að vísu fyrir utan verksvið nefndarinnar, en eg vil þó taka það fram, að þessi lög verða varla langgæð án breytinga, því að þegar þessi mál verða falin sérstökum eftirlitsmanni, þá þarf að bæta við ýmsum fleiri ákvæðum, sem vanta í þessu frv. T. d. hefði þurft að vera í þessum lögum ítarlegri ákvæði um hættu, er getur stafað af skipsskrokkum eða því um líku og einkum um tilkynningu um slíkt til stjórnarinnar. Nefndin hefir að eins stungið upp á tveim litlum breytingum á frv., eins og tekið er fram í n. ál. Fyrri br.till. lítur að því ákvæði í 1. gr., er segir svo fyrir, að stjórnarráðinu skuli heimilt að nema burt þau leiðarmerki, er nú eru, eða synja um uppsetning nýrra, ef þau teljast gagnslaus eða skaðleg. Nefndin lítur svo á, að á meðan eftirlit með leiðarmerkjum ekki er komið í betra horf en nú er, þá sé ekki rétt að synja um að reisa leiðarmerki, nema það verði að teljast beinlínis skaðlegt eða villandi. Oft geta leiðarmerki komið að gagni fyrir bátalendingar og því um líkt, þó þau hafi enga þýðingu fyrir siglingar alment við landið. Auk þess má nærri geta, að enginn fer að biðja um leyfi til að setja upp leiðarmerki, sé það algerlega gagnslaust. — Við 7. gr. vill nefndin gera þá breytingu, að hafnarsjóður greiði ekki einn allan kostnað, hve mikinn sem verður, við að nema burt úr höfnum eða leiðum inn á þær skipsflök eða annað, er hefir sokkið þar. Við þekkjum dæmi til þess hér við land, að skip hafi sokkið á hafnarleiðum og kostnaðurinn við að nema þau burt, hafi verið ofvaxinn hafnarsjóði. Þessvegna viljum vér breyta greininni þannig, að ákveðið verði, að hafnarsjóður greiði í slíkum til-

fellum að eins vissa upphæð, sem að vísu er ákveðin nokkuð af handa hófi upp í kostnaðinn, og að afgangurinn greiðist af landssjóði, þó með þeim takmörkunum, að hafnarsjóður beri einn allan kostnað af duflum og öðrum merkjum, sem sett eru til að gera hafnarleiðina hættulausa á meðan ekki er búið að nema flakið í burt. Nefndin áleit það hættulegt að ákveða að hafnarsjóður skuli bera allan kostnað án styrks úr landsjóði, meðan ekki er komið betra skipulag á þessi mál, og meðal annars ekki eru settar nánari reglur um það hvað leiðir inn á hafnir eru, þær eru auðvitað misjafnlega langar, geta verið þrefalt lengri en hafnarsjóður getur staðið straum af, og vitanlega geta verið skiftar skoðanir um lengd hafnarleiðarinnar. En um lengdir einstakra hafnarleiða, starfrækslu vita og sjómerkja og þessl., þarf að setja föst, ítarleg ákvæði þegar mál þessi eru sett í eitt kerfi undir sérstökum eftirlitsmanni, sem vonandi verður gert bráðlega. Því það er alls óviðunandi að þessi mál sé undir umsjón manns, sem hefir önnur störf á hendi, og getur því ekki gefið sig óskiftan að þeim. En þangað til þetta verður gert, verður að una við ákvæði þessa frv. eins og það er nú, þó mun nefndin ef til vill koma með br.till. í áminsta átt til 3. umr., en vonar að frv, verði samþ. í dag eins og það nú lítur út.

Br.till. við 1. gr. (þgsk. 54) sþ. með 11 shl. atkv.

1. gr. breytt sþ. í e. hl.

2., 3., 4., 5. og 6. gr. sþ. í e. hl,

Br.till. við 7. gr. (þgsk. 54) sþ. í e. hl.

7. gr. breytt sþ. í e. hl.

8.—9. gr. sþ. í e. hl.

Fyrirsögnin skoðuð sþ. án atkvgr.

Frv. í heild sinni sþ. í e. hl.

Vísað til 3. umr. sþ. í e. hl.

Þriðja umræða í efri deild 3. marz.

Framsögum. Augúst Flygenring: Eg drap á það við 2. umræðu, að nauðsynlegt væri, að gerðar væru einhverjar breytingar á frumvarpinu, ef komast ætti hjá breytingum á því innan skamms tíma, er það væri orðið að lögum. Eg gat þess líka í því sambandi, að búast mætti við breytingartillögum við það við 3. umræðu. En þegar við nefndarmennirnir fórum að íhuga málið, sáum við, að breytingar á frumvarpinu yrðu að vera svo miklar og margar, að ilt yrði að koma þeim þannig fyrir, að laglega færi á. Okkur þótti því réttast að bæta nýrri grein í frumvarpið, þar sem svo væri kveðið á, að ákvæði um starfrækslu vita og sjómerkja skyldi setja í reglugerð, er stjórnarráðið semdi. Með þessu móti þótti okkur þessu efni komið í tryggilegra og réttara horf, heldur en ef við nefndarmennirnir færum sjálfir að setja eitthvað inn í lögin, er hér að lýtur. Eg tel sjálfsagt, að landsstjórnin mundi semja þessa reglugerð með aðstoð beztu manna, og að hún einkum færi eftir bendingum þess manns, er væntanlega verður falið á hendur eftirlit með vitum og sjómerkjum. Það yrði oflangt upp að telja, hvað yrði einkum ákveðið í þessari væntanlegu reglugerð. Það getur margt komið fyrir, er semja þarf ákvæði um og nokkur vandi verður máske úr að ráða fyrir stjórnina og umsjónarmenn þá, er hún skipar. En það er þá bót í máli, að reglugerðinni má alt af breyta og haga eftir kringumstæðum síns tíma, án þess að lögunum sjálfum sé í nokkru raskað. Sjáum vér því ekki að þessu verði hyggilega fyrirkomið á annan hátt og leyfi eg mér að síðustu að leggja það til, að hv. deild samþykki breytingartillöguna.

Br.till. á þgsk. 78 sþ. í e. hl.

Frv. í heild sinni sþ. í e. hl. og afgreitt til neðri deildar.

Ein umræða í efri deild 25. marz. (267, 293).

Sigurður Stefánsson: Af því að hv.

framsögum. 3. kgk. þm. gat ekki verið viðstaddur í dag, þá hefir hann beðið mig að minnast á þetta frumvarp. Eins og nefndarálitið ber með sér, þá ræður nefndin hinni hv. deild til að samþykkja frumv. óbreytt. Hv. neðri deild hefir að eins gert á því lítilsháttar breytingar við 3. og 7. gr., sem ekki raska neitt meiningunni. Eg vona því að hv. deild geti gengið að frumv. óbreyttu.

Frumv. sþ. í e. hl. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Stýrimannaskólinn.

FRUMVARP til laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Fyrsta umræða í efri deild 18. febrúar.

Sigurður Stefánsson: Eg leyfi mér að stinga upp á að þriggja manna nefnd verði skipuð í málið að lokinni umræðu.

1. umræðu lokið.

Samþ. að frumv. gangi til annarar umræðu í e. hl.

Samþ. í e. hl. að skipa þriggja manna nefnd í málið og voru þessir kosnir í nefndina:

Gunnar Ólafsson,
Eiríkur Briem,
Ari Jónsson.

Önnur umræða í efri deild 7. marz (stj.frv., n. 95).

Framsögum. Gunnar Ólafsson: Eg skal ekki vera margorður um frumv. þetta. Nefndin öll hefir orðið sammála um að mæla með framgangi þess. Frumvarpið, eins og það nú liggur fyrir, er sniðið upp úr lögum frá 22. maí 1890; að eins slept nokkrum smávægilegum atriðum, sem nefndinni þótti óþörf. — Aðalbreytingin, sem hér er farið fram á, er sú, að prófsskilyrði fyrir minna prófinu, eru sett nokkru strangari, en nú á sér stað; þetta, að strangari prófsskilyrði, eru heimtuð við minna prófið, telur nefndin til töluverðra bóta, því að svo hagar til hér á landi, að það próf er margfalt meira notað, og er því mikils um vert, að trygging fáist fyrir því, að þeir er prófið taka, verði sem bezt að sér.

Annars held eg að mál þetta sé fyllilega ljóst. Nefndin lítur svo á, að hentugra sé, að hafa að eins ein lög um Stýrimannaskóla, og því hefir hún leyft sér að taka upp í þetta frv. lög frá 13. september 1901, um gufuvélapróf við Stýrimannaskóla í Reykjavík; af því hafa auðvitað leitt nokkrar smávægilegar breytingar og úrfellingar.

Nefndin væntir þess, að hv. deild sé sér samdóma um það, að breytingar þessar séu til bóta. Það gerir líka þeim, sem lögin eiga að nota, talsvert léttara fyrir í ýmsum atriðum. Hér eru einungis saman færð í eina heild lög um stofnun Stýrimannaskóla í Reykjavík og lög um gufuvélapróf við hina sama skóla.

Eg vænti þess, að hv. þingdeild lofi frumvarpi þessu fram að ganga.

Augúst Flygenring: Eg vil leyfa mér að skýra hinni hv. þingdeild frá því, að rétt áður en fundurinn byrjaði, meðtók eg hjá einum hv. þingm. í neðri deild, erindi til þingsins frá félagi nokkru, er nefnir sig gufuvélagæzlumannafélag. Nafnið er langt og ljótt, en það skiftir ekki miklu máli, ef það er gott, sem á bak við það felst. Í erindi þessu er skorað á þingið, að upp séu tekin lög, eða frv. til laga frá síðasta þingi um atvinnu við vélagæzlu. Líka hefi eg fengið tilkynningu frá einum elzta vélagæzlustjóranum, sem siglt hefir hér við land, og telur hann æskilegt að kend yrðu þau bókleg atriði hér við Stýrimannaskólann, nfl. hin sömu atriði vélafræðinnar og nú gilda í dönskum lögum um þetta efni: þannig, að vélagæzlumannaefnum yrði gefinn kostur á að læra hér heima, ekki að eins járnsmíði og allar

nauðsynlegar aðgerðir á gufuvélum, á verkstæði, heldur einnig alt hið bóklega, sem að þessari iðn lýtur. Við þessa breytingu ynnist það á, að menn yrðu ekki lengur neyddir til þess að sækja þekkingu sína í þessari grein til annara þjóða, heldur gætu aflað sér hennar hér; og það tel eg miklu heillavænlegra.

Eg verð að játa, að þessar athugasemdir mínar koma nokkuð seint, en það kemur til af eðlilegum ástæðum, eins og allir hljóta að sjá. Eg ætlast til, að 2. umr. málsins verði frestað, og má þá aftur við framhald hennar, eða við 3. umr. koma með nauðsynlegar breytingar. Eg álít rétt, að nefndin í frumvarpi um stofnun Stýrimannaskóla taki þetta mál til yfirvegunar, og vænti þess, að hún muni vera fús til þess, ekki síst, er hún sjálf hefir bætt við frumvarpið þrem greinum um gufuvélapróf við skólann, fyrir stýrimenn eða skipstjóraefni, er taka hið svokallaða meira próf. Allir hljóta að viðurkenna hve nauðsynlegt er, að vélagæzlumönnum sé veitt nokkur fræðsla í helztu undirstöðuatriðum aflfræðinnar, og hvernig gufuvélin er samsett og starfrækt m. m. Það nám, sem eg vona, að væntanlegir vélagæzlumenn fengju þá að njóta er ekki svo mjög erfitt; tekur líklega álíka langan tíma og nú á sér stað við minna prófið.

Við þessa breytingu þykir mér sennilegt að stofna þyrfti nýtt kennaraembætti við skólann, því mér er ekki kunnugt um, að kennarar skólans, sem nú eru — með allri virðingu fyrir þeim, — séu færir um að kenna þessum vélagæzlumönnum.

Að lokum vil eg geta þess, að krófurnar hér á landi til þess að geta fengið borgarabréf skipstjóra, eru altof strangar, að því er okkar fiskiskipaformenn snertir.

(*Lárus H. Bjarnason*: Það var linað á þeim 1905).

Það var ekki linað á þeim, nema fyrir þá, sem flytja fiskibáta fyrir neðan 30 smálestir. Um aðra var ekki slakað til, heldur þvert móti. En vitanlegt er, að mest-öll þessi bóklega „Navigation“ fyrir fiskimenn okkar er allsendis ónauðsynleg.

En svo er annað, sem eg kann illa við og það er ákvæðið um, að verkefni til skriflega prófsins í stærðfræði og siglingafræði við meira prófið skuli búin til af stýrimannakenslu-forstjóranum í Kaupmannahöfn. Eg veit ekki á hverju ákvæðið er bygt. Mér er kunnugt um, að það er ekki inn í frv. komið fyrir tillögu skólastjórans við Stýrimannaskólann, því hann lagði til, að verkefnin yrðu valin hér. Eg skil heldur ekki, að skólinn þurfi að vera háður eftirliti þessarar dönsku stofnunar, að minsta kosti skil eg ekki, hvers vegna meira prófið þarf að vera það fremur en það minna. Enda er líka nóg af verkefnum í dönskum bókum, svo að ofur-auðvelt er að velja þau hér á landi. Að öðru leyti skal eg ekki fara frekari orðum um frv., en vona, að nefndin taki þessar bendingar til athugunar.

Lárus H. Bjarnason: Eg vil benda hv. 3. kgk. þm. á það, að með l. nr. 50, 10. nóv. 1905 var slakað til á krófunum til skipstjóra og stýrimanna hér við land, og það svo mjög, að þó að eg sé ósiglingafróður maður, þá finst mér það vera nógu langt farið. — En svo er eitt, sem eg vil minna nefndina á, og þó einkum vini mína, sjálfstæðismennina í henni, ekki síst hinn lögfróða þm. Strandamanna og það er það, hvort ekki muni tiltækilegt í sambandi við þetta mál að lagfæra eitt ákvæði í 8. gr. fyrnefndra laga nr. 50 frá 10. nóv. 1905, þar sem gert er að skilyrði fyrir því, að öðlast skírteini sem skipstjóri jafnvel í innanlandssiglingum, að hafa rétt innborinna manna eða heimilisfestu í Danaveldi. Vill ekki nefndin taka það til athugunar, hvort ekki mætti fella þetta skilyrði í burtu. Mér finst nægilegt að áskilja að skipstjórar skuli vera heimilisfastir á Íslandi. Þetta ákvæði komst inn í frv. fyrir hálfgert athugaleysi n. d. 1905; rétt-

ur innborinna manna er í íslenzkum lögum að eins settur sem skilyrði á fjórum stöðum. Í fyrsta lagi getur, samkv. 4. gr. stjórnarskrárinnar, enginn orðið embættismaður á Íslandi, nema hann hafi rétt innborinna manna. Í öðru lagi er hann skilyrði fyrir því að geta unnið sér sveit hér á landi samkv. 32. og 37. gr. l. nr. 44 frá 10. nóv. 1905. Í þriðja lagi getur, samkv. l. frá 13. desbr. 1895, ekkert skip orðið skrásett hér á landi, nema að minsta kosti $^2/_3$ hlutar þess séu eign innborinna manna, og í fjórða lagi er þessi réttur skilfyrir því að geta orðið skipstjóri hér, eins og eg gat um áðan. Þessum ákvæðum mætti kippa burt jafnóðum og tækifæri gefast, og eg vil skjóta því til nefndarinnar, hvort ekki er tækifæri til að fækka þeim nú.

Gunnar Ólafsson: Hv. 3. kgk. gat þess, að til sín hefði komið erindi til þingsins frá félagi gufuvélagæzlumanna, er fer fram á það, að tekin verði upp við Stýrimannaskólann kensla í gufuvélafræði. Þetta er alveg nýtt mál og óviðkomandi þessu frv. Eg skal geta þess, að þetta kom ofurlítið til tals í nefndinni, en hún vildi ekki stinga upp á, að þessari fræðigrein væri bætt við, vegna þess, að það mundi hafa talsverðan kostnað í för með sér; meðal annars mundi verða nauðsynlegt að bæta kennara við skólann. En nú mun nefndin íhuga þetta atriði nánar, og kemur þá með breyttill. við 3. umr., ef henni sýnist það gerlegt eða ástæða til þess. En annars finst mér þetta erindi gufuvélagæzlumannanna hafa farið skakka leið. Þetta mál er þannig vaxið, að erindið átti ekki að sendast til þingmanna, heldur áttu þessir menn að snúa sér til stjórnarinnar. Uppástunga um að bæta þessari fræðigrein við á skólanum verður að koma frá stjórninni. Það er hennar verk að undirbúa öll slík mál og leggja þau fyrir þingið með öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru og kostur er á. Nefndin getur ekki dæmt um það, hve mikinn kostnað þessi kensla mundi hafa í för með sér né heldur ákveðið fyrirkomulag hennar. Það er því vafasamt, hvort nefndin getur sint þessu máli sem stendur. En hitt er auðvitað vafalaust, að slík fræðsla í öllu því, er að gufuvélagæzlu lýtur, verður nauðsynlegri með hverju ári eftir því sem gufuskipum fjölgar hér við land. Hv. 3. kgk. tók það fram, að prófkröfur væru strangari á Stýrimannaskólanum hér, en á samskonar skólum í nágranna löndunum. Eg veit ekki hvort það er rétt hermt, en þó svo væri sé eg ekki, að það geti verið eða hafi verið til hnekkis fyrir skólann. Eftir því sem eg hefi heyrt, hafa menn lokið eins vel og jafnvel betur prófi við Stýrimannaskólann hér en annarstaðar á Norðurlöndum. Og sé svo, þá er það enginn galli, að kröfurnar séu strangar. Það er auðvitað ávinningur, að menn í þessari stétt séu sem allra bezt að sér í sinni grein. Fiskiveiðar eru annar aðalatvinnuvegur landsins, og er því lífsskilyrði að eiga vel mentaða sjómannastétt. Eg er því hlyntur öllu því, sem getur orðið til hins betra fyrir þessa stétt, og meðal annars, tel eg það sjálfsagt að veita með tímanum fé til fræðslu í gufuvélafræði við Stýrimannaskólann. — Um uppástungu hv. 5. kgk. þm. skal eg geta þess, að nefndin tekur hana auðvitað til athugunar, og kemur þá með breyt.till. í þá átt við 3. umr. ef henni finst hún geta fallist á hana. Annars vil eg taka það fram út af orðum háttv. 5. kgk., að eg fæ ekki séð, að það ætti einkum að vera verk sjálfstæðismanna að nema þetta ákvæði úr lögum. Það liggur nær að skoða það skylduverk heimastjórnarmanna, úr því það voru þeir, sem settu ákvæðið inn í lögin.

Augúst Flygenring: Eg skal að eins leyfa mér, að leiðrétta þau ummæli hv. þm. V.-Skaftf., að þetta erindi, gufuvélagæzlumannanna hafi ekki farið rétta leið. Eg get frætt hann um það, að þeir sneru sér

fyrst til stjórnarinnar, en hún sinti ekki málaleitun þeirra.

Eiríkur Briem: Það hefir verið tekið fram, að prófkröfurnar við Stýrimannaskólann séu auknar með þessu frv. Það er meira í orði, en á borði. Í 2. gr. 11. lið frv. stendur, að nemendur skuli kunna að finna „misvísun við athugun sólar“, í stað þess að í eldri lögum stendur „misvísun með sólmiðun“. Þetta munar engu, því að nemendur læra hvort sem er athugun sólar á skólanum. Þá er bætt við 13. lið „að kunna að finna misvísun við athugun pólstjörnunnar“. Það er satt að segja mjög létt verk. Eg hefi einu sinni kent manni, að þekkja og athuga pólstjörnuna á ekki lengri tíma en einni klukkustund. Nokkrum árum seinna var þessi maður háseti á skipi, sem einu sinni var út í ofsaveðri, svo að skipstjóra tók út og kompásinn tapaðist. Enginn hinna gat neitt gert til að bjarga skipinu, en þessi maðurinn gat, af því hann þekti pólstjörnuna, stýrt eftir henni í rétta átt, og bjargaði skipinu. Eg nefni þetta sem dæmi þess, hversu mikilsvert svona auðlært atriði eins og að þekkja pólstjörnuna getur verið. Í 15. lið er bætt við sem skilyrði „þekking á björgunarverkfærum“, og í 16. lið „að kunna að nota hina alþjóðlegu merkjabók, og veðurmerki“. Hvorugt þessara atriða er vandlært. Mestur fyrirhafnarauki fyrir nemendur felst í 17. lið. En það er sannarlega mikilsvert, að á hverju skipi sé einhver maður er geti bundið um sár og beinbrot, kipt í lið og kunni einföldustu reglur um meðferð sjúklinga, er einhver þess háttar slys vilja til. — Viðvíkjandi aðfinslum hv. 3. kgk. þm. út af því ákvæði í frv., að verkefni við skriflegt próf í stærðfræði og siglingafræði, skuli tekin til af stýrimannakensluforstjóranum í Kaupmannahöfn, skal eg taka það fram, að hann tiltekur verkefni fyrir alla stýrimannaskóla í Danmörku. Enda er þetta ákvæði tekið óbreytt upp úr gömlu lögunum. Þetta hefir verið álitið nauðsynlegt fyrir tiltrú og álit skólans, nauðsynlegt til þess að prófið yrði áreiðanlegur vottur um þekkingu þeirra. er standast það. Auðvitað væri auðvelt að velja alveg eins góð og hentug verkefni hér á landi, en þetta, að þau eru valin af stýrimannakensluforstjóranum í Danmörku og eru þar hin sömu sem við skóla þar, er trygging fyrir áliti skólans og prófsins. Ef verkefnin væru valin hér, mundi það ef til vill geta haft þau áhrif, að sumum fyndist það betra að ganga á skóla í Danmörku og taka próf þar, og gæti þannig hindrað aðsóknina að skólanum hér. Þess vegna áleit nefndin varhugavert að breyta þessu ákvæði. Enda hefir þetta enga þýðingu fyrir skólann; það gerir hvorki til né frá. Prófverkefnin, sem frá Danmörku koma, eru alls ekki svo þung, að ástæða sé til að amast við þeim af þeirri ástæðu. Mér er kunnugt um það, af því eg hefi verið prófdómari í skólanum. Áður en skólinn var stofnaður, var hér lítilsháttar kensla í stýrimannafræði, og var eg einnig þá prófdómari, og voru verkefnin, sem eg valdi, oft þyngri en þau reyndust síðar frá stýrimannakensluforstjóranum í Höfn.

ATKVGR.

1. gr. frv. samþ. í e. hlj.
2. „ „ „ „ „ „
3. „ „ „ „ „ „
4. „ „ „ „ „ „

Brtill. nefndarinnar:

1. ný 5. gr. samþ. í e. hlj.
2. „ 6. „ „ „ „ „
3. „ 7. „ „ „ „ „

1. brtill. við 5. gr. frv. samþ. í e. hlj.
2. „ „ „ „ „ „ „ „ „
5. gr. frv., sem verður 8. gr. breytt samþ. í e. hlj.
6. gr. frv., sem verður 9. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

Brtill. nefndarinnar:

1. ný 10. gr. samþ. í e. hlj.
2. „ 11. „ í stað 7. gr. frv. sþ. í e. hlj.

7. gr. frv. þar með fallin.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr.
Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umræða í efri deild 14. marz (128).

August Flygenring: Eins og háttv. þingdeildarmönnum er kunnugt, gat eg þess við 2. umr. málsins, að koma mundi fram breytingartillaga, er færi í líka átt og eg þá tók fram, ef nefndin, sem fjallað hefir um Stýrimannaskólafrumvarpið ekki vildi sinna því. Nú hef eg að árangurslausu snúið mér til hennar í þessu skyni og leyfi mér því að koma fram með brtill., er hér hefir verið útbýtt.

Það er auðsætt hverjum manni, að starf það, sem gufuvélagæzlumönnum er ætlað, er hvorttveggja í senn, ábyrgðarmikið og vandasamt, og þarf því að setja föst og skýr ákvæði um það, hverjum skilyrðum menn þessir þurfi að fullnægja til þess að geta skoðast vaxnir því, að takast starfann á hendur. Þetta mál er nú einatt að verða okkur meiri nauðsyn, eftir því sem gufuskipastóllinn vex, og nú eru skipin ekki orðin svo fá, — að vísu flest minni háttar gufuskip — sem stunda fiskiveiðar hér við land, og sem fara á milli landa. Reynslan hefir sýnt, að það er engan veginn létt að fá hæfa menn í þessa stöðu. Mennina hefir orðið að sækja til útlanda, og hefir það orðið útgerðarmönnum ærið kostnaðarsamt, því slíkir menn eru venjulegast mjög kaupdýrir.

Maður verður að líta svo á, að nauðsynin á framkvæmd máls þessa, sé orðin allmikil, þar sem þessir gufuvélagæzlumenn hér, hafa stofnað með sér félagsskap. Þeir hafa augsýnilega ætlast til þess, að hér myndaðist smátt og smátt, þjóðleg, innlend stétt þessara manna; en það getur vitanlega ekki orðið án aðstoðar löggjafarvaldsins.

Það sem farið er fram á hér, er það, að stofnað verði sérstakt embætti í þessari fræðigrein við Stýrimannaskólann í Reykjavík; erlendis er þetta auðvitað kent á sérstökum tekniskum skólum nú orðið, en vegna kostnaðarhliðarinnar fer eg að eins fram á, að kenslan verði sett í samband við Stýrimannaskólann, þannig að til þess verði skipaður 1 aukakennari. Það sem oss auðvitað líka ríður mikið á er það, að geta hagað svo til málum þessum, að mennirnir geti fengið sem allrafullkomnasta verklega þekkingu. Til þess þyrfti auðvitað mekanist verkstæði, sem sjálfsagt kostaði talsverða peninga, en eg geri ráð fyrir að þingi og stjórn mundi verða ljúft að styðja að því í bráð, enda má mjög vel komast af með þá verklegu þekkingu, er að iðninni lýtur, sem beztu járnsmíðaverkstæðin hér í Reykjavík hafa að bjóða, og munu þau af þeim, sem bezt álit hafa í þessu skyni, verða að kenna þessum vélnemum — eftir bendingu stjórnarinnar — það sem þeirra iðn krefur.

Gunnar Ólafsson: Háttv. 3. konungk. þingm. gat þess, að hann hefði borið sig saman við nefndina um breytingartillöguna á þingskjali 177. Þetta er ekki rétt. Það getur vel verið, að hann hafi talað við einhvern mann í nefndinni, en hann hefir ekki borið sig saman við nefndina í heild sinni. En þetta skiftir engu máli. — Hinsvegar hefir nefndin borið sig saman um þessa breytingartill. og orðið ásátt um að leggja það til, að hún verði ekki samþykt að þessu sinni. Nefndinni sýnist ýmislegt mæla móti því, að bæta þessari námsgrein við, að svo stöddu, bæði vegna kostnaðarins og þó sérstaklega vegna ýmsra annara örðugleika á meðan málið er ekki betur undirbúið. — Hvað kostnaðinn snertir vildi háttv. 3 kk. þm. halda því fram, að kostnaðaraukinn væri aðeins laun aukakennarans eða 1200 krónur. Þetta held eg að sé alveg rangt. Ef vel ætti að vera þyrfti að koma á fót mekaniskri verksmiðju. Það segir sig sjálft, að þesskonar smiðja væri alveg nauðsynleg til þess, að kensla

í gufuvélafræði gæti komið að nokkru verulegu gagni. Og að hinu leytinu er það víst, að stofnkostnaðurinn mundi verða allmikill ef kaupa ætti verkfæri og kensluáhöld eins og með þyrfti. Nefndinni virtist þetta mál svo vaxið, að það væri ekki rétt að hrapa að því að þessu sinni, en hinsvegar er hún því alls ekki mótfallin í sjálfu sér og telur nauðsynlegt að slík kennsla komist á síðar, eftir nægan undirbúning. Gufuvélafræði er óþekkt fræði hér enn, og engir eða fáir sérfræðingar í þeirri grein. Þessvegna er ekki hægt að fá nægilega ábyggilegar upplýsingar í þessu efni að sinni. Eg veit ekki af nema einum vélfræðingi hér, en það er Halldór Guðmundsson. Hann hefir lokið góðu prófi í vélfræði og mundi hann geta gefið upplýsingar um þetta mál. Enn hvort hann hefir öll skilyrði til að geta verið kennari í vélfræði, veit eg ekki sem stendur, en um aðra vélfræðinga er alls ekki að ræða.

Nefndin lýtur svo á, að þannig lagað nýmæli ætti að koma frá stjórninni, með þeim upplýsingum, sem þarf, bæði um kostnað og fyrirkomulag kenslunnar. Þá hefði næsta þing eitthvað að byggja á og gæti veitt það fé til þessarar fræðslugreinar, er þurfa þætti að fengnum ábyggilegum upplýsingum.

Nefndin lýtur því svo á, að þingið ætti ekki að ákveða neitt í þessu efni í þetta sinn, en láta það bíða í þeirri von, að stjórnin taki málið til íhugunar og leggi það vel undirbúið fyrir næsta þing.

August Flygenring: Eg skal ekki þræta um það, hvort eg hefi snúið mér til nefndarinnar með þessa tillögu mína eða ekki. Eg talaði við einn mann í nefndinni — það var formaður nefndarinnar — og spurðist fyrir um það, hvort nefndin mundi ekki vera fáanleg til að taka þessa breytingartill. upp í frumv. og þessi nefndarmaður — háttv. form. nefndarinnar — skýrði mér svo frá, að nefndin vildi ekki sinna þessari málaleitun. Eg þekki annars ekkert sérstakt form fyrir því, hvernig maður á að snúa sér með erindi þessu líkt til einnar nefndar.

Um mótmæli háttv. þm. Vestur-Skaftf. er það að segja, að mér finnst rök hans vera létt á metunum. Hann lagði mesta áherzlu á kostnaðinn og kvað hann mundu verða töluvert meiri en 1200 kr. með því að svo og svo mikið mundi þurfa að kaupa af kensluáhöldum. En mér er kunnugt um að allgóð kennsluáhöld eru til í Stýrimannaskólanum í þessari grein, og skólastjóri hefir sagt mér, að hann byggist við, að þau áhöld, sem skólinn hefir nú, mundu verða mikið til fullnægjandi. Þessvegna hygg eg, að það mundi ekki geta haft neinn verulegan kostnað í för með sér, þó að einhverju smávegis þyrfti að bæta við.

Önnur mótbára háttv. þm. var í því fólgin, að þessi fræðigrein væri alveg óþekt hér, og því ekki hægt að fá fullnægjandi upplýsingar um málið að sinni. En þetta ætti einmitt að vera sterkasta ástæðan til að hrinda málinu áfram, sem fyrst, því að það er ekki við það unandi lengi, að þessi bráðnauðsynlega og óhjákvæmilega fræðigrein sé óþekt hér á landi, því síður sem þörfin á vélfræðingum fer stöðugt vaxandi. Að stjórnin þurfi að hafa þetta mál til meðferðar, sýnist mér ekki á neinum rökum bygt, með því líka, að eg hefi hugsað mér, að stjórnin fengi á sínum tíma nóg verkefni með því að semja reglugerðina um það, hvað kent skuli og prófin o. s. frv. Frumvarp það, sem eg ætla mér að flytja hér, um atvinnu við vélagæzlu, hefir við góðan undirbúning að styðjast og er á svo góðum rökum bygt að frekari undirbúningur frá stjórnarinnar hálfu er alveg óþarfur. Hinsvegar er einmitt í því frumvarpi gert ráð fyrir, að stjórnin setji reglugerð um kenslufyrirkomulagið, prófskilyrði og því um líkt, eins og eg hefi vikið að áður. Og þeirri reglu-

gerð er auðvitað hægt um vik að breyta, eftir því, sem reynslan kynni að sýna, að þörf væri á.

Hitt get eg fallist á, að ekkert verkstæði er fyrir hendi, þar sem lærlingarnir gætu fengið praktiska þekkingu. En það mundi sjálfsagt verða langt að bíða eftir því, að gufuvélasmiðjum verði komið á fót hér á landi. Það verður ekki beðið eftir því; því að vélagæzlumenn er nú þegar farið að vanta tilfinnanlega. Þess vegna verður að tjalda því, sem til er, nota það bezta sem nú er fyrir hendi, nfl. járnsmíðaverkstæðin. Bóklega þekkingin getur orðið í góðu lagi. Eg þekki fleiri menn, sem hafa tekið próf í þessari fræðigrein og eru vel færir til að hafa á hendi kensluna og tel ekki óhugsandi, að þeir væri jafnvel fáanlegir fyrir 1200 krónur, eins og hér er gert ráð fyrir að borga. — Að vísu eru það of lág laun. —

Það er sár þörf á því, að hrinda þessu máli áfram. Það er óhæfilega löng bið að fresta málinu til næsta þings, því að gufuskipunum fjölgar óðum, en vélgæzlumönnum ekki að því skapi.

Eiríkur Briem: Eg ætla aðeins að leiðrétta dálítinn misskilning á milli háttv. þm. Vestur-Skaftf. og háttv. 3. kgk. þm. — Háttvirtur 3. konungkjörinn þingmaður sagðist hafa snúið sér til nefndarinnar í því skyni, að fá hana til að flytja tillögu í sömu átt og breytingartill., sem hér liggur fyrir, en háttv. þm. Vestur-Skaftf. neitaði, að hann hefði borið sig saman við nefndina. Báðir hafa í rauninni rétt fyrir sér. 3. kgk. þm. snéri sér til mín og spurðist fyrir, hvort nefndin mundi vilja flytja frv. um vélagæzlu og leggja til, að kensla færi fram í gufuvélafræði við Stýrimannaskólann. Nefndin átti tal um þetta sín á milli, en sakir ókunnugleika á þessu máli áleit hún ekki fært að flytja neinar tillögur um þetta, að þessu sinni. Þessa niðurstöðu sagði eg háttv. 3. kgk. þm. og því hefir hann komið fram með þessa breytingartillögu. — Málið sjálft er gott, og gleðilegt er að heyra þann áhuga, sem háttv. 3. kgk. þm. hefir á þessu máli, því það er sjálfsagt framfaramál. En á hinn bóginn er málið illa undirbúið og vantar að vita um kostnaðinn, hve mikill hann mundi verða, og fleira, sem að þessu lýtur. Þessvegna þóttist nefndin ekki geta átt við þetta að þessu sinni, enda varla mikið í húfi, þó málinu sé frestað, þangað til betri undirbúningur er fenginn. Að líkindum hefði þessi tillaga ekki verið nefnd á nafn í þetta sinn, ef nefndin hefði ekki tekið lögin frá 1901, um próf í gufuvélafræði, upp á frumvarpið um Stýrimannaskólann, sem lá fyrir þessu þingi. Nefndin tók þessi ákvæði frá 13. sept. 1901 upp á frumvarpið, til þess að ná öllum ákvæðum um Stýrim.skólann og próf þar, saman í eina lög. En hefði nefndin ekki gert þetta, hefði líklega engum dottið í hug að koma fram með tillögu í líka átt sem till. á þingskj. 177.

3. umr. lokið.

ATKV.GR.:

Brtill. 1. lið (þskj. 177) sþ. með 7:3 atkv.
„ 2. „ „ „ „ „ 7:2 „
„ 3. „ „ „ „ „ 7:1 „

Frv. með áorðnum breytingum samþykt í einu hljóði og afgreitt til neðri deildar.

Ein umræða í efri deild 22. apríl (659, n. 694).

Framsögum. Gunnar Ólafsson: Frumvarp þetta hefir tekið dálitlum breytingum í hv. neðri deild. Og eins og tekið er fram í nefndarálitinu, miðar aðalbreytingin til þess að gera prófin nokkru þyngri, heimta meiri kunnáttu í siglingafræði og enskri tungu. Nefndin er samþykk þessu yfirleitt og þó einkum því að heimta ekki minni kunnáttu í enskri tungu heldur en í dönsku; því að það er alkunnugt, að enska kemur mönnum hvarvetna í lífinu að meira liði en danska, og auk þess er ekki óhægra að nema hana, svo að bjarg-

ast megi, en dönsku. En eina br.till. hefir hv. neðri deild þó gert á frumv. þessu, sem nefndin var í vafa um hvort samþ. ætti; sem sé það, að forstjóri stýrimannaskólakenslunnar í Danmörku skuli ekki framvegis velja á verkefni við stýrimannaprófið hér.

Það er skiljanlegt hvað fyrir hv. neðri deild hefir vakað, og í sjálfu sér er nefndin samþykk því. En hún hefir nokkurn ótta af því, að þessi úrfelling gæti orðið til þess, að stýrimenn, sem leituðu sér atvinnu erlendis, gætu goldið þess, þar sem skólinn hér er ungur og lítt þektur, eða að stýrimannaefni færu utan til þess að taka próf í því skyni, að það aflaði þeim meira álits.

Þrátt fyrir þetta hefir þó nefndin álitið rétt að leggja til við hina hv. deild, að hún samþykki frumv. óbreytt.

Frumvarpið síðan borið undir atkv. og samþ. í einu hljóði, og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Laun sóknarpresta.

FRUMV. til laga um breyting á lögum nr. 46, 16. nóv. 1907, um laun sóknarpresta.

Fyrsta umræða í efri deild 17. febrúar.

Sigurður Stefánsson: Eg sting upp á að málinu sé, að loknum umræðum vísað til nefndarinnar, er kosin var til að íhuga síðasta mál. (Um utanþjóðkirkjumenn).

Samþ. að vísa málinu til 2. umr. í e. hlj.

„ „ „ „ „ nefndarinnar í næsta máli á undan í e. hlj.

Önnur umræða í efri deild 1. marz (stj.frv.; n. 63).

Framsögumaður (Kr. Daníelsson): Þetta mál er ekki margbrotið, og hygg eg að hv. deildarmenn muni eiga auðvelt með að ákveða afstöðu sína til þess, þó eg fari ekki mörgum orðum um það. Eins og sjá má af athugasemdum stjórnarinnar og n. ál. þá er tilefnið til frv. runnið frá biskupi; hann sneri sér til stjórnarinnar og leiddi athygli hennar að því að breyta þyrfti ákvæðum 1. gr. laganna frá 16. nóv. 1907 um laun sóknarpresta, og nefndin komst líka að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt væri að bæta úr því misrétti og handahófi, sem verður í framkvæmd þessara laga. Þetta misrétti og handahóf kemur fram við það, að margir prestar hafa vígst eða fengið embætti á sama tíma. Þetta hefir komið fyrir og þessir prestar standa nú á takmörkunum með að flytjast úr lægri upp í hærri launaflokk. Árið 1886 vígðust 10 prestar, árið 1888 12 prestar og 1890 vígðust 8 prestar Misréttið kemur, eins og 1. gr. laganna hefir verið beitt í framkvæmdinni, fram á þann hátt, að sumir prestar hafa verið fluttir upp í hærri launaflokk meðan aðrir jafngamlir að embættisaldri, hafa orðið að bíða í lægri launaflokknum. Það er engin sanngirni í slíkum uppflutningi. Líklega hefir verið farið eftir aldri prestanna, þannig, að þeir, sem elstir voru mennirnir hafa fyrst verið fluttir upp, en þeir yngri orðið að bíða. Eins og segir í n. ál., má fyrirbyggja þetta misrétti, með því að fara eftir nákvæmum skilningi laganna. Það hefir ekki verið gert hingað til. Samkv. 1. gr. laganna getur enginn prestur fluzt upp í hærri launaflokk, nema hann sé orðinn eldri að embættisaldri en *fullur* þriðjungur eða *fullir* tveir þriðjungar allra sóknarpresta landsins. Sé greinin nákvæmlega rétt skilin og ákvæðum hennar nákvæmlega beitt, þá á, af tíu prestum jafngömlum að embættisaldri, enginn að geta komist upp í hærri launaflokk úr lægri, fyrr en þeir eru *allir* orðnir eldri að embættisaldri en einn þriðjungur eða tveir þriðjungar af prestum landsins. Þeir ættu því að bíða í lægri flokknum allir, þangað til svo margir hafa bæzt við hann, að þeir verða allir í einu fluttir upp í hærri flokkinn. Eg skal benda á það, að í niður-

lagi 3. málsgr. í n.ál. hefir prentast setning, sem ekki átti að vera þar; það er setningin: „sem telja má víst, að lögin hafi ekki ætlast til, þó að svo hafi skipast um orðalagið“. Þessi orð eiga að falla í burt, því að það er upplýst, að til þess var einmitt ætlast, að ákvæðum laganna yrði beitt á þann hátt, sem eg hefi nú lýst, nefnilega að allir prestarnir biði þangað til þeir gætu orðið fluttir upp allir í einu. En þá hafa þeir, er gengu frá lögunum tæpast haft fyrir augum tilfellin frá 1886 og 1888. Þeir hafa varla athugað það órétti, sem þessir prestar verða fyrir, eða hefðu átt að verða fyrir, ef lögunum hefði verið nákvæmlega fylgt, á móts við það, er einungis hafa verið vígðir í einu tveir eða þrír prestar. Eins og eg hefi nú útskýrt, hverfur misréttið milli prestanna og handahófið, sem nú er með réttu kvartað yfir, er haldið er við strangan, orðréttan skilning á lagagreininni. En þá kemur fram hitt handahófið og óréttið, að þeir bíða allir mikinn halla, og er það alveg ófært, því að með því móti er of lítið tillit tekið til embættisaldursins, og þeirra verðleika og reynslu, sem hljóta að leiða af langri starfsemi í embættinu. Það gerir engan mann verðugri til uppflutninga þó hann hafi verið svo heppinn, að fáir hafi vígst með honum, tekið embætti samtímis honum. — Nefndin komst því að þeirri niðurstöðu, að óhjákvæmilegt væri að víkja frá þessari skiftingu í þrjá *jafna* flokka. Hún vill að vísu halda þriskiftingunni, en miða hana við þjónustutíma prestanna. Í frv. stjórnarinnar er líka þessi regla tekin upp, og eru takmörkin sett 10 og 20 ára þjónustutími, og þannig gengið út frá, að prestar séu að meðaltali 30 ár í embætti. Nefndinni kom saman um, að af þeim tímatakmörkum, sem sett eru í stj.frv. mundi leiða meiri útgjaldaauki en það sjálft ætlast til, og þingið mundi vilja aðhyllast. Auðvitað er það óhjákvæmilegt, að nokkur útgjaldaauki leiði af slíkri breytingu á lögunum, vegna þeirra presta, sem vígðir voru 1886 og '88, en hann hverfur brátt, við það, að prestaköll verða lögð niður og margir prestar, sem nú eru í efsta flokki, ganga burt, án þess nokkur komi í þeirra stað, svo að innan skamms tíma verður útgjaldaaukinn alls enginn. En til þess að lækka nokkuð þann útgjaldaauka, sem hlýtur að leiða af frv. í fyrstu, stingur nefndin upp á þeirri breytingu (þgsk. 63), að í stað 10 þjónustuára komi 12 ár, og í stað 20 ára komi 22 þjónustuár. Þá kæmust 12 ára prestar upp í miðflokkinn, og 22 ára prestar upp í efsta flokk.

Eg hygg nú að eg hafi útskýrt frv. og br.till. nefndarinnar nægilega fyrir háttv. deildarmönnum, og skal ekki þreyta þá með fleiri orðum, en bæti að eins við, að eg vona, að frv. verði samþykt með þessari breytingu, sem við höfum stungið upp á.

Lárus H. Bjarnason: Af því að svo má skilja athugasemdir stjórnarinnar og jafnvel nefndarálitið, sem kirkjumálanefndin, er undirbjó meðal annars lögin um laun sóknarpresta, hafi látið sér verða á „handahóf“ og jafnvel gefið tilefni til „misréttis“, leyfi eg mér sem fyrv. formaður nefndarinnar að geta þess, að nefndin flokkaði presta, svo sem þar er gert, af yfir lögðu ráði. Og gekk nefndinni það aðallega til flokkunarinnar, að hún vildi komast hjá að íþyngja landsjóði með launabreytingunni, enda tókst það.

En úr því að eg stóð upp, vildi eg jafnframt leyfa mér að leiða athygli að 1 atriði, sem mér finst nefndin hafa farið nokkuð létt yfir, enda sitja í henni þrír geistlegir herrar — en það er kostnaðarspurningin. Kostnaðaraukinn verður 1. árið 17 margfaldað með 200, samtals 3400 krónur. Hinsvegar er ekki hægt að segja, hver kostnaðurinn muni verða framvegis á ári hverju, en ekki ólíklegt, að hann skifti alls tugum þúsunda.

Og væri nógu gaman að heyra, hvort þeir tveir verzlegu herrar, sem í nefnd-

inni sitja, háttv. 4. konungkj og háttv. þingm. Akureyrar hefðu athugað þetta.

Vinur minn háttv. 2. konungkj., sem nú var að biðja um orðið, sat í kirkjum.n. með mér og getur vitnað um, hvort launaflokkaskipunin hafi eigi verið gerð með yfirlögðu ráði.

Eg verð annars að játa, að eg ekki hef haft tíma til þess að athuga þetta mál sem skyldi. En rétt þykir mér, svo sem fjárhagnum nú er komið, að stofna ekki til ónauðsynlegra útgjalda landsjóði til handa, því að þó að prestlaunasjóður eigi í orði kveðnu að launa prestum, þá lendir þó það á landsjóði, sem prestlaunasjóður ekki orkar að borga.

Eiríkur Briem: Háttv 5. konungkj. gat þess til, að eg mundi staðfesta orð sín. Það er líka alveg rétt, að launaflokkaskipun presta var hjá kirkjumálanefndinni gerð af yfirlögðu ráði, en ekki út í bláinn. — Aðalmarkmið kirkjumálanefndarinnar í þessu efni, var að haga svo til og hnitmiða skipun launaflokkanna svo, að í járnum stæði með kostnaðinn, og að breytingin hefði engan kostnaðarauka í för með sér fyrir þjóðfélagið. —

Það er því engin tilviljun, að svo var um hnútana búið, að ekki gæti verið í 1. launafl., meira en þriðjungur presta; í 2. fl. annar þriðjungur o. s. frv. En þeirri frumreglu nefndarinnar að láta kostnaðinn við laun prestanna vera jafn mikinn, þegar breytingin væri öll komin á, eins og áður hafði verið, var jafnvel undir eins á þinginu 1907 raskað, og enn á þinginu 1909. Eg skal játa það, að eðlilegra finst mér, að miða launin við embættisaldur, og það duldist engan veginn nefndinni; en hún gat ekki fylgt þeirri frumreglu, er hún hafði tekið sér, ef hún miðaði við tölu embættisáranna, en úr því þeirri frumreglu er slept, þá virðist vel mega gera það.

Í frumvarpi þessu er nú farið fram á, að launin hækki eftir þjónustuárum.

Það hefir verið gert ráð fyrir, að meðalþjónustu aldur presta, sé 30 ár; nákvæmt er þetta nú líklegast ekki; en maður getur sagt, að hann muni vera á milli 30—36, þó nokkru nær 30.

Nefndin hefir miðað allar sínar tillögur við það, að á sama mætti standa þegar fram líða stundir fyrir prestlaunasjóð og landsjóðinn, hvorri reglunni fylgt væri.

Fyrir nokkrum árum var alveg óvanaleg fjölgun presta hér á landi, þótt nú sé því nokkuð öðruvísi farið; og mundi t. d. eftir 1890 prestar hafa komist upp í 2. launafl. eftir mjög fá þjónustuár.

Það er mikið rétt, að á næsta ári kostar breytingin 3400 krónur; úr því fer kostnaðurinn minkandi smátt og smátt, en það er ekki hægt að reikna þetta út og sýna nákvæmlega með tölum, hve mikið hann muni lækka hvert ár.

Steingrímur Jónsson: Háttvirtur 5. konungkj. skaut máli sínu til okkar, hinna tveggja verzlegu manna, er í nefndinni sátu. Eg skal játa, að kostnaðurinn verður talsverður fyrst í stað. Fyrsta árið 3400 krónur.

Á árunum 1886—1888 voru vígðir 24 prestar, sem hefðu þurft eftir núgildandi lögum að bíða 3—4—5 ár, til þess að komast í hæsta launaflokk. En aðalspurningin er ekki um það, hve mikill kostnaðaraukinn verði 2—3 næstu árin, heldur hvað við taki í framtíðinni, hvort kostnaðurinn við þessa breytingu, verði þá mikill, eða ekki. Eg hefði getað reiknað þetta út nokkuð nákvæmlega, hefði eg haft tíma til þess. En sem sagt býst eg ekki við, að breytingin verði landsjóði teljandi byrðarauki, en hún bætir augljóslega nokkuð úr því misrétti, sem prestastétt vor á að búa við undir nýju prestalaunalögunum eins og þau nú eru orðuð.

Kristinn Daníelsson: Háttv. 5. kgkj. kannaðist við, að eg hefði bætt úr þeirri yfirsjón, að fallið hafði niður úr nefndarálitinu; en það hefir nú ekki svo mikla þýðingu fyrir mál þetta.

Háttv. 2. konungkj. gaf þær upplýsingar, að nefndin hefði ekki viljað auka útgjaldabyrði þjóðfélagsins, og er það bæði satt og rétt. Þá gat og háttv 5. konungkj. þess, að í nefndinni sætu 3 geistlegir ir herrar, og gaf þar með hálft í hvoru í skyn, að tæplega mundi, af þeim orsökum, vera að vænta óhlutdrægni. Eg skal fúslega játa, að afstaða okkar er hvergi nærri góð, þar sem við erum að ýmsu leyti að dæma í eigin sök; en þó get eg fullvissað háttv. 5. kgk. þm. um, að við höfum unnið í máli þessu, eins samvizkusamlega og okkur frekast var unt. Um kostnaðaraukann er það enn að segja, að hann getur vel orðið töluvert minni en búist var við; en þess ber og að gæta, að menn mega ekki altaf einblína á skildinginn; málin þurfa líka að skoðast með réttlæti og sanngirni.

Annars er það alþjóð kunnugt, að prestum hefir ekki altaf verið gert sérlega hátt undir höfði, og hygg eg að fáir aðrir embættismannaflokkar, mundu hafa sætt sig við þannig lagaða meðferð.

Eg skal svo ekki þreyta hv. þingdeild með fleiri orðum um mál þetta, og treysti því að frv. fái fyrirstöðulaust að ganga til 3. umræðu.

Lárus H. Bjarnason: Sessunautur minn hv. 2. kgk. þm. sagði, að prestarnir gætu reiknað út launin sín. Og það er mikið rétt. — En svo ætti jafnframt að vera umbúið, að við, sem sitjum kringum þetta borð, og eigum að láta hag landssjóðsins sitja í fyrirrúmi fyrir hagsmunum einstakra manna, gætum reiknað út hver byrðarauki launabreytingin yrði fyrir landssjóð. En það er ekki hægt. Og gagnið, sem þau gera nokkrum prestum sjálfgefið, þótt síðar verði, þó að breytingin komist ekki á nú, með því að tíminn bætir þeim það af eigin ramleik.

Eg fyrir mitt leyti sé því ekki nægja ástæðu til að breyta hinum nýju lögum, sem bættu mjög í búi fyrir prestum.

Framsögum. Kristinn Daníelsson: Mér skildist svo sem hv. síðasti ræðum. vildi ekki kannast við, að handahóf kæmi fram eftir eldri reglunni, er farið er eftir núgildandi lögum, og hann hélt því fram, að þar væri farið eftir fastskorðuðu „*principi*“. En eg fæ ekki séð, að þar sé um „*princip*“ að ræða. Menn verða að gæta þess, að regla og „*princip*“ er ekki hið sama. Eg kalla það ekki „*princip*“, sem leiðir til handahófs eða ef það, sem eg vildi kalla reglu, á skilið að kallast „princip“, þá er það „*princip*“, sem leiðir til handahófs. Því að hvað er handahóf, ef ekki það, að 9 eða 11 prestar verða að bíða eftir 10. eða 12. prestinum til þess að komast upp í hærri launaflokk. En ef til vill gætu þeir, ef það stæði ekki svona á, komist upp í hærri flokk. Eg játa fúslega, að það sé skylda vor þingmanna að gæta hagsmuna landssjóðs. En það verður líka að gæta hins, að öllum þjónustumönnum landsins sé gert jafn rétthátt undir höfði, að réttlætinu sé ekki gleymt. Þeir sem nú lifa og nú verða fyrir halla, fá engar bætur mála sinna, þó að seinni tímamenn verði ekki fyrir sama hallanum. Þeir fá enga leiðrétting mála sinna, er þeir eru dauðir.

ATKVGR.:

1. br.till. á þgsk. 63 sþ. m. 11 shl. atkv.
2. br.till. á þgsk. 63 sþ. m. 11 shl. atkv.
1. gr. frv. sþ. m. 11 atkv. gegn 2.
Frumv. vísað til 3. umr. m. 11 atkv. gegn 2.

Þriðja umræða í efri deild 3. marz.

Frams.m. Kristinn Daníelsson: Eg hefi engu að bæta við það, sem sagt var um daginn við 2. umræðu. Eg skal því ekki lengja umræðurnar mikið að þessu sinni.

Það er komin fram br.till. frá hv. 2. þm. Skagf. (J. Bj.) um, að í stað „22 þjónustuár“ komi: 24 þjónustuár. Eg get

lýst yfir því fyrir hönd nefndarinnar, sem hefir borið sig saman um þetta atriði, að hún getur ekki fallist á þessa br.till. né gefið henni atkvæði sitt. Það var áður minst á þetta í nefnd, en hún féll einróma frá því að koma þessu þannig fyrir. Þessi tillaga byggist á því, að meðalþjónustualdur presta sé 36 ár, en hann er ekki svo hár; það getur varla komið til mála að ætla hann svo háan. Skjallegar skýrslur hefir nefndin að vísu ekki haft með höndum um þetta atriði. Hér við bætist, að líkur eru til, að þjónustualdur presta verði ekki svo hár eftirleiðis, sem hann hefir verið hingað til. Prestaköllin stækka og verða því erfiðari — og af því endast prestarnir ver til prestsþjónustunnar. Ýmislegt fleira mætti telja til. Með þessari br.till. -- ef hún verður samþykt — er minkað við presta á þeim tíma, er sízt skyldi, á því skeiði, er erfiðleikarnir eru hvað mestir við að stríða í fjárhagsefnum, á þeim tíma, er þeir hafa mestan kostnað við mentun barna sinna. Hér við bætist og, að þetta ákvæði mundi koma mjög hart niður á þeim, er prestvígðir eru á árunum 1886—88—90 — og það verður jafnframt að hafa það fyrir augum.

Eg skal svo að sinni ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en leyfi mér að mæla með því, að frumv. verði samþykt óbreytt, eins og það var samþykt við 2. umræðu.

Jósef Björnsson: Eg hefi leyft mér að koma fram með þá breytingartillögu, er hér liggur fyrir, til þess að draga úr þeim kostnaði, er frumvarpið bakar landssjóði, ef það verður að lögum. Við 2. umr. var það skýrt tekið fram, að sú upphæð, er kæmi til útborgunar úr landssjóði umfram það, er goldið er eftir eldri lögunum, næmi 3400 kr. á ári. Hér er því um töluverða hækkun að ræða og það er ekki sýnilegt, að hún fari verulega minkandi á næstu árum. Þeir eru ekki margir af núverandi prestum landsins, er geta kallast háaldraðir. Þegar litið er yfir prestatalið í fardögum 1908, sést, að það eru ekki nema 15 prestar svo gamlir, að þeir séu fæddir fyrir 1850. Það má því búast við, að frumvarpið hafi samskonar áhrif á næstu árum, sem það hefir nú í svipinn, svo að téð upphæð 3400 kr. fari ekki fljótlega minkandi. Þó að yngri prestar geti auðvitað dáið, þá eru samt engar sérstakar líkur á, að margir prestar deyi næstu árin. En af því leiðir, að miklu fleiri prestar verða í hærri launaflokkunum. Hvað sem öðru líður er mín afstaða gagnvart frumvarpinu sú, að það sé ekki full ástæða til að breyta lögunum frá 1907. Eg get tekið undir það og gert að mínum orðum, er framsögum. nefndarinnar í þessu máli í neðri deild, Pétur Jónsson, sagði á þingi 1907, er um þá tillögu var að ræða að láta laun presta lækka eftir 10 og 20 ára þjónustu. En þá fórust honum svo orð, að eftir þessari reglu mundi landssjóður borga meira til prestslaunasjóðs, og væri það strax ástæða móti tillögunni. Og sannarlega er það nægileg ástæða til að vera mótfallinn lögum þessum, að þau hækka laun prestanna í heild sinni. Eg segi það ekki, en mér dettur í hug, að úti á meðal þjóðarinnar kynni einhverjum að verða að orði, er hann heyrir sagt frá þessu frumvarpi, að „seint fyllist sálin prestanna“. Yfirleitt er þjóðin mótfallin hækkun á launum embættismanna. Og hún lítur svo á, að launakjör prestanna séu sæmileg.

Hv. framsögum. (Kr. Dan.) hélt því fram, að með þessu væri þjónustualdur presta of hátt áætlaður, 36 ár. Þar til er að svara, að hvorugur okkar getur sannað neitt um þetta atriði. Hv. framsögum. (Kr. Dan.) kannaðist sjálfur við, að það vantaði skjallegar skýrslur, er bygt yrði á í þessu efni. Nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að þjónustu aldur presta mætti telja frá 30—36 ár, svo að það er þá ekki svo langt frá því, er mín til-

laga byggist á. En að því er kemur til þess, er hv. framsögum. fanst líkindi til, að prestar yrðu skammlífari eftirleiðis en þeir hafa verið til þessa, af því að prestaköllin stækkuðu og yrðu því erfiðari, þá vil eg geta þess í sambandi við þessi ummæli, að þótt prestaköllin séu nú stærri en áður, þá hafa önnur skilyrði breyzt til batnaðar. Samgöngur hafa batnað, svo að hægra er umferðar — og það er ekki lítilsvert í þessu efni. Þá er annað atriði, er hér kemur til greina, og það er, að störfum hefir verið létt af prestunum t. d. að því er snertir fræðslu barna og unglinga. Í heild sinni lengist mannsaldurinn hjá okkur, og eg fæ ekki skilið, að prestar séu nokkur undantekning frá þeirri reglu og sé ekki heldur, að prestastéttin hafi að neinu leyti við slæm kjör að búa eins og nú er komið. Eg býst því við, að þjónustualdur presta lengist fremur en styttist.

Háttv. framsögum. talaði við 2. umr. málsins mjög um handahóf, er kæmi fram í lögunum 1907. Þetta er öfugt. Sé hér um nokkurt handahóf að ræða, þá mætti með fullum rétti kalla það handahóf, að samþ. þetta frv. eins og það nú liggur fyrir.

Það er auðsætt hverjum manni, að kostnaðurinn til að launa prestunum hlýtur að verða talsvert miklu meiri á einu árabili en öðru, nái frumv. fram að ganga. Sumir munu nú segja, að þetta geri ekki svo mikið til, hitt þýði meira, að öll þessi gjöld til prestanna séu eðlileg og sanngjörn. Um það skal eg það eitt segja, að eg get ekki talið núgildandi launalög presta ósanngjörn né óeðlileg. Og hitt finst mér sjálfsagt, að menn vilji vita með vissu, hve mikilli upphæð varið sé alls árlega til launa prestastéttinni og að þessi upphæð sé föst og ákveðin, en ekki tilbreytileg frá ári til árs, eins og hér er farið fram á.

Þegar framsm. nefndarinnar í prestlaunamálinu í n.d. á þinginu 1907 mælti á móti því, að launahækkunin væri miðuð við þjónustuár og með þriðjungaskiftunum, þá sagði hann, að eftir þeim væri alveg „mathematisk“ vissa fyrir því, hve mikið þeir (ɔ: prestastéttin) fá samtals. Og þannig eru lögin, sem nú eru í gildi, þau gefa óyggjandi vissu fyrir því, hve mikið þurfi samtals til launa handa prestastéttinni. Eg þykist þá hafa sýnt fram á, að breytingartillaga mín sé ekki ósanngjörn, frá hvaða sjónarmiði sem er, og vænti eg þess af hinni háttvirtu deild, að hún samþykki hana. Eg gleymdi einu atriði, sem eg ætlaði mér að minnast á, þegar eg talaði um starfsemi presta. Prestar hafa nú sem kunnugt er, samkv. nýju launalögunum, losnað við að innheimta gjöld sín. Sóknarnefndir hafa tekið við innheimtunni. Það var ilt starf, vanþakklátt og óeðlilegt; ekki fæ eg skilið, að þjónustualdurinn muni styttast við þessa breytingu. Sem sagt, nú er þeim óþægindum af þeim létt, jafnframt því, að þeir eru komnir á föst laun. Skal eg svo ekki fjölyrða meira um þetta atriði að sinni, en vænti þess, að háttv. deild, taki á þessari brtill. minni vægum höndum.

Kristinn Daníelsson: Það hefir sjálfsagt ekki mikla þýðingu að lengja frekara umræður um þetta mál, enda býst eg við, að allir hafi þegar ákvarðað sig. Eg skil mjög vel, hvað vakir fyrir hv. þm. Skagfirðinga; hann vill spara fé landsjóðs; þetta vil eg bæði virða og meta; því þörfina til sparnaðar játa eg í hvívetna. Hv. sami þingmaður var heldur ekki samdóma mér og nefndinni um meðal þjónustualdur presta, en það get eg fullvissað hann um, að einróma álit nefndarinnar hneig að því að 36 ára takmarkið mundi vera alt of hátt. En hvað það ákvæði snertir, er eg sagði, að eftirleiðis mundi þjónustu aldur verða skemri, þá átti eg ekki beinlínis við skammlífi; heldur hitt að eg hjóst ekki við, að prestarnir mundu endast til að þjóna eins lengi í erfiðum prestaköllum; hér get eg talað af eigin reynslu, eg finn að eg muni ekki endast sjálfur eins lengi í því erfiða prestakalli, sem eg nú hefi, eins og eg hefði getað í

léttu prestakalli, sem eg áður hafði, og eftir því hlýt eg að dæma um aðra presta. Sami háttv. þm. hélt því fram, að auknar vegabætur hefðu í seinni tíð gert prestum léttara fyrir en ella. Því neita eg auðvitað ekki, að þær hafi gert mikla bót, og án þeirra hefðu líka margar brauðasamsteypurnar verið óhugsanlegar; t. d. hefði engri átt náð, að ætla sér að leggja Kálfatjörn undir Garðapestakall, án bættra vega. En annars er nú vegabótum hér á landi víða svo farið, að aðalumbæturnar eru venjulega miklu fremur á milli sýslna; en oft og einatt máske sáralitlar, eða lélegar í hreppunum. —

Alveg þveröfugt fanst mér það hjá hv. 2. þm. Skagf., að störfin hafi nú í seinni tíð verið tekin af prestunum. —

Við alla framþróun mannfélagsins vaxa störfin og verða umfangsmeiri; prestar hafa enn á hendi öll hin sömu störf um fræðslu barna og unglinga; og þar að auki venjulegar húsvitjanir, ásamt mörgum fleiri störfum, sem á þá er hlaðið.

Eg ætla að leiða hjá mér handahófið, sem háttv. 2. þm. Skagf. var að tala um. Það er óviðkomandi máli þessu. — Mér finst þetta alveg sama og ef húsbóndi réði hjú, og hugsaði svo, að hann þyrfti ekki að leggja fram nokkru meiri forlagseyri, við fjölgun hjúanna.

Sama gildir auðvitað um landsjóðinn.

Eg skal ekki fara lengra út í það, sem háttv. sami þingm. sagði um innheimtuna; eg þekki svo vel til um þá presta, sem komnir eru undir nýju lögin; en það þykist eg vita um þá, sem enn eru undir eldri lögunum, að þar séu ekki öll kurl komin til grafar, þótt svo eigi að heita, að þeir séu lausir við heimtu launa sinna.

Jósef Björnsson: Það gladdi mig sannarlega er eg heyrði, að hv. framsögum. var mér samdóma um það, að auknar vegabætur hefðu þegar gert prestum miklu léttara fyrir. Eg er honum líka alveg sammála um það, að sameining brauða hefði verið óhugsanleg, nema með auknum og bættum samgöngum. Hv. framsm. vildi þó ekki viðurkenna, að störf presta væru nú að ýmsu leyti mun léttari en verið hefði; taldi þar sínu máli til stuðnings, að fræðsla barna og unglinga hvíldi engu léttara á prestunum, en verið hefði hingað til, og þar að auki væri þeim að mörgu leyti gert örðugra fyrir, eftir að prestaköllin stækkuðu með brauðasamsteypulögunum. En eg vil nú minna hv. framsögum. á það, að, að því er til hinna stækkuðu prestakalla kemur, þá er til erfiðleikauppbót, eigi alllítil, sem skift er niður á milli örðugustu brauðanna. Og eins og eg tók fram í upphafi, þá verður því ekki neitað með rökum, að kjör presta eru nú svo stórvægilega bætt, að vel má við una. Hv. framsögum. hélt fast við það, að prestar hefðu yfirleitt meiri störfum að gegna vegna framþróunar mannfélagsins, en átt hefði sér stað hingað til. Hver mundu þau störf vera? Sennilega störf, sem þeir taka á sig sjálfviljugir, óviðkomandi embættinu. Ekki getur komið til mála, að landssjóður eigi að blæða fyrir það, þó þeir vasist í ýmsu, er þeir gætu vel leitt hjá sér.

Að lokum vil eg taka það fram, að hér er auðvitað ekki að ræða um fjölgun presta, heldur að eins að gera jafnmarga presta að dýrari prestum, og því er samlíking frams.m. um þörf á auknu hjúahaldi og af því stafandi aukinn kostnað fyrir bóndann óviðeigandi.

3. umr. lokið.

Br.till. 2. þm. Skagf. feld að viðhöfðu nafnakalli með 8:3 atkv. og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jósef Björnsson,	Kristinn Daníelsson,
Kristján Jónsson,	Steingr. Jónsson,
Lárus H. Bjarnason.	Ari Jónsson.
	Aug. Flygenring,
	Eiríkur Briem,
	Gunnar Ólafsson,

Sig. Hjörleifsson,
Sig. Stefánsson.
Frumv. í heild sinni sþ. m. 9:2 atkv.

Dánarskýrslur.

FRUMVARP til laga um dánarskýrslur.
Fyrsta umr. í efri deild 20. febr.

Ráðherra (B. J): Með því að þetta er stjórnarfrumvarp mun þykja hlýða, að eg mæli nokkur orð málinu til stuðnings. Mér þótti leitt að geta ekki verið á síðasta fundi hér í deildinni, þar sem einnig voru nokkur stjórnarfrumvörp til umræðu. En sökum embættisanna var mér ókleift að sækja þann fund. Og því miður getur vel borið svo undir, að eins standi svo á síðar, því að fundartíminn hér í deildinni er mjög óhentugur fyrir mig. Annars er það bót í máli, að flest það, sem ástæða var til að taka fram til stuðnings frumvörpunum að upphafi máls, mun vera nefnt í athugasemdunum við þau. Eigi að síður þykir mér hlýða, að vera viðstaddur þegar stjórnarfrumvörp eru rædd að upphafi og mun kosta kapps um það, ef kleift er.

Þetta frv. er það sem kallað er „afturganga“ frá síðasta þingi. Þá var samskomar frumvarp samþykt í efri deild, en felt í neðri deild með 1 atkvæðis mun. Stjórnin hefir nú leitast við að laga aðall. þá galla, sem þá urðu því að fótakefli. Má vel vera, að frumvarpið þyki enn ekki lýtalaust, en eg hygg þó, að vel megi við það bjargast eins og það er nú. Landlæknir telur nauðsynlegt, að málið fái fram að ganga, enda verður það naumast talið viðunandi lengur, að hvergi sé skýrslu að fá hér á landi um dauðamein manna. — Því leyfi eg mér að mæla með því, að deildin taki frumvarpið til meðferðar og leyfi því framgang, annaðhvort óbreyttu eða með þeim einum breytingum, að nái tilgangi sínum.

Sigurður Hjörleifsson: Eins og ráðherra gat um, og tekið er fram í athugasemdum við frumvarp þetta, hefir málið mætt nokkrum hrakningum á undanfarandi þingum, enda er það mjög skiljanlegt, því að þau frumvörp, sem áður fyr hafa legið fyrir alþingi líks efnis, hafa sum ekki verið framkvæmanleg. En eins og frumvarpið liggur nú fyrir, er það vel framkvæmanlegt og hefir lítinn kostnað í för með sér, en aftur á móti mikinn fróðleik. Það þykir nauðsynlegt að afla sér fróðleiks um sjúkdóma og dauðamein alidýra, og þá væri undarlegt, ef vér vildum ekki einnig leita samskonar upplýsinga um sjúkdóma fólksins í landinu, að svo miklu leyti sem unt er; og með því að almennar dánarskýrslur, eins og frv. gerir ráð fyrir, eru alveg nauðsynlegar til þess, að geta fengið nokkra ábyggilega þekkingu í þessum efnum, þá þykir mér ótrúlegt að frumvarp þetta verði felt. — Eg lít svo á, að það sé í rauninni óþarft að skipa nefnd í þetta mál, þar sem frumvarpið er því nær samhljóða frumv. því, er deildin hafði til meðferðar á síðasta þingi. En af því að háttv. þingdeildarmenn voru ósammála þá og frumv. síðan felt í neðri deild, hygg eg þó réttara, að málið verði enn athugað í nefnd, og leyfi eg mér að stinga upp á þriggja manna nefnd að lokinni umræðu.

1. umræðu lokið.

Frv. samþ. til 2. umr. í einu hljóði.

Samþ. í einu hlj. að skipa 3 manna nefnd í málið.

Þessir þingdeildarm. voru kosnir í nefndina, að viðhöfðum hlutfallskosningum:
Sigurður Hjörleifsson,
Steingr. Jónsson,
Jósef Björnsson.

Önnur umræða í efri deild 7. marz (stj.frv. n. 96).

Framsögum. (Sigurður Hjörleifsson):

Háttvirt deild hefir séð af þingskjali 96, að nefndin er sammála um að leggja til að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Það hefir verið talað töluvert um þetta mál og mér finst varla vert að eyða tímanum til að rekja það sundur. Ef mótmæli skyldu koma á móti því, væri fremur ástæða þá til að taka aftur til máls.

Vonandi er að það komist vel út úr deildinni.

Frumvarpið er ekki langt mál. Það er að eins þrjár greinar.

Í fyrstu grein ræðir um hversu fá skal dánarvottorð þar sem læknir á heima í kirkjusókninni. Í annari grein eru aftur ákvæði um, hversu fara skuli að í þeim sóknum þar sem enginn læknir er.

Aðalatriðið er tekið fram í þriðju grein. Prestar semja skýrslurnar og senda héraðslæknum, en þeir landlækni. Hér er þungamiðja frumvarpsins, að fá sæmilegar dánarskýrslur, landinu að kostnaðarlitlu.

Dálítil breyting hefir verið gerð við frumvarpið frá því, sem það var á síðasta þingi og er hún að tilhlutun landlæknis. Það er viðauki við fyrstu málsgr. 3. greinar og byrjar með orðunum: og tilgreinir prestur ... o. s. frv. Vona eg svo að málinu verði vel tekið og látið ganga til þriðju umræðu.

Kristinn Daníelsson: Á síðasta þingi kom eg fram með nokkrar breytingartillögur við frumvarp þetta. Eg sé að það er nú aftur komið í sömu mynd, sem það þá fór í héðan úr deildinni. Eg er enn þeirrar skoðunar, að breytingartillögur mínar væru til bóta þar sem á þann hátt, sem þær fóru fram á, mætti vinna það sama sem með frv. vinst, nefnilega með því, að prestarnir gæfu dánarskýrslur að viðbættu því, sem þeir vissu um dauðameinin, og mundu svo læknarnir leiðrétta þær, þar sem þeir vissu betur. Við þetta sparaðist ómak og kostnaður fyrir hlutaðeigendur, en skýrslurnar gætu þó komið að sama gagni.

Eg kem þó ekki fram með neinar breytingartillögur nú. Deildin er skipuð sömu mönnum og síðast og mundu þá úrslitin væntanlega verða hin sömu.

Eg vil ekki óska að háttvirt neðri deild fari með frumvarpið svo sem hún fór með frumvarpið á síðasta þingi, er hún feldi það við 1. umr., en æskilegt þætti mér, að þar kæmust að breytingartillögur í sömu átt, og eg hefi farið fram á.

ATKVGR.

1. gr. frv. samþ. með 9 samhlj. atkv.
2. „ „ „ „ 9 „ „
3. „ „ „ „ 9 „ „

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 10 samhlj. atkv.

Þriðja umr. í efri deild 7. marz.

Frumvarpið samþykt með 9 atkvæðum gegn 2 og afgreitt til forseta neðri deildar.

Ein umræða í efri deild 18. apríl (606, n. 624).

Framsögumaður (Sigurður Hjörleifsson): Breytingum þeim, sem háttv. neðri deild hefir gert á þessu frumvarpi, víkur þannig við, að hún hefir felt burtu ákvæðið um að binda skoðun á dánum mönnum við kirkjusóknir þær, sem læknir á heima í. Nú er þessi skoðun, sem frumvarpið fyrirskipar, að eins bundin við kauptún, sem eru læknissetur. Þetta er að því leyti lakara, að með þessu móti fást færri skýrslur. En það er aftur til bóta að því leyti, að kostnaður verður minni fyrir landssjóð, er af frumvarpinu leiðir, og ómökum er létt af mönnum. Nefndin hefir orðið sammála um að ráða deildinni til að samþykkja frumvarpið óbreytt. Í þessu sambandi skal eg geta þess, að 29 læknar landsins eru búsettir í kauptúnum og í þessum kauptúnum munu vera búsettir um 26,904 eða um 27 þús. manns. Eftir þessu má búast við, að hægt sé þá að fá nokkurn veginn ábyggilegar dánarskýrslur úr verulegum hluta af landinu.

Það bætti og úr, ef sóknarprestur væri fenginn til að skýra héraðslækni frá hlutfallinu milli þeirra, sem búa í sókninni utan kauptúns, og þeirra sem í kauptúninu búa.

Nefndin ræður, sem sagt, deildinni til að samþykkja frumvarpið orðrétt.

ATKV.GR.

Frumvarpið samþ. með 9 atkv. gegn 1 og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Sóttgæzluskírteini skipa.

FRUMVARP til laga um sóttgæzluskírteini skipa.

Fyrsta umræða í efri deild 18. febrúar.

Sigurður Stefánsson: Eg leyfi mér að stinga upp á, að þessu máli verði einnig vísað til nefndar þeirrar, sem hefir tvö síðustu mál til meðferðar.

1. umr. lokið.

Frv. sþ. til 2. umr. í einu hljóði.

Samþ. í einu hl. að vísa málinu til nefndar þeirrar, er skipuð hafði verið í málið: Frv. til laga um vita, sjómerki o. fl., en í þeirri nefnd eru þessir þingdeildarmenn:

Sigurður Stefánsson,
Júlíus Havsteen,
Gunnar Ólafsson,
Augúst Flygenring,
Sigurður Hjörleifsson.

Önnur umræða í efri deild 25. febrúar (stj.frv., n. 53).

Frams.m. (Augúst Flygenring): Þetta er svo smávægilegt og einfalt málefni, að það þarf ekki langrar skýringar við. Það er ein grein, sem innibindur í sér ákvæði um að upphefja gjald fyrir staðfestingu á sóttvarnarskírteinum skipa, er til Íslands ganga, er bar að borga dönskum ræðismönnum. Nefndin lítur svo á, að það geti ekki verið varhugavert, að nema slíkt úr gildi, hvorki frá sóttvarnarlegu né öðru sjónarmiði, né heldur, að það muni vekja óánægju, að gjaldinu sé létt af. Stjórnin hefir fært rök fyrir málinu í ástæðum sínum fyrir frumvarpinu og eg leyfi mér fyrir nefndarinnar hönd að leggja til að það verði samþykt.

2. umr. lokið.

1. gr. sþ. með 12 shl. atkv.
2. gr. sþ. með 11 shl atkv.
Fyrirsögn frumv. sþ. m. 12 shl. atkv.
Málinu vísað til 3. umr. með 12 shl. atkv.

Þriðja umræða í efri deild 27. febrúar.

Engar umræður.

Frumvarpið samþ. í einu hljóði og sendist forseta neðri deildar.

Ein umræða í efri deild 9. marz (stj.frv. 114, n. 138).

Ráðherra (B. J.): Þetta er ekki nema ofurlítil br.till., sem stefnir að því að koma frumvarpinu í það horf, sem virðul. efri deild skildi við það í. Eg vonast því til, að virðul. deild hafi ekkert við það að athuga. Það var upphaflega farið fram á að fella burt konsúlsáritun á sóttgæzluskírteini skipa, með því að hún væri óþörf orðin og bakaði útgerðarmönnum skipa tilgangslausan kostnað. Virðul. neðri deild hefir viljað afnema sóttgæzluskírteini skipanna með öllu. En það er of langt farið og óvarlega. Hitt er nóg.

Framsögum. (Aug. Flygenring): Það er búið að taka það fram, og er kunnugt hinni hv. deild, að neðri deild hefir breytt frumvarpinu þannig, að burt er feld skyldan skipa um sóttgæzluskírteini, sem gert er ráð fyrir í lögum um sigling og verzlun á Íslandi frá 1854, að öll skip hafi, er til Íslands ganga og einnig í lögunum 6. nóv. 1902. Nefndin hefir komist að raun um, að flest fiskiskip, sem til landsins ganga, hafa ekki sóttgæzluskírteini og henni finst engin ástæða til að halda þeirri skyldu um

kaupskip, enda gerist þess nú ekki þörf, þar sem síminn er kominn og sambandið við umheiminn gott, svo maður veit undir eins um næma sjúkdóma, er þeir koma upp.

Nefndin leggur því til eins og segir í nefndarálitinu á þgsk. 138, að feld séu úr frumvarpinu í núverandi mynd þess, orð þau sem vísa til áritunar konsúlanna, þar sem sú tilvitnun er algerlega óþörf, þegar ekkert sóttgæzluskírteini á að þurfa.

Um brt. á þgsk. 141 frá hæstv. ráðherra er það að segja, að hún er sjálffallin. Því þegar fyrst er búið að fella niður þá skyldu á skipunum að hafa sóttgæzluskírteini, þá þarf ekki að bæta því við að það skuli gilt o. s. frv. ef viðkomandi yfirvald staðfesti. Tillagan er bygð á misskilningi, eins og hver getur séð, og er ómögulegt að koma henni að.

Lárus H. Bjarnason: Það er í raun-inni óþarfi að bæta nokkru við það, sem hv. 3. kgk. (A. F.) hefir sagt. Hv. neðri deild ætlaðist til þess, að frv., eins og það fór frá henni, ætti að segja, að ekki að eins áteiknun danskra ræðismanna á sóttgæzluskírteini skipa skyldi falla burt. En orðalagið orkar tvímælis eins og hv. framsögumaður hefir tekið fram. Eftir núgildandi lögum eru það eingöngu verzlunarskip, sem sóttgæzluskírteini þurfa að hafa, en ekki fiskiskipin. Sýkingarhættan mun þó vera margfalt meiri af fiskiskipunum en hinum, t. d. trollurunum, sem þjóta fram og aftur milli Íslands og heimalandsins, og koma inn á hverja vík og hvern fjörð á landinu. Verzlunarskipin aftur á móti sigla að eins á löggilt kauptún, og fara auk þess miklu færri ferðir, ef til vill að eins einu sinni á ári. Hér virðist því liggja fyrir eitt af tvennu, að fella niður sóttgæzluskírteini allra skipa, eða taka upp skírteini fyrir fiskiskipin líka, en hið síðarnefnda mundi ekki vera praktiskt, meðal annars af því, að enginn væri til þess að líta eftir fiskiskipunum. En hætta af að fella niður öll sóttgæzluskírteini lítil eða engin, sérstaklega nú, þegar síminn er kominn, því með honum mun fyr fréttast um uppkomu næmra sjúkdóma, en með löppum þessum, sem mun vera undir hælinn lagt, hvort skipstjórar sýna eða ekki.

Eg er því samþykkur tillögu nefndarinnar.

Umræðunni lokið.

Br.till. á þgsk. 141 feld með 8 shl atkv.

Br.till. á þgsk. 138 sþ. með 11 shl. atkv.

Frv. með áorðnum breytingum sþ. m. 11 shl. atkv. og frv. afgreitt aftur til forseta neðri deildar.

Lögaldursleyfi.

FRUMVARP til laga um lögaldursleyfi.

Fyrsta umræða í efri deild 20. febrúar.

Ráðhr. (B. J.): Virðul. þingdeildarmenn sjá alt það, sem um þetta frumv. er að segja frá stjórnarinnar hálfu, í athugasemdunum við það. Stjórnin hefir orðið við áskorun síðasta alþingis, þar sem hún ber nú fram frumvarp, er greiðir fyrir því að fá lögaldursleyfi. Hins vegar hefir stjórnin ekki viljað bera fram, að þessu sinni, nýjan lagabálk um persónulegt og fjárhagslegt fullræði, vegna þess að lagafrumvarp þess efnis er í smíðum hjá nefnd, er skipuð hefir verið meðal nágrannaþjóðanna þriggja, Dana, Norðmanna og Svía. Stjórnin treystir því, að sú lagasmíð muni vel takast og treystir ekki íslenzku löggjafarvaldi til að gera það betur. Vill því láta málið bíða þangað til sú nefnd hefir lokið starfi sínu, til þess að geta hagnýtt sér þá aðstoð, heldur en að fara að skrásetja nýjan lagabálk um efni, sem engar ástæður eru til að hafa öðruvísi lög um, en frændþjóðir vorar á Norðurlöndum. —

Annars er það fullskýrt, hvað í frumvarpi þessu felst og mun því óþarft að fara fleiri orðum um það að svo stöddu.

Lárus H. Bjarnason: Það er ánægju-

legt að heyra, að hæstv. ráðherra ætlar að sýna lítillæti og láta sjá sig oftar hér eftir en hingað til hér í deildinni. En enn þá ánægjulegra væri það, ef hæstv. ráðherra vildi skýra betur mál þau, sem hann leggur fyrir deildina, heldur en hann hefir gert hingað til. — Eg sagði það hér á dögunum, að það lítið, sem væri nýtilegt í frumvörpum stjórnarinnar, væri lán frá öðrum, t. d. eru tveir lagabálkar, sem stjórnin ber fram, lagðir út úr dönskum lögum, frumv. til siglingarlaga og frumv. til alm. viðskiftalaga. Eg gat þess jafnframt, að það sem stjórnin hefði lagt til frá eigin brjósti, væri sára lítils vert. Ein sönnun þess er þetta frumvarp, sem hér er til umræðu.

— En eg gleymdi þá að geta þess, að ráðherra hefir tekið upp nýja aðferð við undirbúning laga. Hann hefir fundið uppá því að leggja stjórnarfrumvörpin fyrir konung í ríkisráðinu á dönsku en ekki íslenzku.

(*Forseti*: Frumvarpið er til umræðu.)

Eg veit það, en eg tek það fram, að þetta frumv. er ein sönnun þess, að það er satt, sem eg hefi sagt.

Á síðasta þingi var samþykt tillaga til þingsályktunar, sem eg skal leyfa mér að lesa upp með leyfi forseta: „Efri deild alþingis ályktar að skora á landstjórnina að rannsaka gildandi lög um persónulegan og fjárhagslegan myndugleika og leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um alt það efni“, Alþt. 1909 A. nr. 270. Í staðinn fyrir það, fær maður nú, mér liggur við að segja, hégómann þann arna. Það er hégómi miðað við núgildandi lög, því að nú geta menn, sem orðnir eru 21 árs, fengið lögaldursleyfi, þeir þurfa aðeins að snúa sér til stjórnarráðsins og greiða lögákveðið gjald. Breytingin er aðeins í því fólgin, að eftir frumvarpinu eiga menn að geta fengið lögaldursleyfið hjá bæjarfógeta eða sýslumanni og fyrir minna gjald. Eg vona að hæstv. ráðh. kannist við það, að þetta er hégómi í sambandi við það, sem ætlast var til. Þetta er rétt, sem ráðherra gat um, að á meðal Norðurlandaþjóðanna er í undirbúningi að semja sameiginlegan kröfubálk og sifjabálk. En frumvarp þetta heyrir ekki til þessum bálkum, þó kann það rétt að vera, að sú nefnd, sem um þau efni á að fjalla, eigi líka að fjalla um þetta. En ólíklegt þykir mér það þó, því að bæði í Noregi og Svíþjóð er lögaldurstakmarkið miklu lægra en í Danmörku, og eins lágt og gerist annarsstaðar, og því ólíklegt, að þeir hugsi til að færa það enn niður, enn ólíklegra að þeir fari að hækka það aftur til þess að nálgast Dani. Það er því ekkert nema fyrirsláttur af hæstv. ráðherra að bera biðina eftir þeirri nefnd fyrir sig sem afsökun. Hafi hann ekki haft vit á að undirbúa þetta lagafrumvarp eftir því, sem fyrir hann var lagt, þá átti hann að leita aðstoðar annarra um það. Hann hefir nóga aðstoðarmenn í stjórnarráðinu, sem færir hefðu verið um það og er því fullkominn óþarfi af stjórninni að leita til annarra landa um undirbúning lagafrumvarpa, enda hefði hæstv. ráðherra einnig getað leitað aðstoðar lagaskólans. Eg sé að hæstv. ráðherra hlær, en eg vil minna hann á, að aðrar stjórnir láta sér enga lægingu í þykja að leita til fagmanna í slíkum efnum. Ekki svo að skilja, að eg sé neitt að harma það, að stjórnin hefir ekki leitað neitt til mín, það eru fleiri fagmenn til við lagaskólann. En eg vildi aðeins taka það fram, að það hefði verið stjórninni innan handar, með aðstoð færra manna, að undirbúa nýtilegt frumvarp í þá átt, sem einróma var óskað hér í deildinni á síðasta þingi. Hið réttasta svar frá deildinni væri að fella frumvarpið, til þess að láta hæstv. ráðherra vita það, að deildin lætur ekki bjóða sér alt; þó vil eg ekki gera það að tillögu minni, því að hér í deildinni eru lögfræðingar t. d. þingm. Borgfirðinga, sem vel er trúandi til að geta lagfært frumv. svo að við sé unandi.

Þessvegna skal eg leyfa mér að leggja það til að frumv. gangi til annarrar umræðu og skipuð verði nefnd í málið að þeirri umræðu lokinni.

Ráðherra (B. J.): Eg hygg duga, að nefna ræðu 5 kgkj. þm. (L. H. B.) aðeins *einu sinni* „hégóma". Hann kallaði frumvarpið hégóma, ekki einu sinni, heldur sjálfsagt tíu sinnum. Hann vítti að þetta og önnur stjórnarfrumvörp hafi í þetta skifti verið frumsamin á dönsku. Eins og það hafi ekki viðgengist áður? Og eins og ekki megi til að bera þau upp á því máli í ríkisráðinu? Þar sem ekki er til neins að bera fram mál á öðru máli en þar talast.

— Það var villandi — þar sem þm. þessi talaði um að til stæði undirbúningur laga um þessi efni, með Norðurlandaþjóðunum. Hann veit það eða ætti að vita, að sá undirbúningur er þegar byrjaður. Þingm. þessi var að benda á það með miklum drýgindum, að stjórnin hefði getað leitað aðstoðar lagaskólans. En þar til vil eg svara því, að á meðan lagaskólinn er ekki lengra kominn en svo, að þar fer aðallega aðeins fram manuduktion (leiðbeining á dönskum lagakenslubókum), hygg eg þangað muni vera að jafnaði að fara í geitarhús ullar að leita. Eg skal þá ekki eyða fleiri orðum um þessa hégómaræðu 5. kgkj. þm. því að eg veit, að deildin muni ekki fara eftir tillögu hans um að fella frumvarpið.

(L. H. B.: Það var ekki tillaga min).

— Jæja, þingmaður tæpti á einhverju í þá átt, þó að hann þyrði ekki að leggja það til berum orðum.

Lárus H. Bjarnason: Það er ekki nýtt bragð hjá sumum drengjum þetta, að segja: „Það getur þú sjálfur verið" Eg sagði, að frumv. stjórnarinnar væri hégómi og eg stend við það. — Hv. ráðherra fer að dæmi nefndra drengja er hann kallar mína ræðu hégóma Hæstv. ráðherra sagði, að það þyddi ekki að bera stjórnarfrumvörp upp á öðru máli en dönsku, því að annað skildist ekki þar. Hér hefir þá ráðherra játað sjálfur, að stjórnarfrumvörpin hafi verið borin upp á dönsku í ríkisráðinu í þetta sinn. Eg vissi það raunar vel áður, að svo var, því að frumvörpin voru til skamms tíma alls ekki til á öðru máli en dönsku, og aðstoðarmenn stjórnarinnar og Ísafoldarliðið hafa verið að keppast við að leggja þau út á íslenzku nú fyrir þingið og um þingbyrjun. Fyrverandi ráðherra bar stjórnarfrumvörpin undir konung á íslenzku og lagði með danska þýðingu. Og maður, sem gumar jafn mikið um sjálfstæði og hv. ráðherra, hefði sízt átt að bregða út af þeirri venju, sem þegar var komin á.

Ráðherra veit þó víst, að samkv. l. 18. sept. 1891 á texti íslenzkra laga að vera einn og íslenzkur, og þó að þetta sé ekki einnig lögboðið um frumvörp til íslenzkra laga, þá virðist það vera sjálfsagt, að sama gildi um þau, enda ógreiðara með nýtýzku aðferðinni fyrir ráðherra að ábyrgjast það fyrir konungi, að hin síðar gerða íslenzka þýðing á frumvörpunum sé í fullu samræmi við danska textann, sem einn var lagður fyrir konung.

Þá sagði hæstv. ráðherra, að á lagaskólanum færi að eins fram manuduction í dönskum lagakenslubókum. Þetta sýnir að hann er jafn ókunnugur um þessa landsstofnun sem aðrar; kunnugri vita, að þar liggur nú fyrir því nær heil grein íslenzkrar lögfræði frumsamin, nfl. ríkisréttur Íslands. Sömuleiðis er frumsamin réttarsaga landsins, nærri fullgerð. Og enn hefir yngsti kennari skólans samið og gefið út íslenzkan sjórétt. Eg hygg að meira verði varla heimtað með sanngirni af jafn ungum skóla. Það eru til eldri skólar, sem hafa ekki komið einni einustu línu í fræðigreinum sínum á íslenzka tungu. Ráðherra væri nær að líta eftir þeim.

Eg gat þess áðan, að eg vildi ekki fella frumvarpið af því að hægt mundi vera að

lagfæra það hér í deildinni. Það er ekki ómögulegt, að hv. þm. Borgfirðinga og mér eða öðrum hv. deildarmönnum geti lánast að búa til eitthvað betra en þetta stjórnarfrumvarp, og því vil eg styðja það, að málið gangi til annarar umræðu og að nefnd verði skipuð í það að þessari umræðu lokinni.

Sigurður Stefánsson: Eg leyfi mér að stinga upp á þriggja manna nefnd í málið.

1. umræðu lokið.

Frv. sþ. til 2. umr. í e. hl.

Samþ. í e. hl. að skipa þriggja manna nefnd.

Þessir þingdeildarmenn voru kosnir í nefndina að viðhafðri hlutfallskosningu:

Kristján Jónsson,
Lárus H. Bjarnason,
Sigurður Stefánsson.

Önnur umræða í efri deild 17. marz (stj.frv.; n. 205).

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Eg get að mestu leyti vísað til álits nefndarinnar í Ed. 1909 í máli snertandi lögaldur, er þá var á ferðinni, og til orða þeirra, er eg talaði þá hér í deildinni. Eins og allir lögfróðir menn vita, eru elztu núgildandi ákvæði um lögaldur mjög gömul, frá síðasta fjórðungi 17. aldar, en yngstu ákvæðin aftur mjög ung, að eins nokkurra ára. Það ræður að líkindum, að svo misjafnlega gömul lög hljóta að vera mjög svo ósamkvæm. Það var líka einróma skoðun nefndarinnar 1909, að ef ætti að hreyfa við þessu máli á annað borð, þá þyrfti að rannsaka öll ákvæði, sem nú gilda um myndugleika, ekki einungis fjárhagslegan, heldur einnig persónulegan myndugleika, og koma þeim saman í eina heild. Enda skoraði deildin á stjórnina með 13 samhl. atkv. að undirbúa mál þetta undir þingið nú, og leggja fyrir það frumvarp um alt þetta efni. Nú gefst mönnum að sjá árangurinn af þessari áskorun. Hann er ekki annað en ein örlítil og óþörf bót á þetta gamla og slitna klæði. Breytingar þær frá núgildandi ákvæðum, sem farið er fram á í frv., eru að eins tvær, í fyrsta lagi, að sýslumenn og bæjarfógetar geti veitt lögaldursleyfi 21 árs gömlum konum og körlum, og í öðru lagi, að leyfisbréfið skuli ekki kosta meir en 10 kr. Hvorttveggja breytingin er lítils virði. Um þá fyrri er það að segja, að 21 árs gamlir menn geta líka nú fengið lögaldursleyfi, en verða að sækja um það til stjórnarráðsins. Með breytingunni er því að eins farið fram á að stytta þessum mönnum leiðina. En úr þessari styttíng á leiðinni er ekki mikið gerandi nú, þar sem svo auðvelt er orðið að ná til stjórnarráðsins. Sömuleiðis er lítil bót að lækkuninni á gjaldinu, og kemur hún fáum að haldi, því að sára sjaldan kemur það fyrir, að yngri menn en 22 ára sæki um lögaldursleyfi. Hv. ráðherra, sem var formaður nefndarinnar, sagðist að eins vita um 2—3 tilfelli, og eg þekki að eins 2 og alt voru það menn, sem ætluðu að fara að stofna verzlun. Hér virðist því ekki vera um neina almenna þörf að ræða. Þetta frv. er því ekkert annað en kák, og er það því óskiljanlegra, að fráfarin stjórn skuli hafa haft fyrir að semja það, þar sem mikið er dregið úr heimildinni til að veita lögaldursleyfi, þeim, sem eiga meir en 200 kr., en þeir mundu miklu fremur sækja um það, en sem minna eiga. Vitanlega sækja þeir menn helzt um lögaldursleyfi, sem einhver efni eiga og ætla að ráðast í eitthvað, svo sem verzlun eða því um líkt. Og af þessum ástæðum hefir nefndinni komið saman um að leggja til, að frv. verði felt, en jafnframt að samþykt verði á sínum tíma tillaga til þingsályktunar líkt orðuð og sú, sem samþykt var á síðasta þingi. Má vænta þess, að betri árangur verði nú af slíkri tillögu, heldur en varð af tillögu síðasta þings.

Sigurður Hjörleifsson: Mér þykir

nefndin æði stórtæk, þar sem hún ræður til að fella þetta frumv. Annars skal eg ekki deila um það. Það skiftir í sjálfu sér ekki miklu hvað verður úr frv., en hins vegar fæ eg ekki betur séð, en að þessar litlu breytingar séu til bóta, og því sé meinlaust að samþykkja frv. Annars eru í athugasemdum stjórnarinnar færðar ástæður fyrir því, að málið var ekki tekið til ítarlegri meðferðar, og finst mér ástæða til að taka þær til greina. Eg legg til að frumv. sé lofað fram að ganga, því það er til bóta, það sem það er.

Framsögum. (L. H. Bjarnason): Eg þarf ekki að svara hv. þm. Ak. mörgum orðum. Mótmæli hans voru hæversklega orðuð. Játaði óbeinlínis, að frv. væri meinlaust og gagnslaust.

(Sig. Hjörleifsson: Það voru ekki mín orð).

Það lá í orðum hv. þm. þó hann segði það ekki berum orðum. En eg álít, að þetta frv. mundi miklu fremur verða til skaða, því að það kynni að tefja fyrir alvarlegri bót í þessu efni. Hv. þm. Ak. sagði, að rétt væri að taka ástæður stjórnarinnar fyrir frestun á ítarlegri meðferð málsins til greina. Það vill nefndin líka gera. Við leggjum til að frestað verði að koma með frv. um þetta efni þangað til 1913, að næsta reglulegt alþingi kemur saman, og það gerum við meðfram vegna hinnar útlendu nefndar, sem nú situr á rökstólum. Hún verður líklega búin að ljúka störfum sínum 1913. Við búumst einmitt við því, að stjórnin geti notið góðs af tillögum hennar. Mér finst ástæður hv. þm. Ak. þannig ekki nægilegar til að halda lífi í þessum ómerking, því annað er frv. ekki.

ATKVGR.:

1. gr. frv. feld með 8:3 atkv.

Frv. þar með sjálffallið.

Úrskurðarvald sáttanefnda.

FRUMVARP til laga um úrskurðarvald sáttanefnda.

Fyrsta umræða í efri deild 20. febrúar.

Sigurður Stefánsson: Eg legg til að skipuð verði 3 manna nefnd í málið að lokinni umræðu.

1. umræðu lokið.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 atkv. gegn 1.

Samþ. að skipa 3 manna nefnd í málið í einu hljóði, og voru þessir kosnir að viðhafðri hlutfallskosningu:

Ari Jónsson,
Júlíus Havsteen,
Kristján Jónsson.

Önnur umræða í efri deild 18. marz (stj.frv.; n. 218).

Framsögumaður (A. J.): Eg skal ekki vera margorður um þetta mál. Eg vil leyfa mér að taka það fram, að eins og frumvarp þetta lá fyrir háttv. efri deild á síðasta þingi, þá var eg því mótfallinn. Eins og það er nú breytt, og sérstaklega með breytingu nefndarinnar tel eg tiltækilegt að samþykkja það, með því að brýn þörf er á að fá greiðari og fljótari flutning smáskuldamála en nú á sér stað. Það hafa komið raddir utan af landi um að fá breytingu á hinu núverandi fyrirkomulagi, sérstaklega vegna kostnaðarins við innheimtu smáskulda upp til sveita. Það þarf ekki að taka það fram, hvílíkur hagnaður það væri fyrir báða málsparta, skuldheimtumenn og skuldunauta. Það hefir oft komið fyrir, að skuldheimtumaður hefir hætt við, kostnaðarins vegna, að innheimta skuldir sínar. Eins getur það líka verið bagalegt fyrir skuldunauta, að mikill kostnaður leggist á við innheimtu, því á þá kemur hann að lokum. Mönnum hafa dottið í hug aðrar aðfarir, en að fela sáttanefndum úrskurðarvald í þessum málum. Hefir

þá einkum komið til mála að stofna sérstakan dómstól með sérstökum málaflutningi, en nefndin hefir ekki getað hallast að því, vegna þess, að það mundi reynast of kostnaðarsamt, eins og til hagar hér á landi.

Nefndin hefir farið fram á nokkrar mikilvægar breytingar og skal eg nú minnast þeirra að nokkru. Það er þá fyrst, að hún fer fram á, að skuldarupphæðin sé lækkuð niður í 50 krónur. Hún var áður í stjórnarfrumvarpinu 100 krónur. Í öðru lagi fer hún fram á, að sáttanefnd megi úrskurða, að hvaða mál sem er gangi til dómstólanna. Í þriðja lagi vill hún takmarka svið sáttanefndanna, með því að leyfa eigi að gagnkröfu sé hleypt að. Aðalbreytingartillaga nefndarinnar er við 4. gr. Þar segir í frumvarpinu: „Nú telur sáttanefnd óheimilt úrskurð að gera, og vísar hún þá málinu til dóms og laga". Á þessu vill nefndin gera þá breytingu, að ef sáttanefndin telji málið svo vaxið, að eigi verði kveðinn upp úrskurður í því — henni finnist hún eigi geta það — þá megi hún vísa því til dómstólanna. Þetta er viðtækara. Ef málið er að einhverju leyti svo flókið, að sáttanefndin treysti sér eigi til að úrskurða í því, þá getur hún vísað því frá sér til dómstólanna.

Í 5. gr. frumvarpsins er talað um að varasáttanefndarmaður skuli koma í stað sáttanefndarmanns, þegar hann er forfallaður. Þessu vill nefndin breyta svo, að varasáttanefndarmaður komi í hans stað, þegar hann er forfallaður, „eða af öðrum ástæðum". T. d. þegar sáttanefndarmaður er skyldur eða tengdur öðrum málsaðila.

Í 11. grein, þar sem getið er um að komi málið til dómstólanna, eiga samkvæmt greininni ekki að geta komið fram mótmæli gegn því, sem viðurkent hefir verið fyrir sáttanefndinni. Þessu vill nefndin breyta þannig eða bæta því við, að til þess að það, sem fyrir sáttanefnd gerist, verði talið fullviðurkent, verði málsaðilar að hafa undirskrifað sáttabókina. Þessu þótti oss rétt að bæta við svo að ekki þyrfti eingöngu að fara eftir sáttanefndinni. Hún gæti verið vilhöll, ef t. d. óvinátta væri milli annars málsaðila og sáttanefndar. En nefndin áleit, að þá fyrst væri ekki hægt fyrir málsaðila að koma fram með mótmæli gegn því, sem hann hefði sjálfur samþykt. Þá hefir nefndin og viljað breyta áfrýjunarfrestinum í 11. grein úr þrem mánuðum upp í fjóra. Hún áleit að þriggja mánaða frestur mundi reynast of stuttur, sérstaklega til sveita. Þá vill nefndin enn gera breytingu í enda 11. greinar og leggur hún til, að felt verði aftan af henni. Það atriði er um sérstakt fyrirkomulag, löggeymslu, og taldi nefndin það ekki eiga heima á þessu svæði. Það er mesta vandaverk að úrskurða um slíkt og þótti oss ekki rétt að leggja það á vald sáttanefnda.

12. gr. frumvarpsins, sem leyfir að beita gagnkröfu, vill nefndin alveg fella í burtu og alls ekki taka gagnkröfu til greina. Það er svo vandasamt og erfitt spursmál að skera úr því, hvenær taka eigi gagnkröfu til greina, að nefndinni þótti fyrst um sinn ekki rétt að fá sáttanefndum úrskurðarvald um það.

Það getur verið, að nefndin kunni að koma með breytingartillögu við c lið 2. gr. við þriðju umræðu og get eg látið bíða að minnast á það þangað til. Eg álít þetta frumvarp ekki annað en tilraun til að ná úrskurði í smáskuldamálum kostnaðarminna en verið hefir. Eg álít það að engu leyti hættulegt, með því að verksvið sáttanefnda er mjög svo takmarkað. Verði þessi tilraun góð, þá geta næstu þing hagað sér þar eftir og bætt við frekara úrskurðasvið sáttanefndanna, ef þeim sýnist svo.

Kristinn Daníelsson: Eg skal játa að nefndin hefir bætt frumvarpið og sett í það ýms ákvæði, sem eru því til bóta og nauðsynleg. Eg skal að eins leyfa mér að vekja athygli háttv. deildarmanna og

nefndarinnar á einu atriði, því, hvort heppilegt sé að láta ekki gagnkröfurnar koma til greina. Ef stefndi á gagnkröfu á stefnanda, sem er jafnviðurkend og aðalkrafan, þá hefi eg verið að velta fyrir mér, hvort ekki væri óheppilegt, segjum til dæmis, að aðalkrafan væri 20 krónur en gagnkrafan 10 krónur, að þá mætti ekki taka upphæð stefnda til greina. Eins væri það, ef aðalkrafan væri 50 krónur en gagnkrafan 60 krónur, þá gæti stefndi ekki náð rétti sínum án máls, þar sem stefnandi getur fengið málið útkljáð fyrir sáttanefnd.

Mér þykir líka varhugavert, að ekki megi koma fram með mótmæli fyrir dómstólunum, nema þau komi ekki í bága við það, sem fram kom á sáttafundi. Eftir núgildandi reglum er það ekki gert uppskátt, sem á sættafundi hefir farið fram, þegar sættir ekki komast á. Það er gengið út frá því, að málspartar geti úttalað sig frítt á sáttanefndarfundum og að þeir þurfi ekki beinlínis að standa við öll þau tilboð er þeir kunna að gera þar. Sú meðvitund stuðlar oft og einatt að því, að liðlegra er að koma á sættum en ella. Mér þótti rétt að benda á þetta og biðja háttv. nefnd að athuga það. Eg skal játa, að eg hefi ekki nákvæmlega lagt þetta niður fyrir mér enn. Að öðru leyti get eg fallist á alt, sem nefndin hefir gert.

Ráðherra (Kr. J.): Þetta mál hefir oft áður verið fyrir á þingi, hefir verið hér allar götur síðan 1893, og eg oft verið við það riðinn áður. Eg ætla nú að eins að minnast á eitt atriði, gagnkröfurnar; hvort heppilegt muni vera að beita þeim. Gagnkröfuskilyrðin, eða hvenær gagnkrafa geti komið fram, eru stranglögfræðislegs eðlis, og það er einhver sú vafasamasta lagaspurning, sem veltur á hárfínum lögfræðislegum skýringum, hvenær hleypa eigi að gagnkröfu í máli, svo að nefndin afréð, að gagnkröfur skyldu ekki koma til greina, er sáttanefnd kvæði upp úrskurð samkv. frv. þessu. Henni þótti ekki rétt að lagt væri í hendur alveg ólöglærðra manna úrskurðar-vald í málum, sem annars þarf skarpa juridiska þekkingu til að dæma um. Að gagnkröfunum er slept hefir enga aðra afleiðingu en þá, að sá, sem hefir gagnkröfuna, verður að stefna henni sérstaklega til sáttanefndar með sérstakri sáttakæru, samkv. 1. gr. frumvarpsins og fá úrskurð um hana sem sjálfstæða kröfu. Þetta er líka hálft í hvoru viðurkent í c. lið 2. gr. stjórnarfrumvarpsins, þar sem segir, að ákvæðum 1. gr. skuli ekki beitt, ef kærði hafi gagnkröfu á hendur kæranda, og kærandi kannast ekki við hana.

Með þessu frumvarpi er verið að ganga inn á nýja braut hér á landi, braut, sem vel hefir gefist á Englandi. Þá sem sé að fá ólöglærðum mönnum úrskurðarvald í smáum þrætumálum. Á Englandi er það í almennum lögreglumálum, að ólöglærðir menn hafa dómsvald. Allir hinir svonefndu friðdómarar (Justice of Peace) eru ólöglærðir menn, þótt flestir hafi sér við hlið löglærða ráðunauta. En það er ekki löggjöfin, sem sér friðdómurunum fyrir þeim mönnum, heldur þeir sjálfir. Því þeir eru efnaðir menn margir hverjir. Líkt fyrirkomulag þessu hygg eg eiga sér stað á Frakklandi, getur verið víðar, þótt ekki þekki eg til þess. Hér er nú verið að leiða þetta inn, á alt öðru svæði reyndar, í smáum skuldamálum sem sé. Það sem fyrir mér hefir vakað, var það að með þessu frv, yrði mönnum gert hægra fyrir með að ná inn skuldum sínum. Eg þekki það bæði sem dómari og sýslumaður, að menn, sem hafa lögmætar smáskuldir að krefja, fara ekki í mál, af því þeim þykir það ekki svara kostnaði. Eg hefi sjálfur orðið fyrir því, fyrir eitthvað 20 árum, að maður, sem eg átti lítilsháttar hjá, neitaði skuldinni, og eg vann það ekki fyrir neitt að fara í mál út af henni. Kostnaðurinn hefði orðið sjö sinnum meiri en skuldin. Sér-

staklega á það heima um blaðamanna-skuldir, apotekara-skuldir o. s. frv., sem oftast eru mjög smáar.

Kristinn Daníelsson: Það var aðeins stutt athugasemd, sem eg vildi bera fram. Mér virtist hæstvirtur ráðherra taka vel í það atriði, sem eg hafði bent á um gagnkröfur.

Þar sem háttvirt nefnd leggur það til að c-liður annarar greinar falli burt, þá ætla eg, að hún hafi ekki nógu vel athugað það mál.

Í vetur hafði eg til meðferðar mál, þar sem tveir menn höfðu kröfu hvor á annan. Þeir viðurkendu báðir kröfurnar, aðeins kom þeim ekki saman um verðlag nokkurt. Sætt komst ekki á fyrir sáttanefnd en síðar sættust þeir sjálfir á grundvallaratriðin, er komu fram á sáttafundinum.

Mér virðist bezt við eiga, þegar gagnkrafa ljós og viðurkend kemur fram, að hún sé þá tekin til greina og vil eg því mæla með, að c-liður annarrar greinar og 12. gr. verði látin standa með viðeigandi breytingum.

Ari Jónsson: Eg vil aðeins segja nokkur orð útaf ummælum háttvirts þingmanns Vestur-Ísfirðinga um gagnkröfur.

Það getur vel verið, er um gagnkröfu kærða er að ræða, sem kærandi viðurkennir að öllu, að það væri rétt að taka hana til greina. En með því að taka gagnkröfur með undir úrskurðarvald sáttanefnda getur ýmislegt komið fram, sem varhugavert er að leggja undir úrskurð ólögfróðra manna.

En afleiðingin verður heldur ekki neitt hættuleg þó c-liður annarar greinar og 12. grein verði feld burtu. Það kostar auðvitað nýja sáttakæru í hvert sinn.

ATKVGR:

Breytingartillaga við 1. gr. samþ. í einu hljóði.

1. gr. með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði.

Breytingartill. við 2. gr. samþ. með 7:1

2. gr með breytingu samþ. með 8 samhlj. atkv.

3. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

Brtill. við 4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

4. gr. með breyt. sþ. með 8 samhlj. atkv.

Brtill. við 5. gr. „ „ 8 „ „

5. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 8 samhlj. atkv.

6. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 8 samhlj. atkv.

7. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 8 samhlj. atkv.

Brtill. við 8. gr. sþ. með 8 samhlj. atkv.

8. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 8 samhlj. atkv.

9. og 10. gr. með áorðinni breytingu sþ. með 8 samhlj. atkv.

1. brtill. við 11. gr. sþ. með 7 shlj. atkv.

2. brtill. við 11. gr. sþ. með 8 shlj. atkv.

3. brtill. við 11. gr. sþ. með 8 shlj. atkv.

12. grein falli burtu samþ. með 7:1 atkv.

Brtill. við 13. gr. (sem verður 12 gr.) sþ. með 8 shlj. atkv.

13 gr. með áorðinni breytingu sþ. með 8 samhlj. atkv.

Samþ. að vísa málinu til 3. umr. með 8:1.

Þriðja umræða í efri deild 24. marz. (235, 245).

Ráðherrann (Kr. J.): Framsögumaður þessa máls, háttv. þingm. Strandam. (A. J.), er veikur. Það vill svo til, að hann er líka flutningsmaður þeirrar breyttill., er komin er fram við frumvarpið. Hann hefir beðið mig að benda háttv. deild á hana. Um leið og eg geri það, skal eg geta þess hvað hefir vakað fyrir honum, er hann stingur upp á, að þessu sé bætt aftan við 2. grein. Fyrir honum hefir vakað það, að takmarka verksvið sáttanefndanna. Þannig, að aukin sé tala þeirra mála, þar er þær mega ekki kveða úrskurð upp. Með þessu frumvarpi er, eins og eg tók fram

við síðustu umræðu, gerð tilraun til að fela ólöglærðum mönnum dómsvald á hendur, eins og gert hefir verið með öðrum þjóðum. Með því að hér er um svo felt nýmæli að ræða og þetta á að vera byrjunartilraun hjá oss, hefir háttv. flutningsm. þótt rétt að takmarka verksviðið sem mest. Í því skyni hefir hann flutt breyttill. sína fram. 1. gr. frumvarpsins ákveður, að sáttanefndir skulu kveða upp úrskurð í nokkrum málum, þegar skuldheimtumaður krefst þess. Brtill. fer nú fram á, að ákvæði þessarar greinar skuli ekki gilda, þegar kærði hefir gagnkröfu á hendur kæranda. Spurningin um hvenær gagnkröfu eigi að taka til greina, er eitt af erfiðustu viðfangsefnum dómenda og lögfræðinga, og því er varhugavert að skjóta slíku undir dóm sáttanefnda. Við ræddum þetta atriði talsvert í nefnd, og nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að réttast væri að fella burtu 12. gr. stjórnarfrumvarpsins og c-lið 2. gr., en það kom í ljós við nánari athugun, að eigi væri rétt að fella niður c-lið 2. gr. er 12. gr. væri fallin í burtu. — Eg vænti þess, að deildin taki þetta til athugunar.

Lárus H. Bjarnason: Eg mun hafa verið sá maðurinn, er mest beittist fyrir því, að frumvarp, samskonar og þetta eða líkt þessu, væri skorið niður á þingi 1909. Nú horfir málinu öðruvísi við en þá. Samkvæmt því frumvarpi áttu sáttanefndir að hafa fullnaðarvald til úrskurðar, en samkvæmt 11. gr. þessa frumvarps má skjóta úrskurði þeirra til dóms. Nú er því sú breyting orðin á frumvarpinu, að eg get fallist á það, og verið því hlyntur.

Hæstv. ráðherra skýrði frá, hvað vakað hefði fyrir framsögum., háttv. þm. Strand. (A. J.), með tillögu hans. Og er það rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að oft væri býsna erfitt að dæma gagnkröfur, En þegar þess er gætt, að hér er aðeins um smáupphæðir að ræða, þá virðist mér ekki hættulegt, þótt sáttanefndum hefði verið veitt úrskurðarvald, einnig er gagnkröfu væri hreyft til skuldajafnaðar. A. á t. d. 100 kr. hjá B. og B. 100 kr. hjá A., og sé eg ekki, að það hefði verið neitt varhugavert, að lofa sáttanefnd að láta slíka skuld fallast í faðma. En eftir atvikum get eg samt felt mig við, að brtill. fái fram að ganga — það má allt af færa út kvíarnar seinna, — enda óséð, hvernig sáttanefndir fara með vald sitt í þessum efnum.

Steingrímur Jónsson: Eg get ekki fallist á þessa brtill. Mér þykir, sem með henni sé farið fram á svo mikla takmörkun á réttarbótinni, að frumvarpið megi þá eins vel falla, ef hún verður samþykt, því að þá verður ekkert gagn að því. Það er ljóst, að í mörgum málum má gera gagnkröfur, sumar eru á rökum bygðar, miklu fleiri ef til vill ekki á rökum bygðar. En þessi brtill. leiðir þá til þess, að sáttanefndirnar treysta sér ekki til annars en vísa fjölda mála frá. Það þarf ekki nema tilbúna gagnkröfu til að fá máli vísað frá sáttanefnd og kæranda sviftan úrskurði hennar. Eg hygg, að sáttanefndir telji sér ekki heimilt að taka til úrskurðar gagnkröfur, eftir því sem frumvarpið nú liggur fyrir. Ef brtill. verður samþykt er farið alt of langt, og þá er tekinn réttur frá sáttanefndum, sem ekki er rétt að svifta þær. Eg er kunnugur því frá embættisfærslu minni, að í smámálum, sem stafa af lítilfjörlegum millireikningi í viðskiftalífinu geta hinar undarlegustu gagnkröfur komið fram, og þær valda því þá, að sáttanefndir telja sig ekki hafa „*kompetence*“ til annars en vísa málinu frá. Eins og frumv. er nú, er það góð réttarbót, en ef brtill. verður samþykt, verður hún harla lítt á metunum.

ATKVGR.

Brtill. feld með 6:5 atkv.

Frumvarp samþ. með 10:1.

Fræðsla æskulýðsins.

FRUMVARP til laga um fræðslu æskulýðsins.

Fyrsta umræða í efri deild 21. febrúar.

Ráðherra (B. J.): Þetta frumv. stjórnarinnar er sprottið af því, að heyrst hafa mjög almennar umkvartanir um fræðslulögin frá 1907. Landslýður kvíðir því að þeim lögum muni fylgja afarmikill kostnaður, ef til vill ókleifur, og mikil fyrirhöfn, en hins vegar álíta margir, að sá fróðleiksforði, sem ætlast er til að börnin öðlist, sé ekki svo mikils virði, sem við mætti búast eftir þeim kostnaði og fyrirhöfn, sem til hans er varið. Margir eru nú farnir að líta svo á, að það sé harla gagnslítið að troða miklum fróðleik í börn á unga aldri, slíkur lærdómur tolli ekki á þeim stundu lengur, sé fokinn burt missiri eða ári eftir, að börnunum er slept úr skóla. Þetta nýmæli, sem stjórnin ber nú fram, er sprottið af þessari hugsun, og stungið upp á að færa saman kvíarnar um kröfurnar til lærdóms barnanna. Það er hugmyndin, að lögin þessi verði að eins umgjörð um nýtt kenslufyrirkomulag, er stjórnin svo fylli upp í með reglugjörðum. Því fylgir sá kostur, að reglugjörðunum er hægra að breyta, eftir því sem reynslan krefst, fljótara miklu en lögum.

Í frumvarpinu eru ekki heimtaðar aðrar námsgreinar til 12 ára aldurs en lestur, skrift, reikningur, réttritun og kristin fræði. En benda má á það, að þar sem krafist er, að börnin kunni að lesa móðurmál sitt sæmilega rétt og áheyrilega, þá hefir það meira í sér geymt en orðin benda á; í því felst krafa um töluverða þekking í móðurmálinu. Til þess að geta lesið vel og áheyrilega verða börnin að hafa lesið mikið, farið yfir margar bækur, og í því felst töluverð mentun, þó að lítið sé lært utanbókar. Yfir höfuð eru uppeldisfræðingar nú á tímum að komast að þeirri skoðun, að mentun sé ekki fólgin í ómeltu fróðleikshrafli, heldur sé sönn mentun fólgin í alt öðru. Meðal annars geti enginn maður kallast vel mentaður, nema hann hafi góða greind, góðan og öflugan vilja og mjúkt og hlýtt hjarta. Þetta og svo og svo mikið annað útheimtist til sannrar mentunar.

Við hliðina á þessari frummentun, sem 12 ára börn eiga að hafa hlotið og er skyldukvöð, er jafnframt ætlast til, að unglingaskólar rísi upp í hverri sýslu eða kaupstað og er ætlast til, að þessir skólar geri líkt gagn og lýðháskólar í öðrum löndum. Það nám á ekki að vera skyldukvöð, en ætlast til, að unglingar sæki þessa skóla eftir því sem þeir eru námfúsir til og álíta sér bezt henta einn eða fleiri vetur eða part úr vetrum. Eg hygg það vera óþarft að lýsa þessu frekar um fram það, sem gert er í ástæðum frumvarpsins. Eg geng að því vísu, að nefnd verði skipuð í málið, og verður þá málið skýrt betur bæði í nefndinni og síðar á þinginu. Því skal eg ekki fjölyrða um málið að svo stöddu, en leyfi mér að mæla með því að nefnd verði skipuð að lokinni umræðu. Eg skal að eins taka það fram, að eg er fús að vinna með nefndinni að svo miklu leyti sem eg kynni að geta gefið henni einhverjar bendingar, er að gagni gætu komið.

Stefán Stefánsson: Þegar það fréttist að stjórnin ætlaði sér að leggja fyrir þingið frumvarp til nýrra fræðslulaga, þá urðu margir hissa. Mönnum þótti furða að stjórninni skyldi ekki þykja ástæða til að verja tíma sínum til að undirbúa einhver önnur lög fremur en ný fræðslulög, þar sem núgildandi lög um þessi efni, stór lagabálkur, að eins þriggja ára gamall, eru enn þá því nær alveg óreynd, og víða ekki komin í framkvæmd enn. Því þótti mörgum furða, að stjórnin skyldi vilja umsteypa þessum lögum óreyndum og setja nýtt í staðinn. Eg hefi ekki

getað kynt mér þetta frumv. stjórnarinnar til hlítar, en mér þykir mjög varhugavert að gera stórkostlegar byltingar í þessum efnum, hvað ofan í hvað. Það er ekki ráðlegt að gera slíkar byltingar nema eftir mjög vandlegan undirbúning og rannsókn á því, hvernig ástatt er um fræðslumál í landinu. En frumv. stjórnarinnar ber ekki með sér, að neinn slíkur undirbúningur hafi átt sér stað. Í athugasemdum frv. segir að eins, að fræðslulögin frá 1907 hafi mætt mikilli mótspyrnu, en engar skýrslur eru gefnar um það, hve víða lögin eru komin í framkvæmd eða í hverju örðugleikarnir eru fólgnir. Eg veit til þess, að víða þar sem lögin eru komin í framkvæmd hafa þau alls ekki mætt neinni verulegri mótspyrnu. Mótspyrnan var mest fyrst í stað og helzt þar sem áður hafði litlu eða engu verið kostað til fræðslumála, því að aðal-mótspyrnan móti lögunum var einmitt sprottin af því, að mönnum þótti svo sem hin nýju lög hefðu aukinn kostnað í för með sér. En víða hafa menn fljótt séð það, að hin auknu gjöld til fræðslumála, sem af lögunum stöfuðu, voru ekki öll aukin útgjöld í raun og veru, heldur að miklu leyti að eins að ræða um flutning á gjöldum, sem menn höfðu áður greitt öðru vísi. Og þó að lögin frá 1907 kunni að þykja of kostnaðarsöm, þá liggja ekki fyrir neinar áætlanir um það, hvað *þetta* fyrirkomulag muni kosta, sem frv. stjórnarinnar gerir ráð fyrir. Eg býst nú við, að stjórnin hafi einhverjar slíkar áætlanir í fórum sínum, en þær þurfa að liggja fyrir þinginu til þess að hægt sé að gera sér nokkra hugmynd um kostnaðinn og bera saman núgildandi lög og frumvarpið að þessu leyti.

Enn fremur skal eg geta þess, að eg hefi heyrt, að stjórnin hafi ekki borið þetta mál undir umsjónarmann fræðslumálanna. Það þykir mér mjög undarlegt, því að hjá honum hlaut þó að vera mestrar fræðslu að vænta, um það, hvernig eldri lögin hafa reynst. Hæstv. ráðherra tók fram, að frumvarpið væri sprottið af almennum umkvörtunum yfir eldri lögunum. Eg geri nú ekki svo mikið úr því, hve almennar þessar umkvartanir hafa verið. Eg veit vel, að lögin hafa mætt mótspyrnu á stöku stað, en eg hefi alls ekki orðið þess var, að almennar umkvartanir hafi heyrst, að minsta kosti ekki á Norðurlandi.

Það sem hæstv. ráðherra tók fram um stefnu þá, sem hann ætlaðist til að væri tekin upp með frumvarpinu, get eg aðhylst. Eg er þeirrar skoðunar, að þó að barnafræðslan sé mikils virði, þá ríði þó enn meira á hinu, að alment sé kostur á góðri unglingafræðslu. En eg veit ekki, hvort frumv. stjórnarinnar bætir nokkuð úr að þessu leyti, það er alveg óvíst, að þeim tilgangi verði náð.

Það sem hæstv. ráðh. sagði um, að sönn mentun væri ekki fólgin í ómeltu fróðleikshrafli o. s. frv. er alveg rétt, en engin nýlunda að heyra þess konar almennar setningar, sem svo að segja eru í hvers manns munni.

Það getur vel verið, að frumv. sé þess virði, að það sé athugað vandlega og mætti ef til vill sjóða upp úr því gott frumvarp. Því vil eg mæla með því, að nefnd verði skipuð í málið, þó að eg sé reyndar ekki þeirrar skoðunar, að þetta frumvarp verði til nokkurra verulegra bóta frá því, sem nú er.

Ráðherra (B. J.): Mér kom það ekki á óvart, þó að virðul. 6. kgk. þm. (St. St.) líkaði ekki, að farið væri nú þegar að breyta fræðslulögunum frá 1907. Þar á við orðtakið „hverjum þykir sinn fugl fagur“, því að hann mun hafa verið einn af aðal-smiðum þeirra laga. Því er það ekki nema eðlilegt, að honum sé illa við að farið sé að hrófla við þeim að svo fáum árum liðnum. — Hann bar einnig fram þá ástæðu, að umsjónarmaður fræðslumála hefði ekki verið spurður ráða í

þessu máli. Það getur vel verið, að það verði talið stjórninni til óvirðingar, en það getur líka verið, að stjórnin hafi einmitt að þessu leyti farið rétt að. Það er þjóðkunnugt, að sá maður er mjög ákveðinn fylgismaður eldri laganna, enda er hann einn þeirra, er mestan þátt áttu í undirbúningi þeirra. Það hefði því líklega verið að fara í geitarhús að leita ullar, ef stjórnin hefði snúið sér til hans þegar í ráði var að breyta þeim lögum til muna. Þess vegna hefir stjórnin ekki leitað ráða hjá honum, en alls ekki af því að dregið væri í efa, að hann hefði vit á slíkum málum, mörgum eða flestum öðrum framar.

Það má auðvitað þræta um það, hve alment hefir verið kvartað yfir núgildandi fræðslulögum. En það er óhætt að segja, að raddir í þá átt hafa heyrst bæði á þingmálafundum og víðar, og svo mikið hefir borið á umkvörtunum, að stjórnin verður að telja fyllilega réttmætt að gera umbót á lögunum þó að nýleg séu. Enda er það engin nýlunda hér þó að fárra ára lögum sé breytt.

Eg legg enn til. að nefnd verði skipuð í málið og álít gagnslítið að lengja umræðurnar að sinni.

Lárus H. Bjarnason: Eg hefi litlu við það að bæta, sem hv. 6. kgk. þingm. sagði um þetta hégómafrumvarp stjórnarinnar. Að eins vil eg slá því föstu, að hv. ráðherra hefir í ræðum sínum játað tvö atriði, í fyrsta lagi, að með þessu frumvarpi væri færðar saman kvíarnar um mentunarkröfur almennings, og í öðru lagi, að hann hafi ekki leitað aðstoðar umsjónarmanns fræðslumála, en það hefði þó verið alveg sjálfsagt, nema ætlun stjórnarinnar hafi verið að drepa hið eldra undir öllum kringumstæðum, án tillits til þess, hvað koma ætti í staðinn.

Ókostir þessa frumv. eru aðallega tveir, fyrst sá, *að* kröfurnar til barnafræðslu eru til muna færðar niður, og í öðru lagi, *að* það er kipt burtu allri tryggingu fyrir því, að almenningur fái nokkra frekari fræðslu en þessa lítilfjörlegu barnafræðslu, sem frumv. ákveður, því að henni lokinni er ekki ætlast til neinnar frekari náms*skyldu*.

Það sló útí fyrir hæstv. ráðherra þegar hann var að tala um í hverju sönn mentun væri fólgin og taldi þar til gott hjarta, þrek og greind. Þrek og greind eru skilyrði til þess að geta mentast, hæfileikar til mentunar, en það er ekki mentun.

Í rauninni verðskuldar frumvarpið ekkert annað en að verða skorið niður umræðulaust. En eg vil þó mæla með því, að það verði látið halda áfram af sömu ástæðum, sem eg hefi áður tilfært, um önnur frumvörp stjórnarinnar, nfl. í þeirri von, að deildin geri það, sem ráðherra átti að vera búinn að gera, en hefir forsómað, athugi og undirbúi málið betur, og leiti sérstaklega um það umsagnar fræðslumálastjórans. Því skal eg leyfa mér að mæla með nefndarskipun að þessari umræðu lokinni.

Ráðherra (**B J**): Eg skal ekki tefja umræðurnar með löngu svari gegn þessu hégómamáli hins afburða-virðulega konungkjörna þingm., sem eg man ekki í svip númerið á (L. H. B). Hann gerir alt að hégómamáli, sem stjórnin ber fram, en eg verð að játa það, að eg geri lítið úr umsögn þessa yfirmáta-virðulega þingm. og eg er sannfærður um að virðul. þingdeild gerir það ekki heldur. Vér vitum að hann álítur sig vera ofurmenni að vitsmunum, en hann verður að sætta sig við, að stjórnarskrá og þingsköp ráða því, að hann getur ekki aleinn ráðið hér lögum og lofum. Hann verður að gera sér það að góðu, að nefnd verði skipuð í málið fyrst um sinn, og það síðan tekið til meðferðar í báðum deildum þingsins.

Þessi virðul. kgk. þm. (L. H. B.) var enn að saka stjórnina um þá vanrækslu, að hún hefði ekki leitað aðstoðar umsjónarmanns fræðslumálanna. Því svaraði eg áðan, og fer ekki út í það aftur. Eg

skal að eins bæta því við, að það er hugsanlegt þegar skift er um stjórn, að hin nýkomna stjórn hafi ekki óbilandi trú á öllum þeim starfsmönnum, sem fráfarandi stjórn hefir valið. Eg segi þetta ekki viðvíkjandi þessum manni, því að eg veit, að hann er mikilhæfur maður. En hann hefir, eins og eg gat um áðan, óskaplega tröllatrú á fræðslulögunum frá 1907, og var því til lítils að leita til hans í þessu máli.

Það er alveg rangt, að eftir frumvarpinu sé ekki gefinn kostur á framhaldsmentun eftir 12 ára aldur. Það er öllum frjálst að leita sér mentunar á væntanlegum unglingaskólum. En það eru margir unglingar og þeirra aðstandendur, sem eru ánægðir með barnafræðsluna ýmissa orsaka vegna, og kæra sig ekki um að afla sér frekari mentunar, og slíkir menn eru oft og tíðum engu ónýtari menn en hinir, sem hafa fengið troðið á sig svo og svo miklu fróðleikshrafli. Það er skaðræði að halda, að mentun sé öll fólgin í bókviti. Margur alþýðumaður ólærður er betur mentaður ef rétt er álitið, en sumir hinna, sem miklum fróðleik hefir verið troðið í. Þessi afburða-virðulegi kgk. þm. (L. H. B) var að snúa út úr því, sem eg sagði um það, hvað þyrfti til þess að geta kallast sannmentaður maður. En það var eigi að síður alveg rétt. Sannmentaður er enginn nema hann hafi þessa kosti, sem eg nefndi. Mentun er ekki fólgin í bókviti einu. — Það kom mér ekki á óvart, að þessi virðul. þm. vildi skera niður frv. umræðulaust. Maðurinn veit það, að hann sjálfur er ofurmenni að vitsmunum og því álítur hann að alt, sem frá öðrum kemur, sé lítilsvirði. Þetta mun vera alment hjá honum, og þá er sízt að undra þó að það komi fram gagnvart þessari stjórn, sem nú situr að völdum, því að allir vita, að hann hefir ekki miklar mætur á henni.

Lárus H. Bjarnason: Eg stend upp til að minna hæstv, ráðherra á, að tvent sem hann hafði eftir mér var rangt hermt. Eg get vel skilið það, því að eins og maður sagði við mig í gær, þá er hann ekki með óröskuðum geðsmunum þessa dagana. Enda bað sami maður mig þess, að vera ekki slæmur við ráðherra.

Hæstv. ráðherra sagði, að eg hefði sagt að almenningur ætti ekki kost á frekari eða betri fræðslu. En eg sagði, að engin *trygging* væri fyrir því, að almenningur fengi frekari fræðslu. Eg sagði heldur ekki, að eg mundi eða vildi drepa frumvarpið; heldur þvert á móti, að eg mundi eftir atvikum styðja að því, að það yrði sett í nefnd.

Það getur verið, að eg hafi nokkurt álit á sjálfum mér, en enn þá hefi eg þó ekki kallað mig „höfðingja lýðsins“ á fjölmennum fundi. Hæstv. ráðherra þekti ekki á mér númerið. Það er engin ný bóla, að ráðherrann þekkir ekki það, sem hann ætti að þekkja. Svo var það t. d. þegar hann var að tala um skólana og sagði, að í lagaskólanum væri alt kent á dönsku. Hann ætti þó að vita, að yngsti kennari skólans hefir gefið út kenslubók með landsjóðsstyrk. Annars gæti eg lánað honum lista, þar sem stendur á, að eg sé nr. 5, svo að ráðherra þarf þá ekki oftar að flaska á því. Númerið á honum þarf ekki að minnast á. Það mun lengi minnisstætt.

Ráðherra (B. J.): Þessar sögur, sem hinn virðul. 5. konungkj. þingm., þessi sem eg gleymdi að nefna númerið á áðan, var að segja frá, tel eg tóman skáldaðan tilbúning, sem ekkert er upp úr leggjandi, eins og titt er úr þeirri átt. Þessi virðulegi maður lætur biðja sig um að vera ekki slæman við mig, rétt eins og eg væri dauður, ef þetta afarmenni væri slæmur við mig, en eg mun samt hvorki blikna né blána fyrir honum. Slík ummæli getur þingmaðurinn sparað sér, mér er sama hvað hann lætur út úr sér.

Þótt þingmaðurinn segi, að hann óski ekki, að frumvarp þetta sé skorið niður, þá er hitt víst, að hann hefir löngun til að koma málinu fyrir kattarnef.

Mér finst ekki ástæða til að lengja tíma þingsins út af þeim tilbúningi, að eg hafi átt að kalla mig höfðinga lýðsins. Heldur er ekki vert að leggja mikinn trúnað á lýsingu þingmannsins á skóla sínum, heldur fá þar um frekari vissu.

(*L. H. B.*: Setja rannsóknarnefnd).

Það mun ekki fara svo leynt, að ei verði upp grafið án nefndar.

Kr. Daníelsson: Eg get tekið undir með háttv. 6. kgk. (St. St.), að þess hafi tæpast verið vænst, að gersamleg breyting kæmi fram á fræðslulögunum eftir svo stuttan tíma. Það þarf þó ekki að undra þó að breytingar komi fram, því við því verður að búast, að þær að sjálfsögðu komi fyr eða seinna.

Hin núgildandi fræðslulög eru öll miðuð við það sem er, að engin regluleg unglinga fræðsla er til nema á stöku stöðum, þar sem helzt einstakir menn hafa brotist í að koma nokkurri slíkri fræðslu á. Fyrir því hefir verið reynt að draga svo mikið af því, sem heyrir til unglingafræðslu, að barnaskólunum, sem hægt er. Þetta frumvarp fer að því leyti í rétta átt, sem einhverntíma verður að halda í, að koma á unglingakenslu, fræðslu fyrir æskulýðinn á þeim árum, sem hann er móttækilegastur að taka á móti henni með mestum árangri. Eg get ekki séð, að sú breyting, sem hér er farið fram á, miði til þess að drepa eldri fræðslulögin. Hún fer í þessa átt, að dreifa meir en nú úr kenslunni og koma upp unglingaskólum. Unglingaskólarnir, sem til eru, hafa átt erfitt uppdráttar, og hingað til hafa það verið, eins og eg sagði, einstakir menn, sem hafa verið að berjast við að koma þeim upp. Eg lít svo á þetta mál, að það eigi það skilið, að það sé íhugað sem vandlegast og rækilegast og það hygg eg, að þjóðin muni kunna því illa, ef slíkt stórmál væri ekki einu sinni athugað í nefnd. Þarf ekki annað en minna á það atriði, sem háttv. ráðherra mintist á, en það var hinn mikli kostnaður, sem stafað hefir af fræðslulögunum. Kostnaðurinn við fræðslulögin hefir aukið útgjöld sveitarsjóðanna, ekki minna en að fullum fjórðungi til helmings og hefir það ofan á annan kostnaðauka svo sem til vega og síma verið afar tilfinnanlegt, og sízt að furða, að alþýðu kæmi vel, ef fundið yrði kostnaðarminna fyrirkomulag.

Það hefir samt tekist furðanlega að koma fræðslulögunum á, og lít eg svo á, að það sé ljós vottur um það, hve alþjóð manna sé það mikið áhugamál að auka sem mest fræðslu barna sinna að auðið er.

Þetta er hið mesta áhugamál og vert þess, að það sé íhugað sem rækilegast og rætt, en til þess mun tækifæri seinna. Eg legg til, að í málið sé sett 5 manna nefnd.

Stefán Stefánsson (6. kgk.): Eg stend upp til þess að vísa á bug þeirri aðdróttun frá hæstv. ráðherra, að eg hafi talað móti frumvarpinu fyrir þá sök, að eg hafi tekið ástfóstri við fræðslulögin gömlu. Það er satt, að eg átti nokkurn þátt í tilbúning þeirra laga og eg álít þau góð lög, sem ekki ber að hrapa að að breyta, nema auðsætt sé, að breytingin sé til batnaðar. Það sem eg fann að, var það, að undirbúningur þessa máls hefði eigi verið nægur; annars sagði eg, að mér hefði getist vel að stefnu frumvarpsins og að það væri ef til vill gott þegar á alt væri litið, en að þar fyrir þyrfti ekki að fella gömlu lögin, sem hefðu mikla og góða kosti. Hvað viðvíkur afstöðu minni til stjórnar þeirra, sem við völd var, þá veit eg ekki betur, en að við værum báðir, hæstv. ráðherra og eg, beittir andstæðingar hennar og að eg hafi þrátt fyrir það fylgt gömlu stjórninni í þeim málum, sem eg gat léð henni fylgi mitt í. Eins býst eg við að fylgja hæstvirtum ráðherra í þessu máli og ýmsum öðrum, án nokkurs tillits til flokka,

þótt ekki séum við sammála í einu helzta velferðarmáli landsins.

Eg verð að taka undir með háttv. þingmanni Vestur-Ísfirðinga, um að málið þurfi mikillar athugunar með, og að því beri að vísa til nefndar. Eg tel sjálfsagt, að það hefði ekki þurft að koma fram með þetta frumvarp nú, og að breytingar á gömlu fræðslulögunum hefðu skapast smátt og smátt eftir því, sem reynslan sagði til, og það álít eg, að orðið hefði affarasælla en að rjúka nú til og gerbreyta hinu nýja og lítt reynda lýðfræðslufyrirkomulagi.

Ráðherra (B. J.): Það er óþarft að þrasa langt um þetta mál. Eg vil að eins benda háttv. 6. kgk. á, að eg átti við afstöðu hans til fyrv. stjórnar, eins og hún varð síðar, en óþarfi að fara út í þá sálma nú. Mig gleður það, að hann hefir heitið fylgi sínu við málið, að svo miklu leyti sem hann getur. Eg skoða þetta frumvarp ekki sem umsteypu á gömlu lögunum, heldur er að mörgu leyti fylgt líkri stefnu og þar.

Umr. lokið.

Frv. vísað til annarar umr. með 8 atkv. gegn 1.

Samþ. að kjósa 5 manna nefnd, með 12 samhlj. atkv., og í nefndina kosnir:

Sig. Hjörleifsson,
Stefán Stefánsson,
Kristinn Daníelsson,
Steingrímur Jónsson,
Jósef Björnsson.

Önnur umr. í efri deild 4. apríl (stj. frv., n. 449.)

Framsögumaður (Stef. Stef.): Eg get verið stuttorður, því að nefndarálitið er allrækilegt og að því er mér finst, flest tekið þar fram, svo eg hefi litlu við að bæta. Eg vék að því við 1. umræðu, að varhugavert væri, að gera gagngerða breytingu á fræðslulögunum, þar sem þau lög eru mjög ung, ekki nema 3 ára, og lítt reynd, enda ekki komin fyllilega í framkvæmd enn. Eg tók þá fram, að til þess að gerðar yrðu breytingar, þyrfti fyrst og fremst að afla glöggra skýrslna um það, hvernig fræðslulögin hefðu reynst í framkvæmdinni, og ennfremur þyrfti að gera ábyggilega áætlun um, hvað hið nýja fyrirkomulag mundi kosta og hvernig það mundi verða í reyndinni. Allar skýrslur um þetta vantaði. Stjórnin lagði ekkert fram í þessa átt. Frumvarpinu fylgdu aðeins stuttar og lítt greinilegar ástæður, og var þar meðal annars tekið fram af stjórninni eða ráðherra öllu heldur, að komið hefði verið fram með þetta frumvarp vegna þess, að fræðslulögin hefðu mætt mikilli mótspyrnu, að þau væru lítið annað enn á pappírnum. Ennfremur var fært sem ástæða, að þau hefðu reynst kostnaðarsöm og miklir örðugleikar á að koma þeim í framkvæmd.

Í nefndarálitinu hefir verið sýnt fram á, að mótspyrna hefir ekki verið mikil, og langt frá því svo mikil, að ástæða hafi verið til, þessvegna, að koma með ný lög. Samkvæmt skýrslu frá umsjónarmanni fræðslumála eru lögin komin til framkvæmda í 162 hreppum landsins. Þetta finst mér vera óvenjulega miklar framfarir og að lögin hafi komist fljótt í framkvæmd. Eg veit með vissu, að í engu landi hefir gengið eins fljótt að koma á nýju skipulagi í fræðslumálum og einmitt hér. Í Noregi tók það 20 ár, í Danmörku var verið að því um hálfa öld. En hér ætla þau að komast í framkvæmd á 4—5 árum, því eftir reynslunni að dæma tel eg engan vafa á því, að þau verði komin til fullra framkvæmda fyrir árslok 1912. Reynslan hefir þá sýnt, að örðugleikarnir hafa reynst viðráðanlegir.

Þriðja ástæðan er kostnaðurinn. Í skýrslunum, sem við fengum frá stjórnarráðinu um barnafræðslu í landinu, sést, að veturinn 1909—'10 var varið kr. 153,497,64 til allrar barnafræðslu í landinu.

Vér höfum reiknað út hvað hvert barn kostaði. Eftir svo nákvæmri áætlun, sem fræðslumálastjórinn gat gert, reiknaðist okkur, að kostnaðurinn við fræðslulögin yrði 172 þús. kr. þegar þau væru komin til fullra framkvæmda, þar af yrði landsjóðsstyrkurinn 48 þús. En ef þetta frumvarp yrði tekið, hefir oss reiknast, með því að leggja hin gildandi útgjöld til grundvallar, að hann yrði 257 þús. kr. Hér er ekki nákvæmlega hægt að gera samanburð á lögunum og því, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, en það held eg megi fullyrða, að ódýrara verði það ekki. Þó áætlunin sé ónákvæm, þá mun hún samt ekki mjög fjarri lagi, allra sízt mun kostnaðurinn við nýja fyrirkomulagið, of hátt settur. Eg tel t. d. alt of lítið ætlað til unglingaskólanna. Þeir þyrftu allir að vera heimavistarskólar, og hafa góð áhöld. Það er óhugsandi, að þeim verði komið upp fyrir minna en 600 þús. kr., en miklu líklegra að það verði miklu meira. T. d. býst eg ekki við, að þeir verði reistir úr timbri, heldur að sjálfsögðu úr steini eða steinsteypu.

Af þessum ástæðum þótti nefndinni ekki viðlit, að svo stöddu, að ráðast í slíkt, og höfum vér allir nefndarmenn orðið ásáttir um það, að ráða hinni háttv. deild til að samþykkja ekki frumvarpið. En þó að vér höfum orðið sammála um að fella frumvarpið, þá gátu þó 3 nefndarmanna ekki skrifað undir nefndarálitið athugasemdalaust. Þegar athugasemdir þeirra eru lesnar, þá mun það í fljótu bragði dyljast í hverju ágreiningurinn er fólginn. Helzta ástæða þeirra virðist vera sú, að það sé ekki rétt, að það sé ekki tekið fram í nefndaráliti minni hlutans, að það sé viðurkenningarvert, að stjórnin leitist við að finna nýjar leiðir í fræðslumálum. Eg get tekið undir þetta með glöðu geði, og hefði gjarnan viljað setja það inn í nefndarálitið. Það er viðurkenningarvert, að stjórnin reyni til að finna nýjar leiðir, en þegar þess er gætt, að hún hefir alls ekki fundið neinar nýjar leiðir, heldur aðeins verið að fálma út í loftið, þá fer nú að verða minna úr viðurkenningunni. Engu að síður er markið þó gott, því unglingafræðslan er mikilsverð og þörf á að leita að góðum leiðum, til þess að allir unglingar geti aflað sér betri fræðslu en hægt er að fá í barnaskólum. Að þessu leyti erum vér nefndarmenn sammála, og mér finst við líka vera sammála um, að þessi tilraun stjórnarinnar hafi mishepnast, annars hefði ekki verið lagt til að fella frumvarpið; það er ekki nóg að benda á leið, ef hún liggur yfir holurðir, klungur og hengiflug og er ófær. Og allir erum vér sammála um, að leiðin sé ófær í bili. Það getur verið, að það megi ryðja brautina, taka af krókana, ryðja úr veginum og sprengja klettana, en það er ókleift fyrir þingið að gera það í fljótu bragði.

Í höfuðatriðunum erum vér nefndarmenn sammála. Í því, að ekki sé fært að samþykkja frumvarp þetta, og í öðru lagi, að styðja og styrkja beri unglingafræðsluna í landinu og koma á hana föstu skipulagi. Þegar farið er að gera það, mætti sjálfsagt sníða ýmsa agnúa af fræðslulögunum og koma á betra samræmi milli barnafræðslunnar og unglingafræðslunnar. Til þess er bent í lok nefndarálitsins.

Eg veit ekki betur en að vér allir lítum svo á, að það megi enn, meðan ekkert er gert fyrir unglingafræðsluna, nota fræðslulögin og byggja ofan á þau eftir því, sem reynslan sýnir að sé nauðsynlegt. Eg hefi mikið hugsað um það, hvort ekki væri heppilegast að unglingaskólarnir spryttu upp sjálfkrafa hjá þjóðinni, þannig, að áhugasamir, þjóðræknir menn kæmu þeim á fót, en stjórnin hlypi þá undir bagga og styddi þá til framkvæmda. Með þessu koma upp þjóðlegir skólar, sem stjórnin lagaði til og lofaði að vaxa, og undirstaðan undir þeim væri þá fyrst góð og trygg, þegar barnafræðslan væri komin í gott lag. Unglinga-

fræðslan getur aldrei svifið í lausu lofti, hún verður að byggjast á barnafræðslunni. Hvað svo sem sett er í lög, þá hætta menn ekki að kenna börnunum sínum. Hitt er annað mál, að í fræðsluhéruðum mætti færa upp aldurstakmarkið þegar opinber kensla byrjar, t. d. upp í 12 ár. Eg er sannfærður um það, að börn til sveita fá miklu meiri þroska en börn í kaupstöðum og sjóþorpum. Þar er saman kominn alls konar götuskríll, en í sveitinni er svo margt, sem hefir auðgandi og þroskandi áhrif á barnið, að sveitabörnin mundu geta lært frá 12—14 ára, það sem börn í kaupstöðunum þyrftu miklu lengri tíma til, mörg ár í stað tveggja,

Þegar unglingaskólar rísa upp, álít eg réttast, að þeir taki kenslugjald, svo nemendurnir taki þátt í að bera kostnaðinn, og námið ætti að vera frjálst; það mætti ekki gera unglingunum að skyldu að læra eitthvað víst. Það gæti meira að segja verið álitamál, hvort ekki ætti að taka það upp í gagnfræðaskólum og kvennaskólum og víðar, að kenslan yrði ekki ókeypis, heldur, að það yrði hvergi algerlega frikensla nema í barnaskólum.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um tillögu nefndarinnar, en vona, að frumvarpið fái ekki að ganga lengra.

Kristinn Daníelsson: Eg get byrjað mál mitt líkt og háttv. framsögum (St. St.). Eg finn ekki ástæðu til að vera langorður. Eg býst líka við, að eg efni orð mín eins vel og háttv. framsögum.

Eins og nefndarálitið ber með sér, hefir lítilsháttar skoðanamunur verið í nefndinni — og eg get ekki leitt hjá mér að fara nokkrum orðum um þann skoðanamun. Eg er auðvitað sammála háttv. framsögum. um margt og mikið. Það var margt gott, sem hann sagði, eins og vænta mátti hjá honum. Hann sagði, að í nefndaráliti sínu væri flest það tekið fram, sem við hinir meðnefndarmenn sínir hefðum viljað taka fram. Eg vil í þessu sambandi benda á, að það veltur ekki alt á því, *hvað* tekið er fram, Það veltur líka mikið á því, *hvernig* eitthvað er tekið fram og einmitt þarna er stefnumunurinn fólginn. Munurinn á mér og háttv. meðnefndarmönnum mínum, háttv. 4. kgk. þm. og og háttv. framsm. er sá, að eg hefi svo að kalla setið á svikráðum við fræðslulögin frá 1907, þótt eg játi, að þau séu að sínu leyti góð. En hinir vilja ekki breytingar á þeim eða hyggja ekki eins fljótt á breytingar og eg. Eg skal geta þess, að þegar eg heyrði í haust, að til stæði gagnger breyting á fræðslulögunum, að stjórnin hefði slíkt í undirbúningi, fór um mig feginleikur, ef vera mætti, að nú fyndist ráð til að bæta úr fræðslulögum vorum svo, að uppfræðsla alþýðu mætti verða betri en áður. Þótt fræðslulögin, eins og eg sagði, kunni að mörgu leyti að vera góð, lít eg svo á, að þau séu með öllu aflvana til að gera alþýðu mentaðri og til að gera menn hæfa til að starfa að sveitamálum og héraðsstjórn. Enn sem komið er, er mikill skortur á mönnum til að fást við sveitarstjórnir, að eg ekki tali um hve sárfáa bændur við eigum, sem eru hæfir til þingmensku og þau bæta ekki úr þessu. Eg hefi ekki viljað gera meira úr þessum skoðanamun en vert er, en eg vildi segja þetta skýrt, þótt eg viti ekki, hvernig mér hefir tekist það.

Það er eitt atriði, sem ekki er tekið fram í nefndarálitinu og eg vildi benda á. Mér þótti háttv. framsögum. gera oflítið úr óánægju almennings með lög þessi. Hún hefir einkanlega átt sér stað í fræðsluhéruðunum. Eg skal játa, að eg tala hér ekki af eigin reynslu, því að eg bý í fræðsluhéraði, en ekki í skólahéraði, en eg hefi heyrt marga þingmenn segja, að þessi óánægja ætti sér stað. Þessi óánægja hefir líka átt sér stað í skólahéruðum. Mönnum hefir fundist til um kostnaðinn, sem af þeim hefir staðið og hefir vaxið. Menn hafa sagt mér, að þeir byggjust ekki við,

að börn sín lærðu meira að því skapi, sem kostnaðurinn væri meiri. Með þessu vil eg þó engan veginn sagt hafa, að fræðslan sé ekki góð. Í mínu prestakalli eru 4 hreppar og skólagjaldið verður því nokkuð mismunandi. En eg hefi auðvitað hvatt menn til að hlýðnast lögunum. Í slíku máli er löghlýðni sjálfsögð, þar sem svo mikið er lagt í sölurnar. Það er eðlilegt að almenningur sýni ekki mótspyrnu, né þverskallist gegn slíkum lögum, en það sannar ekki, að það sé ekki til óánægja með þau.

Það, sem vakir fyrir mér, er það, að upp úr fræðslulögunum þarf það fyrirkomulag að verða til, sem gerir alþýðumenn betur mentaða. Eg er ekki mótfallinn því, að unglingafræðsla verði sjálfkrafa, þannig, að upp rísi unglingaskólar, er einstakir menn annast og eiga, — og það er að nokkru leyti byrjað nú, — en hjá því verður ekki komizt, að þeir komist undir umsjón hins opinbera. Það verður að tryggja unglingum landsins það, að þeir geti fengið framhaldsfræðslu. Mér þótti háttv. meðnefndarmenn mínir gera of mikið að því, að vilja halda í núverandi fræðslulög, en það var aftur of lítill framhugur í þeim.

Mér fanst eg verða að gera grein fyrir atkvæði mínu og því, sem á milli ber. Það, sem okkur kom saman um, hefir háttv. framsögum. tekið fram. Við vorum allir á eitt sáttir um, að við gætum ekki ráðið til að gera frumvarpið að lögum, eins og það er nú undirbúið, og eg verð að vera á þeirri skoðun, þótt það bólaði á stefnu í frumvarpinu, er fyrir mér vakir. Eg og þeir nefndarmenn, sem eru á sama máli og eg, teldum heppilegast, að málið væri ekki beinlínis felt á þessu þingi, þótt það næði ekki fram að ganga. Eg vona, að háttv. þingdeild megi geðjast að rökstuddri dagskrá, er eg leyfi mér að bera fram og svo hljóðar:

„Þingdeildin telur mál þetta ekki hafa fengið þann rækilega undirbúning, sem það hefði þurft. En í því trausti, að stjórnin taki til yfirvegunar, á hvern hátt auka megi unglingafræðslu í landinu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá“.

Eg vona, að á þennan hátt geti málið orðið afgreitt eftir sameiginlegu ráði allrar nefndarinnar og er þá tekið tillit til þess, sem á milli ber.

Lárus H. Bjarnason: Eg vil geta þess út af orðum háttv. þm. V. Ísf., að þótt eg eftir atvikum fylgi hinni rökstuddu dagskrá, þá álít eg samt frumvarpið með öllu óbrúkandi og ekki verðskulda svo vægan dauðdaga.

Framsögumaður (Stef. Stef.): Eg get tekið undir með háttv. 5. kgk. þm. Eg álít það raunar sæmilega moldan, að frumvarpið félli, en get þó verið með rökstuddri dagskrá. Eg get líka tekið undir margt af því, sem meðnefndarmaður minn háttv. þm. V. Ísf. sagði. Við viljum báðir, að unglingafræðsla sé aukin og barnafræðsla bætt. En hann heimtar meira af barnaskólum og barnafræðslu en rétt er og sanngjarnt. Hann býst við, að hún geti gert menn hæfa til að takast ýms störf fyrir þjóðfélagið á hendur, en hún á aðeins að leggja undirstöðuna en ekki búa menn undir nein sérstök störf eða lífstöðu. Margt af alþýðufólki fer ekki lengra en að það lætur barnafræðsluna nægja, hefir ekki þörf á meiru, og eg álít að hún geti oft verið nóg. En sumir vilja aftur fara lengra og þá eiga unglingaskólarnir að taka við, og þeir eiga að gera menn hæfa til að taka þau störf að sér, sem háttv. þm. V. Ísf. talaði um. Hann sagði, að barnaskólar hefðu reynst aflvana til að gera þetta. Það er alveg rétt. Þeir eiga ekki að gera það. Eg get líka tekið undir það, að undirstaðan ætti að vera betri en hún er. En þar sem háttv. þm. V. Ísf. (Kr. D.) talaði um óánægju með lögin frá 1907, þá eru það engar getgátur né ágizkanir, að þessi óánægja hefir eigi

verið stórvægileg. Skýrslurnar, sem legið hafa fyrir nefndinni, sýna eins og áður er á vikið, að þau eru komin til framkvæmda í 162 hreppum að meira eða minna leyti, þótt fullkomið skipulag sé enn ekki alstaðar komið á.

Steingrímur Jónsson: Eg stend upp til að lýsa því yfir, að eg get greitt atkvæði með hinni rökstuddu dagskrá. En eg vil líka lýsa afstöðu minni gagnvart þessu máli. Það má líkja barnafræðslufyrirkomulagi voru nú við veglega byggingu. Fráfarandi stjórn hefir þótt byggingu þessari að einhverju leyti ábótavant, þótt útliti hennar eða innréttingu að einhverju leyti ábótavant, ef til vill þótt hún of lágkúruleg. Hún hefir því viljað bæta einni lofthæð ofan á bygginguna. Og hún hefir viljað skýra húsið um og kalla það lýðfræðslu. Og eg viðurkenni, að það hafi verið góð hugsun í þessu hjá stjórninni. Eg hefði getað fylgt stjórninni, ef aðferðin hefði verið betri. Því með frumvarpinu var lögð sprengikúla undir húsið og hún hefði sprengt það í loft upp, ef það hefði náð fram að ganga. Svona kom frumvarpið frá stjórninni og eg áleit, að eg gæti ekki fylgt því. Ef hugsunin, sem lá að baki frumvarpinu, sem var sú, að auka og magna krafta fræðslufyrirkomulags okkar, hefði verið klædd í góðan búning, þá hefði eg getað fallist á frumvarpið.

ATKVGR.:

Hin rökstudda dagskrá samþykt með 12 samhlj. atkvæðum.

Skoðun á síld.

FRUMVARP til laga um skoðun á síld.

Fyrsta umr. í efri deild 27. febrúar.

Sigurður Hjörleifsson: Eins og hinni háttvirtu deild er kunnugt, flutti eg á síðasta þingi frumvarp, sem fór í líka átt og það, sem nú liggur fyrir.

Afdrif þess frumvarps urðu þau, að það var tekið aftur í samráði við nefnd þá, er kosin var hér til þess að íhuga það. En í stað þess var samþykt þingsályktunartillaga um að skipaðir væru síldarmatsmenn á Akureyri og Siglufirði.

Frumvarp mitt tók eg ekki aftur af því, að eg væri að öllu ánægður með úrslit málsins, heldur af því, að eg þóttist sjá fyrir forlög málsins í þinginu, væri því haldið til streitu og jafnframt leit eg svo á, að vafasamt væri, að sú hugsun, sem felst í frumvarpinu, væri orðin nógu þroskuð hjá útgerðarmönnum sjálfum.

Nú er hún aftur á móti þroskuð orðin og full ástæða til að taka hana til greina. Nú eru allir einhuga, sem eigi var þá, um þá ósk, að síldarskoðun komist á, einkanlega á herpinótarsíld, en með reknetasíld er það ekki eins mikið kappsmál.

Þetta frumvarp, sem nú liggur fyrir, er líkt hinu fyrra frumvarpi, að eins eru allmargar orðabreytingar og svo ein veruleg efnisbreyting.

Eftir frumvarpinu 1909 bar landsjóði kostnaður við alt undirmat og var hér um töluvert mikla fjárhæð að ræða. Frumvarp þetta er miklu álitlegra fyrir landsjóð, þar sem útgerðarmenn vilja nú taka upp á sig þennan kostnað og sýnir það einnig, hve þeim er þetta mikið alvörumál.

Mér hefir verið skýrt svo frá, að um helmingur þeirrar síldar, sem kemur á land við Eyjafjörð, sé skemd vara. Hún er skemd áður en síldin er söltuð. Þegar hún svo kemur til útlanda fæst mjög lítið fyrir hana, en svo spillir hún og mjög sölu á góðri síld.

Eg skal benda á, að síðastliðið sumar var nokkur hluti þeirrar síldar, er send var af Siglufirði til Stokkhólms — þrír skipsfarmar mun það hafa verið — svo skemd vara, að til stóð, að heilbrigðisvaldstjórnin þar léti gera hana upptæka; því var með naumindum varnað fyrir ötula framgöngu norska sendiherrans í Stokk-

hólmi og er þetta ekki glæsilegt fyrir sölu þessarar vöru.

Á síðasta sumri minkaði að mun síldarútvegur við Eyjafjörð og er að búast við enn meiri afturför í sumar. Fyrir skömmu fiskuðu þar 20 reknetaskip, síðastliðið sumar voru þau að eins 5 og búast má við, að ekkert verði þar að sumri nema hér verði tekið í taumana. Hér er að ræða um mjög þýðingarmikið mál fyrir héraðið og tekjugrein fyrir landsjóð.

Treysti eg því, að háttvirt deild taki nú málið til íhugunar og skal eg ekki fjölyrða um það meir að sinni, en leyfi mér að stinga upp á að skipuð verði í það 5 manna nefnd.

August Flygenring: Eg vil leyfa mér að lýsa afstöðu minni til síldarmatsmálsins. Mér finst það afaróheppilegt, að lög séu sett, sem kunna að verða til tálmunar sölu vörunnar.

Mér virðist nægilegt að benda á, að svo getur farið, og hefir oft farið svo að undanförnu, að Norðmenn og Svíar hafa komið og keypt síldina sjálfir. Væri það þá hart, að þeim mönnum, sem ætla að kaupa hana, sama sem til eigin neyzlu, sé bannað með lögum að gera það.

Ef ekki flytjandi þessa máls hefði tekið það fram, að það væri almennur áhugi manna nyrðra að fá þessu máli framgengt, þá hefði eg greitt atkvæði á móti því við fyrstu umræðu. En þar sem þetta er þýðingarmikið mál fyrir héraðið nyrðra og enda landið alt í heild sinni, þá álít eg rétt að nefnd sé sett í það, ef vera mætti, að með breytingum mætti gera það skaðlítið.

Auðséð er, virðist mér, að afleiðingar af þessum lögum yrðu tafir miklar og kostnaður á útgerðinni í heild sinni. Hvers vegna ekki fyrst að nota hið frjálsa mat, sem nú er kostur á?

Og hvernig stendur á því, að varan kemur svona skemd til útlanda sem þm. Akureyringa upplýsir um, einmitt frá því héraði, sem kostur er á að fá mat á síld, — þar sem sjálfur yfirmatsmaðurinn landsjóðslaunaði situr? Því ekki að nota síldarmatið eins og fiskimatið hér syðra. Hið frjálsa mat hér áður gafst okkur miklu betur en hið núverandi lögskipaða.

Það er mjög leiðinlegt, að engin reynsla er enn fengin fyrir því, hvaða áhrif lögskipað mat kynni að hafa, þar sem kjörmatið hefir ekki verið notað. — Það álít eg illa farið.

Eg veit að þegar eg tala prívat við hv. framsögumann, þá hlýtur hann að geta gefið mér ýmsar upplýsingar snertandi þetta mál, en fljótt á litið er þetta skyldumat, eins og hver önnur þvingunarlög mjög varhugavert.

Sigurður Hjörleifsson: Eg skal leyfa mér að svara örfáum orðum háttvirtum 3. konungkjörnum. Það er rétt, að kjörmatið hefir lítið verið notað og það af ýmsum ástæðum, en það er langt frá, að eg sé að lofa það, hve lítið það hefir verið notað.

Aðalástæðan mun vera sú, að síldartökumennirnir vilja ekki láta tefja sig meðan stendur á sjálfri aflahviðunni.

En hér er ekki farið fram á skoðun á saltaðri síld. Það er um að gera að fá tryggingu fyrir því eins góða og hægt er að ekki sé tekin til söltunar skemd síld. Því þótt útlendingar vilji kaupa hana, þá fellir hún mjög verð allrar síldar.

Hér liggur eigi annað til grundvallar en það, sem reynst hefir til svo mikillar blessunar á Suðurlandi í fiskiskoðuninni.

Hér er að ræða um aðalatvinnuveg nyrðra, sem þarf að komast í gott skipulag.

ATKVGR.

Frumvarpinu var vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Samþykt í einu hljóði að kjósa 5 manna nefnd og í hana kosnir:

Sigurður Hjörleifsson,
Augúst Flygenring,
Gunnar Ólafsson,

Eiríkur Briem,
Ari Jónsson.

Önnur umræða í efri deild 21. marz (48, 277).

Framsögumaður (Sigurður Hjörleifsson): Eg býst ekki við að þurfa að vera langorður um þetta mál. Í nefndarálitinu er nálega alt hið helzta tekið fram, er þótti athugavert við frumvarpið. Það sem mér einkum þykir vert að benda á, er það, að nefndin hallast að því, að aðalatriði frumvarpsins sé haldið, en það er það, að skoðun fari fram á nýveiddri rekneta- og herpinótasíld. En nefndin leggur þó til, að gerð sé sú takmörkun á þessari skoðun, að hún fari að eins fram á svæðinu milli Horns og Langaness, af því að herpinótna og reknetaveiði er aðallega stunduð á því svæði. Nefndinni þótti ekki ástæða til að fara lengra í þessu efni. Annað aðalatriðið í tillögum nefndarinnar er það, að hún leggur til, að lög þessi gildi ekki nema til ársloka 1913, að þau með öðrum orðum gildi að eins til 3 ára. Sumir eru hræddir við þá skyldu, sem hér er lögð þeim á herðar og þótti því réttara að líta á lög þessi sem reglur, er farið væri eftir um skamman tíma. Það er alt af innan handar að gera á þeim breytingar eða framlengja þau, ef þau reynast vel. Þetta er í raun og veru aðalatriðið í þeim breytingum, er nefndin fer fram á, að gerðar séu á frumvarpinu. — Eg skal í þessu sambandi leyfa mér að geta þess, að prentvilla hefir slæðst inn í brtill. nefndarinnar við 3. grein. Það sendur þar *matsmenn:* á að vera *matsmann.*

3. brtill., sem nefndin leggur til, að gerð sé á frumvarpinu, er sú, að matsmaður hafi ekki vald til að skipa útgerðarmönnum og skipstjórum fyrir um útbúning á skipum, en að eins hafi vald til að leggja ráð á um þau efni, enda eiga þeir sjálfir alt á hættunni, ef illa fer; því þótti ekki ástæða til að setja svo hörð ákvæði inn í frumvarpið.

Eg leyfi mér svo að síðustu að mæla hið bezta með frumvarpinu. Eg er sjálfur sannfærður um, að hér er að ræða um stuðning á mikilvægri atvinnugrein, er landsjóður hefir haft miklar tekjur af, en hann missir þær, ef ekki eru fundin ráð til að koma honum aftur á góðan rekspöl og í tryggilegra horf en hingað til hefir verið gert.

Ráðherra (Kristján Jónsson): Það var að eins eitt atriði, er eg vildi benda á. Það var upphaflega ætlast til, að lögin öðlist gildi 1. Júlí, en nú er svo til ætlast, að þau öðlist gildi þegar í stað. En þessi ákvæði eru alveg ótæk. Eg skil ekki, að hægt verði að gera þær ráðstafanir, er gera þarf, samkvæmt ákvæðum laganna, svo fljótt, t. d. skipa yfirmatsmenn, gefa út erindisbréf handa þeim o. s. frv. Eg tel því ekki rétt að láta lögin ganga í gildi þegar í stað, þ. e. við staðfestingu þeirra; á hinn bóginn mætti framlengja tíma þann, er þau eiga að vera í gildi, og láta þau gilda lengur fram eftir, að minu áliti væri rétt, að þau gengu ekki í gildi fyrr en síðla sumars 1911, af því að eg býst sem sagt ekki við, að hægt verði að koma ákvæðum þeirra í framkvæmd fyr. Eg vona, að nefndin taki þetta til athugunar.

Framsögumaður (Sigurður Hjörleifsson): Eg skal benda hæstv. ráðherra á, að nú eru til tveir síldarmatsmenn nyrðra og að þeim hafa verið gefin erindisbréf. Mér þykir líklegt, að þeir yrðu látnir halda því starfi sínu, svo að hér getur ekki verið um mikið starf að ræða fyrir stjórnarráðið, og það þótt svo væri, að gefa yrði út ný erindisbréf. Eg skal geta þess, að útvegsmönnum nyrðra er kappsmál, að lög þessi gangi í gildi þegar í stað. Nefndin er auðvitað fús á að taka þetta til athugunar, en eg vona, að það reynist ekki erfitt að koma þessu öllu í kring, áður en

síldarveiðin byrjar kring um 20. júlí.

Ráðherra (Kristján Jónsson): Framkvæmdarvaldið getur auðvitað engar ráðstafanir gert, er hér að lúta, fyrr en lögin eru staðfest. Þau verða staðfest erlendis og það tekur tíma fyrir stjórnarráðinu, að koma öllum ákvæðum laganna í kring, svo að þau geti komið til framkvæmdar. Það er þetta, sem mér þætti æskilegt, að nefndin tæki til íhugunar.

Steingrímur Jónsson: Eg vil leyfa mér að benda á að, ef frumvarp þetta á að geta komið til framkvæmda á þessu ári, þá verður það að vera fyrir 20. júlí í sumar. Það verður að vera fyrir þann tíma, ef lögin eiga að koma að gagni 1911. Eg fyrir mitt leyti held, að það þurfi ekki að verða neitt erfitt, nema ef vera skyldi ákvæðið um undirmatsmennina. Það getur verið spurning um það, hvort hægt sé að hafa til nógu marga síldarmatsmenn fyrir þann tíma, 20. júlí í sumar. Eg vil leyfa mér að skjóta því til athugunar hinnar háttv. nefndar, hvort hún vildi ekki við 3. umr. koma fram með breytingartillögu um, að lög þessi skuli öðlast gildi 20. júlí 1911. Ef þau öðlast síðar gildi er ekki mögulegt, að þau komi að gagni fyr en á árinu 1912.

Sigurður Hjörleifsson: Eg skal leyfa mér að benda á, að þessi síldarveiði, sem er að eins herpinótaveiði og reknetaveiði er öll bundin við Eyjafjörð, Siglufjörð og örfáa staði aðra.

(*St. J.*: Þistilfjörð).

Þetta er svo lítið svæði, að eg get ekki skilið, að nokkrir örðugleikar verði á að fá starfandi undirmatsmenn. Slíkt mundi að líkindum ganga gegnum yfirmatsmennina. Þeir mundu hafa vakandi auga á þessu og gætu sjálfsagt fengið skipaða matsmenn í tæka tíð á hverjum stað.

Umr. lokið.

Brtill. (þskj. 227) við 1. gr. samþ. með 10 shl. atkv.
1. gr. þar með fallin.
2. gr. samþ. með 9 shl. atkv.
Brtill. við 3. gr. samþ. með 10 shl. athv.
3. gr. þar með fallin.
4., 5., 6., 7., gr. samþ. með 9 shl. atkv.
Brtill. við 8. gr. samþ. með 9 shl. atkv.
8. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 9 shl. atkv.
9. gr. samþ. með 9 shl. atkv.
Brtill. við 10. gr. sþ. með 9 atkv. gegn 1.
10. gr. þar með fallin.
Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.
Frumv. vísað til þriðju umr. í einu hljóði.

Þriðja umræða í efri deild 23. marz (257).

Sigurður Hjörleifsson: Eg skal ekki tala langt mál um þetta frumvarp að þessu sinni. Br.till. á þgsk. 276 er fram komin eftir bendingu frá hæstv. ráðherra við síðustu umr. málsins. Nefndin tók þá bendingu til athugunar og hefir komið sér saman um að bera þessa breytingartillögu fram, að eg held eg megi segja í samráði við hæstv. ráðherra, og skal eg leyfa mér að leggja til, að háttv. deild samþ. hana.

3. umr. lokið.

Br.till. á þgsk. 276 sþ. í e. hl.
Frumv. sþ. í e. hl.

Frestun aðflutningsbanns.

FRUMVARP til laga um frestun á framkvæmd laga nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi (462).

Fyrsta umræða í efri deild 5. apríl.

Framsögum. (Sigurður Stefánsson): Að því gengu allir menn vísu, að áfengisbannið hefði í för með sér stórkostlegan tekjumissi fyrir landssjóð. Áfengistollurinn hefir um langan aldur verið ein af aðaltekjugreinum landssjóðs oftast frá 3—400 þús. á fjárhagstímabilinu. En á hinn bóginn mátti telja það vandkvæðalítið að afla landinu tekna upp í þetta skarð og afla

þeirra svo fljótt, að engin vandræði þyrftu að stafa af áfengisbanninu fyrir fjárhag landsins. Þetta var því hægra, sem alllangur tími var til stefnu frá samþykt laganna og þar til þau gengu í gildi. Hér var um eina hina sjálfsögðustu skyldu landsstjórnarinnar að ræða og það því fremur, sem landið þarfnaðist mikils tekjuauka þótt áfengistollurinn héldist. Reynslan hafði þegar fyrir nokkru sýnt, að þjóðarbúskapurinn þarfnaðist mikils tekjuauka, ætti sjálfsögðum og eðlilegum kröfum þjóðarinnar til aukinnar andlegrar og verklegrar menningar að geta orðið fullnægt af fjárveitingarvaldinu nokkurnveginn viðunanlega.

Þingið 1907 sá þetta fullvel, þessvegna skipaði stjórnin eftir tillögum þess millilinganefnd til þess að endurskoða skattalög landsins; samdi sú nefnd allmörg frumvörp, er miðuðu til að auka tekjur landsins. Sú nefnd gerði ekki ráð fyrir áfengisbanninu og taldi því áfengistollinn með í tekjum landsins, en samkvæmt frumvörpum hennar nam tekjuaukinn fullum 200 þús. krónum á ári og taldi hún þann tekjuauka hið minsta, er af yrði komist með.

Þingið 1909 sá þetta líka fullvel, því duldist ekki, að með áfengisbanninu yxi tekjuþörfin um full 300 þús. krónur á ári, svo að ekki mundi bráðlega veita af að auka tekjurnar um $^1/_2$ miljón árlega. Landinu bráðlá því á mjög ríflegum tekjuauka. Landstjórnin hafði hér góð tromf á hendinni þar sem voru frumvörp skattanefndarinnar vandlega undirbúin og rökstudd, að vísu voru tillögur hennar um hækkun áfengistollsins sjálffallnar með áfengisbanninu, en tekjuaukinn samkvæmt hinum frumvörpum hennar nam þó töluvert á annað hundrað þús. krónum á ári.

Stjórnin, sem við völdum tók 1909, var einbeitt bannlagastjórn og fylgdi því máli fast fram, þótt ver hafi verið þakkað af sumum bannvinum en skyldi. Ekkert var því eðlilegra, en að hún legði alt kapp á að fylla þó ekki væri nema áfengistollsskarðið í tekjum landsins, það var heilög siðferðisskylda hennar, það var sjálfsögð stjórnarskylda hennar gagnvart landi og þjóð.

Þjóðin bjóst líka við því, meira að segja taldi það alveg víst, að fyrir þessu þingi lægju ítarlegar og ákveðnar tillögur frá stjórnarinnar hálfu um stórauknar tekjur, hún var reiðubúin að taka þau gjöld á sig svo fjárhag landsins væri ekki teflt í voða. Það er sjálfsagt skylduverk stjórnarinnar að finna jafnan ráð til þess að láta tekjur og gjöld landsins standast nokkurnvegin á, ekki með því að draga úr þjóðnauðsynlegum framkvæmdum og fyrirtækjum, sem þingið hefir með höndum, heldur með því að útvega í samvinnu við þingið tekjur til aukinna framkvæmda og þjóðþrifa á öllum svæðum þjóðlífsins. Annars hætt við kyrstöðu á framsóknarbrautinni, og kyrstaðan verður oftast nær sama sem afturför.

Þetta skylduverk má engin stjórn undir höfuð leggjast.

En hvernig hefir nú stjórnin, sem frá fór, gegnt þessari skyldu sinni? Hvernig eru fjárhorfurnar? Upp í áfengistollsskarðið hefir stjórnin komið með einar liðugar 30 þús. kr. á ári sem tekjuauka á næsta fjárhagstímabili. Það er alt og sumt. Eftir næstu áramót hverfur áfengistollurinn úr sögunni, árið 1912 er ekkert af stjórninni áætlað til uppbótar fyrir hann nema þessar 30 þús. krónur, þær eiga að bæta úr alt að 200 þús. kr. tekjumissi. Með að sumu leyti fráleitum áætlunum um útgjöldin, tókst stjórninni að vísu að jafna nokkurn veginn tekjur og gjöld á fjárlagafrumvarpi sínu, en þingið verður að gera á því miklar breytingar, til þess að samkvæmt sé gildandi lögum, eins og nú horfir við vantar að líkindum alt að hálfri miljón króna til þess, að þingið geti skilist sómasamlega við fjárhag landsins

að þessu sinni, engin tekjuaukalög eru samþykt, fá stór á ferðinni og óvíst um samþykt þeirra, langlíklegast, að þau, er nokkuð munar um, verði feld.

Hvar lendir þetta?

Um fjórðung aldar hefi eg lengstum setið á alþingi Íslendinga, en aldrei hefi eg búist við að fara í jafn döprum hug og með jafn þungum áhyggjum um hag þjóðarinnar minnar heim af þingi eins og þessa síðustu daga.

Vér eigum innan fárra daga að afgreiða fjárlögin fyrir næstu tvö ár, eg hefi litla von um, að þau verði afgreidd með minna en 3—400 þús. kr. tekjuhalla, og það þótt vér verðum að láta ýms nauðsynjafyrirtæki sitja á hakanum. Vér höfum mörg slík mál með höndum, sem eiga fylstu kröfu til aðstoðar þingsins, en oss vantar fé. Vér erum þegar orðnir stórskuldugir og skuldirnar vaxa óðum. Vér skuldum Dönum nú þegar $2^1/_2$ miljón kr., af þeirri skuld er $^1/_2$ miljón reikningslán, sem Danir geta heimtað af oss hve nær sem þeim þóknast. Vér höfum tekist á hendur ábyrgðir fyrir lánum annara nær $^3/_4$ miljón, og í þinglok verða þær ábyrgðir að líkindum 2 miljónir króna. 400 þús. króna lántaka verður og fyrir höndum til hafnarinnar í Reykjavík.

Eg efast ekki um, að vér séum menn fyrir þessu, eg tel ólíklegt, að ábyrgðirnar verði oss til tjóns, en hitt fullyrði eg, að oss beri að gæta allrar varúðar í því að glata ekki von bráðar allri tiltrú og lánstrausti. Það getum vér átt á hættu, ef svona er haldið áfram ár frá ári.

Eg veit, að mér verður bent á viðlagasjóðinn af þeim, sem hvergi eru hræddir, jú, vér eigum þar um 1700 þús. krónur, en getum vér fljótlega gripið til hans þó oss liggi á? Síður en svo.

Fjárlögin segja að vísu, að tekjuhallann skuli greiða úr viðlagasjóði og fljótur verður hann að fara, ef þing eftir þing afgreiðir fjárlögin með svipuðum tekjuhalla og nú lítur út fyrir. En það er hægra að setja þetta greiðsluákvæði í fjárlögin en að framkvæma það í fljótu bragði eins og nú horfir við.

Viðlagasjóðurinn er fastur. Hann er rígbundinn í lánum hjá einstökum mönnum og stofnunum. Á yfirstandandi fjárhagstímabili ætlaði stjórnin að losa úr honum 200 þús. kr. með uppsögn á eldri lánum. En hvað fékk hún? Segi og skrifa einar 20 þús. kr. eða þar um bil. Skuldunautarnir gátu ekki borgað, og að ganga hart að þeim var hér um bil sama sem að gera þá gjaldþrota. En hér er meira blóð í kúnni. Um 220 þús. kr. hafa verið settar fastar í honum á þessu fjárhagstímabili í nýjum lánum, sem þingið hefir heimilað stjórninni að veita. Afleiðingin af því hefir orðið sú, að peningaforði landssjóðs er uppétinn og það svo vendilega, að mér er sagt, að stjórnin hafi um tíma í vetur verið komin í hann fullkrappann að geta staðið í skilum með lögboðnar greiðslur svo sem laun embættismanna o. fl. Getur manni ekki dottið í hug í þessu sambandi maður, sem að vísu á töluverðar eignir, en verður þó að fara til skiftaráðandans með gjaldþrotayfirlýsing, af því að eigurnar eru allar rígbundnar og ekki hægt að víkja þeim fyrir sig.

En sá búskapur!

Og þó hugsa löggjafarnir sig nú minna um tugi og jafnvel hundrað þúsunda kr. fjárveitingar en við gömlu mennirnir hér á árunum um nokkur hundruð krónur og samt blómgaðist hagur þjóðarinnar vonum fremur alveg skuldlaust frá þingsins hálfu.

Svona eru nú ástæður landssjóðsins.

En hvernig er svo ástatt með fjárhag einstaklinganna? Er fjárhagslegu sjálfstæði landsmanna yfirleitt betur borgið en áður. Eignir þeirra hafa sjálfsagt vaxið mikið í orði kveðnu síðustu 10—15 árin, en hvernig er lánstraustinu þeirra farið?

Óvarkárni, kæruleysi og léttúð í öllum

viðskiftum, jafnvel beinar fjárglæfrar hafa farið dagvaxandi síðustu árin, stórkostleg og ljót gjaldþrot tíðir viðburðir. Lánstrausti og áliti landsins erlendis stórspilt af ókærnum fésýslumönnum, sem tekið hafa fé til láns en ekki borgað, hið mesta óorð komið á Íslendinga í öðrum löndum fyrir vanskil og fjárpretti.

Bankarnir okkar standa svo að segja ráðþrota gagnvart vanskilum og örbirgð viðskiftamanna sinna. Þeir horfa með tortrygni á fjölda skuldunauta sinna og lánbeiðenda, sem fyrir nokkrum árum höfðu fult traust þeirra.

Og hversvegna?

Af því að allur þorri þeirra manna, að minsta kosti í kaupstöðunum og hinum stærri kauptúnum landsins, sem hafa eins og sagt er „í sig og á“ er annaðhvort hlaðinn skuldum eða ábyrgðum eða hvorttveggju, sem lítil líkindi eru til, að þeir fái undir risið.

Hin fáu iðnfyrirtæki í stærri stíl eru flest á heljarþröminni.

Þjóðin hefir misbrúkað lánstraustið og bankarnir ekki farið eins varlega og þurft hefði.

Því fer fjarri, að eg örvænti um fjárhag vorn, þótt alt annað sé en glæsilegur nú, vér erum á gelgjuskeiðinu á þjóðlífsferli vorum, eg hefi óbifanlega trú á gæðum landsins okkar og framförum þjóðarinnar, er hún nær meiri þroska, en skjótum þroska nær hún því að eins, að hún fari gætilega að ráði sínu og kollhlaupi sig sem sjaldnast á framfarabrautinni.

Peningar eru dýrmætur höfuðstóll í viðskiftalífinu, en lánstraustið er enn dýrmætara, sé þeim höfuðstól glatað er flestu glatað, nema vonarvölnum.

Sumir vilja lækna öll fjárhagsmein vor með stórum lántökum, lántökum í tugum miljóna jafnvel; skynsamleg lán til velhugsaðra og arðvænlegra fyrirtækja eru beinn gróðavegur, ef stjórnsemi og ráðdeild er með, eyðslulán aftur á móti þvert á móti lýsing fyrir persónulegt og pólitískt sjálfstæði.

Lánabrautin að því leyti varhugaverð fyrir fátæka þjóð.

Eg sagði áðan, að vér skulduðum Dönum nú þegar hálfa þriðju miljón. Rétt er að geta þess, að fyrir hálfri annari miljón af þessari skuld höfum vér bankavaxtabréf veðdeildanna, sem skuld þessi getur smámsaman borgast með. En hvernig getur farið um þessi verðbréf, ef landið sökkvir sér í skuldir og ábyrgðir ár frá ári? Þau geta óðar en varir stórfallið í verði á peningamarkaðinum, og orðið lítilsvirði, verðmæti þeirra er því skilyrði bundið, að vér förum gætilega með lánstraustið okkar; og það verð eg að segja, að skuldasúpan við Dani, sívaxandi ár frá ári, er alt annað en vænleg til þess að auka oss þor og dug í sjálfstæðisbaráttu vorri. Stórskuldugur maður, sem ekki getur greitt skuld sína hve nær sem er, steitir ekki hnefann framan í lánardrottinn sinn, hann veit ofurvel, að það svar getur legið á hraðbergi: „Borgaðu mér skuldina þína, góðurinn minn, svo geturðu steitt hnefann“.

Oss ríður lífið á að reisa oss ekki hurðarás um öxl í fjármálum vorum, gætileg fjárlög, þar sem tekjur og gjöld eru áætluð við hæfi þjóðarinnar, eru traustasta undirstaðan undir góðum fjárhag og eðlilegri framþróun þjóðfélagsins. Alþingi Íslendinga glatar tign sinni, þeirri tign að vera lyftistöng allra sannra þjóðþrifa, ef athugaleysið, ókærnin og léttúðin í öllum fjármálum, sem of-mjög hefir bólað á hin síðustu árin, nær fótfestu í þingsölunum.

Eg sagði áðan, að fjárhagshorfur vorar væru mér þungt áhyggjuefni, getur verið af því, að eg sé ístöðuminstur og skammsýnastur vor allra, er hér sitjum, um þetta mál.

Þetta næsta fjárhagstímabil er þó ekki það óttalegasta í mínum augum.

Vér, sem margir hverjir förum líklega í seinasta sinni heim af þingi, getum ef

til vill með það bak við eyrað sagt eins og einn hinn dáðlausasti þjóðhöfðingi, Lúðvík 15. Frakkakonungur, sagði þegar alt var komið að því að kollsteypast í ríki hans: „Aprez nous le deluge". „Eg verð dauður þegar ósköpin dynja yfir". En getur nokkur þingmaður huggað sig við þá tilhugsun?

Verði sem sé ekkert gert á þessu þingi til að greiða fram úr yfirvofandi fjárhagsvandræðum, stendur sú stjórn, er semja á næsta fjárlagafrumvarp (1914—1915) næsta illa að vígi. Annaðhvort verður hún að skera niður mikinn hluta þeirra fjárveitinga í fjárlögunum, sem ganga eiga til atvinnubóta, samgangna á sjó og landi, mentamála o. s. frv., í stuttu máli setja slagbrand fyrir mest allar framkvæmdir þjóðinni til nytja, eða þá að leggja fjárlagafrumvarpið fyrir þingið með mörg hundruð þúsund króna tekjuhalla. Eg veit, að sumir setja vonir sínar um bót á þessu á aukaþingið, sem væntanlega kemur saman næsta ár, þá megi ráða fram úr vandræðunum með nýjum skattalögum. Eg hef ekki mikla trú á því. Eg vil ekki fresta því til morguns, sem eg get gert í dag. Tel mjög vafasamt, að sú stjórn, sem nú fer með völdin, undirbúi ný skattalög fyrir þann tíma, eða þó svo yrði, að aukaþinginu, sem á setu einn mánaðartíma, vinnist tími til þeirrar lagasetningar, það hefir alt öðrum störfum að gegna, þar sem eru mál þau, er standa í beinu sambandi við stjórnarskrárbreytinguna, þau mál eru beint hlutverk þess, auk stjórnarskrárinnar og önnur ekki.

Eg skýt því til yðar, heiðruðu fulltrúar þjóðarinnar, sem þessi orð mín heyra, hvort þér getið rólegir farið héðan með þessari tilhugsun og hafa ekkert afrekað til að koma í veg fyrir þetta, eins og nú lítur út fyrir að verði.

Eg get það ekki, mér er það ómögulegt. Það dugar ekki þegar svona er komið að afsaka sig með aðgerðaleysi stjórnarinnar. Það dugar ekki, að þingflokkarnir kítist á um þetta mál og kenni svo hver öðrum um, að ekkert er gert. Skylda vor allra heimtar það, þjóðin heimtar það, að vér grípum til þeirra bjargráða, þótt enda séu örþrifaráð, sem til eru, í fullri einlægni og góðri samvinnu, hvað sem allri svo nefndri flokkaskifting líður. Og hversvegna? Af því hér þarf skjótra úrræða við til að firra ættjörð vora stórvandræðum. Þó eg ætti sárbeitta pólitíska fjandmenn hér á þingi, er eg sem betur fer ekki á, tæki eg glaður höndum saman við þá um slík bjargráð.

Eg skal játa, að eg sé ekki mikil ráð til að greiða úr þessu máli, svo sem þyrfti, en þó er þetta litla frumvarp dálítið ráð í þá átt. Eg hefði óskað, að þessu þingi hefði auðnast að finna miklu betri ráð, miklu vænlegri ráð til stóraukinna tekna fyrir landið á næstu árum, en eg hefi því miður litla von um það. Einn vill þetta og annar hitt, af því að grundvöllinn vantar til að byggja á og svo verður ekki neitt úr neinu.

Svo er um frumvarp þetta, að eg get búist við, að sagt verði, að eg með flutningi þess sé að svíkja fósturjörðina eða að minsta kosti að brugga bannlögunum banaráð, hótunarbréfið, sem liggur hér á borðinu fyrir framan mig, sannar þetta hugboð mitt, en eg get sagt þeim góðu mönnum, er sent hafa hingað þann samsetning, að eg fer mínu fram, hvað sem slíkum hótunum líður.

Eins og kunnugt er, voru á síðasta þingi samþykt lög, sem hér er farið fram á að fresta að nokkru leyti. Þau komust á fyrir ötula baráttu Goodtemplararegl-unnar hér á landi, og meiri hluti kjósenda landsins veittu aðflutningsbanninu fylgi sitt 1908. Á þinginu mættu þau allharðri mótspyrnu og skal hér ekki frekar út í það farið, en svo fór þó um samþykt þeirra að lokum, að hún varð ekki með þeim hætti, er einlægustu bannmennirnir

höfðu helzt ákosið. Framkvæmd þeirra var tviskift, aðflutningsbannið á að komast á við næstu áramót, en sölubannið ekki fyr en 1915. Áfengisverzlunin helzt því eftir sem áður til þess tíma. Eg var þessari tviskifting mótfallinn, þótt eg gengi að henni til að bjarga málinu frá falli. Mér duldist það ekki, að takmarkinu, sem stefnt var að, var ekki náð, fyr en sölubannið komst á eða 6 árum eftir samþykt laganna. Verði örðugt að gæta þess, að lögum þessum verði hlýtt, þegar þau eru algerlega komin í gildi, þá er eftirlitið þó mun örðugra á þessu tímabili milli aðflutnings- og sölubannsins. Vínsalan er heimil, vínnautnin því álíka almenn og áður, en allörðugt að vita hvort áfengið, sem keypt er og drukkið, er innflutt fyrir eða eftir 1. jan. 1912. Árangur laganna getur ekki farið að koma í ljós fyr en eftir 1915.

Áfengistollurinn síðastliðið ár var 182 þús. kr. eða nær 100 þús. krónum minni en hann er áætlaður í núgildandi fjárlögum, en þessi mikla lækkun getur stafað af því, að alþingi 1909 hækkaði áfengistollinn að miklum mun, en áður en sú hækkun komst í lög höfðu sumir stærstu áfengissalar landsins birgt sig upp meira en vanalega, til að komast hjá hækkuninni, svo aðflutningurinn árið sem leið hlaut að verða minni, svo getur og tollhækkunin hafa nokkru valdið um þessa lækkun; minna keypt, að minsta kosti svona fyrst í stað.

Verði nokkuð úr þessari frestun, má búast við, að tollurinn verði á næstu árum eitthvað svipaður og árið sem leið, og heldur hærri síðasta árið áður en bannið skellur algerlega á. Ekki ólíkleg áætlun, að hann muni að meðaltali verða alt að 200 þús. krónum á ári þessi þrjú ár frá 1912—1915, eða alt að 600 þús. kr. öll árin. Fjárlaganefnd neðri deildar áætlar tollinn 300 þús. kr. í ár; þegar sú upphæð er dregin frá hinni áætluðu upphæð minni, ætti tekjuaukinn af frestuninni að verða alt að 300 þús. krónum. Í hótunarbréfinu stendur að vísu, að enginn tekjuauki verði af þessu frumvarpi; eg gæti búist við slíkum fullyrðingum frá barnaskóladrengjum, en ekki frá sjálfri Stórstúkunni eða reyndum og greindum mönnum. Ef tekjuaukinn yrði lítill sem enginn, öll þessi ár fram yfir áætlun fjárlaganefndarinnar, þá væri drykkjuskapurinn orðinn minni en svo í landinu, að mikil þörf væri á bannlögunum.

Þegar nú þess er gætt, að framkvæmd þessara laga verður hvorki heil né hálf fyr en 1915 og landið því eftir sem áður fult af áfengi þennan tíma, en landssjóði græðast hinsvegar all-verulegar tekjur með þessu frumvarpi, verði það að lögum, þá virðast engin ósköp og skelfing vera á ferðinni. Með þessum tekjuauka vil eg firra landið stórum vandræðum og eg trúi því ekki fyr en eg tek á því, að allur þorri góðra manna, sem ekki er blindur á báðum augum af bindindis- eða bannofstæki, geti ekki látið sér það allvel lynda. Að vísu hafa liðugir 30 af 60 þingmálafundum á undan þessu þingi viljað halda fast við ákvæði bannlaganna, en þess ber að gæta, að þessir fundir töldu víst, að stjórnin mundi leggja fyrir þingið skattalagafrumvörp, er fylti upp í áfengistollsskarðið.

Sjálfstæðisflokkurinn á engan hlut að flutningi þessa frumvarps, þar er engum til að dreifa nema mér, og því tek eg á mig alla ábyrgðina af flutningi þess inn í þingið. Bannmálið hefir aldrei flokksmál verið og eg undanskil Heimastjórnarflokkinn einnig frá allri samvinnu við mig í þessu efni.

Ærslin og ólætin út af þessu litla frumvarpi æra mig ekki; eg tel mig vinna Sjálfstæðisflokknum þarft verk, ef með þessu tekst að útvega landssjóði all-verulegan tekjuauka. Þegar þessi flokkur komst til valdanna taldi hann það eitt af hlutverkum sínum að sjá landinu betur

farborða í fjármálum, en honum þótti Heimastjórnarflokkurinn gert hafa. Sem sjálfstæðisflokksmaður taldi eg mér því skylt að fara ekki svo heim af þessu þingi, að eg ekki legði fram mína litlu þingmannskrafta til að ráða eitthvað fram úr því óefni, sem hér er í komið. Þjóðin verður að dæma um það, hvernig þetta ráð mitt er og hvort þess var ekki full þörf. Má vera, að eg haldi hér pólitíska líkræðu yfir sjálfum mér. Eg er þess albúinn að hverfa héðan, dvöl mín hér fer ef til vill að verða hvorki sjálfum mér né þjóðinni minni að skapi, og þá er bezt að fara, en þá hjartans sannfæring mína vildi eg geta greipt á hjartarætur þjóðarinnar, hrópað hana inn í hug og hjarta hvers einasta Íslendings, að eitt dýrasta og eftirsóknarverðasta hnossið á þjóðlífsbrautinni er efnaleg sjálfstæði, án hennar er alt sjálfstæðisskraf hljómandi málmur og hvellandi bjalla, með henni getur hún orðið sannarlega frjáls þjóð.

Forseti leitaði leyfis deildarinnar til þess að málið mætti koma til meðferðar. Það samþykt með 9:1 atkv.

Sigurður Hjörleifsson: Þetta mál er þá loksins komið inn á þingið. Satt að segja hefi eg átt von á því fyrir löngu. Eftir þeim mikla gauragangi um land alt til fjandskapar gegn aðflutningsbannslögunum, þá hefði mátt búast við því, að óvinir bannsins flyttu frumv. í þessa átt þegar í byrjun þings, því átti eg von á, en eg átti ekki von á, að það kæmi frá háttv. þm. Ísafjarðar, sem greiddi atkvæði með bannlögunum á síðasta þingi. Eg gat trúað, að tillaga um að fresta lögunum kæmi frá einhverjum þeirra manna, sem börðust á móti þeim. En eg átti alls ekki von á, að slík tillaga kæmi frá þeim, sem áttu þátt í að koma málinu fram á síðasta þingi. Það þykir mér undarlegt hvik. Eg gat líka búist við því úr annarri átt. Það var hugsanlegt, að hæstv. ráðherra vildi flytja tillögur í þessa átt til þess að auka tekjur landsjóðs, eða sá flokkur, sem hann styðst við á þinginu. Eins og nú er komið, er það þeim skyldast að sjá fyrir fjárhag landsins. Þessvegna er undarlegt, að þetta mál skuli nú koma frá þeim, sem ekki bera neina ábyrgð eða að minsta kosti ekki eins nána ábyrgð á fjárstjórn landsins og stjórnarfarinu yfir höfuð. Það er ekki svo að skilja, að eg sé að lasta háttv. þm. Ísafj. fyrir þetta. Eg veit, að hann ber þetta mál fram eingöngu af því, að hann álítur það gott mál, og það er sjálfsagt að virða það og meta. Annars var ræða hans að mestu leyti óviðkomandi málinu sjálfu, eða snerti það að minsta kosti ekki beinlínis. Hann talaði um, hve bágborinn fjárhagur landsins væri, án þess þó að koma með neinar verulega ábyggilegar tölur. Og mér fanst hann tala meira af hita en rólegri yfirvegun á fjárhag landsins. Eg er honum alveg sammála um, að þingi og stjórn ber að gæta allrar varúðar í fjármálunum. Hagur landsins er alt annað en álitlegur, sem stendur. Og einmitt þetta, hve fjárhagsástandið er slæmt, er fylsta sönnun þess, að háttv. þm. Ísafj. og aðrir þeir, sem vildu draga úr fjárveitingum á síðasta þingi, hafa haft rétt fyrir sér, en hinir rangt, sem sögðu, að það væri verið að svíkja þjóðina, þegar verið var að halda fjárbrutlinu í skefjum. En hinsvegar er þó víst, að of mikið má gera úr því, hve bágborinn fjárhagurinn er. Eg held, að það sé ekki til neins góðs að æðrast yfir því, sem orðið er. Það gerir bara ilt verra. Það er um að gera að líta rólega á þetta mál eins og annað, og haga sér eftir því. Það bætir ekki neitt úr, að telja okkur komna að gjaldþroti og að landsjóður sé nálægt því að geta ekki int af hendi skyldugjöld sín. Þessi ummæli eru líka því undarlegri, þar sem sami háttv. þingm. hefir nýlega skrifað undir nefndarálit, þar sem því var haldið fram, að landsjóður hefði getað snarað út 750 þús. kr. í ársbyrjun

1910, til þess að borguð yrði skuld, sem þá var að ræða um. Það álit háttv. þm. er ekki í samræmi við þá skoðun á fjárhag landsjóðs, sem hann nú hefir látið í ljósi.

Annars vil eg benda á það, að eftir því, sem nú horfir við, hygg eg að þessi sterku ummæli um fjárhagshorfurnar séu ekki fullkomlega á rökum bygð. Á fjárlagafrumv. stjórnarinnar fyrir fjárhagstímabilið 1912—1913 eru tekjur landsjóðs áætlaðar kringum 2,900,000 kr. Beri maður þetta saman við virkilegar árstekjur árin 1908 og 1909, þá reyndust tekjurnar 3,152,000 kr., með öðrum orðum, að árin 1908 og 1909 reyndust tekjurnar kringum 250 þús. kr. hærri en áætlaðar tekjur á því fjárhagstímabili, sem nú fer í hönd. Samt sem áður skal eg ekki halda því fram, að fjárhagsástandið sé gott, það dettur mér ekki í hug. Og hér kemur fleira til greina, það játa eg. En þá er spurningin, er ekkert hægt að gera til þess að bæta fjárhaginn? Er þjóðin og þingið sá aumingi að geta ekkert gert nema ráðast á aðflutningsbannlögin? Það eru andlegt og pólitiskt gjaldþrot, að geta ekkert fundið upp annað en þetta eina, þetta neyðarúrræði. Og hvernig hefir verið farið að á þessu þingi, það sem af er? Þingið hefir haft mikið að gera við það að hrinda af stóli stjórninni sem var. En það hefir ekkert verið hugsað um neitt, er að fjárhag landsins lýtur. Og þingið hefir gert annað, það hefir setið á þeim gjaldstofnum, sem stjórnin hefir bent á. Það kemst ekkert áfram af þeim málum, sem horfa til að bæta fjárhag landsjóðs. Þess vegna eru fjárhagshorfurnar svona óálitlegar. Ef frumv. um farmgjald, sem nú liggur fyrir þinginu, verður samþykt, þá fær landsjóður kringum 200 þús. kr. af því, sömuleiðis liggur fyrir tillaga um að hækka lítið eitt toll af kaffi og sykri. Það mundi gefa landsjóði 60—70 þús. kr. tekjur. Hér er sannarlega hægt að finna nóga tekjustofna fyrir landsjóð, þó að áfengistollurinn missist. Eg get bent á fleira, t. d. aukning á útflutningsgjaldi af hvalafurðum. Slík hækkun væri fullkomlega réttmæt, borið saman við önnur útflutningsgjöld t. d. fa síld.

Eg held líka, að það sé rétt, að þó að framkvæmd bannlaganna verði frestað um 3 ár, þá muni það ekki hafa nema lítilfjörlegan tekjuauka í för með sér á næsta fjárhagstímabili. Hitt skal eg játa, að landsjóður mundi hafa mikinn tekjuauka af þessum 3 ára fresti, en sá tekjuauki kemur aðallega fram eftir næsta fjárhagstímabil. En eins og háttv. þingm. taldi, að fráfarandi stjórn hefði verið innan handar að útvega landsjóði tekjur á undanförnum árum, eins hlýtur hverri annarri stjórn að vera innan handar að útvega tekjur fram að næsta reglulega alþingi, og það því fremur, sem stjórnin á væntanlega kost á að ráðfæra sig við aukaþing einmitt á þessu tímabili. Það má því sannarlega bæta úr fjárhag landsins í tæka tíð, þó að ekki sé gripið til þessa úrræðis.

Háttv. þingm. talaði mikið um skuldir okkar Íslendinga. Eg get nú að mörgu leyti tekið undir það. Við erum heldur örir á að stofna til skulda. En við bætum ekki úr með því að drekka brennivín. Við gætum bætt úr því með ýmsu öðru, en alls ekki með því.

Ennfremur sagði hann, að lánstraust okkar væri alveg glatað eða stórspilt. En eg vil benda á, að þetta er alt of mikið sagt. Það er alls ekki sjáanlegt, að lánstraust landsins sé á leið að glatast. Eg held þvert á móti, að lánstraust landsins hafi aldrei verið betra en nú. Í því sambandi vil eg minna á orð hæstv. ráðherra hér í deildinni um daginn, þegar hafnarmálið var til umræðu. Hann kvaðst ekki telja neinn vafa á því, að það væri hægt að fá 2 miljón kr. lán. Eg er sammála hæstv. ráðherra, að það mundi ekki verða

nein vandræði að fá þetta lán og eg get trúað, að það væri hægt að fá miklu meira lán til arðvænlegra fyrirtækja. Hitt dettur engum í hug að taka stór lán, til þess að nota það sem eyðslufé. Ef um arðvænlegt fyrirtæki er að ræða, þá er það í alla staði forsvaranlegt að taka lán, til þess að koma því í framkvæmd, en annars er það ekki forsvaranlegt. Það sem hefir hleypt útgjöldunum mest upp á undanförnum árum og gert mestan tekjuhalla á fjárlögunum, eru símalagningar. En þar sem símalagningar borga sig, sýnist engin frágangssök að kosta til þeirra, jafnvel þó að taka þyrfti lán til þess. — Enn verð eg að neita því, að nokkur sönnun sé komin fram fyrir því, að þessu þingi takist ekki að gera fullgóð fjárlög. Eg hygg, að það megi vel takast með þeim tekjuaukum, eða tekjustofnum, sem hægt er að benda á, ef þingið vill aðhyllast þá.

Eg vil benda á, að þetta frumvarp, eins og það er orðað, er alt annað en lítilræði frá sjónarmiði þeirra, sem vilja styðja aðflutningsbannið. Eftir frumv. á að fresta öllum bannlögunum frá síðasta þingi um 3 ár. Frumv. verður ekki skilið öðruvísi. Háttv. flutningsmaður talaði svo, sem hér væri aðeins að ræða um að fresta banninu gegn innflutningi áfengis, en í frumv. er mælt svo fyrir, að bannlögunum skuli frestað. Þetta hefir mikla þýðingu, því að í lögunum eru ýms ákvæði um annað en innflutning áfengis. Öllum ákvæðum laganna á að fresta eftir þessu frumvarpi eða að minsta kosti er ekkert tiltekið hver eigi að standa, og hver ekki. T. d. er eitt ákvæði laganna þess efnis, að ekki megi framlengja leyfi til vínsölu. Eftir frv. á þá að fresta þessu ákvæði líka.

Ræða mín hefir snúist aðallega að fjárhagsástandi landsins, og er það eðlilegt, því að ræða háttv. framsögumanns var eingöngu þess efnis. Eg álít réttast að fara minna út í hina hlið málsins, sem var rædd ítarlega á síðasta þingi, um réttmæti þessarar ráðstöfunar, aðflutningsbannsins. Það sem þá var sagt málinu til stuðnings, er jafngott og gilt enn þann dag í dag. Og hafi ráðstöfunin verið réttmæt þá, er hún engu síður rettmæt enn. Og þó að við bætist nú þessi ástæða á móti banninu, að fjárhagur landsjóðs sé þröngur, þá er það eingöngu því að kenna, að þingið hefir ekki gert sitt til að bæta úr fjárhagnum, með því að koma fram lögum í þá átt. En þetta er engin ástæða til þess að taka aftur þá ráðstöfun, sem síðasta þing gerði í bannmálinu.

Eg fyrir mitt leyti álít enga þörf á nefnd í þetta mál og mun greiða atkvæði á móti því, að frv. gangi til 2. umræðu.

Gunnar Ólafsson: Eg ætla aðeins að segja nokkur orð um þetta mál, frá almennu sjónarmiði. Eg skal játa, að það kom mér á óvart, að frv. þetta skyldi koma frá háttv. þm. Ísafj., mér þótti það einkennilegt eftir fyrri framkomu hans í þessu máli, því að hann var góður stuðningsmaður málsins á síðasta þingi. Það er sjálfsagt, að hann hefir borið fram þetta frumv. eingöngu af því, að hann þykist knúður til þess, eða af örvæntingu um fjárhag landsins, en ekki af því, að hann vilji taka aftur neitt af því, sem hann hefir áður talað aðflutningsbanninu til stuðnings. Honum sýnist þetta vera nauðsynjamál, að fresta bannlögunum, „örþrifaráð“ eins og hann kallaði það sjálfur, til þess að bjarga landinu undan fjárhagslegum voða. Það er auðvitað, að þá viðleitni ber að virða, og viljann til að sjá landinu farborða í fjármálum. En samt sem áður get eg ekki fallist á þessa skoðun hans. Eg held miklu fremur að hann, sem er viðurkendur hyggindamaður og 25 ára gamall þingmaður, hefði átt að geta fundið önnur betri ráð. Eg get ekki fallist á, að það sé bezta ráðið til að bæta úr fjárkröggum landsins, að láta landsmenn kaupa skaðlegan og óþarfan hlut, sem þeir verða að borga tvær

krónur fyrir, til þess að ein króna komi í landssjóð. Þegar litið er á hag landsins eða þjóðarinnar í heild sinni, þá held eg, að þessi aðferð til að fá fé í landssjóð sé ekki til hagsmuna, heldur þvert á móti. Nú gekk ræða háttv. þm. mest út á það, að sýna fram á fátæktina og skuldabasl ið í landinu. Er þá að mínu áliti því síður rétt að stuðla að því, að landsmenn eyði fé sínu að þarflausu. Því að háttv. þm. viðurkennir víst, að það sem eytt er fyrir vín kemur engum að gagni. Að vísu rennur tollurinn í landssjóð, en andvirði sjálfs vínsins fer út úr landinu, svo að það, sem kemur í landssjóð á þennan hátt, verða landsmenn í rauninni að borga tvöfalt.

Háttv. þm. kvaðst aldrei hafa farið jafn dapur heim af þingi, eins og hann mundi gera í þetta sinn, vegna þess hve fjárhagurinn væri iskyggilegur. Það getur verið, að þetta hafi við nokkur rök að styðjast. En eftir því, sem hann sjálfur lýsti fjárhagnum, þykir mér hann alt um of kvíðinn, ef hann setur fyrir sig þennan fjárhag. Hann tók það fram, að landið skuldaði $2^1/_2$ miljón króna, en ætti aftur 1700 þús. kr. í viðlagasjóði. Hvað er þá sú *rétta skuld mikil*? Ekki nema 800 þús. kr. og eg verð að segja fyrir mitt leyti, að mér finst það hreint ekki neitt hræðileg upphæð.

Ennfremur tók hann það fram, að það væri skylda þingsins að beita öllum ráðum til að efla fjárhag þjóðarinnar og landsjóðs. En eg verð að neita því algerlega, að þingið eigi eða megi beita þeim ráðum til að auka tekjur landssjóðs, sem þjóðinni er ógagn að. Og hér er einmitt um það ráð að ræða, sem er skaðlegt fyrir þjóðina, enda tók háttv. þm. það oft fram, að þetta væri aðeins örþrifaráð.

Eg skil ekki í, að þetta frumvarp skuli vera fram komið frá háttvirtum þingm., sem það flytur nú, þar sem ekkert nýtt hefir komið fram í þessu máli, frá því þingið afgreiddi bannlögin, sem réttlætt geti þessa frestun. Það sem var sjáanlegt þá, er jafn sjáanlegt nú, og eg get ekki skilið, að það sé í raun og veru vansalaust fyrir háttvirtan þingmann að halda þessu máli fram, eða fyrir háttvirta deild að breyta nú til í þessu efni. Það er nokkuð mikil uppgjöf á stefnunni, að flytja þetta frumvarp nú, *(Sig. Stefánss.:* Stefnan sú sama.) en hafa áður verið að samþykkja aðflutningsbannslögin, og eg fæ ekki skilið að það sé vansalaust fyrir þingmanninn að bera þetta fram hér, né heldur vansalaust fyrir deildina að láta það fara lifandi héðan.

Hitt er annað mál, að þeir, sem börðust á síðasta þingi á móti aðflutningsbannslögunum, taka fegins hendi á móti þessari frestun, eins og hverju öðru, sem gæti orðið bannlögunum til falls. Það er í sjálfu sér ekkert við það að athuga, þeir hafa þá skoðun, að það sé nauðsynlegt fyrir landið að hafa áfengi, og að þjóðinni sé það hollast að súpa, um aldur og æfi, danskt brennivín, samhliða öðru góðgæti, er þaðan rennur.

Eg er aftur á móti þeirrar skoðunar, að það sé meir en tími kominn til þess að hætta við það, að það sé þjóðarnauðsyn.

Andstæðingar bannlaganna áttu svo öfluga meðmælendur hér í deildinni á síðasta þingi, að eg býst við að frumvarpið fái að ganga hér fram í dag. En eg mun greiða atkvæði móti því, að nefnd verði sett í málið, og einnig á móti því, að málið fái að ganga til annarar umræðu.

Það er annars athugavert, að flutningsmaðurinn skuli vera svo svartsýnn á fjárhag og framtíð þessa lands, að hann skuli neyðast til að koma fram með þetta frumvarp, þvert ofan í eigin orð og sannfæringu.

Jósef Björnsson: Eg skal ekki þreyta hina háttvirtu deild á löngu máli. Eg vil fyrst taka það fram, að í þessu máli er um tvö höfuðatriði að ræða. Annað atrið-

ið er það, hvort æskilegt sé að fresta bannlögunum eða ekki. En hitt atriðið er hvort frestun sé nauðsynleg.

Eg spyr því: Á að fresta bannlögunum? Þá spurningu skal eg athuga bæði frá sjónarmiði þeirra, er bannið vilja hafa, og eins hinna, sem eru andstæðir því.

Frá sjónarmiði þeirra, sem banninu fylgja fram, hlýtur öll frestun á framkvæmd laganna að vera skaðleg. Þeir líta svo á, að áfengið hafi gert og geri þjóðinni skaða, og að skaða haldi áfram að leiða af því, svo lengi sem áfengið er haft um hönd í landinu. Af þessari skoðun eru bannlögin sprottin. Bannvinir telja áfengisnautnina þjóðarböl, og þessvegna vilja þeir útrýma henni úr landinu. Og því fyr sem þetta tekst, því betra er það frá sjónarmiði okkar bannvina. Vér teljum því allan drátt skaðlegan. Allur sá mikli óbeini skaði, sem vinnautn veldur, bæði á heilsu manna, efnahag o. s. frv., verður því meiri, sem vín flyzt lengur til landsins, og tekjur þær, er af víninu renna í landssjóð, tel eg minna verðar, en allan skaðann af því bæði beinan og óbeinan.

Hinum, sem andstæðir eru banninu, virðist mér, að einnig ætti að þykja það æskilegt, að banninu sé ekki frestað. Þeir hafa haldið því fram, að þjóðin myndi þegar sjá, er bannið væri komið á, hve óheppilegt það væri, og myndu því æskja þess, að lögin yrðu numin úr gildi hið bráðasta. Frá þeirra sjónarmiði virðist mér, að það hljóti því að vera æskilegast að fá þessa reynslu sem fyrst, reynslu, sem sanni, að þeir hafi farið með rétt mál, þegar þeir börðust gegn aðflutningsbanninu.

Það er því sama, hvort litið er á mál þetta frá sjónarmiði bannmanna eða frá sjónarmiði andstæðinga bannsins, að báðum ætti að vera áhugamál, að lögin kæmu sem fyrst í gildi, og allur frestur væri óheppilegur. Hvorugir geta litið svo á, að frestun sé æskileg.

Þá er hitt atriðið:

Háttvirtur flutningsmaður sagði í framsögu sinni um málið, að þetta frumvarp væri óyndisúrræði, — með því játaði hann að bezt væri að komast hjá frestun, — sem gripið væri til, til þess að bjarga óheppilega slæmum fjárhag, en hann taldi það einnig „lítið ráð“.

(Sig. Stefánsson: Í sambandi við þarfirnar).

Hann sagði, að með þessu fengjust 300 þúsund króna tekjur, á þessum þrem árum eða tveim fjárhagstímabilum, en þó að tekjuaukinn sé þetta í orði, þá þykir mér það fremur „lítið ráð“ til þess að bæta úr þeim slæma fjárhag, sem háttvirtur framsögumaður talaði svo mjög um. Segjum svo að nauðsynlegt sé, að fá það fé, sem hér ræðir um, en það er ekki nauðsynlegt að fá það á þennan hátt.

Eg lít svo á, að það væri æskilegra að reyna að ná þessu fé inn með einhverju öðru móti, og það er enn tími að finna ráð til þess, því að það er ekki á næsta fjárhagstímabili, sem bannlögin valda landinu tekjumissi heldur á næst-næsta fjárhagstímabili, enda er það líka játað af flutningsmanni. Tekjuaukinn er auk þess tvísýnn af frestuninni, eins og bréf það bendir á, sem þingmönnum hefir nú verið sent frá stórstúku Goodtemplara, og háttvirtur framsögumaður gat um. Og þó upphæðin væri sú, sem flutningsmaður gjörir ráð fyrir, þá er ekki heldur um svo stóra upphæð að ræða — þessar 300 þúsundir — að ekki sé vel hægt að ná henni á annan hagkvæmari hátt en með frestun bannlaganna. Í þinginu er nú til meðferðar frumvarp um farmgjald. Það tel eg betra til tekjuauka en frestun. En eg skal þá ekki þreyta deildina lengur á að ræða um þetta mál. Þó vildi eg nota tækifærið til þess, að taka það fram að lokum, að eg er háttvirtum flutningsmanni sammála um, að svo verður að ganga frá fjárhag landsins að megi heita gætilega og stillilega farið í það mál alt. En til þess

að svo geti verið gert, er frestun bannlaganna engin nauðsyn. Eg tek mér orð sjálfs flutningsmanns í munn að „fresta því ekki til morguns, sem hægt er að gera í dag.“

Framkvæmd bannlaganna á ekki að dragast. Það á ekki að fresta þeim.

Sigurður Stefánsson: Eg ætla aðeins að segja fá orð gegn andmælum þeim, sem hér hafa komið fram í dag gegn frumvarpi mínu.

Háttvirtur þingmaður Akureyrarkaupstaðar bar mér á brýn, að fjárhagsyfirlit mitt hefði verið mjög lauslegt, og lítið á því að græða. Eg held þó, að það hafi ekki verið eins lauslegt og óábyggilegt og hans litla yfirlit. Hann taldi með tekjum hálfrar miljón króna lánið, og dregur það dálítið úr dýrðinni yfir fjárhagnum í árslok 1909. Hann kannast við skuldirnar og ábyrgðirnar, sem eg nefndi, og fór ekki út í að rengja upphæðina um tekjuhallann á fjárlögunum, og stendur því ræða mín öll óhrakin.

Þá vil eg svara háttvirtum andmælendum mínum upp á eitt atriði, sem þeir tóku allir fram. Hversvegna þingið kemur ekki með önnur ráð. Við gætum lengi haldið áfram að spyrja hver annan um það, án þess að fjárhagurinn batnaði nokkra vitund, og því hafa þeir horskustu ekki fyrir löngu bent á neitt slíkt ráð? Nú eru ekki eftir nema 10 dagar af hinum reglulega þingtíma, og ekkert frumvarp samþykt af þinginu, er bæti úr tekjuvandræðunum, og lítil líkindi til, að tekjurnar verði auknar að nokkrum mun.

Eg er háttvirtum þingmanni Skagafjarðarsýslu þakklátur fyrir ræðu hans, því hún snerti þó aðalefni málsins, en ástæður þær, sem hann bar fram gegn frumvarpinu, voru ekki eftir því veigamiklar.

Eg sagði ekki, að við værum gjaldþrota, heldur að við ættum vel fyrir skuldum, en með sama áframhaldi á lántökum, ábyrgðum og mörg hundruð þúsund króna tekjuhalla í fjárlögunum, getur svo farið, að vér glötum lánstrausti voru.

Háttvirtur þingmaður Skagfirðinga tók það réttilega fram, að óbeini skaðinn af áfenginu væri því meiri sem það væri lengur í landinu, en þetta frumvarp fer ekkert í bága við þá skoðun. Áfengið verður hvort sem er til í landinu. Frumvarpið fer aðeins fram á, að aðflutningsbann og sölubann komist á jafn snemma.

Hann sagði, að eg hefði sagt, að þetta væri lítið ráð. Eg kannast við að hafa sagt það, því þótt við fáum 300 þúsund króna tekjur, þá er það ekki nema helmingur af þeim tekjum, sem landssjóður þarf að fá. Eg tók það líka fram, að við værum ekki þeir burgeisar, að þetta munaði okkur ekki. Háttvirtur þingmaður Skagfirðinga tók það réttilega fram, að þingið yrði að skilja svo við fjárlögin að sæmilegt væri, en þar sem hann vildi ekki leyfa umræður um þetta litla frumvarp hér í deildinni virtist mér hann vera kominn í dálitla mótsögn, því ekki verður þó gengið frá fjárlögunum svo viðunandi sé nema fundið sé ráð til að auka tekjurnar.

Sigurður Hjörleifsson: Það er ekki langt mál, sem eg ætla að flytja hér að þessu sinni.

Það var talað hér í deildinni í dag töluvert mikið um fjárhaginn, en að því er mér fanst, var þar æði mikið blandað saman fjárhag landsins og fjárhag almennings, þó þetta sé sitt hvað. Það var bent á hve landið væri skuldugt, og í sambandi við það, var talað um hálfrar miljón króna lánið, sem nú er raunar búið að borga talsvert af. Einnig var talað um $1^1/_2$ milj. króna lán, sem eg veit ekki að hafi nein veruleg áhrif í þessu efni. Það var tekið af landssjóði, eins og við mátti búast með nokkrum afföllum eða $2^0/_0$, en Landsbankinn, sem aftur fékk fé hjá landssjóði, fékk það með sömu kjörum, svo að ekki var um annað tap að ræða en þá vinnu, sem í það fór að útvega lánið.

Það hefði reyndar mikil áhrif, ef svo óheppilega tækist til, að eitthvað af þessu láni væri tapað eða glatað, fyrir vanhirðu stjórnarinnar, eins og sumir hafa verið að dylgja með nú undanfarið og hæstvirtur ráðherra var að gefa skýrslur um fyrir skemstu.

(Ráðherra (Kr. J.): Það hefi eg aldrei talað).

En nú er úr þessu leyst og krónurnar komnar fram. Lán þetta hefir engin veruleg áhrif á fjárhag landsjóðs. Auðvitað hefir það aftur áhrif á landsmenn, þar sem skuldirnar vaxa að því skapi sem út er lánað, en hér við er að athuga, að með þessum lánum hafa þeir borgað önnur lán, að meira eða minna leyti.

Það verður með engu móti sannað, þó bent sé á þetta lán, að fjárhagur landsins hafi fyrir það versnað.

En um ölfangatollinn er það að segja, að um hann fer tvennum sögum. Ýmist er því haldið fram, að áfengisnautn sé sára lítil í landinu og fari sífelt minkandi og væri það satt, þá er auðsætt, að ekki er mikil eftirsjá að áfengistollinum fyrir fjárhag landsins. En þegar svo því er haldið fram, að rétt sé að byggja ekki tekjurnar á þessum tolli framvegis, þá er hann skyndilega orðinn það lífsakkeri, sem stjóra á fjárhag landsins við, og er þetta hið fráleitasta ósamræmi.

Á þingi 1907 var áætlaður tollur af vínföngum 165 þúsundir og reyndist hann síðar að verða 171 þúsund. Stjórnin gaf þá þinginu bendingu um, að miklu meira mætti hafa upp úr vínfangatollinum ef hann væri hækkaður. En reynslan hefir nú sýnt, að tollurinn varð sára-lítið meiri en áætlað var áður. Þaðan stafa fjárvandræðin, að það reyndust tálvonir, sem þáverandi stjórn bygði á, og þó þingið bygði ekki á eins háum tolli og stjórnin, þá urðu hér þó vonbrigði um tekju-afgang.

Eg vil í þessu sambandi benda á ráð, sem gæti komið til íhugunar, og það er, að breytt sé lögum um tollgæzlu. Samkvæmt núgildandi ákvæðum á að vera búið að greiða allan toll að ári liðnu frá innflutningi, en það gæti komið til tals að framlengja þennan frest. Þetta vildi eg benda þeim háttvirtum þingmönnum á, sem bera það fyrir brjóstinu, að við fáum sem mest af áfengi inn í landið. Eg ber þetta ekki fyrir brjóstinu, því að eg álít hag landsins því betur komið, sem minna er flutt inn af áfengi.

Málið horfir alt öðru vísi við nú, en það gerði árið 1909. Það var þá samþykt með miklum atkvæðamun í þinginu. Það vakti eftirtekt og samhygð allra þeirra manna, út um heim, sem vilja vinna að útrýming áfengis, og eru þeir afar-margir. Þeir vilja styðja okkur í þessu máli. Það er hrapallegt, ef sú verður reyndin á, að vér getum ekki staðið við orð okkar. Sú óvirðing og skömm lendir ekki aðeins á bannmönnum, heldur yrði þetta þjóðarskömm, það mætti jafnvel segja veraldarskömm, af því að öll veröldin horfir á það. Menn hljóta að taka tillit til þessa. Og vilja þeir menn, sem nú vilja fresta framkvæmd bannlaganna ekki íhuga, hvað þeir eru að gera. Halda þeir, að ekki verði um þetta mál talað, og barist á móti bannlögunum á næstu þingum. Þessi frestun bannlaganna hlýtur, ef hún nær fram að ganga, að gera mótstöðumönnum þeirra auðveldveldara að berjast fyrir því, að lögin komi aldrei í gildi. Með þessu er því verið að, eða að minsta kosti verið að gera tilraun til að lögleiða aftur áfengi í landinu. Þeir segjast aðeins vilja fresta framkvæmd laganna, ne eins og sagt hefir verið hér í dag, þá eigum vér eigi allir víst, að verða staddir hér á næsta þingi, og því fremur höfum vér ábyrgð á því, að það sem gert er nú, verði ekki landinu til óheilla. Það hefir verið minst á orð Lúðvíks 15. „apres nous le déluge“ — á eftir oss kemur syndaflóðið. — Þetta á við þá sjálfa, því að þeir, sem þessu frumvarpi fylgja,

eru að vinna að því, að áfengisbölvunin hvíli á þjóðinni áfram.

Ráðherra (Kr. J.): Eg neyðist til að biðja um orðið, til þess að gefa stutta yfirlýsingu. Hv. þm. Ak. mintist að ástæðulausu á mál, sem eru þessu gjörsamlega óviðkomandi. Hann lagði mér í munn orð, sem eg aldrei hefi sagt, rangfærði orð mín sýnilega vísvitandi! Eg hefi tvívegis tekið það fram í Nd., að eg efaðist ekki um, að lán það, sem fráfarin stjórn tók í Danmörku, væri í beztu reglu. Eg vísa því orðum hans algerlega á bug. Hinsvegar skal eg bæta því við, að fyrst í dag hefir það tekist, að gera þetta lán alveg upp. Fullkomna greinargerð fyrir því fékk eg ekki fyr en fyrir klukkutíma. Þetta er ástæðan til að svo mikið hefir verið um lánið talað. Því að það er algerlega óskiljanlegt, að það skuli hafa kostað þrjár vikur að gera þetta litla lán upp. Og eg skal taka það fram, að það er gert án aðstoðar þeirra, sem áttu með það að fara. Eg skal geta þess, að það lítur út fyrir, eftir skýrslu þeirri, sem gjörð hefir verið um lánið, að jarðabótasjóður skuldi af lánsfénu (þ: láns-conto) yfir 100,000 kr. Þetta er fé, sem notað hefir verið í þarfir landsins, en landssjóður ekki endurborgað vegna peningaleysis. 70 þús. krónur hafa farið í vexti og afborganir, sem fyrst nýlega hafa komið skýrslur um. Þetta gerði erfitt að greiða úr reikningunum yfir lánið.

Menn hafa lengi verið að grenslast eftir, hvar þessar tæpu 200 þús. krónur væru niðurkomnar, en nú er það komið á daginn. Mikið af þessu fé hefir gengið í gegnum Íslands-banka, og hafa fullkomnar upplýsingar fengist hjá honum um alt það efni. — Viðvíkjandi því máli, sem hér liggur fyrir, skal eg aðeins minnast á eitt eða tvö atriði. Því hefir verið skotið fram, að hér á þinginu sé á leiðinni lagafrumvarp um tekjuauka fyrir landsjóð, nefnilega farmgjaldsfrumvarpið. Eg hefi lesið það frumvarp og athugað það, og lýsi yfir því, að eg tel það óaðgengilegt með öllu. Það er ekki hægt að hafa neina hugmynd um, hve miklar tekjur slíkt farmgjald myndi gefa landinu, en á hinn bóginn yrði kostnaður við eftirlit afarmikill. Þá hafa menn og talað um, að leggja hærra gjald á hvalafurðir, til þess að auka tekjur landssjóðs. Þetta gjald hefir tvívegis verið á lagt og hækkað, og er nú orðið ærið hátt, svo að mikil spurning er um, hvort tiltök eru að hækka það. Auk þess veit eg ekki betur en að einn aðal-hvalveiðamaðurinn hér við land, Ellefsen, hafi í hyggju að flytja sig af landi burt. Þessi atvinnuvegur er því á þeim fæti nú, að þingið getur ekki búist við stórum tekjum af honum. Þá hefir verið stungið upp á því, að selja megi eign landssjóðs, bankavaxtabréf, til þess að bæta tekjuhallann. Eg hefi aldrei álitið það rétt, að fylla tekjuskarð, með því að selja eign. Það er aðeins bót í bili, en getur ekki komið í staðinn fyrir aðrar tekjulindir á fjárlögunum. Það að taka af almenna skatta, og selja eign landsjóðs í skarðið held eg megi kallast að brenna kertið frá báðum endum; það er að kasta tekjum, og jafnframt eyða eign. Sama er um það að segja, að taka lán til að jafna tekjuhallann. Lán eiga menn ekki að taka, nema til arðvænlegra fyrirtækja, eins og t. d. hefir verið talað um að taka lán til hafnargerðar hér í Reykjavík, því að höfn hér mundi borga sig, sumpart beinlínis, sumpart óbeinlínis. Að selja eign landsjóðs og taka lán til þess að fylla upp í tekjuskarð, er fullkomlega „óökonomiskt“, kemur í bága við allar hagfræðireglur og þjóðmegunarlög. Eg stóð aðeins upp til að gera þessar athugasemdir, en um málið í heild sinni ætla eg ekki að tala nú við þessa umræðu.

Kristinn Daníelsson: Eg stend ekki upp til að brjóta þann góða sið, sem fylgt hefir verið hér í Ed., að vera ekki margorður við fyrstu umræðu; eg geymi það til 2. umræðu. En hér hefir verið komið við

eitt atriði, sem segja má að snerti frumvarpið í heild sinni, og sennilega verður ekki minst á aftur við aðra umræðu. Þetta atriði var það, sem hv. flutningsmaður tók fram í byrjun ræðu sinnar, að það væri í rauninni ekki þingið, heldur stjórnin, sem ætti að bera fjárhag landsins fyrir brjósti. Þetta kann að eiga við annarstaðar, en hjá oss er nokkuð öðru máli að gegna. Hér fylla þingmenn fjárlögin með mörgum og miklum útgjaldapóstum, og virðist því rétt, að þeir hugsi einnig fyrir tekjunum. Eg get því ekki lastað háttv. flutningsmann, þótt hann telji sér skylt að vinna að tekjuhlið fjárlaganna. En hann setti þetta mjög í samband við fyrv. stjórn, og taldi henni það til ámælis, að hann skyldi þurfa að gera það, þó hann seinna í ræðunni kannaðist við, að hann ef til vill væri nokkuð harðorður í hennar garð út af þessu. Eg tek þetta fram vegna þess, að eg vil ekki láta fyrv. stjórn standa óvarða fyrir þessum ámælum. Hún lagði fyrir þingið frumvarp til fjárlaga, þar sem tekjur og gjöld stóðust nokkurn veginn á. Verður því ekki annað sagt, en að hún hafi gengið sæmilega frá sínu verki. Auðvitað kynni að mega segja, að réttast væri af stjórninni að áætla alt af tekjuafgang, því að hún á alt af von á allri lestinni á hvalfjöruna eins og sagt er. En fráfarin stjórn hafði líka í bakhöndinni aðra aðferð til að sjá fyrir auknum tekjum. Háttv. flutningsmanni er kunnugt, að stjórnin hafði bak við eyrað að gera það á annan hátt en með stjórnarfrumvarpi. Enda gerir það lítið til, hvort slík frumvörp eru borin fram af stjórninni sjálfri, eða að hennar tilhlutun af einhverjum þm. Munurinn er að eins sá, að stjórnarfrumvöpin verða að vera bæði á dönsku og íslenzku. Sem sagt, vakti það fyrir stjórninni, að fram mundi koma það frumvarp, sem nú er komið fram í n. d.; og hygg eg að það, ef það næði fram að ganga, mundi bæta sæmilega úr þeirri þörf á tekjuauka fyrir landsjóð, sem orðin er, og vakir fyrir flutningsmönnum þessa máls. Af þessu hygg eg, að menn muni skilja, hvað sé álit mitt um þá tillögu, sem jafnvel sjálfur flutningsmaðurinn kallaði örþrifaráð. Eg er samdóma þeim mönnum, sem sagt hafa, að þörfin til þessa sé ekki eins brýn, eins og háttv. flutningsmaður álítur. Fjarri mér er það þó að ámæla honum fyrir þetta, hann er gamall og reyndur, gætinn og varkár þingmaður. Og eg efast ekki um, að hann hafi gert þetta eftir hvötum samvizku sinnar og sannfæringar. En hitt get eg ekki kannast við, að hann hafi gert flokk sínum nokkurn greiða með því að koma með þetta frumvarp, eins og hann sagði, heldur miklu fremur ógreiða. Að vísu var bannmálið ekki flokksmál á þingi; það átti marga og á mikilsverða vini í hinum flokknum. En þó verður því ekki neitað, að aðalfylgi þess er í sjálfstæðisflokknum. Enda kom það fram og brauzt fram til sigurs á þeim tíma, er sá flokkur hafði meiri ráðin. Því verður það ekki sagt, að þetta mál sé flokknum alveg fráskilið. Eg skal ekki fara fleiri orðum um málið að sinni; það má vera, að eg geri það við 2. umræðu, því eg þykist mega spá því, að það komist til 2. umræðu, þó að eg styðji það ekki, og þykir mér þá rétt allra hluta vegna að skipa nefnd í það. Eg hefi talað mig saman við flokksmenn mína fyrir fundinn, og gert það að tillögu minni, að 5 manna nefnd verði kosin til að íhuga málið. En eg tek það fram, að þá uppástungu má ekki skilja á neinn hátt sem stuðning af minni hálfu, heldur kem eg með hana af því, að nauðsynlegt er, að málið fái sem allra beztan undirbúning til 2. umræðu.

Steingrímur Jónsson: Eg tek til máls af því mér finst það viðeigandi, að einhver þeirra manna, sem voru andstæðir bannlögunum 1909, láti í ljós álit sitt á þessu máli við þessa umræðu. Mér kom frumvarpið á óvart, og það fyrsta, sem

mér datt í hug, er eg sá það, var, að þarna hefði eg hitt sjálfstæðismann, sem eg gæti verið fullkomlega þektur fyrir að taka ofan fyrir. — Hann er bannlagamaður og er þetta því sómastryk af honum. Hann sýndi, að hann leit stórt á kringumstæðurnar, sem liggja fyrir, hann sýndi það, að hann finnur til þess, að hann á að bera ábyrgð á atkvæði sínu frá síðasta þingi. Með þessu viðurkennir hann líka, að bannmenn hefðu átt að vera búnir að gera einhverjar fjárhagslegar ráðstafanir til að fylla tekjuskarðið, áður en lögin gengi í gildi. Það er kunnugt, að fráfarin stjórn, sem var bannstjórn, gerði ekkert í þessu efni, og hvílir þá skyldan til að bæta úr þessu á þeim. sem komu lögunum í gegn. Eg tel virðingarvert af flutningsmanni að leggja til að gera það á þennan hátt, sem er sú eina aðgengilega leið.

Auðvitað máttu bannlögin ekki koma í ú gildi, mátti ekki kippa þessum tekjustofni, vínfangatollinum, í burt fyr en annar tekjustofn var fundinn í staðinn. Það var því sjálfsagt, að slík tillaga kæmi frá þeim mönnum, sem bera ábyrgð á fjárhag landsins að þessu leyti. Háttv. flutningsmaður lýsti nokkuð fjárhag landsins eins og honum virtist hann vera. Eg get ekki álitið, að útlitið sé alveg eins slæmt og hann lýsti því. En hitt er satt, að vér erum nú komnir inn á braut, sem er hættuleg, ef ekki er farið varlega á henni. Vér höfum í seinni tíð neyðst til að tefla á það ítrasta með útgjöldin, en tekjurnar hafa fremur þorrið heldur en vaxið. En svo er annað, og það er það, að á síðustu þingum hefir verið farið of langt í því að binda fé viðlagasjóðs, gera hann óhandbæran, með því að veita lán úr honum, svo að ekki verður gripið til hans, þegar á þarf að halda.

Eg verð að skoða það sem hreint og beint neyðarúrræði, ef synja þarf um stuðning helztu framfara fyrirtækjum, sem varða mjög miklu fyrir heill almennings. Eg get bætt því við það, sem eg sagði áðan, að frá mínu sjónarmiði, sem andbannings, er frumvarp þetta svo eðlilegt, að eg þegar í þingbyrjun áleit óumflýjanlegt, að það hlyti að koma fram fyr en síðar.

Háttv. þm. Akureyrar gat þess, að hann hefði búist við þannig löguðu frumvarpi úr annari átt — eftir því sem mér skildist frá oss andbanningum — og þóttist hann hafa haft sérstaka ástæðu til þess, vegna hins mikla gauragangs, sem vér hefðum gert út af aðflutningsbannslögunum. Eg neita því gersamlega, að nokkur gauragangur hafi verið gerður frá vorri hálfu í máli þessu; háttv. þm. Akureyrar getur ekki með góðu móti kallað það gauragang, þótt andbanningar yrðu að stofna málgagn sér til stuðnings, þar sem flest hin blöðin vildu ekki flytja eina einustu línu um málið; vildu fyrirbyggja að almenningi gæfist kostur á að skoða það, nema frá annari hliðinni.

En þar sem hv. sami þm. var að tala um það, sem fyrir okkur vekti — andbanningum — að fá lögunum frestað, þá sló hann þar hreint og beint vindhögg; við viljum engan veginn frestun laganna, heldur algert afnám, að þau séu með öðrum orðum numin úr gildi, sem skaðleg lög fyrir þjóðfélagið; það er þetta, sem vér andbanningar viljum; það og ekkert annað. En væri hér að eins um frestun að ræða, mundum við heldur kjósa, að lögin kæmu í framkvæmd á sínum rétta tíma, til þess að þau gætu sem allra fyrst sjálf sannfært menn um, hvað ómöguleg þau eru.

En það er vegna fjárhagsins, að við eigum hiklaust að samþykkja þetta frumv. Eg tel vafalaust, að hreinn tekjuauki af því muni verða um 400,000 kr. Þetta þykir sumum kannske ekki mikið fé; en

hjálpað getur það nokkuð; jafnvel þó maður gæti sagt, að maður gjarnan vildi meira.

Þá er það annað atriði í ræðu hv. þm. Akureyrar, sem eg vildi harðlega mótmæla; hann sagði sem sé, að sjálfstæðisþingmenn hefðu viljað koma í veg fyrir bruðlunarsemi þá í fjármálum, sem reynt hefði verið að smeygja inn á þinginu 1909, og verið hefði föst regla undanfarinna þinga.

Þetta er einungis fyrirsláttur; mér er kunnugt um, að sjálfstæðisþingmenn háttv. efri deildar reyndu ekki einu sinni að spara, þeir skáru bara niður þarfar og óumflýjanlegar fjárveitingar; en eyddu svo aftur á móti stórfé í bitlinga og bruðl.

Þá tók hv. sami þm. það fram, að lántakan síðasta — hálf önnur miljónin sú — hefði enga þýðingu fyrir hag landssjóðsins. Það er að segja íþyngdi honum ekki neitt. Þetta er sumpart rétt, vegna þess að fyrir peningana voru keypt verðbréf. — En ef bréfin féllu nú t. d. í verði, ætli þá gæti reynt nokkuð á þolrif landssjóðsins? Trúað gæti eg því.

Það mætti í þessu sambandi minna á orð hæstv. ráðherra, þar sem hann gat þess, að komið hefði til mála að selja bréfin töluvert undir nafnverði.

Þá vildi eg leyfa mér að gera stutta athugasemd við ræðu hv. sessunauts míns, þm. Vestur-Ísfirðinga. Hann kvaðst ekki vilja gera mikið úr fjárhallanum; sagði meira að segja eftir því, sem mér skildist, að fráfarandi stjórn hefði skilað fjárlögunum í góðu lagi; en það er þá bara á pappírnum. Eg vil leyfa mér að benda á, að það eru líka til fjáraukalög fyrir 1910—11, með engum smáræðishalla — það get eg ekki séð, að sé nokkru betra, en að hallinn hefði staðið hreint og beint á fjárlögunum sjálfum. Og eg verð að segja, að mér þykir fráfarandi stjórn hafa verið altof djörf í áætlunum sínum um vín í tollgeymslu — 360 þús. kr. — eða nákvæmlega helmingi hærra en vínfangatollurinn sjálfur var síðastliðið ár.

Eg skal svo ekki tala fleira að sinni um mál þetta; mér þykir vænt um að frumvarpið kom fram, og mun með atkvæði mínu styðja að framgangi þess hér, í hinni háttvirtu deild.

Jósef Björnsson: Það er að einsörlitið, sem eg ætla að segja; að einsgera stuttar athugasemdir við það, sem háttv. flutningsm. þessa máls sagði í síðustu ræðu sinni.

Háttv. flutningsm. sagði, að sér hefði þótt kenna nokkurrar mótsagnar hjá mér í orðum þeim, er eg talaði áðan. Eg kannast að vísu ekki við að svo hafi verið. En mér finst alls ekki undarlegt, þótt svo kynni að hafa verið, og það álit hans hefði verið á rökum bygt, þegar jafn skýr, reyndur og greindur maður, sem eg veit að hv. flutningsm. er, ekki er laus við mótsögn.

Eg er nýgræðingur í þingstörfum, en hann, hv. flutningsm., hefir setið á alþingi um aldarfjórðung að því er hann sjálfur skýrði frá; en þó verð eg að geta þess, að hann, sem að sjálfsögðu stendur mér svo langtum framar í allri þingmennsku, hefir að minni hyggju gert sig marg-sekan í mótsögnum í máli þessu.

Mér finst framsöguræða hans ekki vera í samræmi við fyrirsögn frumvarpsins, né frumvarpið sjálft. Framsaga málsins og frumvarpið sé eg ekki betur en sé í mótsögn hvað við annað. Eg fæ ekki betur séð, en með frumv. sé ætlast til, að öllum ákvæðum laganna sé frestað, þeim, sem bundin eru við ár og dag, en í flutningsræðunni sagði hv. þm., að einungis væri ætlast til, að innflutnings-bannákvæðinu væri frestað. En mér er spurn: Hvernig getur t. d. ákvæðinu um, að sölubann gangi í gildi 1. jan. 1915 verið ófrestað, þegar öllum lögunum er frestað í þrjú ár, eins og orð frumv. og fyrirsögn hljóðar um? Nei, sölubanninu er ekki

ófrestað, heldur frestað til 1918 samkv. frumv. og því er hér mótsögn í framsögunni, miðað við frumvarpið. Þá vil eg leyfa mér að geta þess, að háttv. flutningsmaður þessa máls var með í því að samþykkja bannlögin á síðasta þingi og tjáir sig enn þá eindreginn fylgismann málsins. Það verður mér þess vegna því óskiljanlegra, að nú skuli hann vera flutningsmaður að þessu frumvarpi, er hér liggur fyrir hinni háttv. deild.

Það er mínum skilningi alveg um megn að botna í því, að maður, sem vill hafa bannlög og telur vínnautn skaðlega fyrir þjóðfélagið, skuli þó jafnframt vilja hefta framkvæmd slíkra laga, — að sá maður skuli vera til, sem segir í einu orðinu, að vínið sé skaðlegt og sé sannkallað þjóðarböl en í hinu orðinu, að við skulum þó halda því sem lengst, eða lengur en við þurfum. — En fram á þetta fer frumvarpið. Er þetta ekki ósamræmi? Þá gaf hv. flutningsm. það í skyn, að tekjurnar af innflutningi áfengis til 1. jan. 1915 yrðu svo miklar, að við gætum illa án þeirra verið eins og fjárhagurinn nú stæði, þótt hann einnig segði, að ekki mundi verða meira drukkið í landinu, þótt frestað væri innflutningsbanninu. Þetta fæ eg ekki skilið. Annað tveggja hlýtur að verða, að meira verði innflutt og meira drukkið, eða þá, ef þetta verður ekki, að fjárhagslegur hagur fyrir landsjóð verði enginn af frestuninni, af því að aukinn tollur fæst með því móti *einu*, að meira verði innflutt af vínföngum. Hér virðist því enn ósamræmi hjá flutningsmanni.

Eg lít nú svo á, að ágóðinn af frestun bannlaganna muni ekki verða svo ýkjamikill. Auðvitað veltur hann nokkuð á því, hversu mikið drukkið er. En mín skoðun er sú, að því meira sem drukkið er, þess stærra og viðtækara tjón hljótist af því fyrir þjóðina; og það er þetta tjón, sem eg vil koma í veg fyrir, því þótt á móti kæmi nokkrar tekjur í landssjóð, tel eg það minna vert, — þessvegna er eg á á móti allri frestun bannlaganna, í hvaða mynd sem er. Og þótt eg geti verið hv. flutningsm. sammála um það, að þjóðin, áður en við förum til þings, hafi máske búist við því, að alt yrði vel í garðinn búið frá hendi stjórnarinnar, sem að þessu máli lyti, svo að trygður væri nægilegur tekjustofn, í stað vínfangatollsins, og þótt sú hafi orðið raunin á, að undirbúningurinn þessu viðvíkjandi hafi ekki orðið sem skyldi, og sem eg játa, að átt hefði að vera mun betri, þá lít eg samt svo á, að engin frestun þurfi að eiga sér stað. Eg hefi enga sönnun fengið fyrir því, að ekki séu margir vegir aðrir færir til þess að vinna upp tekjumissinn; eg er engan veginn sannfærður um, að t. d. farmgjaldsstefnan sé óaðgengileg, og þótt þinginu virtist, að hún hefði of stóra galla til þess að hægt væri að halla sér að henni, þá mætti taka upp faktúrutoll í bráðina til þess að fylla þetta skarð, sem svo mörgum virðist nú vaxa í augum. Einnig hygg eg, að til séu fleiri vel færir vegir, til þess að ná inn þessu fé.

Eg ætla að enda þessi orð mín með því að minnast stuttlega á dálítið atriði í ræðu hv. 4. konungkj. þm. Hann sagði, að það fyrsta, sem sér hefði dottið í hug, er hann sá frumvarp þetta hér í deildinni og veitti eftirtekt hver flutningsmaðurinn var, að þarna hefði hann þá *fyrst* hitt sjálfstæðismann, sem hann gæti tekið ofan fyrir. —

Mikið má nú þetta mál vera mikils virði í augum hv. 4. kgk., þegar hann nú í *fyrsta sinn gat tekið ofan* fyrir þessum manni í sjálfstæðisflokknum, bara af því hann vill fresta bannlögunum.

Mikið dálæti hlýtur þingm. að hafa á víninu og miklu ástfóstri að hafa tekið við það, fyrst það eitt er nóg til þess að hann sýni einhverjum þá virðingu að taka ofan fyrir honum, að sá hinn sami vill halda áfengi í landinu, þótt hann annars ekki

gæti fengið sig til þess að taka ofan fyrir honum.

Og þegar háttv. þingmaður gaf í skyn, að þetta atvik hefði *fyrst* gert sér fært að taka ofan fyrir nokkrum sjálfstæðismanni, þá skildist mér svo, sem hann áliti þá menn, sem þann flokk hafa fylt og fylla, standa all-langt fyrir neðan sig.

Eg gat því ekki að því gert, að einmitt út af þessum ummælum hans flugu mér í hug þessi alkunnu orð: „Miklir menn erum við Hrólfur minn.“ —

Steingrímur Jónsson: Það er aðeins örstutt athugasemd, sem eg vildi leyfa mér að gera út af ræðu hv. 2. þm. Skagfirðinga.

Eg brúkaði ekki þetta orð „fyrst“, en eg lagði áherzlu á orðið *nú*. —

Fleiri tóku ekki til máls, málinu vísað til 2. umræðu með 9:3 atkv.

Stungið upp á 5 manna nefnd; samþ. í e. hlj. Í nefndina kosnir með hlutfallskosningu:

Lárus H. Bjarnason,
Sigurður Stefánsson,
Steingr. Jónsson,
Sig. Hjörleifsson,
Stefán Stefánsson.

Önnur umræða í efri deild 18. apríl. (462, 609, 610)

Framsögum. (Sig. Stef.): Eg þótti nokkuð langorður um þetta mál við 1. umr. þess; eg skal því ekki þreyta hv. deildarmenn með langri ræðu nú, enda er ekkert tilefni til þess. Málið horfir eins við nú og þá, og rökin því til stuðnings eru hin sömu sem þá. Eins og nefndarálitið ber með sér, leggur meiri hluti nefndarinnar það til, að frumv. verði samþykt óbreytt, aðeins með þeirri litlu skýringu, að frestunin nái aðeins til *aðflutnings*banns á áfengi. Mönnum þótti rétt að bæta þessu við, þó að frv. í sjálfu sér sé nógu ljóst og þurfi ekki að verða misskilið, þá hafa samt komið fram raddir um það, að það gæti skilist á annan veg. En með þessari skýringar-viðbót er girt fyrir allan misskilning. Um br. till. þá, er fram er komin við frv. frá einum hv. nefndarmanna, skal eg ekki fara mörgum orðum, hann mun skýra hana sjálfur. Eg skal aðeins geta þess, að eg get alls ekki verið honum samdóma um aðeins eins árs frestun á framkvæmd þessara laga, því að minn eini tilgangur með frv. var að afla landinu sem mestra tekna. Mér er frv. ekkert kappsmál, ef farið er að stytta frestinn. Landinu er brýn nauðsyn á miklum tekjuauka; ef farið er að klípa af þeim auka, sem frv. er ætlað að hafa í för með sér, með því að stytta frestinn að mun, þá er mér ekki eins ant um það og mér var í fyrstu.

Lárus H. Bjarnason: Hv. flutningsm. gat þess, við 1. umr. þessa máls, að það, sem hefði knúið *hann* til að koma fram með frv. hefði verið sú ábyrgð, sem hann fyndi til fyrir sína, flokksins, og stjórnarinnar hönd; þeim væri skylt að reyna að bæta það skarð, sem brotið væri í tekjur landsins með aðflutningsbanninu. Eg er honum sammála um það, að næst stjórninni hafi þetta staðið *honum* næst. Að vísu var þetta mál ekkert flokksmál, en þó beittist fyrverandi stjórn svo mjög fyrir því, að hún hefði átt að finna hjá sér skyldu til að koma með ákveðnar tillögur um aðrar tekjur í stað áfengistollsins, áður en lögin gengi í gildi. Svo sem kunnugt er, lagðist stjórnin undir höfuð að gera þessa skyldu sína. En nú hefir hv. þm. Ísafj., formaður „Sjálfstæðisflokksins“, bætt úr þessari vanrækslu hennar, og er það virðingarvert af honum. Að þessu leyti er eg honum sammála. En að öðru leyti eru skoðanir okkar nokkuð skiftar. Eins og hann kannaðist við, getur frv., eins og hann orðaði það, orkað tvímælis; það er sýnilega skrifað í meiri flýti en menn eiga að venjast af honum. Enda kom það í ljós, að menn, sem annars skilja mælt mál, svo sem 2. þingm. Skagf., og framkvæmdarnefnd stórstúkunnar, skildu frv. svo, sem það færi fram á frestun allra bannlaganna

um 3 ár. Sérstaklega gefur fyrirsögnin beint tilefni til þess skilnings. Raunar mátti þeim, sem vanir eru að fara með misjafnlega orðuð lög, vera það ljóst, að flutningsmaður vildi ekki hreyfa við nema einum þætti bannlaganna, aðflutningsbanninu. Í lögunum eru aðeins þrír þættir. Í fyrsta lagi banna lögin að gefa út vínsölu og veitingaleyfi eftir staðfestingardag þeirra. Í öðru lagi banna þau innflutning á áfengi eftir 1. jan. 1912. Og í þriðja lagi banna þau að selja, gefa, veita eða afhenda áfengi í landinu eftir 1. jan. 1915. Við 1. og 3. þætti átti frv. ekki að hreyfa, frestunin átti aðeins við mið-þáttinn, innflutninnsbannið. Hv. flutningsmaður vill að það komi ekki til framkvæmda fyrr en um leið og sölubannið. Hann gerði grein fyrir því, hvað fyrir honum vakti; aðaleða jafnvel einka- tilgangur hans var sá, að útvega landinu meiri tekjur. Eg gaf tilefni til þess, að inni n.álit meiri hl. slæddist önnur ástæða, ástæða sem eg legg miklu meiri áherzlu á, nefnil. sú, að ekki megi taka þennan spón úr askinum, fyrr en annar spónn sé fundinn. það er fyrir mér aðalatriðið. Og vík eg þá að brtillögum mínum, en með þeim þykist eg fyrst og fremst hafa tekið af allan vafa um skilning frv., svo að það geti ekki orkað tvímælis lengur og er það út af fyrir sig nokkurs vert. Um aðalatriði frv., að aðflutningsbanninu sé frestað til 1. jan. 1915, eða þangað til sölubannið kemst á, er þess fyrst að geta, að á alþingi 1909 var í fyrstu ætlast til þess, að hvorttveggja bannið skylli á í einu, þó að til samkomulags yrði að skilja þau í sundur. Það var ekki ósvipað því sem umsamdist, þegar kristni var lögtekin árið 1000, þá leyft að bera út börn og eta hrossakjöt um nokkurn tíma á eftir. Bannið hefði ekki komist á 1909 að öðrum kosti. Og í sjálfu sér er ekki miklu tapað frá sjónarmiði bindindismanna, þó aðflutningsbanni sé frestað jafnlengi og sölubanni. Aðalótti bannmanna mun vera sá, að ef einu sinni sé byrjað að fresta framkvæmd bannlaganna, án þess að reistar séu skorður við frekari frestun, þá liggi ekki fjarri að búast við, að þeim verði frestað upp aftur og aftur. Og þeim mönnum, sem álíta að áfengi sé ávalt til ills í hversu litlum skömtum sem er, er ekki láandi, þó þeir sé andvígir frestun, ekki sízt, ef þeir álíta, að hún geti orðið til þess, að bannið komist ekki á fyrr en seint og síðar meir eða ef til vill aldrei. Eg var stuðningsmaður bannlaganna á þingi 1909, og var það aðallega af þeirri ástæðu, að stjórnin og þingið 1907 hafði boðið kjósendunum uppá að segja til um, hvort þeir vildu hafa vín í landinu eða ekki, og þeir svöruðu, að þeir vildu bann. Eg var einn í þeirra tölu, sem ekki vildu bera þetta mál undir atkvæði kjósendanna 1908. Þeir voru ef eg man rétt c. 11—12 í Nd., sem voru því andvígir. Eg áleit, t. d. af „taktiskum“ ástæðum, rangt, að kjósendur greiddu atkvæði um þetta mál, um leið og kosið var til þings um sambandsmálið. En nú var þetta gert, þjóðinni var leyft að segja álit sitt um málið, og var þá sjálfsögð skylda þingsins að taka afleiðingunum, og virða vilja hennar. Af þessum ástæðum greiddi eg atkvæði með bannlögunum á síðasta þingi. Enda var það ekki stórhættulegt, því að ef vilji þjóðarinnar breytist og hún sér sig um hönd, þá verður svo sem ekki erfitt að setja kútinn á stokkana aftur.

En af því annars vegar, að eg greiddi atkvæði með bannlögunum 1909 og engin skoðana skifti hafa lýst sér með þjóðinni síðan 1909 og vegna þess hins vegar, að skemri frestur en frv. ætlast til mundi nægja til að finna leið til þess að fylla skarðið eftir missi áfengistollsins, þá finst mér frv.frestunin vera of löng, óþarflega löng. Það er óhjákvæmilega nauðsynlegt að bæta upp þann væntanlega tekjuhalla, en eftir því sem á stendur sjálfsagt

að hafa frestinn sem allra styztan; eg hygg að vér getum látið oss nægja eins árs frestun, eða að fresta aðflutningsbanninu til 1. jan. 1913. Næsta fjárhagstímabil nær yfir 1912—1913. Sé aðflutningsbanninu frestað til 1. jan. 1913, þá flyzt inn árið 1912 bæði það, sem drukkið verður það árið og sem ætla má að verði drukkið árið 1913. Það kemur til af því, að af því vini, sem flyzt inn undið árslok 1912 þarf ekki að borga toll, fyrr en undir lok 1913. Þar með er næsta fjárhagstímabili séð fyrir nægilegum tekjum, og frekari skylda hvílir ekki á okkur á þessu þingi, í þann eindaga, sem nú er komið. Enda væri frestun aðflutningsbannsins til 1915 sömuleiðis bráðabirgða ráðstöfun, að eins nokkuð lengri, hún bætir ekki úr fjárþörf landsins nema rétt í svipinn. Sé mönnum ant um, að bannlögin standi, þá verður að finna aðra leið, sem getur orðið til frambúðar. En slíka frambúðarráðstöfun má gera annaðhvort á væntanlegu aukaþingi 1912 eða þá að minsta kosti á hinu reglulega alþingi í ársbyrjun 1913. Það sagði einhver hér ekki alls fyrir löngu, að núverandi stjórn væri ekki ætlandi að búa skattamál undir næsta þing. En eg verð að telja það kost fremur en hitt, að stjórn, sem undirbúa á skattalög, standi milli flokka. Og hún stendur jafnvel betur að vígi með að gera það undir aukaþing en reglulegt þing, sérstaklega, ef aukaþing yrði ekki haldið fyr en sumarið 1912, því að á því þingi liggja ekki fyrir önnur stórmál en stjórnarskrárbreytingin og dilkar hennar. Það má því gera sér fulla von um, að aukaþinginu muni takast að fylla það skarð, sem brottnám áfengistollsins heggur í tekjur landsins, og að minsta kosti er sitt hvað að ætla aukaþinginu það heldur en áliðnu yfirstandandi alþingi undbúningslaust. Eg fæ því ekki betur séð, en að eins árs frestun á aðflutningsbanninu sé fyllilega nægileg. Sömuleiðis vil eg benda á, að það er ekki alls kostar heppilegt, að innflutningsbann og sölubann skelli á í einu, því að þeir, sem hafa birgt sig upp, eiga sanngirniskröfu til að geta komið af sér án skaða, þeim birgðum, sem þeir sitja með þegar aðflutningsbannið gengur í gildi. Þessum mönnum er gert misrétti með því að láta aðflutningsbannið og sölubannið komast á á sama tíma. Vitanlega þarf ekki að vera tveggja ára bil í milli, en nokkurn frest verður að gefa þessum mönnum til að selja fyrirliggjandi birgðir. Eg get búist við, að frv. flutningsmanns verði samþykt í þessari deild, og skal eg því ekki orðlengja frekar um málið, en þó vildi eg að greidd yrði atkvæði um mína tillögu; það gæti ef til vill orðið til þess að vekja athygli hv. n. d. á henni.

Sig. Hjörleifsson: Eg geri ráð fyrir, að tilgangslaust sé, að ræða þetta mál mikið. En annars verð eg að segja það, að einkennilegt er, að svo óhægt skuli vera að sjá fyrir úrslit þessa máls, þrátt fyrir atkvæðagreiðsluna á síðasta þingi og einkum eftir atkvæðagreiðslu þjóðarinnar fyrir síðasta þing. Eg get tekið undir það, sem hv. meðnefndarmenn mínir hafa talað í þá átt, að æskilegt hefði verið, að fyrverandi stjórn hefði undir búið undir þetta þing fjármálin á nokkuð annan hátt, þ. e. með ákveðnari tillögum um það, hvar taka skyldi tekjur í stað áfengistollins. Reyndar hafði stjórnin þá afsökun, að ýmislegar tillögur lágu fyrir, t. d. frá milliþinganefndinni í skattamálum um aukna skatta, t. d. um fasteignaskatt og eignaskatt. Í annan stað hafði skattamálanefndin komið með beinar tillögur um það, hvernig útvega skyldi landinu tekjur í skarð áfengistollsins. Ein var sú að hækka toll á kaffi og sykri, og var það aðaltillagan. Önnur var sú að leggja á aðflutningsgjald á vörum. Þá var og á síðasta þingi mikið rætt um farmgjaldslög; og nú á þessu þingi hafa einkaréttarlög verið til umræðu. Hér er því úr ýmsu að velja, og ekki því um að kenna, að ekki hafi komið fram nægar uppá-

stungur um, hvaðan megi taka tekjurnar. Eg held að ástæðan til þess, að engin af þessum uppástungum hefir enn náð fram að ganga og yfirleitt ástæðan til alls þessa tals um fjárþröng, sé ekki sú, að menn álíti þessar tillögur ekki tiltækilegar, heldur hin, að menn vilja, sumir hverjir hindra það, að bannlögin komist í framkvæmd. Þetta, óvildin gegn bannlögunum, er kjarni málsins hjá flestum þessum mönnum, eg segi ekki öllum. Þeir vilja ekki fylla skarð áfengistollsins. — Að því er snertir frumv. þetta, eins og það liggur fyrir, skal geta þess, að eg tel engan vafa á því, að það auki tekjur landsins að fresta framkvæmd bannlaganna um þrjú ár. En aðgætandi er þó, að langmestur tekjuauki félli á þriðja og síðasta árið, en það liggur fyrir utan það fjárhagstímabil, sem við erum nú að semja fjárlög fyrir. Hafi það nú verið auðvelt fyrir fyrverandi stjórn að koma með tillögur um tekjur í stað áfengistollsins, þá hlýtur þetta að vera enn auðveldara fyrir núverandi stjórn, þar sem þegar er fenginn nokkur undirbúningur í þá átt. Eg fæ því ekki betur séð, en að við þurfum engan kvíðboga að bera fyrir þeim tíma, sem kemur eftir næsta fjárhagstímabil.

Eg get ekki annað en mælt fastlega á móti því, að frv. þetta verði samþykt. En ég vil líka leyfa mér að benda á, að mál þetta hefir fjöldamargar aðrar hliðar, en fjárhagshliðina. Þjóðin hefir sýnt það svo glögglega, að hún vill ekki fyrir nokkurn mun, að áfengið haldi áfram að vera í landinu, og það er aðal-atriðið.

Hvað snertir þá br.till., sem fer fram á, að frestunin verði aðeins um eitt ár, þá verð eg að segja, að hún er betri en sú er lengra fer — en samt verð ég líka að vera á móti henni, og frá fjárhagslegu sjónarmiði held eg, að hún muni gera fjarska lítið gagn. En hún er að minni hyggju fult eins mikil áreitni við lögin, og mér liggur við að segja, að til þess muni refarnir helzt hafa verið skornir hjá háttv. 5. konungkj. þingm. Eg veit að það muni ekki hafa mikið upp á sig að ráða hinni hv. deild til að fella frumvarpið, en eg verð að telja það stórt óhappaverk ef það verður samþykt.

Jósef Björnsson: Það var tekið fram hér í þessari hv. deild, við 1. umr. málsins, að frumvarpið væri flutt eingöngu í þeim tilgangi, að afla landssjóði meiri tekna, og hið sama má sjá af nefndaráliti nu, og mér dettur ekki í hug að efa, að þessi hafi verið tilgangurinn. En eg verð aftur á móti að draga í efa, að í framkvæmdinni verði þessi leið til nokkurs verulegs tekjuauka á fjárhagstímabili því, er í hönd fer; heldur geti jafnvel af hlotist beinn skaði fyrir tekjur landssjóðsins.

Eg þykist fullviss um, að vínsölumennirnir flytji svo mikið inn af víni, að nægilegt verði til þess að fullnægja eftirspurninni. Eg býst jafnvel við, að tekjurnar yrðu frá 400—500 þúsund eða meira ef lögin stæðu óbreytt, og gæti því af frestuninni stafað beinn fjárhagslegur skaði fyrir næsta fjárhagstímabil. Eg get tekið undir með hv. 5. konungkj., að það sé að sumu leyti óheppilegt, að aðflutningsbann og sölubann komist á í einu; að því leyti sem það getur verið nokkur áhætta fyrir vínsölumennina að gera stór innkaup á vínföngum, með því að þeir af þeim orsökum gæti setið uppi með talsverðar, óseldar vínbyrgðir. En mín skoðun er sú, að því meira vín sem flutt er inn í landið, þess stærri skaða bíði þjóðin við það, og að hver sá frestur, sem tefur algerða útrýmingu áfengisins sé hættulegur. Og frá mínu sjónarmiði og annara bannvina, eru þeir peningar, sem inn koma fyrir vín, sannkallaðir blóðpeningar. Eg skal ekki um það segja, hversu marga menn vínið beinlínis drepur, en áreiðanlegt er, að það stórspillir velferð fjölda margra manna. Og þótt sumir menn

segi, að þeir mennirnir, sem verst fara af völdum víndrykkjunnar, séu aðeins hálfgerðir aumingjar eða ræflar, þá verð eg algerlega að mótmæla því. Hættan er engu minni fyrir mæta menn og ágæta. Mér hefir ekki reynst svo í lífi mínu að því leyti, sem eg hefi þózt geta veitt eftirtekt, að ofnautn víns hafi helzt meitt þá mennina, sem minst sé í spunnið, heldur einmitt þvert á móti. Og eg verð að líta svo á, að hvert mannslífið, hvert vel unnið æfistarf, sé svo dýrmætt, að ekki verði metið til peninga, og þá verður heldur ekki útrýming áfengisins metin réttilega til peninga, svo stór-mikilsverð er hún í eðli sínu.

En það er líka enginn vafi á því, að mjög óheppilegt er að fresta lögum, sem koma eiga til framkvæmdar á ákveðnum tíma. Það vekur jafnan óheppileg áhrif og getur veikt virðingu löggjafarvaldsins í augum þjóðarinnar. Þegar farið er og að fresta lögum, þá er hætt við að verði að fresta aftur og aftur. Þetta hefir komið í ljós um fræðslulögin. Þeim hefir að nokkru leyti verið frestað í eitt skifti og nú er enn fyrir háttv. neðri deild á ferðinni samskonar frestun. Þetta veldur réttaróvissu hjá þjóðinni, sem ástæðu hefir til að segja um gildandi lög: þau koma ef til vill aldrei í framkvæmd.

Hvað snertir br.till. frá hv. 5. kgk. þá verð eg að játa, að mér þykir hún betri en aðalfrumv. og af tvennu illu skal taka hið minna. Eg mun því greiða atkvæði með henni, þótt eg sé algerlega á móti máli þessu í heild sinni.

Lárus H. Bjarnason: Eg ætla að tala mig dauðan strax. — Dauðan, nei, eg er framsögum. minni hlutans í máli þessu. — Háttv. þm. Akureyrarkaupstaðar leit nokkuð einstrengingslega á þetta mál; eins og honum reyndar hættir stundum við; ekki sízt þegar 5. kgk. á hlut að máli. Hann sagði, að til þess væri refarnir skornir af minni hendi, að lögunum yrði frestað sem lengst. Þessu verð eg að mótmæla, eg þykist enga átyllu hafa gefið til slíkra getsaka.

Hv. þm. Akureyrar bjóst við, að brtl. mín mundi ekki auka tekjur landssjóðs að mun frá því, sem þær mundu verða án frestunar, en þetta er vafalaust rangt. Því lengur sem líður milli aðflutningsbanns og sölubanns, því óhægra verður kaupmönnum að byrgja sig upp til söluáranna. Verði ekki girt fyrir aðflutning fyr en 31. Desbr. 1912, njóta kaupmenn tollgreiðslufrests til ársloka 1913 og mundu þá geta lagt hina umliðnu tollupphæð í vinkaup, ef þeim sýndist svo. Af brtl. minni mundi því ekki aðeins leiða, að meira flyttist inn 1912 en ella og þá jafnframt líka greiðast meira í toll það ár, heldur og það, að landssjóður héldi líklega líkum tolltekjum 1913 af áfengi og hann nú hefir á ári.

Yrði aftur á móti tekið fyrir allan aðflutning áfengis 31. Des. þ. á. mundi að vísu nokkur áfengistollur gjaldast 1912, af áfengi í tollgeymslu, en með lokum þess árs væri hann alveg úr sögunni.

Það tjáir ekki að einblína á það eitt, að einstakir menn kunni að drepa sig á brennivíni, landssjóður verður að lifa, hvað sem einstaka undantekningum líður. Nú liggur næst að sjá hag næsta fjárhagstímabils borgið. — Komi tímar, koma ráð.

Þá skal eg víkja að hv. 2. þm. Skagfirðinga. Það var eins og hann sæi enga hættu á leið bannlaganna nema frestunina, en þar skjátlast honum vafalaust.

Eg held þeim sé miklu meiri hætta búin af útfallinu, sem hlýtur að verða úr landssjóðnum, ef áfengistollurinn fellur niður án þess, að nokkuð komi í skarðið, heldur en af stuttri frestun, það ættu bannmenn og bindindisvinir að athuga betur en þeir hafa gjört.

Sigurður Hjörleifsson: Eg hefði ekki þurft að taka til máls ef hv. 5. kgk.

hefði ekki hreytt að mér nokkrum hnútum. Hann leyfði sér, hv. 5. kgk., að hafa svo greinileg endaskifti á orðum mínum, að undrun sætir, og þar að auki eigna mér orð og ummæli, sem eg aldrei sagði. En hitt gerði eg að beina til hans nokkrum viðvörunarorðum í þessu máli og var það ekki ófyrirsynju. Annars vil eg vísa til hans öllum hnútum í minn garð, aftur um hæl; honum eru orðin slík hnútuköst svo töm, að manni liggur við að halda, að það sé engan veginn sjálfrátt.

Eg skal ekki segja neitt um það, hvað honum (5. kgk. þm.) gengur til í þessu máli, en eg vil að eins benda á það, hvað hann hefir sjálfur sagt í seinustu ræðu sinni. Hann segir, að það hafi verið glapræði að lögleiða aðflutningsbann, nema vissa væri fengin fyrir því áður, hvaða skattar eða tollar eigi að koma í staðinn fyrir vínfangatollinn. Ef þetta er glapræði, þá hefir það líka verið hans verk að vinna það glapræði á alþingi 1909 með atkvæði sínu. Eg segi ekki, að það hafi verið tilgangur hans að gera glapræði. Eg bendi að eins á, hvað hann hefir sjálfur sagt. Að því er snertir þá tillögu, að lögin skulu að öðru leyti vera óröskuð, þá er slíkt hreint og beint „*humbug*“. Að ákveða það með einföldum lögum, að þessum lögum megi ekki breyta, er ekki hægt.

Annars vil eg benda á það, að nú eru fyrir þinginu lög, sem eiga að bæta úr þeim tekjumissi, sem landssjóður verður fyrir, ef hann missir vínfangatollinn. Ef menn vilja samþykkja það frumvarp og þegar hér við bætast lög þau, smálög, sem stjórnin lagði fyrir þingið, til að útvega landssjóði tekjur, þá er óþarfi að gera meira í þessu efni nú, því að það verða engin vandræði á næsta fjárhagstímabili. Enn vil eg benda á það, að nú sem stendur er uppgangsár. Útflutningsgjaldið fer vaxandi, aðflutningsgjaldið vex, kaffi- og sykurtollur vex. Það verður ekki séð annað, en að nú horfi til blómaaldar hér á landi. Mér finst það ekki vera vert að þræta um það, hvort við getum verið án nokkurra tuga þúsunda kr. tekna af vínfangatollinum.

Það er einmitt mjög mikils vert, að bannlögin komist á nú, vegna þess, að fólk hefir nú meira handa á milli en áður og kjör manna að þessu leyti batna. Það er því áríðandi að beina högum manna í rétta átt, svo að þeir noti tekjurnar heppilega. Ef aðflutningsbannið kemst á, þá er hér um hálfrar miljón kr. sparnað að ræða. Það er ekki lítið fé og einhverju af því ætti að verða varið til aukinna framkvæmda í landinu. Auðvitað færi það ekki allt til aukinna framfara í landinu. Nokkuð af því mundi fara í eyðslu. En sú eyðsla mundi ekki vera eins hættuleg og víneyðslan. Háttv. 2. þm. Skagf. (J. Bj.) sagðist ekki vilja segja, að vínið hefði drepið marga menn hér á landi. En honum hefði með öllu verið óhætt að fullyrða það. Það er óhætt að segja, að það drepur fjölda manns á hverju ári. Nú á fáum mánuðum hafa 4 menn lagt af stað frá einu kauptúni hér á landi — og eftir fáar klukkustundir vóru þeir allir liðin lík. Almenningsálitið er það, að ef vínið hefði ekki verið annars vegar, væri þeir allir lifandi nú.

Eg skal svo ekki segja meira að þessu sinni.

Gunnar Ólafsson: Eg skal ekki tala langt mál nú, enda er það að bera í bakkafullan lækinn.

Eg efa ekki, að háttv. flutningsm. hafi komið fram með þetta frumvarp í því skyni að bæta fjárhag landsins, að tryggja það, að „kassinn“ verði ekki tómur, eins og hann kemst að orði. Hann sagði sjálfur, að aðal-tilgangurinn væri sá. En þegar litið er á það, hvernig fjárhagsástandið er í raun og veru og þegar enn fremur er litið á þær leiðir, sem eru til þess að bæta úr því, þá ætti ekki að þurfa að

grípa til þeirra „örþrifaráða“, sem hér er farið fram á. Fjárhagshorfur okkar eru ekki þannig lagaðar, að rétt sé að grípa til þess, sem að réttu lagi má kalla örþrifaráð. Eg lít svo á, að ef breyting sú, sem hér er farið fram á, verður að lögum, verði það til þess, að lögin komist aldrei í framkvæmd. Það sé fyrsta sporið til að upphefja lögin.

Nú sem stendur er tekjuhallinn áætlaður . . . . . kr. 281,000,00
Og það má búast við, að
að áður en lýkur verði
bætt við . . . . . kr. 100,000,00
Þetta eru alls . . . . . kr. 381,000,00

Það hefir verið tekið fram, að hann geti orðið meiri

(*Sigurður Stefánsson:* Fjáraukalögin)

og hann getur ef til vill, alls og alls orðið eitthvað á 4. hundr. þúsund kr. En það er nú viðurkent, að eftir þeim lögum, sem þegar eru samþykt af þinginu, aukist tekjurnar um . . . . . kr. 65,000,00
og ef farmgjaldsfrumvarpið
nær fram að ganga, gefur
það um . . . . . kr. 180,000,00
Þetta verður alls . . . . kr. 245,000,00

Eftir því, verður tekjuhallinn, ef gert er ráð fyrir þeim tekjuhalla, sem nú er, 136 þús. kr. Vitanlega er þetta allmikið og ekki furða, þótt það þyki ísjárvert. En nú hafa tekjurnar orðið það miklar síðastliðið ár, að þær borga vel þenna áætlaða tekjuhalla, á yfirstandandi fjárhagstímabili 1909 varð tekjuhallinn 64 þús.

Nú árar vel og teknaafgangur getur orðið um 160 þúsund kr. og það er ekki of í lagt. Verði það þá eru nægir peningar á reiðum höndum til að borga þennan væntanlega tekjuhalla. Þegar nú þetta er athugað, sýnist mér, að ekki standi neinn fjárhagslegur voði fyrir dyrum. Í undanfarandi fjárlögum hefir alt af verið áætlaður stór tekjuhalli. Oftast hefir það þó farið svo, að tekjurnar hafa hrokkið fyrir útgjöldunum. 1903 var mjög stór tekjuhalli áætlaður, um 450 þús. En hvernig voru menn sinnaðir þá? Eg hefi ekki heyrt talað um það, að menn hafi þá viljað grípa til nokkurra örþrifaráða. Þó að tekjuhallinn sé mikill, álít eg, að menn eigi ekki að vinna það til, að bæta úr honum, að ónýta þessi lög, sem eru til meiri hagsældar og gagns fyrir landið, en öll önnur lög, sem samþykt hafa verið á seinustu þingum. Eg veit vel, að mér verður svarað því, að hér sé að eins um frest að ræða. En í reyndinni verður það svo, að það verður að eins frestur, er notaður verður til að vinna gegn því, að bannlögin komist í framkvæmd, þótt það sé ekki tilgangur hins háttv. flutningsm.

Eg álít því, að frumvarp hins háttv. flutningsm. (S. St.) og eins brtill. háttv. 5. kgk. þm. (L. H. B.) sé hvorugt þess vert, að það eigi að fara lifandi út úr deildinni og eg ætla mér að greiða atkvæði móti báðum. Eg sé ekki annað en að brtill. hins háttv. 5. kk. sé að eins oddmjórri fleygur til að kljúfa bannlögin. Eg skal játa, að hún lítur betur út, ef fljótt er á litið. Það er ekki nema eitt ár, sem þar er um að ræða. En annars álít eg hana eins ísjárverða. Eg hefi ekki heldur heyrt háttv. flutningsmann færa neinar gildar ástæður fyrir máli sínu. Þessi eins árs frestur bætir nauðalítið úr fjárhagsástandinu, og þar af leiðir það, að tillögumaður hefir, ef til vill, eitthvað annað fyrir augum en fjárhaginn, og mætti svo vera að hann leyndi því ekki til fulls við atkvæðagreiðsluna hér í dag. En falli tillaga hans, sem eg vona, og leyfi hann frumvarpinu framgang með atkvæði sínu, þá gægist það út, sem innar býr, og það er að koma frestuninni fram í einhverri mynd. Háttv. 5. kk. kallaði það glapræði að kasta frá sér tekjunum af víninu eða víntollinum, og ennfremur sagði hann, að hvernig sem færi um þjóðina og einstaklinga hennar, þá yrði landsjóður að lifa. Já þannig er nú hagfræði þessa manns og er því ekki

úr vegi að minna hann á, að þótt nauðsynlegt sé og óhjákvæmilegt, að fá fé í landssjóð, þá er það skylda þingsins, um fram alt, að sjá svo fyrir eftir mætti, að þjóðinni í heild sinni og einstaklingum líði sem bezt og þá geta þeir líka greitt nauðsynleg gjöld í landsjóð. En styðji löggjafarvaldið að því, að þau *efni*, svo sem vínið, haldist í landinu, þá lamar það þjóðina andlega og líkamlega og við það rýrna allra mest tekjur landsjóðs. Þetta og þvílíkt ætli háttv. þm. að athuga, ásamt þeim er hans flokk fylla.

Ari Jónsson: Eg finn mér skylt að fara nokkrum orðum um þetta mál. En áður en eg geri grein fyrir atkvæðagreiðslu minni nú, ætla eg að minnast nokkrum orðum á afstöðu mína gagnvart þessu máli á síðasta þingi. Það var skoðun mín á síðasta þingi, að bannlögin ættu ekki að koma til framkvæmda fyr en árið 1915. Og hverjar vóru nú ástæður mínar til þess? Þær voru aðallega tvær. Hin fyrri var sú að eg áleit, að taka yrði tillit til þeirra *manna*, er þá höfðu *vínsöluréttindi*. Þeir voru tvennskonar. Sumir, er hafa vínsöluréttindin æfilangt, aðrir, sem hafa þau tímabundin, og er þeirra söluréttur flestra útrunninn árið 1915. Nú þar sem líkindi eru til þess, að þeir geti fengið sér tildæmdan skaðabótakostnað, er tapa vínsöluréttindum, þá var skaðabótakrafa þeirra er höfðu réttinn tímabundinn til 1915, fallin burtu þá.

Eg vildi girða fyrir það, að þeir gætu höfðað skaðabótamál gegn landsjóði. Önnar ástæðan var sú, að eg var því mótfallinn, að hrapað væri að því að koma þessum lögum á, fyrr en trygging væri fengin fyrir því, að verulegur meiri hluti þjóðarinnar væri þessu máli fylgjandi. Á þessu tímabili áttu nýjar kosningar að fara fram — og það taldi eg nauðsynlegt, áður en bannið kæmist í framkvæmd. Atkvæðagreiðslan 1908 var ekki fullnægjandi. Munurinn á tölu þeirra, sem greiddu atkvæði með og móti, var of lítill, var var ekki nægilega mikill til þess, að réttmætt væri að koma bannlögunum á. Það hefði ekki átt að vera minna en $^2/_3$ með þeim. En eg hafði líka aðra ástæðu til þess að meta atkvæðagreiðsluna 1908 ekki fullnægjandi, og hún var sú, að þá höfðu *menn ekki gert sér grein fyrir því*, á hvern hátt ætti að bæta landsjóði þann tekjumissi, er hann biði við aðflutnings-bannið. Eg get vel hugsað mér, að þeir, sem greiddu atkvæði með banninu 1908, yrðu mótfallnir því, er þeir sæju, hvernig hinum nýju sköttum og tollum yrði fyrir komið. Því var það mín skoðun, að ný atkvæðagreiðsla ætti að fara fram, áður en lögin kæmust til framkvæmdar. En vegna samkomulags við bannmenn, gat eg þó verið hlyntur því, að aðflutningsbannið kæmist á 1912. En hvernig liggur málið við nú? Liggur það eins fyrir nú og þá? Hafa engar ástæður í málinu komið fram síðan þá? Eru nú engar ástæður til að að fresta framkvæmd laganna til 1915? Fyrst er að líta á, hvort málið sjálft biði nokkurn skaða af því. Eg álít nú, að málið hafi engan skaða af því, þótt því sé frestað til 1915. Ef það er eins mikill meiri hluti málinu fylgjandi og haldið er fram, er auðsætt, að engin hætta er á ferðum. En ef þessi meiri hluti er ekki til, þá álít eg bannið með öllu ótímabært. Eg álít það skaðlagt þessu landi, að koma á banni, og eiga svo á hættu, að það verði óðara numið úr gildi. En eru þá ekki nýjar ástæður til frestunar, eins og eg spurði áðan. Það hefir verið talað um þann tekjumissi, er landssjóður yrði fyrir við bannið og hver ráð væru til að bæta honum þann missi. En það hefir verið bent á farmgjaldið — þar væri útvegur, segja sumir.

Þar sem ekkert hefir verið gert af stjórnarinnar hálfu til undirbúnings nýjum tekjugreinum fyrir landsjóð í staðinn fyrir vínfangatollinn, þá álít eg það þakkarvert af

flutningmanni farmgjaldsfrv. að koma fram með það. Mér lízt það vel tilraunavert að koma því á, án þess að eg geti sagt með neinni vissu, að það muni reynast vel. Getur vel verið, að það sé varhugavert til frambúðar, en það getur hinsvegar ekki stafað nein hætta af því að reyna það um tveggja ára bil, eða til næsta reglul. þings.

En þótt þetta sé nú svo, þá er enginn vissa fyrir, að frumvarpið gangi fram á þessu þingi. Og hver ráð eru þá fyrir hendi? Er þá nokkuð annað fyrir hendi en að taka beint lán til þess að jafna tekjuhalla landsins, í stað þess að reyna að ná sem mestum tekjum innanlands, svo að tekjur og gjöld geti staðist á? Það er enginn vafi á, að það verður að sjá landsjóði fyrir stórmiklum tekjuauka. Mér finst þeir hafa mikið til síns máls, sem færa þessa ástæðu fyrir frestun bannlaganna, því að einhvernveginn verður að bæta úr fjárhag landsins. Eg efast ekki um, að margir þeir, sem voru banninu fylgjandi á síðasta þingi, áliti nú fulla ástæðu til að fresta þeim fyrir þessa sök.

En eru nú ekki ennfremur aðrar verulegar ástæður til þess að fresta aðflutningsbanninu um nokkur ár? Jú, það er enn ein stórvægileg ástæða. Getur verið, að það séu fáir af háttv. þingmönnum, sem eru mér sammála um það, en það eru áreiðanlega margir utan þings. Það hefir verið lögð mest áherzla á það hér í deildinni, að frestun bannlaganna væri ráð til að bæta úr fjárhagnum innanlands. En er það nú víst, að bannið geti ekki skaðað viðskifti Íslands út á við? Þar er um að ræða eitt hið allra stórvægilegasta mál þessa lands, peningasambönd þess við aðrar þjóðir. Eg lít svo á, að einn af aðal-þáttunum í stórpólitík landsins sé einmitt skuldaskifti þess við Danmörku. Við erum í miklum skuldum við Dani, einmitt þá þjóð, sem við eigum í höggi við. Og þar hafa þeir öflugt meðal í höndum til þess að kúga okkur, ef þeim lízt svo við að horfa. Þess vegna væri það stórmikils vert, ef við gætum komið skuldum okkar fyrir hjá einhverri annari þjóð með jafn góðum kjörum eða betri. Eg gerði upp skuldaskifti landsins við Danmörku í oktobermánuði síðastl. haust og komst að þeirri niðurstöðu, sem eg nú skal skýra frá. Skuldirnar voru þrennskonar:

1. Landssjóður skuldar ríkissjóði $^1/_2$ miljón króna, lán, sem tekið var 28. des. 1908 og á að borgast á 15 árum.

2. Skuld við danska banka $1^1/_2$ miljón. Lánið tekið 26. júlí 1909 og á að borgast á 30 árum með $4^1/_2$ % á ári.

3. Viðskiftaskuld landsjóðs við ríkissjóð var 30. sept. 680 þús. kr. Þetta lán stígur upp og ofan, mun vera dálítið minna nú, en er vanalega eitthvað nálægt $^1/_2$ miljón króna. Þessi skuld var áður fyrri ekki til og þá áttum við venjulega heldur inni hjá Dönum. En nú síðustu árin er skuldin sem sagt að jafnaði nálægt $^1/_2$ million, og þeirri skuld má segja upp á hverri stundu.

Landið skuldar þá Dönum til samans kringum $2^1/_2$ miljón króna. Þetta er skuldaband, sem landinu væri hentara að losna úr, ef hægt væri að flytja skuldirnar eitthvað annað. Eins og kunnugt er, hafa nýlega verið gerðar tilraunir til að ná peningaviðskiftum við Frakka. Það var af tveim ástæðum, að menn vildu heldur snúa sér þangað en annað. Fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að okkur er sjálfsagt hættuminna að eiga peningaviðskifti við Frakka en ýmsar aðrar þjóðir, t. d. Englendinga. Og í öðru lagi af þeirri ástæðu, að undanfarin 10—15 ár, hefir peningaleiga verið lægst í Frakklandi af þeim löndum, sem gæti verið að tala um að fá lán hjá. Eg teldi því mikilsvert, ef hægt væri að fá skuldir okkar fluttar frá Danmörku til Frakklands. En á nú þetta mál nokkuð skylt við það mál, sem hér er til umræðu í dag? Hef-

ir aðflutningsbannmálið nokkur áhrif á aðstöðu okkar, þegar um það er að ræða að ná peningaviðskiftum við Frakkland?

Eg skal ekki fara neitt út í þessar umleitanir, sem gerðar hafa verið til þess að fá lán hjá Frökkum, að öðru leyti en því, er við kemur þessu máli, aðflutningsbanninu. Það hefir verið minst nokkuð á þetta svokallaða franska mál í neðri deild, og var þar að sumu leyti ekki rétt skýrt frá. Eg álít að skilyrðin fyrir lánveitingunni hafi öll verið hismi, nema eitt. Og þetta eina skilyrði var það, að á meðan samningarnir stæðu yfir, mátti bannið ekki vera komið á. Þessvegna var farið fram á frestun bannlaganna í eitt ár í fyrra, þegar samningar stóðu yfir, svo að þau yrðu ekki komin á fyr en eftir að þing og stjórn hér væru búin að gera út um málið til fullnustu. Þetta má ekki misskilja, það var ekki sett upp, að aðflutningsbannið kæmi ekki til framkvæmdar síðar, að eins að það væri ekki komið á, þegar samningarnir um lánið færu fram. Og þetta er vel skiljanlegt. Menn geta hugsað sér, að á meðan bannið er ekki komið í framkvæmd, sjái Frakklandsstjórn ekki ástæðu til að fara að skifta sér af eða hafa áhrif á samninga privatstofnana, privatbanka í Frakklandi, þess vegna. En þegar bannið er komið í framkvæmd, þá er alt öðru máli að gegna og getur þá vel verið, að stjórninni sýnist ástæða til að láta málið til sín taka. Eins og allir sjá, var óhugsandi fyrir samningsaðila að binda vald þingsins þannig, að bannlögin skyldu ekki koma í framkvæmd, enda var það ekki sett upp í þetta sinn, aðeins ef tekist hefði að ná samningum *áður* en bannlögin kæmu í gildi.

Annars skal eg ekki fara frekar út í þetta mál hér. Eg bendi aðeins á þetta til að sýna, að í þessu eina lánssamningsmáli, sem eg hefi haft afskifti af, þar kom bannið mikið til greina. Þess vegna hygg eg rétt að athuga það vandlega, hvort aðflutningsbannsmálið geti orðið okkur til tjóns í framtíðinni, í viðskiftum okkar við aðrar þjóðir. — Eg fyrir mitt leyti get vel verið með þessu frv., sem hér liggur fyrir, af þessum tveimur ástæðum, sem eg hefi nefnt. Fyrst þeirri, að eg álít óforsvaranlegt að láta bannlögin koma í framkvæmd, án þess að tryggja landssjóði jafnframt tekjur í skarðið. Og að hinu leytinu treysti eg því, að þessi stjórn eða ef til vill sú næsta geti komið því til framkvæmda, að við getum losnað úr skuldum við Dani og *komið þeim fyrir annarstaðar*. Eg held að það séu miklar líkur til þess einmitt nú, að þetta sé framkvæmanlegt og það er fyrir mér svo stórt atriði, að eg get með ánægju verið með frestun bannlaganna til 1915, ef það gæti stutt að framkvæmdum í því máli.

Eg fyrir mitt leyti sé enga ástæðu til að hafa frestinn styttri en 3 ár. Tilgangurinn er að bæta fjárhag landsins, og þá er miklu betur bætt úr honum, ef fresturinn er sem lengstur; að fresta aðeins um eitt ár, eða til 1. jan. 1913, tel eg litla bót. Hinsvegar vil eg standa við það sem eg lýsti yfir á þingi 1909, að eg er því fullkomlega samþykkur, að bannlögin komi að fullu í gildi 1. jan. 1915, þegar þjóðin hefir sýnt þá staðfestu að halda fast við ósk sína þangað til, því að þá eru miklar líkur fyrir því, að lögin verði langlíf.

Framsögumaður (Sig. Stef.) Eg hefi ekki miklu að svara því, sem háttv. 5. kk. þm. sagði, því að hann var sammála nefndinni í höfuðatriðunum, þrátt fyrir breytingartillögu þá, sem hann hefir komið með, og ræða háttv. Strandam. gekk öll í þá átt að styðja frumvarpið, og fyrir það er eg honum þakklátur. Eg skal aðeins taka það fram, að það sem hann sagði um fjárhag landsins hafði eg flest bent á með líku móti við fyrstu umræðu þessa máls.

Það er ágreiningur um það, hvort frestur-inn á að vera eitt, tvö eða þrjú ár. Eg hefi ekki heyrt neina fullnægjandi ástæðu fyrir því, að hafa frestinn styttri en þrjú ár, jafnvel svo skýr maður sem hv. 5. kk. kom ekki með neina nægilega ástæðu fyrir því að hafa frestinn ekki nema eitt ár, eins og hann stingur upp á. Eins og eg tók fram við fyrstu umræðu, álít eg ekki nægilegt að blína eingöngu á fjárhag landsins í nánustu framtíð, heldur verður jafnframt að líta á það, hvernig næstu fjárlög verði búin sæmilega úr garði.

Það hefir verið mikið lagt upp úr því, að þetta frumvarp mundi í rauninni ekki verða til að auka tekjur landsins. Hv. þm. Skagf. gekk jafnvel svo langt, að það mundi verða til tekjutjóns fyrir landið. En sannanirnar vantaði. Þetta voru aðeins spádómar. Eg vona, að rök mín og annara í þessu máli nægi til þess að sanna það, að frumvarpið hljóti að verða til tekjuauka; og vona eg, að þau rök megi meira en eintómur höfuðburður og spádómar, því að þau eru bygð á reynslu undanfarandi ára. Það er altaf verið að staglast á þessu, að vínsölumenn muni birgja sig svo mikið upp, að landsjóður muni fá jafnmiklar tekjur af víntolli á þessu eina ári, eins og annars á þremur árum. En því neita eg algerlega. Það þarf ekki nema heilbrigða skoðun á viðskiftalífinu til þess að sjá, að svo getur ekki orðið. Og eg skal taka það fram, að þó að lögleiddur kynni að verða frestur á tollgreiðslunni, þá geta kaupmenn ekki birgt sig upp með allar tegundir af vínföngum til alls þessa þriggja ára tímabils. Þeir geta ekki keypt miklar birgðir af þeim tegundum, sem ekki þola geymslu, t. d. af öli, því að það geymist ekki meira en tvo til þrjá mánuði óskemt. Líkt má segja um sum mild vín, hin svokölluðu köldu vín. Þau geymast ekki mörg ár. Afleiðingin af bannlögunum, eins og þau eru nú, hlýtur því að verða, að á þessu þriggja ára tímabili verður mest drukkið af sterkum vínum, einmitt þeim tegundum, sem að kenningu bindindismannanna eru skaðlegastar. Þetta liggur í hlutarins eðli, því að hinar tegundirnar þola ekki geymsluna.

Ennfremur skal eg taka fram eina ástæðu enn, sem gerir það ólíklegt, að vínsalar geti birgt sig upp til muna. Það eru fjárhagsástæður þeirra. Mér er sagt, að það muni vera kringum 15 vínsalar á öllu landinu. Ef gert er ráð fyrir að þessir 15 menn kaupi sér vínbirgðir til þriggja ára, svo miklar að tollurinn næmi 300,000 krónum, þá mundu þeir verða að leggja út 600,000 krónur fyrir vínið. Halda menn nú, að 15 vínsalar hafi efni á að leggja svo mikið út í einu. Það yrðu til jafnaðar 40,000 kr. á hvern, og svo mikið fjárframlag væri þeim flestum sjálfsagt ofvaxið. Þar við bætist og, að að þeir mundu ekki þora það, meðal annars af því að ef þeir deyja, verða allar birgðirnar ónýtar. Þá standa margir tugir þúsunda fastir, sem búi þeirra mundi verða alónýt eign. Þetta held eg, að hver hyggginn maður mundi líta á, og hugsa sig vel um áður en hann leggur svona mikið fé í hættu. Auk þess efast eg um, að vínsölunum yrði greitt um peningalán til slíks. Eg efast um, að bankarnir mundu vilja lána út á vínbirgðir, þó forsiglaðar væru og geymdar.

Það hefir verið talað um að lengja tollgreiðslufrestinn, en eg verð að segja, að ekkt er það meira í bindindisáttina en mín tillaga. Það er aðgætandi frá bindindismanna sjónarmiði, að mín tillaga gerir enga breytingu á því, hve lengi verður drukkið í landinu. Þó að frumvarpið gangi ekki fram, verður vín alt að einu í landinu til 1. jan 1915, en frá þeim tíma er ætlast til að bannlögin komi að fullu í gildi.

Sumir óttast, að svona langur frestur muni verða hættulegur fyrir bannlögin, og að því leyti sé betra að hafa frestinn sem

styztan. Eg held þvert á móti, að einmitt þriggja ára frestur sé hættuminstur, því að þá kemur sölubann og aðflutningsbann í gildi á sama tíma. Eg get líka hugsað að svo kunni að fara, að þegar t. d. eins árs frestur væri útrunninn, þá lægi ef til vill enn þá meira á tekjum í landsjóð en nú, og þá kynni að verða gripið til að fresta lögunum aftur. En ef fresturinn er nægilega langur í fyrstu, eru meiri líkur til, að tíminn vinnist til að undirbúa aðra tekjustofna, svo að ekki þurfi að að grípa til nýrrar frestunar á bannlögunum.

Að því er snertir þá skoðun sumra háttv. þm., að það megi afla landsjóði tekjuauka á annan hátt, þá er það athugavert, að frumvörp þess efnis eru ekki komin í lög. Eg vil sérstaklega nefna frumvarpið um farmgjald, sem nú liggur fyrir n. d. Það er lítil von til þess, að það frumvarp verði samþykt á þessu þingi, meðal annars af því, hve tíminn er orðinn stuttur. Það er skylda allra þingmanna að athuga fjárhag landsins sem bezt. En eg vil segja að það er ekki ætlandi þingmönnum að undirbúa flókin skattalög. Það er verk stjórnarinnar, og það hefir hún vanrækt. Þingmenn skortir venjulega bæði sérþekkingu og tíma til þess að undirbúa slík lög. En stjórnin hefir öll tæki til þess, og þingið á ekki að þurfa að gera annað en að athuga þær tillögur í þessum efnum, sem stjórnin leggur fyrir það. Ef skattalög eru ekki þannig undirbúin, er kætt við, að þau séu í lausu lofti bygð.

Auk þess vil eg taka það fram, að þó að bæði farmgjaldsfrumvarpið og þetta frumvarp næði fram að ganga, þá verða tekjur landsjóðs sannarlega ekki of miklar fyrir því. Það er eins og sumir hv. þm. séu hræddir um, að það kunni að hækka of mikið í skúffunni. Milliþinganefndin í skattamálum hélt því fram, að það væri bráð nauðsyn á 200,000 króna tekjuauka, þó að vínfangatollurinn héldist. En nú eru sumir háttv. þm. ánægðir, ef þeir geta knúð fram 300,000 króna tekjur af farmgjaldi, þó að áfengistollurinn falli niður. Eg tek munninn miklu fyllri en skattamálanefndin. Eg álít, að við getum ekki komist af með minna en 3—4 þúsund kr. tekjuauka, ef við eigum að geta fullnægt kröfum þjóðarinnar um fjárveitingar til bráðnauðsynlegra fyrirtækja.

Þeir vilja láta það draslast hvert fjárhagstímabilið eftir annað, afgreiða fjárlögin með mörg hundruð þúsund króna tekjuhalla. En af því leiðir það sama fyrir landsbúskapinn eins og fyrir búskap einstakra manna, afturför, eymd og volæði. Menn eru að tala um, að nú sé gott ár, og það er ekki nema gleðilegt, en það dugar ekki, því það getur komið harðæri á eftir þessu góða ári, alveg eins og góðæri hvert árið eftir annað.

Eg veit fyrir víst, að margir hinna áköfustu bannmanna líta svo á þetta mál, að þeir telja jafnmikið skaðræði hvort fresturinn er stuttur eða langur. Eg fyrir mitt leyti álít, að lengri fresturinn sé miklu heppilegri en styttri fresturinn frá bannlagamanna sjónarmiði. Og að halda því fram, að hér sé ekki um verulegan tekjuauka að ræða, það má eg ekki heyra skynsama menn segja, þar finna þeir ekki orðum sínum stað.

Lárus H. Bjarnason: Eg stend upp sérstaklega til að víkja af mér því góðyrði hv. þm. Akureyrar, að eg hafi gert glapræði á þinginu 1909, með því að samþykkja þá bannlögin, þó að þá væri ekki fundið ráð til að bæta það skarð í tekjum landsins, sem leiða hlaut af missi áfengistollsins. Hafi mig hent það glapræði, þá hefir hv. þm. Akureyrar líka hent sama glapræðið. En við gerðum hvorugur neitt glapræði með því. Við samþyktum bannlögin, af því að við allir bjuggumst við því, að stjórnin — og það var skylda stjórnarinnar — mundi áður en bannlögin skyllu á benda á aðrar leiðir til að bæta landssjóði tekjumissinn. Við gengum allir útfrá

því sem gefnu, að ný skattalög yrði borin undir þetta þing. Þetta hefir líka vakað fyrir háttv. þingm. Hann kannaðist þá við, að um „stórkostlegt fjármál“ væri að ræða, þar sem bannlögin væru, sjá Alþt. 1909 bls. 533. En nú hefir stjórnin algerlega brugðist þessum vonum og þessvegna verður að fresta bannlögunum, en þó sem styzt. Fyrir mér vakir sem sagt, ekki svo mjög að auka tekjur landssjóðs í svip, eins og það að gefa stjórninni tíma til að benda á nýjar leiðir, svo að ekki þurfi að leggja landið í hættu eða að minsta kosti mikla fjárhagslega óvissu, þegar bannlögin koma til framkvæmda. En styttri frestunin nægir bæði til að sjá fyrir sæmilegum tekjum fyrir fjárhagstímabilið 1912—13, og til þess að undirbúa tekjulög í stað áfengistollsins. Frv. hv. þm. Ísafjarðarkaupstaðar fer óþarflega langt og er þó líka bara til bráðabirgða, enda tilheyrir það endanlegri skattalöggjöf að sjá hér fyrir varanlegri bót. Vonandi að menn skilji þetta. Fullorðnir menn með sjón á báðum augum mega ekki einblína svo á eitt atriði, að þeir sjái ekkert annað. Geri þeir það, þá líkjast þeir hestum, sem hafa skýlu á gagnaugunum og sjá ekki nema beint fram undan sér. Víðsýnir bannvinir hafa meiri ástæðu til að óttast þurð í landssjóðnum fyrir fyrirhyggjuleysi þings og stjórnar um að sjá fyrir nýjum tekjum, heldur en frestun. Þverri um of í landssjóðnum, munu vakna raddir í landinu, sem heimta ekki að eins frestun bannlaganna heldur ef til vill algert afnám þeirra.

Sigurður Hjörleifsson: Þegar háttv. þm. Ísafj.kaupst. var að telja vínsölumennina hér á landi, þá var því hvíslað að mér af manni, sem vel hefir athugað þetta, að þeir munu vera alls í landinu milli 20 og 30. Eg vil leyfa mér að benda honum á, þar sem hann hélt því fram, að vínkaupmennirnir mundu ekki þora að panta miklar vínbirgðir af því, að þeir kynnu að deyja, að ekkjan heldur réttinum til áfengisverzlunarinnar þótt þeir deyi og er fyrir þessu hæstaréttardómur. Að breyta tollgeymslulögunum, eins og farið er fram á í frumvarpi, sem fram er komið í neðri deild, er alt annað en frestun á bannlögunum. Eg skal játa, að það er nokkurt neyðarúrræði og ekki æskilegt að hlynna að innflutningi áfengis, en þó væri ekki frágangssök að gera þetta að samkomulagi, því það gæti haft mikla þýðingu fyrir aukning tekjanna.

Viðvíkjandi því, sem hv. 5. kgk. þm. sagði, þá furða eg mig á, að hann skuli alt af vera að leggja mér orð í munn, sem eg aldrei hefi talað. Eg sagði ekki að hann hefði framið glapræði 1909. En eg sagði, að eftir því sem hann sjálfur lýsti því, þá hefði hann átt að fremja glapræði, því hann taldi það glapræði að samþykkja bannlögin, án þess að sjá fyrir tekjum í stað áfengistollsins, og það gerði hann ekki fremur en aðrir þeir þingmenn, er greiddu atkvæði með bannlögunum. Það eru lélegar málsbætur, að tilgangurinn hafi verið góður, þegar verið er að vinna óheillaverkin og hv. 5. kgk. þm. kemst ekki undan ábyrgðinni af því að vera að flytja hér tillögu til frestunar á bannlögunum, sem gæti orðið til þess að ónýta þessi merkilegu og gagnlegu lög. Vil eg því benda honum á þau orðin, sem honum munu vera sérstaklega minnisstæð, af vissum ástæðum, en það eru orðin: „Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá“.

Annars er það furðulegt, að hann skuli gera tilgang sinn að svo miklu umtalsefni.

Jósef Björnsson: Þótt eg teldi líklegt, að enginn skaði mundi hljótast af því fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer, að bannlögunum yrði ekki frestað, þá er eg ekki hv. framsögum. sammála um, að það hafi verið rakalítill spádómur eins og hann sagði. Hv. framsögum. hefir sjálfur tekið það fram, að skaðinn mundi ekki koma svo mjög niður á því fjárhagstíma-

bili, þar sem menn hafa áætlað, að inn mundi koma 330 þús. kr. í toll það fjárhagstímabil frestunarlaust, og það hefir hv. framsögum. látið í ljósi, að ekki mundi vera fjarri sanni. Aftur hafa aðrir dregið það í efa, t. d. hv. ráðherra við 1. umr. fjárlaganna, svo um þetta eru skiftar skoðanir. Ef við göngum út frá reynslu síðustu ára. 180 þús. kr. áfengistolli á ári, þá verður mismunurinn fram yfir það, sem nú er áætlað, sára lítill eða einar 30 þús. kr. á fjárhagstímabilinu. Eg held því, að það hafi ekki verið nein fjarstæða þótt eg spáði því, að ekki væri ólíklegt að enginn skaði, eða jafnvel fjárhagslegur hagur mundi verða að því fyrir landssjóð að fresta ekki lögunum. Það getur verið, að menn líti svo á, að eg sé einsýnn í þessu máli. Slíkt má segja. Sínum augum litur hver á silfrið.

(L. H. B.: Eg átti ekki við þingmanninn).

En eg lít svo á, að það sé bezt fyrir þetta mál, að því sé ekki hreyft, ekkert frestað. Fjárhagslegi skaðinn fyrir fjárhagstímabilið 1912—13 get eg ekki séð, að sé svo bersýnilegur, að ástæða sé til að setja hann fyrir sig og fresta lögunum af þeirri ástæðu. Eg hygg, að það megi finna leiðir til að fylla skarðið 1912 eða 1913, sé um nokkurt skarð að ræða fyrir þann tíma, og því þurfi vegna vandræða í þá átt engin frestun að eiga sér stað. Þess vegna get eg ekki annað en endurtekið það, að frá mínu sjónarmiði ætti engin frestun að eiga sér stað En eigi að fresta, þá tek eg fremur styttri frestinn.

Kristinn Daníelsson: Eg stend aðallega upp til þess að falla frá orðinu. Það eru svo fáir inni, að eg sé ekki ástæðu til að minnast á ýms atriði fjárhagsástandinu viðvíkjandi, sem eg ætlaði að gera, og það því fremur sem eg í næsta máli mun fá tækifæri til þess. Annars lýsti eg afstöðu minni til þessa máls hér við fyrstu umræðu, svo menn munu fara nærri um hvernig eg greiði atkvæði atkvæði. Eg skal aðeins leyfa mér að minnast á br.till. hv. 5. kgk. þm., og gera grein fyrir, að eg einnig mun verða á móti henni. Eg álít hana beint spor í áttina til að rjúfa þann varnargarð, sem við vildum byggja á síðasta þingi. Mér dettur í hug sagan um litla drenginn á Hollandi, sem allir kannast við. Hann var á ferð þar meðfram flóðgarðinum og sá, að gat var komið á hann og stakk fingrinum í það. Hann vissi, að þó að gatið væri lítið, mundi það stækka ef ekki væri að gert og vatnið flæða yfir landið og valda tjóni og skaða. Við hlóðum þennan varnargarð á síðasta þingi, en tillaga háttv. 5. kgk. þm. fer fram á að gera seitlugat á vegginn. Nú vil eg með atkvæði mínu leggja lófann að til að byrgja það gat. Mér finst að hinu háa alþingi — þingið á að vera hátt í þjóðarinnar augum — sami bezt að standa við gerðir sínar, þangað til það fær nýja bendingu frá þjóðinni með nýjum kosningum.

Ráðherra (Kr. J.): Eg gerði ráð fyrir því um daginn, að skýra frá afstöðu minni til málsins við þessa umræðu, og vil eg nú gera það með örfáum orðum. Síðan 1899 hefi eg verið eindreginn sölubanns maður. Eg hefi viljað banna alla sölu á áfengi, banna, að nokkur geti haft það á boðstólum. Þetta hefir verið aðal-atriðið fyrir mér. Mér fanst það vera léttasta og auðveldasta leiðin, og með því yrði háskinn af áfenginn að mestu leyti horfinn. Þótt eg sé Goodtemplar, þá hefi eg aldrei litið öðruvísi á áfengið, en svo marga aðra hluti sem má misbrúka, og eg hefi ekki séð, að það væri hægt á annan betri hátt að koma í veg fyrir misbrúkun á því, en með því að banna að hafa það á boðstólum eða til sölu. Á aðflutningsbann hefi eg ekki lagt eins mikla áherzlu. Þetta hefi eg sagt kjósendum mínum í Borgarfirði, og eins lýst því yfir fleirsinnis í Goodtemplarafélaginu. Eg varð í minni

hluta með þessa skoðun mína á Stórstúkuþingi fyrir nokkrum árum ásamt öðrum góðum mönnum, svo sem landlækni Guðmundi Björnssyni, sem var eindreginn með sölubanni, þegar samþykt var í félaginu að hallast að aðflutningsbanni.

Eg get fyrir mitt leyti mælt með því, að ákvæðum aðflutningsbannslaganna sé frestað. Eg get ekki skilið, og það er ekki rétt að líta svo á, að það sé örþrifaráð frá hvaða hlið svo sem málið er skoðað, eða að aðflutningsbanninu sé stofnað í nokkurn voða með frestun laganna, þeirri er stofnað er til. Eg álít málið svo gott, og að það hafi fengið svo mikið tangarhald á þjóðinni, að því sé engin hætta búin, þótt aðflutningsbanninu væri frestað um 1, 2 eða 3 ár. Þegar aðflutningsbannið var samþykt á þinginu 1909, hefði eg óskað þess, að því hefði verið skotið á frest að samþykkja lögin um það til fullnaðar, og láta þau fara skilyrðislaust frá þinginu. Eg var forseti þá hér í deildinni, og hafði því ekki tækifæri til að láta í ljósi álit mitt um málið, enda hefi ekki gert það fyr en nú hér í deildinni. Eg lít svo á, að málið hafi þegar fengið svo mikið og fast tangarhald á þjóðinni, að fylgi þess muni fara vaxandi ár frá ári en ekki minkandi, og sérstaklega tel eg engan vafa á því, að með breyttum kosningalögum og útfærðum atkvæðisrétti (svo sem til kvenþjóðarinnar) sé málið full-trygt á alla bóga. Og þá gerir það hvorki til né frá, þó lögunum verði frestað í 1—2 ár. — Sé svo að menn séu hræddir við, að lögin þoli ekki þessa bið, sé svo, að menn séu hræddir við, að alda kunni að rísa, sem sé lögunum hættuleg, þá álít eg, að betra sé að fresta þeim þangað til þau hafa fengið þann bakhjarl í þjóðinni, að þeim fái ekkert grandað. Kvíði menn að þau verði feld, þá segi eg: bíðum, bíðum og stælum þjóðina þeim til fylgis. Þessi orð mín eru töluð af innilegum velvilja til málsins.

Það var einn hv. þm. hér áðan að tala um seitlugat. En ef kæmi seitlugat á bannlagavegginn, þá mundu, ef hér eru svo margir vinveittir banninu eins og sagt er, verða til óteljandi drengir, fullorðnir menn og konur, til að stöðva seitluna. Menn eiga að hafa dirfð til þess að lofa því að koma í ljós með frestuninni, hvort hér sé nokkur hætta á ferðum. Hér hafa verið færð rök fyrir því, að ástæða væri til að fresta aðflutningsbannslögunum að eins um eins árs skeið vegna aukaþingsins og til þessa þings. Þær ástæður hafa auðvitað mikið til síns máls, en eg efa, að aukaþingið 1912 hafi kringumstæður eða tíma til að setja hér svo undir lekann sem þarf. Eg mundi því líta svo á, að frestun um 2 ár væri hentugri, ef ekki 3 ár. Ef háttv. þingdeildarmönnum lízt svo, þá er enn hægt að breyta þessu.

Eitt atriði vildi eg enn minnast á. Þegar verið er að tala um aðflutningsbann, er það mikið athugunarefni, hvort það á að ná til allra drykkja, sem kallaðir eru áfengir, sem sé til hinna léttu þrúgu-vína.

Bannið á að sjálfsögðu að taka til allra spíritusdrykkja, en hitt virðist vera óþarft að láta það einnig útiloka saklausu vínin, léttu vínin, borðvínin, sem neytt er í suðurhluta og miðhluta Norðurálfunnar, þessi mjög óáfengu vín, sem hafa gert það að verkum, að þessar þjóðir eru ekki drykkfeldar, og hafa aldrei verið það.

Sannarlega, þessi vín eru guðs gjöf, sem ekki ætti að þurfa að banna þessari þjóð að neyta fremur en öðrum þjóðum, en hvergi er bannað að neyta þeirra. Aðflutningsbannið ætti ekki að ná nema til sterkra drykkja eða spiritusdrykkja og áfengra öltegunda.

Aðflutningsbann þekkist hvergi um allan heim. Að vísu hafa Finnar leitt það í lög, en lögin hafa eigi öðlast staðfestingu, og hafa víst verið lögð á hylluna, eins og sagt er. En sölubann er reynt víða, til dæmis í Ameríku, og hefir það gefist mis-

jafnlega, sem búast má við. En vafalaust hefði verið rétt að láta sölubannið ganga á undan aðflutningsbanni; reyna fyrst sölubann, og ef það eigi reyndist nægilegt til þess að útrýma áfengisbölinu, þá fyrst lögleiða aðflutningsbann. Enn verð eg að benda á, að ekki er nægilegt að koma lögunum á og í framkvæmd, það þarf að gera einhverja nægilega ráðstöfun til þess, að þeim verði hlýðni sýnd og það verður ervitt, er eg hræddur um, að sjá um það, að þessi lög verði eigi fótum troðin allmjög og víðsvegar. Hér flýtur hver brennivínskastalinn eftir annan í kring um landið, ef svo mætti að orði kveða, og þó við hefðum nægan skipastól til eftirlits, gætum við ekki látið eftirlitið ná lengra en $^3/_4$ mílu út frá landi.

Eg hefi altaf haft nokkurn kvíða fyrir þessu. Það er, borið kvíðboga fyrir því, að slælegt verði eftirlitið með framkvæmd laganna, og að þau verði of mjög fótum troðin. — Hinu býst eg við, að ekki verði hvikað frá, að lögin verði látin öðlast gildi með ársbyrjun 1915.

ATKVGR.:

Br.till. á þgsk. 609 feld með 7:3 atkv.

Viðaukatill. á þgsk. 610 samþ. með 8 samhl. atkv.

Aukatill. feld með 6:6 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Augúst Flygenring,	Kristinn Daníelsson,
Eiríkur Briem,	Steingr. Jónsson,
Jósef Björnsson,	Ari Jónsson,
Júlíus Havsteen,	Gunnar Ólafsson,
Kristján Jónsson,	Sigurður Stefánsson,
Lárus H. Bjarnason,	Stefán Stefánsson.

Einn þingm. greiddi ekki atkvæði.

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 7:4 atkv.

Br.till. um fyrirsögn feld með 7:4 atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. með 8 shl. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 8 shl. atkv.

Þriðja umræða í efri deild 21. apríl.

Frumv. var umræðulaust og að viðhöfðu nafnakalli samþ. með 8:3 atkv. og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Augúst Flygenring,	Gunnar Ólafsson,
Eiríkur Briem,	Sig.Hjörleifsson.
Júlíus Havsteen,	
Kristján Jónsson,	
Sigurður Stefánsson,	
Stefán Stefánsson.	

Einn þingm. (Lárus H. Bjarnason 5. kgk.) greiddi ekki atkv. og taldist því með meiri hlutanum.

Sjúkrasamlög.

FRUMVARP til laga um sjúkrasamlög.

Fyrsta umr. í efri deild 14. marz (165).

Stefán Stefánsson (6. kgk. þm.): Þetta frumvarp er nýmæli og eg vonast eftir að flestir játi, að það sé gott nýmæli. Þessi sjúkrasamlagahreyfing er orðin sterk í öðrum löndum, en hefir ekki borist hingað til lands fyr en nú á síðustu árum. Það eru Oddfellowar, sem hafa vakið þessa hreyfingu og er félag þeirra, eins og allir vita, góðkunnugt út um allan heim. Yfirmaður Oddfellowreglunnar hér á landi skrifaði rækilega ritgerð um þetta efni fyrir tveimur árum. Sú ritgerð var birt í Skírni 1909 og var auk þess sérprentuð og dreift víðs vegar út um land. Þar er ítarlega skýrt frá eðli og fyrirkomulagi sjúkrasamlaga og hve langt hreyfingin er komin í ýmsum löndum, bæði Norðurlöndum og víðar, Þýzkalandi, Frakklandi, Englandi o. s. frv. Og jafnframt hvetur höfundur til þess, að Íslendingar fari að dæmi annara þjóða í þessu og bendir á nauðsynina til sjúkrasamlaga hér á landi ekki síður en annar-

staðar. Þetta hafði nú þann árangur, að haustið 1909 var stofnað sjúkrasamlag hér í Reykjavík, og er það víst það eina, sem til er hér á landi, með líku fyrirkomulagi og hin útlendu sjúkrasamlög. Í desembermánuði sama ár kom út önnur ritgerð eftir sama höfund, einnig í Skírni, um starf og stjórn sjúkrasamlaga. Þar er mjög hvatt til að stofna slíkan félagsskap sem víðast hér á landi og jafnframt birt uppkast að lögum fyrir sjúkrasamlög, samið af 5 manna nefnd, er Oddfellowastúkan hér hafði kosið til þess. Tildrögin til þeirrar nefndarskipunar voru þau, að stofnendur sjúkrasamlagsins í Reykjavík höfðu leitað til stúkunnar og beðið um bendingar í þessum efnum. Með því að líta yfir þetta uppkast að lögum, sem nefndin hefir samið, má fá glögga hugmynd um tilgang og fyrirkomulag slíkra félaga. Sjúkrasamlögin eru tryggingarfélög og tilgangurinn er líkur tilgangi annara tryggingarfélaga, t. d. brunabótafélaga, lífsábyrgðarfélaga o. s. frv. Hér er tilgangurinn að tryggja menn gegn fjártjóni, er stafa kynni af sjúkdómum. Félagsmenn leggja ákveðin tillög í sameiginlegan sjóð, og fá aftur á móti sjúkdómskostnað greiddan úr félagssjóði eftir vissum reglum, fyrst og fremst borgun fyrir sjúkrahúsvist, meðul og læknishjálp og auk þess nokkurn hluta þess vinnukaups, sem þeir missa vegna sjúkdómsins. Það má og geta þess, að þessi sjúkrasamlög eru að því leyti frábrugðin alþýðustyrktarsjóðunum, að þar verða styrkþurfar að sækja um styrkinn, en í sjúkrasamlögunum á hver félagsmaður beint heimting á ákveðnum styrk, ef skilyrðin eru annars fyrir hendi.

Máli þessu hefir ekkert miðað áfram hér á landi síðan Sjúkrasamlag Reykjavíkur var stofnað. Undirtektirnar hafa verið daufar og því hefir helzt verið borið við, að almenningur hefði ekki efni á að borga tillög í slíka sjóði. En það er einmitt tilgangurinn með þessum sjúkrasamlögum, að tryggja fátæklingana gegn fjártjóni af sjúkdómum. Félögin eiga aðallega að vera fyrir fátækt fólk eða efnalítið fólk, því að þeir einir eiga að fá inngöngu í félögin, sem hafa í árstekjur 1200 kr. eða þar fyrir neðan, að viðbættum 100 kr. fyrir hvert barn í ómegð, er þeir hafa fram að færa. Þessari kostnaðarviðbáru er því bezt svarað á þá leið, sem gert er í ritgerð þeirri í Skírni, sem eg mintist á áðan, að það er svo langt frá því, að menn hafi ekki efni á að vera í slíkum félagsskap, að almenningur hefir einmitt ekki efni á að vera fyrir utan hann. Það er hverjum manni ábati að geta trygt sig gegn fjártjóni af sjúkdómi, og í rauninni því æskilegra, sem efnin eru minni til þess að þola þann skaða, sem alt af má búast við að geti leitt af sjúkdómsáföllum. En þeir sem eru í sjúkrasamlagi fá allan slíkan skaða bættan.

Við tveir Oddfellowar hér í deildinni höfum flutt þetta frumvarp fyrir tilmæli landlæknis Guðmundar Björnssonar, sem er yfirmaður Oddfellowa-stúkunnar hér á landi. Frumv. er stutt og að því leyti ólíkt þeim lagabálkum, sem gilda um þessi efni í öðrum löndum. Aðalefni frumv. er það, hver sé tilgangur sjúkrasamlaganna, og í öðru lagi, hver séu skilyrðin fyrir því, að sjúkrasamlög geti orðið lögskráð. Og svo loks þetta, að lögskráð sjúkrasamlag á að fá styrk úr landsjóði sem svarar 2 kr. á ári á hvern félaga. — Það er ekki vanþörf á því, að eitthvað sé gert af hálfu hins opinbera til þess að örfa menn til slíks félagsskapar, og þá er bezta ráðið að veita sjúkrasamlögunum dálítinn styrk. Það kann nú að verða sagt, að landsjóður hafi ekki efni á því að taka á sig þess konar byrðar. En hér er ekki um mikil útgjöld að ræða. Að því er eg veit bezt og hef áður vikið á, er Sjúkrasamlag Reykjavíkur hið eina, sem stofnað hefir verið hér á landi enn sem komið er, og það er ekki líklegt, að þau þjóti upp á

skömmum tíma, þó að þessi lög verði samþykt. Þess vegna munu útgjöld landsjóðs ekki verða mikil í reyndinni, fyrst um sinn, því miður. En mér finst löggjafarvaldið ætti að gera einhverja tilraun til þess að ýta undir menn til framkvæmda, þegar um slíkt velferðarmál er að ræða. Eg vil ekki lengja umræðurnar með því að halda langa ræðu um þetta að sinni, enda geta þeir sem þess óska fengið beztar upplýsingar um málið með því að lesa ritgerðir Guðmundar Björnssonar í Skírni. Nauðsynin til sjúkrasamlaga kemur bezt fram, þegar litið er á skýrslu fátækramálanefndarinnar um það, af hverjum ástæðum menn komast á sveit. Eg skal að eins benda á það, að eftir þessari skýrslu er áætlað, að af 23 hundr. manna, sem þiggja af sveit, hafi 753 komist á vonarvöl vegna sjúkdóma og heilsabilunar, en t. d. vegna ómegðar að eins rúm 500 og vegna drykkjuskapar kringum 120. Eg get um þessar tölur að eins til samanburðar.

Ákvæðið, að engum megi veita viðtöku í sjúkrasamlag, sem orðinn er 40 ára að aldri, er einmitt sett til þess, að girða fyrir, að þeir verði samlags-menn, er búast má við að innan skams verði vanburða og heilsulausir fyrir elli sakir.

Eg skal að síðustu drepa á það, að í Danmörku voru 1907 1452 sjúkrasamlög. Þau vóru í því nær öllum bæjum eða 96% og í hreppum, eða 95% og nærfelt þriðjungur þjóðarinnar var í sjúkrasamlagi. Sjóðeign þeirra var: 4,227,904 kr.
Tekjur . . . . . 6,034,846 —
Útgjöld . . . . . 5,809,565 —
Úr ríkissjóði fengu þau . 1,691,188 —

Eg vona, að háttv. þingdeildarmönnum sé það ljóst, að nauðsyn sé á slíkum lögum og félagsskap, sem hér ræðir um, hér sem annarsstaðar. Eg vona, að þingið taki málið til rækilegrar athugunar, vona, að það verði að lögum í einhverri mynd, vona, meira að segja, að frumvarpið nái óbreytt eða lítið breytt fram að ganga, því eg tel það sé vel hugsað og vel frá því gengið.

Eg fjölyrði svo ei meira um málið, en sting upp á og vona, að þriggja manna nefnd verði skipuð til að ath. frv.

Þriggja manna nefnd samþykt í einu hljóði og hlutu þessir kosningu:
Stefán Stefánsson,
Sigurður Hjörleifsson,
Eiríkur Briem.

Önnur umræða í efri deild 24. marz (165, 258),

Sigurður Hjörleifsson: Hér liggur fyrir frumvarp um sjúkrasamlög og lítum við nefndarmenn svo á, að hér sé um merkilegt mál að ræða, og þess vert að deildin taki því vel.

Við fyrstu umræðu var nákvæmlega skýrt frá aðalefni málsins og virðist mér því ekki þörf á að fara mörgum orðum um það og því síður sem nefndarálitinu fylgir yfirlit og athugasemdir frá landlækni við hverja grein frumvarpsins og það í heild sinni.

Fyrsta grein frumvarpsins greinir frá hvað sjúkrasamlag sé. Önnur grein segir, að stjórnarráðið lögskrái sjúkrasamlagið, þegar þau hafa uppfylt viss skilyrði og þriðja grein telur upp þessi skilyrði.

Hér væri um allmikið fjárframlag að ræða frá landsjóðs hálfu, ef sjúkrasamlögin yrðu almenn og er vert að benda á þetta sérstaklega.

I frumvarpinu er farið fram á, að landsjóður leggi fram tvær krónur fyrir hvern félaga, en það hefir nefndinni þótt of hátt og hefir því komið með þá breytingartillögu, að tillag þetta sé fært niður í krónu handa samlagi í kaupstað og kr. 1,50 handa samlagi í sveit og er það gert með tilliti til þess, að erfiðara og dýrara er að leita læknis í sveit en kaupstað, enda gert til þess að hvetja sveitirnar til að mynda slík samlög.

Lengra álítur nefndin ekki hægt að

fara, en þetta virðist vera landsjóði algerlega hættulaust. Það er ekki hætt við að mikið þjóti strax upp af samlögum þessum, en á hinn bóginn er vonandi að þeim fari fjölgandi smátt og smátt,

Til leiðbeiningar vil eg geta þess, að í því landi, sem mest er af þessum samlögum, þar er þó ekki nema þriðjungur íbúa í þeim.

Þá má sjá á tillögunni, sem við höfum gert, að okkur þótti vafasamt hvort rétt væri að láta ákvæðið um ákveðnar árstekjur ná til sveitanna. Það er örðugt að ákveða árstekjur manna í sveit eins og nú stendur, enda getur verið hætta á því, að sjúkrasamlagið fái ekki hæfa forstöðumenn, ef skilyrðin eru mjög þröng fyrir rétti manna til að vera í félögunum.

Enn virtist nefndinni rétt að heimila stjórnarráðinu að lögskrá sjúkrasamlög í sveit, þó ekki sé ákveðið í lögum þeirra að dagpeninga skuli greiða.

Ráðherra (Kr. J.). Háttvirtur framsögumaður hefur þegar bent deildinni á það sem eg ætlaði að benda henni á, en það, er að hér er lagður skattur á landsjóð, sem getur orðið talsverður; það er því varhugaverðara sem hér eru fleiri lög á ferðinni, sem fara í sömu átt, og vil eg þar til nefna lög um heyforðabúr, þar er öðrum skatti laumað inn á landsjóðinn og enginn veit, hve hár hann getur orðið.

Aftur á móti er ekki séð fyrir neinum tekjuauka fyrir landssjóð, enda þótt yfir landinu vofi mikið tekjutap á næstkomandi árum og ýms lög, sem nú eru fyrir þinginu, leggi veruleg útgjöld á landsjóðinn.

Ef til vill er deildinni kunnugt um, að um síðustu árslok gat landsjóður tæplega int af hendi skyldugjöld. Peningaskorturinn var þá svo mikill. —

Það er ekki til neins að vera að leyna því. Verður að segja það eins og það var. Og það er nú einnig mesta áhyggjuefni þeirra manna í stjórnarráðinu, sem þetta hafa með höndum, að eigi verða peningaþrot í landssjóði. — Eg vildi aðeins leyfa mér að vekja athygli hinnar háttvirtu deildar á þessari hlið málsins.

Sigurður Hjörleifsson: Það er enginn efi á, að það er rétt, sem hæstvirtur ráðherra benti á, en eg lít ekki svo á, að hann hugsi sér fyrir því að bregða fæti fyrir þetta frumvarp.

(Ráðherra: nei).

Það eru engin líkindi til, að þessi lög baki landsjóði verulegra útgjalda næstu árin og sem stendur er aðeins til eitt samlag á landinu. Það er hér í Reykjavík og í því 60—70 manns.

Eg vil um leið taka fram, að nefndinni leizt vel á, að styrkur sá, er um ræðir í 77. gr. fátækralaganna, verði feldur burtu og mun það nema allmiklu fé og væri eðlilegra, að það fé gengi til sjúkrasamlaganna. Eg er hæstvirtum ráðherra sammála um það, að tekjur landsjóðs þarf að auka og eg get ekki séð, að við getum farið svo af þessu þingi, að ekki hafi eitthvað verið gert í því máli. Eg veit að flokkur sá, sem eg heyri til, hefir huga á að koma fjármálunum í rétt horf.

Ráðherra (Kr. J.): Eg kannast við það, að þessa útgjalda-auka fyrir landsjóð muni ekki gæta á næsta fjárhagstímabili, en eg vildi benda á þetta, vegna þess, að það kemur svo iðulega fyrir, að gjöld eru lögð á landsjóðinn í hinum og þessum frumv., án þess menn geri sér grein fyrir því eða hafi athugað það nægilega. — Að því er snertir ákvæði 77. gr. fátækralaganna, skal eg geta þess, að þau voru sett vegna þess, að það kom oft fyrir, að nauðsynleg útgjöld lögðust á einstaka hreppa, svo há, að þeir gátu ekki staðist þau, svo að við lá, að þeir kæmust á vonarvöl. Aðallega kom þetta fyrir, þegar koma þurfti sjúklingum, sem hreppurinn átti að standa straum af, einkum geðveikum mönnum, á útlend hæli, með dýru meðlagi. Af þessari ástæðu voru þau á-

kvæði 77. gr. sett, að hreppar skuli að eins greiða 200 kr. af kostnaði við sjúkrahúslegu þurfalinga, en landsjóður það, sem fram yfir er. Eru þetta því alt aðrar ástæður, en hér er um að ræða. Eg álít mjög varhugavert að fella þetta ákvæði úr gildi. Þess eru fleiri en eitt dæmi, að hreppar hafi, áður en það varð að lögum, fengið að kenna óþyrmilega á því að hafa sjúklinga á dýrum útlendum hælum, og það svo, að hreppum hefir jafnvel legið við gjaldþroti.

Kristinn Daníelsson: Eg skal benda á það, að í 3. gr., 3. tölulið, er vitnað í 2. staflið, en á að vera 2. tölulið. Þetta mætti líklega leiðrétta sem prentvillu. — Eg skal ekki fara að kasta mér út í umræðurnar um hina fjárhagslegu hlið málsins. En eg vil geta þess, að mér hafði einmitt dottið hið sama í hug sem hæstv. ráðherra, að hér eru á dagskrá í dag tvö frv, sem hafa útgjaldaauka í för með sér fyrir landsjóð, ef þau verða samþykt. Þetta leiðir til þess, að brýna nauðsyn ber til að þing og stjórn leggist á eitt með að útvega landsjóði verulegan tekjuauka, til að standast þessi og önnur aukin útgjöld. Um 77. gr. fátækralaganna vil eg geta þess, að eg er algerlega mótfallinn, að henni sé breytt, eða úr gildi numin. Það er nauðsynlegt, að landsjóður hlaupi undir bagga með hreppum, þegar þeim er skipað af læknum að leggja á sig kostnað við sjúkrahúslegu þurfalinga, sem þeir fá ekki staðið undir með neinu móti. Þetta er því eðlilegra, sem ýmsum gjöldum hefir í seinni tíð verið þokað yfir á sveitirnar, sem að réttu lagi ættu að hvíla á landsjóði, t. d. útgjöldum við síma, símastöðvar o. fl. Sömuleiðis hafa sveitir víða lagt á sig stórmikinn kostnað við vegagerðir, sem landsjóður ætti að sjálfsögðu að standa straum af. Þær hafa kosið heldur að gera nauðsynlega vegi á eigin kostnað, en að bíða eftir því, að þingið veitti fé til þeirra. Af þessum og öðrum ástæðum álít eg alveg nauðsynlegt að hlaupið sé undir bagga með sveitunum í slíkum tilfellum, sem átt er við í 77. gr. fátækralaganna, og má hún alls ekki falla burtu.

Sigurður Hjörleifsson: Eg skal ekki þræta um 77. gr. fátækralaganna, enda liggur hún ekki fyrir nú. Eg mintist að eins á hana af því að tilrætt var um hana í nefndinni. Annars finst mér, að það sem hv. ræðumenn hafa sagt bendi til þess, að þeir tímar muni koma, að minni þörf verði á fjárframlögum úr landsjóði samkv. þessari gr. fátækralaganna, en nú er, t. d. benti hæstv. ráðherra á það, hversu kostnaðarsamt það hefði verið fyrir hreppana áður fyrri, að koma geðveikum mönnum á útlend hæli og leggja með þeim þar. Nú gerist þess ekki þörf lengur, þar sem nú er komið upp geðveikrahæli hér í landinu. Sömuleiðis gera menn nú hér í landinu vandasama skurði, sem ekki var unt að gera hér áður fyr. Af þessum ástæðum hlýtur þröfin á fjárframlögum til einstakra hreppa að minka. Og hvað sem öðru líður, þá er það víst, að þessi þörf minkar að sama skapi sem sjúkrasamlögin verða almennari og félagatala þeirra hærri. Við það færist talsverður kostnaður af hreppunum yfir á samlögin, og að sama skapi minka framlög landsjóðs til hreppanna. Það er því augljóst, að þó að útgjöld landsjóðs til samlaganna aukist eftir því sem samlögin verða almennari, þá hlýtur viðgangur þeirra að draga talsvert úr fjárframlögum landsjóðs til hreppa samkv. 77. gr. fátækralaganna.

ATKVGR.:

1. gr. frv. sþ. í e. hlj.
   brtill. við 2. gr. sþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. frv. breytt sþ. í e. hlj.
   1. brtill. við 3. gr. sþ. í e. hlj.
   2. „ „ „ „ „ „ „ „
3. gr. breytt sþ. í e. hlj.
4. gr. sþ. í e. hlj.

5. gr. sþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frv. sþ. án atkv.gr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umræða í efri deild 27. marz (305).

Frumvarpið samþykt í einu hljóði.

Brúargerð á Jökulsá.

FRUMVARP til laga um brúargerð á Jökulsá á Sólheimasandi.

Fyrsta umræða í efri deild 15. marz (180).

Flutningsmaður (Gunnar Ólafsson): Eg get búist við því, að hv. deildarmönnum þyki þetta mál ef til vill nokkuð einkennilega borið fram, og að þeim, sumum hverjum virðist frv. ekki tímabært nú, einkum þar sem ekki er ætlast til, að það komi til framkvæmda fyrr en einhverntíma á ókominni tíð, nefnil. þegar fé verður veitt til þessa fyrirtækis í fjárlögunum. En það eru ýmsar ástæður til þess að mér fanst rétt að bera þetta mál fram á þessu þingi, þó að framkvæmdir á því geti átt nokkuð langt í land enn. Það er nokkuð sérstaklega ástatt um þessa á, Jökulsá, og öðruvísi en um allar aðrar stórár á landinu. Það er þegar búið að brúa allar aðrar ár á landinu, sem komast til jafns við hana að stærð og erfiðleikum. Hún er því sú á, sem þingi og stjórn ber nú frekar öllum öðrum ám að snúa sér að og brúa sem allra fyrst. Það er nauðsynlegt að ráða sem fyrst bót á þeim erfiðleikum og vandræðum, sem hún bakar héruðum þeim, er að henni liggja. Þessi á hefir ávalt verið illa kynt, eins meðal þeirra, sem ekki hafa séð hana, sem hinna, er þekkja hana, því að sögur hafa borist af henni um land alt. Þeir sem kynni hafa haft af henni munu og flestir játa, að þeir hafi farið með meiri virðingu yfir hana en flestar aðrar ár á landinu, og þótt all-agalegt að leggja út í hana. Því miður munu allt of fáir af hv. deildarmönnum hafa farið yfir hana eða séð hana eins slæma og hún getur stundum verið, en flestir munu þeir þó hafa haft sagnir af henni. Anni er fljótlýst. Hún rennur á auðnum, en hefir skolað sandinum burtu, svo að nú rennur hún á hnullungagrjóti, sem hún kastar til og frá. Hún myndar víða eyrar, en grefur sig niður á öðrum svæðum. Þegar hún er lítil, er hún ekki sérlega hræðileg, en þegar hún er mikil og það er æði oft, þá rótar hún grjótinu til sem fysi, og má þá segja, að glamrið í grjótinu heyrist, er það rekst saman niðri í ánni. Við þetta bætist, að þegar hlaup eru í henni, ber hún með sér jakaplötur, sem, þó þær séu fremur þunnar, eru nægilega stórar og þungar til að setja hest flatan, er fyrir þeim verður, enda hefir það oft viljað til. Það munu líka allir játa, að stórhættulegt sé að leggja út í straumharða á í jakaburðum. En við þessa miklu erfiðleika búa, og hafa um allan aldur búið, Skaftfellingar, og að nokkru leyti líka Rangæingar. Þessara erfiðleika gætti miklu minna áður fyrr, þegar samgöngur voru minni, og Skaftfellingar fóru aðeins eina ferð á ári til Reykjavíkur eða Eyrarbakka, þó að vitanlega oft færust menn í Jökulsá, en aðrir mistu eignir sínar í hana. En síðan verzlun kom í Vík og lífna tók yfir héraðinu, hafa samgöngur vaxið mikið og ferðir til Reykjavíkur orðið miklu tíðari, og hefir það þá orðið mönnum æ tilfinnanlegra með hverju ári, hver vágestur þessi á er, og menn finna æ sárar til þess, hver vandræði það eru að búa við slíkt. Og auðvitað dregur það ekki úr óánægjunni, að menn sjá það, að þing og stjórn hafa snúið sér að öllum stórám á landinu og brúað þær, en látið Jökulsá afskiftalausa. Að vísu skal þess getið, að það hefir um langan aldur verið álitið ómögulegt að brúa þessa á, nema þá fyr-

ir stórfé, en nú verður því ekki borið við lengur. Nú hefir verkfræðingur landsins skoðað hana og komist að þeirri niðurstöðu, að vel megi gera trygga brú á ána fyrir eigi meir en 78 þús. kr. Þegar héraðsbúar heyra það, að kostnaðurinn þurfi ekki að verða meiri, þó þetta auðvitað sé æði mikil upphæð, þá vex þeim hugur og gera kröfur til þess, að áin verði brúuð svo fljótt sem kostur er. Er þetta ástæðan til, að frv. þetta kemur fram nú. En vegna þess, að kostnaðurinn er þó æði mikill, er að eins farið fram á, að áin verði brúuð svo fljótt sem unt er, það er að segja, þegar fé verður veitt til þess í fjárlögunum. Af þessari ástæðu geta hv. þingdeildarmenn vel greitt atkv. með þessu frv., þó að þeir kunni að álíta, að ekki sé fé fyrir hendi nú til þessa fyrirtækis, því að frv. leggur engin útgjöld á landssjóð sem stendur. En á hinn bóginn verður að líta svo á, að nokkur rekspölur komist á þetta brúarmál, að það færist nær takmarki sínu, verði frv. samþykt, og þegar litið er á það, að þetta er mannskæðasta áin á landinu, þá verður það að teljast sanngjarnt, að þingið, að minsta kosti, gefi von um brú á hana áður en langt um líður. Eg skal geta þess, að á síðustu 200 árum er talið, að 40 menn hafi farist í ánni, og er það ekki lítill skattur á svo fámenna þjóð, og virðist vel þess vert að leggja mikið fé í sölurnar til að koma í veg fyrir frekari slys. Eg átti heima í Vík í 12 ár, og á þeim árum fórust 4 menn í ánni. Rétt áður en eg fluttist þangað, höfðu 2 menn druknað í henni. Eins og eg gat um áðan, get eg hugsað mér, að einhverjir háttvirtir deildarmenn muni ekki vilja greiða frv. atkvæði, vegna þess, að það yrði aðeins pappírslög. Þetta er rétt, en þó mundu slík lög færa brúarmálið nær takmarki sínu og gera héraðsbúa öruggari, þar sem þeir þá ættu von á hjálp áður en langt um liði. Enn er ótalin sú ástæða, að Skaftfellingar hafa hingað til fengið mjög lítið úr landsjóði; Skaftafellssýsla hefir, af því hún er einna afskektasta sveit landsins, orðið mjög út undan í fjárveitingum. Eg vona nú, að hv. þm. játi það, að krafa sú, er frv. felur í sér sé sanngjörn og mun eg því eigi fara mikið fleiri orðum um málið meðan það mætir ekki andmælum. Eg sé ekki ástæðu til að skipa nefnd til að íhuga þetta frv.; málið er svo einfalt og auðskilið, að vart er þörf á að rannsaka það. En þó mun eg ekki leggja á móti nefndarskipun, ef hv. deildarmenn álíta hana æskilega.

Eitt er þó enn, sem eg vildi geta um. Mér hafa borist áskoranir frá á annað hundrað kjósendum í Skaftafellssýslu um að fara fram á fjárveitingu til brúarinnar á þessu þingi, en það sá eg mér ekki fært, þó eg teldi það auðvitað æskilegast. Eg get getið þess, að þó að áskoranir hafi aðeins komið úr Skaftafellssýslu þá er brúarmálið engu síður áhugamál hálfrar Rangárvallarsýslu, því að þeir eiga afar oft leið yfir ána. Í þessari áskorun er það meðal annars tekið fram, að á tveim síðustu árum hafi áin grafið sig svo mikið niður, að útlit sé fyrir, að hún verði ófær meiri part ársins. Skal eg svo ekki orðlengja þetta meir, en vona að frv. fái að ganga til 2. umræðu.

Lárus H. Bjarnason: Fyrverandi stjórnarandstæðingum er ánægja að sjá *manna* skiftin, sem orðin eru í ráðherrasætinu,

(*Forseti* hringir: Þetta mál er ekki til umræðu).

jafnvel þó, að þar muni því miður, ekki vera orðin skoðanaskifti um það málið, sem skilið hefir flokkana hingað til, enda er afstaða vor gagnvart háttv. ráðherra frjáls og óbundin að öðru leyti en því, að vér munum ekki bregða fæti fyrir hann að ástæðulausu á þessu þingi.

(*Forseti:* Eg tek orðið af hv. þm. og fresta fundi um fjórðung stundar!).

Lárus H. Bjarnason: Þá leggur mað-

ur út í Jökulsá eða Fúlalæk, eins og eg vil heldur kalla ána á þessu stigi málsins, eftir gusuna úr „Fúlalæknum“ okkar. Eg skal játa það með háttv. flutningsmanni, að Jökulsá sé oft ekki greið yfirferðar; mislynd eins og gengur og gerist og nýjustu dæmin sanna. En þetta mál hefir fleiri hliðar, er þarf að athuga. Áin mun sem stendur ekki fjölfarin, en hinsvegar mundi brúin kosta mikið fé, um 80 þúsundir, og það sem verst er, ef satt er, að ilt muni vera að finna örugt brúarstæði. Háttv. flutningsm. ætlast að vísu ekki til, að féð verði veitt nú á fjárlögunum; en ef að líkindum lætur, mun ekki lengi dragast fjárveitingin, ef lögin ganga fram. Eða svo fór það um Jökulsá í Axarfirði, er samskonar aðferð var höfð við. Eg vil því leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

Sigurður Stefánsson: Eg get tekið undir með háttv. 5. konungkj., að full þörf sé á að athuga mál þetta rækilega. Frá mínu sjónarmiði getur það ekki komið til nokkurra mála, að þingið samþykki heimild þessa.

Hæstv. ráðherra sagði hér í þingdeildinni fyrir skemstu, að hann mundi stuðla að því eftir mætti, að nokkurn vegin skapleg fjárlög næði fram að ganga á þingi þessu; en mér fyrir mitt leyti liggur nærri að draga í efa, hvort slíkt stæði í hans valdi, þrátt fyrir vafalaust bezta vilja hæstv. ráðh., eins og þeim fjárlögum er farið, sem fyrir þetta þing voru lögð. Eg vil líka leyfa mér að benda á það, að þannig löguð heimild, sem þessi, er hér er farið fram á, er altaf skoðuð sem fullkomið, bindandi loforð, og eg hefi ekki trú á því, að á næsta þingi verði miklu auðveldara að skapa viðunanleg fjárlög en nú, jafnvel þótt maður vildi spá einhverju um það, að hægt væri ef til vill að nálgast það eitthvað, að þau yrðu dálítið skaplegri.

Mér dylst auðvitað ekki, að á þessi er stór-hættuleg, og núna á augnablikinu var hún jafnvel svo hættuleg, að einn háttvirtra þingdeildarmanna var rétt að segja drukknaður í henni, hefði hæstv. forseti ekki komið til bjargar.

Ráðherra (Kristján Jónsson): Hér er ekki farið fram á að þessu sinni nein bein fjárframlög þegar í stað til þessarar brúar; það á einungis hér að fylgja því fordæmi, sem alþingi hefir áður gefið, að ákveðið vatnsfall skuli ganga fyrir öðrum og verða brúað jafnskjótt og fjárveitingarvaldið sér það fært að leggja fram fé til þess. — Og þetta vatnsfall, Jökulsá á Sólheimasandi, er vissulega eitt af þeim, sem sitja á í fyrirrúmi.

Nú hefir sá maður, verkfræðingur landsins, er brúargerð þessa hefir átt að undirbúa, lagt fram álit sitt, og það ber það ljóslega með sér, að kostnaðurinn er engan veginn ókleifur, og að vel má brúa ána, en á því hefir áður þótt leika vafi. Mín skoðun er sú, að þessi á eigi að brúast svo fljótt sem kostur er á, og ganga fyrir öðrum vatnsföllum þessa lands í því efni. Á hverju fjárhagstímabili verður að gera eitthvað, taka fyrir og koma í framkvæmd einhverju mannvirki, því annars hlýtur að verða afturför, og þótt efni okkar séu lítil, þá megum vér engan veginn örvænta eða leggja árar í bát. Eg hygg, að hagur almennings sé nú alment að rétta við, og að fjárhagur landsins fyrir því sé að færast í betra horf, og má því vænta, að þessu fyrirtæki, sem er svo bráðnauðsynlegt, verði komið í framkvæmd áður mjög langt um líður.

Forseti: Háttv. 5. kgk. þm. hefir nú talað tvisvar í máli þessu, og get eg ekki veitt honum orðið í þriðja sinn, nema með leyfi hinnar háttv. deildar, að eins þá stutta athugasemd.

Lárus H. Bjarnason: Eg hefi ekki á móti því, að þetta verði borið undir hina háttv. deild, þó að þess ætti ekki að þurfa, þar sem eg hefi ekki talað nema einu

sinni, vegna þess að forseti tók af mér orðið. Deildinni gefst með því færi á að víta hlutdrægni forseta.

Forseti: Háttv. þm. hefir fengið orðið tvisvar sinnum og á engan rétt á að tala oftar, hvað sem hann segir um það; vil eg því bera það undir háttv. þingdeild, hvort hann skuli tala í þriðja sinn.

Sigurður Stefánsson: Það er óþarfi að bera svona lagaðan ágreining undir atkv., þegar maður heyrir greinilega hljóðið í deildinni.

Lárus H. Bjarnason: Ef forseti skildi fyr en skylli í tönnunum, þá mundi hann skilja ofanígjöfina, sem hann fékk hjá hv. þingm. Ísafj.kaupst. Og skal eg að svo mæltu leyfa mér að víkja aftur að málinu, sem fyrir lá, brúargerðinni á Fúlalæk. Má vel vera og enda líklegt, að brúargerðin sé nauðsynjamál, en engu að síður verður að athuga öll atriði, sem að henni lúta, áður en tekin er ályktun um hana.

Eg hefi enn ekki átt kost á að kynna mér ítarlega fjárlagafrumvarp það, er stjórnin lagði fyrir þingið, en heyrt hefi eg haft eftir manni, sem átti eitthvað við fjárlögin, að tekjuáætlunin um einn liðinn að minsta kosti sé mjög ískyggilega há. Og væri það enn ein ástæða til að fara hægt að ályktunum um gjaldahækkanir. Eg vona því, að nefnd verði sett í málið, að umr. lokinni, án nefndar má ekki ljúka máli, sem hefir í för með sér 70—80 þús. kr. kostnað fyrir landssjóðinn. Og skal eg svo ljúka máli mínu með því, að benda háttv. vini mínum þm. Ísfirðinga á, að honum gleymdist að tilgreina höfundinn að fyndninni, sem hann kastaði fram í lok ræðu sinnar. Það lá ekki við, að gusan úr forsetastólnum áðan kollvelti nokkrum.

Sigurður Hjörleifsson: Mér finst mál þetta ekki þannig vaxið, að ástæða sé til þess að fjölyrða um það mikið í þetta sinn, og auk þess lít eg svo á, að óþarft sé að setja það í nefnd. Það er öllum ljóst, að á landi hér eru margar fleiri ár, sem þörf er á að brúa, og ber þá frá mínu sjónarmiði að taka tillit til þess hvar þörfin er mest, og virðist mér þá liggja næst þær árnar, sem umferðin er mest yfir.

Eg get bent á margar fjölfarnar ár, og illar yfirferðar, sem enn eru óbrúaðar, svo sem Eyjafjarðará, Héraðsvötnin og ýmsar fleiri stórár norðanlands, og Rangá þekkja allir. Annars er eigi all-lítill vandi að dæma um slíka hluti að lítt rannsökuðu máli. En eins og eg hefi þegar tekið fram, tel eg nefnd óþarfa, og málið verði látið ganga til 2. umr. Auk þess verður bráðum skipuð hér fjárlaganefnd, og væri þá eðlilegast, að sú nefnd fjallaði um málið.

Stefán Stefánsson (6. kgk.): Háttv. flutningsm. þessa máls tók það fram í framsöguræðu sinni, að þessi á, Jökulsá á Sólheimasandi, væri það eina vatnsfall, sem nú yrði mönnum að bana. (*Gunnar Ólafsson:* Nei.) Eg skrifaði upp eftir honum orðin, en hann hlýtur að hafa sagt þau í ógáti. Mig furðaði annars á því, að háttv. flutningsm., sem er sjálfur Skaftfellingur, skyldi segja annað eins og þetta, þar sem alkunnugt er, að nærfelt allri sýslunni er skift niður í smá skákir af ófærum stórfljótum, að baki hennar eru hraun, öræfi og jöklar, en framan við hana eyðisandar og hafnlaus brimótt strönd. Það er því ljóst, — og í því er eg hinum háttv. flutningsm. fyllilega samdóma, — að íbúar þessarar sýslu eru manna verst settir hvað samgöngur snertir, og þessvegna er auðvitað ekki nema sanngjarnt, að alt sé gert, sem unt er, til þess að greiða fyrir þeim, og þá liggur að sjálfsögðu fyrst fyrir að brúa þau af hinum mörgu illu vatnsföllum sýslunnar, sem tiltök er að brúa.

Eg er sammála hinum háttv. þm. Ak. í því, að bæði Héraðsvötnin og eins Eyjafjarðará séu miklu fjölfarnari yfirferðar en þessi á, sem hér er um að ræða, en hún fellur á vestur-takmörkum sýslunnar,

og er því í alla staði sanngjarnt að mönnum væru opnaðar dyr inn í hið stórfagra og mikilfenglega hérað með því að brúa hana, ef það á annað borð er hægt. Mundi það eigi að eins verða beinlínis til stórhagræðis sýslubúum, en hér er að öllum líkindum um mikinn óbeinan hagnað að ræða. Um leið og Skaftafellssýsla er opnuð, mundi ferðamannastraumurinn til landsins vaxa að miklum mun, því hvergi gefur að líta Ísland í allri sinni dýrð nema í Skaftafellssýslu einni.

Eg tel sjálfsagt, að nefnd verði sett í málið, og getur sú nefnd þá athugað áætlanir og teikningar, og annað það er máli þætti skifta. En ekki tel eg heppilegt, að málinu verði vísað til fjárlaganefndar hér í deildinni, því hún mun að vanda hafa nóg að starfa.

Gunnar Ólafsson: Eg skal ekki tala langt mál að sinni.

Eg er þakklátur hinni háttvirtu deild fyrir undirtektir hennar í málinu, og þá sérstaklega þeim orðum hv. ráðherra, að þangað beri að snúa sér, sem þörfin sé mest. Háttv. þm. Ísafj.kaupst. var líka hlyntur málinu, jafnvel þótt mér skildist á honum, að fé væri ekki fyrir hendi til þess að framkvæma þetta nauðsynjaverk. Eg er líka samdóma hæstv. ráðherra um það, að þá gengur illa, ef ekki verður hægt að brúa eina á á fjárhagstímabili, og þeir menn, sem örvænta um, að slíkt komist í framkvæmd, geta sannarlega ekki haft mikla trú á framtíðinni. En eg fyrir mitt leyti er nú svo bjartsýnn, að halda það, að fjárhagsástandið muni batna svo, áður en langt um líður, að ekki þurfi þessvegna að stöðva nauðsynleg þjóðþrifa fyrirtæki. — En það er ekki þar fyrir svo að skilja, að mér detti í hug að lasta varfærnina — síður en svo. —

Eg tók það fram í upphafi máls míns, að eg sæi ekki nauðsyn á nefnd í málið, en telji háttv. deild þess þörf, get eg fyrir mitt leyti gengið inn á það.

Það getur verið, að eg hafi viðhaft orðin, sem hv. 6. kgk. vildi eigna mér — það man eg reyndar ekki glögt —, en það sem eg að minsta kosti vildi sagt hafa var það, að á þessi væri einhver hin mannskæðasta hér á landi.

Það gladdi mig hve vingjarnlegum orðum háttv. 6. kgk. þm. fór um Skaftafellssýslu; hann hefir líka skoðað sýsluna sjálfur, og hefir glögt auga fyrir því, sem fagurt er. —

Viðvíkjandi því, er háttv. þm. Akureyrar sagði, að mikið tillit yrði að taka til þess, hvort árnar væru mjög umfarnar eða ekki, þá vil eg taka það fram, að engu síður ber að taka tillit til þess, hversu hættulegar þær eru.

Eg gleymdi einu áðan, sem eg ætlaði að benda á, sem sé því, að áin liggur í miðju læknishéraði, og hefir ekki ósjaldan komið fyrir, að hún hefir tept læknisvitjun, og gagnvart liggur fjölbygt hérað, og einhversstaðar verður að halda opnum dyrum, þar sem sjóleiðin er bönnuð.

Eg vil að lokum taka það fram, til skýringar þeim, sem eru kviðnir við fjárhaginn, og halda, að hér sé þingið að vinna sér um megn, að það er alls ekki ætlast til þess, að fé til fyrirtækisins verði veitt, fyr en þing og stjórn telur að fært sé.

Sigurður Stefánsson: Mér virðist ekki ástæða til, að nefnd sé sett í málið, þar sem ekki getur komið til mála, að fé verði fyrir hendi næsta fjárhagstímabil, og hvaða ástæða er annars til að setja nefnd í þetta mál, sem virðist liggja svo ljóst fyrir.

Önnur brú hefir einnig verið á dagskrá, sem sé á Rangá. Mun þó vera meiri þörf á brú á Fúlalæk. Það virðist bezt að láta málið hvíla sig þar til fjárlögin koma úr neðri deild.

Það er ónærgætni af kjördæmum að heimta fjárframlög, en vera andvígir flestum nýjum skattalögum, vilja byrgja tekjulindirnar, sem þarf að opna til þess að koma fjárhagnum í viðunanlegt horf. Menn

verða að hafa hug á að auka skattana, eftir því sem hinir fábrotnu atvinnuvegir leyfa, en binda ekki landssjóði þær byrðar að viðlagasjóður étist upp.

Það er reynsla með þessar brýr, að þegar búið er að samþykkja lög um þær, þá er það skoðað sem loforð frá landssjóðs hálfu, að hún skuli koma upp á næsta fjárhagstímabili. Mér virðist það kenna nokkurskonar lævísi við landssjóðinn, þegar verið er að bera slík frumvörp, sem ekki er hægt að fullnægja, en sem binda að nokkru leyti hendur síðari þinga.

Steingrímur Jónsson: Það er ekki rétt, að þó frumvarp þetta verði samþykt nú á þinginu, að með því sé gefið loforð um að fé verði veitt á næsta fjárhagstímabili. Brúin á Jökulsá í Öxarfirði hefir verið tekin sem samanburðardæmi, en hún var samþykt á aukaþinginu 1902 og veitt fé til hennar á þinginu 1903.

Bæði eru þessar tvær ár varla samanberandi og svo hafði þessi brú verið á dagskrá þingsins um tuttugu ár, og var komið svo langt, að verkfræðingur rannsakaði brúarstæðið 1896 og var lögð fram nákvæm áætlun 22. maí 1897, og var þá ekki sæmandi fyrir þingið að draga málið lengur.

Vegalögin voru samþykt 1894 og endurskoðuð 1907. Í því liggur ákveðið loforð um ákveðna vegagerð, sem kostar afarmikið fé, og hefir þingið ekki tekið nærri sér að fullnægja ekki þeim loforðum.

Það er því ekki nauðsynlegt að veitt verði fé til brúargerðarinnar á næstu fjárlögum, þó frumvarp þetta verði samþykt nú, en á hinn bóginn er það sjálfsagt, að þessi á sé brúuð svo fljótt sem verða má.

Málinu vísað til annarar umræðu með 9 samhl. atkv.

Þriggja manna nefnd samþykt með 9 samhl. atkv. og kosnir í hana:

Stefán Stefánsson,
Gunnar Ólafsson,
Eiríkur Briem.

Önnur umræða í efri deild 27. marz (180, n. 292).

Framsögum. Gunnar Ólafsson: Eg gerði við fyrstu umr. þessa frumv. grein fyrir því og skýrði frá ástæðum til þess, að það er fram komið. Það mætti þá ekki mótspyrnu að ráði hér í deildinni. Nú hefir nefndin, sem í það var kosin, haft það til meðferðar, og orðið sammála um, að frumv. ætti fram að ganga. Það hefir ekkert nýtt fram komið í málinu, annað en það, sem nefndarálitið ber með sér og tekur fram. Eg sé því ekki ástæðu til að fjölyrða um málið að þessu sinni.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. í e. hl.
2. gr. samþ. í e. hl.

Frv. vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Þriðja umræða í efri deild 29. marz.

Enginn tók til máls. Frumv. samþykt í einu hljóði og afgreitt til neðri deildar.

Vitagjald.

FRUMVARP til laga um vitagjald.

Fyrsta umr. í efri deild 25. marz.

Sigurður Stefánsson: Mál þetta á tölu-vert skylt við málið um vita og sjómerki, sem hér hefir verið fyrir deildinni og vil eg bera fram þá tillögu, að því verði að umræðu lokinni vísað til nefndarinnar í því máli.

Samþykt að vísa málinu til annarar umræðu í einu hljóði.

Samþykt að vísa málinu til nefndarinnar í vita- og sjómerkjamálinu með 11 samhljóða atkvæðum.

Önnur umr. í efri deild 28. marz (172, n. 294).

Sigurður Stefánsson: Framsögumaður þessa máls er veikur og hefir beðið mig að mæla nokkur orð með þessu frumvarpi.

Eins og kunnugt er, er þetta frumvarp til vor komið frá háttv. neðri deild. Það er upprunalega stjórnarfrumv. En stjórnarfrumvarpið var aftur samhljóða frumvarpi, er milliþinganefndin í skattamálinu hafði samið. Hún ætlaðist til þess, að lausafjárskattur af fiskiskipum yrði afnuminn og þetta gjald átti að koma í staðinn. Frumvarp milliþinganefndarinnar um afnám lausafjárskattsins lagði stjórnin ekki fyrir þingið, en fer samt sem áður fram á hækkun á vitagjaldinu, fer samkvæmt frumvarpi þessu fram á, að vitagjald af millilandaskipum hækki og að innlend fiskiskip verði vitagjaldskyld. Ástæður stjórnarinnar fyrir þessari hækkun er, að útgjöld landsjóðs til vitanna hækka óðum. Samkvæmt fjárlagafrumv. er vitagjaldið áætlað um 80 þús. krónur, en tekjurnar af vitagjaldi að eins 40 þús. krónur. Hvað tekjurnar af hækkun vitagjaldsins muni nema miklu, verður ekki séð í ástæðum stjórnarinnar. En milliþinganefndin áætlaði, að hún mundi nema um 10 þús. kr. Stjórnin hefir tekið þessa hækkun upp í fjárlagafrumvarpið. Það hefir nú ekki verið sá siður hingað til, að taka upp í fjárlögin þá hækkun á tekjum, sem gerist samkvæmt lögum, er koma eiga til framkvæmda á sjálfu fjárhagstímabilinu.

Nefndin hefir nú íhugað málið. Henni þótti ekkert athugavert við frumvarpið annað en það, að lágmark vitagjaldsins væri nokkuð hátt. Henni þótti því ástæða til að breyta 2. málsgr. 1. greinar þannig, að 4 kr. kæmu í stað 5 kr. Það varð nokkur ágreiningur um þetta í nefndinni. Þegar þess er gætt, að hver mótorbátur, hve lítill sem hann er og sem að eins er hafður til fiskiveiða innfjarðar, á að greiða þetta gjald, virðist það líka of hátt. Það er mjög ósanngjarnt, að svo lítil skip greiði svo hátt gjald að tiltölu við 25 au. gjald stærri skipanna af hverri smálest af rúmmáli þeirra, en þessir smábátar eru ef til vill ekki nema eitt „*ton*“. Þó þótti ekki ástæða til að lækka gjaldið meira og það varð úr, að réttast væri, að það væri sett 4 kr. — og er það þó full hátt. Eg skal geta þess, að skemtiskip hafa að undanförnu verið undanþegin þessu gjaldi. En þessu hefir nú verið breytt í þessu frumv., svo að þau eiga nú að greiða það sem önnur skip. Skip þessi eiga vanalega stórríkir menn og má því segja, að þa muni ekki mikið um gjald þetta, en hins vegar er spurning um, hvort þetta væri ekki brot á „international“kurteisi, en hún vildi þó ekki koma með brtill. um þetta.

Kristinn Daníelsson: Eg skal að eins taka það stuttlega fram, að mér finst nefndin ekki hafa fært nægilega ástæðu fyrir að lækka þetta 5 krónu gjald. Þegar þess er gætt, að þetta er ekki goldið nema einu sinni á ári, en 5 krónur hins vegar lagleg upphæð, þá gerir það hvorki til né frá fyrir skipseigendur eða útgerðarmenn, hvort þeir greiða einni krónu meira eða minna. Þá munar ekki mikið um slíkt, en það dregur sig saman fyrir landsjóð, ef alstaðar er haldið utan að því, er hann á að fá. Eg er því mótfallinn þessari brtill. Eg felli mig betur við, að gjaldið sé 5 krónur en 4 krónur.

Sigurður Stefánsson: Þar sem háttv. þm. V.-Isf. (Kr. D.) þótti 5 kr. svo lagleg upphæð, þá finst mér 4 kr. í silfri eins laglegar og 5 krónur í bréfum. Og þar sem sama háttv. þm. þótti þetta lítið gjald, er hér væri um að ræða, þá svara eg því, að nú hvíla mikil gjöld á „*mótor*“bátum, svo sem lendingargjald og vátryggingargjald sjómanna. Hér er ekki um háan höfuðstól að ræða, þar sem eru hinir minni mótorbátar og 5 kr. gjaldið er töluvert ósanngjarnt og mætti í rauninni lækka það ofan í 3 kr.

ATKVGR.:

Brtill. samþ. með 9 : 3 atkv.

1. gr. með áorðnum breytingum sþ. í e. hl.

2., 3., 4., 5., gr. samþ. með 11 samhlj. atkvæðum.

Frumv. vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Þriðja umræða í efri deild 31. marz (398).

Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til n. d.

Heyforðabúr.

FRUMVARP til laga um samþyktir um heyforðabúr.

Fyrsta umræða í efri deild 14. marz (160).

Sigurður Stefánsson: Eg skal ekki vera langorður. Mál það, sem hér liggur fyrir, hefir oft verið á dagskrá þings og þjóðar — og er hið mesta vandræðamál. Hér er um þau atriði í íslenzkum landbúnaði að ræða, sem eru næsta vandasöm og erfið viðureignar og ákvæði frumvarpsins mundu aldrei geta komið að verulegum notum. Það hljóðar um heyforðabúr og heyásetningareftirlit. En það er erfitt að segja bændum fyrir, hve mikið þeir skuli setja á — og er þar margt á að líta. Þó að tveir bændur séu jafn heybirgir, getur annar komið fram fé sínu í góðum holdum, en hinn orðið heylaus og felt fénað sinn. Það er talað um, að ákveða megi í samþyktum þeim, er frumvarpið heimilar, að hreppsnefndin semji við bændur um, að þeir hafi til ákveðinn heyforða handa þeim búfjáreigendum, er lenda kunna í heyþroti. Beztu búmennirnir í sveit hverri munu verða næsta tregir á að lofa svo löngu fyrir fram, sem þörf krefur í þessu efni, ákveðnum heyforða, teldu það lítt samrýmanlegt við sína eigin hagsmuni

Frumvarp þetta bindur landsjóði líka byrðar á herðar, þar sem svo er til ætlast að hann endurgreiði sveitarsjóðum að helmingi þann kostnað, sem heyforðabúrin hafa í för með sér. En það yrði erfitt fyrir fjárveitingarvaldið að hafa eftirlit með því, að þetta ákvæði yrði ekki misbrúkað.

Eg vil samt ekki leggja til, að málið sé felt við 1. umr., en vona, að það verði sett í nefnd, en geri mér raunar ekki von um mikinn árangur af því.

Lárus H. Bjarnason: Eg leyfi mér að stinga upp á 3ggja manna nefnd að umræðunni lokinni.

Gunnar Ólafsson: Eg álít málið ekki þess vert, að það fari héðan út úr deildinni og sé enga ástæðu til nefndarskipunar. Vér höfum nóg lög, svo sem horfellislögin, er stefna að því, að gera bændur ófullveðja og ósjálfstæða. Menn verða ekki gerðið hygnir með eintómum lögum. Það hefir sýnt sig, að þau — horfellislögin — hafa ekki gert gagn, en þessi lög eru angi út úr þeim. Þau eru tildur úr þessum búráðunautum, sem úir og grúir af um landið, og sem álíta sig kjörna til að stýra öllum athöfnum bænda, með alls konar lagasetningum og eru þessi lög — ef að lögum verða — eitt dæmi þess. Því að hin eldri lög þykja þeim ekki ná nógu langt. Þetta frumvarp getur engu góðu til leiðar komið, en hlýtur að auka mönnum kostnað og erfiði. Það leggur hreppsnefndum starf á herðar og þær eru fullhlaðnar störfum. Þótt koma mætti á heyforðabúrum, þá mundi hagnaðurinn verða lítill. Bændur mundu reiða sig á þau og setja á þau, en ella mundu þeir setja á hey sín. Það yrði enginn annar árangur af frumvarpinu en kostnaðurinn einn, líkt og af sumum öðrum lögum frá þinginu. Eg er því mótfallinn frumvarpinu.

ATKVGR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 11 atkv.

Nefnd samþ. með 7:1 atkv., og voru í hana kosnir:

Steingrímur Jónsson,
Sigurður Stefánsson,
Stefán Stefánsson.

Önnur umræða í efri deild 24. marz (160, n. 268).

Framsögum. (Sig. Stefánsson): Eg

sé ekki ástæðu til að halda langa ræðu um þetta mál. Álit nefndarinnar liggur fyrir deildinni, og geta hv. deildarmenn séð ástæður hennar í því. Þó að nefndin leggi til að frv. verði samþykt, þá er henni það samt sem áður ekkert kappsmál. Hún viðurkennir fyllilega, að ærna örðugleika er við að stríða í því efni, að koma í veg fyrir fóðurskort hjá bændum. Það er kunnugt að árlega er mikið talað um að koma á tryggingu fyrir því, að búpeningur falli ekki sakir fóðurskorts. Að því miðuðu lögin um kornforðabúr, er samþykt voru á síðasta þingi. En sú hefir raunin orðið, að landsmenn hafa tekið þeim dauflega, og þó er töluvert hægra að koma þeim á fót en heyforðabúrum. Vitaskuld er það skylda löggjafarvaldsins að gefa sem beztar leiðbeiningar í þessu efni, meðan búhygni er eigi meiri í landinu en víða á sér stað nú; en hinsvegar er hætt við, að lagasetning um þetta efni komi ekki að tilætluðum notum. En þar eð hér er að eins um að ræða heimild fyrir sveitarstjórnir til að gera samþyktir um heyforðabúr, þá álítur nefndin ekki frágangssök að samþykkja frumvarpið.

Eg get verið fáorður um einstakar greinar frv. Það kom frá búnaðarþinginu, en var breytt í n. d., en við nánari athugun kom það í ljós, að ein þeirra breytinga er í ósamræmi við annað ákvæði í frv. Í 2. gr. mælir svo fyrir, að á hreppsfundi skuli allir þeir hreppsbúar hafa atkvæðisrétt um samþyktir, sem kosningarrétt hafa til alþingis. Þetta ákvæði var líka í hinu upphaflega frv. búnaðarþingsins. Það kom til tals á búnaðarþinginu, hvort ekki væri eðlilegast, að búendur einir hefðu atkvæðisrétt, en þó varð niðurstaðan sú, að ekki þótti rétt að útiloka aðra hreppsbúa frá atkv.rétti, þar sem þeir bæru líka sinn hluta af kostnaðinum við forðabúrin. En í n. d. var bætt inn í 3. gr. frv. orðunum í 3. línu: „þeirra búenda er atkvæðisrétt eiga“. Af þessari viðbót leiðir ósamræmi milli 2. og 3. gr. Það getur verið álitamál, hvort binda eigi atkvæðisréttinn við bændur eða eigi. Búnaðarþinginu fanst hitt eðlilegast, að hann næði til allra alþingiskjósenda í hreppnum, þar sem kostnaðurinn hvíldi jafnt á þeim öllum. En nefndin mun athuga þetta atriði til 3. umræðu. — Það sem nefndinni þótti varhugaverðast við þetta frv. var kostnaðurinn, sem það mundi baka landsjóði, ef það yrði samþykt. Hins vegar áleit nefndin, að þó að sveitum yrði veitt þessi heimild, mundi hún ekki verða mikið notuð, því að samþyktirnar myndu gerðar í tiltölulega fáum hreppum, heyforðabúranna er mest þörf í heyskaparlitlum útkjálkahéruðum þar sem örðugt er til kornfanga úr kaupstað, en í þeim sveitum er þörfin því mest á þessum samþyktum, en örðugleikarnir því mestir að koma þeim á fót. Þær sveitir verða því að líkindum fáar, sem nota sér heimildina, og því verður kostnaðurinn fyrir landsjóð ekki ýkjamikill. Verði forðabúrin aftur á móti mörg og mikill forði ónotaður ár frá ári, getur kostnaðurinn auðvitað orðið æði mikill. Ef t. d. er stofnað forðabúr með 200 hestum, og allur sá forði er óeyddur, kostar það landsjóð 80 kr. samkv. frumv. En fyrir slíku var vart ráð gerandi og því telur nefndin víst, að kostnaðurinn verði aldrei svo verulegur, að ástæða sé til að fella frv, að eins vegna hans. Skal eg svo ekki fara fleirum orðum um málið. Nefndinni er það ekkert kappsmál, eins og eg hefi þegar tekið fram, en vill þó ekki gera sveitarstjórnum ómögulegt að koma þessum samþyktum á; leggur hún því fyrir sitt leyti með að frv. verði samþykt.

Gunnar Ólafsson: Hv. framsögumaður tók það fram, að sér og nefndinni væri það ekkert kappsmál, að þetta frv. næði fram að ganga. En af því mér fanst hann, sem eðlilegt var eftir tillögum nefndarinnar, líta að eins á betri hlið málsins, en ekki hina verri, þá tek eg til máls, því að mér

finst frv. ekki eiga það skilið að fara með óslitnu lofi í gegnum deildina. Eg lít svo á, að þetta frv. geti ekki komið að neinu gagni. Sem dæmi þess, að slík lög koma aldrei að tilætluðum notum, má nefna lögin um kornforðabúr, er samþykt voru á síðasta þingi. Þau hafa reynst alveg þýðingarlaus, og eru þau þó miklu aðgengilegri en þetta frv. Þó að menn kaupi korn og geymi það í forðabúri sínu, þá fyrnist það ekki, því að það má nota það árið eftir til manneldis. Alt öðru máli gegnir um heyforðabúr. Þau verða að hafa mjög stórar birgðir, ef trygging á að vera fyrir því, að þær nægi fyrir heila sveit, eða að hugsanlegt sé, að þær verði að nokkru gagni. Flutningskostnaður á heyi er mikill, og ef forðinn er ónotaður og verður að geymast ár frá ári, þá rýrnar heyið og skemmist. Lögin eru vitanlega svo óaðgengileg, að fáir mundu nota heimildina, sem í þeim er veitt, það játaði hv. framsögumaður líka. En til hvers er þá að vera að samþykkja þau? Það getur hugsast, að forðabúr komist upp á stöku stað. T. d. eru í mörgum sveitum einn eða fleiri heyjamenn, sem eiga stór-fyrningar ár frá ári, og er þá ekki óhugsanlegt, að þeir vildu láta hreppinn eða landsjóð geyma heyið fyrir sig, borga fyrningu heyjanna, húsaleigu, umsjón o. fl., en það kæmi bygðarlaginu að litlum notum. En svo er annað atriði í þessu máli, sem er athugavert. Ef slík heyforðabúr yrðu stofnuð, þá er alt af hætt við, að bændur fari að reiða sig á þau, og setja skepnurnar á í trausti til þeirra, og hvar mundi það lenda? Eg hygg að það mundi betra, að bændur reiði sig sem mest á sjálfa sig, kraft sjálfra sín, en ekki á aðra. Yfirleitt miðar andinn í lögunum ekki að því, að efla sjálfstæði bænda, heldur að hinu, að auka eftirlit með þeim, gera þá öðrum háða eins og börn. Slík lög sem þessi, gera, eða hjálpa til þess að gera menn ófrjálsari og ósjálfstæðari en þeir eru og eiga að vera. Ekki eru slík lög heldur vegurinn til að gera menn hygnari búmenn. Þvert á móti. Það væri miklu fremur sú rétta aðferð, að búnaðarfélögin hugsuðu um, hvað gera mætti til að efla þekkingu bænda, svo að þeir kynnu betur fótum sínum forráð með heyásetningi og annað því líkt. Það mundi affarasælla en að búa til lög, eða að styðja að því með lögum, þessu sífelda eftirliti með bændum, sem búnaðarfélag landsins og einkum ráðunautar þess klifa á sí og æ. Enda kannast nefndin í rauninni við, að þetta sé rétt. Það má lesa það út úr nefndarálitinu, að hún er nauðug með frv. Hún „ræður *eftir atvikum* hv. deild til að samþykkja það". Hún er hér um bil viss um, „að ekki geti hlotist tjón" af frv., en efast um, að það „geti komið að verulegum notum". Þetta styður mitt mál, að þeir, sem um frv. hafa fjallað, eru því ekki hlyntari né ákveðnari með því en svo, að þeir halda, að það verði ekki að tjóni. Hvers vegna er þá verið að búa þetta til?

Mér fyrir mitt leyti finst eins og eg hefi áður tekið fram, að með þessu frumvarpi, sé hálfgert tekið fram fyrir hendur bænda. Það var og minst á það áðan, að heimild þessi mundi lítt verða notuð, en því er nú stundum ver, að margir menn dansa kannske í hálfgerðri blindni eftir því, hvað svokallaðir sveitarhöfðingjar segja og gera í hinum ýmislegu málefnum, er fyrir koma. Það er því miður of títt, að menn láta leiðast til fylgis um þau mál, er þeir hafa ekki athugað og skilja ekki, og svo gæti einnig hér orðið. Gegnum alt þetta, korn- og forðabúr og heyásetningareftirlitið, — finst mér gægjast sama, óviðkunnanlega hugsunin, að hið opinbera þurfi endilega að stuðla til þess, að alt sé skoðað, sem nöfnum tjáir að nefna, t. d. þreifað ofaní hrygginn á hverri einustu kind, á hverju heimili. Bezt gæti eg trúað, að þannig lagað fyrirkomulag, yrði hvorki vinsælt, né kæmi að tilætluðum notum, og væri þá til lítils barist. —

Það hefir verið tekið fram, að frumv. þetta gæti haft í för með sér talsverðan kostnað fyrir landssjóðinn, og er það dagsanna. Líka getur vel verið, að ýmsum þætti gott, að láta landssjóð kosta heyin sín, en eitt atriðið þykir mér ekki hafa verið nógu greinilega tekið fram, sem sé það, að við þetta fyrirkomulag getur líka komið töluverður kostnaður á sveitarsjóðina, og tel eg það ekki hættulaust, þeir hafa nógu margar byrðar að bera samt. Það er sitthvað fleira, sem mér þykir athugavert við frumvarp þetta, en það borgar sig líklega varla að tína það alt upp. Eg er viss um, að nefndinni hlýtur að vera kunnugt um hina og þessa annmarka, sem á þessu frumv. eru, og held eg að hún gæti sjálf sálgað því, sér að skaðlausu, því nefndarálitið er ekki ákveðnara með frumv. en það.

Kristinn Daníelsson: Eg get tekið undir það, sem hv. framsögumaður sagði, að varla sé von um mikið gagn af frv. þessu, þótt það kunni að verða samþykt, en eg stend heldur ekki upp til þess, að vinna því mein á nokkurn hátt, því að þau sár, sem hér á að lækna, eru svo stór, að eg vildi með engu móti verða þar þrándur í götu; það eru einungis nokkrar athugasemdir við ytri frágang frumvarpsins, sem eg vildi leyfa mér að gera.

Í 1. greininni þyrfti að laga nokkuð orðalagið, og svo fæ eg ekki betur séð, en að ósamræmis kenni nokkuð milli annarar og þriðju greinar, að því er til kemur atkvæðisréttar á fundunum.

Í 6. grein stendur, að sveitarsjóður skuli greiða vexti af höfuðstólnum. Er það meiningin, að þeir eigi að greiða vexti af öllum forðanum? En seinna er tekið fram, að landssjóður eigi að borga af þeim hluta, sem ekki er borgað af.

Í þessu finst mér koma fram ósamkvæmni, og á það vildi eg benda.

Sigurður Stefánsson: Háttv. þingm. Vestur-Skaftfellinga fórust þannig orð, sem hér væri um að ræða almenn þvingunarlög.

Það er algerður misskilningur. Hér er einungis farið eftir því, hvað bændur vilja sjálfir, og að þetta miði til þess, að gera bændur á nokkurn hátt ósjálfstæðari en þeir eru nú, get eg engan veginn skilið. Ber það vott um ósjálfstæði, þótt bændur sjálfir bindist frjálsum samtökum um að sjá skepnum sínum borgið? Þvert í móti.

Þá fyrst mætti ef til vill segja, að nokkuð væri gengið nærri mönnum, ef fyrirskipað væri með lögum, að heyforðabúr skyldi stofnsetja í hreppi hverjum, en um það er hér ekki að ræða.

Þá talaði sami háttv. þm. um, að ráðdeildarlitlir bændur mundu setja á forðabúrin og þau þá komast í þrot, en þó var hann hræddur við kostnaðinn fyrir landssjóðinn, er af þessu leiddi —, hér er þingmaðurinn gersamlega í mótsögn við sjálfan sig.

Ef enginn óeyddur heyforði er til, þá er líka kostnaðurinn enginn, landssjóðstillagið er einungis miðað við þann forða, sem óeyddur er.

Í nefndarálitinu er það tekið fram að þessi borgunarskylda landssjóðs mundi geta orðið til þess, að ýta undir duglega og framtakssama menn til þess að taka að sér að ábyrgjast sveitinni heyforða og tel eg það mikils virði og einna líklegasta ráðið til þess, að lög um þetta verði meira en á pappírnum. Ennfremur skal eg taka það fram, að varla mun nokkur vara goldin með jafn-miklum vanskilum og hey, sem látið er í harðindum. Þetta er í sjálfu sér ekki nema eðlilegt, því að venjulega eru það allra fátækustu mennirnir, sem í heyþrot komast. Eg fyrir mitt leyti finn ekkert á móti því, að einhver trygging sé sett fyrir því, að þeir menn, sem eru bústólpar sveitar sinnar, bíði ekki beint eignatjón með hjálpsemi sinni. Eg álít því, að landssjóðsgjaldið sé bezta tryggingin fyrir því, að heyforðabúrin komist á, þar sem þörfin er mest.

Að á nokkurn hátt geti stafað tjón af frumv. þessu, eins og háttv. þm. Vestur-Skaftfellinga vildi halda fram, get eg ekki með nokkru móti fallist á, og eg teldi lög þessi allareiðu mikils virði, ef þau gætu einhversstaðar á landinu orðið til þess að bjarga búpeningi manna frá horfelli.

Eins og eg að vísu hefi áður tekið fram, þá mótmælti eg því gersamlega, að verið sé hér að taka fram fyrir hendur bændanna, eins og hv. þm. Vestur-Skaftfellinga hélt fram; við því hafa verið reistar skorður. Þessi lög byggjast á vilja meiri hluta sveitabændanna sjálfra, þeirra, sem undir þeim eiga að búa, og þá er ekkert að óttast.

Viðvíkjandi athugasemdum hv. þingm. Vestur-Ísfirðinga, hefi eg það að segja, að sumt af því, er hann tók fram, má auðveldlega laga til 3. umr.

Gunnar Ólafsson: Háttv. framsögum. hefir alveg misskilið ummæli mín um þetta mál. Mér er það ljóst, að lög þessi eru sem stendur að eins heimildar lög, en það sem eg óttast er það, að þau geti því miður orðið að þvingunarlögum, sumstaðar. Viðvíkjandi kostnaðarhliðinni, þá er það ljóst, að hann getur orðið æði mikill, ef bændur eru forsjálir og nota ekki heyforðabúrin, sem og vonandi fæstir mundu gera. En þá borgar landssjóður og hreppssjóður fyrningu eða geymslu óþarfra heyja, sem engum koma að gagni og sem aldrei gætu komið að nokkru verulegu gagni eða bjargað, ef almenn heyþrot yrðu, því að sennilega yrði það ekki nema tiltölulega örlítil heyhrúga, sem þessi forðabúr geymdu. Ef bændur settu á heyforðabúrin, þá sleppur auðvitað landssjóðurinn. En það álít eg vera hið mesta skaðræði, ef nokkrir bændur lentu út í það að setja á heyforðabúrin. Að svo mæltu skal eg ekki fjölyrða meira um mál þetta að sinni.

2. umræðu lokið.

1. gr. sþ. með 7:1 atkv.
2. sþ. með 9 shl. atkv.
3. „ „ „ „ „ „
4. „ „ „ „ „ „
5. „ „ „ „ „ „
6. „ „ „ „ „ „
7. „ „ „ „ „ „
8. „ „ „ „ „ „

Frumv. vísað til 3. umr. með 10 shl. atkv.

Þriðja umræða í efri deild 27. marz (306, 307).

Framsögum. (**Sigurður Stefánsson**): Samkvæmt athugasemdum, er gerðar voru við 2. umr., hefir nefndin leyft sér að koma fram með þær br.tillögur, er hér liggja fyrir. 1. og 3. br.till. eru að eins orðabreytingar. 2. br.till., að orðið búendur í 3. línu falli burt, er fram komin til þess, að 2. og 3. gr. séu í samræmi hvor við aðra, og er átt við þá, sem kosningarrétt hafa til alþingis, í báðum greinum. 4. br.till. er á 6. gr. og fer fram á, að kostnaðurinn, sem greiða á úr sveitarsjóði, sé eigi sundurliðaður í greininni. Seinni setning greinarinnar er óbreytt, að efninu til, að eins gerðar á henni orðabreytingar.

Eiríkur Briem: Það er að eins lítil fyrirspurn. sem eg vildi gera til nefndarinnar. Það er viðvíkjandi ákvæðinu í 3. gr. *„fallist fundurinn“* o. s. frv. Mér sýnist liggja næst að skilja þetta þannig, að hér sé átt við alla hreppsmenn, er kosningarrétt hafa, en eigi að eins þá, er mæta á fundinum, og væri gott að fá það skýrt tekið fram í þingtíðindunum, hvað ætlast væri til í þessu efni.

Frams.m. (**Sigurður Stefánsson**); Þetta kom til tals í nefndinni. Nefndin lítur svo á og ætlast til, að hér sé átt við þá sömu, sem talað er um í 2. gr., sem sé þá, er kosningarrétt hafa til alþingis.

ATKV.GR.:

1. br.till. sþ. með 12 shl. atkv.
2. br.till. sþ. með 12 shl. atkv.
3. br.till. sþ. með 12 shl. atkv.

4. br.till. sþ. með 12 shl. atkv.
6. gr. sþ. með 12 shl. atkv.
Frumv. í heild sinni sþ. með 12 shl. atkv.

Réttur kvenna.

FRUMVARP til laga um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrks og embætta.

Fyrsta umræða í efri deild 20. marz.

Sigurður Stefánsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á þriggja manna nefnd í málið.

Fleiri tóku ekki til máls.

Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Samþ. að kjósa þriggja manna nefnd með 9:2 atkv.

I nefndina voru kosnir með hlutfallskosningu:

Jósef Björnsson,
Eiríkur Briem,
Sigurður Hjörleifsson.

Önnur umræða í efri deild 7. apríl (219, n. 472).

Eiríkur Briem: Nefndin leggur til, að frumv. þetta verði samþ., þó með tveimur breytingum. Önnur breytingin er að eins orðabreyting, í staðinn fyrir „konur“ komi „kvenmenn“. Að vísu merkir orðið „konur“ að réttu lagi kvenfólk yfirleitt í mótsetningu við karlmenn, en í nútíðarmáli er „konur“ jafnaðarlega notað um eiginkonur.

En svo er efnisbreyting við 3. gr. frv.; meiri hluti nefndarinnar leggur til að kvenfólk hafi ekki rétt til prestsembætta. Það eru ekki fáir, sem hafa þá skoðun, að það samrýmist ekki grundvallarreglum hinnar evangelísku kirkju, að konur séu í prestsembættum. Að vísu getur nefndin ekki aðhylst þessa skoðun, en af því, að þeir menn eru til, sem líta svo á, þá áleit nefndin, að trúartilfinningar þeirra gætu orðið særðar, og það taldi meiri hluti nefndarinnar varhugavert. Enda mundi það ekki verða þýðingarmikill réttarmissir fyrir konur, þó að þessi undantekning væri gerð.

Kristinn Daníelsson: Eg tek undir með háttv. 2. kgk. þm., að það sýndist falla vel í munni að nota orðin kvenmenn og karlmenn saman. En eg vil þó benda á, að orðið kona er búið að fá festu einmitt í þessu sambandi, t. d. er altaf talað um réttindi kvenna en ekki réttindi kvenmanna. Mér þykir fara betur á orðinu kona, og má líka benda á, að það er jafnvel ekki laust við, að í orðinu kvenmaður liggi ógöfugri merking en í orðinu kona.

Framsögum. Jósef Björnsson: Háttv. meðnefndarmaður minn hefir tekið ómakið af mér að hafa framsögu í þessu máli af því, að eg var ekki viðstaddur.

En vegna þess, að mig greindi á í einu atriði við meðnefndarmenn mína, þá skal eg gera stuttlega grein fyrir minni skoðun á því atriði. Það er þessi undanteking, að konur skuli ekki hafa rétt til prestsembætta. Eg held að það sé ekki hætta á því, að hér á landi risi upp ágreiningsalda út af því, þó að konur fengju aðgang að prestsembættum jafnt og öðrum embættum. Eg skal ekki þrátta um það, hversu rík rök kunna að liggja að þessu frá sjónarmiði kirkjunnar. En frá mínu sjónarmiði eru harla léttvæg rök að slíkri undantekningu, og þar sem konur eiga jafnvel öllu hægra með að þjóna prestsembættum en sumum öðrum embættum, þá get eg ekki verið því samþykkur að útiloka þær frá þeim. Eg lít svo á að veita beri konum aðgang að sem flestum störfum, og einkum þó að öllum skólum til jafns við karlmenn. Það verður að gera ráð fyrir því, að skólaganga og mentun þroski mennina, hvort heldur eru karlar eða konur, og í því hlýtur að vera ávinningur fyrir þjóðfélagið að fá sem flesta þroskaða menn. Við það eykst þjóðinni í heild

afl. Enn er þess að gæta, að þroski mannanna eflist ekki hvað sízt í skóla lífsins. Þessvegna er eg með því, að konur fái aukin réttindi yfir höfuð og það er trú mín og von, að þau auknu réttindi verði þjóðfélaginu til heilla og blessunar.

Umr. lokið.

ATKV.GR.:

1. br.till. á þgsk. 472 feld með 8 atkv. gegn 3.
1. gr. frv. sþ. í e. hl.
2. gr. frv. sþ. í e. hl.
2. br.till. á þgsk. 472 (við 3. gr. frv.) feld með 8:3 atkv.
3. gr. frv. sþ. í e. hl.
4. gr. frv. sþ. með 12 shl. atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkv.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hl.

Þriðja umræða í efri deild 7. apríl (219, n. 472).

Framsögum. Jósef Björnsson: Breytingartillaga sú, sem hér er framkomin, er að eins orðabreyting, og er hún aðgengileg, því að hún kemur á samræmi í orðalagi á frumvarpinu. Það er stungið upp á, að í stað orðanna í 1.—3. gr. „karlmenn“ komi „karlar“. Það er meira samræmi í að segja karlar og konur en karlmenn og konur. Eg vona að þessi breytingartillaga verði samþykt.

ATKV.GR.:

Br.till. sþ. með 9 shl. atkv.

Frv. sþ. með 9 shl. atkv.

Æðsta umboðsstjórn Íslands.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Fyrsta umr. í efri deild 16. marz (181).

Enginn tók til máls.

Samþ. í e. hl. til 2. umr.

Stungið upp á þriggja manna nefnd og var það samþ. í e. hl., og í nefndina kosnir að viðh. hlutfallskosningu:

Júlíus Havsteen,

Jósef Björnsson,

Steingr. Jónsson (af A-lista m. hlutk.)

Önnur umræða í efri deild 31. marz (181, n. 399).

Framsögum. (Jósef Björnsson): Þetta frv., er hér liggur fyrir, fer fram á það að lækkuð séu lögákveðin eftirlaun ráðh. að töluverðum mun, úr 3000 kr. niður í 1000 kr. Að því er snertir þennan tilgang frv., að lækka eftirlaun ráðherra, hefir nefndin ekki getað orðið á eitt sátt. Eins og sjá má af áliti nefndarinnar, hefir hún klofnað í meiri og minni hluta. Meiri hluti hennar leggur til, að frumv. þetta verði samþ., en minni hlutinn að það verði felt. En það er engin ný bóla, að menn greini á um þetta mál. Það hefir verið svo frá því að fyrst var tekið að ræða það. Og í fyrstu greindi menn ekki einungis á um upphæð eftirlauna ráðherra, heldur einnig hvort þau ættu yfirleitt að vera nokkur eða engin. Háttv. 5. kgk. þm. tók það fram á síðasta þingi, að hann hefði mælt á móti því á þingi 1909, og síðan í ritgerð í Andvara árið eftir, að ráðherraembættinu fylgdu nokkur eftirlaun. Og á þingi 1903 mælti þáverandi þingm. Snæf. (núv. 5. kgk.) á móti eftirlaunum ráðherra í Nd. þegar málið var til umr. þar. Nefnd sú, er skipuð var til að íhuga málið í Nd. á því þingi, lagði til, að eftirlaun ráðherra skyldu ákveðin samkvæmt hinum almennu eftirlaunalögum, en mættu þó aldrei nema meiru en 4000 kr. En þá kom fram br.till. frá þm. Norður-Múlas. um að færa hámarkið niður í 3000 kr. og sú varð raunin á, að þessi tillaga var samþykt. Var það talið tillögunni til meðmæla, að ástæða væri til að draga úr þeim kostnaði, sem eftirlaun ráðherra mundu ella baka landsjóði. Tóku nokkrir

þingm. í þann streng, og ekki sízt þáv. þm. Snæf. að lækka bæri eftirlaunin, með því að það væri spor í rétta átt, nefnilega þá átt, að þau væru engin. Þetta mál kom svo fram á þingi 1909, og var þá nokkuð á reiki. Í fyrstu var farið fram á það, að eftirlaunin féllu burt, en að laun ráðherra væri í þess stað færð upp um 2000 kr. Á móti þessu var það undir eins mælt að það gæti ekki samrýmst stjórnarskránni, og var því frumv. tekið aftur. En þá kom það aftur fram í þeirri mynd, að eftirlaun ráðherra yrðu lækkuð niður í 2000 kr., og skyldi hann njóta þeirra í jafn mörg ár og hann hefði verið í embætti. Við meðferð málsins kom enn fram sú tillaga, að eftirlaunin skyldu lækkuð enn meir, jafnvel niður í 1000 kr., en launin aftur hækkuð. Að lokum varð niðurstaðan í Nd. 1909 sú, að eftirlaun ráðherra skyldu vera 2000 kr. á ári, og standa í jafnmörg ár og hann hefði verið í embætti. Hér í Ed. náði frv. ekki fram að ganga. Það var tekið út af dagskrá, og urðu það endalok þess á því þingi. Nú kom frumv. fram á ný í Nd., og eins og nefndarálitið ber með sér, kom það fram þar í fyrstu í þeirri mynd, er það var síðast búið að fá á þingi 1909. En við meðferð málsins hefir frumv. tekið breytingum og komist í það horf, sem það nú er í, á þgsk. 181, sem sé að eftirlaun ráðherra skuli vera 1000 kr. á ári æfilangt. Jafnframt er í sömu gr. frumv., 1. gr., mælt svo fyrir, að ráðherra hafi þann eftirlaunarétt óskertan, er fylgir því embætti, sem hann hefir verið í, ef hann hefir verið embættismaður áður, en hafi þá, svo framarlega sem embættiseftirlaun hans nema eigi minna en 1000 kr., ekki rétt til frekari eftirlauna. Nú er það augljóst, að verði frumv. samþykt, getur ráðherra samkv. þessari gr., hafi hann verið embættismaður áður, ekki fengið hærri eftirlaun en því embætti tilheyra, nema þau nái eigi 1000 kr. En þá er það spurning, hvernig á það bæri að líta frá lögfræðislegu sjónarmiði, ef svo bæri við, að ráðherra, sem verið hefir embættismaður áður, tæki aftur við sama embætti, eða einhverju öðru, hvort honum bæru þá ráðherra-eftirlaun jafnframt embættislaunum sínum. Eg skýt þessu að eins fram til athugunar, og býst við, að hæstv. ráðherra eða einhver annar lögfræðingur í deildinni minnist á þetta atriði. Annars skal eg ekki fjölyrða mikið meir um málið að sinni. Nefndarálitið ber það með sér að ástæður meiri hluta nefndarinnar til að vera frv. samþykkur eru einkum þrjár. Í fyrsta lagi álítum vér að telja megi líklegt, að það verði tilfinnanleg byrði fyrir landssjóð með tímanum, ef látið er sitja við þau ákvæði, sem nú gilda um eftirlaun ráðherra, einkum þegar þess er gætt, að ráðherra, sem verið hefir embættismaður, bera, samkv. þeim ákvæðum, ekki að eins eftirlaun sem ráðherra, heldur einnig þau, sem fylgja því embætti, er hann hafði áður, svo sem reynsla er þegar fengin fyrir um annan hinna fráfarnu ráðherra. Sé ennfremur tekið tillit til þess, að ráðherraskifti verða hér sennilega alloft, eins og í öðrum löndum, þá er það bersýnilegt, að sú byrði gæti orðið allmikil. Nefndin vill koma í veg fyrir, að svo verði, með því að samþykkja frumv. Önnur ástæða nefndarinnar er sú, að hún verður að álíta þau eftirlaun, sem frumv. gerir ráð fyrir, viðunandi eftir atvikum. Hafi ráðherra verið í embætti áður, þá á hann heimting á að halda þeim eftirlaunum, sem því embætti fylgja, og hafi hann ekki verið embættismaður, þá telur nefndin líklegt, að hann eigi að jafnaði afturkvæmt að þeirri atvinnu, sem hann hafði áður, og að 1000 kr. megi þá teljast viðunandi eftirlaun. Þriðja ástæða nefndarinnar til að mæla með frv. er sú, að fram hafa komið sterkar óskir frá þjóðinni um afnám ráðherraeftirlaunanna. Að sjálfsögðu ber alþingi því að eins að taka tillit til slíkra

óska, að það telji þær réttmætar og heillavænlegar fyrir landið. En með því að þessar óskir verða, að dómi nefndarinnnr, ekki taldar annað en heillavænlegar, þá finst henni sjálfsagt, að taka að minsta kosti það tillit til þeirra að lækka eftirlaun ráðherra niður í 1000 kr.

Steingr. Jónsson: Eins og nefndarálitið ber með sér, hefi eg ekki getað orðið samferða háttv. meðnefndarmönnum mínum, að því er snertir frumv. þetta, og verð eg hiklaust að ráða hinni hv. deild til þess að fella það.

Laun embættismanna hér á landi eru yfir höfuð mjög lág, og væru varla viðunandi, ef menn hefðu ekki fasta tryggingu fyrir eftirlaunum, og ef eftirlaunin væru afnumin, þyrfti auðvitað að hækka talsvert laun embættismannanna. Að því er snertir þetta mál, — lækkun eftirlauna ráðherra, — þá stendur þar að vísu nokkuð öðruvísi á en með eftirlaun annara embættismanna, og eg gæti frekar fallist á þá breytingu að afnema eftirlaun ráðherra, ef hans laun væru þá hækkuð um leið, og jafnvel heldur veita biðlaun.

Á þinginu 1909 var svipað frumvarp á ferðinni um þetta efni, og var þá ekki álitið fært að afnema eftirlaunin, vegna ákvæðanna í 2. og 4. gr. stjórnarskrárinnar, og eg hygg að enn sé hér sami vandinn á ferðum.

Eg vil leyfa mér að geta þess hér í þessu sambandi, að nú er á ferðinni gegnum hv. neðri deild stjórnarskrárfrumvarp, sem telja má víst að nái fram að ganga. Í því frumv. er það ákvæði, að þrír skuli vera ráðherrar á landi hér, og í sambandi við þá breytingu verður þessi spurning auðvitað athuguð nákvæmlega, og meðfram af þeim ástæðum er mál þetta í alla staði ótímabært hér í deildinni. — Það gæti verið meining í því, að afnema alveg eftirlaunin, það skal eg játa, en þessar þúsund krónur á ári finst mér nokkurskonar skálkaskjól.

Fyrsta ástæðan, sem meðmælendur þessa frumv. bera fram, er sú, að eftirlaunabyrði þjóðarinnar sé að verða þung. Eg held nú samt, að þessi ástæða sé að mestu gripin úr lausu lofti. Við þekkjum það allir, að hvenær sem einhver góður starfsmaður landsins lætur af starfa sínum, þá hefir alþingi óðara veitt honum eftirlaun. Vegna hvers? Einungis vegna þess, að bæði þjóð og þing líta svo á, að hann eigi fyllilega skilið að fá viðurkenningu fyrir vel unnið æfistarf. Það verður því ósanngjarnara og óskiljanlegra, að nú skuli vera farið fram á afnám eða lækkun eftirlauna embættismanna, þar sem nú á þessum tímum er verið af miklu kappi að afla alþýðumönnum ellistyrks — einskonar eftirlauna, í gegnum ýmsa sjóði. Og vel gæti ég trúað því, að sú yrði raunin á, að hver einasti ráðherra mundi snúa sér til þingsins í eftirlauna-erindum og mundi það sjálfsagt ganga greiðlega; mér finst að í þessu efni geti hver stungið hendinni í sinn eigin barm.

Þá er eg algerlega ósamþykkur meðnefndarmönnum mínum í því atriði, að 1000 kr. á ári séu nægilega há eftirlaun fyrir ráðherra. Þau eru þvert í móti alveg óhæfilega lág. Það sjá allir hvílík ósanngirni í því liggur, að gamall stjórnmálamaður, sem hefir slitið sér út í þarfir þjóðarinnar, og sem vegna þess hvað þingið ber mikið traust til hans verður ráðherra, á að fá einungis 1000 krónur í eftirlaun, það kalla eg algerlega óhæfilega meðferð á trúnaðarmanni þjóðarinnar.

Því hefir verið haldið fram, að þjóðin hafi eindregið óskað þess, að eftirlaun embættismanna væru afnumin, og þá sérstaklega eftirlaun ráðherra. Eg skal nú ekki í þetta sinn fara út í það, á hve miklum rökum því um lík ummæli eru bygð, en hitt þori eg að fullyrða, að eftir þessu frumv., í þeirri mynd og það hér liggur fyrir, hefir þjóðin aldrei óskað.

Lárus H. Bjarnason: Eg heyrði ekki

alt, sem háttv. framsögum. hafði eftir mér, en eg ætla að vona, að það hafi verið rétt. Árið 1902 bar spurning þessi á góma í neðri deild við umræðu frv. til stj.skipul. frá 1903, og get eg látið nægja að vísa til þingtíðindanna 1902 B. bls. 10.

Eg vildi þá engin eftirlaun hafa, en nú er sú leið ekki fær, því að ráðherrann á samkv. gildandi stjórnarskrá heimtingu á eftirlaunum. Eigi að breyta til nú, og það er ekki ástæðulaust, sérstaklega ef á að fara að skapa þrjá ráðherra alveg að þarflausu, þá verður annað hvort að láta sömu reglu gilda um eftirlaun ráðherra sem annara embættismanna, eða jafnvel hækka þau enn frekar.

Það eru einkum svokallaðar praktiskar ástæður, sem gætu mælt með því að láta aðrar reglur gilda um eftirlaun ráðherra en annara embættismanna. Þeir þurfa ekki sérstakan undirbúning undir embættið og þeir sitja venjulega stutt að völdum. Þeir ættu því ekki að þurfa svo há eftirlaun sem aðrir, og sérstaklega er ástæða til að hafa þau ekki há, eigi að fara að þrefalda tölu ráðherra. Og allra síst ættu þau að vera svo há, að menn sæktust eftir embættinu fyrir það eitt. Því þarf nú raunar ekki að gera á fæturnar um þá, sem taka eftirlaun samkv. eftirlaunalögunum frá 1904, en fyrir hina, sem taka eftirlaun samkv. tilsk. frá 1855, getur orðið góður styrkur að því að hafa verið ráðherra nokkur ár. Eg get því vel fylgt því, að eftirlaun ráðherra séu lækkuð frá því sem nú er, t. d. því, að hann fái að eins 1000 kr. eftirlaun, en hann verður þá jafnframt að halda þeim eftirlaunum, er hann kynni að hafa unnið til sem embættismaður í annari stöðu. Hitt að láta ráðherra, er hefði verið embættismaður áður, engin eftirlaun fá fyrir ráðherraárin væri að gera honum lægra undir höfði en áður embættislausum manni og bryti auk þess lög á honum, því að hefði hann haldið sínu fyrra embætti eða flutt í annað embætti en ráðherraembættið, þá hefðu eftirlaun hans aukist með hækkandi embættisaldri.

Framsögum. (Jósef Björnsson): Það voru að eins örfá orð, er eg vildi segja út af ræðu háttv. 4. kgk. þm. (Stgr. J.). Hann mintist á, að afleiðingin af frumv. yrði sú, að laun ráðherrans yrði að hækka, og lenti þá í sama fari með kostnaðinn. Það þarf ekki að deila lengi um þetta atriði, því að það er auðsætt, að það yrði minni byrði að því fyrir þjóðina, að eftirlaunin væru lækkuð, en ráðherralaunin (eða embættislaunin) aftur hækkuð. Hækkun embættislaunanna mætti, að minsta kosti, vera mikil, ef það yrði ekki ábati að lækkun eftirlaunanna. Kostnaðurinn af ráðherra-eftirlaununum er þegar orðinn svo mikill, að hann samsvarar því, sem við hefðum tvo ráðherra. Það er því mikil nauðsyn á lækkun þeirra. Hv. 4. kgk. þm. (Stgr. J.) sagði, að frumv. væri ótímabært. Eg hygg aftur á móti, að það sé fullkomlega tímabært. Nú liggur hér fyrir þinginu stjórnarskrárfrumvarp, sem eg að vísu veit ekki um, hvernig að síðustu verður, en eftir því sem það nú er, á að fjölga ráðherrunum, svo að það er því mikil nauðsyn á frumv. þessu nú.

Þá drap hv. 4. kgk. þm. (Stgr. J.) á það, að ráðherra ætti rétt á eftirlaunum samkv. eftirlaunalögunum frá 1903. Yrði nú svo, sem hinn hv. þm. benti á, að hann ætti rétt til eftirlauna eftir þeim lögum, sem sé $^1/_5$ af allri launaupphæðinni + 20 kr. fyrir hvert embættisár, þá yrðu þau töluvert lægri en nú, en hærri en hér er farið fram á. Og þótt þau yrðu ekki hærri en ætlast er til í þessu frumv., getur það samt orðið álitleg fúlga, er landið þyrfti að borga í eftirlaun handa ráðherrum sínum.

Þá sagði hv. 4. kgk. þm., að hér væri verið að fara á bak við stjórnarskrána, og að hér væri að eins um skálkaskjól að ræða, er eftirlaunin væru færð svo mikið

niður sem hægt væri. Þetta tel eg með *öllu rangt*. Það er ekkert *skálkaskjól* og það er alls ekki að fara á bak við stjórnarskrána að lækka eftirlaunin.

Þá efaðist sami hv. þm. um, að nokkur sparnaður yrði að þessu frumv., ef það yrði að lögum. Hann hélt því fram, að þar sem eftirlaunin væru svo lág, myndi fyrverandi ráðherrar senda beiðni til þingsins um, að þau yrðu hækkuð og að þingið mundi verða við bænum þeirra. Eg er aftur á móti ekki hræddur við, að þessar bænir kæmu fram, og því síður við, að þingið tæki þær til greina, þótt því bærust umsóknir um slíkt, og því tel eg það ugglaust, að hér sé um sparnað að ræða.

Enn sagði hv. sami þm., að þjóðin óskaði afnáms eftirlauna, en ekki þess frumv. sem hér ræddi um, því hér væri ekki farið fram á afnám. Þetta er rétt hjá hv. þm. En í þessu frumv. er leitast við að fara svo nærri óskum þjóðarinnar í þessu efni, sem hægt er, lækka eftirlaunin eins mikið og hægt er. Hann hnýtti þeirri athugasemd við þessi ummæli sín, að þjóðin hefði sízt af öllu óskað eftir að fá menn ginta inn í ráðherraembættið til þess, að þeir hefðu sjálfir af því óbeinan hagnað. Eg held nú ekki, að menn láti ginnast til að taka að sér ráðherrastöðuna í því skyni að hafa af henni óbeinan hagnað, frekar fyrir það, þótt frumv. þetta verði að lögum. Eg vil yfirleitt ekki gera mönnum þær getsakir, að þeir takist ráðherraembættið á hendur til þess að mata krókinn fyrir sjálfan sig.

Ráðherra (Kr. J.): Að minni hyggju er þetta frumvarp vanhugsað. Eg held að það væri rétt að fresta því, þar til á næsta þingi, er séð verður fyrir lok stjórnarskrárbreytingar þeirrar, sem nú er í ráði og þingið hefir til meðferðar, svo að það geti verið í sem beztu samræmi við það. Það eru og ýms atriði í þessu máli, sem eru mjög athugaverð. Fyrsta atriðið verður fyrir manni, er litið er á fyrstu línu frv. er hljóðar svo: „Ráðherra Íslands skal hafa í eftirlaun 1000 kr. á ári.“ Hér má spyrja mörgum spurningum, sem frumv. svarar ekki. Nú verður t. d. embættismaður ráðherra, hann heldur embætti sínu lausu 1—2 ár, er ekki ráðherra lengur og sezt síðan aftur í embætti sitt. Getur hann þá fengið 1000 kr. í eftirlaun? Þetta er ekki ljóst og þetta þyrfti að athuga, áður en málinu er ráðið til lykta. Þá er annað atriði, er eg vil drepa á. Embættismaður hefir farið úr embætti sínu 2—3 ár og tekur síðan við því aftur. Hvernig fer nú, þegar hann hefir verið ráðherra, eru þau ár reiknuð með, er hann var ráðherra, þegar á að ákveða eftirlaun hans sem embættismanns? Það eru mörg atriði úr hinum afarflóknu eftirlaunalögum, er hér gætu komið til greina og valdið deilum og vafningum. Svo er eitt atriði enn, er eg vildi minnast á. Eg býst við, að eg hverfi aftur í embætti mitt, er eg fer úr ráðherrastöðunni líklega eftir skamman tíma. En þá kemur sú spurning, hvaða kröfu eg gæti gert til eftirlauna samkv. þessu lagafrv. Þá er og eitt atriði í þessu máli, sem eg vildi minnast á, og það er almenns eðlis. Öll þessi stefna, sem ríkir hjá þjóð og þingi í eftirlaunamálinu, er röng og skaðsamleg frá rótum. Hún miðar að því að byrgja fyrir alla útsjón til þess, að þjóðin geti fengið nýta starfsmenn í þjónustu sína. Eg hefi tekið þetta fram oft áður hér á þinginu. Fyrir 11—12 árum hélt eg hér í deildinni langa ræðu um þetta efni og eg hefi síðan ekki haft ástæðu til að breyta skoðun minni. Laun embættismanna eru nú orðin svo lág, að ekki er viðunandi. Það þarf að hækka launin, svo að embættin verði eftirsóknarverð launanna vegna. Ef eg hefði vitað það fyrir 30—40 árum, hvaða kjör biðu mín á þeirri braut, sem eg hefi gengið, hefði mér ekki dottið í hug að fara þann veg. Eg vildi gera þessa almennu athugasemd, sem hv. þm. Ísf. (S. St.), sem

nú horfir á mig, mun kannast við að eigi er ný. Það verður að sjá fyrir því, að landið geti fengið sæmilega embættismenn. Það eru ekki litlar kröfur, sem gerðar eru til þeirra, er búa sig undir að verða embættismenn. Og það verður að gæta þess, að menn hafa orðið að verja 10—15 árum af æfinni til undirbúnings undir embættin, og að þeir þurfa að fá endurgjald fyrir þann kostnað, er þeir hafa haft af því.

Steingrímur Jónsson: Eg stend upp til að taka það fram, sem mér láðist að geta um áðan, að þótt eg sé ekki staðráðinn í að koma með breytingartill. við frumv., þá áskil eg mér samt rétt til að gera það við 3. umr.

Eg skal og geta þess út af því, sem hv. 5. kgk. þm. sagði, að eftirlaunin mættu ekki vera svo há, að menn hefðu ástæðu til að *spekúlera* í þeim, að eg lagði og legg áherzlu á, að ráðherraefni „*spekúleruðu*“ ekki í eftirlaununum. Þótt það sé ákveðið í núgildandi ráðherra-eftirlaunalögum, að konungur hafi rétt til að ákveða eftirlaunin alt að því 3 þús. kr., þá sé eg ekki, að það sé ástæða til „*spekulationa*“ í þeim. Ætli það sé ekki frekara annað, sem hætt sé við að menn *spekúleri* í? Eg verð og gagnvart háttv. framsögum. (Jós. Bj.) að halda fast við það, að þingið hefir ekki komið þannig fram hingað til gagnvart bænum um launaviðbætur og eftirlaun, að ástæða sé til að ætla, að það mundi fremur neita bænum frá fráförnum ráðherrum, svo að fjársparnaðurinn að þessu frumv. verður lítill eða enginn.

Eg get þess og, að eg gæti verið með afnámi eftirlaunanna, ef launaaðstaða ráðherrans er trygð á annan hátt, þannig, að það sé ekki gerð of mikil hætta fyrir menn að taka sig upp frá starfi sínu og taka að sér ráðherrastöðuna. En eg legg samt aðaláherzluna á, að launin séu svo há, að engin ástæða sé til þess fyrir ráðherrann að færa sér í nyt þann óbeina hagnað, er hann getur haft af embætti sínu. Það er þetta, sem þarf að tryggja honum. Laun embættismanna í Reykjavík eru nú svo lág, að þau eru ekki nema til dúks og skeiðar. Það er því ekki rétt að afnema eftirlaun, nema það sé um leið trygt, að þeir geti lifað óháðir, svo að það leiði ekki til skaða og spillingar.

Háttv. framsögum. fanst mjög til um það, að eg hefði haft orðið skálkaskjól um þetta frumv. Mér datt ekki í hug að brúka það um hann. Hann hefir sjálfur sagt, að tilgangurinn væri að færa eftirlaunin niður og dettur mér ekki í hug að efa, að það sé tilætlun hans með frumvarpinu.

En tilgangur flutningsmanna málsins í neðri deild var annar. Frumvarpið hljóðaði upprunalega um 1200 kr. biðlaun, en ekki um eftirlaun. Því vóru ummæli mín ekki óréttmæt, en eg beindi ekki orðum mínum að hv. framsögum.

Kristinn Daníelsson: Af því að ég býst við, að atkvæði mitt fari nokkuð í aðra átt en á síðasta þingi, þykir mér hlýða að gera grein fyrir atkvæði mínu. Eg var þá mótfallinn afnámi ráðherraeftirlauna. Þá bygði eg skoðun mína á því, að það væri óheimilt eftir ákvæðum stjórnarskrárinnar. En nú held eg, að það riði ekki í bága við hana, þótt ráðherraeftirlaun verði afnumin. Þar sem 2. gr. stjórnarskrárinnar kveður svo á, að „landssjóður Íslands greiðir laun og eftirlaun ráðherrans“, þá get eg ekki skilið þetta öðruvísi, en hér sé ekki átt við annað en að landssjóður, en ekki ríkissjóður eigi að greiða laun og eftirlaun Íslandsráðherra. Þá er ennfremur vitnað í 4. gr. stjórnarskrárinnar til stuðnings þeirri skoðun, að afnám ráðherraeftirlauna sé gagnstætt henni. Þar stendur: „Eftirlaun embættismanna skulu ákveðin samkvæmt eftirlaunalögunum“. Í þetta ákvæði hefir verið lagður sá skilningur, að embættismönnum skuli greidd eftirlaun. En eg get ekki fallist á hann. Eg álít, að í því felist ekki annað en það, að *þegar* embættismenn eigi að

fá eftirlaun, að þá skuli þau greidd þeim samkvæmt eftirlaunalögunum. Þessi skilningur minn styðst líka við lögin 3. okt. 1903. Þar segir svo í 3. gr: „Eftirlaun ráðherra skulu ákveðin samkvæmt hinum almennu eftirlaunalögum. Konungi skal þó heimilt að ákveða ráðherranum alt að 3000 króna eftirlaun, ef honum ber minna samkvæmt eftirlaunalögunum“. Hér hefir þingið leyft sér, þegar það samdi lög þessi að víkja frá stjórnarskránni. Eftir skoðun sumra hefði þinginu 1903 átt að vera óheimilt að setja þetta ákvæði í lögin.

Aðalástæðan til þess, að eg á seinasta þingi var mótfallinn afnámi ráðherraeftirlauna var samt sú, að mér fanst sem loku væri skotið fyrir, að hæfilegur maður fengist í ráðherrastöðuna, ef hann ætti enga von á eftirlaunum. Síðan hefi eg hallast að sömu skoðun og háttv. 5. kgk. þm. (L. H. Bj.) lét í ljós. Ráðherraskifti hjá okkur virðast ætla að verða nokkuð tíð og ráðherraeftirlaunabyrðin því alvarleg. Það stendur að þessu leyti nokkuð öðru vísi á um ráðherra, en um aðra embættismenn. Það verður að gera eitthvað til að fyrirbyggja, að þessi byrði verði of þung á þjóðinni. Eg álít það til bóta, að ákveðin er lítilsháttar þóknun að eftirlaunum handa ráðherra, og eg greiði af þeirri sök frumvarpinu fúslega atkvæði mitt, er fráfarandi ráðherrum er ekki algerlega fleygt út á klakann.

Viðvíkjandi ræðu hæstv. ráðherra, þar sem hann sagði, að þjóðinni gæti stafað aukinn kostnaður af því, er ákveða ætti eftirlaun núverandi ráðherra, þá legg eg ekki mikla áherzlu á það atriði, að eftirlaun hans yrðu nokkuð ríflег. Það á ekki að keppa um að láta þau ná fram fyrir sig; eg ann honum rífra launa. Laun þessa eina manns hafa ekki mikla þýðingu fyrir framtíðina.

Sigurður Hjörleifsson: Það hefir verið tekið fram flest af því, er eg vildi sagt hafa og eg sé því ekki ástæðu til að endurtaka það.

Ráðherraeftirlaunin eru nú orðin svo há, að eitthvað verður til bragðs að taka. Í þessu frumvarpi er ekki farið fram á annað en það, sem nauðsyn krefur. Fjölgun ráðherra gerir það alveg nauðsynlegt. En það er hart, að ráðherra, sem orðinn er gamall og slitinn, sé illa settur fjárhagslega eftir það, að hann er farinn úr embættinu, og því er betra að hafa þessi litlu eftirlaun, sem ákveðin eru í frumvarpinu, en ekki.

Eg vil sérstaklega víkja máli mínu að hæstv. ráðherra. Ef eg hef skilið hann rétt, þá tók hann fram, að hann myndi ekki gera tilkall til ráðherraeftirlauna, er hann slepti embættinu, en að hinn lagalegi réttur sinn væri þar með ekki útkljáður, og að það gæti verið, að hann ætti rétt til ráðherraeftirlauna, þó hann tæki við hinu fyrra embætti sínu aftur. Ef svo er, þá er slíkt ekki meðmæli með að fresta þessu máli, heldur með að flýta því sem mest. Mér finst raunar ekki mikilsvert atriði í þessu efni, hvort hann hefir rétt til meiri eða minni launa eftir frumvarpinu, en get ekki litið svo á, að það hafi nokkur áhrif á eftirlaun hans, þar sem hann hefir tekið við embætti sínu áður en lög þessi ganga í gildi.

Lárus H. Bjarnason: Út af orðum hæstv. ráðherra skal eg leyfa mér að gera stutta athugasemd. Hann sagði, að þetta frumv. gæti ekki snert hann persónulega, og það er alveg rétt. Það er áreiðanlega víst, að hvort sem hann tekur við embætti sínu aftur eða kemst á eftirlaun, er hann lætur af ráðherrastöðu, þá getur þetta frumv. ekki haft nein áhrif á hans hag eða það, hvernig eftirlaun hans eiga að reiknast. Að þessu leyti er eg hæstv. ráðherra sammála. En aftur á móti er eg honum ekki sammála um það, er hann hélt því fram, að frumvarpið leysti ekki úr þeirri spurningu, hvort það gæti farið saman, að

njóta launa sem embættismaður og jafnframt eftirlauna sem fyrverandi ráðherra. Eg hygg að úr þessari spurningu sé leyst með l. um eftirlaun 4. marz 1904. Þar segir svo í 7. gr.: eftirlaun „missast gersamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aftur embætti og laun". Nú getur hugsast, að embætti sé til með lægri launum en 1000 kr. Taki ráðherra við slíku embætti, þá héldi hann svo miklu af ráðherra-eftirlaunum sínum, að eftirlaun og embættislaun næmu til samans 1000 krónum. En praktiskt tekið, getur þetta naumast komið fyrir, því að svona lág-launuð embætti eru að minsta kosti sára fá, ef þeirra er nokkurt dæmi. Þannig verður reglan þetta, að maður, sem tekur við öðru embætti, er hann hefir látið af ráðherraembætti, missir að sjálfsögðu rétt til ráðherra-eftirlauna, nema því að eins, að embættislaunin nemi minnu en eftirlaunin; þá fær hann mismuninn, svo mikið af eftirlaunum sem þarf til að fylla hin lögmæltu eftirlaun.

En það er annað, sem frv. sker ekki úr og þyrfti skýringar við. Í 2. málsgr. 1. gr. segir svo: „Nú á ráðherra rétt til hærri eftirlauna, en hér er mælt, fyrir þjónustu í öðru embætti, er hann hefir áður gegnt, og skal hann þá njóta þeirra eftirlauna einna". Mér er spurn, á að miða eftirlaunin við embættistíð mannsins, þangað til hann tók við ráðherraembætti, og á hann að fá sömu eftirlaun og hann mundi hafa fengið, ef hann hefði þá látið af embætti, eða á að telja ráðherraembættistíð hans með, þ. e. hugsa sér að hann hafi haldið áfram embætti því, sem hann hafði áður. Upphæð eftirlauna fara eins og kunnugt er, samkvæmt eldri eftirlaunalögunum, eftir tvennu, hve há launin hafa verið 5 síðustu árin og hve lengi maðurinn hefir verið í embætti, og samkv. nýju eftirlaunalögunum eftir upphæð launa og embættisaldri. Það þarf að orða greinina svo, að þetta geti ekki orkað tvímælis. Þetta mætti laga við 3. umræðu, ef svo óskýrt er sem mér sýnist í fljótu bragði.

Eg er hæstv. ráðherra sammála um það, að það getur verið mjög varhugavert að afnema eftirlaun embættismanna yfir höfuð. En hér er ekki að ræða um það. Hér er að eins að ræða um það, hvernig telja skuli eftirlaun *ráðherra*. Hitt er eg sammála um, að það mundi vera slæmur búhnykkur, bæði fyrir landið og einstaklinga, að pína starfsmenn til að vinna fyrir sem minst. Eg vil óhikað heldur borga góðri bústýru há laun, en slæmri lág laun. Það er oft gasprað um að afnema eftirlaun embættismanna, hækka laun þeirra o. s. frv. En þá á landið á hættu að fá ónýta starfsmenn og það borgar sig sannarlega ekki. Ef kjör embættismanna eru gerð lakari en þau eru nú, þá fara menn að hætta að sækjast eftir embættum og einmitt fyrst þeir mennirnir, sem mestur er dugur í og þar af leiðandi eiga hægt með að komast áfram öðru vísi. Enda sýnist vera því minni ástæða til að fara að afnema eða draga mikið úr eftirlaunum embættismanna, þar sem nú er alment farið að vinna að þeirri hugsjón, bæði hér á landi og annars staðar, að í rauninni eigi allir að fá eftirlaun, þar sem allir vinna beint eða óbeint í þarfir þjóðfélagsins. Ellistyrktarsjóðirnir hér eru vísir til almenns eftirlaunasjóðs fyrir alþýðu, auðvitað skamt á veg komnir enn þá, en mjór er mikils vísir.

Af þessum ástæðum er eg á móti afnámi og lækkun á embættismannaeftirlaunum alment, nema því að eins, að launin væru aukin að sama skapi. En það er alt öðru máli að gegna um þennan embættismann, sem hér er um að ræða. Það er alveg óhætt að lækka eftirlaun ráðherra til muna frá því sem nú er, og það er jafnvel nauðsyn að lækka þau, ef sú breyting nær fram að ganga, að ráðherrar skuli eftirleiðis vera þrír. Eg er nú ekki meðmæltur þeirri breytingu á stjórnarskránni, sízt

þannig lagaðri, að þeir *skuli* vera þrír. Hitt væri annað mál að heimila, að fjölga ráðherrum með einföldum lögum. Eg hygg að það megi vel komast af með einn ráðherra, ef hann kann að notfæra sér þá hjálp, sem hann hefir við hendina í stjórnarráðinu. Þar eru bæði skrifstofustjórar og landritari, sem að sjálfsögðu eiga að vera önnur hönd ráðherra í öllum þeim málum, sem hann kynni að bresta þekkingu á.

Háttv. 4. kgk. þm. hélt því fram, að ef einhverjir væru svo gerðir, að þeir færu að „spekúlera“ í ráðherrastöðu, þá mundu þeir alveg eins „spekúlera“ í launum eins og eftirlaunum. Má vel vera að menn kunni sumir yfirleitt að „spekúlera“ í ráðherrastöðunni, en þar sem hún optast nær er skammvær, mundi slíkum mönnum hætta meira til að „spekúlera“ í háum eftirlaunum, sem alt af haldast.

Framsögum. (Jósef Björnsson): Eg vildi aðeins gera örlitla athugasemd sérstaklega út af því, sem háttv. 5. kgk. þm. sagði um 2. málsgr. 1. greinar frumvarpsins. Hann mintist á, að það væri ekki tekið fram í greininni, hvernig ætti að reikna eftirlaun ráðherra, ef hann hefði verið í öðru embætti, áður en hann tók við ráðherrastöðu. Eg skal lýsa því yfir, að þetta hefir ekki komið til umræðu í nefndinni. En nefndin mun taka það til athugunar og má koma með breytingartillögu við 3. umræðu málsins, ef svo sýnist. Það er auðsætt, að þetta atriði getur haft mikla þýðingu að því er snertir upphæð eftirlaunanna. Segjum t. d. að embættismaður taki við ráðherrastöðu og sé ráðherra aðeins 2 ár. Þá mundu þessi 2 ár hækka til muna meðaltal launanna í síðastliðin 5 ár og ef eftirlaunin væru miðuð við þetta meðaltal, samkv. eftirlaunal. frá 1904, þá er sýnilegt, að af því stafaði allveruleg hækkun eftirlaunanna.

Út af orðum háttv. 4. kgk. þm. skal eg *mótmæla því í kröftugasta máta*, að frumvarpið sé á nokkurn hátt *skálkaskjól*. Margir hafa sterka hvöt til að afnema ráðherra-eftirlaun alveg, en álíta það ekki heimilt eftir stjórnarskránni og þá liggur auðvitað næst að lækka þau, úr því að ekki er vegur til að geta stigið sporið til fulls. Í því er fullkomið samræmi. Að þessu leyti er eg alveg sammála ummælum þingm. Snæfellinga, núverandi 5. kgk. þm., á þingi 1903, sem standa í þingt. frá því ári. Eg skal leyfa mér að lesa þau upp með leyfi hæstv. forseta. Þar segir svo um þetta mál:

„Eg finn það að frumvarpinu, að ráðherranum eru ætluð eftirlaun“ — (Alþt. B. 1903, dálki 180) — og enn stendur í ræðu sama þingmanns: „En af því að eg hefi haldið því fram, að ráðherrann ætti engin eftirlaun að hafa, þá er eg að sjálfsögðu með því, að hann hafi sem minst eftirlaun“. (Alþt. B. 1903, dálki 194).

Það er einmitt þetta, sem vakir fyrir þeim, sem vilja ekki hafa nein ráðherra-eftirlaun. Þeir þykjast ekki geta kipt þeim, burt alveg, og þá er að lækka þau í bráðina.

Ráðherrann: Það er rétt, sem háttv. 5. kgk. þm. sagði, að það stendur í eftirlaunalögunum frá 4. marz 1904, að eftirlaun missast gersamlega, ef sá sem eftirlauna nýtur tekur við embætti með hærri launum. En hér er alveg sérstakt eftirlaunaákvæði, svo fjarlægt reglunum í hinum almennu eftirlaunalögum, sem frekast má verða. Á því bygði eg efa um það, hvort ákvæði hinna alm. eftirlaunalaga gætu komið til greina um þessi sérstöku eftirlaun. Hér er sagt, að ráðherra skuli ekki njóta ráðherraeftirlauna, ef hann hefir hærri eftirlaun fyrir þjónustu í öðru embætti. En hvað liggur nú í þessu? Ef hann tekur við sama embættinu aftur, hvernig fer þá um ráðherraeftirlaunin? Það er þetta, sem eg benti á að væri

óljóst eftir frumvarpinu og þessvegna sýnist mér frumv. í heild sinni varhugavert. Því þætti mér réttast að fresta málinu til næsta þings. Þá verður væntanlega stjórnarskrárbreyting til meðferðar og ef þá skyldi verða ofan á, að ráðherrar verði þrír framvegis, þá býst eg við, að það þyrfti að setja alveg nýjar reglur um þetta efni. Gæti vel verið, að mönnum sýndist þá að afnema ráðherra-eftirlaunin alveg. Eg lét það í ljósi á síðasta þingi, að eg vildi heldur afnema þau, en að lækka þau niður í 1000 krónur. Því að ef ráðherra hefir á annað borð nokkur eftirlaun, þá sýnist mér 1000 kr. vera svo lítið, að vér getur varla verið þektir fyrir það.

2. umr. lokið.

ATKV.GR.

1. gr. frumv. samþ. með 9 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei*:
Kristinn Daníelsson,	Steingr. Jónsson,
Ari Jónsson,	Augúst Flygenring,
Gunnar Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Jósef Björnsson,	Stefán Stefánsson.
Júlíus Havsteen,	
Lárus H. Bjarnason,	
Sigurður Hjörleifsson,	
Sigurður Stefánsson.	

Kristján Jónsson gr. ekki atkv. og taldist með meiri hlutanum.

2. gr. frv. sþ. 8 atkv. gegn 1

3. — — — 8 — — 1

Frv. vísað til 3. umr. m. 10 shlj. atkv.

Þriðja umræða í efri deild 3. apríl (181, 458).

Steingr. Jónsson; Eg á hér eina br.till en af því að eg vil gjarnan breyta frumv. meira og ásamt öðrum hv. þingdeildarmanni koma með aðra br.till. leyfi eg mér að fara fram á, að hv. forseti taki málið út af dagskrá.

Eftir beiðni þingmannsins tók forseti málið út af dagskrá.

4. apríl (181, 458, 470).

Steingr. Jónsson: Eg á hér breytingartillögur á tveim þingskjölum, sem sé þgsk. 458 og þgsk. 470. Það er sama tillagan, sem eg hefi endurbætt og tek eg þá tillöguna á þgsk. 458 aftur, en ber að eins fram hina síðari tillögu, hún er bæði fyllri og betur orðuð.

Eg gat um stefnu mína í þessu máli við fyrstu umræðu þess og hefir hún ekki breyzt síðan.

Eg álít frumvarpið ekki sæmandi, eins og það liggur nú fyrir og hefi þess vegna komið með breytingartillöguna. Í gildandi lögum er ákveðið, að konungur geti ákveðið ráðherra-eftirlaun alt að 3000 kr. og finst mér ekki rétt, að tekinn sé af konungi sá réttur. Aftur virtist mér rétt, að hámarkið sé látið standa eins og nú er, og er það ekki of hátt sett 3000 krónur.

Ef frumvarpið væri samþykt eins og það liggur nú fyrir, þá mættu þau lög ekki sjást fyrir utan þetta land.

2000 kr. eftirlaun er þó nokkuð í áttina og mega þau alls ekki vera lægri, enda má búast við, að oftast verði farið eftir hámarkinu, og eru þau laun sannarlega ekki of há, ef ráðherra á nokkur eftirlaun að hafa.

Það tel eg rétt, eins og tekið er fram í breytingartill. á þgsk. 478, að ráðherra-eftirlaunin séu ákveðin sem viðbót við önnur eftirlaun, sem ráðherra kann að bera fyrir önnur embættisstörf og er sjálfsagt, að það sé skýrt tekið fram, svo ekki valdi tvímæla síðar.

Annars mun eg greiða atkvæði móti þessum lögum, að þau gangi út úr deildinni, og sérstaklega ef breytingartillaga mín er feld.

Jósef Björnsson: Eg skal ekki fjölyrða um þetta mál, en vil að eins lýsa því yfir, að meiri hluti nefndarinnar heldur fast fram sinni skoðun, eins og hún kom fram við aðra umræðu málsins og

mælir því eindregið á móti þeim br.till., sem hér liggja fyrir.

Eg get ekki verið sammála hv. 4. kgk. þm. að frumvarpið, eins og það liggur fyrir, sé ósæmilegt, eða engum manni sýnandi, eins og hann komst að orði.

Eg lít svo á, að það væri alls ekki ósæmilegt, þótt engin eftirlaun væru ætluð ráðherrum og því síður geti það kallast ósæmilegt, að þau eftirlaunin séu lág.

Stefán Stefánsson Eg kom fram með br.till. á þgsk. 478 við 1. grein frumv. af þeim ástæðum, að mér virtist seinni hluti þeirrar gr. vera svo óljóst orðaður, að eigi væri við unandi.

Eg mintist á þetta mál við einn flutningsmann þess í neðri deild og leit hann svo á, að ráðherra ætti engin eftirlaun að fá sem slíkur, ef hann ætti tilkall til fullra 1000 kr. í eftirlaun fyrir embættisstörf sín önnur.

Kemur hér fram misrétti milli ráðherra þeirra, sem hafa verið embættismenn, með eftirlaunarétti, áður en þeir tóku við ráðherraembættinu, og hinna, sem ekki hafa verið embættismenn með eftirlaunarétti, er þeir komu í ráðherraembættið, hafa máske verið auðugir fésýslumenn og engu í tapað.

Eg vil skýra þetta með dæmi.

Maður er 10 ár í embætti, og á fyrir það tilkall til 1200 króna í eftirlaun. Nú verður hann ráðherra önnur 10 ár. En eftir þann tíma fær hann ekki nema 1200 krónur í eftirlaun alls. Mér virðist, að þetta nái ekki nokkurri átt, að maður sé sviftur eftirlaunum fyrir það, að hann nýtur trausts þingsins.

Embættislaus maður hefir aftur á móti sitt á því þurra. Hann fær sínar 1000 krónur, hve stuttan tíma sem hann hefir verið ráðherra.

Eg vona að háttvirt deild samþykki þessa breytingartillögu mína. Það er réttlátt, að hinn sem lætur af ráðherrastarfi fái 1000 króna eftirlaun að öðrum eftirlaunum óskerðum, sem hann kann að hafa átt lögmælt tilkall til.

Gunnar Ólafsson: Það er dálítið einkennilegt, að þegar eftirlaun eru rædd í þessari deild, þá virðist sem það sé mönnum viðkvæmt mál, og rísa alt af einhverjir upp til að gerast málsvarar þess. Og þó allir viti, að þjóðin heimtar óaflátanlega afnám eftirlauna. Nærri hver einasti þingmálafundur á öllu landinu ber þetta mál fram og hér gefst tækifæri til þess að verða við ósk þjóðarinnar.

Ekki hefir verið sýnt fram á með einu orði, að hér sé um rangláta krófu að ræða eða það, að rétt sé að hafa ráðherraeftirlaunin há. Það eru heldur ekki þjóðkjörnu fulltrúarnir, sem halda hér í eftirlaunin, heldur hinir konungkjörnu. Það er eins og þeir skoði sig ekki fulltrúa þjóðarinnar, heldur fulltrúa embættisvaldsins eða eftirlaunanna.

(Lárus H. Bjarnason: Hreinasta bull).

Þetta er viðkvæðið hjá háttv. 5. kgk.; hann kann því illa sem von er, að hér sé bent á, hversu þessir menn misskilja stöðu sína á þingi.

Ef vandræði væru með ráðherra, væri öðru máli að gegna, en meðan nóg er til af þeim í voru landi er engin ástæða til að taka tillit til neinna kvartana.

Þeim þykir sárt, ef embættismaður verður ráðherra og missir einhvers í af eftirlaunum og telja hann rangindum beittan. En hvaða rangindi eru það, þar sem hann veit fyrirfram, að hverju hann gengur, veit það að hann fær ekki sérstök eftirlaun fyrir ráðherrastarfið.

Mér líkar vel frumvarpið, eins og það kemur frá háttv. neðri deild og finst mér ekkert á móti, að ráðherra séu ákveðin ofurlítil eftirlaun eða ef hann á ekki tilkall til hærri eftirlauna annars, svo að hann sé ekki alveg rekinn út á gaddinn eins og kallað er.

En það er ekki rétt, að hafa þau hærri en hér er farið fram á, einkum þar sem

búast má við, að ráðherrum verði fjölgað og byrðin því meiri.

Háttvirtum 4. konungkjörna þótti óviðfeldið, að konungur skyldi ekki mega ákveða þessi laun framvegis. En getur konungur verið bærari til að ákveða launin heldur en þingið? Eða verður það í raun og veru ekki ráðherra sjálfur, sem þá ákveður sér launin? Jú, konungur ákveður þau eftir tillögum hans.

Þar sem breytingartillagan fer fram á „alt að" 2000 kr., þá er hér aðeins um yfirskin að ræða. Það má telja víst að hámarkið verður altaf notað og því þá ekki að láta standa 2000 krónur og sleppa þessari krókaleið.

Að endingu vil eg geta þess, að eg álít frumvarpið aðgengilegt eins og það kom hingað til deildarinnar og greiði atkvæði móti öllum breytingartillögum og vona eg, að meiri hluti deildarmanna verði mér hér samtaka.

Steingr. Jónsson: Háttv. þm. Vestur-Skaftfellinga virtist vel við eiga að vera að narta í þá konungkjörnu. Það getur vel verið, að honum þyki það heppilegt fyrir sig; hvað hann hefir upp úr því, um það skal eg ekki segja. Mér er nú orðið ekki farið að bregða við slíkt, því síður, sem það hefir um langan aldur verið siður, mér liggur við að segja allra pólitískra apakatta þessa lands að meiða og sverta þá konungkjörnu til að afla sé lýðhylli. En auðvitað hafa þeir aldrei staðið við það, ef þeir hafa átt að horfa framan í persónurnar. Það er því ekki undarlegt, þó að þingm. hafi glæpst á þessu líka. En það er líklegt, að slíkt hverfi nú brátt.

Eg vil leyfa mér að benda á, að það er rangt, að þjóðin heimti afnám eftirlauna. Eg benti á það við 2. umr., að þjóðin heimtar einmitt meiri eftirlaun. Þingið heimtar líka meiri eftirlaun. Og það er heldur ekki nema eðlilegt, þar sem öll starfslaun eru klipin við nögl, að menn sjái að eftirlaun eru nauðsynleg. Það er þessvegna ekki rétt, að þjóðin og þingið heimti afnám eftirlaunanna. En það eru einstakir þingmenn, sem heimta það. Þetta er lýðskrumaramál, rétt eins og hálaunabrigslin voru fyrir nokkrum árum. Og loks má eg benda á, að þeir konungkjörnu eru, hvort sem þeim þjóðkjörnu líkar betur eða ver, líka þingmenn. Hitt, hvort háttv. þingm. Vestur Skaftfellinga eða eg hafi meiri rót í sinni þjóð, það er ekki vert að tala um hér.

Eftir orðunum í 1. gr. frv. mundu eftirlaun ráðherra að minni hyggju verða reiknuð eftir embættisárafjölda, en samt getur þetta verið nokkuð vafasamt, og því vil eg taka undir með háttv. 6. kgk. og mæla með breytingartillögu hans. Eg fyrir mitt leyti skil greinina eins og háttv. 1. kgkj. skilur hana, en sá skilningur getur verið vafasamur og þá er bezt að breyta svo ekki geti orkað tvímælis. Þá vildi eg svara örlítið því, sem háttv. framsögumaður (J. B.) sagði, að það væri ekkert ósæmilegt að aftaka eftirlaun ráðherra. Það er satt, það er ekkert að athuga við það, ef þá launakjörin eru sniðin þar eftir, það verður að hækka launin um leið. Eg gæti vel gengið inn á þá stefnu. En hitt að klípa launin við nögl og svifta embættismanninn líka eftirlaunum, það er ekki sæmandi. Árið 1903 eru laun ráðherra ákveðin með alt að 3000 kr. eftirlaunarétti, en 1911, og á þessum átta árum hefir væntanlega orðið dýrara að lifa, eru eftirlaunin aftekin og launin látin vera óbreytt. Hitt, að taka eftirlaunin burtu og hækka launin, er eg ekki á móti, en það er ekki vel valinn tími til að tala um það, til þess þarf breytingu á stjórnarskránni.

Júlíus Havsteen. Háttv. 4. kgkj. virðist vera kominn á annan skilning um frumvarpið. Hann áleit réttan þann skilning, að ef embættismaður yrði ráðherra þá væru eftirlaun hans reiknuð eftir eftir-

launalögunum eftir atvikum annaðhvort frá 1858 eða frá 1904, ef þau væru hærri en 1000 kr.

En ef embættismaðurinn tekur aftur embætti og fær eftirlaun, þá er ekkert tillit tekið til þess, að hann hefir orðið ráðherra. Öðruvísi get eg ekki skilið þetta, annað finst mér ekki liggja í þessu frumvarpi.

Að því leyti, er snertir tillögurnar á á þingskj. 478, þá get eg ekki álitið það rétt, að nokkur geti haft tvenn eftirlaun úr landssjóði.

Lárus H. Bjarnason: Eg ætla ekki að bera mig eða önnur „það“ saman við hinn mikla þjóðkjörna þingmann Vestur-Skaftfellinga eða hin miklu þingstörf hans. En eg hélt, að jafnvel hann mundi hafa vit á að líta nokkuð á það, hvaða verk væru unnin af þingmönnum og hvernig þau væru unnin, en einblíndi ekki á hitt með hverju móti þeir væru kallaðir á þing. Honum þótti svo gott, þetta sem hann sagði, var alt af að brósa að því, að eg hef ekki brjóst á að ónýta fyrir honum ánægjuna. Að eins skal eg minna hann á, að hér er ekki um afnám eftirlauna að ræða, eins og hann sagði, heldur aðeins um minkun eftirlauna 1 embættismanns og það er heldur ekki satt, að menn skiftist um þetta mál sem konungkj. og þjóðkj. Hv. ráðherra er móti lækkun, en eg hefi verið og er jafnvel með afnámi eftirlauna ráðh. ef mögulegt væri fyrir stjórnarskránni.

Eg skil frumvarpið eins og háttv. 6. kgkj. lýsti því, enda átti eg aðal-þátt í að brtl. á þingsk. 487 kom fram. En úr því, að svo skýrir menn eins og háttv. 1. kgkj., 6. kgkj., 4. kgkj. og hæstv.ráðherra hafa hver sinn skilning á greininni, bendir það til þess að betra sé að athuga hana enn betur. Eg hefi þessvegna komið mér saman við háttv. framsögumann um að fá málið tekið út af dagskrá, til þess að reyna að leysa þennan hnút svo að komist verði hjá að gera nokkrum ójöfnuð. Eg vona, að enginn háttv. þingdeildarmanna vilji vísvitandi stofna til ójafnaðar, jafnvel ekki gagnvart embættismönnum, en eins og frv. er orðað nú, mundi það gjöra embm. rangt til.

Forseti tók málið út af dagskrá.

7. apríl (181, 470, 478, 507).

Framsögum. Jósef Björnsson: Eg skal leyfa mér að lýsa yfir því fyrir hönd nefndarinnar, að breytingartillöguna á þskj. 507 hefir nefndin með engu móti getað aðhylst. Dálítið öðru máli er að gegna með hinar breytingartillögurnar; þær voru nefndarmönnum misjafnlega hugþekkar, og get eg ekki sagt hvernig nefndarmenn greiða þar atkvæði. —

Júlíus Havsteen: Vegna þess að eg er einn af nefndarmönnunum, ætla eg að leyfa mér að segja fáein orð, í sambandi við það, sem háttv. meðnefndarmaður minn sagði. Eg vil standa við það, sem áður er komið fram í máli þessu, ásamt br.till. á þskj. 470. Þessi br.till. er í fullu samræmi við gildandi grundvallarreglur laganna frá 1903, um æðstu umboðsstjórn landsins, og þótt upphæðin breytist, þá þarf samt ekki að breyta grundvallarreglunni. Þetta sést bezt af tilsk. frá 31. maí 1885 og sömuleiðis í lögunum frá 4. marz 1904. Þessi br.till., sem eg nefndi og mun greiða atkvæði með, fellur nákvæmlega saman við lögin. Þetta getur maður aftur á móti ekki sagt um br.till. á þksj. 478.

Það hlýtur öllum að vera ljóst, að einn og sami maður getur ekki fengið tvenn eftirlaun úr sama sjóði. — Það nær engri átt.

Eg verð að játa, að eg skil ekki br.till. á þskj. 507, það lítur helzt út fyrir, að meiningin með henni sé sú, að gefa ráðherra peninga.

Ari Jónsson: Það virðist svo sem flestir þingdeildarmanna séu meira eða minna óánægðir með frumv. eins og það kemur frá hv. neðri deild, og er það sízt að undra,

því eins og það liggur nú fyrir kemur fram í því bersýnilegur ójöfnuður, sem fer eftir því, hvort maðurinn hefir verið embættismaður áður eða ekki, og eftir hvaða eftirlaunalögum honum ber eftirlaun. Ef t. d. ráðherra hefir ekki verið embættismaður áður, þá fær hann óskertar 1000 kr. á ári í ráðherraeftirlaun.

En ef nú ráðherra hefir verið embættismaður áður, þá horfir málið alt öðruvísi við.

Eins og kunnugt er, þá eru tvenskonar eftirlaunalög; hin fyrri frá 31. marz. 1855 og gilda þau fyrir þá, er voru í embættum fyrir 1903, en fyrir hina, er síðar komu í embætti, gilda nýju eftirlaunalögin, og það er mikill *mismunur* á því, hvort heldur menn hafa eftirlaun samkv. eldri eða yngri lögunum.

Kemur þar fram mjög mikill ójöfnuður, að slíkt skuli hafa áhrif á ráðherraeftirlaun, eins og ætlast er til, samkv. þessu frumvarpi.

Þá vil eg taka það fram, að eg get ómögulega fallist á breytingartillöguna frá hv. 4. kkj. Eg vil alls ekki að svona lagað mál komi undir úrskurð konungs. Þá liggur hér og fyrir tillaga frá þremur hv. þingmönnum, sem fer fram á það, að ráðherra, ef hann hefir áður verið í embætti, skuli engin eftirlaun fá, heldur einungis hljóta 100 króna þóknun, fyrir hvert ár, sem hann þjónar ráðherraembætti. Þetta finst mér í alla staði ósanngjarnt. Með því móti getur ráðherrastaðan orðið beint fjárhagslegt tap. Hvaða sanngirni er í því, að embættismaður sem verður ráðherra, t. d. sýslumaður, er hafði fullan eftirlaunarétt, skuli engin eftirlaun fá fyrir ráðherraembættis-tímann? Eg lít svo á, að maðurinn eigi ekki að verða ver settur en aðrir embættismenn, þótt hann verði ráðherra.

Eg er fyllilega samdóma hv. 6. kkj. og hv. 3 kk. um að eftirlaun ráðherra skuli vera 1000 kr., í hvaða stöðu sem maðurinn hefir áður verið, það er sanngjarnt, og jöfnuður er í því. Annars ætti maður það á hættu að síður fengist hæfir menn í embættið.

Kristinn Daníelsson: Eins og hv. þm. Strandamanna tók fram, þótti það orka nokkurs tvímælis, hvernig reikna skyldi eftirlaunin.

Í fyrsta lagi það, að launin gætu hækkað helzti mikið, en hitt það, að ekki væri gott, að embættismenn biðu beinan fjárhagslegan halla af því, að takast á hendur ráðherraembætti. Ýmsir hér í hinni háttv. deild hafa lagt höfuð sín í bleyti, til þess að reyna að ráða bætur á þessum annmörkum og eg hefi líka gert tilraun til þess, og hygg eg, að sú tilraun fari einna næst því, sem tilgangurinn var með frumvarpinu. Fyrst vil eg því leyfa mér að nefna brtill. á þskj. 470, frá hv. 4. kkj. sem fer fram á, að 1000 krónurnar hækki upp í 2000. Hækkun þessi er þá líklega það eina tvímæli, sem sú breytingartill tekur af í máli þessu.

Þá er aftur brtill. á þskj. 478.

Tilgangur frumvarpsins er, að ráðherra hafi eftirlaun og séu þau aldrei minni en 1000 krónur.

Eg sé ekki betur en að með þessu frumvarpi sé gert misrétti, milli þeirra, sem verið hafa í embætti áður en þeir tóku að sér ráðherraembættið og hinna, sem ekki voru áður í embætti. Breytingartillaga okkar fer fram á, að ráðherra haldi þeim eftirlaunum, sem hann átti eftir fyrra embætti og svo enginn misskilningur kæmist að, er bætt við, að þau ár, sem hann var ráðherra, skuli ekki talin við útreikning eftirlaunanna, en aftur fái hann að uppbót 100 krónur fyrir hvert ár, sem hann er í ráðherrastöðu.

Eins og háttvirtur þingmaður Strandamanna tók fram, eru eftirlaunin $^1/_5$ launanna og 20 kr. fyrir hvert embættisár. Ráðherra myndi þá samkvæmt frumvarpinu missa þessar 20 krónur, en til þess að bæta úr þessu höfum við ætlað honum

100 krónur á ári, svo að ef hann yrði í embætti 10 ár, hefði hann fengið 1000 kr. auk sinna fyrri eftirlauna.

En þar sem menn segja, að þetta geti fælt hæfa menn frá að taka embættið, þá gæti það orðið, hvernig sem um er búið.

Annars tek eg þakksamlega öllum leiðbeiningum í þessu efni.

Lárus H. Bjarnason: Af því að eg mun hafa valdið því, að mál þetta var tekið út af dagskrá síðast, vil eg nú lýsa skoðun minni á því.

Lög þau, er kynnu að verða úr frumvarpi þessu hafa svo sem enga praktiska þýðingu, því að líklega mun ekki nema 1 ráðherra við þau búa, verði stj.skrárfrumvarpið, sem aftekur ráðherraeftirlaun, að lögum. En þau eiga engu að síður að vera réttlát og skýlaus, en eins og frumv. er orðað brestur á hvorttveggja. Það orkar tvímælis og hallar á embættismanninn. Breytingartillagan á þskj. 478 er svo skýr, að hún verður ekki misskilin og hún gerir ráðherrunum jafnhátt undir höfði, hvort sem þeir áður hafa haft embætti á hendi eða ekki. Hvort heldur sem er, fær ráðherra sín eftirlaun 1000 kr. á ári og er það stórmikil hækkun frá því sem nú er. B. J. fékk t. d. 3000 kr. eftirlaun fyrir stutt og slæmt starf. En hafi ráðherrann haft áður embætti á hendi, þá heldur hann eftirlaunum eftir það embætti, komist hann annars á eftirlaun. Og það er engin gjöf, heldur réttur, sem löggjafarvaldið gæti ekki af honum tekið, þó að það vildi fegið.

Gunnar Ólafsson: Það eru skiftar skoðanir um þetta mál, eins og búast má við.

Það hefir altaf verið svo og verður enn, ef hreyfa á við gamalli venju, einkum þar sem peningar eru öðru megin.

Við þessa lækkun geta menn ekki unað sér. Þeir finna sitt ráðið hver, til þess að sprengja þetta. Auðvitað er það alt vel meint og hjúpað ýmsum slæðum til þess að gera það aðgengilegt. Í breytingartillögu á þingskjali 470 er talað um, að eftirlaunin séu alt að 2000 krónur á ári eftir úrskurði konungs. Þetta er slétt og fer vel á þessu. Það má láta í konungsvald hver eftirlaun verða. En hver ákveður með konungi um það? Er það ekki fráfarandi ráðherra? Ætli hann stingi ekki upp á því, að þau séu það, sem þau mega hæst vera? — O jú þannig hefir það verið og þannig mun það verða, enda vita tillögumenn það ofurvel, að alt að 2000 kr. þýðir hér sama sem fast ákveðnar 2000 kr. og þessvegna er því haldið fram, að það skuli svona vera, því að eftirlaunin vilja þessir menn ekki lækka, svo sem kunnugt er, heldur þvert á móti, þrátt fyrir það, að þjóðin heimtar afnám eftirlauna sí og æ.

Það er rétt eins og háttv. 5. konungkj. sagði, að ákvæðið í breytingartillögunni á þingskjali 478 er alveg tvímælalaust, og það er áferðarfagurt, þar stendur að ráðherra hafi 1000 krónur í eftirlaun, en þess verður að gæta, að það eru 1000 krónur fram yfir önnur eftirlaun. Hann á að fá þetta sérstaklega. Þessi sérstöku eftirlaun fyrir kannske nokkra mánuði eða nokkrar vikur í ráðherrastöðu.

Að hann hafi verið embættismaður áður má ekki taka til greina, að öðru leyti en því, að hafi hann rétt til hærri eftirlauna fyrir embættisrekstur áður, þá fær hann þau og á að sjálfsögðu að fá þau.

Annars er það mjög athugavert að halda þessum eftirlaunum svona fram, einkum þegar þess er gætt að ef ungur maður, t. d. einhver af þessum konungkjörnu, sem þessu vilja halda fram, verður ráðherra, máske einn mánuð eða svo, þá fær hann þúsund krónur árlega í eftirlaun auk eftirlauna þeirra, er hann áður átti tilkall til og er þá trygging fengin fyrir því, að hann þarf ekki að hreyfa sig framar. Hann hefir enga hvöt til að sækja um embætti aftur, lætur þjóðina ala sig iðjulausan um langan aldur. Og því álít eg sjálfsagt, að eftirlaunin ættu ekki að vera svo mikil.

Það hafa heyrst raddir hér í deildinni um það, að það muni ekki fást hæfir menn til að taka að sér ráðherraembættið, ef eftirlaunin verði lækkuð.

Mér þykir vera gert nokkuð lítið úr hugsjónum þessara hæfu manna, ef þeir eiga ekki að geta tekið að sér ráðherrastarfið af því að eftirlaunin hækka ekki við það.

Eg lít svo á, að menn þurfi ekki að vera að halda þessu svo fram af kappi, því að það kemur í ljós, að ef ráðherrar verða allmargir og komast á eftirlaun, þá vill þjóðin að eftirlaunin séu minkuð. Það stendur svo sérstaklega á með þessa menn, að þeir verða væntanlega ekki fastir í sessi. Eg myndi fella mig bezt við breytingartillöguna á þingskjali 507, og veit eg, að þeir muni greiða henni atkvæði, sem hafa einlægan vilja á að lækka eftirlaunin

Annars sé eg ekki að til neins muni að tala langt mál um þetta, þar sem menn munu vera fyrirfram búnir að ákveða hvernig þeir greiða atkvæði sitt, og því síður finn eg ástæðu til að tala nú, er eg talaði í þessu máli um daginn, þeir geysu'u þá allmjög sumir háttv. konungkjörnu þingmannanna og það svo, að jafnvel geðprýðin sjálf háttv. 5. konungkjörinn fann ástæðu til að vanda um við mig. Eg tek ekki tillit til slíkra umvandana og er rétt, að hann fái að vita það nú eitt skifti fyrir öll.

Þá var 4. konungkjörinn. Það fauk í hann svo, að hann mun ekki hafa vitað hvað hann sagði og eg vil alls ekki hafa orð hans eftir hér í deildinni. Þau voru lítt sæmandi háttstandandi embættismanni, sem kallað er. Og sanngjarnt ætla eg það að gera þá kröfu til þessara manna, að þeir verði sér ekki til minkunar á þingi. Eg bendi honum á þetta í þeirri von, að hann bæti ráð sitt eða gæti sóma síns betur næst.

Steingrímur Jónsson: Eg hefi engu við að bæta, það sem eg var áður búinn að segja um efni málsins, en eg vildi gera svolitla leiðréttingu á orðum mínum eða athugasemd við þau, þar sem svo virðist, að háttvirtur þingmaður Skaftfellinga hafi misskilið þau. Orð mín voru um hið pólitíska ástand í landinu. Þeim var ekki beint til hans, heldur sögð alment.

Jósef Björnsson: Hér hefir það mest verið fundið að frumvarpinu frá háttvirtri neðri deild, hve erfitt væri að reikna út eftirlaunin eftir því.

Þetta gat meiri hluti nefndarinnar ekki álitið hættulegt og fyrir hans hönd verð eg að lýsa því yfir að hann sér ekki, að nein hætta sé að samþykkja frumvarpið óbreytt, þótt háttv. þingm. Strandam. og fleiri háttv. þm. líti svo á. Það er ekki heldur ástæða til að leggja svo mikla áherzlu á að enginn fáist til þess að verða ráðherra, ef eftirlaun verða ekki tiltölulega há.

Breytingartillagan á þingskjali 470 virðist mér óaðgengileg, þar sem þar er um tiltölulega litla lækkun að ræða.

En þá eru brtill. á þingskjölum 478 og 507. Mismunurinn á þessum tveim brtill. er ekki svo sérlega mikill, þegar öllu er á botninn hvolft.

Eftir breytingartillögu á þingskjali 507 fær ráðherra sömu eftirlaun eftir 10 ára þjónustu, eins og eftir hinni, sem sé eftirlaun þau, sem hann átti rétt til, áður hann varð ráðherra, ef hann var embættismaður, og að auki 100 krónur fyrir hvert ár, er hann var ráðherra. En eftir breytingartillögu á þingskjali 478 fær hann þau eftirlaun, sem hann áður átti rétt til, að viðbættum þúsund krónum á ári.

Munurinn er því enginn, ef ráðherann hefir verið 10 ár í ráðherrastöðu, en getur orðið 900 kr. hæst, sé hann aðeins eitt ár ráðherra, sem sjaldan eða aldrei mundi koma fyrir. Eftir því hve lengi ráðherra situr má því gera ráð fyrir mismun, er alloft yrði eigi nema 200 — 400 kr. og hæst mundi ná í 800 kr.

Eg játa að eg álít ekki rétt, að ráðherra,

sem er nokkrar vikur eða nokkra daga í embætti fái há eftirlaun og það er réttlátt að tekið sé nokkuð tillit til þess, hve lengi hann er í embættinu og að því leyti er brtill. á þingskj. 507 bezt. En eg vil eftir atvikum greiða breytingartillögu á þskj. 478 atkvæði mitt, þó þar sé farið fram á hærri eftirlaun en í frumvarpinu eru ákveðin og í brt. á þskj. 507. Og ástæðan til þess, að eg geri það er að ná einhverju samkomulagi og bjarga málinu frá að falla, sem það ella mundi gera.

Arí Jónsson: Eg vil leyfa mér að segja hér nokkur orð út af ummælum, sem orðið hafa út af breytingartillögu á þingskjali 507.

Samkvæmt breytingartillögu á þingskjali 507 er svo ákveðið, að þau ár, sem maður er ráðherra, skuli ekki vera talin við útreikning eftirlaunanna og því er haldið fram af háttvirtum þingmanni Vestur-Ísfirðinga og háttvirtum öðrum þingmanni Skagfirðinga, að ráðherrann fái hér 100 krónur fyrir hvert embættisár í stað að eins 20 króna ella.

Hér er þá fyrst að gæta, hvort eftirlaunin eru reiknuð eftir eldri eða yngri eftirlaunalögunum og þó þau væri reiknuð eftir „20 króna lögunum“, þá hefir gleymst aðalatriðið. Setjum að maður hefði verið ráðherra í 4 ár, sá sem hafði útlit til að hækka í stöðu, setjum að það sé sýslumaður, sem er búinn að vera svo lengi í embætti, að hann fái nú meir en 1000 kr. í eftirlaun. Eftirlaun hans hækka um 400 krónur, þegar hann er búinn að vera 4 ár í ráðherraembætti, en ef hann hefði verið í sama embætti, þá hefir hann auk þeirra 20 króna, tækifæri til að ná í annað betra embætti, sem gæfi honum talsvert hærri eftirlaun. Fyrir menn, sem ætla að taka tillit til eftirlaunanna er ekki aðalatriðið 100 eða 20 krónur, heldur hitt hvað hann missir í með tilliti til hækkunar í stöðu.

Eg vil líka benda á orð háttvirts þingmanns Vestur-Ísfirðinga, þar sem hann talar um, að maður myndi ekki hika sér við að taka við ráðherraembættinu vegna þessa mismunar á eftirlaununum. Það er þó mismunur á, hvort hann á að hafa 100 eða 1000 krónur. Það er hlægilegt að borga þeim, sem hefir verið embættismaður áður ekki nema 100 krónur, en þeim sem hefir verið kaupmaður áður 1000 krónur í eftirlaun fyrir ráðherrastöðuna. Næsta skrítið, að taka tillit til fyrri stöðu mannsins, þegar ræða er um eftirlaun ráðherra.

Kristinn Daníelsson: Háttv. þingm. Strandam. gat um eldri eftirlaunalög. Eg skal játa, að þeir sem hafa tekið við embætti á meðan þau lög giltu, hljóta að njóta eftirlauna eftir þeim meðan þeir lifa. En fyrir það verður ekki bygt, enda hverfa þeir úr sögunni smátt og smátt. Þá gat hann um, að embættismenn, sem tækju við ráðherrastöðu, væru útilokaðir frá að avancera í betra embætti. Á það get eg ekki lagt neina áherzlu. Það, að maðurinn hefði verið ráðherra, mundi einmitt öllu fremur styðja hann til þess, að geta avancerað í embættum.

Eg skal að eins stuttlega víkja að orðum háttv. framsm. Hann sagðist gera litinn mun á þessum tveimur tillögum, á þskj. 478 og 507. En hann hefir víst ekki athugað þetta vel. Það er sá mikli munur, að eftir till. á 478 fær ráðherra alt af 1000 kr. eftirlaun, hvort sem hann hefir verið ráðherra mörg eða fá ár. En eftir till. á 507 fær embættismaður, sem verður ráðherra, því að eins 1000 kr. ráðherraeftirlaun, að hann hafi verið 10 ár í ráðherrasæti. Þetta er mjög mikill munur. Það eru miklar líkur til þess, að sá sem hefir haldið ráðherrastöðu í 10 ár, sé vel verður þess að fá svo há eftirlaun, en aftur á móti hæpnari líkur til að maður, sem að eins hefir verið ráðherra eitt ár, eigi skilið svona mikla eftirlaunahækkun. Enda fengi hann eftir till. 507 að eins 100 kr. ráðherraeftirlaun, njóti hann ann-

ara eftirlauna fyrir embættisþjónustu. Með öðrum orðum, í þessu tilfelli væri munurinn 900 kr., það getur sem sé skakkað hátt upp í allri eftirlaunaupphæðinni eftir því hvort hann hefir verið langan eða skamman tíma ráðherra.

3. umr. lokið.

ATKVGR.:

Breytt. 470 feld með 7 atkv. geng 3.
„ 478 sþ. með 8 atkv. gegn 3.
„ 507 þar með fallin.

Frv. með áorðnum breyt. sþ. með 8 atkv. gegn 5 og sent aftur til neðri deildar.

Ein umræða í efri deild 2. maí (718, n. 183).

Steingrímur Jónsson: Með því að skrifari og framsögumaður nefndarinnar er ekki á fundi, skal eg leyfa mér að gera stutta grein fyrir áliti nefndarinnar á þessu frv. N. d. hefir breytt því þannig, að það er orðið að efni til, eins og það var þegar það kom hingað í deildina í fyrstu, frá neðri deild. Nefndin er öll á einu máli um að fallast ekki á þær breytingar, sem gerðar hafa verið á frv., og vill því leggja til, að það verði fært í sama form eins og deildin gekk frá því um daginn. Hins vegar er skoðun mín á málinu hin sama og áður, að eg er mótfallinn frumvarpinu í heild sinni, og mun því greiða atkvæði móti því. En gangi málið fram, eru breytingartillögurnar til bóta, og mun eg því greiða atkvæði með þeim.

Umr. lokið.

ATKVGR.:

1. breytt. nefndar, á þskj. 783, sþ. með 10 shlj. atkv.
2. breytt. nefndar, á þskj. 783, sþ. með 9 shlj. atkv.

Frv. þannig breytt felt með 6:4 atkv.

Aukatekjur landssjóðs.

FRUMVARP til laga um aukatekjur landssjóðs.

Fyrsta umræða í efri deild 24. marz (253).

Lárus H. Bjarnason: Eg vil leyfa mér að leggja það til, að þessu máli verði að lokinni umræðu vísað til erfðaskattsnefndarinnar hér í deildinni.

Málinu vísað til 2. umr. í e. hl.

Því næst vísað til nefndar þeirrar, er upp á var stungið, í e. hl.

Önnur umræða í efri deild 8. apríl (253, n. 550).

Framsögum. Steingr. Jónsson: Nefndarálitið er stutt, og eg hygg að framsagan þurfi heldur ekki að vera löng. Nefndin ræður háttv. deild til að samþ. frumv. óbreytt. Það er samið af milliþinganefndinni í skattamálum, og stjórnin hefir lagt það nálega óbreytt fyrir þingið. Að eins hefir stj. hækkað gjöldin lítið eitt. Og neðri deild hefir mjög litlu breytt.

Aðalefni frv. er að aukatekjurnar eru hækkaðar til muna frá því sem þær eru ákveðnar í l. um aukatekjur þær, er renna í landssjóð frá 2. febr. 1894. Það mun vera til jafnaðar um helmings hækkun. Nefndin álítur þessa hækkun yfirleitt á rökum bygða, því að gjöldin voru lág áður. Það er búist við, að hækkunin nemi um 18 þús. kr. tekjuauka fyrir landssjóð, og hygg eg, að sú áætlun fari nokkuð nærri lagi, þó að auðvitað sé ekki gott að gera nákvæma áætlun um slíkt.

Það má helzt finna að frv., að einstaka liðir eru heldur mikið hækkaðir. T. d. dómgjöldin, þau eru hækkuð meira en um helming til jafnaðar. Eg fyrir mitt leyti hefði haft tilhneigingu til að breyta frv. að þessu leyti og lækka þessi gjöld dálítið, því að það munar mikið um að þurfa að greiða svona há gjöld, sérstaklega í smámálum. En af því að þetta var eina atriðið, sem ástæða þótti til að breyta, þá kom nefndinni saman um að hreifa ekki við frv., leggja til að það yrði sþ. óbreytt. Að vísu þótti nefndinni einnig helzt til hátt gjaldið

fyrir veðbókarvottorð, en sá þó ekki ástæðu til að koma með br.till. um það.

Eg finn þá ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál, en legg til að háttv. deild samþ. frumv. óbreytt.

Umr. lokið.

ATKV.GR.

1.	kapit.	1.—13.	gr.	sþ.	m.	12	shl.	atkv.
2.	„	14.—23.	„	„	„	„	„	„
3.	„	24.—30.	„	„	„	„	„	„
4.	„	31.—34.	„	„	„	„	„	„
5.	„	35.—45.	„	„	„	„	„	„
6.	„	46.—50.	„	„	„	11	„	„
7.	„	51.—65.	„	„	„	„	„	„
8.	„	66.—69.	“	„	„	10	„	„

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hl.

Þriðja umræða í efri deild 10. apríl (253).

Frumv. samþ. umræðulaust í e. hl. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Erfðafjárskattur.

FRUMVARP til laga um erfðafjárskatt.

Fyrsta umræða í efri deild 23. marz.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal að eins leyfa mér að stinga upp á að sett verði 3 manna nefnd í málið að lokinni umr.

1. umr. lokið.

Frumv vísað til 2. umr. í e. hl.

Samþ. að kjósa 3 manna nefnd í málið og voru þessir kosnir í nefndina:

Steingr. Jónsson,
Kristinn Daníelsson,
Jósef Björnsson.

Önnur umræða í efri deild 8. apríl (243, n. 551).

Framsögum. (Steingr. Jónsson): Með þessu frumv. er farið fram á stórkostlega breytingu á gildandi ákvæðum um erfðafjárskatt. Erfðafjárskatturinn er mjög mikið hækkaður. Milliþinganefndin í skattamálum hefir samið frumv. það, sem lagt hefir verið til grundvallar fyrir þessu frv. og eins og meiri hluti nefndarinnar gerði ráð fyrir var það sniðið að mestu leyti eftir lögum þeim, sem gilda í Danmörku um erfðafjárskatt. Frv. milliþinganefndarinnar lagði stjórnin nærri óbreytt fyrir þingið. Neðri deild hefir samþ. frumv., en með stórmiklum breytingum, sem allar ganga í hækkunaráttina. Hækkunin er mjög mikil frá því sem nú er. Var áætlað, að munurinn mundi nema um 4000 kr. á ári eftir frumv. stjórnarinnar, en hann nemur að líkindum alt að helmingi meiru, eins og neðri deild hefir gengið frá frumvarpinu.

Núgildandi ákvæði um þetta efni eru orðin meira en hundrað ára gömul. Eftir þeim eru erfðaskattsflokkar tveir og er skatturinn $^1/_2$ af hundraði í öðrum flokknum, en $4^1/_2$ í hinum. Í fyrri flokknum eru, hið eftirlifandi hjóna, lífserfingjar, foreldrar og systkyni, er þau ganga til arfs með foreldri, en í hinum flokknum allir aðrir erfingjar eða þeir, sem kallaðir eru útarfar. Í þess stað er nú ætlast til, að skattflokkarnir verði þrír. Í fyrsta flokki er það hjóna, er lifir hitt, og lífserfingjar eða niðjar hins látna. Í öðrum flokki foreldrar hins látna og niðjar þeirra, aðrir en þeir, sem eru í fyrsta flokki. Og í þriðja flokki eru fjarskyldari og óskyldir erfingjar. Í 1. flokki eftir frv. eru aðeins sumir þeirra, sem teljast til fyrri flokks eftir núgildandi lögum, þeir borga nú $^1/_2\%$ en eiga eftir frumv. að borga lægst $1^1/_{10}\%$ þ. e. skatturinn er þar hækkaður um meira en helming. 2. fl. eftir frumv. tekur yfir afganginn af fyrsta flokki eftir núgildandi lögum og nokkuð af síðara flokki, þeir eiga nú að greiða lægst 5% í stað þess að sumir þeirra greiða aðeins $^1/_2\%$ og sumir $4^1/_2\%$ eftir núgildandi lögum. Og þeir sem tilheyra 3. fl. eftir frv. eiga að greiða lægst 11% í staðinn fyrir $4^1/_2\%$ nú. Þessi er nú hækkunin á frumgjaldinu. En þar við

bætist svo önnur hækkun. Eftir núgildandi lögum eru þau bú skattfrjáls, sem ekki nema 200 krónum, en eftir frv. skal greiða skatt af öllum þeim búum, sem nema 100 krónum eða þar yfir. —

Hækkunin er svo mikil, að í sumum tilfellum er skatturinn jafnvel tífaldaður, nfl. á þeim sem nú tilheyra fyrra flokki, en tilheyra 2. fl. eftir frv. Af 1000 kr. arfi greiða t. d. eftir núgildandi lögum sumir 5 krónur og sumir 45 krónur, en eftir frumvarpinu greiða sumir 11 kr., en sumir þeirra, sem nú ættu að greiða að eins 5 kr. verða eftir frv. að greiða 50 kr., og sumir sem nú ættu að greiða 45 kr. eiga eftir frumvarpinu að greiða 110 kr. Það er því auðséð, að þetta er mikil hækkun. En verulegasta breytingin er þó innifalin í því, að fyrir utan þessa hækkun á frumgjaldinu, þegar arfur er ekki yfir 1000 krónur, þá er auk þess stighækkun, þegar arfurinn er hærri. Þar er þó ekki átt við það, að arfurinn í heild sinni, eða búið, nái þessari upphæð. Stighækkunin kemur fyrst til greina, er hinir einstöku arfahlutir eru yfir 1000 krónur. Þetta dregur nokkuð úr, svo að stighækkunin verður ekki nærri eins mikil eins og ef miðað væri við búið óskift. Í 1. flokki er skatturinn $1^1/_{10}\%$ af fyrstu 1000 kr., eins og eg gat um áðan, en af næstu 100 kr. er hann $1^2/_{10}\%$, af 3. þúsundinu $1^3/_{10}\%$ o. s. frv., þar til komið er upp í 5% af 40. þúsundinu, og því sem þar kynni að vera fram yfir. En þetta er alt miðað við arfahlutana, en ekki búið óskift, og skattur er að eins greiddur af fullum tug króna, það sem er fram yfir tug er ekki reiknað með. Í 2. fl. er gjaldið nærri 5 sinnum hærra af fyrstu 1000 krónunum, nfl. 5%, en stighækkunin er hlutfallslega lík, $5^1/_2\%$ af 2. þús., 6% af 3. þús. o. s. frv., þar til komið er upp í 25% af 40. þús. og því sem þar er fram yfir. — Í 3. flokki er gjaldið enn helmingi hærra af 1. þús. eða 11%, 12% af 2. þús., 13% af 3. þús. o. s. frv., þar til komið er upp í 50% af 40. þús. og því sem þar yfir. — Það er fljótséð, að stighækkunin er afarmikil. Í Danmörku stígur skatturinn aldrei yfir 12%, og í frumv. stjórnarinnar var gert ráð fyrir hæstum skatti 14%. Í öðrum löndum er mér ekki kunnugt um þetta. Erfðaskattur mun vera hár í Noregi, en í Englandi má eg segja, að hann er 16% hæst eftir tillögum hinnar núverandi stjórnar þar, og það ekki nema af afarháum arfi.

Það má gera ráð fyrir því, að erfðir verði smáar fyrst um sinn hér á landi. Það verða ekki nema í einstöku óvanalegum tilfellum, að einn erfingi fái úr búi í einn hlut 40 þús. kr. eða meira. Eg skal leyfa mér að benda á með tölum hvernig erfðafjárskatturinn kemur niður í hinum ýmsu erfðaflokkum;

1. flokkur.

Af	1	þús.	11 kr.
„	10	„	155 „
„	20	„	410 „
„	30	„	765 „
„	40	„	1220 „

eða rúm 3%.

2. flokkur.

Af	1	þús.	55 kr.
„	10	„	775 „
„	20	„	2050 „
„	30	„	3825 „
„	40	„	6100 „

eða sem næst 16%.

3. flokkur.

Af	1	þús.	110 kr.
„	10	„	1550 „
„	20	„	4100 „
„	30	„	7650 „
„	40	„	12200 „

eða sem næst 30% af upphæðinni. Eins og eg sagði áðan, þá er þessi skattur hár, sérstaklega af háum upphæðum og af arfi fjarskyldra. Samt sem áður hefi eg ekki viljað vera á móti frumv., því það er mín skoðun, að ríkið eigi heimtingu á talsvert

háu gjaldi af erfðum, sem ganga til fjarskyldra. Náskyldir hafa miklu meiri rétt til arfs en fjarskyldir, sem ekki hafa framfærsluskyldu. Þess vegna er rétt að hafa skattinn af erfðafé náskyldra litinn. Það er eðlilegt, að þetta frumv. eins og allar nýungar sæti mótspyrnu fyrst í stað, en þar sem eg er samdóma því, sem þar er farið fram á í öllum aðalatriðum, þá get eg ráðið hv. deild til að samþ. það.

Eg skal svo leyfa mér að víkja nokkuð, að br.till. þeim sem nefndin fer fram á. Þær eru ekki stórvægilegar. Fyrstu 2 br.till. eru við 2. gr. B. 1. og 2., að í stað 6 komi $5^1/_2$ í stað $5^1/_2$ komi 6. Þetta er gert til þess að skatturinn komist í samræmi við 1. og 3. flokk. Þetta hafði lent inn í frumv. í neðri deild af vangá. Það er því ekki annað en formbreyting. Þá er br.till. við 3. gr., og er það efnisbreyting. Hún er við síðustu málsgrein greinarinnar, er hljóðar svo: „Af eigum hér á landi, er falla í arf við skifti, er fara fram í útlöndum, skal greiða erfðafjárskatt eftir þessum lögum til landssjóðs". Þetta þótti nefndinni mjög athugavert og ekki réttlátt. Eg vil sérstaklega benda á, að það getur vel komið fyrir, að útlendingur, sem hefir annaðhvort dáið hér eða í útlöndum, eigi eigur hér að eins fyrir tilviljun, svo sem útistandandi kröfu eða fé í bönkunum, og þá þótti nefndinni ekki réttlátt að heimta af þeim erfðagjald hér, það gæti oft og tíðum orðið næstum sama sem að gera eignirnar upptækar, því að það má líka gera ráð fyrir því, að það yrði líka að greiða erfðagjald af þeim, þar sem búinu væri skift. Nefndin vill því breyta þessu þannig, að í staðinn fyrir „eigum" komi „fasteignum". Þá vill nefndin bæta aftan við þessa grein, að skip, sem skrásett eru hér á landi, skuli fara með sem fasteign Nefndinni finst rétt, að erfðafjárskattur sé goldinn af íslenzkum fasteignum, og þá líka af skipum hér skrásettum, af því að um skip gilda yfirleitt sömu reglur og um fasteignir. Í þessu efni verða lög þessi í samræmi við dönsku erfðaskattslögin, sem leggja gjald á fasteignir en ekki á lausafé. Eg vonast eftir, að hv. deild samþ. þessa till. okkar. Eg skal geta þess, að eg hefi borið mig saman um þessa tillögu við nefnd þá, sem fjallaði um frumv. í neðri deild, og fengið að vita, að henni muni þar vel tekið.

Loks er br.till. við 3. lið 6. gr. 3. liður hljóðar svo: „Stjórnarráðinu er heimilt að undanþiggja erfðafjárskatti handrit, bókasöfn . . . ánafnaðir eða gefnir opinberum söfnum . . ." Nefndin sá ekki ástæðu til að fela stjórnarráðinu að ákveða þetta, sá krókavegur er óþarfur. Henni fanst betra að setja það í lögin sjálf. Ef einhver vill vera svo vænn að gefa Landsbókasafninu dýrt handrit eða eitthvað því um líkt, þá á ekki að vera að leggja gjald á það. Eg held þetta ákvæði sé komið inn í frumv. af misskilningi, vegna ákvæða í dönsku lögunum.

Eg býst við, að hv. 2. kgk. þm. bendi á ónákvæmni, sem honum þykir kenna í 1. gr. frumv. Nefndin ætlar sér að taka það atriði til yfirvegunar við 3. umr.

Eiríkur Briem; Það var rétt eins og hv. framsögum. tók fram, að upphæð þessa skatts er mjög há og hærri en hún er í öðrum löndum, en það ber ekki einungis að líta á það, hvað erfðaskattsgjaldið er hátt, heldur og einnig að líta á það, hvort landssjóður hafi gagn af því, að það sé sett svo hátt. Það er oft svo, að há gjöld auka ekki tekjarnar, heldur hið gagnstæða, að þær minka við það. Vér höfum haft eitt dæmi þess hér í Reykjavík ekki allsfyrir löngu. Skip voru hér einu sinni skyldug til að greiða hafnsögugjald, hvort sem þau þurftu að fá sér hafnsögumann hingað inn á höfnina eða ekki. Afleiðingin af því varð sú, að hingað komu miklu færri skip, og hafnsögutekjurnar minkuðu. Þetta ákvæði hafði því gagnstæð áhrif við það, sem því var ætlað. Það er líkt hér

um þetta frumvarp, að þegar að erfðaskattsgjaldið er sett svona hátt, þá verður það sterk hvöt til manna til að reyna að komast hjá að greiða það. Eg skal taka dæmi. Segjum t. d. að maður ætti von í 100 þús. kr. arfi hjá frænda sínum, af honum yrði hann að borga hér um bil 40 þús. kr. í erfðafjárskatt. Hann mundi þá hafa sterka hvöt til að fá frænda sinn til að flytja burt og setjast að í öðru landi, þar sem gjaldið er ekki svona hátt. Þetta verður þungt gjald á ríka menn og mundi verða til að fæla þá frá að koma hingað, Menn eru í öðru orðinu að tala um, að það sé eðlilegt, að hér í Reykjavík verði miðstöð fyrir íslenzka verzlun í landinu, en það getur ekki orðið, nema hér verði ríkir menn, og þetta háa erfðafjárgjald mundi freista þeirra ríkra manna, er hér væru, til flytja burt af landinu, til þess að ættingjar þeirra geti fengið að njóta eigna þeirra, sem þeir láta eftir sig. Ennfremur mundi þetta gjald verða til þess að draga úr því, að ríkir menn kæmu hingað og settust hér að. En straumurinn er sterkur í þessa átt, sem frumvarpið fer í, svo að eg ætla mér ekki að reyna neitt að breyta því að þessu leyti eða hefta framgang þess á þinginu. En eg vildi leyfa mér að skjóta því til nefnarinnar, hvort henni fyndist ekki ástæða til að gera breytingu á niðurlagi 7. gr. frumvarpsins. Niðurlagið hljóðar svo: „Sé endurgreiðslan miðuð við ákveðna áratölu, skal fjárhæðina margfalda með áratölunni, þó aldrei meir en 25 árum.“ Eg tek til dæmis, að maður arfleiddi annan að 100 kr. á ári í 25 ár, þá yrði að borga erfðafjárskatt af 2500 kr. Ef hann í þess stað arfleiddi hann að sparisjóðsbók með 1600 kr. í, en segði að hann skyldi taka út 100 kr. á ári, þá mundi bókin geta enzt í 25 ár, en hann borgaði 90 kr. minna í erfðafjárskatt. Þetta nær ekki nokkru lagi. Það mætti í öllu falli færa niður töluna, sem á að margfalda með; 25 ár er altof hátt svo framarlega sem vextir lækka ekki mikið niður úr 4%. Í þessu tilfelli heiði ekki þurft nema að sextánfalda; að 25falda nær út yfir allan mögulegleika, nema gjaldið ætti að vera um allan aldur og eilífa tíð.

Háttv. framsögumaður gat þess, að eg mundi gera athugasemd viðvíkjandi ónákvæmni, sem mér þykir vera í 1. gr. frumvarpsins, en eg get slept því í þetta sinn.

Júlíus Havsteen: Eg stend upp til þess að lýsa því yfir, að eg álít, að þessi lög séu ekki fallin til að verða samþykt, heldur feld. Mér þykir engin nauðsyn á að breyta þeim erfðaskattslögum, sem vér höfum, það eru góð lög. Afleiðingin af að samþykkja þetta frumvarp mundi verða sú, eins og háttv. 2 kgkj. tók fram, að menn mundu draga sig til baka með að flytja til landsins og forðast búsetu hér. Eg mun greiða atkvæði á móti þessu frumvarpi, og eg vona að meirihluti háttv. deildarmanna geri hið sama.

Framsögumaður (St. J.): Við víkjandi því sem háttv. 2. kgkj. sagði, að skatturinn væri svo hár, að vafasamt yrði, hvort hann yrði til þess að auka tekjur landsins, þá er það rétt, að háar gjaldaálögur geta oft „skotið yfir markið“. En hér er þó sú bót í máli, að skatturinn er ekki svo mjög hár á þeim náskyldari. Það er bara í 2. og 3. flokki, sem hann er ýkja hár. Straumurinn bendir ótvírætt í þessa átt alt í kring um okkur. Erfðafjárgjaldið er altaf að hækka og hækka, svo þegar fram í sækir, þá verður ekki sérlega þægilegt að flytja í önnur lönd til að fá léttara gjald. Á Englandi er hámark gjaldsins 16% og eg býst ekki við, að þess verði langt að bíða að það verði hækkað þar, úr því að þeir nú einu sinni hafa komið því á. Nefndin og eg höfum nú lent með í þennan straum, að leggja undir ríkið erfðafé hinna fjarskyldari. Eg vil í þessu sambandi leyfa mér að minna á, að skattur af erfðafé, sem gengur til stofnana, er 10 af hundraði, og í 6. gr.

er sagt, að stjórnarráðinu sé heimilt að færa hann niður í 5 af hundraði. Að því leyti sem háttv. 2. kgkj. benti á niðurlag 7. gr., þá vil eg geta þess, að vér munum taka það til yfirvegunar. Við vorum dálítið hikandi hvort við ættum að samþykkja það, höfðum ekki hugsað eins vel um það og háttv. 2. kgkj. hefir gjört. Eg mun bera þetta atriði undir nefndina, hvort ekki sé ástæða til að gjöra hér breytingu á, t. d. að 20falda upphæðina.

Ari Jónsson: Eg vildi aðeins geta þess, að það er eitt atriði, sem stóð í eldri lögunum, sem eg sakna í þessu frumvarpi; það er það, að ef búið ekki nemur 200 kr., þá skuli ekkert erfðafjárgjald greiða af því. Þetta vildi eg biðja nefndina að athuga við 3. umræðu.

2. umr. lokið.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. með 9. samhl. atkv.
1. br.till. við 2. gr. B. 1 samþ. með 10 atkv. gegn 3 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Ari Jónsson,
Steingrímur Jónsson,	Gunnar Ólafsosn,
Aug. Flygenring,	Júlíus Havsteen.
Eiríkur Briem,	
Jósef Björnsson,	
Kristján Jónsson,	
Sigurður Hjörleifsson,	
Stefán Stefánsson.	

Lárus H. Bjarnason og Sig. Stefánsson greiddu ekki atkvæði og töldust með meirihlutanum.

2. br.till. við 2. gr. 32. samþ. með 8:1.
2. gr. svo breytt samþ. með 7: 1.
3. br.till. við 3. gr. samþ. með 9 samhl. atkv.

Viðaukatill. við 3. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.

3. gr. svo breytt, samþ. með 9. shl.
4. gr. samþ. með 9 shl. atkv.
5. gr. samþ. með 9 shl. atkv.
5. br.till. við 6. gr. samþ. með 10 samhl. atkv.
6. br.till. við 6. gr. samþ. með 10 samhl. atkv.
6. gr. svo breytt samþ. með 10. samhl. atkv.

7. gr. — 14. gr. samþ. með 8. samhl. atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþ. með atkvæðagreiðslu og því vísað til 3. umr. með 10: 1.

Þriðja umræða í efri deild 10. apríl (613,614).

Framsögumaður (Steingrímur Jónsson): Eftir bendingu við 2. umr. hefir nefndin komið fram með 3 breytingartillögur. Eg alít 1. breytingartillöguna í sjálfu sér ekki nauðsynlega, en sé hins vegar ekkert á móti því, að hún sé samþykt, því að hún skýrir greinina betur. Þessi 1. brtill. fer fram á, að skattur sé ekki krafinn af öðrum arfi en þeim, þar sem búinu er skift hér á landi. — 2. brtill. fer fram á, að hækkuð sé fjárhæð þeirra búa, er undanþegin eru erfðafjárskatti, úr 100 kr. upp í 200 kr. Nefndinni hefir þótt rétt að halda því lágmarki, sem nú er. Þá er 3. brtillagan við 7. gr. seinustu línu. Þar stendur nú, að fjárhæðina skuli margfalda með áratölunni, þó aldrei meira en með 25 árum. Háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) benti á það við 2. umr., að þetta væri of hátt og hefir nefndin athugað það og fallist á, að rétt væri að breyta þessu, sem hér er lagt til.

1. brtill. samþ. með 9 samhljóða. atkv.
2. „ „ „ 10 „ „
3. „ „ „ 9 „ „

Frumvarpið með áorðum breytingum

samþykkt með 9 samhljóða atkvæðum og endursendist Neðri deild.

Ein umr. í efri deild 1. maí (800).

Framsm. Steingrímur Jónsson: Það hefir að eins ein breyting verið gerð á frv. í neðri deild, nfl. við 6. gr., að í stað 200 komi 100 kr. Reyndar áleit eg breytinguna spilla frumvarpinu til muna, en nefndin vill þó ekki tefja tímann með því að fara að breyta þessu aftur, og ræður því til að samþykkja frv. óbreytt.

Umræðum lokið.

Frv. sþ. í einu hljóði og afgreiðist sem lög frá alþingi.

Breyting á tolllögum.

FRUMVARP til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísland 8. nóvember 1901.

Fyrsta umr. í efri deild 25. apríl (695);

August Flygenring: Eg vildi að eins leggja til, að kosin sé 5 manna nefnd að lokinni umræðu, en eg álít ekki þörf á að ræða málið við þessa umræðu.

ATKVGR.:

Málinu vísað til 2. umræðu í einu hlj.

5 manna nefnd samþ. í einu hljóði og í hana kosnir:

Ágúst Flygenring,
Sigurður Hjörleifsson,
Eiríkur Briem,
Ari Jónsson,
Stefán Stefánsson.

Önnur umræða í efri deild 3. maí (695; n. 838);

Framsögumaður (Aug. Flygenring): Þetta frumvarp, sem hér liggur fyrir, hefir inni að halda örlitlar breytingar á núgildandi tolllögum. Sú breyting, sem teljandi er, er sú, að tollurinn á hverju kaffipundi hækkar um 2 aura og á hverju sykurpundi um 1 eyri. Önnur tollhækkun frumv. hefir naumast teljandi aukning á tekjur landsins í för með sér. Eg býst við, að hækkunin á tolli á kaffi og sykri auki tekjur landssjóðs um 60 þús. kr. Hvað breyttill. nefndarinnar snertir, eru þær að eins orðabreytingar. Við nefndarmennirnir viljum kalla mæli *„lítra“* og tvípund *„kílogram“*. Í 1. gr. er skotið inn nokkrum orðum, á eftir orðunum „er bryti skipsins“ í 5. línu síðustu málsgreinar, sem eiga að tryggja það, að viðkomandi yfirvöld geti rannsakað hjá fleyrum en bryta skipsins, hvaða vörur þeir hafa meðferðis.

Eg fyrir mitt leyti og nefndin, sem ég naut þeirrar virðingar að eiga sæti í, felst því á frumvarpið og telur þær tollhækkanir, sem það fer fram á, réttmætar. En eg skal bæta því við frá eigin brjósti, að eg tel það alt of lítla hækkun, sem frumvarpið ákveður. Mér er með öllu óskiljanlegt, hví þeir menn, sem komið hafa bannlögunum á og einkum þó þeir, sem hindrað hafa frestun á framkvæmd þeirra, hafa ekki flutt tillögur um meiri tolllhækkun á þessum vörum, því að það eru þær vörur, eru geta aukið tekjur landssjóðs, svo að um munar. Það hefir verið regla hjá okkur og eg vildi óska, að sú regla héldist lengi, að hafa tollstofnana fáa, en tollana þeim mun hærri á þeim vörum, sem tollaðar eru. Þetta er regla, sem allar mentaðar þjóðir leitast við að fara eftir. Það hefir verið reynt, að tolla neyzluvörur og munaðarvörur, en hafa þá sem minsta á nauðsynjavörum og enga á framleiðsluvöru. Það er undarlegt, en það er helzt svo að sjá, sem sumir háttvirtir þingmenn vilja ekki sjá, að það verður ekki náð tekjum í landssjóð nema með því að leggja skatta eða einhvern veginn lagaðar auknar álögur á landsmenn. Eða það lítur út fyrir, að aðrir vilji að vísu lögleiða tolla, en gera það þannig, að fólk sé dulið þess, að það greiði tollana, — vilja ekki láta það vita, hvað um er að ræða. En eg vona, að þjóðinni skiljist,

að það er ljótur leikur, sem hér er verið að leika. Eg sagði, að mig furðaði á því, að þeir, sem greiddu atkvæði gegn frestun bannlaganna, skuli ekki hafa farið fram á meiri tollhækkun á þessum vörum en hér er gert og þetta er því undarlegra, er þess er gætt, að í nágrannalöndunum er tollurinn á þessum vörum miklu hærri. Þegar þetta frumvarp er orðið að lögum, verður tollurinn $7^1/_2$ eyrir á sykri og 15 aurar á kaffi. Í Noregi er sykurtollurinn 10, Svíþjóð $15^1/_2$, Þýzkalandi $8^1/_2$, Austurríki $15^1/_2$, Frakklandi 12, Hollandi, sem producerar mjög mikinn sykur, 19 aur. á pundinu. Í Noregi er kaffitollurinn 20 aurar, í Rússlandi 25 aurar, í Frakklandi 50 aurar, í Austurríki 35 aurar. Í Þýzkalandi hefir hann nýlega verið hækkaður úr 18 aurum upp í 27 aura. Hví getum við ekki fært tollinn eins upp og aðrar siðaðar þjóðir í kring um okkur? Hvort ætli sé nú betra, hyggilegra og hagfeldara að taka hálfrar miljón króna eyðslulán eða hækka þennan réttmæta og heppilega toll? Það er undarleg skammsýni að telja slíkt óhæfu, þar sem flestar aðrar þjóðir hafa miklu hærri toll á þessum vörum.

Ráðherra (Kr. J.); Það var að eins örlítil athugasemd, sem eg vildi gera um breytingartillögur nefndarinnar, sem eg get eigi fallist á. Nefndin leggur það sem sé til, að í staðinn fyrir orðið *mæti* eða *mælis* komi orðið *„litra“* og í staðinn fyrir tvípund komi *„kílógr“*. Eg skal játa að eg er engan veginn ánægður með öll þau íslenzka heiti á vog og mæli, sem stjórnarráðið hefir tekið á skrá, en um orðið tvípund get eg sagt, að eg fellli mig sérstaklega vel við það. Í lögunum 1907 segir, að stjórnarráð Íslands geti ákveðið, hver íslenzk heiti megi nota jafnhliða útlendu nöfnunum. Eg ætla að þessi nöfn, sem eg hér er að tala um, séu tekin úr skrá, sem stjórnarráðið hefir samið eða látið gefa út. Eg vildi leggja það til, að þessi heiti væru látin halda sér. Þetta er að vísu ekki stórvægilegt atriði, en eg felli mig betur við, að þessu sé ekki breytt.

Kristinn Daníelsson: Eg get í raun-inni fallið frá orðinu, því að hæstv. ráðherra hefir tekið það fram, sem eg ætlaði að segja. Þó að þessi útlendu heiti séu komin í lög, ættum við að geta komið íslenzkum heitum í ný lög, eg sé ekkert því til fyrirstöðu, að breytt sé um nöfn í öðrum lögum. En ef þessi útlendu heiti komast í frumvarpið, vildi eg óska, að skrifað væri *lítri* og *kílogram*, því að það kemur aldrei fyrir, að stafurinn *i* sé borinn fram sem *í*.

Eiríkur Briem: Það var að eins lítil athugasemd, sem eg vildi gera út af ræðu hæstv. ráðherra og háttv. þm. V. Ísf. (Kr. D.) Það hefir, eins og kunnugt er, verið mikið deilt um heiti á metrakerfinu, hvort þau ættu að vera íslenzk eða ekki, eða hvort vér Íslendingar eigum að hafa þar sömu nöfn og aðrar siðaðar þjóðir. Í Hollandi og sumstaðar annarstaðar hefir verið reynt að taka upp innlend nöfn, en það mishepnast. Samgöngur við aðrar þjóðir eru miklar og tíðar og alþjóðaheitin urðu ofan á. Nú er svo ákveðið í íslenzkum lögum, að heitin skulu vera alþjóðaheitin, en stjórnarráðið getur þó ákveðið, eins og hæstv. ráðherra benti á, hver íslenzk heiti *megi* nota jafnhliða útlendu nöfnunum. Það var gert af þægð við einn mann í þinginu 1907 að leyfa þessu ákvæði að komast í lögin, en í þeim eru notuð hin alþjóðalegu orð og alþjóðalegu tákn, og er rangt að víkja frá því. Hér er um það atriði að ræða, hvort vér eigum að hafa nöfn, sem allir, hverrar þjóðar sem þeir eru, geta skilið eða ekki. En um íslenzku heitin er það að segja, að sum geta farið vel, sum illa. En það er að þeim, sem fara vel, að þau eru of óákveðin. Mælir hefir margar þýðingar, og úr því getur orðið ruglingur. Stika hefir margskonar merkingar. Orðið pund er og ekki íslenzkara en orðið kílógram. Eg álít það

með öllu skakka stefnu, sem hér er haldið fram. Forfeður vorir á gullöldinni hikuðu ekki við að taka upp í málið ýms útlend orð t. d. orðið prest, biskup o. fl. Og þessi stefna bætir ekki íslenzkuna. Þetta verður að eins til þess, að menn gleyma því, sem er aðalatriðið í málinu og í hverju máli, sem er setningaskipunin og orðalagið alt. Auk þess er með öllu árangurslaust að ætla sér að standa gegn straumnum, því að svo framarlega sem viðskifti og samgöngur Íslendinga við aðrar þjóðir aukast, þá hljóta alþjóðanöfnin að verða ofan á. Auk þess eru nöfnin á metrakerfinu og fyrirkomulagið á sambandinu milli lengdar, rúmmáls og þyngdar hin dásamlegasta hugsmíð; nöfnin eru mjög einföld og óbrotin, því að latnesku nöfnin eru höfð á þeim hlutum þess, sem ganga niður á við, en grísku nöfnin á þeim, sem ganga upp á við. Þetta ruglast gersamlega, ef það á að fara að íslenzka nöfnin. Íslendingar hljóta að geta lært þessi alþjóðlegu heiti, sem eru alls 10 að tölu, ekki síður en aðrar þjóðir og sé eg ekki, því vér megum ekki taka þau upp, eins og þær.

Steingrímur Jónsson: Eg er sammála háttv 2. kgk. þm. (E. Br.), að því er aðal-atriðið snertir. En hér stendur litra; á það ekki að vera litri? *(Eiríkur Briem:* Nei). Getur það ekki verið það hér? *(E. Br.:* Nei). Jæja, það er þá ekki meira að segja um það.

Ráðherra (Kr. Jónsson): Því fer fjarri, að eg sé því mótfallinn, að útlend orð séu notuð í íslenzku máli, ekki síst, ef þau eru þannig, að þau geti vel sameinast íslenzkunni. En orðið *„kílógram“* getur aldrei vel samþýðst íslenzkri tungu. Það mundi innan skamms breytast þannig, að úr því yrði *kílgram* eða annað slíkt orðskrípi, á líkan hátt og orðið episcopus hefir breyzt í biskup. Þegar vér nú eigum til svo ágætt orð sem tvípund, er sjálfsagt að halda því. Og úr því að orðið mælir er haft í nafnaskrá stjórnarinnar, sé ekki heldur ástæðu til þeirrar breytingar, sem hér er farið fram á, að því er það orð snertir.

Kristinn Daníelsson: Eg álít það ekki rétt, sem háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) heldur fram, að þar sem það sé skipað fyrir með lögum að hafa útlend heiti, þá megi ekki víkja frá þessu í öðrum lögum. Eg sé ekkert því til fyrirstöðu, að ekki megi setja önnur orð inn í önnur lög. Annars hefir Íslendingum ekki orðið skotaskuld úr því að búa til íslenzk heiti á því, sem þeir þurfa að halda eða þýða alþjóðleg orð á mál sitt. Annars verður víst ekki mikill árangur af því, að deilt sé um þetta atriði. Það sem fyrir mér vakir er það, að íslenzkt er íslenzkt, og því á að nota það, ef hægt er. Eg veit vel, að ýms útlend orð hafa slæðst inn í íslenzkuna hjá forfeðrum okkar. En þó að þeim yrði það *óviljandi* á að taka upp útlend orð, þá sé eg ekki, að við eigum vísvitandi og með ásettu ráði að taka upp útlend nöfn og heiti, ef annars er kostur. Mér finst, að við eigum að hafa íslenzk heiti á öllum hlutum, ef hægt er, að minsta kosti alt af bezt.

Umræðum lokið.

2. brt. við 1. gr.. samþ. 7 : 4 atkv.
3. „ „ „ „ „ 8 : 3 „
4. „ „ „ „ „ 12 shlj „
5. „ „ „ „ „ 12 „ „
6. „ „ „ „ „ 12 „ „

1. gr. þannig breytt sþ. í einu hljóði.
2. 3. 4. 5. 6. 7. sþ. hver um sig með 12 shlj. atkv.
1. brt. við fyrirsögn frv. sþ. í einu hljóði.
Fyrirsögn þannig breytt samþ. án atkv.
Frv. vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Þriðja umræða í efri deild 5. maí (872, 933).

Framsögumaður (Augúst Flygenring): Eg þarf ekki að tala neitt um frumvarpið sjálft, en vildi að eins geta brtill. á þskj.

933. Eg tók það fram með nokkrum orðum við seinustu umræðu og gerði þá grein fyrir því, að full þörf væri á meiri hækkun á kaffi og sykri en hér er farið fram á. Þessu hefir ekki verið andmælt og engar tillögur hafa komið fram um, hvernig afla eigi landsjóði tekna. Það er stefna nefndarinnar, sem hún víkur ekki frá, að tollstofnarnir séu fáir og þeir látnir bera mikið, og að tollarnir séu lagðir á eyðsluvörur eða munaðarvörur, helzt á þær vörur, sem menn geta valið eftir vild sinni. Eins og kunnugt er, hefir einum tollstofninum, vínfangatollinum, verið kippt burtu og lá þá ekkert beinna við, en að flytja þann toll, sem goldinn var af vínum, yfir á kaffi og sykur. Það er reynsla fyrir því, að þessir tollar hafa gefist mjög vel. Eg efast um, að nokkur skattur hér á landi komi betur niður, þessir tollar íþyngja mönnum minst. Þetta er margfalt betra en að dreifa skattinum á margar vörutegundir og láta fólk svo vera í þoku um þá skatta, sem það greiðir til opinberra þarfa. Með því fyrirkomulagi koma skattarnir misjafnar niður, af því að sárafáar vörutegundir eru það, sem allir neyta í svipuðum mæli. Skatturinn lendir þá á einstökum stéttum og verður í raun og veru tilfinnanlegri fyrir buddu almennings, því það er víst, að kaupmenn munu þá færa vöruna fram um talsvert meira en tollinn og sem maður kallar „runda tölurnar of víða“ til þess að ná sé vel niðri fyrir tollinum. Eg vona, að þessi skilningur nái meira og meira fylgi hjá þjóðinni.

Það er ekkert nýtt, sem við tillögumennirnir förum fram á. Það ekki ný stefna, sem eg held hér fram. Það er ekki annað en það, sem viðgengst hjá öllum siðuðum þjóðum, sem við höfum kynni af.

Þessi skattur er miklu hærri hjá þeim en oss, eins og eg sýndi fram á við síðustu umræðu.

Eg ætla ekki að þreyta deildina með langri ræðu. En eg varð að gera grein fyrir afstöðu meiri hluta nefndarinnar, en hún er sú, — og eg hef sýnt fram á það með fullum rökum, bæði nú og einkum við síðustu umræðu, — að þetta sé eina leiðin til að fylla það skarð, sem bannlögin hafa höggvið í landsjóð. En það er eins og það þýði ekki neitt að tala við menn um þetta, ekki af því, að þeir fallist ekki á þessar röksemdir, heldur af því, að þessi tillaga kemur fram á óhentugum tíma.

(*Sigurður Stefánsson:* Hví er tíminn óhentugur?)

Það er óhentugur tími af því, að nýjar kosningar eru í nánd. Eg hefi átt tal við marga þingmenn í dag af báðum flokkum eða öllum flokkum. Allir eða að minsta kosti flestir hafa þeir verið tillögunni mótfallnir. Þeim þykir rétt að bíða aukaþings 1912. Það er því ekki til neins að koma fram með þessa tillögu. Hún verður ekki samþykt á þinginu, fyrir því hef eg fengið fulla vissu. Af þessari ástæðu tekur nefndin tillöguna aftur, svo að málið verði ekki að þrætuepli milli deildanna og frumvarpið verði ekki að lögum fyrir þá sök.

Lárus H. Bjarnason: Eg er háttv. meiri hluta nefndarinnar sammála um það, að breytingartillagan hefði útvegað áreiðanlegan tekjuauka, sem sá kostur er og á, að hann er auðveldur innheimtu. En tollur á kaffi og sykri er nú orðinn svo hár, að mér finst ógerlegt að fara lengra á þeirri leið, en farið er í frumvarpinu, enda kemur þessi tollur þar harðast niður, er sízt skyldi, kemur þeim verst, er fátækastir eru, þeim sem búa við sjávarsíðuna. Þar mega þessar vörur heita orðnar nauðsynjavörur. Enn verður að gæta þess, að þessi tollhækkun er gerð að þjóðinni fornspurðri. En ef þjóðin á nokkru máli að ráða, þá er það þau atriði, á hvern hátt og hve mikið hún vill gjalda í skatta. Eg er því meiri tollhækkun á þessum vörum, kaffi og sykri, mótfallinn, enda er það ekki okkar minni-hlutamanna á alþingi að benda á tekjuauka handa landsjóði. Í gær voru

fjárlögin, eins og háttv. þingdeildarmenn vita, til einnar umræðu í neðri deild, og þar voru útgjöldin aukin nálægt 100 þús. kr. Þar af átti minni hlutinn að eins þátt í 600 kr. á fjárhagstímabilinu, ellistyrk til gamals þingmanns. Að öðru leyti átti „Sjálfstæðisfl.“ svo kallaði alla hækkunina. Einn meiri-hlutaþingmaður, þm. Rvík, fór fram á 104,500 kr. hækkun. Það er því skylda þeirra, sem gjöldin auka svona gífurlega, að fylla þessa hít. Það er enganveginn vegna væntanlegra kosninga innan skamms, að eg er þessari tollhækkun mótfallinn, heldur af því, að tollurinn yrði að minni ætlun með því móti of hár.

Sigurður Stefánsson: Mér þótti leiðinlegt, að þessi breytingartillaga var tekin aftur. Eg hefði greitt atkvæði með henni, ef til hefði komið. En það er víst ekki til neins að taka hana upp aftur. Og mér þykir það illar fréttir, að þingmenn sjá sér ekki fært að styðja hana, því að það hefði verið mikil þörf á þessari hækkun, eftir því sem fjárhagshorfur eru á næsta fjárhagstímabili.

Eg er háttv. 5. kgk. þm. ekki sammála um, að tollur á þessari vöru sé of hár og að hér verði nú staðar að nema. Það er skoðun mín, að þessir tollstofnar séu þeir hentugustu og hagfeldustu, sem vér höfum. Háttv. framsm. hefir bent á það, að tollar á þessum vörum er hærri hjá öðrum þjóðum, en hjá okkur. Þó að þessi tollhækkun kæmist á, yrðu kaupin söm og áður. Kaffi og sykur hafa hækkað mjög í verði frá því eg man fyrst eftir, en alt af verið keypt fyrir því. Það sýnir, hve fólkinu er mikil nauðsyn á að kaupa þessa vöru. Mér finst það hégómamál, að ekki megi leggja toll á nauðsynjavörur. Landið þarf á auknum tekjum að halda og einhversstaðar verður að taka þær. Meinið er, að flestir skoða tollana sem böl. Það er hugsunarháttur, sem vér þurfum allir að mótmæla.

Háttv. 5. kgk. þm. (L. H. B.) tók það fram, að það væri skylda meiri hlutans, að sjá landsjóði fyrir tekjuauka. Mér þykir það skrítin flokkaskipun, ef að eins annar flokkurinn hefir þá skyldu, að hugsa um að sjá landinu farborða í fjárhagslegum efnum. Eg hélt, að við hefðum allir, hvaða flokks sem við teljumst til, sömu skyldu gagnvart landi okkar og þjóð.

(Lárus H. Bjarnason: Þeir eiga að auka tekjurnar, sem útgjöldin auka).

Mér þykir leiðinlegt að heyra þennan matning meðal góðra manna um það, hverjir eigi sök á, að útgjöldin eru aukin og hverjum beri að sjá fyrir tekjuauka. Eg skil ekki annað, en að allir samvizkusamir þingmenn hljóti að telja það skyldu sína að stuðla að því, að bjarga landi sínu úr fjárhagslegum voða. Að minsta kosti vil eg taka höndum saman við alla þingmenn og flokka til þess. Sannfæring mín er fyrir ofan alla flokka og eg tek það, sem mér þykir gott og styð að framgangi þess, þótt eg geri það með andstæðingaflokki mínum.

Mér þótti, eins og eg sagði, leitt, að breytingartillagan var tekin aftur, og það er víst árangurslaust að taka hana upp. Raunar er eg ekki hræddur við að láta fella fyrir mér tillögur eða mál. Það hefir verið felt fyrir mér á þingi nú, sem mér þykir meira um vert en þessa tillögu. En eg ætla samt ekki að taka hana upp, þar sem það yrði naumast til annars en að tefja fyrir frumvarpinu eða verða því að falli.

Kristinn Daníelsson: Það er í raun-inni óþarfi að tala um þessa breytingartillögu, þar sem hún er nú tekin aftur. Þó get eg ekki stilt mig um að láta þá skoðun í ljósi, að það sé mjög illa farið, ef hækka ætti toll á kaffi og sykri. Háttv. framsögum. mintist á það í umræðunum um farmgjaldsfrumvarpið, að ýmislegt væri ranglátt í því. En það er nokkru meira ranglæti í því, ef tolla ætti kaffi og sykur. Slíkt kæmi harðast niður á fátæklingunum. Eg er viss um það, að margur

embættismaður í Reykjavík brúkar minna kaffi en margur þurfamaður við sjó. Eg get að vísu tekið undir það, sem háttv. þm. Ísf. (S. St.) tók fram, að það geti verið réttmætt að leggja toll á nauðsynjavörur. Landsjóður þarf að fá fé, og það getur verið hentugt og sanngjarnt að leggja toll á vörur, sem allir neyta.

Eg get ekki leitt hjá mér að minnast á það, sem háttv. 3. kgk. þm. (Aug. Fl.) drap á, að tíminn væri óhentugur til að koma á slíkri tollhækkun, sem brtill. fer fram á, fremur sakir þess, að kosningar væru í nánd. Þetta ætti ekki að koma kosningum neitt við, né þær að hafa áhrif á þetta mál. Eg væri, að minsta kosti, óhræddur við að hleypa öllum mínum skipum til brots og mundi vera með tollum, ef það væri sannfæring mín, að það væri rétt. Hitt er það, að flestir þingmálafundir eru mótfallnir hækkun á kaffi og sykri. Þess hefir alment verið krafist, að tollar yrðu lagðar á sem flestar vörur.

Þá vil eg stryka undir orð háttv. þm. Ísf. (S. St.) gegn háttv. 5. kgk. þm. (L. H. Bj.). Eg tek fyllilega undir það, sem hann svaraði honum um skyldur minni hlutans, um að hugsa um að sjá landinu fyrir auknum tekjum. Það er sannarlega líka skylda minni hlutans, ekki síst þegar minni hlutinn hefir jafnmikið bolmagn og getur komið jafnmiklu til leiðar og núverandi minni hluti á þingi getur. Eg hygg, að eg geti fullvissað háttv. 5. kgk. (L. H. Bj.) um það, að ef eitthvað fer aflaga á þessu þingi, komi það ekki síður á bak flokki hans, en þeim flokki, sem eg er í. Hann sagði, að þeir, sem ykju gjöldin, ættu líka að sjá fyrir tekjuauka og benti á það, sem hefði gerst í neðri deild í gær við umræðurnar um fjárlögin, að það hefði verið tillögur meiri hlutans, er ofan á urðu og voru valdandi að útgjaldaaukanum. Eg skal nú geta þess, að eg hefi aldrei farið yfir fjárlögin til þess, að rannsaka slíkt og eg tel mér það til heiðurs fremur en hitt, að eg hefi ekki setið við pósta fjárlaganna í því skyni. En ef þetta er satt, að það hafi verið tillögur meiri hlutans, er samþyktar voru í neðri deild og juku útgjöldin, er það ekki af því, að minni hlutinn er búinn að koma sínu fram og nú er það meiri hlutinn sem tekur við? Eg veit þetta ekki með vissu, því að eg hefi ekki kynt mér breytingartillögur neðri deildar við fjárlögin í gær. Og hví vill minni hlutinn ekki leggja fram sinn skerf til þess að laga það, sem laga þarf í fjárhagnum?

Annars þykir mér þessi matningur um, hverjum tekjuhallinn sé að kenna, heldur leiðinlegur. En eg get ekki látið vera að svara, úr því að þessar brýningar komu fram.

Augúst Flygenring: Brtill. er tekin aftur og skal eg því ekki svara hv. þm. V.-Ísf. nú; eg mun gera það þegar farmgjaldið verður til umræðu. En þess vil geta, að það eru hreinustu draumórar og heimska, ef hann heldur, að hann geti unnið fátæklingum gagn með þessari nýju stefnu í tollmálinu.

Steingrímur Jónsson: Eg þarf ekki að minnast á brtill., þar sem hún hefir verið tekin aftur, en hv. þm. Ísaf. vil eg segja það, að það eru takmörk fyrir því, hve háan toll má leggja á kaffi og sykur, ef þessar vörur eiga að vera framvegis sá góði tekjustofn fyrir landið, sem þær hafa verið. Eg segi ekki, að við séum komnir að þessu takmarki, en við erum komnir mjög nálægt því.

Hv. framsögumaður gat þess, að engin till. hefði komið frá stjórn eða þingi um tekjuauka. Þetta má til sanns vegar færa, ef undanskilið er það frumvarp, sem hér liggur fyrir, því að eg geri ráð fyrir því, að hv. þingm. geti sýnt fram á það, að farmgjaldsfrumvarpið sé ekki nothæft til tekjuauka. En eg vil benda á þá tillögu millilinganefndarinnar í skattamálum, að aðalliðurinn í tekjuaukningu verði beinir skattar. Þessu er eg samþykkur. Hingað til

hefir sú stefna ríkt að leggja aðaláherzluna á óbeina skatta, að taka fé af mönnum án þess þeir viti af. En þessi stefna er óholl. Næsta skref okkar í þessu efni ætti að vera það að koma beinu sköttunum í fast kerfi. Það er óhugsandi annað en að fá mætti talsverðan tekjuauka með því móti. Hvort menn vilja það eða ekki er auðvitað ómögulegt að segja fyrr en leitað hefir verið álits kjósenda um það. En eg get fullyrt, það að í kring um mig í Þingeyjarsýslu mundu allir vera slíkri stefnu meðmæltir. Beinir skattar eru líka nú að ryðja sér til rúms alstaðar annarsstaðar í heiminum. Þeir eru aðal nýmælið í fjárlagafrumvarpi því, er fjármálaráðherra Breta, Lloyd George bar fram í enska þinginu í fyrra. Það er vegna beinu skattanna, sem baráttan um þetta frumv. hefir verið svo ákaflega heit í Englandi. Eg skal ekki fara að blanda mér inní þann samanburð á flokkunum, sem háttvirtir þm. hafa verið að gera. En þó get eg ekki stillt mig um að svara nokkrum orðum hv. þm. V.-Ísf. Haun sagði, að minnihlutinn væri sterkur á þessu þingi og hefði komið miklu fram. Það er satt minnihlutinn er sterkari nú, en hann var á síðasta þingi og þykist eg mega fullyrða, að gott eitt hafi hlotist af, en það vil eg segja sem minnihlutamaður, að eg fann mjög til þess, hversu minnihlutinn var veikur í gærkveld í hv. Nd.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþykt með 11 samhljóða atkvæðum og endursendist Nd.

Höfn í Reykjavík.

FRUMVARP til hafnarlaga fyrir Reykjavíkur kaupstað.

Fyrsta umræða í efri deild 1. apríl.

Lárus H. Bjarnason: Eg leyfi mér að stinga upp á því, að málinu verði vísað til þriggja manna nefndar að umræðum loknum.

Sigurður Stefánsson: Mér virðist skylt að leita upplýsinga hjá hæstvirtum ráðherra, hvernig landsjóður geti látið af mörkum þetta fé.

Eg heyrði að ráðherra tók það fram í neðri deild, að fjárhagurinn væri ekki glæsilegur, og væri æskilegt að heyra, væntanlegri nefnd til leiðbeiningar, hvernig stjórnin ætlar sér að fá þetta fé, sem landsjóður á að leggja til sem beina fjárveiting, ef frumvarpið verður samþykt.

Eg álít að slíkar upplýsingar í byrjun málsins sé nauðsynlegar fyrir nefnd þá, sem um það á að fjalla.

Mér þykir þetta mál of stórfelt til þess, að ekkert sé um það talað við fyrstu umræðu.

Ráðherra: Það er rétt, að mál þetta er stórfelt, en sú mun vera ástæða til þess, að við Reykvíkingar tölum ekki mikið í því hér í deildinni, að það hefir verið rætt svo mjög hér, bæði í bæjarstjórn og á almennum fundum. Eg mun svo svara sem eg get fyrirspurn þeirri, sem til mín hefir verið beint í sambandi við þetta.

Ef frumvarpið verður samþykt í því formi, sem það liggur fyrir, verður landið að taka lán.

Þetta lán mun ekki ervitt að fá, þar sem lánveitandi athugar gjarnan til hvers lánið er ætlað, og vissulega er það ætlað til arðberandi þjóðþrifafyrirtækis.

Hér er um eitt hið mesta velferðarmál þess bæjarfélags og landsins í heild sinni að ræða, og á það verður litið af erlendum lánveitendum. Þessvegna verður, að minni ætlun, ekki erfitt að fá lán til þessa fyrirtækis, þótt erfitt geti orðið að fá lán til annara fyrirtækja, er síður eru arðvænleg.

Eg lít svo á, að þessi lög muni ekki verða til verulegra erfiðleika fyrir landsjóð. Auðvitað getur það á daginn kom-

ið, að torvelt verði að fá lán, og verða það þá vonbrigði fyrir Reykjavíkurbæ. —

Lárus H. Bjarnason: Mér leizt stundum illa á, er eg var á ferð yfir Ísafjarðardjúp, er „hann hengdi strák í Núpinn", sem kallað var, en sem betur fór varð oft ekki mikið úr því. Eins þótti mér leiðinlegt að finna þann kalda gust, sem lagði af háttvirtum þingmanni Ísfirðinga, en eg vona, að það verði ekki neinn fellibylur úr þeim gusti. Honum ægir fjárframlagið, en hann gætir þess naumast nægilega, að munur er á því til hvers fé er ætlað. Væri hér um eyðslufé að ræða, þá væri slíkri fjárveitingu ekki bót mælandi, en hér er um sannarlegt framfara fyrirtæki að ræða, er kastar af sér arði beint og óbeint bæði bænum og landinu til handa, og því má ekki horfa í framlagið. Að því er ábyrgðina fyrir landsfénu snertir, þá er þess að gæta, að sveitarfélög hafa ekki síður en landsfélög, expensions hæfileika, eða mátt til þess að þenja sig út eptir hæfilegum þörfum, og er því hættulausara að ábyrgjast fyrir fyrir þau en einstaklinga og venjuleg félög. Reykjavík er að vísu skuldug, það skal eg játa, en hún er ekki svo skuldug, að nein hætta sé að ábyrgjast fyrir hana.

Sigurður Stefánsson: Það var óþarfi fyrir háttv. 5. konungkjörinn að tala um að hengdi strákinn í Núpinn eða að andaði köldum gusti frá mér um þetta mál.

Mér dettur ekki í hug að neita, að þetta er þarflegt fyrirtæki og eflaust til framfara fyrir Reykjavíkurbæ, en fyrir landið er nytsemi þess óvissari, þó sú hersveit Reykvíkinga,

(*L. H. B.*: ekki nema $^{5}/_{13}$ til hér í deildinni.)

sem hér er á þingi, vilji telja mönnum trú um það.

Þingið verður að sníða sér stakk eftir vexti svo sem einstaklingurinn. Og ekki gerir bóndinn allar bætur á jörð sinni á einu ári. Efni hljóta að ráða.

Öðru máli væri að gegna, ef hin háttv. hersveit Reykvíkinga gæti sýnt og sannað, að landsjóður græddi á þessu fyrirtæki. Nú er fjárhagurinn svo bágur, að eg verð að kalla það glannalega fjármálapólitik að demba nú á landsjóð 1,600,000 kr. í beinum útgjöldum og ábyrgðum.

Ráðherra (Kr. J.): Fyrstu orð ræðumannsins voru góð og blíð og var ekki nema eðlilegt, að fyrirspurn kæmi um hvernig þessu yrði komið í framkvæmd, en hin síðari orð hans voru kaldari og gustmeiri. Þingmanninum hlýtur að vera kunnugt, hvernig á þetta mál hefir verið litið um fjölda ára, því málið er æfa gamalt.

Höfn hér er ekki eingöngu fyrir Reykjavíkurbæ og Seltjarnarnesið, heldur allt landið, sérstaklega fyrir alt Suðurland.

Það má heita, að hér sé einasta ísfrí höfn á öllu landinu, það er að segja höfn, sem jafnan er laus við ís allan árshringinn. —

Hvervetna annarstaðar er litið svo á, að eitt hið allra þýðingarmesta mál sé að hafa góðar hafnir svo að verzlunin sé gerð trygg.

Hvervetna hlaupa ríkin undir bagga með bæjunum, er þeir koma upp dýrum höfnum hjá sér.

Í Danmörku hefir ríkið lagt mikið til hafnargerða og svo er einnig í Svíþjóð. Í fyrra lagði ríkissjóður þar 1600 þús. krónur til tiltölulega lítillar hafnar.

(*Sig. Stef.*: En hvað eru ríkissjóðstekjurnar?)

Ríkissjóðstekjurnar eru miklar þar, en skuldir eru líka miklar á ríkinu.

Hér er ekki farið inn á neina óvenjulega braut, enn annað mál er það, hvort þingið treystir sér til að sinna málinu og líta á þörf Reykjavíkurbæjar og landsins; en eg vona samt, að svo verði, þar sem svo mikið er í húfi. Það er ekki nema hálft annað ár síðan eg gekk ofan að höfninni hér einn sólskinsdag. Það var eftir austanstorm mikinn, og hafði skip rekið

vestur á höfnina. Þar láu þá öll fiskiskipin líklega milli 40 og 50 í þvögu, og eg gekk heim með þeirri sannfæringu, að ekkert þeirra yrði heilt næsta dag, ef hann hvessti aftur á landsunnan. Það hefði orðið tap uppá nær miljón króna.

Skaparinn sneri þessu þó á aðra leið, því að um kveldið kom dúna logn, en 3—4 daga var verið að greiða úr skipaflækjunni; svo voru akkeri og festar þvælt saman.

Þessu má annars búast við á hverju vori hér, meðan svona stendur og eru mörg hundruð þúsund króna í vetur á höfninni nær því hvern dag, eftir að vertíð byrjar á vetrin, og þetta er þó eina ísfría höfnin á landinu að heita má.

Það mun ekki líða á löngu, ef þetta verk kemst í framkvæmd, að í ljós komi hve stórfelda þýðingu það hefir fyrir alt landið. Verzlunin hlýtur að komast í betra lag en nú er. Hér koma upp stórsöluverzlanir og er það til hinna mestu bóta, þar sem það mun gjöra kaupmönnum út um landið svo hægt fyrir að nálgast vörurnar héðan, í staðinn fyrir að sækja þær til útlanda.

Eg ætlast ekki til, að deildin skuli líta svo á, að eg mæli fram úr öllu hófi með þessu máli eða á þann veg, að eg ætlist til, að deildin gleipi við frumvarpinu athugunarlaust. Eg segi mitt álit um málið, og eg gjöri hvorki að ráða deildinni til að samþykkja frv. eða hafna því, en vona að hún athugi málið vel, og vil þá vona, að hún taki nokkuð tillit til þess, sem eg hefi sagt um það.

Steingrímur Jónsson: Menn hafa fundið ástæðu til að láta í ljósi, nú við 1. umræðu, skoðun sína á þessu máli og vil eg þá gera slíkt hið sama, þar sem um svo stórvaxið mál er að ræða.

Eg get verið háttvirtum 5. konungkjörna þingmanni sammála um, að hér sé um mikið nauðsynja mál að ræða ekki einungis fyrir þennan bæ, heldur og fyrir Suðurland alt og jafn vel einnig fyrir Vesturland. En eg er hræddur um, að þeir háttvirtu herrar geri sér of háar hugmyndir um, hvaða þýðingu það hefir fyrir landið í heild sinni.

Hingað til hefir sambandið fyrir Norður- og Austurland verið léttara við Kaupmannahöfn en Reykjavík og mundi það ekki breytast verulega.

Eg vil þó taka máli þessu vel, þar sem það hefir mikla þýðingu fyrst og fremst fyrir þennan bæ og eg efast ekki um, að stjórnin finni ráð til að útvega það fé, sem með þarf.

Sigurður Hjörleifsson: Eg tek undir með hv. þm. Ísafj. um það, að fullkomin ástæða sé til að ræða þetta mál rækilega við 1. umr. Eg veit yfirleitt ekki, hvaða mál er ástæða til að tala um við 1. umr. ef ekki einmitt þetta mál, svo stórt og mikilsvert sem það er. Sömuleiðis verð eg að segja það, að mér finst framsaga þessa máls hefði getað verið betri og meiri en enn er orðið, þó að ekki séu nema $^{5}/_{13}$ hlutar deildarinnar Reykvíkingar, eins og tekið hefir verið fram! Það sem fyrst er á að líta er að mínu áliti, hvort hér sé um arðvænlegt fyrirtæki fyrir kaupstaðinn að ræða, eða ekki og þá hversu arðvænlegt. Hér hefir ekkert komið fram af hálfu þeirra manna, er mælt hafa með þessu máli, er hægt sé að byggja á í þessu efni. Það eitt hefir komið fram, að upphaflega var farið fram á að lagðar væru fram af landssjóði 800 þús. kr. til hafnargerðarinnar.

Af því lítur svo út sem Reykvíkingar treystist ekki til að leggja meir en helming kostnaðarins til fyrirtækisins. Ef svo er, virðist fyrirtækið ekki vera sem álitlegast; að minsta kosti hlýtur þetta að vekja grun um, að Reykvíkingar séu ekki eins trúaðir á fyrirtækið sem æskilegt væri. Þessi fjárupphæð er nú reyndar orðin helmingi minni í frv.; en á hverju er þörf? Um það vantar allar ábyggileg-

ar skýrslur, og er það tilfinnanlegur galli á framsögu málsins. Slíkar skýrslur eru nauðsynlegar til þess, að þm. hafi eitthvað að byggja á, og eiga þær auðvitað að koma fram við 1. umr. málsins. Í upphafi var farið fram á, að landssjóður legði til 50% af kostnaðinum, síðan var sú upphæð færð niður í 25%. Til samskonar fyrirtækis á Akureyri lagði landssjóður aðeins 10% af kostnaðinum. Þegar þessar tölur eru bornar saman við fólksfjölda í Reykjavík og á Akureyri, þá var fyrirtækið, sem Akureyrar-kaupstaður réðist í, ekki mikið minna en þetta er fyrir Reykjavík, og það lítur út fyrir, að það borgi sig þar. Eg tek það enn fram, að aðalatriði málsins er það, hve mikið Reykjavíkur-bær er fær um að leggja fram til fyrirtækisins, ef hann er ekki fær um að standa straum af því að öllu leyti. Um þetta atriði eiga þingm. heimting á að fá ábyggilegar skýrslur, því að undir því hlýtur það að miklu leyti að verða komið, hve stórt framlag landssjóðs á að vera. Eg skal taka það fram, að eg mæli þetta ekki af neinum kala til frv. Verði sú reynd á, að hér sé um fjárhagslega skynsamlegt mál að ræða, þá á eg erfitt með að vera á móti því. Mér er vel við fyrirtækið, og er það einmitt af umhyggju fyrir því, að eg heimta ábyggilegar skýrslur því viðvíkjandi. Það getur alls ekki talist vottur um mótspyrnu móti neinu máli, að krefjast þess, að glögg grein sé gerð fyrir því.

Lárus H. Bjarnason: Það er engin ástæða til að halda framsöguræðu á þessu stigi málsins, þó að hv. þm. Ak. reyndi að sjóða upp eftir hv. þm. Ísafj. það sem hann var búinn að segja miklu betur á undan honum. Hv. þm. eiga að sjá það, að hér er ekki um neitt eyðslufyrirtæki að ræða, heldur þarflegt gróðafyrirtæki, ekki aðeins fyrir Reykjavík, heldur alt landið. Höfn hér hlýtur að verða til þess að auka verzlun landsbúa, efla fiskiveiðarnar, og gera nærsveitum Reykjavíkur auðveldara að koma af sér afurðum sínum o. fl., en þá aukast um leið tekjur lands og bæjar og tekjur af auknum tollum, siglingargjöldum o. fl. Að heimta ábyrgðarskýrslur um fyrirtæki, sem er algerlega nýtt og óþekt hér á landi, nær ekki nokkurri átt. Raunar hefir bæjarstjórnin reynt að gera sér grein fyrir, hvernig fyrirtækinu mundi reiða af, og hefir hún komist að þeirri niðurstöðu, að bærinn mundi geta staðið straum af því, með því framlagi úr landssjóði, sem farið var fram á í byrjun. Sú greinargjörð bæjarstjórnarinnar er prentuð og hv. deildarmönnum mun verða gefinn kostur á að kynnast henni. En þó að það framlag fáist ekki úr landssjóði, sem upphaflega var farið fram á, er engan veginn sagt, að bærinn geti ekki komist af með minna. Hafnargjörðin var meðal annars ráðgjörð þannig, að skifta mátti henni í 2 parta á þann hátt, að annar parturinn einn gæti komið að miklu haldi. Annars situr það ekki á þeim nöfnunum, sem sitja báðir við sjálfgerðar hafnir, að anda kalt í móti þessu máli. Reykjavík stendur miklu ver að vígi en þeirra kaupstaðir og því hefir bærinn nýlega lagt nálægt miljón í gas og vatn, auk þess sem hann hefir nú höfnina á prjónunum. Annars get eg búist við, að hægt verði að seðja forvitni hv. þm. Ak., að svo miklu leyti sem hún er ekki óseðjanleg, þegar málið kemur úr nefnd og verður til 2. umr. Eg bjó mig ekki undir að tala langt mál við þessa umr. Eg bjóst við, að málið kæmist hljóðalaust í nefnd, og eg veit, að það kemst í nefnd, hvað sem þeir nafnarnir segja.

Kristinn Daníelsson: Úr því að umræður hafa orðið um þetta mál við þessa 1. umr., þá langar mig til að leggja líka orð í belg. Þetta er stórmerkilegt mál, og get eg ekki annað en viðurkent, að réttmætt sé að tala um það frá almennu

sjónarmiði við 1. umr., svo sem venja er um stór mál. Óþarfi er þó að hleypa gusti eða rembingi í umræðurnar. Þær ættu að vera höglegar og fara ekki út fyrir málefnið. Eg get ekki annað en litið svo á, að hér sé um stórmikið og merkilegt mál að ræða, ekki einungis fyrir Reykjavík, heldur fyrir alt landið. Það hefir verið sagt og er í rauninni rétt, að hér hefir engin framsöguræða verið haldin. Að vísu kemur málið frá Nd., og þarf því síður framsögumann, en þó er það venja, að mál, sem þaðan koma, eigi sér vísan mann, sem flytji þau í þessari deild.

En þetta mál er svo mikilsvert, að það þarf í sjálfu sér engan framsögumann. Það á það skilið, að öll deildin taki það að sér, þó ekki hafi verið útvegaður sérstakur maður til að „agitera“ fyrir því. — Mér væri það hugkvæmast, að það yrði ekki Reykjavíkur-bær heldur landið, sem annaðist fyrirtækið að öllu leyti og hefði allan arð af því, því að þetta mál er fyrst og fremst landsmál; gagn og sómi landsins er grundvöllurinn undir því. Að svo miklu leyti sem eg hefi vit á, byggi eg mínar sterkustu vonir um framfarir í verzlun landsins og fiskiveiðum, á því, að hér í Reykjavík komi viðunanleg höfn. Eg hefi aðeins upp það, sem sagt hefir verið áður, þegar eg minni á þjóðmenningarhlið málsins, hversu mikla þjóðmenningarlega þýðingu það hefir, að einhver höfn sé til á landinu, þar sem lífi manna og varningi er óhætt. Það væri mikið gefandi fyrir, að ekki þyrfti að koma fyrir aftur álíka saga og þegar Reykvíkingar fyrir nokkrum árum stóðu, án þess að fá nokkuð við gert og horfðu á 22 menn detta hvern eftir annan úr reiðanum á skipi, sem komið var inn á höfn,

(Kr. J.: Skipið var ekki á höfninni).

Það var í sundinu milli Engeyjar og Viðeyjar; hvort það var utan eða innan við eyjartaglið skiftir ekki miklu. Hefði hér verið höfn þá, þá hefði saga þessa lands ekki haft frá þeirri sorg og smán að segja. En þrátt fyrir þetta alt, þá játa eg, að mál þetta hefir stór-athugaverða fjárhagshlið, og auðvitað er engin meining í að ráðast í þetta, *ef* það er fjárglæfrafyrirtæki. Hinsvegar hefir landið áður ráðist í stór fyrirtæki, og varla lagt fé til mála, sem líklegri voru til framfara. En samt sem áður þarf þessi hlið málsins nákvæma yfirvegun, og er því sjálfsagt að kjósa nefnd í það hér í deildinni, til þess að útvega þær skýrslur, sem hægt er að grafa upp til að upplýsa það. Eg tel víst að fá megi skýrslur um það, sem nokkuð megi byggja á, þó að ekki verði hægt að leggja allar tölur á borðið. Enda er minni þörf á nákvæmlega sundurliðuðum skýrslum í slíku máli, sem er í hverju landi viðurkent eitt sjálfsagðasta málið. En þrátt fyrir alt þetta, sem eg hefi sagt málinu til stuðnings, tek eg það fram, að komist væntanleg nefnd að þeirri niðurstöðu, að þetta sé glæfra-fyrirtæki, þá held eg mínu atkvæði frjálsu.

Sigurður Hjörleifsson: Eg get tekið undir flest þau hlýlegu orð, sem hv. þm. V.-Ísf. talaði um þetta mál. Eg ætla ekki að láta hv. 5. kgk. fæla mig frá því að vera vinveittur því, þó hann bregði mér um, að eg sé því fjandsamlegur, vegna þess, að eg hefi óskað eftir skýrslum um það. Það er ávalt talin nauðsynleg undirstaða undir hvert mál, að fengnar séu skýrslur um hina fjárhagslegu hlið þess. En það er víst ekki til neins að fara fram á slíkt að svo stöddu máli, þótt margir, sem sæti eiga hér í deildinni ættu að vera kunnugir þeirri hlið málsins. Að snúa sér til þeirra virðist vera að fara í geitarhús að leita ullar. Eg mótmæli því, að það að fara fram á slíkt, eigi skilt við rembing. eins og hv. 5. kgk. vildi kalla það. Hitt er miklu fremur rembingur að reyna að láta líta svo út sem það sé honum að

þakka, að málið kemst í nefnd, þar sem allir deildarmenn eru því vitanlega meðmæltir. Það er óhrekjanlegt, að aðalatriði og undirstaða málsins er það, hversu arðvænlegt fyrirtækið muni verða fyrir Reykjavík, samanborið við kostnaðinn. Það er líka fyllilega réttmætt að benda á það, að eins og málið kom fyrir þingið, leit út fyrir, að Reykjavíkur-bær treystist ekki til að standa straum af fyrirtækinu nema að hálfu leyti. Auðvitað yrði höfn hér í Reykjavík hagnaður fyrir alt landið, og það er þingsins að meta þann hagnað, en á hinn bóginn er það Reykjavíkur að áætla, hve mikið bærinn muni geta borið af kostnaðinum. Eins og eg hefi þegar tekið fram oftar en einu sinni, þá er eg málinu hlyntur, en það er nauðsynlegt, að íhuga það og rannsaka miklu betur en gert hefir verið til 1. umr.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.; sþ. að kjósa 3 manna n. í e. hlj.

Kosning hlutu:
Lárus H. Bjarnason,
Kristinn Daníelsson,
Ágúst Flygenring.

Önnur umræða í efri deild 18. apríl (427, 611).

Framsm. (Kristinn Daníelsson): Það er mikilsháttar mál, sem hér liggur fyrir hinni háttvirtu deild, og verðskuldar athygli. Hér er ráðist í hið dýrasta fyrirtæki, þar sem lagt er út í kostnað, sem nemur 1,600,000 kr. Háttvirtum deildarmönnum er orðið ljóst þetta mál og hafa eflaust gert sér grein fyrir hvað hér er um að ræða. Það er því óþarfi, að hafa langa framsöguræðu. Þó vil eg fara um það nokkrum orðum fyrir hönd nefndarinnar. Sögu málsins þarf ekki að rekja hér og nægir að vísa í því efni til nefndarálitsins og áætlana, sem fyrir liggja.

Þá vil eg drepa á helztu atriðin. Á þessu máli var byrjað 1896, og síðan hefir verið haldið áfram. Málið hefir smám saman þroskast og skýrst, og svo er um mörg mikil mál.

Fyrst koma þau sem óframkvæmanleg, en smám saman opnast möguleikur að koma því í framkvæmd, og svo er um þetta mál, sem nú ætlar að sjá fyrir endann á.

Það byrjaði með því, að danskur hafnsögumaður kom upp og gerði áætlun um .... Eg sé ekki ástæðu til að eyða orðum fyrir tómu húsi og fell frá orðinu. —

Eg skal þá taka til máls aftur, en tel sjálfsagt að hlaupa yfir alla óþarfa punkta. Það eru sérstaklega 2 atriði í þessu máli, sem ekki er hægt að ganga alveg fram hjá. Annað atriðið er hlutfallið milli fjárframlagsins frá Reykjavík og framlagsins frá landinu. Þetta atriði var rætt í nefndinni og einn nefndarmanna fór því fram á, að tillag landsjóðs yrði hækkað, meðal annars af því, að hann taldi bæjarfélagi Reykjavíkur ofvaxið að leggja í svo mikinn kostnað.

Annað aðalatriði í þessu máli var það, hvort fjárhag landsins sé svo farið, að fært sé að ráðast í þetta fyrirtæki nú þegar, eða hvort bíða skal.

Niðurstaðan í nefndinni varð sú, að ekki virtist fjárhagurinn svo ískyggilegur, að ekki mætti ráðast í það þess vegna.

Raunar hafa heyrst raddir um ískyggilegan fjárhag, einkum í máli því, sem síðast var á dagskrá.

Allir kannast við, að varasemi er mjög góð og það eru gagnlegir menn, sem vara við allri ógætni, og gera þarf í tíma ráðstafanir til verulegs tekjuauka þegar þörf er á. En eg get alls ekki séð, að það fjárhagsástand sé svo ískyggilegt, sem látið er af. Við höfum aldrei sloppið undan tekjuhalla á fjárlögunum, en það hefir jafnan sýnt sig, að það hefir marist undan. Stundum að eins, en stundum mjög svo vel.

Fráfarandi stjórn var fundið það til foráttu, og hefir það oft verið ítrekað hér í deildinni, að hún hafi mjög illa séð fyrir

fjárhag landsins. Eg reyndi að sýna það í öðru máli, að svo hefir ekki verið.

Stjórnin lagði fram frumvarp, sem sýndi ekki verulegan tekjuhalla. Stjórnin hafði enn fremur gert ráðstafanir til, að til taks væru ráð til þess að bæta úr fjárhagnum, ef til þess þyrfti að taka, þó hún vildi ekki grípa til þeirra að óþörfu.

Eins og sjá verður fyrir nýjum tekjum, verður einnig að sýna gætni í því, að íþyngja ekki of mjög með sköttum. En eg álít, að fjárhagnum megi til að bjarga fyllilega.

Eins og fjárlögin eru nú, er 300 þús. króna tekjuhalli. En verði farmgjaldið samþykt, sem gera má ráð fyrir, að 200 þúsund krónur hafist upp úr, eru eftir 100 þúsund krónur og er þetta tiltölulega lítill tekjuhalli og myndi á landsreikningnum sýna sig að yrði enginn tekjuhalli. Eg var mintur á af einum háttvirtum þingdeildarmanni, að auk þess væru fjáraukalög 1908—1909 og 1910—1911. Eg skal að eins benda á, að fjáraukalögin 1908—1909 koma ekki til greina, þar sem búið er að borga út þær fjárhæðir, sem þar ræðir um og líklega allar komnar inn á landsreikninginn. Fjáraukalögin fyrir 1910—1911 koma heldur ekki til greina á þessu fjárhagstímabili. Fyrst þurfa landsreikningarnir að koma og sést þá, hvernig þar stendur. Eg sé ekki, að neitt háskalegt vofi yfir nú á þessu fjárhagstímabili, eða neitt, sem ekki verði ráðið fram úr. Í þessu sambandi hefir verið talað um skuldir landsjóðs og sagði háttvirtur þingm. Strandamanna að mestu leyti rétt frá þeim.

(*Ari Jónsson:* Hvað var rangt?)

Hann nefndi þær sem sé eins og þær voru í okt., en eg vil benda á, að það er nú svo, að af þessari hálfu miljón eru ekki eftir nema 47000 kr. og skuldin við ríkissjóð er um 530 þúsund. 900,000 króna skuld landsjóðs kemur ekki við fjárlögunum, nema að því leyti sem hún afborgast. Þar sem háttvirtur þingmaður Strandamanna talaði um hálfrar miljón króna lánið frá 1909, þá er það engin skuld á fjárlögum. Að vísu hefir landið tekið lánið, en það er ekki í skuld, þar sem féð er ekki eytt. Skuldirnar eru því, fyrir utan þá einu miljón, sem á að afborgast smátt og smátt, skuld við ríkisféhirzluna, sem gengur upp og ofan og væri æskilegt, að sú skuld yrði minkuð sem mest.

(*Ari Jónsson:* Eg mótmæli svoleiðis reikningi).

Eg hygg að þingmaðurinn geti ekki mótmælt því, að þetta getur ekki gert fjárhag landsins iskyggilegan.

Eg verð því að álíta, að landsjóður sé alls ekki í þeim kröggum fjárhagslega, að hann geti ekki ráðist í þau útgjöld, sem til er stofnað með þessu frv. Eg fyrir mitt leyti hygg að réttast væri að taka lán til þessa fyrirtækis, fremur en að borga upphæðina á t. d. fjórum fjárhagstímabilum með 100 þús. kr. fjárveitingu á hverju tímabili. En það bíður vitanlega síns tíma að gera ráðstafanir þar að lútandi. Eg mun svo ekki fara mörgum fleiri orðum um málið, en get að eins lýst því yfir, að nefndin ræður hv. deild til að samþykkja frv. óbreytt. Að vísu liggur fyrir breytt. frá einum hv. nefndarmanni, sem hann hefir borið fram samkvæmt fyrirvara sínum í nefndarálitinu, en nefndin hefir ekki borið sig saman, síðan brtill. kom fram, þó hún raunar byggist við henni. Þó held eg að eg megi fullyrða, að nefndin muni verða á móti till., eftir þeim undirtektum, sem uppástunga sú, er í till. felst fékk á nefndarfundum. Að öðru leyti mun eg ekki tala meira á móti brtill. fyrr en flutningsmaður sjálfur hefir gert grein fyrir tilgangi sínum með henni.

Ari Jónsson: Eg stend að eins upp til að mótmæla því, að nokkuð hafi verið rangt í skýrslu minni um skuldir okkar við Dani eins og þær voru í októbermánuði í haust. Mér þykir hart ef aðeins á að taka til greina skuldina við ríkissjóðinn

og viðskiftalánið, en skilja eftir það lán, sem við skuldum dönskum bönkum, er tekið var 16. júní 1909 og á að borgast á 30 árum.

Sigurður Stefánsson: Eg verð líklega nokku hjáróma í þessu máli, eins og fleirum. Ekki þó af þeirri ástæðu, að eg álíti þetta ekki framfara og nauðsynja mál, heldur af því, að hv. framsögumaður benti ekki á, hvar landssjóður ætti að taka peningana til fyrirtækisins. Eg játa að þetta er mikið framtíðarmál fyrir Reykjavík, en eg efa, að það sé eins mikið framtíðarmál fyrir alt landið eins og formælendur þess halda frum. En þó svo væri ekki, þá teldi eg það samt sjálfsagða skyldu landssjóðs að hlaupa undir bagga með bænum með nokkru fjárframlagi. En hins vegar get eg ekki stilt mig um að taka það fram, að mér þykir það æði undarlegt, að þeir menn, sem berjast á móti hverjum tekjuauka fyrir landssjóð og eru ánægðastir með, að tekjur hans séu sem minstar, skuli vera frakkastur með því að leggja út í fyrirtæki, sem verður að taka lán til, því það er sannarlega hættuleg braut, og getur vel farið svo, að við lendum í ófærum á henni. Og ef taka á þessa upphæð. sem farið er fram á í frv., að landið leggi fram, til láns, þá get eg ekki talið, að það lán sé tekið til arðberandi fyrirtækis. Þessi fjárveiting er alveg sama eðlis eins og fjárveitingar þær, er á hverju þingi eru samþyktar til vegabóta. Það verður ekki sagt, að landssjóður hafi beinan hagnað eða fái vexti af þeim, en þær geta á löngum tíma gefið landinu óbeinan hagnað. Eg er ekki mótfallinn því að taka lán, þegar lánið gefur landinu ríflegar tekjur, eða sem svarar vöxtum og afborgunum. En hitt vil eg segja, að við verðum að fara varlega á lánabrautinni, meðan við erum jafn skeytingarlausir, eins og við erum enn, um að hafa fjárhaginn í lagi á fjárlögunum. Þá fyrst getum við farið að fara hraðara á þeirri braut, að taka lán, þegar við erum orðnir svo góðir búmenn, að við höfum vit á að láta tekjur og gjöld standast á í fjárlögunum. Því hvar lendir sá búskapur að afgreiða fjárlögin ár eftir ár með mörg þúsund króna tekjuhalla! Menn munu svara, að hingað til hafi tekjur og gjöld staðistá, og skal eg ekki bera á móti því. Tekjurnar hafa á síðari árum orðið meiri en áætlað hefir verið. En lítið vit er í að treysta því, að svo hljóti að verða framvegis; það er slæm búskaparregla að byggja á von og óvon. Það var sagt í dag, að góðæri hafi verið hér í landi undanfarið. Jú, það er dáfallegt góðæri, þegar menn drepa fénað úr hor, ef nokkur vorharðindi verða! Eg veit, að sjórinn er gullkistan okkar, en hann getur brugðist líka og hvar stöndum við þá? Nei, fyrsta skilyrðið fyrir því, að við njótum nokkurs láns-trausts er það, að við sýnum það, að við viljum gera fjárlög okkar þannig úr garði, að ekki verði á fáum árum uppétinn þessi viðlagasjóður, sem við eigum. Eg efast um það, að lánstraust vort haldist, ef haldið er þeirri stefnu í meðferð fjárlaganna, sem nú ræður hjá þingi og stjórn. Þó eg því álíti þetta mál, sem hér er um að ræða. hið mesta framfara-mál, þá verð eg hins vegar, af þeirri ástæðu, er eg hefi hér greint, að telja fjárhag landsins þannig varið nú, að eg get ekki verið með fjárveitingu til þessa fyrirtækis að þessu sinni. Og því síður get eg verið frv. samþykkur, ef feld verður br.till. sú er eg hefi borið fram á þingsk. 642, því eg verð að telja hana sjálfsagða varúð. Við þykjumst ekki hyggnir fjármálamenn, ef við hlöðum á okkur ábyrgð fyrir aðra tryggingarlaust, og er það enginn vansi fyrir þingið að taka þann hugsunarhátt. Eg segi þetta ekki vegna þess eg tortryggi Reykjavík, heldur af því að eg tel það sjálfsagða skyldu að tryggja landssjóð svo vel sem unt er gegn tapi, þegar hann tekst á hendur svo stórkostlega ábyrgð, sem hér er um að ræða.

Í viðskiftalífinu neitum við iðulega öðrum um ábyrgð, án þess að ástæðan sé sú, að við trotryggjum þá. Eg er nú svo gerður að eg vil heldur lána fé sjálfur, ef eg á það til, heldur en að ganga í ábyrgð fyrir því, en það þykir þessum nýju fjármálaspekingum líklega nokkuð gamaldags hugsunarháttur. Eg þykist vita, að mér muni verða bent á, að br.till. mín sé óþörf, vegna ákvæðanna í 9. gr; en þar er það lagt í hendur stjórnarinnar, hvort veðsetja megi höfnina eða ekki. En eg tel það væri miklu betra fyrir stjórnina að girt væri fyrir það þegar í byrjun, að bæjarstjórnin geti farið fram á leyfi til þess, því að stjórninni yrði ef til vill legið á hálsi, ef hún neitaði um leyfið, og væri ef til vill freisting fyrir hana til að veita það. Eg verð því að mæla eindregið með því að br.till. verði samþykt.

Lárus H. Bjarnason: Hv. framsögumaður gat þess, að einn nefndarmaður hefði mælt með hærri fjárveitingu úr landssjóði eitt skifti fyrir öll, en farið er fram á í frv., og á hann þar eflaust við mig. Hann gat þess einnig, að ástæðan væri sú að eg væri í vafa um, hvort fyrirtækið kæmist á með þessu fjárframlagi. Það er rétt að eg fór fram á í nefndinni, að fjárframlag landssjóðs yrði hækkað, en það var ekki af því, að eg kviði því, að bæjarstjórnin myndi ekki ráðast í fyrirtækið, að einhverju leyti að öðrum kosti, heldur af hinu, að lengur hlýtur að standa á því, að verkið komist í framkvæmd ef tillag úr landssjóði er svo lágt sem það er nú í frv.

Hjá hv. þm. Ísafj. sprakk nú blaðran, ef svo mætti að orði kveða. Í nefndinni var á honum að skilja, að hann ætlaði sér að eins að koma með br.till. við frv, en nú lýsti hann yfir því í lok ræðu sinnar, að hann gæti ekki greitt atkv. með frv., sist ef br.till. hans yrði ekki samþykt. Eg mun að eins víkja að br.till. hans, því að við þá menn er ekki að ræða, sem vilja drepa þetta mál með öllu, af hvaða ástæðum sem það er. Eg skal þó taka það fram að það er ekki rétt að vera altaf að ríða fjárlögunum. Til framlags til svona fyrirtækis á landssjóður að taka lán. Þetta fyrirtæki er arðberandi á alt annan hátt en vegabætur. Vegir eru að vísu til mikils hagræðis fyrir landið en en þeir gefa engan beinan arð. En fyrirtæki eins og hafnargerðir draga útlent „kapital“ inn í landið með auknum viðskiftum, auka skipagjöld, tolla o. fl. Það er fleira tekjur en beinir skattar. Mér þótti leitt að heyra hv. þm. Ísafj. misskilja þetta. Annars ætlaði eg aðeins að tala um br.till. hans, og verð eg að segja, að fullkomið nýjabragð er að henni. Landssjóður hefir áður gengið í ábyrgð fyrir slík fyrirtæki. Hann hefir tekist á hendur ábyrgð fyrir 500 þúsund króna láni til vatnsveitu Reykjavíkur, 150 þús. kr. láni til Heilsuhælisins á Vífilsstöðum, ýmsum lánum til sveitafélaga og einu láni til Seyðisfjarðarkaupstaðar, en engin þessara lánsábyrgða er trygt með veði. Yfirleitt hefir landssjóður aldrei heimtað veð, þegar opinberar stofnanir eða sveitarfélög hafa átt í hlut. Þessi till. hv. þm. Ísafj. er því fullkomið mýmæli, og auk þess algjörlega óþarft nýmæli. Eða hefir hv. þm. ekki lesið 9. gr. frv., sem banna bæjarstjórn að selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs án samþykkis stjórnarráðs. Sömuleiðis má benda honum á 19. gr. tilsk. frá 20. apríl 1872, sem meinar bæjarstjórninni að selja eða veðsetja nokkra fasteign kaupstaðarins, smáa eða stóra, án samþykkis landshöfðingja, eða stjórnar. nú. Hv. þm. mun nú ef til vill segja, að vel geti farið svo að stjórnin veiti slíkt veðsetningar-leyfi, án þess að skeyta um ábyrgð landssjóðs, ef hún er svo innrætt. Slíkt má auðvitað alt af segja; stjórnin getur jafnvel brotið stjórnarskrána, ef henni sýnist svo, því að „quis custodiet custodes ipsos“, hver er að gæta varðanna sjálfra? Það er ómögulegt að finna upp nokkurt eftirlit með þeim hæsta. En eng-

in góð og samviskusöm stjórn mundi veita samþykki sitt til að veðsetja höfnina, ef hún álita að það gæti bakað landssjóði tjón. Sömuleiðis vil eg benda hv. þm. á það, að landssjóður getur, ef illa fer, gengið að öllum hafnarvirkjum, án þess þau séu veðsett honum. Ef skuldunautur minn borgar ekki skuld sína á réttum tíma, þá get eg farið í mál við hann og fengið hann dæmdan til þess; fjárdómur er fenginn yfir honum, þá get eg gert fjárnám í eignum hans, og legst þá dómsveð á þær allar. Auk þess væri þetta veð landssjóði gersamlega ónýtt, þó hann fengi það. Því að hver mundi bjóða í það? Jú, eg er ekki í neinum vafa um að fá mætti boð í höfnina, ef selja mætti hana útlendingum, eða helzt útlendum ríkjum, Englendingum, Frökkum eða Þjóðverjum, en það mun þó varla vera meining hv. þm. Ísafj. En enginn innlendur maður eða félag gæti keypt hana. Loks mætti gefa upp verðið, þó það væri áskilið hér. Með þessari br. till. hv. þm. vinnst því alls ekkert, enda get eg ekki varist þeirri hugsun, að hún kunni að vera fram komin, til þess eins að þvæla það aftur ofan í n. d., því að ástæður þær, er hann hefir borið fram eru alls ónýtar. Þetta hefi eg sagt honum áður. Og ekki verður br.till. hans síður til að draga úr þessum grun. Eða hvað getur hv. þm. gengið til að stinga upp á jafn herfilega ómerkilegri breytingu eins og að bæta ákveðna greininum við síðasta orðið í 2. gr.? Þessi br.till. á sýnilega að eins að vera varatillaga, ef sú fyrri yrði feld; en því hefir hv. þm. líklega búist við, því svo mikla firru fer hún fram á, eins og eg hefi nú leitt rök að.

Hv. þm. Ísafj. gat þess, að ekki hefði verið bent á, hvaðan landssjóður ætti að taka peningana til þess framlags, sem farið er fram á úr honum. Mitt álit er það, að til þessa fyrirtækis væri sjálfsagt að taka lán, jafnvel þó við hefðum vasana fulla af peningum. Og þó lánið væri tekið alt í einu, þá yrðu útgjöld landssjóðs með t. d. 6% árlega , ekki nema 24 þús. kr. á ári. En nú býst eg við því, að bæjarstjórnin mundi ekki leggja út í að byggja alla höfnina í einu. Eg geri ráð fyrir, að fyrst mundi verða gerður garðurinn út frá Battaríinu og bryggjurnar m. m. Kostnaður við það mundi ekki fara fram úr 800 þús. kr. Fyrir það verð fengist viðunanleg höfn í bráð. Þá kæmi í landssjóðs hlut að eins $^1/_4$ af 800 þús. kr. eða 200 þús. kr. Með 6% rentu og afborgun yrði það að eins 12 þús. kr. árlega. Og hvaða stund væri landssjóður að fá inn þá upphæð? Eða veit ekki hv. þm. Ísafj. að tollgjöld og skipagjöld renna í landssjóð? Eg man það, að eg barðist lengi fyrir því að koma á bryggjunni í Stykkishólmi. Þá voru allir þeir, sem lifðu af uppskipun þar á móti bryggju-gerðinni vegna þess, að þeir myndu missa atvinnu við það. Nú kom eg í Hólminn fyrir skömmu og þá voru sömu mennirnir tvíelfdir með bryggjuni, af því að þeir höfðu miklu meiri atvinnu eftir en áður, vörumagnið þar hafði aukist að miklum mun. Það er skammsýni að sjá það ekki, að höfnin er ekki að eins bygð fyrir Reykjavík, heldur fyrir alt landið; því að það sem er gróði fyrir höfuðstaðinn er líka gróði fyrir landið. Eg vona að, hv. deild samþ. þetta frv. óbreytt, þó að hv. þm. Ísafj. sem eg annars einna sízt vil sjá í mótstöðumannaliði, hafi mælt í móti því, Það er engin ástæða til að óttast ábyrgðina fyrir Reykjavík, því að bærinn mundi ganga mjög nærri sér, áður en hann léti taka höfnina af sér.

Framsögumaður (Kr. Dan.): Það er ekki til neins að deila við hv. þm Ísafj. um þetta mál. Eg viðurkenni stefnu hans og að sjálfsagt sé að fara gætilega í fjármálum, en hins vegar finst mér ekki, eg hafa unnið til þess að vera kallaður fjárglæframaður, eða maður, sem ekki hugsaði um fjárhag landsins. Ekki hefi eg heldur

komið með þá kenningu, að skuldir landsins kæmu ekki þinginu við. Eg sagði aðeins, að sú skuld, sem hér er um að ræða, gæti engin áhrif haft á fjárhag landsins. Hún á að borgast á svo löngum tíma og með svo litlum afborgunum, að hún getur ekki gert neinar verulegar byltingar á fjárlögunum. Þó að tekjuhalli verði nokkur á einstöku fjárhagstímabilum, þá er enginn háski að því fyrir fjárhaginn einkum meðan við eigum þó þennan viðlagasjóð, því að hann er eign landsins eigi að síður, þó hann sé bundinn í lánum. Eins fjárhagstímabils tekjuhalli getur engin áhrif haft á fjárhag landsins í heild sinni. Hv. andmælandi taldi það bezta skilyrði fyrir lánstrausti landsins, að við sýndum, að við gætum hagað búskap okkar gætilega. En höfum við ekki einmitt gert þetta? Eg efast um, að nokkur þjóð hafi hagað sér jafn búmannlega og við. Hingað til höfum við ekki eytt neinu fé umfram tekjurnar, en safnað þó þessum viðlagasjóði.

Í sambandi við þetta vildi eg minnast á, að það eru ýms ráð til að auka tekjur landsjóðs. Það hefir verið bent á farmgjaldið og fleira. Það hafa að vísu komið fram mótmæli gegn því, en það sama mundi gilda um hvað, sem bent væri á, að það mundu koma fram mótmæli gegn því hverju um sig. Það stendur ekki á öðru en því, að stjórn og þing grípi til einhvers, sem fyrir hendi er og hægt er að ráðast í og þá skil eg ekki í öðru en að engin vandræði þurfi að verða fyrir dyrum fjárhagstímann næsta.

Þetta fyrirtæki vex mér ekki í augum. Þrátt fyrir alt og alt geri eg mér í hugarlund, að vel sé haldið á fjárhag landsins. Tekjuhallann, sem nýlega var gerður hér að stórri grýlu, er eg ekkert hræddur við. Sem sagt, fyrir eitt fjárhagstímabil getur ekki neinn háski vofað yfir, þar sem svo mörg ráð eru fyrir hendi að ráða bót á fjárhagnum í framtíðinni

Steingrímur Jónsson: Eg vildi með örfáum orðum minnast á þetta mál, sem er svo mikið stórmál, að því er snertir fjárhag landsins. Eg drap á það við 1. umræðu, að eg áliti þessa hafnargerð lífsspursmál fyrir Reykjavík og mjög þýðingarmikið fyrir suður og vesturhluta landsins og að eg áliti sjálfsagt fyrir fjárveitingarvaldið að gera sit ítrasta til að styrkja og styðja þetta mál, og það því fremur sem hér er að ræða um höfuðstaðinn. En eg geri minna úr því, sem margir tala um, að hér muni verða miðstöð allrar verzlunar landsins. Það hygg eg muni verða erfitt, sérstaklega að því er kemur til Norðurlandsins og Austfjarða. Eg álít að ekki sé vert fyrir landið að veita meira til fyrirtækisins en farið er fram á í frumvarpinu 400 þús. kr. enda er það álitleg upphæð. Ef hún væri hærri mætti undir eins segja, að verið væri frekara að ginna Reykjavík út í eitthvað, sem enginn hagnaður væri af. Þessi fjárveiting er í samræmi við margar aðrar styrkveitingar þingsins, t. d. veitinguna til bryggju í Stykkishólmi, sem mun hafa verið $^1/_4$ hluti af bryggjukostnaðinum eða þar fyrir neðan. Eg mun greiða frumvarpinu atkvæði mitt eins og það er óbreytt. Eg sé ekki ástæðu til að taka upp í það brtill. háttv. þm. Ísafjarðarkaupst. Eg geng út frá því sem vísu, að um leið og stjórnin gengur í ábyrgð fyrir Reykjavík sjái hún um, að hafnarmannvirkin verði ekki veðsett öðrum. Það væri prettvísi af bænum að veðsetja öðrum þau. En hitt skiftir minnu, hvort þau eru veðsett landsjóði eða ekki, að enginn annar hafi veðrétt í þeim.

Í sambandi við þetta mál hafa menn komið fram að ýmsar fjárhagshugleiðingar, eins og ekki er nema eðlilegt. Það er sjálfsagt, að ef þarf að greiða þessar 400 þús. kr. út úr landsjóðnum á næstu árum, þá verður að taka lán til þess, og við það álít eg að ekki sé hikandi. En ef það dregst lengur, mun þess ef til vill ekki þörf, fjárhagurinn er ekki í því ólagi.

Háttv. framsögum. (K. D.) kom fram með hugleiðingar, sem ekki voru réttar eða vel athugaðar. Það er að vissu leyti rétt, að fjáraukalögin 1908—09 standa ekki í föstu reikningslegu sambandi við fjárlögin 1912—13. En hér höfum við á blaði fyrir framan okkur, að landsreikninganefndin telur vanta að færa til ýmsar fjárhæðir á fjáraukalögin. Útgjöldin á fjáraukalögunum 1908—09. hafa hækkað um 62 þús. kr. En hvaða áhrif hafa svo þessar 62 þús. kr.? Því er fljótsvarað. Þessar 62 þús. kr., ásamt með þeim 80 þús. kr., sem fyrir voru á fjáraukalögunum 1908—09, hafa þau áhrif, að peningahagur landsjóðs er eins og hann er. Það hefir verið minst hér áður á peningahag landsjóðs; hann er nú eftir því sem eg hefi spurt mig fyrir um á þá leið, að sem stendur skuldar hann ríkissjóði Danmerkur 450 þús. kr. eða nær $^1/_2$ miljón. En hér heima mun peningaforðinn nema um 250 þús. kr., það eru þá 200 þús. kr. eða því sem næst, sem vantar á til þess, að landsjóður geti svarað skuldinni út. Þrátt fyrir þetta verður þó ekki sagt, að fjárhagurinn hafi versnað, því að undanfarin ár hefir mikið fé verið borgað til stórfyrirtækja og lánað út, svo það er bundið. Fjáraukalögin 1908—'09 koma því ónotalega við.

Fjáraukalögin fyrir 1910—'11 standa aftur á móti í beinu sambandi við fjárlögin 1912—'13. A þeim eru veittar stórupphæðir til fyrirtækja, sem eiga að vinnast í sumar 1911, og er alveg undir geðþótta þingsins, hvort veittar eru í ár eða þær dregnar til hinna reglulegu fjárlaga. Þingið 1909 ber ekki ábyrgðina á þeim gjöldum heldur þingið 1911. En af þessu, að þetta fé er veitt á fjáraukalögunum, leiðir það, að tekjuhallinn er í raun og veru meiri en þær 281 kr., sem gert er ráð fyrir í fjárl. frumv. neðri deildar. Þar við bætist ofdjörf áætlun um eina tekjugreinina, áfengistollinn, sem mun nema um 100—110 þús. kr., yrði hann þá 390 þús. kr. Svo koma fjáraukalögin 1910—'11 með 140 þús. kr. útgjöld, það mun því ekki fjarri lagi, að tekjuhallinn verði 480—500 þús. kr. Þetta er sá rétti „status“ landsjóðs. Eg áleit rétt, að minnast á þetta, þegar þingið er að taka þunga kvöð á landsjóðinn. Hinsvegar álít eg þetta mál svo mikils vert, að ekki sé horfandi í að hlaupa undir bagga með bænum, því án hafnar á hann enga framtíð.

Sigurður Hjörleifsson: Eg ætla mér ekki að fara að deila um fjárhaginn, það er auðvitað gott að fara varlega í þeim efnum, en ofmikið má af öllu gera og eins um það. Annars vil eg taka undir að ýmsu með háttv. 5. kgkj. (L. H. B.) um þetta mál. Eg er ekki í neinum vafa um það, að það mundi auka tekjur landsjóðs verulega, ef höfn væri gerð hér í Reykjavík, og ætti það að styrkja alla til að ganga að frumvarpinu. Og mér finnst við því óhræddari getum gefið atkvæði með frumvarpinu, þegar þess er gætt, að jafnframt því. sem hér er komið upp höfn, þá vex eign landsjóðs. Eg á hér við lóð landssjóðs, Arnarhólslóðina, sem hlýtur að hækka mikið í verði, þegar höfnin er komin. Mér skildist á háttv. 5. kgkj. (L. L. B.) að það yrði byrjað á hafnargerðum þeim megin, eða frá „batteríinu.“ Eg skil áætlun Smith's hafnarverkfræðings svo, að ekki sé gert ráð fyrir, að þar verði byrjað. Eg hefi séð 2 áætlanir um hafnargerðina, aðra meiri og aðra minni. Í minni áætluninni er gert ráð fyrir því, að hlaðinn sé gerður á Grandanum og svo skjólgarður út frá Örfirisey; og að þetta væri fullsæmileg byrjun. Eg skal ekkert um það þræta, eg met mest ummæli þeirra manna, sem á því hafa bezt vit, verkfræðinganna. En það er auðsætt, að þó alt fyrirtækið komi ekki til framkvæmda í einu, þá getur samt nokkur hluti þess komið að liði.

Ráðist bærinn í hið minna, þá yrði framlag landsjóðs og minna. Og þó að bærinn sjái sér ekki fært að ráðast í neitt,

þá er það þarft verk, að bærinn undirbúi sig sem bezt undir það.

Af þessum ástæðum sem og mörgum fleiri er eg með þessu máli. Það mundi sjálfsagt æra óstöðugan að telja upp allar þær ástæður, sem gera það æskilegt, að höfn komi hér í Reykjavík.

Kristinn Daníelsson: Eg vildi aðeins segja fáein orð viðvíkjandi því, sem háttv. 4. kgkj. (St. J.) talaði um fjáraukalögin. Hann tók það fram, að það vantaði að færa til í fjáraukalögin 1908—'09 um 62 þús. kr. En eg sé ekki, að það geri neina breytingu á fjárhagnum eftir landsreikningnum 1908 og 1909. Það að lánað hefir verið út hefir ekki áhrif á hag landsins, en það hefir vitanlega haft áhrif á peningaforðann, það hefir gengið út yfir hann, þar sem yfirborganir hafa átt sér stað. Sama er að segja um fjáraukalögin 1910—'11, að eg get ekki séð, að þau snerti neitt fjárlögin 1912—'13 fyr heldur en menn sjái af landsreikningum 1910 og 1911 hvernig þetta lítur út. Áhrifin koma í ljós á sínum tíma, hvort heldur það verður tekjuhalli eða tekjuafgangur á fjárhagstímabilinu, Og það er eftir að sjá, hvort heldur verður. Eg hygg að ekki sé ástæða til að ætla, að fjárhagstímabilið 1910—'11 beri sig ekki. Árið 1910 hefir gert það og allar líkur til að ætla, að árið 1911 muni gera það líka. Eftir árferðinu og öllum kringumstæðum tel eg líklegt, að sá reikningur muni standa sig vel. En hvort tekjurnar verði svo miklar, að þær nægi til að jafna tekjuhallann, það eru spádómar.

2. umr. lokið.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
1. brt. við 2. gr feld með 9 atkv. móti 3.
2. „ „ 2. „ sjálffallin.
2. gr. samþ. með 10 shl, atkv.
3. „ „ „ 10 „ „
4.—18. gr. sþ. „ 10 „ „

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frumvarpinu vísað til 3. umræðu með 10 samhl. atkvæðum.

Þriðja umræða í efri deild 21. apr. (427).

Frv. samþ. umræðulaust 9 : 1 og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Stækkun verzlunarlóðarinnar í Gerðum.

FRUMVARP til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Gerðum í Gullbringusýslu.

Fyrsta umræða í efri deild 14. marz (147).

Kristinn Daníelsson: Mér hefir að vísu ekki verið falinn flutningur þessa máls hér í deildinni, en þar sem frumvarpið er mönnum áhugamál í héraði mínu, finn eg mér skylt að mæla nokkur orð með því við háttv. deild. Frumvarpið er til vor komið frá háttv. neðri deild og hefir fengið góðan byr þar í deildinni og slíkt hið sama vona eg að verði hér. Það fer fram á að stækka hina löggiltu höfn fyrir Gerðakauptúni í Gullbringusýslu — hvorttveggja á að ná inn að Rafnkelsstaðabergi. Höfnin er nú bundin við jörðina Gerðar. En svo stendur á, að lendingin er betri annars staðar í plássinu, en hún verður ekki notuð af því að verzlunarlóðin er bundin við nafnið. Héraðsbúum er þetta mikið áhugamál, því að þeir álíta verzlunarstæði betra annarsstaðar en það, sem nú er, getur verið; sumir hafa það að mótbáru gegn þessu frumvarpi, að löggildingin nái yfir svo stórt svæði, en það er þó ekki stórt hjá því svæði, sem löggilt var, er Keflavík var löggilt, því að það svæði náði frá Keflavík og inn undir Vogastapa.

Héraðsbúar höfðu hugsað sér að fá verzlunarlóðina stækkaða með því að fá stjórn-

ina til að ákveða um þetta. En það reyndist ekki hægt að fá hana stækkaða með því móti. Stjórnin getur aðeins gert samþyktir eða ákveðið um þau svæði, er hafa verið löggilt, aðeins ákveðið um verzlunarlóðir innan takmarka hins löggilta svæðis.

Það getur verið að þrátta megi um nauðsyn á þessu. En eg hygg þó, að enginn kunnugur geti neitað, að hún sé fyrir hendi — og löggildingin getur engum hagsmunum orðið að skaða. Leyfi eg mér að vona, að deildin taki þessu litla frumvarpi vel.

Kristján Jónsson: Það er ákaflega undarleg braut, er þingið er komið inn á í þessum löggildingum hafna og verzlunarlóða. Það hefir smátt og smátt komist inn á þessa braut á undanförnum þingum. Það er mjög stór strandlengja, er hér er farið fram á að gera að löggiltri höfn og verzlunarlóð. Ef frumvarpið verður að lögum, má alveg eins löggilda alla strandlengjuna kringum alt Ísland, þar sem bátum má koma að landi. Það vill svo til, að eg er nákunnugur á þessu svæði, sem nú er farið fram á að löggilda; eg hefi verið þar mjög oft. Það nær yfir allan svokallaðan Garð, frá Útskálum og inn að Rafnkelsstaðabergi. Ef við fáum marga svona stóra kaupstaði, verður alt lögreglueftirlit ómögulegt. Það væri þá miklu þægilegra og brotaminna, að löggilda alla strandlengjuna frá Garðsskaga og hingað inn til Reykjavíkur. Og þar sem háttv. þm. Vest.-Ísf. mintist á löggilding svæðisins frá Keflavík og inn að Vogastapa, tel eg að það hafi verið mjög rangt, að slík lög voru samþykkt. —

Kristinn Daníelsson: Það kann vel að vera, að það sé ekki í samræmi við tilgang löggildinganna að samþykkja slík lög, eins og háttv. þingm. Borgf. (Kr. J.) tók fram. Vegalengdin er þó ekki eins mikil og hinn háttv. þingm. minti. Vegalengdin frá Gerðum að Rafnkelstaðabergi er ekki nema 10—15 mínútna gangur. Mér heyrðist hann nefna Útskála. En það er ekki rétt, að svæðið nái þaðan. Útskálar eru yzt í plássinu, en Gerðar eru í miðju þess. En ef vér sjáum af svæðinu frá Keflavík að Vogastapa, þá er það alt að klukkutíma reið, sem þar um er að ræða. Það er því mörgum sinnum stærra svæði, sem þar hefir verið löggilt; það er því ekki nákvæmt að segja, að hér sé um heila sveit að ræða, heldur er það þéttbýlt sjávarþorp, er stendur á litlu svæði.

Það væri óbilgjarnt og myndi koma í bága við hagsmuni margra sýslubúa, að neita þessu frumvarpi samþykkis. Það getur staðið á miklu fyrir sjóþorpið, að það verði að löglegu kauptúni. Kauptúnin hafa ýms hlunnindi og réttindi fram yfir aðra staði, sem raunar kann að vera óbilgjarnt, og ríða í bága við hag alls sýslufélagsins. Hér fyrir þinginu er einmitt frumvarp um breyting á vegalögunum, sem einmitt fjallar um þessa hagsmuni. — En eg hygg, að það geti að minsta kosti, ekki verið neitt athugavert við þetta frumvarp, ef gætt er venju þeirrar, er komin er á um löggildingar, — og eg vona, að háttv. deild hagi sér ekki öðru vísi í þessu máli en hún og þingið hefir gert hingað til.

ATKVGR.:

Frumvarpið felt með 6:6.

Vélgæzla á gufuskipum.

FRUMVARP til laga um atvinnu við vélagæzlu á íslenzkum gufuskipum.

Fyrsta umr. í efri deild 16. marz.

August Flygenring: Þegar frumvarp til laga um Stýrimannaskólann var hér til umræðu um daginn og samþykt var hið þarfa ákvæði um að stofna nýtt kennaraembætti við skólann, til að kenna gufuvélafræði, þá gat eg þess, að eg mundi koma fram með frumvarp til laga um atvinnu við vélgæzlu. Samskonar frumvarp var til meðferðar á síðasta alþingi, og var sett

nefnd í málið í neðri deild. En málið sofnaði í höndum þessarar nefndar, líklega vegna tímaleysis, eða af því, að nefndarmennirnir hafa ekki álitið það þess vert að leggja rækt við það.

Með því að ýmsir þeir, sem stunda þessa atvinnugrein hafa óskað eftir að settar yrðu reglur um atvinnu við vélagæzlu á gufuskipum, þá sýndist mér rétt og nauðsynlegt að koma fram með þetta frumvarp því fremur þar sem það miðar til að greiða fyrir atvinnnuvegi, sem landsmenn byggja nú miklar vonir á, nfl. gufskipaúthaldi til fiskiveiða. Reglur um atvinnu við vélagæzlu miða í rauninni að því að tryggja bæði líf manna og verðmæti, og eftir reysnlunni hér á landi í þessum efnum, er ekki vanþörf á slíkum reglum, því að það mun vera óhætt að segja, að þeir lélegu menn, sem orðið hefir oft að notast við til vélagæzlu hér, hafa eyðilagt stórfé sakir vankunnáttu.

Þetta frumvarp er nálega samhljóða frumvarpinu í neðri deild á síðasta þingi. Eg hefi aðeins gert breytingu að því leyti, að í þessu frumvarpi er ákveðið, að stjórnarráðið setji reglugjörð um það, hvernig vélakenslunni við Stýrimannaskólann skuli háttað, og um próf og prófskilyrði. Þessa breytingu hefi eg gert eftir bendingu frá háttv. 5. kgk. þm. og álít þetta miklu hentugra en að setja lög um þessi efni. Það eru allar líkur til, að fyrirkomulag kenslunnar verði hagfeldara á þennan hátt, því að stjórnin hefir betri tíma og tækifæri en þingið til þess að afla sér góðra upplýslýsinga og hún mundi auðvitað setja reglugerðina með ráði fagfróðra manna. Auk þess er hægt að breyta slíkri reglugerð eftir kringumstæðum, þegar tímar líða og kröfurnar breytast.

Eg skal svo ekki orðlengja meira um þetta mál að sinni, en skal aðeins leyfa mér að mæla með því, að nefnd verði sett í málið og sting uppá 3 manna nefnd að umræðunum loknum.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. 3. kgk. þm. gat þess, að hann hefði eftir bendingu frá mér, slept að taka upp í frumvarpið reglur um kenslufyrirkomulagið, próf og prófskilyrði. Út af þessu vil eg aðeins geta þess, að eg lagði þetta til af því, að kröfurnar til prófa og því um líks breytast með tímanum og þá miklu aðveldara að koma æskilegum breytingum að, sé fyrirkomulagið sett með reglugerð en ef sett væri með lögum. Auk þess er fult svo mikil trygging fyrir góðu fyrirkomulagi með þeirri aðferð, því að stjórnin mundi vitanlega ráðfæra sig við fagmenn, en um lagasetningu ráða þeir menn oft og tíðum litlu.

Umræðum lokið.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 11 samhlj. atkv. Samþ. með 10 shlj. atkv. að kjósa nefnd og í hana kosnir að viðhafðri hlutfallskosningu:

Ágúst Flygenring,
Gunnar Ólafsson og
Jósef Björnsson (með hlutkesti).

Önnur umræða í efri deild 30. marz (184, n. 351).

Ágúst Flygenring: Eg læt mér nægja fyrst um sinn, að skírskota til þess, er eg sagði við fyrstu umræðu þessa máls, og vil að eins víkja með fáum orðum að breytingartillögum nefndarinnar. Það er ekki gert ráð fyrir því í frumv. hvar menn eigi sérstaklega kost á að læra vélsmíði; en að sjálfsögðu þurfa menn þó að læra eitthvað því líkt með járnsmíðinni. Aðalbreytingartill. nefndarinnar er því þess efnis, að heimila landstjórninni rétt til þess, að benda á tiltekin verkstæði, þar sem þessi stétt manna skuli læra járnsmíði. Gerum vér ráð fyrir, að það verði þau ein, sem tíðum hafa með höndum aðgerð á vélum og hafa fullkomnust verkfæri til þess konar smíða.

Í öllum nágranna löndum eru sérstakir

staðir, þar sem menn geta lært hið verklega í þessu efni. Menn þurfa að læra járnsmíði á þeim stöðum, sem einmitt þeir hlutir eru búnir til eða komið í aðgerð, sem þörf getur verið að vélgæzlumennirnir geti lagfært ef skemmast, eða jafnvel búið til, og það þarf að gerast með þeim tækjum, sem þeir hafa við að búa á skipunum.

Slík verkstæði eru ekki víða til hér á landi, þar sem aðgerð á ýmiskonar vélahlutum eða ný smíði einstakra hluta frá vélum fer fram. En í Reykjavík mætti þó benda á 2 eða 3 verkstæði sem einkar hentug fyrir vélgæzlumenn og mundu þau veita að miklu leyti sömu æfingu í ýmsum smíðum og fæst í útlöndum.

Þó þessi verkstæði séu ekki rekin í eins stórum stil og erlendis gerist, þar sem þau að mestu leyti vinna með handafli, þá hafa þau samt miklu betri verkfæri en gerast á gufuskipum.

Vona eg að viðaukatill. þessi verði samþykt og landstjórnin á sínum tíma sjái sér fært að útvega eitt eða tvö verkstæði, er gætu tekið á móti piltum til iðnnáms, og sem hún þess vegna mætti benda þeim á, er þessa atvinnu ætluðu að læra.

Önnur brtill. setur sjálfsagt tímatakmark fyrir þá, sem gæta véla í landi.

Þriðja breytingartill. er að eins orðabreyting á 6. gr. frumvarpsins og þarf ekki um hana að ræða.

Annars vona eg að frumvarpinu verði tekið vel, það er mikil þörf á því.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að lögin öðlist gildi frá næsta nýári. Spursmál gæti verið um það hvort ekki væri réttara að þau kæmu fyrst í gildi eftir h. u. b. 3 ár, eða að þeim tíma liðnum sem nauðsynlegur er til þessa náms, fyrir þá sem nú byrja að læra. Aður en málið verður til 3. umr. skal eg hugsa um þetta atriði nánar.

Eiríkur Briem; Þar sem 10. gr. ræðir um próf, þá eru þau þegar ákveðin með lögum 13. nóvember 1905 sem nú eru í gildi.

Ef þetta próf er annars eðlis myndi réttara að skýringar kæmu fram.

Augúst Flygenring: Þessi reglugerð um prófskilyrði er ekki annað en hin helztu atriði aflfræðinnar og að eins lausleg yfirborðsþekking, en ekki að neinu vísindaleg, enda ætlað fyrir stýrimenn og skipstóra, en ekki þá sem heimta má af sérþekking í þessum efnum. Vélastjórar þurfa að halda á vísindalegri þekkingu og býst eg við, að hún geti orðið ekki neitt hér á líkan hátt og annarstaðar á Norðurlöndum.

Þessi kensla hefir til skamms tíma farið fram við Stýrimannaskólann í Höfn, en fer nú fram í sérstökum skóla. Hið eina rétta er að hafa hann við Stýrimannaskólann, með því sparast, eins og hefi bent á áður, mjög mikill árlega kostnaður — móts við að stofna sérskóla í þessu skyni — og auk þess á stýrimannaskólinn eitthvað talsvert af verkfærum, sem notuð eru við þessa kenslu. Hvað reglugerðina snertir, þá þarf varla að efast um, að hún verði vel úr garði gerð. Landstjórnin mun þar fara eftir svipuðum reglugerðum í Danmörku og taka hliðsjón af kringumstæðum og kröfum hér í landi um þetta efni.

ATKV.GR.

1. gr. samþ. í einu hljóði.
2. „ „ „ „ „
   1. brtill. við 3 gr. samþ. í einu hljóði.
   2. „ „ „ „ „ „ „ „
3. gr. með áorðn. br. „ „ „ „
4. gr. samþ. í einu hljóði.
5. „ „ „ „ „

   Breytt. við 6. gr. samþ. í einu hljóði.
6. gr. þannig samþ. án atkv.gr.
7. gr. samþ. í einu hljóði.
8. „ „ „ „ „
9. „ „ „ „ „
10. „ „ „ „ „
11. „ „ „ „ „

Þriðja umræða í efri deild 1. apríl (440).

Augúst Flygenring: Eg vildi að eins

leyfa mér að vekja athygli hinnar háttvirtu deildar á því, að þær brtill. við frumvarpið, sem hér liggja fyrir, eru einungis orðabreytingar, og er ætlast til, að með þeim verði orðalagið nokkuð liprara.

Brtill. á þskj. 451 samþ. í einu hljóði.

3. umræðu lokið.

Frv. borið undir atkvæði og samþykt í einu hljóði.

Málið síðan afgreitt til neðri deildar.

Einumræða í efri deild 2. maí (784 n. 818);

Framsögumaður (Augúst Flygenring): Eg skal aðeins fyrir hönd nefndarinnar láta þess getið, að þessar breytingar, sem neðri deild hefir gert á því, eru mjög smávægilegar orðabreytingar, en efnið er alt óhaggað. Orðunum vélastjóri, yfirvélastjóri o. s. frv. hefir verið breytt í vélstjóra yfirvélstjóra o. s. frv. Sömuleiðis hefir á öðrum stað verið felt burtu orðið „gufuvélar“ og í stað þess sett „vélar“. Í 6. gr. hefir réttilega verið lagfærð ein hneiging á orði og í 5. gr. hefir verið sett „o. fl.“ í staðinn fyrir „m. m.“ sem var í frv. áður. Eins og hv. deildarmenn sjá eru þetta alt smávægilegar breytingar, en heldur til bóta og vill nefndin mæla með því, að frv. verði samþykt óbreitt.

Umræðum lokið.

Frv. samþ. í e. hlj. og verður afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Lagaskólinn.

FRUMV. til laga um breyting á lögun nr. 38, 16. nóv. 1907 um stofnun lagaskóla á Íslandi.

Fyrsta umræða í efri deild 15. marz.

Lárus H. Bjarnason: Máli þessu mun fyrst hafa verið hreyft í neðri deild af hv. þingmanni Vestmannaeyja, en það kom þá fram í annari mynd.

Var þar farið fram á að þriggja ára fresturinn frá 1. okt. 1908 yrði lengdur um $1^1/_2$ eða til fyrri hluta ársins 1913. Þetta hafði verið borið undir Lagaskólann og hafði hann ekki á móti því, að svona lagaður frestur yrði veittur, en lengur vildi skólinn ekki hafa frestinn.

Hér er farið fram á, að fresturinn sé lengdur um þrjú ár eða til 1. okt. 1914. En með því væri kandidötum frá Lagaskólanum skapaðir hættulegir keppinautar, þeim einum er vorkun, sem byrjaðir voru á námi við háskólann er Lagaskólinn byrjaði, því þá var ekki í annað hús að venda, og og ekki ósanngjarnt, að þeir fái að ljúka sér af þar ytra, en námstíminn mun nú vera þar um 5 ár.

1. þingm. Reykvíkinga hafði getið þess, að lögfræðingar frá háskólanum í Kh. kynnu ekki meira í íslenskum en lögum það, að hver hreppstjórinn gæti rekið þá á gat. Og sæti þá sízt á Sjálfstæðismönnum svo-kölluðum að leysa kandidata þaðan undan prófi í ísl. lögum lengur en góðu hófi gegnir. Þm. Rv. hefir nú líkl. að vanda sagt full-mikið, en þó má það til sannvegar, færast að Kph. kandidatar kunna altof lítið í sérstaklega ísl. lögum. Eða svo var það að minnsta kosti um mig. Hins vegar vona eg, að kandidatar frá Lagaskólanum verði sæmilega að sér í þeim lögum.

En af því hér er um millibilsástand að ræða get eg eftir atvikum verið því fylgjandi, að fresturinn verði lengdur svo sem upprunalega er farið fram á í neðri deild. Og legg eg að svo mæltu til, að sett verði nefnd í málið.

Sigurður Stefánsson: Eg hefði getað fallist á frumv. þetta eins og það var flutt í fyrstu í neðri deild, af þeim ástæðum, sem háttv. 5. kngk. þm. tók fram. Það mælir mikið með því að lengja frestinn um $1^1/_2$ ár, en þegar farið er fram á að lengja hann um 3 ár, er alt öðru máli að gegna. Eg sé enga ástæðu til að lengja

frestinn svo mikið. Úr því að verið er að kosta fé til þess að koma slíkum mentastofnunum sem lagaskólanum á fót, þá lít eg svo á, að löggjafarvaldið verði að gera sitt til þess, að þær blómgist sem bezt, og og hlynna að þeim ekki að eins með fjárframlögum, heldur einnig á þann veg, að gera rétt þeirra sem beztan gagnvart útlendum stofnunum, svo þær verði ekki undir í samkepninni. Og eg get því síður verið með því að lengja til muna þennann frest og fjölga þannig embættisgengnum lögfræðingum frá Hafnarháskóla, þar sem jafnvel svo góður lögfræðingur sem háttv. 5. kgk. þm., segist sáralítið hafa þekt íslenzk lög, þegar hann kom frá námi í Kaupmannahöfn. Þegar svona er ástatt um kunnáttu Hafnarkandídata í íslenzkum lögum, þá sé eg enga ástæðu til að fjölga mikið embættisgengnum lögfræðingum þaðan. Þess vegna mun eg verða með því að stytta þennan 3 ára frest um $1^1/_2$ ár og láta þannig sitja við það, sem upphaflega var farið fram á í n. d.

Háttv. 5 kgk. þm. gat um, að það gæti komið til greina, að lengja frestinn ekki frá því sem nú er, en gefa aftur á móti heimild til að veita einstökum mönnum undanþágu eftir meðmælum lagaskólakennaranna, þegar kringumstæður þykja mæla með því. Mér blandast ekki hugur um það, að mæla eindregið móti þessari uppástungu. Eg efast ekki um, að núverandi lagaskólastjóri mundi ekki misbrúka slíka heimild, en það er engin trygging fyrir því, að hún kynni ekki að verða misbrúkuð í framtíðinni. Það gæti vel farið svo, að hreinum og beinum slæpingum væri veitt slík undanþága, og það væri verulega illa farið. Eg get því nú þegar lýst því yfir, að eg verð algerlega mótfallinn því, ef væntanleg nefnd skyldi komast að þessari niðurstöðu, — að öðru leyti finst mér hreinn óþarfi að setja nefnd í þetta mál. Það má vel stytta frestinn með einfaldri breytingu, tillögu við 2. umr. málsins.

Sigurður Hjörleifsson: Eg get ekki felt mig við þá röksemdafærslu, að það sé réttmætt að lengja frestinn um $1^1{}_2$ ár, en hinsvegar alveg óréttmætt að lengja hann um 3 ár, mér finst að annaðhvort eigi að lengja hann verulega, eða þá alls ekkert. Annars skal eg taka það fram, að eg hefi ekki heyrt neinar ástæður, er sýni það, að nokkur nauðsyn eða sanngirni mæli með þessu frumvarpi í neinni mynd. Það má gera ráð fyrir, að fresturinn hafi upphaflega verið settur eins langur og ástæða var til, að athuguðum öllum kringumstæðum. Og eg fæ ekki séð, að neinar ástæður mæli með því að fara nú að breyta þessu. Því get eg ekki verið með frumvarpinu í neinni mynd, fyr en bent verður á, að einungis sérstakar ástæður liggi til þessarar breytingar.

Lárus H. Bjarnason: Eg geri það ekki að kappsmáli, að nefnd verði sett í þetta mál. Það er alveg rétt, sem háttv. þm. Ísafjarðar sagði, að það má laga frumv. með breytingartillögu við næstu umræðu, án nokkurar nefndarskipunar. Eg stakk uppá nefnd aðeins vegna þess, að eg hefi fengið tilmæli um það frá neðri deild. Mér fanst eg geta látið það eftir, að verða við þeim tilmælum, en eg geri það sem sagt ekki að neinu kappsmáli.

Háttv. þm. Akureyrar kveðst ekki sjá neina sanngirnis-ástæðu til þess að lengja frestinn neitt frá því, sem nú er. Eg skal játa það, að mér væri ljúfast að láta sitja við þann frest, sem upprunalega var settur og að þeir, sem ekki hefðu lokið prófi innan þess tíma, yrðu að taka aukapróf við lagaskólann. En sanngirnis-ástæðuna nefndi eg áðan. Lagaskólinn tók til starfa 1908. Þá voru ýmsir lögfræðingar við nám í Höfn, misjafnlega langt á veg komnir og þeim verður ekki legið á hálsi fyrir það, þó að þeir leituðu ekki heim aftur til að stunda nám við lagaskólann, því að hér er námstíminn ákveðinn 4 ár minnst, og þeir gátu ekki búist við að fá neina linun

á þeirri kröfu. Þessvegna er sanngjarnt að lengja frestinn nokkuð, til þess að þessir nemendur geti lokið námi sínu áður en fresturinn er útrunninn. Þeir sem voru búnir að vera við nám í Höfn, t. d. 1 ár, þegar Lagaskólinn tók til starfa, þurfa að fá frestinn framlengdan svo, að þeir geti lokið náminu á venjulegum laganámstíma þar, sem nú kvað vera talinn 5 ár. — Þetta finst mér vera sanngirnis-ástæða.

Eg hef stungið upp á nefnd. En skyldi sú tillaga falla, mundi eg með aðstoð háttv. þm. Ísafj. geta borið upp breytingartillögu við næstu umræðu málsins.

Sigurður Hjörleifsson; Það situr ekki á mér að halda fram rétti Lagaskólans framar en Lagaskólastjórinn sjálfur. Samt verð eg að láta í ljósi, að mér finst varasamt að samþykkja þessa framlengingu á frestinum, því að þá er opnuð leiðin og má búast við, að á hverju þingi verði einhverjir að biðja um samskonar framlengingu. Mér finst það engin frágangssök að krefjast þess af þessum mönnum, að þeir taki aukapróf við lagaskólann, eins og gert er ráð fyrir í lagaskólalögunum. Og það er því fremur ástæða til að krefjast slíks prófs af Hafnarkandidötum, þar sem því er játað, að þá skorti nægilega þekkingu í íslenzkum lögum.

Stefán Stefánsson: Eg vildi aðeins gera þá athugasemd við ræðu hv. þm. Akureyrar, að það eru engar líkur til, að samskonar málaleitanir geti komið fram síðar. Hér er um sanngirniskröfu að ræða, frá þeim, sem voru byrjaðir á laganámi í Höfn, þegar lagaskólinn tók til starfa. Þetta er eina ástæðan fyrir því að lengja frestinn, en sú ástæða er fallin burt eftir 2 ár. Þess vegna þarf ekki að óttast að samskonar kröfur komi fram framvegis.

1. umr. lokið.

ATKV.GR.:

Samþ. til 2. umr. m. 9 shl. atkv.

Felt að setja nefnd í málið m. 8 atkv. gegn 1.

Önnur umræða í efri deild 17. marz (173, 215).

Steingrímur Jónsson: Eg var á móti því við 1. umr. þessa máls, að skipuð væri nefnd til að athuga það, ekki samt af því, að eg væri ánægður með frumv., heldur af hinu, að mér fanst það þannig lagað, að ekki væri ástæða til að skipa nefnd. Frumvarpið var svo ljóst og einfalt. Það hafa verið skipaðar svo margar nefndir hér í deildinni, að mér þótti rétt að víkja frá þeirri reglu.

Eg hefi nú ásamt öðrum hv. þingdeildarmanni komið fram með br.till. við frumv., sem gengur í þá átt að færa það í hið sama horf og það var í, þegar það kom fyrst fram í hv. neðri deild, það sem sé að stytta aftur tímann úr 3 árum ofan í $1^1/_2$ ár. Og er það af þeim ástæðum, er nú skal greina. Eg hygg að það hafi verið hugsun allra manna með lögunum 1907 um stofnun lagaskóla, að hlynna sem mest og bezt að þeirri stofnun, þegar hún væri komin á, og umfram alt að hún hefði einkarétt til að veita fræðslu í íslenzkum lögum, sem þarf til embætta hér á landi. Þessi hugsun kom fram í lögunum í ákvæðinu um 3 ára frestinn — nokkuð harkalega ef til vill — sem gefinn er stúdentum við háskólann, er voru að nema lög til að ljúka námi sínu. Frá þessari stefnu sé eg enga ástæðu til að víkja nú. Lagaskólinn hefir farið vel á stað og eru líkindi til, að hann verði oss bæði til sóma og gagns. Mér finst eins og eg sagði, að það sé ekki rétt að víkja meir frá þessari reglu en brýn nauðsyn og sanngirni mælir með. Og þarf þá ekki að taka tillit til annara nemenda en þeirra, sem farnir voru til háskólans áður en lögin um lagaskólann gengu í gildi eða áður en hann tók til starfa haustið 1908.

Þessi frestur sem hér er farið fram á til viðbótar nær ekki til annara stúdenta en þeirra, sem útskrifuðust um vorið 1907 eða þar fyrir framan, Verði fresturinn framlengdur til 1. apríl 1913 þá hafa þeir stúdentar, sem fóru til háskólans 1907 nægan tíma til að ljúka námi sínu. Eg get upplýst, að það er ekki nema einn stúdent frá þeim tíma, sem nú er við laganám þar. Þeir voru upphaflega þrír, en eftir því sem jafnaldrar þeirra hafa skýrt mér frá — sjálfur veit eg ekki um það — er ekki nema einn eftir. Hinir hafa snúist á aðra vegu með nám sitt. Enginn stúdent er eldri en frá 1905 og einn fra 1906. Af þessum ástæðum vonast eg til, að br.till. mín verði samþykt og að frumvarpið nái fram að ganga, það er ekki nema réttlætiskrafa eins, tveggja eða þriggja manna.

Lárus H. Bjarnason: Eg vil leyfa mér að minna á það, sem eg sagði við 1. umræðu þessa máls, að þessi framlenging er borin fram eftir að leitað hafði verið álits lagaskólakennaranna og þeir tjáð sig eftir atvikum henni fylgjandi. Oss þótti leitt að þurfa að láta lúta í lægra haldi óskina um að réttur til lögfræðisembætta hér á landi væri einskorðaður við próf frá Lagaskólanum, heldur en ósk nokkurra utanskólamanna um framlenging á frestinum. En vér þóttumst ekki geta forsvarað að skella skolleyrunum við slíkri ósk manna, sem farnir voru að stunda lög í Kaupmannahöfn áður en Lagaskólinn tók til starfa. Því legg eg eftir atvikum til að br.till. á þgsk. 215 verði samþykt.

2. umr. lokið.

Br.till. á þgsk. 215 samþ. með 12 atkv. gegn 1.

Frumv. með áorðinni breytingu samþ. með 12 samhl. atkv., og því vísað til 3. umr. sömuleiðis með 12 atkv.

Þriðja umræða í efri deild 21. marz (234).

Steingrímur Jónsson: Eg vil leyfa mér að fara fram á, að málið verði tekið út af dagskrá. Það hafa nokkrir menn gefið í skyn að koma kynni fram við frumvarpið breytingar eða viðaukatillögur, en það ekki ráðið fyr en séð er, hvernig reiðir af í hv. neðri deild fjárframlögum til Háskólans á fjáraukalögum.

Forseti tók málið út af dagskrá.

---

25. marz (234).

Frumvarpið samþ. í e. hl. og sent aftur til forseta neðri deildar.

Forgangsréttur kandídata.

FRUMVARP til laga um forgangsrétt kandídata frá Háskóla Íslands til embætta.

Fyrsta umræða í efri deild 1. apríl (432).

Lárus H. Bjarnason: Fyrst allir aðrir þegja, eins og þar stendur, þá stend eg upp, þó eg sé ekki undirbúinn undir að halda „framsöguræðu“ um málið, eins og hv. þm. Ak. virðist ætla að altaf beri að halda er mál kemur fyrst fyrir deild. Eg ætlaði að eins að stinga upp á nefnd. En til þess að friða þá nafnana og færa orðum mínum stað um að ekki sé úr leið að kjósa nefnd í málið, þá skal eg benda á 4. gr. frv. þar sem segir, að allir þeir, er ljúka prófi frá Kaupmannahafnarháskóla „5 árum eftir að háskólinn tekur til starfa.“ skuli embættisgengir hér. Hér munu orðin vera alveg gagnstæð meiningunni. Hér ætti að standa „innan 5 ára frá því er háskólinn tekur til starfa“! — Þetta væri í rauninni næg ástæða til að athuga málið í nefnd, en auk þess er fleira athugavert við frumv. meðal annars orðtækið og vil eg því stinga upp á að þriggja manna nefnd verði kosin í málið.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hl.

Samþ. að kjósa 3 manna nefnd í e. hl.
Kosnir voru:
Lárus H. Bjarnason,
Ari Jónsson,
Eiríkur Briem.

Önnur umræða í efri deild 7. apríl (432, n. 466).

Framsögum. Ari Jónsson: Eg ætla að leyfa mér að mæla með br.till. nefndarinnar, og geta þess, að þær eru allar að eins orðabreytingar. Aðalbreytingin er leiðrétting á ákvæðum 4. gr. um þennan 5 ára frest, að í staðinn fyrir „eftir 5 ár“ komi „innan 5 ára“, því að það er auðvitað átt við, að ákvæðið nái til þeirra, sem hafa lokið prófi áður en 5 ár eru liðin frá stofnun háskólans.

Umr. lokið.

ATKV.GR.:

Br.till. á þgsk. 466 við 1. gr. frumv. sþ. með 11 shl. atkv.

1. gr. frv. þannig br. samþ. m. 10 shl. atkv.

Br.till. við 2. gr. sþ. m. 10 shl. atkv.

2 gr. frv. þannig br. sþ. með 10 shl. atkv.

Br.till við 3. gr. sþ. án atkv.gr.

3. gr. þannig br. sþ. m. 9 shl. atkv.

Br.till. við 4. gr. sþ. m. 10 shl. atkv.

4. gr. þannig br. sþ. m. 10 shl. atkv.

Frumv. þannig br. sþ. til 3. umr. m. 10 shl. atkv.

Þriðja umræða í efri deild 19. apríl (597).

Frumv. var umræðulaust samþ. í e. hl. og endursendist neðri deild.

Ein umræða í efri deild 3. maí (742, 831).

Framsögum. (Ari Jónsson): Eg ætla aðeins að geta þess, að við nefndarmennirnir í þessu máli erum í rauninni ósamdóma hv. neðri deild um þá breytingu, sem hún hefir gert á frumvarpinu, teljum hana spilla því. Við metum hana samt ekki svo mikils, að við viljum hamla því, að frumv. verði að lögum fyrir hennar skuld og mælum því með, að það verði samþ. óbreytt.

(Ráðherra: Hver er breytingin?)

Hún er sú, að í staðinn fyrir 5 ár komi 6 ár, í síðustu grein frumvarpsins.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 10 shl. atkv. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Víxilmál.

FRUMVARP til laga um sérstakt varnarþing í víxilmálum.

Fyrsta umræða í efri deild 9. marz (115).

Lárus H. Bjarnason: Úr því aðrir verða ekki til þess, skal eg leyfa mér að stinga upp á því, að frumv. þessu sé vísað til nefndarinnar í viðskiftalagafrumvarpinu.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hl.

Frumv. vísað til viðskiftalaganefndarinnnr í e. hl.

Önnur umræða í efri deild 29. marz (115, n. 354).

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Eins og segir í þessu stuttorða nefndarálíti, þykir nefndinni frumv. ekki óaðgengilegt. Að vísu er það varhugavert að draga menn burtu frá varnarþingi sínu. En bæði er nú löggjöfin farin að gera undantekningar frá aðalreglunni, t. d. með l. 59 10. nóv. 1905, um varnarþing í skuldamálum og svo verður nefndin að skilja frumv. þetta svo, að það eigi aðeins við þá víxla, sem eiga að greiðast annarsstaðar en að heimili samþykkjanda, eða svokallaða „domicileraða“ víxla og með þeim skilningi vill nefndin mæla með því, að hv. deild samþykki það.

Umr. lokið.

ATKV.GR.:
Meginmál frumv. samþ. í e. hl.
Fyrirsögn samþ. án atkv.gr.
Frumv. í heild sinni vísað til 3. umr. í e. hl.

Þriðja umr. í efri deild 31. marz (115).
Enginn tók til máls.
ATKV.GR.:
Frumv. samþ. í e. hl. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Almennar auglýsingar.

FRUMVARP til laga um breyting á gildandi ákvæðum um almennar auglýsingar og dómsmálaauglýsingar.

Fyrsta umræða í efri deild 9. marz (113).

Sigurður Stefánsson: Það er tillaga mín, að þessu máli sé vísað til sömu nefndar, viðskiftalaganefndarinnar.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hl. og til viðskiftalaganefndarinnar í e. hl.

Önnur umræða í efri deld 29. marz (113).

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Eins og háttv. deildarmenn sjá eru það hvorki margar eða miklar breytingar, sem nefndin leggur til að verði gerðar á frumvarpinu. Breytingarnar á 1. og 2. gr. eru að eins orðabreytingar, gerðar til þess að færa frumvarpið til betra máls.

Að núgildandi lögum eru stjórnarvaldaauglýsingar birtar í Lögbirtingarblaði Íslands, skv. l. 16. nóv. 1907, og í dönsku blaði, Statstidende, skv. l. 28. ág. 1903. Það er engin ástæða til að halda áfram að birta slíkar auglýsingar í útlendu blaði. Að minsta kosti er það viðkunnanlegast að láta birtingu í íslenzku blaði nægja, eins og farið er fram á í frumvarpinu, enda býst eg ekki við, að það geti haft nein óheppileg áhrif á lánstraust Íslendinga erlendis, en það væri það eina, sem gæti mælt á móti því, að hætta við birtingu í útl. blaði. Þess vegna vill nefndin mæla með frumvarpinu, enda mætti ef til vill orða það, hvort lögin 16. nóv. 1907 hafi ekki þegar afnumið skylduna til að birta stjórnvaldaauglýsingar í útl. blaði.

Hitt getur ekki komið til mála, að 3. gr. frumvarpsins megi standa óhögguð. Þeir sem eiga að fara eftir ákvæðum frv., verða að fá að vita um þau fyrst. Þess vegna verður að setja frest til þess er lögin koma í gildi og þá er eðlilegast að hafa frestinn eins og venjulegt er um ný lög í stað þess, að frv. gerir ráð fyrir, að lögin komi þegar í gildi. Með öðrum orðum nefndin leggur til að 3. gr. frumv. verði feld niður. En að öðru leyti vill hún mæla með frumvarpinu með þeim orðabreytingum, sem hún hefir gert á því, og væntir þess, að háttv. deild sé henni sammála um, að það sé betur orðað þann veg.

Umr. lokið.

ATKV.GR.
1. brtill., þskj. 356 sþ. í e. hlj.
Þar með 1. gr. frv. fallin.
2. breytt., þskj. 356 sþ. í e. hlj.
2. gr. frv. þar með fallin.
3. brtill. 356 sþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frumv. sþ. án atkv.
Frv. þannig breytt vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umræða í efri deild 31. marz (425).
Enginn tók til máls.
Frumv. sþ. í e. hl. og sent aftur til neðri deildar.

Ein umr. í efri deild 11. apríl (541, n. 608).

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Með því að hv. neðri deild hefir að eins

gert eina óverulega og meinlausa orðabreyting á frumv, ræður nefndin hv. deild til að samþ. frumv. óbreytt.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. m. 9 shl. atkv. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Kosningarréttur og kjörgengi.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 49 frá 30. júlí 1909, um breyting á lögum, er snerta kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga.

Fyrsta umr. í efri deild 21. marz (236).

Forseti gat þess, að frumv. hefði ekki verið útbýtt nógu snemma og því þyrfti afbrigði frá þingsköpunum til þess, að málið yrði tekið fyrir. En samkvæmt ósk deildarmanna tók hann málið út af dagskrá.

22. marz.

Jósef Björnsson: Þegar mál þetta var til umræðu á síðasta þingi, þá kom til máls að það væri ekki rétt, samræmisins vegna, að veita konum þennan undanþágurétt, þær ættu að vera skyldar til að taka við kosningu alveg eins og karlmenn. En þá var því haldið fram, að þrátt fyrir ósamræmið væri þó alt að einu full ástæða til að veita konum þessa undanþágu, vegna þess að ennþá vantaði mikið á fult jafnrétti kvenna á móts við karlmenn. Þessi sama ástæða er fyrir hendi ennþá, engu síður en þá, því að konur hafa enn ekki fengið fult jafnrétti við karlmenn,

Það er ekki úr vegi að athuga þá spurningu, hvaða ástæður muni liggja til þess, að þetta frumv. er fram komið. Eg verð að játa, að eg hefi ekki heyrt þær ástæður, sem færðar hafa verið fyrir málinu í neðri deild. Eg get ímyndað mér, að höfuð ástæðan til þess, að frumv. er komið fram sé sú, að mönnum hafi virzt það koma í ljós, að þær konur, sem færastar væru, hafi skorast undan kosningn, en hinar ekki, sem miður voru færar til starfsins. Eg fyrir mitt leyti hefi orðið var við þetta eða heyrt þess getið, að miður hæfar konur hafa verið kosnar til opinberra starfa af því, að þær, sem voru álitnar bezt hæfar, gáfu ekki kost á sér. — Sé þetta alment, þá er það auðsætt, að af því getur leitt mikinn óhagnað, í fyrsta lagi fyrir konurnar sjálfar, af því að það spillir fyrir áliti kvenna til að taka þátt í opinberum störfum, og að hinu leytinu er það líka skaði fyrir þjóðfélagið, að þær konur taki þátt í stjórn opinberra mála, sem ekki eru vel til þess fallnar. En hjá þessum agnúum yrði fremur komist, ef allar konur væru skyldar að taka við kosningu, eins og karlmenn eru. Eg skal ekki segja um það, hvaðan óskirnar eru komnar, um að breyta þessu þannig, hvort heldur þær eru komnar frá konum eða körlum. Þetta skiftir líka minstu, því þó eg og að sjálfsögðu ýmsir fleiri, hafi heyrt því kastað fram, að óþarfi sé fyrir karlmenn, að neyða þessu að konunum, sem ekki óski þess, þá skiftir það minstu. Það gæti verið jafn réttmætt fyrir það. En eg er líka þeirrar skoðunar að ýmsar konur óski þessarar breytingar; eg hefi heyrt raddir í þá átt frá konum, að þessi undanþágurétturr, sem þær hafa nú að lögum, sé ekki heppilegur, af þeim ástæðum, að af honum geti leitt, að konur verði ranglega álitnar miður vel hæfar til opinberra starfa að svo stöddu. Þetta eru þá ástæður þær, sem mæla með frumvarpinu. En í fyrsta lagi má ekki gleyma því, að það vantar mikið á það ennþá, að konur hafi full réttindi til jafns við karlmenn og á meðan svo stendur er það ekkert ósanngjarnt, þó að þær hafi þennan undanþágurétt. Og á hinn bóginn get eg ekki betur séð en að konurnar geti sjálfar, með samtökum, komið í veg fyrir það, að þær sem lak-

lega eru hæfar, verði kosnar til opinberra starfa. Það ætti að vera hægt fyrir þær, til þess að varðveita álit sitt, að fá vel færar konur til að gefa kost á sér af fúsum vilja til slíkra starfa. En hins vegar eru margar konur, sem hafa svo miklum og margvíslegum heimilisstörfum að gegna og eiga því mjög *óhægt* með að taka verulegan þátt í opinberum málum, og það er alls ekki æskilegt, að slíkar konur verði neyddar til að gefa sig við opinberum störfum. Í þessu liggur allur þungi málsins, og á þessa óhægð á því að gegna opinberum störfum legg eg mikla áherzlu í sambandi við undanþáguréttinn. Því verð eg að vera því mótfallinn, að þetta frumv. verði samþykt.

Sigurður Hjörleifsson: Það var ætlun mín að leggja til að þetta frumv. yrði felt hér í deildinni, og eg hefi litlu við að bæta þær röksemdir, sem háttv. 2. þm. Skagf. færði fyrir því í niðurlagi ræðu sinnar. Eg vil benda á það, að svo mikið er nú orðið um skyldur manna til þess að vinna kauplaust í almennings þarfir, að það má heita hrein plága fyrir marga menn, þá sem færastir eru álitnir til að hafa slík störf með höndum. Ef því verður nú bætt við að konur skuli einnig skyldar til að taka að sér þess konar störf. alveg eins og karlmenn, þá hygg eg, að þessar borgaralegu skyldur muni hvíla enn þyngra á fólki en hingað til hefir verið, og jafnvel verða hrein vandræði fyrir sumar fjölskyldur, því það vill oft verða svo, að opinberum störfum er hlaðið á þá, sem hæfastir þykja, en ekki gætt að því að skifta störfunum sanngjarnlega niður. Enn er þess að gæta, að það hefir komið í ljós við kosningar til bæjarstjórnar, að sumar konur hafa komist í bæjarstjórn að eins vegna þess að þær voru konur. Það hefir verið kappkostað, að útvega þeim atkvæði einmitt vegna þess að þær voru konur, en ekki af því að væru álitnar öðrum fremur hæfar til starfsins. Á meðan svona stendur, sé eg ekki ástæðu til að samþykkja frumvarp eins og þetta sem liggur hér fyrir. Það er réttast að þetta jafni sig af sjálfu sér smátt og smátt, en eg tel ekki rétt, að löggjafarvaldið fari að grípa hér fram í á þann veg, að gera öllum konum að skyldu að taka á móti kosningu. Þess vegna legg eg á móti því, að frumvarpið verði samþykt.

Lárus H. Bjarnason: Eg vil að eins bæta við einni ástæðu frá almennu sjónarmiði. Eg tel vafasamt, að kjörgengi til sveitastjórna og bæjarstjórna eigi að vera skyldukvöð. Kjörgengi til alþingis er frjálst og það væri að líkindum heppilegast, að kjörgengi til bæja- og sveitarstjórna væri einnig frjálst, og það alveg jafnt, hvort karlmenn eiga í hlut eða konur. Það getur naumast verið hentugt að taka menn nauðuga til að stjórna sveitarmálum, hitt þvert á móti vafalaust affarasælla að fá menn til þess starfs, eins og flestra annara, með frjálsum samningum, og væri auk þess ef til vill réttast að borga slíkt starf. Af þessum ástæðum get eg ekki verið með því að fara nú að leggja þessa skyldukvöð á konur, úr því að þær hafa verið lausar við hana hingað til. Enda verð eg að segja það, að það er ekki tilhlökkunarefni, t. d. fyrir gifta menn að hafa konu sína á alþingi, dóttur í bæjarstjórn og vinnukonuna kannske líka á öðrum hvorum staðnum. — Fyrir mér vakir þetta, að kjörgengi til þessara starfa eigi að vera frjálst, enda yrði vonandi ekki hörgull á fólki, sem gæfi kost á sér fyrir það, að minsta kosti ekki í kaupstöðunum.

Kristinn Daníelsson: Eg stend upp til þess að taka í sama streng og þeir háttv. deildarmenn, sem á undan mér hafa talað. Eg vil að eins bæta því við, að eg legg enga áherzlu á þetta atriði, sem háttv. 2. þm. Skagf. nefndi, að konur hefðu ekki enn fengið fult jafnrétti við karlmenn. Það gerir hvorki til né frá í þessu sambandi. Eg vil veita konum fult jafnrétti við karl-

menn, en eg vil alt að einu láta þær vera lausar við þessar skyldur, sem hér er ætlast til að verði lagðar á Þær. Til þess liggja eðlilegar ástæður. Stöður kvenna í þjóðfélaginu eru þannig, sumpart vegna langvarandi venju, að þær eiga miklu óhægra með að inna af hendi skyldustörf, heldur en karlmenn. Eg veit það að vísu að sumar konur eru meðmæltar breytingu þeirri, sem frumv. fer fram á, af því, að þær búast við að það mundi flýta fyrir því, að konum verði veitt fult jafnrétti í öðrum greinum. En eg sé enga ástæðu til að það þurfi að fara saman. Þegar verið er að tala um í þessu sambandi, að réttindi og skyldur verði að fylgjast að, þá gleyma menn því, að þetta er ekki föst regla í íslenzkum lögum. T. d. hefir 60 ára maður rétt til að kjósa til sveitarstjórnar, en hann er ekki skyldur til að taka móti kosningu sjálfur. Á því sézt að þetta tvent þarf ekki að fara saman.

Eg legg til að frv. verði felt, en skal þó ekki setja mig á móti því, að nefnd verði skipuð í málið fyrst, og felt síðan, ef það þykir sæmilegri dauðdagi.

Umr. lokið.

Frv. felt frá 2. umr. með 9 : 2.

Bygging jarða og ábúð.

FRUMVARP til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. janúar 1884.

Fyrsta umr. í efri deild 25. marz (274),

Sigurður Stefánsson: Eins og háttv. þingdeildarmenn muna var líkt frumvarp þessu á ferðinni hér á síðasta þingi. Það var þá sett í nefnd, en hún gat ekki sint því, og ekki samið nefndarálit. Hér er um laganýmæli að ræða, sem vert er að sé athugað vel, því að þótt lögin um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884 hafi verið góð lög á sínum tíma, þá er því svo háttað um þau, eins og öll önnur gömul lög, að þau þurfa breytinga og endurbóta við, einkum þegar þess er gætt að ákvæði þeirra laga þóttu í fyrstu ekki sem sanngjarnlegust að, því er kom til viðskifta landsdrottins og leiguliða. Þetta frumvarp er meðal annars um, hvernig skuli að fara, þegar leiguliði vill gera jarðabætur, sem ekki eru áskildar. Það var orðin full þörf á því, að breytt yrði til í þessu efni og finst mér þetta mjög aðgengileg breyting. Það eru líka í því nokkur fleiri atriði en voru í frumvarpinu, sem lá fyrir á síðasta þingi, t. d. um jarðarhús og húsagerðarkostnað, sem eru þess verð, að þau séu athuguð vel; það eitt, þó ekki væri annað, þykir mér næg ástæða til að setja frumvarpið í nefnd. Eg vil því leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd, að umræðu lokinni; ekki þó af því, að eg vilji ekki að þetta frumvarp komist ekki út úr þinginu, síður en svo, heldur af því, að þetta er svo mikilsvert atriði og snertir svo mjög viðskifti og rétt leiguliða gagnvart landsdrottni.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 samhl. atkv.

Samþ. að kjósa 3 manna nefnd með 11 samhl. atkv. og í hana kosnir að viðhafðri hlutfallskosningu:

Jósef Björnsson,
Eiríkur Briem,
Sigurður Stefánsson.

Önnur umr. í efri deild 24 apríl (274, 680).

Jósef Björnsson: Þetta frumvarp, sem hér liggur fyrir, er ekki langt, en eigi að síður er það all-innihaldsríkt.

Efninu má skifta í 4 kafla.

Fyrsti efniskafli er um endurgjald, sem leiguliði á að fá fyrir unnar jarðabætur.

Annar kafli um hluttöku landsdrottna í byggingarkostnaðf bæjarhúsa.

Þriðji kafli um afnám innstæðu kúgilda, og loks fjórði kafli um skifting á landi til afnota og eignar.

Flest þessi atriði hafa mjög víðtæka þýðingu fyrir landbúnaðinn. En með því að nefndarálitið sýnir glögglega, hvað hér er farið fram á, þá skal eg vera svo stuttorður sem unt er. Eins og sjá má af 1. gr. frumvarpsins, þá er ætlast til að leiguliðar fái af landsdrottni kr. 1,50 aura fyrir hvert dagsverk þeirra jarðabóta, sem ekki eru áskildar í byggingarskilmálum og styrkhæfar þykja og til fullra nytja hafa komið, þó svo, að ekki þarf landsdrottinn að greiða gjald þetta eftir að leiguliði hefir notið ávaxta verka sinna um 10 ára bil eða lengur; en gjaldið hækkar að $^1/_{10}$ hluta fyrir hvert ábúðarár, að undanteknu fyrsta árinu, frá því að jarðabótin var unnin. Að því er snertir ákvæðið í 20 gr. laganna frá 12 jan. 1884 um bygging og úttekt jarða, er það að að segja, að sú borgun, sem þar er ákveðin, er engu minni, heldur öllu rífari, en hér er farið fram á. Hún getur orðið 12 sinnum hærri en sem svarar varanlegri árlegri afgjaldshækkun af jörðinni fyrir jarðabótina, eftir því sem úttektarmenn meta slíka afgjaldshækkun.

En til þess að leiguliði geti fengið þetta endurgjald, eftir núgildandi lögum, þarf hann fyrst að hafa reynt samninga við landsdrottinn; þar næst að fá tvo óvilhalla menn til þess á sinn kostnað að meta jarðabótina, hvort tilvinnandi muni að gera hana, hvað hún muni kosta og hve mikið varanlegt eftirgjald geti hækkað. Að þessu loknu skal hann enn bjóða landsdrottni að gera jarðabótina. Vilji hann það ekki, þá má leiguliðiun framkvæma verkið. Og hafi leiguliði eftir þennan undirbúning gert jarðabótina einn, fær hann við burtför sína af jörðunni 12 sinnum hærra endurgjald en afgjaldshækkunin fyrir hana nemur árlega. Eins og gengið hefir til undanfarið hafa leiguliðar átt erfitt með að ná þessu endurgjaldi enda vandmetið, hvað jarðarafgjaldið skuli hækka fyrir jarðabótina. Nefndin telur ákvæði frv. um þetta til mikilla bóta; því að þau ákveða leiguliða fast gjald fyrir hvert dagsverk, sem hann hefir unnið á jörðinni, þótt borgunin 1,50 kr. sé að vísu lítil. Þess vegna mælir nefndin með því, að þessi ákvæði frumvarpsins verði samþykt, og 1. gr. þess látin halda sér með þeirri breytingu einni, að tölunni 10 verði breytt í 11. En þá breytingu ber reyndar að eins að skoða sem leiðrétting prentvillu, því fyrst svo er ákveðið, að fyrsta ár skuli ekki teljast með til frádráttar á gjaldinu, en síðan árlega $^1/_{10}$, þá getur því ekki verið lokið að fullu á minna en 11 árum. Nefndin játar að vísu, þrátt fyrir þessa tillögu sína, að þannig lagað ákveðið endurgjald fyrir hvert ákveðið dagsverk unninna jarðabóta, hverjar helst sem þær eru, geti ekki verið réttlátt. Sumar jarðabætur eru þess eðlis, þó þarfar séu og góðar, að þær borga sig seint, svo að 11 ára tími er of stuttur, en aðrar borga sig aftur á móti miklu fljótar, jafnvel á örfáum árum.

Til dæmis má taka, að þar sem þægilegt er að koma á vatnsveitingum, borga þær sig fljótt. En ætti að taka fullt tillit til þessara hluta og miða endurgjaldið til leiguliða við þá, það þyrfti að semja um þetta nákvæm lög, sem bygð væru á fagþekkingu og yrðu þau að taka til greina mjög mörg atriði, ef nokkur veruleg sanngirni ætti að fást með þeim. Þetta finst nefndinni ástæða til að benda á. Í annari og þriðju grein frumvarpsins er farið fram á það, að leitt sé í lög, að leiguliðar eigi heimtingu á að landsdrottinn leggi fram $^3/_4$ af kostnaði við byggingu jarðarhúsa. Enda þótt leiguliði eigi að flytja að það byggingarefni, sem jörðin sjálf leggur til, geta þetta þó orðið heilmikil útgjöld fyrir landsdrottinn, og kemur því til álita, hvort þessi útgjöld eru sanngjörn og koma vel niður eða ekki.

Því verður ekki neitað, að það er eðlilegt, að landsdrottinn leggi fé til umbóta

jörð sinni. En þó svo sé, þá verður að líta á hitt líka, hvort framlag þetta komi ekki niður þannig, að það verði ósanngjarnt í framkvæmdinni.

Ef þetta er athugað nánar, má sjá, að framlagið til byggínganna getur komið mjög illa við fyrir landsdrottinn. Það gæti orðið hart fyrir hann að verða að leggja fram $^3/_4$ hluta kostnaðarins á þann hátt, sem frumv. ætlast til.

Það er vitanlegt, að margir jarðareigendur hér á landi eru ekki svo efnum búnir, að þeir geti lagt fram sér að meinalausu stórar fjárupphæðir í einu.

En hafi leiguliði rétt til að krefjast þess, má búast við, að hann í mörgum tilfellum héldi réttinum fram og krefði þess fjár, er landsdrottinn eigi gæti látið af hendi rakna, því það verður að játast, að þó byggingu bæjarhúsa hafi farið mjög fram á síðustu áratugum, þá vantar samt mikið á, að þau séu enn í lagi allvíða. Kröfur um framlagið væri því margvíða mjög svo eðlilegar, og gætu stundum numið miklu fé.

Nefndin lítur nú svo á, að mörgum landsdrottni væri eða fyndist sér vera ofvaxið að leggja fram þenna byggingarkostnað og fyndist hann vera neyddur til að selja jörðina. Þetta er að vísu ekkert athugavert, ef hægt væri þá að selja jörðina sæmilegu verði, en það eru ekki vanalega margir lysthafendur að jörðum, sem 'eru í lífsátiðarábúð eða annari fastri ábúð um lengri tíma; það gæti svo farið, að eini kaupandinn, sem fengist, væri leiguliðinn sjálfur og yrði honum þá að nokkru gefið sjálfdæmi um verðið. En eins og bent er til í nefndarálitinu, gæti þetta orðið tilefni til óhæfilega lítils verðs á jörðinni og haft áhrif til lækkunar á verði jarða í landinu.

Enn þó leiguliðum sé gefinn þessi réttur á hendur landsdrottni, þá er samt byrðinni ekki létt af þeim. Þeir bera fjórða hluta kostuaðarins og að auki flutning á á því efni, er jörðin sjálf á til.

Og þegar ábúðartíminn er stnttur, er því rétti leiguliða ekki borgið. Af þessum sökum og fleirum leggur nefndin til, að 2. og 3. gr frumv. verði ekki samþyktar eins og þær liggja fyrir, en í þeirra stað komi tvær aðrar greinar, sem eru bygðar á nokkuð öðrum grundvelli.

Þær tillögur nefndarinnar eru bygðar á því, að hún viðurkennir rétt, að landsdrottnar byggi upp hin nauðsynlegu bæjarhús á jörðinni á sinn kostnað, en hún álítur nauðsynlegt, að þetta geti fram farið smám sama eða að nokkru leyti eftir hans eigin geðþótta, sem sé þegar ábúendaskifti verða. Að jafnaði getur landsdrottinn ráðið miklu um, hvenær þau verða, og yrði þá landsskuldin einnig ákveðin með samkomulagi við hinn nýja ábúanda um leið og byggingarkostnaðurinn væri lagður fram.

Þetta eru þá kostirnir:

1, Leiguliði losnar við allan kostnað við byggingu bæjarhúsa.

2, Þó að landsdrottinn leggi hér fram allan kostnaðinn, lítur nefndin þó svo á, að það sé þægilegra fyrir hann að öllum jafnaði að gera það en að leggja fram $^3/_4$ eftir frumvarpinu, ef farin er sú leið, sem nefndin leggur til, og honum er allmikið í sjálfsvald sett, hvenær hann byggir.

3, Ef landsdrottinn getur ekki bygt bæjarhúsin upp, þá er í þessu tilfelli jörðin laus til ábúðar og getur hann því fengið fleiri lysthafendur að henni en ef hún hefði verið í fastri ábúð, og fær nú betra verð fyrir hana.

4, Sé svo litið á þann, sem flestar jarðirnar á, sem er landssjóður, þá er óliku léttara fyrir hann að byggja þannig upp jarðir sínar smám saman, jafnóðum og þær losna úr ábúð, en ef hann þyrfti að byggja upp strax bæjarhúsin á öllum fjölda þeirra. Það var skylda landsdrottna til forna að húsa jarðir sínar, og munu þær þá hafa verið sæmilega húsaðar. En er hagur almennings versnaði og deyfð og framtaksleysi fór

í vöxt, þá hefir skyldan smám saman smeygst yfir á leiguliðann. Það er því eðlilegt, er hagur manna batnar, að þá komist þetta aftur í hið forna far.

Það virðist líka rétt að landsdrottinn eigi byggingar á jörð sinni, og þá kemur sú spurning fram, hve langt á þá að fara í fjárkröfuskyldu á hendur landsdrottni til byggingar bæjarhúsa, eða með öðrum orðum, hve mikla upphæð eigi að ákveða *minsta* í þessu efni.

Hér er um mikið vandamál að ræða og hefir nefndin lagt til, að ekki verði meira krafist af landsdrottni, vilji hann ekki sjálfur leggja meira fram, en áttfalt afgjald jarðarinnar eftir meðaltali 5 síðustu árin.

Búast má við, að um það verði skiftar skoðanir, hvort þetta sé heppilegt takmark, sem nefndin hefir sett. En til skýringar því, hvernig þetta kæmi út skal eg taka dæmi.

Jörð er 20 hndr. að dýrleika og er goldið í landsskuld og leigu af henni 100 kr. Slík landsskuld er lág, en ekki óvanaleg með öllu, af jörð af þessari stærð, þó hún geti stundum verið töluvert hærri, jafnvel þrefalt hærri eða þar yfir.

Á þessari jörð gætu úttektarmenn ekki skyldað landsdrottinn til hærri borgunar til bæjarhúsa en 800 kr., og nefndin gat ekki litið öðruvísi á en að til þess að fá viðunanleg bæjarhús á 20 hndr. jörð, yrði með engu móti komist af með minna en 800 kr. En með þessari upphæð mætti þó gera þau viðunandi eftir áliti nefndarinnar og miklu betri en bæjarhús eru nú all-víða

Eg sé að einn háttvirtur deildarmaður hristir höfuðið yfir þessu og lít eg svo á, að honum þyki þetta of lágt *(D.m.:* Já), en eg vil benda honum á, að hér er um lagaskyldu að ræða, sem ákveður lágmark en ekki hámark.

Nefndin efast ekki um, að sá, sem efni hefir, byggi svo traust og vel, að það geti verið til varanlegra bóta og láti sér ekki í augum vaxa, þó það kosti meira en lagaskylda er til.

Þá skal eg með fám orðum minnast á kúgildaákvæði frumv., þar sem leiguliða er heimilað að leysa til sín kúgildin, þegar hann óskar þess.

Við þetta atriði hefir nefndin ekkert að athuga og mælir með, að það verði samþ.; að eins leggur hún til að litlar orðabreytingar verði gerðar, sem sé þær, að í stað „tveggja dómkvaddra manna og óvilhallra“ komi: „úttektarmenn“.

Nefndinni virðist nægilegt, að úttektarmenn meti það, sem hér er um að ræða. Að hafa til þess dómkvadda menn er óþarflega vafningamikið.

Þá er 6. gr. frumv., sem hefir í sér fólgin atriðin um skiftingu óskifts lands, bæði til afnota og til eignar og í sambandi við það girðingarskyldu. Að því, er snertir afnot þau, sem um er að ræða í greininni, þá eru í gildandi lögum til ákvæði um rétt til að fá skift túni og engjum, er um sameiginlegt land er að ræða. En það, sem hefir komið háttv. flutningsmönnum í neðri delld til að fara fram á breytinguna, er að sumstaðar stendur svo á, að í beitilöndum eru blettir, sem vafi er á um, hvar telja skal til *engja* eða ekki. En af því leiðir þá aftur vafa um það, hvort hægt sé að krefjast skifta á slíkum slægjum. Þetta hefir valdið óánægju, og eðlilegt virðist það vera, að skiftingin sé heimiluð.

Það er ekki full ljóst eftir orðalagi greinarinnar, hvort vakað hefir fyrir flutningsmönnum, að skiftin skyldu vera afnotaskifti einungis eða jafnframt eignaskifti, en líklega eru það þó einnig eignaskifti, sem ákvæðin eiga að ná til, og hefir nefndin ástæðu til að ætla, að svo sé, af samtali, sem hún átti við tvo hv. neðri deildar þingm. um þetta. Nefndinni hefir

því af þeirri ástæðu og öðrum fleirum fundist rétt að taka eignaskifta ákvæði upp í breytingartill. sínar.

Nefndin leggur þessvegna til, að í staðinn fyrir nokkurn hluta þessarar greinar komi þrjár greinar, sem að sumu eiga að eins við afnotaskifti, en að öðru fullkomin eignaskifti.

Að því, er snertir þörf á eignaskifti í sameiginlegu landi, skal bent á, að þegar þarf að taka land til ræktunar eftir ósk eins sameigandans, getur það verið afar ósanngjarnt, að hægt sé síðar — eftir að búið er að rækta landið — að heimta skifti á því til eignar, og eins getur það valdið ágreiningi, hvaða part hver hlutaðeigandi megi taka til ræktunar.

Nefndinni fanst rétt, að þegar parti er skift úr til ræktunar, þá sé það til eignar, þar sem það er mjög ósanngjarnt, að hægt sé að taka þetta land af þeim, sem ræktað hafa það, en eignarskifti fara fram síðar, því auðsætt er, að mestur hluti af verðmæti landsins liggur oft í þeim kostnaði, sem lagður var fram til ræktunarinnar. Og þótt svo kynni að verða litið á af sumum, að eftir núgildandi lögum sé ekki hætt við að þessi réttmæta eign yrði tekin af ræktanda, þá eru þó engin lagaákvæði til, sem hindra það að svo geti orðið, og þetta þarf að koma í veg fyrir. Nefndin vill og ekki aðeins leggja til að eignarskifta geti orðið krafist á slíkum smáblettum. En hún vill, að heimilt sé, að krefjast eignarskifta fullra á öllu því landi, sem sérbýli ber. Eftir því, sem búnaði fer fram og ræktun landsins eykst, verður þetta nauðsynlegra, og styður að betri meðferð og meiri ræktun landsins.

I sambandi við útskifti til eignar hefir nefndin lagt til, að bætt verði við nýju ákvæði um það, sé landi skift, sem sett er að veði, þá hafi veðhafi rétt til að heimta yfirmat í tvö ár frá því, að honum eru tilkynt skiftin. Þetta virðist ekki mikils vert atriði, en það er hugsanlegt, að þegar sameiginlegu landi er skift, og einhver þeirra, sem hlut á að máli, stendur mjög tæpt, að hann hugsi sem svo: Landið verður líklega tekið af mér, hvort sem er, og þá get eg eins vel látið meðeigendur mína fá sinn hluta vel útskiftan. Þetta gæti orðið til þess, að skiftingin yrði ósanngjörn til skaða fyrir veðhafa, ef einhver eigandi skyldi fara um koll. Til þess að engin freisting geti átt sér stað í þessa átt, þá leggur nefndin til, að þetta ákvæði verði sett inn í frumvarpið.

Þá leggur nefndin til að taka upp ný girðingarákvæðið, sem verði 9. og 10. gr. Þær girðingar, sem er um að ræða, eru girðingar á landamerkjum, og get eg verið fáorður um þetta atriði. Eg skal að eins benda á, að girðingar eru óneitanlega einhver hin nytsamlegasta umbót í búnaði, sem hægt er að gera. Þær spara fyrst og fremst mikla vinnu, og í öðru lagi eru afnot landsins miklu betri, ef það er girt. Við sjáum merki þess enn í dag, að á meðan hagur landsins var góður, þá hafa víða verið öflugar girðingar. En þegar hagur þjóðarinnar stóð illa, þá var ekkert girt. Svo þegar viðreisnartíminn byrjaði á 18. og 19. öld, þá er aftur farið að girða, og síðan hafa girðingar farið vaxandi. En það, sem aðallega stendur í vegi fyrir girðum á síðari árum, er einmitt þetta, að engin skylda hvílir á eiganda jarðar að girða á móts við nágranna sína. Þetta hindrar, að löndin verði afgirt. Af því að þessa skyldu vantar, hafa landaeignir ekki verið girtar, nema á örfáum stöðum; og það er heldur engin von. Þess vegna er nauðsynlegt að fá lagaákæði um það, að landeigandi geti orðið skyldaður um að taka þátt í kostnaði við girðingu landamerkja. Um þá skyldu hljóðar 9., 10. og 11. gr. I þessu efni vildi nefndin þó ekki fara lengra en að skylda nái að eins til gripheldra vírgirðinga, sem eru ódýrastar. Nefndin vill enn fremur að skoðunarmenn jarðabóta og úttektamenn skoði girð-

ingarstæðið, og geri áætlun um kostnað við girðinguna. Þegar því er lokið, ætast nefndin til, að sá, sem upptökin hefir að girðingunni, leiti samkomulags við þann, sem land á á móti. En fáist ekki samkomulag, þá sé honum heimilt að girða samt, og skuli eiga kröfu til helmings af girðingarkostnaðinum eftir þeirri áætlun, sem gerð var. Þó að girðingin verði dýrari en áætlað var, fær hann ekki meira fyrir því. Þegar girðing er komin á, sé henni skift milli þeirra, er hlut eiga að máli, og annast hver um sig um viðhald síns hluta, og vanræki annar viðhaldsskyldu sína, getur hinn látið gera við girðinguna á hans kostnað. Að því er snertir fjárframlag til girðingar, þá vill nefndin ekki fara lengra en svo, að heimila megi eins árs afborgun af jörðunni á hverjum fimm árum. Þó að fjárframlagið sé ekki meira í hvert sinn, þá mun þó mega koma upp girðingum allvíða með þessu móti, með því að í byrjun hvers fimm ára tímabils skapast ný krafa til jafnhárrar upphæðar, þar til girðingarkostnaðinum er lokið. Og flytst sú krafa yfir á nýjan eiganda jarðarinnar, ef eigendaskifti verða.

Eg skal svo ekki þreyta hv. deildarmenn á lengri ræðu. Að eins skal eg taka það fram, að nefndin álítur þetta stórþýðingarmikið mál, og að öll atriði frumvarpsins séu hvert í sínu lagi mikils verð. Nefndin álítur, að málið verði ekki látið falla niður, heldur tekið upp aftur og aftur, þar til það er til lykta leitt. En þrátt fyrir það lítur hún svo á, að hér sé margt, sem þarf að athuga sem allra bezt áður en það er afgert. Því leggur nefndin til, að frumvarpið verði að vísu afgreitt frá þessari deild, en ekki afgreitt til fullnaðar á þessu þingi, heldur eigi þjóðinni að gefast kostur á að athuga málið sem allra bezt. Þess vegna leggur nefndin til, að skjöl málsins verði send í alla hreppa landsins til athugunar og umsagnar, til þess að sem beztar upplýsingar fáist viðsvegar að áður en málið verður aftur til meðferðar á alþingi.

Júlíus Havsteen: Eg get verið háttv. nefnd sammála um, að þetta sé vandamál, en ekki af sömu ástæðum, sem háttv. frs.m. hefir til síns máls. Eg álít, að þetta sé vandamál, af því að hér er verið að breyta systematiskum lagabálk. Því að lögin um ábúð og afnot jarða frá 12. jan. 1884 eru systematisk lög, sem sé lög, sem innihalda úttæmandi reglur um það efni, er þau hljóða um. Hv. frsm. kannaðist líka við það í niðurlagi ræðu sinnar, að þetta væri mikið vandamál, því að hann vill ekki að frumvarpið verði afgreitt til fulls á þessu þingi. Að vísu talaði hann um, að afgreiða það til n. d. En því vill hann ekki eins hreinskilnislega leggja til að fella það strax. Það vil eg helzt gera að minni tillögu. Við vitum allir, hvernig lögin frá 12. jan. 1889 eru orðin til. Þau spunnust út af tilraunum þeim, sem gerðar voru 1880, til að semja Landbúnaðarlög, en menn komust ekki lengra en að lögin 12. jan. 1884 voru búin til; þau voru gerð af mestu vandvirkni, og sá sem mestan þátt átti í undirbúningi þeirra, var framúrskarandi búmaður og kunnugur búnaði hér á landi, enda mjög pennafær maður. Eg get ómögulega séð, að búnaðarhættir hér á landi hafi breytst svo á þessum alt að 30 árum, sem liðin eru frá því, að lögin 12. jan. 1884 komu út, að það þurfi nú að fara að breyta þeim. Eg fyrir mitt leyti álít bezt að láta þau standa eins og þau eru. Eg hef sjálfur haft tækifæri til að brúka lögin á meðan eg var amtmaður, og eg vissi til þess, að allir umboðsmenn voru sérstaklega ánægðir með þau, enda hafa aldrei orðið þrætur á því tímabili út af bygging og ábúð jarða.

Þegar eg lít á breytingarnar, sem nú á að gera á lögunum, þá get eg ekki álitið þær heppilegar. Eg skal fyrst nefna ákvæði um endurgjald fyrir unnar jarðabætur. Ef eg ber það ákvæði saman við

20. gr. laganna 1884, þá álít eg, að gömlu ákvæðin séu miklu betri og réttlátari, en ákvæði frumvarpsins. Eg get ekki álitið, að þessi nýju ákvæði í 1. gr. frumvarpsins komist í nokkurn samjöfnuð við 20. gr. laganna 1884. Þá skal eg minnast á 3. gr. frumvarps nefndarinnar. Þar segir í upphafi gr., að leiguliði ábyrgist ekki fyrningu. Þetta er gagnstætt fornri venju og lögum, sbr. 15. greinar laganna 12. jan. 1884. Í 2. málsgrein nefndrar greinar er skyldan til viðhalds húsum lögð á leiguliða. Þar stendur, að leiguliði skuli halda við húsum á jörðunni, og eru það eðlileg og sjálfsögð fyrirmæli. Hann fær álag á húsin, þegar hann kemur að jörðunni, og á að sjálfsögðu að skila húsunum í sama standi og hann tók við þeim. Ákvæði 3. gr. eftir tillögum nefndarinnar, geta ekki réttlát verið. Í sömu grein stendur fyrst, að leiguliði eigi að kosta viðhald húsa og það er alveg rétt. En ef þetta ákvæði er borið saman við síðustu eða 4. málsgrein greinarinnar, þá kemur fram ósamræmi; því þar er svo ákveðið, að ef bæjarhúsin eru orðin svo forn, að þau þurfi að endurbyggjast, þá megi jarðeigandi byggja húsin upp. Leiguliði þarf ekki annað en láta húsin öll falla, og fara svo til landsdrottins og segja honum til um, að nú eigi að byggja upp húsin.

Þá koma ákvæðin um kúgildin. Í hitt eð fyrrra lá hér fyrir þinginu frumvarp um afnám kúgilda. En hér er ekki farið eins langt. Hér sýnist vera ætlast til, að leiguliði geti ráðið því, hvort hann vill losna við kúgildin eða ekki. Eg álít að vísu, að það sé ekki hættulegt að leyfa slíkt, því fæstir leiguliðar geta leyst út kúgildin, þó þeir vildu.

Eg fyrir mitt leyti held, að það sé best að láta kúgilda-„institiutionina“ standa eins og hún er. Hún hefir reynst vel og verið einn máttarstólpi landbúnaðarins um mörg hundruð ár. Svo er sagt, að kúgildi hafi tíðkast áður en Jónsbók var lögtekin 1281, en í öllu falli er víst enginn efi á því, að þau hafi komið til upp úr eymdarástandinu, sem „svarti dauði“ skapaði hér á landi. Vér getum ekki án þeirra verið. Að vísu eru þau ekki afnumin í frumvarpinu, en það er samt stigið stórt spor í áttina til þess.

Loks skal eg taka það fram, að bæði í frumvarpinu og tillögum nefndarinnar eru ákvæðin um það, hver lög eru numin úr gildi, alveg ófullnægjandi. Afnámsgreinarnarnar eru ekki út tæmandi. Það er aðeins talað um það, að 6. gr. í lögum 1884 skuli numin úr gildi og „önnur ákvæði, er koma í bága við þessi lög“. Það er nokkuð bætt úr þessu af nefndinni, því þar er 20. gr. feld úr gildi líka. En samt finst mér þessi ákvæði alveg ónóg. Afnámsgreinar eiga að vera greinilegar og skýrar, helst alveg tæmandi, og sérstaklega er það áríðandi, þegar alþýðumenn eiga að brúka lögin.

Eg býst ekki við, að orð mín hafi mikla þýðingu, en eg stóð upp aðallega í þeim tilgangi eða í þeirri von, að geta komið því til leiðar, að þessar tvær greinar um kúgildin yrðu feldar.

Eiríkur Briem: Eg vildi að eins segja nokkur orð viðvíkjandi ræðu hv. 1. kkj. Það gladdi mig mjög að heyra ummæli hans að því er snertir 20. gr. ábúðarlaganna frá 12. jan. 1884, um endurgjald fyrir jarðabætur. Eg hef samið þá grein fyrir 30 árum, og það gladdi mig að heyra orð hv. þm., því það er í fyrsta sinn, er eg heyri nokkurt gott orð um þá grein. Það hefir alment verið farið mjög hörðum orðum um hana og talað mikið um það, hve hörmulega þar væri farið með leiguliðana. En ég álít einmitt, að þar sé gert meira fyrir þá leiguliða, sem vilja koma í framkvæmd verulegum jarðabótum heldur en gert er í þessu frumvarpi. En mér er kunnugt um það, að mönnum hefir vaxið í augum sá undirbúningur,

sem þar er gerður að skilyrði fyrir endurgreiðslu jarðabóta, og því oft farið á mis við að fá nokkurt endurgjald. Eg játa, að þeim undirbúningi fylgir nokkurt ómak, sem mönnum oft sýnist ekki takandi, sérstaklega, ef um smávægilegt er að ræða, t. d. um nokkura faðma túnasléttun. En eg álít hitt miklu meira virði að geta trygt sér endurgjald, þegar ráðist er í verulegar jarðabætur, sem bæta jörðina til frambúðar. Eg hefi fylgt tillögum nefndarinnar um þetta efni aðallega af því, að eg álít þær miklu kærari almenningi, þó eg fyrir mitt leyti líti svo á, að þær séu ekki eins réttlátar eins og núgildandi ákvæði.

Hv. 1. kkj. þm. talaði um, að hér væri brotin systematisk lög, og nefndi í því sambandi viðhaldssyldu á húsum. Það er rétt að þessu leyti, en að öðru leyti haggar frumvarpið ekkert við ákvæðum laganna. Aðeins koma nýjar greinar fyrir sumar greinar laganna, og sömuleiðis nokkur ákvæði um skifti og girðingar, sem aðeins fylla skörð, sem áður vorn ófylt, nema ef ætla má, að ákvæði Jónsbókar um girðingar séu enn í gildi. Frumvarpið kemur því ekkert í bága við lögin að þessu leyti. En viðvíkjandi hinu atriðinu, sem eg nefndi, viðhaldsskyldunni á húsum. þá var það svo til forna, að viðhaldsskyldan hvíldi á jarðeiganda. En nú er ætlast til, að lík ákvæði gildi um skyldu leiguliða að þessu leyti eins og um skyldu þeirra, sem leigja hús, gagnvart húseiganda. Hér er á það að líta, hvernig úttekt húsa á jörðum er vanalega. Það er oftast svo, að álagið er ekki metið hærra en fyrir sjáanlegum göllum. Þetta er svo á Suðurlandi, að minsta kosti. Aftur mun álagið vera nokkru hærra sumstaðar annarsstaðar á landinu. En yfirleitt mun mega segja, að álagið sé oft svo lágt, að ekki nemi, nema litlum hluta þess, sem það kostar að byggja húsin upp.

Að því er snertir kúgildin, ganga tillögur nefndarinnar í þá átt, að það sé samkomulagsatriði milli jarðareiganda og leigjanda. Að vísu getur leigjandi losnað við kúgildin, ef hann vill, en þá fær jarðeigandi fult endurgjald fyrir leiguna, svo þetta sýnist lítið atriði

Nefndin telur æskilegt, að frumvarpið verði afgreitt héðan til n. d., en ekki til fulls frá þinginu. Málið er að sumu leyti nýmæli, sérstaklega um skifting lands og girðingar, og yfirhöfuð svo mikilvægt, að ekki sýnist ástæða að afgreiða það til fullnaðar að þess sinni, en hinsvegar æskilegt, að það fái sem rækilegastan undirbúning. og verði umtalsefni meðal þjóðarinnar til næsta þings.

Gunnar Ólafsson: Hv. 1. kgk. þm. tók flest fram af því, sem eg vildi segja, en það var þó eitt atriði, sem hann ekki nefndi, sem eg vildi leyfa mér að minnast á, sem sé um kostnað við húsabyggingar á jörðum. Eg er hræddur um, að ekki sé í raun og veru gott að setja bindandi lög um það atriði.

Það liggur í hlutarins eðli að leiguliði á að vera alveg sjálfráður um það, hvernig húsakynni hann býr við. — Vitasknld er nú lögboðið að halda við húsum á jörðunum, en það eru aðallega fjós og eldhús sem viðhaldsskyldan hvílir á, miklu síður íbúðarhýbýli; þó mun það sumstaðar vera og alt of víða að leiguliði á að halda við svo og svo löngum bæjardyrum með vissri staura- og raftatölu eða eldhúsi í tiltekinni stærð, og tel eg þetta mjög skakt þar sem slíkt stendur fyrir eðlilegum og sjálfsögðum bótum á híbýlum manna.

Í þessu frumv, er ákveðið að jarðeigandi skuli leggja til $^3/_4$ hluta af byggingarverði húsanna, en verði það ákvæði samþykt, verður það að eins til þess að gera leiguliðana ennþá ómyndugri, að því er snertir húsaskipun og annað byggingarfyrirkomulag á ábýlisjörðum sínum.

Annars verð eg að vera algerlega mót-

fallinn því, að verið sé að blanda sér inn í privatsakir manna, nema sem allra minst; það verður sjaldan affarasælt.

Í br.till. nefndarinnar stendur, að jarðeigandi skuli leggja til öll nauðsynleg bæjarhús, en síðar í greininni stendur nokkuð annað, og það er það, að jarðareigandi þurfi þó ekki að gjalda meira en áttfalt jarðargjaldið. Nefndin virðist sem sé ekki hafa athugað það, að nú eru menn stöðugt að reyna að fá betri hús, en eg get ekki séð að hægt sé að koma sér upp viðunanlegum bæjarhúsum fyrir þetta áttfalda gjald. Getur verið að fyrir þá upphæð mætti ef til vill fá viðunanlega baðstofu — það er alt og sumt. Og eg held, að það sé ekki framtíðarvegur. Það eru til margar jarðir, sem ekki er goldið af nema 50 krónur eða minna, og sú upphæð áttföld er hvergi nærri nógu stór til þess að fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 2. gr. frv. um að jarðareigandi skuli leggja fram verð nauðsynlegra hýbýla.

Þá vil eg einnig benda á, að í niðurlagi 3. greinar segir, að ef hús séu fallin skuli jarðareigandi skyldur að endurreisa þau, með ráði úttektarmanna. Þessi krafa finst mér í alla staði ósanngjörn, og eg tel líka alveg rangt að leyfa ekki ábúanda að haga byggingum sínum eftir eigin geðþótta, og svo er hitt atriðið, að ef húsum er ekki nógu vel haldið við, að dómi eða mati jarðareiganda og úttektarmanna, þá er það útbyggingarsök á hendur leiguliða. En allar þær kvaðir, sem valdið geta jafnþungum búsifjum, eða gefur jarðareiganda handhægt vopn á leiguliða, tel eg með öllu óhæfilegar. Það má svo oft finna sér það til að húsum hafi ekki verið viðhaldið, og af þeim ástæðum gætu útbyggingarsakir orðið alt of tíðar.

Eg vil þá að lokum taka það fram, að eg er alveg samdóma hv. 1. kgk. þingm. um það, að lög þessi eigi ekki að komast héðan út úr deildinni, heldur eigi þau hreint og beint að falla undir eins.

Framsögum. (Jósef Björnsson): Það eru að eins örfá orð, sem eg ætla að leyfa mér að segja út af ræðu hv. þm. Vestur-Skaftfellinga, og skal eg grípa ofan í það, sem hendi er næst.

Hann sagði, að nefndin hefði ekki viljað styðja að betri húsabyggingum, og færði þar til ástæðu dæmi það, er eg nefndi um 800 kr. framlag á 20 hndr. jörð. Hann verður þó að játa að 800 kr. á 20 hndr. jörð, er hreint ekki svo lítið byggingarfé. Að minsta kosti er eg viss um að bæjarhús á slíkum jörðum eru margvíða minna verð. Og eg er þess fullviss að hv. þm. getur sannfært sig um þetta, vilji hann gera sér það ómak að fá að líta á virðingargerðir bæjarhúsa í veðsetningaskjölum þeim, er liggja við Landsbankann. Þar mundi hann sjá að húsin eru víða *margfalt* minna verð en þetta. En hann sagði samt áðan, að í þessu væri engin bót fólgin, en því neita eg.

Þá hélt hv. sami þm. því fram, að úttektarmennirnir teldu venjulega raftana í húsunum, en hefir líklega haft fyrir augum peningshús nær því eingöngu, og því verið að tala um það, sem lá utan við málefnið, sem hér ræðir um, því fátt mun nú orðið til af reptum baðstofum. En ef hann heldur, að raftahús séu betri en hús, sem eru á annan hátt, þá fæ eg ekki skilið hugsanir hv. þm. V.-Skaftfellinga.

Hann fann einnig að því, sami hv. þm., að hér væri verið að blanda sér um of inn í privatsakir manna. Það er þá að líkindum hans meining að láta leiguliðana gera alt, en jarðeigendana ekkert. Og líklega láta þá leiguliðana notast við raftakofana framvegis.

Mér skildist hann vilja láta einhverja fjárupphæð fylgja hverri jörð, en þá hefir hann líka gleymt að taka fram, hversu há sú upph. skyldi vera; ætti það að vera betra en 800 kr., sem hneyksluðu hann svo mjög?

Mér fyrir mitt leyti finst, að það ástand, sem nú er í þessu efni, geti ekki haldið áfram að vera óbreytt, og mér finst heldur ekkert sérlega agalegt, þótt lögleitt væri, að jarðir skyldu vera leigðar með viðunandi bæjarhúsum. Það er því ver allvíða svo ástatt, að ekki er hægt að hleypa inn manni sökum ónógra og illra húsakynna,

Þá sagði hv. þm. Vestur-Skaftfellinga, að þetta frumv. ætti að fella strax. Það er þá líklega af því að hann er svo *harðánægður með ástandið, sem nú er.* En eg get fullvissað hann um að nefndin er á alt annari skoðun.

Skal og þá leyfa mér að víkja örfáum orðum til hv. 1. kgk. út af ræðu hans. Hann sagði, að kúgildin væru nauðsynleg, en nefndin lítur svo á, að þau séu oft leiguliða til byrði. Það getur leikið nokkur vafi á, hversu kúgildin séu tilorðin, en líklegast eru þau þó orðin til á þann hátt, að á niðurlægingartímum þjóðarinnar hafi leiguliðar oft verið svo fátækir, að þeir hafi ekki getað tekið jörðina, nema að fá nokkurn bústofn og hafi landsdrottnar tekið það til bragðs að setja kúgildin. En hvort þetta hefir verið gert nokkru fyr eða síðar skiftir engu.

Hv. þm. V.-Skaftfellinga sagði, að landsdrottni væri í sjálfsvald sett að gera alt að útbyggingarsök. Þetta er ekki rétt. Það getur ekki komið til nokkurra mála, að landsdrottinn byggi leiguliða út ástæðulaust, hvenær sem honum kynni að þóknast, þótt þessar breytingar, sem hér ræðir um, væri gerðar á gildandi lögum. Skal eg svo ekki fjölyrða meira um mál þetta að sinni, en þykist hafa sýnt, að ástæður andmælenda nefndarinnar séu veigalitlar, enda hafði hv. 2. kgk. þm. hrakið andmæli hv. 1. kgk. þm. að mestu.

Gunnar Ólafsson: Eg held, að hv. þm. Skagf. hafi misskilið nokkuð orð mín áðan.

Það, sem eg þá hélt fram og held fram enn, var það, að með þessu frumv. væri traðkað sjálfsögðum rétti leiguliða til þess að ráða sjálfir húsabyggingum sínum, og það tel eg mjög skaðlegt. En ef hv. nefnd vildi styðja að því, að góðum steinbyggingum yrði sem allra víðast komið upp, væri alt öðru máli að gegna. En, sem sagt, aðalástæðan til þess, að eg er á móti þessu frumv. er sú, að mér finst eins og með því sé verið að skerða athafnafrelsi einstaklinganna. Og mér finst að löggjafarvaldið ætti sízt af öllu að stuðla til þess.

Skal eg svo ekki tala meira um þetta atriði.

Framsögum. (Jósef Björnsson): Eg ætla að svara ofurlitlu því, sem hv. þm. V.Skaftfellinga (G. Ól.) sagði. Hann er nú því miður genginn út úr salnum, svo að hann heyrir ekki til mín. En eg get samt ekki varist að geta þess, að hann hefir misskilið nefndina og framsögu þessa máls, ef hann heldur, að það hafi verið tilgangur nefndarinnar að koma í veg fyrir byggingar og endurbætur á hýbýlaskipun í landinu. Hann virðist halda, að það, sem hér er lágmarkið, sé sama sem hámark. Hann gengur að því sem vísu, að jarðeigandi mundi aldrei leggja fram meira fé til bygginga en hann er lagalega skyldur til. Nefndin lítur svo á, að þegar landsdrottinn hefir skyldu til að húsa jörðina í hvert skifti, sem þess er þörf, þá muni hann hugsa sig vel um, áður en hann fer að byggja húsin lélega. Það er að minsta kosti miklu betra fyrirkomulag en nú á sér stað, þar sem leiguliði fær oft ekkert fyrir byggingar, en landsdrottinn hefir smeygt af sér skyldum í því efni yfir á haun. Slíkt fyrirkomulag er skapað til að halda því við, að byggingar á leigujörðum séu í illu ástandi. A slíkum jörðum er víða mjög illa ástatt í þessu efni. Eg efast um, að húsin séu mörg hundruð króna virði á þeim jörðum, sem er 50 kr. ársgjald af, eins og hv. þm. var að tala um. Yfir höfuð hefi eg ekki sannfærst um annað af ræðu hins hv. þm. V..Skf.

(G. Ól.) en að hann hafi *gersamlega misskilið nefndina.*

ATKVGR.:

Br.till. við 1. gr. sþ. án atkv.gr.

1. gr. frumv. samþ. með 10 shl. atkv.

Br.till. að 3. og 4. gr. falli burt sþ. m. m. 9 shl. alkv.

Ný 2. gr. fyrri hluti sþ. m. 9 shl. atkv.

2. gr. síðari hluta sþ. m. 9 shl. atkv.

Ný 3. gr. sþ. m. 8. shl. atkv.

1. br.till, við 4. gr; sþ. m. 9 shl. atkv.

2. br.till. við 4. gr. sþ. m. 7 shl. atkv.

3. br,till. við 4. gr. sþ. m. 9 shl. atkv.

4. gr. þannig breytt sþ. m. 9 gegn 1 atkv.

Br.till. við 5. gr. sþ. án atkv.gr.

5. gr. þannig breytt sþ. m. 9 shl. atkv.

Br.till. um að 6. gr. falli burt, sþ. m. 9 shl. atkv.

Ný 6. gr. sþ. m. 9 shl. atkv.

Ný 7. gr. sþ. m. 9 shl. atkv.

Ný 8, gr. sþ. m. 9 shl. atkv.

Ný 9. gr. sþ. m. 9 shl. atkv.

Ný 10. gr. sþ. m. 9 shl. atkv.

Ný 11. gr. sþ. m. 9 shl. atkv,

Br.till. við 7. gr. sþ. m. 9 shl. atkv.

Fyrirsögn frumv. sþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. m. 11:1 atkv.

Þriðja umræða í efri deild 28. apríl (736).

Eiríkur Briem: Af því að framsögumaður er ekki við, leyfi eg mér að segja nokkur orð um málið.

Það er ekki fram komin nein br.till. við frumv. og eins og menn muna, talaði nefndin um, að það yrði ekki afgreitt sem lög frá alþingi að þessu sinni, en vildi á hinn bóginn lofa því að ganga aftur til hv. neðri deildar, svo að hún gæti sagt um það álit sitt.

En svo miklar breytingar hafa verið gerðar við frumv. hér í deildinni, að telja má víst, að það verður ekki samþ. aftur óbreytt í þeirri deild, og kemur þá aftur til þessarar deildar.

Júlíus Havsteen: Eg lít svo á að engin vissa sé fyrir því að frumv. þetta verði ekki samþ. í hv. neðri deild.

Eg skildi svo umr. um málið síðast, að hin hv. deild væri einhuga um það að láta frumv. ekki fara frá þinginu að þessu sinni, en það er ekki rétt að eiga það á hættu að það nái samþ. hv. neðri deildar. Það er betra að fella það hér og láta svo neðri deildar þingmenn vita það undir hendinni, hverjar ástæðurnar voru, að frv. var felt.

Kristinn Daníelsson: Mér finst óviðkunnanlegt að fella málið, þegar framsögum. er ekki við.

Eg get gefið þær upplýsingar, að eg hefi átt tal við formann nefndarinnar í þessu máli í neðri deild og tjáði hann mér, að hennar vilji væri hinn sami og hér, að málið yrði ekki afgreitt frá þessu þingi. Ennfremur þóttu breytingar þær, sem hér höfðu verið gerðar, alls óaðgengilegar. Það er því engin hætta á því að senda málið til þeirrar deildar. Annars væri rétt að málið væri tekið út af dagskrá.

Málið tekið út af dagskrá.

---

2. maí (736).

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. með 6 atkv. gegn 2, og sendist aftur til neðri deildar.

Styrktarsjóður barnakennara.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 18, 19. júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Fyrsta umræða í efri deild 20. marz (216).

Flutningsm. (Sigurður Stefánsson): Eg býst við, að með þetta litla frumv.

þurfi að fara eins og önnur slík, er of seint koma inn í þingið.

Eg hefi tekið að mér flutning þessa máls, um breyting á lögum frá 9. júlí 1900 um styrktarsjóði handa barnakennurum, eftir ósk barnakennara við Ísafjarðardjúp. Til þess að málið yrði sem bezt undirbúið, bar eg það undir fræðslumálastjórann; tjáði hann mér, að samskonar óskir um breytingar á lögum þessum hefðu fram komið frá barnakennurum hér syðra, og yrði málið lagt fyrir kennarafélagið. Frumvarp þetta er því þannig til komið, að kennarafélagið setti nefnd til að athuga málið, og kom hún fram með frumvarpið. Þótt eg hafi tekið að mér flutning málsins, skal eg taka það fram, að eg get að svo stöddu að minsta kosti ekki fallist á ýms ákvæði frumv., og tel varhugaverðar sumar breytingar þess á gildandi lögum.

Aðalbreytingin, sem hér er farið fram á, og sem eg get þegar fallist á, er í því fólgin, að styrktarsjóðsgj. lækkar nokkuð; það hefir þótt helzti hátt. Eg get tekið sem dæmi, að kennari, sem hefir 1500 kr. laun, verður að borga 30 krónur, og launin verða þá auðvitað lægri, sem þessu hundraðsgjaldi nemur, og fyrir allan þann fjölda kennara, sem hafa lægri laun, verður þetta gjald því tilfinnanlegra.

Að þessu sinni skal eg ekki fara út í fleiri atriði, en eg býst við, að nefnd verði sett í málið, og þá megi ef til vill laga ýmislegt fleira.

Forseti: Með því að frumv. þetta, er framkomið fjórum vikum eftir þingsetningu, þarf leyfi hinnar hv. deildar, hvort það skuli komast að.

Deildin samþ. það í e. hl.

Fleiri tóku ekki til máls.

1. umræðu lokið.

Stungið upp á 3 manna nefnd, og var það sþ. í e. hl.

Í nefndina voru kosnir með hlutfallskosningu:

Stefán Stefánsson,
Sigurður Stefánsson,
Eiríkur Briem,

hinn síðastnefndi með hlutkesti, með því að listarnir böfðu fengið jöfn atkvæði.

Önnur umræða í efri deild 29. marz (216, n. 350).

Framsögum. Eiríkur Briem: Frumvarp þetta hefir verið borið fram hér á þinginu eftir ósk frá nokkrum barnakennurum. Nefndin, sem skipuð var í málið hér í deildinni, hefir nú íhugað frumvarpið og eins og nefndarálitið ber með sér álítur nefndin ekki fært að gera svona stórfeldar breytingar á lögum um styrktarsjóð handa barnakennurum, nr. 18, 9. júlí 1909. Í þeim lögum mælir fyrir um styrktarsjóð, en í frv. er ætlast til að sjóðnum verði breytt í eftirlaunasjóð, og hafi allir rétt til ákveðinna eftirlauna úr honum. Þó að nefndin sé hlynt þessari hugmynd og álíti æskilegt, að sú breyting gæti orðið á sjóðnum, þá lítur hún svo á, að það sé enginn vegur til þess að sinni. Þegar allir, sem hafa rétt til eftirlauna, eiga að njóta þeirra jafnt, þá hlyti upphæð sú, sem hver um sig fengi, að verða svo hverfandi lítil, að þeir, sem virkilega væru styrks þurfandi, væru alveg jafn nær, styrkurinn yrði langt frá nægilegur fyrir þá. Það stendur eins á um þennan styrktarsjóð eins og fleiri sjóði, sem hafa verið stofnaðir í líkum tilgangi, t. d. alþýðustyrktarsjóðina. Það er ætlast til, að styrk verði úthlutað úr þeim fyrst um sinn, til þeirra, sem eru mest þurfandi fyrir styrk, en margir óska og vona, að sá tími komi, að það verði hægt að gera úr þessum sjóðum almenna eftirlaunasjóði. Lík dæmi má nefna frá öðrum löndum. T. d. var byrjun til Statsanstalten for Lifsforskring í Danmörku upphaflega styrktarsjóður, en breyttist smátt og smátt í það horf, sem nú er alkunnugt, eftir því sem stofnuninni óx fiskur um hrygg. Auðvitað er það bæði æskilegast og eðlilegast, að þessi sjóður, sem hér er

um að ræða, komist sem fyrst í það horf, sem frv. ætlast til, að hann verði almennur eftirlaunasjóður fyrir barnakennara, en það verður að hafa það í huga að slík breyting er því að eins æskileg, að sjóðurinn geti samt sem áður veitt hverjum um sig svo háan styrk eða eftirlaun, að nokkru nemi. En það mundi sjóðurinn ekki geta fyrst um sinn og þess vegna getur nefndin ekki verið með frumvarpinu að þessu leyti.

Á hinn bóginn er eitt atriði í frumvarpinu, sem er laust við þessa breytingu á fyrirkomulagi sjóðsins. Það er að greiðslur kennara til sjóðsins verði færðar niður. Það hefir komið fram ósk frá kennurum um, að skyldutillagið til sjóðsins verði lækkað nokkuð og nefndinni sýnist ástæða til að taka það til greina. Þess vegna leggur nefndin til, að 2. gr. frumv. verði samþykt eins og hún er, en frumvarpið að öðru leyti felt. Efni 2. gr. stendur ekki í neinu sambandi við frumv. í heild sinni. Breytingin, sem felst í þessari grein, er sú, að það er ætlast til að tillagið til sjóðsins sé 1% af 500 kr. launum, 1½% af því, sem er fram yfir 500 kr. og upp að 1000 kr., og 2% af því, sem launin stiga yfir 1000 kr. Þannig eiga skyldutillögin að verða eftir frumv., í stað þess sem að í núgildandi lögum skal greiða 1% af 500 kr. launum, en 1½% af öllum laununum, ef þau eru hærri en 500 og ekki yfir 1000 kr.. og 2% af öllum launununum, ef þau nema meira en 1000 krónum. Eftir frumvarpinu verða því tillögin nokkuð minni. T. d. mundi kennari. sem hefði 600 kr. laun borga 1% af 500 kr. og 1½% af 100 kr., eða samtals kr. 6,50, í staðinn fyrir 9 kr. eftir núgildandi lögum. Munurinn er ekki mikill. en það er heldur ekki af stórum launum að taka.

Eg skal svo ekki fjölyrða um málið, en læt nægja að vísa til nefndarálitsins. þar sem nefndin hefir gert þá grein fyrir tillögum sínum, sem hún áleit þörf vera á.

Kristinn Daníelsson: Eg felli mig vel við gerðir nefndarinnar, og álít röksemdaleiðslur hennar góðar og gildar fyrir því, að fallast eigi á meginatriði frumvarpsins. En eg vildi að eins vekja athygli á því, hvort ekki mundi réttast, að láta 2. gr. frumv. sæta sömu forlögum. Mér virðist breytingin, sem felst í þeirri grein, vera of lítilfjörleg til þess að fara að breyta lögunum hennar vegna. En hins vegar munar sjóðinn dálítið um mismuninn, þótt ekki sé hann meiri en þetta. T. d. mundi tillagið af 2000 kr. launum verða kr. 32,50 eftir frumvarpinu í staðinn fyrir 40 kr. að núgildandi lögum. Það er ekki mikill mismunur fyrir mann með svo háum launum, en dregur sig þó saman, og getur munað nokkuð um það fyrir sjóðinn. Eg hygg að þeir kennarar, sem eru tiltölulega háttlaunaðir geti borið það, þó að þeir borgi dálítið hærra hundraðsgjald af launum sínum heldur en þeir, sem eru lágt launaðir. Annars nær breytingin ekki nema til örfárra kennara, því að allur þorri þeirra mun ekki ná því að hafa 500 kr. laun. Fáir kennarar hafa meira en 18 kr. um vikuna og til þess, að laun þeirra verði 500 kr. þarf kenslutíminn að vera 28 vikur. Hærri laun, eða lengri kenslutími mun vera sjaldgæfur. En þeir, sem kynnu að hafa hærri laun, standa sig þá betur við að greiða lítið eitt hærra gjald. Því get eg ekki séð ástæðu til annars en láta 2. gr. frumv. fylgja með hinum, og fella frumvarpið í heild sinni.

Framsm. (Eir. Br.); Út af orðum hv. þm. V.-Isf., vil eg taka það fram, að það er alveg rétt, að það getur verið mikið álitamál, hvort það er nokkur nauðsyn á þessari breytingu, sem felst í 2. gr. frumv. Það er satt, að breytingin er aðallega í vil þeim, sem hæst eru launaðir. En þeir eru svo fáir, að breytingin mundi ekki hafa neinn verulegan tekjumissi í för með sér fyrir sjóðinn. Á hinn bóginn er þess að gæta, að þar sem hér er að ræða um styrktar-

sjóð, sem verður úthlutað úr eftir þörfum þeirra, sem lagt hafa til sjóðsins, þá má búast við, að þeir, sem hærri hafa launin, muni síður en hinir njóta styrks úr honum. Það mundu fremur verða hinir, sem hafa lægri laun. Það sem frumv. ætlast til er þetta, að koma á samræmi í tillögunum og styrkveitingunum, þannig, að þeir, sem síst er búist við, að njóti styrks úr sjóðnum, verði ekki skyldaðir til að greiða tiltölulega miklu hærri tillög til hans. Það er hár skattur, t. d. af 2000 kr. launum, að borga 40 kr., sem að öllum líkindum ganga eingöngu til styrktar stéttabræðrum þess, sem tillagið greiðir, því að eins og eg benti á áðan eru mestar líkur til að þeir, sem hafa lægri laun, verði helzt styrks aðnjótandi. Þessvegna sýnist nefndinni ástæða til að létta dálítið á þeim, sem sízt mundu njóta góðs af sjóðnum.

2. umr. lokið.

1. br.till. þgsk. 350 sþ. í e. hlj.
2. „ „ 350 „ með 9 atkv. gegn 1.

Aðrar greinar frumv. þarmeð feldar.

Fyrirsögn sþ. án atkv.

Frumv. þannig breyttu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umræða í efri deild 3. apríl.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Eg vildi að eins vekja athygli háttv. þingdeildarmanna á því, að breytingin, sem farið er fram á, er engin efnisbreyting. Það þótti laglegra að orða greinina eins og lagt er til í breytingartillögunni.

ATKVGR.:

Br.till. samþ. í einu hljóði.
2. gr. samþ. í e. hlj.

Frumvarpið samþykt í einu hljóði.

Verzlunarlóðin í Vestmannaeyjum.

FRUMARP til laga um verzlunarlóðina í Vestmannaeyjum.

Fyrsta umræða í efri deild 16. marz. (186).

Gunnar Ólafsson: Eg stend aðeins upp til þess að mæla með því, að háttv. deild leyfi þessu frumv. að ganga fram. Það má leiða mörg rök að því að þetta er nauðsynjamál fyrir viðgang bygðarlagsins, enda er það borið fram samkv. ósk almenns fundar og áskorun sýslunefndar. Það er einróma vilji þeirra manna, sem hlut eiga að máli, að frumvarpið nái fram að ganga, og það eitt álít eg nægja ástæðu til að samþykkja það.

Umræðum lokið.

Sþ. til 2. umr. í einu hljóði.

Önnur umræða í efri deild 21. marz. (186).

Ráðherra (Kr. J.): Fyrir ofan frumvarpið við fyrirsögnina stendur 1. gr. Nú er frumvarpið ekki nema ein grein. Eins og það liggur fyrir, er það ekki frambærilegt. Flutningsmenn verða að gjöra eitthvað við það, til þess að laga það.

Gunnar Ólafsson: Það er rétt sem hæðstv. ráðherra tók fram. Eg hefi líka séð á frumvarpinu annan galla. Frumvarpið liggur hér fyrir eins og það kom frá háttv. neðri deild. Líklega er réttast að taka það út af dagskrá eins og hin tvö málin næst á undan. Það tefur hvort sem er ekki lengi fyrir, þegar það kemur á dagskrá aftur.

Ráðherra (Kr. J.): Það er nauðsynlegt að þeir, sem flytja frumvörp inn á þingið, undirbúi þau sem best, annars verður að setja nefnd í hvaða smámál sem er. Úr því háttv. þm. Vestur-Skaftfellinga hefir séð annan galla á frumvarpinu, þá virðist best, að hann taki að sér að laga frumvarpið, annars verður að skipa nefnd í málið.

Forseti tók málið út af dagskrá.

23. marz. (186, 261).

Gunnar Ólafsson: Eins og háttv.

deildarmenn muna, var þetta mál tekið út af dagskrá hér í deildinni um daginn, eftir bendingu frá hæðstv. ráðherra. En nú hefi eg komið fram með breytingartillögu, þar sem lagfært er þetta atriði, sem hæðstv. ráðherra benti á. Auk þess kem eg með breytingartillögu um merkin, því að þegar eg fór að athuga þau betur, sýndist mér þau rangt tilfærð eftir örnefnum. En eins og eg hefi breytt þeim hygg eg, að örnefni séu rétt tilfærð og stefnum rétt lýst, og vil leyfa mér að leggja til að breytingartillagan verði samþykt.

2. umræðu lokið.

1. Breyt.t. á þingsk.sk. 261, samþ. í e. hlj.
2. „ - „ - „ - - -

Frv. þannig breytt, sþ. til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umræða í efri deild 25. marz. (288).

Frumvarpið samþykt í e. hlj., og sent aftur til forseta neðri deildar.

Útflutningsgjald.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög nr. 11, 31. júlí, 1907, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald.

Fyrsta umræða í efri deild 22. marz (231).

Flutningsmaður (Sig. Hjörleifsson): Eins og eg veit að hinni háttv. deild er kunnugt, þá er það ákveðið í lögum, sem samþykt voru á alþingi 1907, að af hverri síldartunnu skyldi gjalda í útflutningsgjald 50 aura. Þetta útflutningsgjald hefir orðið landsjóði notadrjúgt, því að það er nú orðið 100 þús. króna tolltekjugrein. Hinsvegar hefir það orðið ýmsum einstaklingum þungur skattur. Það var ákveðið í sömu lögum (1907), að af þessu útflutningsgjaldi skyldi greiða 10% í fiskiveiðasjóð, og að því fé skyldi varið til eflingar síldarútveg innlendra manna. Það er um þetta atriði, sem þessi grein fjallar um, sem við höfum gerst flutningsmenn að háttv. 3. kkj. og eg. Þótt svo sé ákveðið í lögunum, að þessu fé skuli varið til eflingar síldarútveg innlendra manna, þá hafa samt viljað verða á því meinbugir í framkvæmdinni. Stjórnarráðið mun aðallega hafa farið eftir því, hvað útflutt hefir verið frá hverjum einstökum manni, miðað prócentugjaldið úr Fiskiveiðasjóði við útflutningsgjald hvers manns. En við það fá ýmsir menn, sem kaupa síld og alls ekki veiða hana sjálfir, allmikið fé úr Fiskiveiðasjóði. Ennfremur er þess að gæta, að þetta snertir ekki eingöngu þá, sem „spekulera í síld", kaupa síld í stórum stíl, heldur einnig þá menn, sem telja sig búsetta hér á landi, en dvelja hér ekki nema 2—3 mánuði.

Eins og lögin nú eru framkvæmd eru þau ósanngjörn, og það sem vakti fyrir oss flutningsmönnunum var að fá ráðna bót á þessu, fá því breytt þannig, að procentugjaldið kæmi sanngjarnlegar niður. Við viljum miða gjaldið við útgerð skipanna þannig, að það borgist útgerðarmönnum eftir því, hvað mikið veitt er, en að það sé ekki miðað við útflutninginn. Það getur verið, að það megi finna heppilegri útvegu til að ráða bót á þessu; eg skal ekki draga það í efa, og eg er hlyntur því að nefnd sé sett í málið, ekki af því að þetta sé svo mikið mál, heldur af því, að það getur þó verið dálítið varasamt. Eg tel því réttast að vísa frv. að lokinni umræðu annaðhvort til síldarskoðunarnefndar eða til sérstakrar nefndar.

Júlíus Havsteen: Útskýringin, sem háttv. flutningsmaður gaf, var ljós, og þóttist eg sjá, hvert hann vildi fara. En það, sem ég hefi hér að athuga við, er formið á frumvarpinu. Eg held hér sé ekki að tala um að bæta við lögin frá 31. júlí 1907, heldur að breyta þeim. Mér

finst hér fremur vera spursmál um breyting en viðbót. En ef málinu er vísað til nefndar, þá mun þetta koma þar fram, eða verða nánar athugað.

Frutningsm. (Sig. Hjörleifsson): Það getur komið til álita, hvort fremur eigi að telja þetta breytingu eða viðbót. Annars vildi eg þakka háttv. 1. kgkj. fyrir bendinguna.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal að eins leyfa mér að stinga uppá, að þessu frumvarpi sé vísað til síldarskoðunarnefndarnefndarinnar að lokinni umræðu.

Frumv. vísað til 2. umr. með 11 shl. atkv.

Frumv. vísað til síldarskoðunarnefndarinnar í e. hlj.

Önnur umræða í efri deild 30. marz (231, n. 352).

Framsögum. (Sigurður Hjörleifsson): Frumv. þetta var borið fram af hv. 3. kkg. þm. og mér. Það er örstutt, aðeins tvær línur, og er varla þörf á að halda langa ræðu um það. Nefndin, sem falið var að íhuga það, hefir nú lagt fram álit sitt, og er hún öll sammála um það. I nefndarálitinu er gerð grein fyrir því, sem fyrir okkur flutningsmönnunum vakti. Það hefir verið hent á það, að Stjórnarráðið gæti komið því til leiðar, sem farið er fram á í frumv. án nokkurra lagaákvæða. Þetta er rétt að sumu leyti, en rangt að öðru. Það er rétt, að stjórnarráðið getur án nýrra lagaákvæða gert þá breytingu, að miða ekki úthlutun styrksins við útflutning síldar, eins og hingað til hefir verið gert. Úr því verður hreinasta misrétti, styrkurinn verður verðlaun fyrir að verzla með síld. En á hinn bóginn er ekki hægt án nýrra lagaákvæða að koma í veg fyrir það, að útlendir menn, sem hafa keypt sér borgarabréf eigi heimting á styrknum. En það er bersýnilega rangt, því að þeir eru að eins að nafninu til innlendir. Þeir dvelja hér að eins í 2—3 mánuði af árinu, og veiða á útlendum skipum og með útlendum mönnum. Þetta er ástæðan til að við flutningsmennirnir komum fram með þetta frumv., og vona eg að háttv. deild fallist á það.

ATKV.GR.:

Meginmál frumv. sþ. í e. hl.

Fyrirsögn frumv. sþ. m. 11 shl. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hl.

Þriðja umræða í efri deild 1. apr. (231).

Enginn tók til máls.

Umr. lokið.

Frv. borið undir atkv. og sþ. í e. hl. Síðan afgreitt til neðri deildar.

Fiskiveiðar á opnum skipum.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög.

Fyrsta umræða í efri deild 20. marz (213).

Sigurður Stefánsson: Frumv. þetta er hingað komið frá hv. neðri deild, og finn eg mér skylt að fara um það nokkrum orðum. Á síðasta þingi voru lög alveg sama efnis gerð, en sú breyting snerti að eins eitt kjördæmi, Vestmannaeyjar.

Í Bolungarvík og ýmsum öðrum stærstu veiðistöðvum, hafa verið gerðar samþyktir um lendingasjóði. Nú stendur svo á, að á þessum stöðvum eru ekki allfáir mótorbátar, sem opnir hafa verið, orðnir þiljubátar, og eru þeir þar með undanþegnir lendingargjaldi, með því að samþ. lögin 14. des. 1877 ná að eins til opinna báta, og þykir mönnum það ærið ósanngjarnt, að þeir á þann hátt sleppi við gjaldið, þar sem flestir þeirra eru settir á land eftir hverja sjóferð eftir sem áður. Það er augljóst, hvílík nauðsyn það er fyrir verstöðv-

arnar, þar sem lendingar eru vondar, að auka lendingarsjóði sína; í Bolungarvík nemur lendingarsjóðsgjaldið alt að 1000 krónum og í Hnífsdal nálægt sex hundruðum, en minkar óðum eftir því sem þiljubátunum fjölgar, komist þessi breyting, sem hér er farið fram á, ekki á.

Eg tel sjálfsagt að frumv. þetta fái framgang; það er stórmikilsvert atriði fyrir eitt stærsta veiðihérað landsins.

Umr. lokið.

Málinu vísað til 2. umr. í e. hl.

Önnur umræða í efri deild 22. marz (213).

Enginn tók til máls.

ATKV.GR:

1. gr. frv. sþ. með 8 shl. atkv.
2. „ „ „ „ 8 „ „
Fyrirsögnin „ „ 8 „ „

Frumv. vísað til 3. umr. m. 10 shl. atkv.

Þriðja umræða í efri deild 25. marz (272).

Sigurður Stefánsson: Eg hefi leyft mér að koma fram með br.till. við frumv. Það er engin efnisbreyting, heldur er að eins farið fram á að fella aftan af 2. gr. það, sem stendur þar milli hornklofa; hér eru engin lög numin úr gildi, nema lögin frá 9. júlí 1909. I þeim var gerð undantekning frá lögum 14. des. 1877, og lögum 10. nóv. 1905 um, að þiljaðir motorbátar í Vestmannaeyjum skulu gjaldskyldir til lendingarsjóðs. Nú er farið fram á að gera þá gjaldskylda um alt land, og falla því að eins þessi lög frá 9. júlí 1909 úr gildi. Breytingartillaga mín fer því að eins fram á að gera frumv. lögulegra og ekki eins flókið.

Br.till. á þgsk. 272 sþ. í e. hl.

Frv. með áorðinni breytingu sþ. í e. hl. og endursent forseta neðri deildar.

Fiskiveiðar útlendra við Ísland.

FRUMVARP til laga um viðauka við tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland 12. Febr. 1872, lög 27. sept. 1901 um fiskiveiðar hlutafélaga í landhelgi við Ísland og lög 31. júlí 1907 um breyting á þeim lögum.

Fyrsta umræða í efri deid 30. marz. (353).

Flutningsmaður (Sig. Hjörleifsson): Ef til vill er hinni háttv. deild kunnugt um það, að varðskipið „Íslands Falk“ hefir verið sumarmánuðina, eða að minsta kosti mestan hluta þeirra, fyrir norðan land, sérstaklega í því skyni að líta eftir síldveiðaskipunum þar. En sú hefir orðið reynslan á, að gæzla varðskipsins hefir ekki þótt koma að fullum notum. Það er álitið þar nyrðra, að töluvert hafi verið um lagabrot, þrátt fyrir það þótt varðskipið hafi verið þar, enda viðurkent af skipstjórum skipsins, og telja þeir, að ekki sé hægt að halda uppi nægilegri löggæzlu með þeim lagaákvæðum, sem nú gilda. Skipstjórarnir hafa tvívegis farið þess á leit í skýrslu til stjórnarráðsins, að breytingar væru gjörðar á lögunum í þessu efni.

Þetta litla frumvarp, sem fyrir liggur, fer einmitt fram á að slík breyting sé gjörð. Hér er verið að ákveða, að útlend síldveiðaskip megi ekki vitalaust hittast í landhelgi, nema það hafi nætur í búlka og nótabáta uppi á venjulegum stað. Ástæðurnar fyrir þessu eru þær, að varðskipið hefir oft rekið sig á síldveiðaskip innan landhelgi með báta úti, þannig, að grunur hefir leikið á að tilgangurinn hafi verið sá, að veiða í landhelgi, eða að þau væru búin að veiða þar, en ekki hægt að taka skipin föst. Tveir skipstjórar varðskipsins hafa farið fram á þessa breytingu og þess vegna er þetta frumvarp komið fram; og kröfur þeirra falla saman við það, sem lands-

mönnum sjálfum hentar bezt. Það getur verið breytilegt, hvað mikla þýðingu það hefir, að banna útlendingum síldveiði í landhelgi. Síldin er stundum utan við landhelgislínuna, og stundum fyrir innan. Þegar hún er fyrir innan getur það verið afar þýðingarmikið fyrir innlenda veiði, að landhelgin sé nákvæmlega vernduð. Frumvarpið er stutt og einfalt, svo eg sé ekki ástæðu til að tala langt mál með með því. Mönnum kann ef til vill að virðast þetta nokkuð ströng ákvæði, en það verður ekki hjá öllu komist, og menn verða að sætta sig við þau.

August Flygenring: Eg vildi geta þess, að eftir mínum skilningi er þetta mál ekki eins einfalt eins og háttv. flutningsmaður vildi vera láta. Það er að mínu áliti eitthvert mesta vandamál, að sigla hér rétt á milli hagsmuna innlendra manna og réttar þess, sem útlendingar þó eiga í landi, sem þeir fiska við, eða halda til í, og sem borga hér háa tolla, svo sem þeir gjöra, er fiska fyrir norðan Ísland. Eg veit nú ekki, hvort tilganginum yrði náð, þótt þetta ákvæði kæmist á og því yrði beitt, því það eru til ótal krókaleiðir fyrir norðan land um andnes og firði, sem þessir menn geta farið, og ekki hægt að vita glögglega um ferðir þeirra. Varðskipið getur ekki verið alstaðar. Það er ekki nema eitt. Eg hygg að í framkvæmdinni mundu þessi lög reynast svo, að þeir, sem hlýddu þeim, töpuðu á því, en þeir sem skytu sér undan þeim, mundu græða. Þau mundu því koma órétt niður að mínu áliti, auk þess, sem að frumvarpið mundi verða þrándur í götu fyrir veiðinni, sakir þeirrar tímatafar sem það hefir í för með sér, að taka inn hringnætur og stafla í búlka, ef fara þarf inn fyrir landhelgislínuna. Mönnum er kunnugt um það, að þessi veiði er stunduð þannig, að þeir, sem hana reka, hafa stöð á einhverjum firði, þeir skifta nótinni í báta, sem kasta henni, svo hún er altaf til taks, enda er þeim það mjög áríðandi. Það er örskamt út fyrir landhelgina, ekki nema 3 vikur sjávar eða $^3/_4$ úr mílu, svo þó að þeir byrjuðu strax, þegar lagt er á stað, að hafa til næturnar, mundu þeir ekki verða nærri búnir þegar út kæmi, hvað þá heldur ef ekki mætti snerta næturnar fyr en komið væri út fyrir landhelgina, eins og hér er farið fram á. Svo er enn það, að þegar út er komið, þurfa skipin að fara hingað og þangað, þurfa oft að sneiða yfir landhelgina; þeim er þá nauðsynlegt að mega halda nótunum í bátunum. Þau geta illa hlaðið þeim í búlka hvert sinn, sem þau þurfa yfir landhelgislínuna, t. d. til að stytta sér leið. Auk þess mun verða erfitt að hafa eftirlit með skipunum og því hætt við að lögin mundu koma mishart niður á mönnum. Það færi eftir því, hvernig þeir væru gerðir. Eg mun ekki greiða atkvæði á móti því að frumv. gangi til 2. umr. Vil fá tíma til að hugsa mig um, og reyna að gjöra þær breytingar á því, að það ekki verði ómögulegt í framkvæmdinni.

Flutningsmaður (Sig. Hjörleifsson): Eg vil leyfa mér að benda á það, sem mér fanst ekki vera nægilega ljóst hjá háttv. 3. kg.kj., að hér er aðeins að tala um útlendinga, en ekki innanríkisskip, eins og glögglega má sjá af lögunum, sem hér er vitnað til. Mér fanst sem háttv. 3. kg.kj. bæri hag útlendinganna alt of mikið fyrir brjósti. Það var eins og honum þætti leitt að þeir verði að hlýða lögunum eins og landsins eigin börn. Því er eg ekki á. Hann talaði um, að lög þessi mundu koma órétt niður. Eg get heldur ekki skilið þá röksemdafærslu. Maður gæti þá eins sagt, að öll lög kæmu misjafnlega rétt niður, þegar einum helst uppi að brjóta þau, en annar lætur það vera af réttlætis og sómatilfinningu. En það kalla eg ekki, að lög komi óréttilega niður, þó sumir brjóti þau, en sumir ekki. Eg álít réttast, að eitt gangi yfir alla. Og

þetta frumvarp fer einmitt fram á að lögin gangi jafnt yfir alla, komi ekki ójafnt niður. Það styður að því, eftir því sem hægt er, að útlendingar verði að hlýða lögum þessa lands. Eg get ekki litið svo á, að umsögn nokkurs manns, hvorki háttv. 3. kg kj. eða mína eigin, beri að meta meir í þessu máli, en álit þeirra manna, sem hafa fengist við að halda uppi strandvörnunum; en það eru 2 skipstjórar á „Islands Falk" hvert árið eftir annað. Þeir segja, að þetta sé skilyrði, einkaskilyrðið, til þess að sæmilegri landhelgisvörn verði haldið uppi. Að mínu áliti er þetta svo einfalt mál og frumvarpið svo stutt, að ekki mun þörf að setja nefnd í það. Ef gjöra þyrfti breytingar á frumvarpinu væri hægt að koma fram með breytingartill. um það. Nú er liðið svo langt á þingtímann, að ekki mundi vera heppilegt að setja nefnd.

Ráðherra (Kr. J.): Eg held að það sé réttara að setja nefnd í málið. Það eru til lík ákvæði um botnvörpuskipið, sem þetta frumvarp mun sniðið eftir. Þegar þau ákvæði voru sett, var þeim ekki vel tekið af útlendum þjóðum. Það urðu þá talsverðar bréfaskriftir milli ensku stjórnarinnar og stjórnarráðsias hér, út af þeim. Í þessu frumvarpi stendur: „Nú hittist útlent síldveiðaskip í landhelgi". En það er enginn minsti vafi á því, að eftir alþjóðareglu, þá hafa útlendingar rétt til að fara um landhelgina, og það var einmitt þetta, sem enska stjórnin lagði mikla áherzlu á. Og eins og menn vita, þá er ekki við lambið að leika sér, þar sem enska stjórnin er. Hér er líka verið að skipa fyrir um, að þessir menn skuli haga sínum eigin áhöldum á vissan hátt á sínum eigin skipum. Mér finst rétt að íhuga vandlega, hvort brýn ástæða sé til að setja slík fyrirmæli. Háttv. flutningsmenn hafa skírskotað til tillagna formannanna á „Íslands Falk"; þær skýrslur munu væntanlega liggja í stjórnarráðinu, og er þá gott, að fá þær til athugunar. Mér þykir málið dálítið viðsjárvert og því rétt að vísa því til nefndar. Hinsvegar er frumvarpið svo stutt, að nefndin mundi ekki þurfa til þess marga daga að íhuga það. Hér í deildinni eru 1 eða 2 nefndir, sem vísa mætti málinu til.

Júlíus Havsteen: Eg tók sérstaklega eftir því, að hv. flutningsmaður gat þess, að hann hefði séð skýrslur frá tveimur skipstjórum á „Islands Falk", er færu fram á breytingar í þessu efni. Þetta virðist mér benda til þess, að nauðsyn sé á, að fá frumv. þetta samþ. Á hinn bóginn er, eins og hv. ráðherra tók fram, vandfarið hér gagnvart útlendum þjóðum. Eg get verið uppástungumanni samdóma um að setja nefnd í málið, og vona, að það verði eigi til þess, að það eigi skyldi ná fram að ganga á þessu þingi.

Lárus H. Bjarnason: Eg orðaði það við hv. þm. Ísafj.kaupst. fyrir fund, hvort ekki mætti vísa þessu máli til einhverrar nefndar hér í deildinni, t. d. vitagjaldsnefndarinnar, en hann tók því heldur fálega Hann er sjálfur í þeirri nefnd, eins og fleirum nefndum, og mun þykjast hafa nóg að gera. Eg vil því leyfa mér að stinga upp á því, að skipuð sé sérstök 3 manna nefnd í þetta mál að umr. lokinni. Frumv. er örstutt, svo það þarf ekki að verða nein svæfingarnefnd.

Framsögum. (Sigurður Hjörleifsson): Eg vil að eins geta þess, að eg hefi hér í höndum útdrátt úr skýrslu foringja varðskipsins 1910; í henni segir svo;

„Alle Forhold tagne i Betragtning, maa jeg gentage og anbefale det fra Inspektionschefen i 1908 fremsatte Forslag: Noten bortstuved og Notbaadene (untagen i Havn) hejst, naar fremmede Sildefartöjer opholde sig paa Territoriet".

Hér er nákæmlega tekin fram sú hugsun, sem var niðurstaða foringja varðskipsins, sem á undan honum hafði verið. Á því leikur enginn vafi að þetta var hans skoðun.

Hér er um endurtekna kröfu að ræða. Eg hefi reyndar ekki séð orðalag fyrri skýrslunnar, en eg efast ekki um, að það sé rétt, sem hér segir. Eg geri það að engu kappsmáli, hvort skipuð er nefnd í málið eða ekki. Eg sé enga þörf til hennar.

Augúst Flygenring: Eg vil að eins svara því sem hv. framsögum. sagði, að eg bæri hagsmuni útlendinganna svo mjög fyrir brjósti fram yfir innlenda menn. Það er ekki rétt, heldur þvert á móti. En eg held því fram, að útlendingarnir eigi líka einhvern rétt. Þeir *geta* sagt hingað og ekki lengra, ef þeim er sýndur heimskulegur ójöfnuður. Og þá býst eg við að mesti glansinn færi að fara af svona lagaðri lagasetningu. Eg þykist geta bent á það með ríkum rökum, að eigi maður að taka nótina og hlaða henni í búlka í hvert sinn, sem síldveiðaskip kemur inn í landhelgi, þá sé það nærri því það sama sem að banna þeim síldveiðar hér við land. Eg vil leggja það undir dóm allra sanngjarnra manna, hvort hér sé ekki um mjög svo ósanngjarna kröfu að ræða, sem er mikið umhugsunarefni, — ef málið annars á það skilið að nokkuð sé um það hugsað.

1. umr. lokið.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hl.

Samþ. að skipa 3 manna nefnd með 10 atkv. gegn 2. Í nefndina kosnir með hlutfallskosningu:

Aug. Flygenring,
Sig. Hjörleifsson,
Júl. Havsteen.

Önnur umræða í efri deild 7. apríl (353, n. 486).

Framsögum. (Sigurður Hjörleifsson): Nefndin hefir orðið sammála um að það beri að taka tillit til bendinga frá yfirmanni varðskipsins í þá átt, að ákvæði núgildandi laga um síldveiði útlendinga séu ekki heppileg, og þurfi að setja nokkuð strangari ákvæði um þau efni. En hins vegar er nefndin líka sammála um það, að frumv. á þgsk. 353 geri helzt of harðar kröfur. Þar er mælt svo fyrir að ef útlent síldveiðaskip hittist í landhelgi, þó að það sé ekki að veiðum, þá varði það 200—2000 kr. sektum, séu nætur ekki í búlka innanborðs. Þetta sýnist nefndinni vera of hörð krafa, því að af þessu geta stafað mjög miklir örðugleikar fyrir þá, sem annars eru að löglegum veiðum. Ef síldveiðaskip ætlar t. d. að bregða sér til lands til að fá síld saltaða, þá getur það verið mikið óhagræði að þurfa að flytja nætur í búlka, og alveg nóg, að þær séu hafðar inni á skipinu. Þessvegna hefir nefndin gert breytingu á þessu ákvæði og væntir þess, að hv. deild samþykki það á þann veg. Önnur breyting á efni frumv. er sú, að sektarákvæðin eru tiltekin lægri. Nefndinni þótti sektarákvæðin of há og þótti hæfilegt að færa þau niður um helming, þannig, að í staðinn fyrir 200—2000 kr. komi 100—1000 kr.

Nefndin telur engan vafa á því, að það sé rétt að setja þessi lög og vonar, að þau geti komið að haldi. Þar með er að nokkru leyti fullnægt kröfum frá yfirm. varðskipsins, en eg skal geta þess, að þeir hafa ætlast til að nætur skyldu vera í búlka, en nefndinni sýndist ekki rétt að fara svo langt.

Umr. lokið.

ATKV.GR.:

1. br.till. á þgsk. 486 sþ. í e. hl.
2. br.till. á þgsk. 486 sþ. í e. hl.

Meginmál frumv. þar með fallið.

Fyrirsögn sþ. í e. hl.

Frumv. þannig lagað vísað til 3. umr. í e. hl.

Þriðja umræða í efri deild 10. apríl (599).

Frumv. umræðulaust samþ. í e. hl. og afgr. til neðri deildar.

Merking á kjöti.

FRUMVARP til laga um um merking á kjöti.

Fyrsta umræða í efri deild 18. apríl (605).

Sigurður Hjörleifsson: Mér finst þetta mál vera dálítið varhugavert í því formi, sem það liggur hér fyrir í. Þetta er gott mál og það er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að dýralæknar fá trygðan stimpil sinn, sem þeir hafa til merkingar á kjöti. Það er engum hagur og allra sízt þjóðinni, að stimpillinn hafi ekki vernd. En saman við það er hér fléttað öðru máli, um að láta ólæknisfróða menn í þessum efnum skoða kjötið, og það álít eg mjög varhugavert, og meir að segja beinlínis hættulegt. Sú skoðun mun enga þýðingu hafa í augum annara þjóða. Þær munu ekki láta bjóða sér, að kjötið sé skoðað af ólæknisfróðum mönnum. Eg á hér sérstaklega við Dani, sem mest kaupa af kjötinu.

Eg vil því leggja til að 3 manna nefnd sé skipuð í þetta mál að lokinni umr.

1. umr. lokið.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. m. 11 shl. atkv.

Samþ. í e. hl. að setja 3 manna nefnd í málið og í nefndina kosnir með hlutfallskosningu:

Steingr. Jónsson,
Sig. Hjörleifsson,
Eiríkur Briem.

Bæjarstjórn á Akureyri.

FRUMVARP til laga um breyting á 20. og 29. gr. laga nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

Fyrsta umr. í efri deild 31. marz (420).

Flutningsm. (Sigurður Hjörleifsson): Þetta litla frumv. er framkomið fyrir símtal, sem bæjarfógetinn á Akureyri átti við mig á dögunum; hann fór fram á það við mig, að eg bæri þetta frumv. fram hér á þinginu, og gerði hann það skv. samþ. bæjarstjórnarinnar á Akureyri. Frumv. er í 2 gr. að eins. Fyrri greinin fer fram á það, að sjö menn skuli framvegis eiga sæti í niðurjöfnunarnefnd kaupstaðarins í stað þess að hingað til hafa þeir að eins verið fimm. Seinni greinin mælir svo fyrir, að endurskoðunarmenn reikninga bæjarins skuli vera tveir — hingað til hefir að eins verið einn endurskoðunarmaður — og að þeir skuli skyldir að endurskoða alla reikninga bæjarins. Eg skal geta þess, að eg fékk í gær símskeyti frá bæjarfógeta, og skal lesa það upp með leyfi hæstv. forseta. Það er svohljóðandi:

„Bæjarstjórnin óskar breytt bæjarstjórnarlögum 1883, þannig, að endurskoðendur séu tveir skyldir að endurskoða alla reikninga sjóða og stofnana kaupstaðnum tilheyrandi, auk bæjarsjóðsniðurjöfnun framkvæmi sjö manna nefnd.

Bæjarfógeti."

Þetta símskeyti er hv, deildarmönnum trygging fyrir því, að frumv. kemur fram í samræmi við óskir bæjarstjórnarinnar á Akureyri. Það tekur fram nákvæmlega sömu atriðin, sem í frumv. eru. Eg lít svo á, að frumv. þetta sé svo einfalt og auðskilið, að ekki sé þörf á að skipa nefnd til að íhuga það. Hinsvegar gæti þó komið til tals að orða öðruvísi 2. gr. þess, nefnilega að endurskoðunarmönnum skuli skylt að „endurskoða alla reikninga sjóða og stofnana kaupssaðnum viðvíkjandi." Slíkt orðalag mundi taka af öll tvímæli um verksvið endurskoðunarmannanna Hinn núverandi endurskoðunarmaður hefir að eins talið sér skylt að endurskoða reikninga bæjarsjóðs, en ekki reikninga annara sjóða, sem bærinn á, svo sem hafnarsjóðsins. En endurskoðun á öllum reikningum bæjarins er mjög mikið verk og einum manni ofvaxið, er engin borgun er greidd

fyrir það, og er því rétt að endurskoðendur séu tveir.

ATKV.GR.:

Samþ. að vísa frv. til 2. umr. í e. hl.

Önnur umr. í efri deild 3. apríl (420).

Framsögum. (Sigurður Hjörleifsson): Eg skal ekki tala langt mál. Sú breyting, sem lögð er til á frumvarpinu, er að eins orðabreyting. Það þótti betur fara á, að orðalagið væri þannig. Það er engin breyting á efni málsins. Það mætti ef til vill bæta við almennri athugasemd um, að endurskoðun þessi, er hér ræðir um, er endurgjaldslaus. Mér finst margt mæla á móti því, að hún sé ólaunuð. En það er bót í máli, að hér er farið fram á, að endurskoðunarmenn séu tveir í stað eins.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. í e. hl.

2. gr. br.till. sþ. í e. hl.

2. gr. þar með fallin.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hl.

Þriðja umr. í efri deild 5. apríl (469).

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. í e. hl. og afgreitt til neðri deildar.

Sala kirkjujarða.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um sölu kirkjujarða 16. nóv. 1907.

Fyrsta umr. í efri deild 7. apríl (487).

Lárus H. Bjarnason: Þetta frumv. var borið fram í hv. neðri deild á þinginu 1909, en náði ekki fram að ganga. Kirkjumálanefndin leit svo á, að selja mætti frá prestssetrum hjáleigur, sem væru sérstök býli. En í fyrra hafði verið litið svo á í Stjórnarráðinu, að tvísýnt væri, hvort heimilt væri að selja slíkar jarðir. Því er þetta frumv. fram komið. Það ætlast að eins til að selja megi hjáleigu, þar sem salan ekki mundi spilla prestssetrinu, enda á að leita álits umráðamanns áður en selt er.

Sigurður Stefánsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á því, að máli þessu verði, að lokinni umræðu, vísað til nefndarinnar hér í deildinni í prestlauna og kirkjumálunum.

Kristinn Daníelsson: Mér er sama þótt eg standi einn uppi með skoðun mína, ef eg er sannfærður um að hún sé rétt.

Eg tel langt of langt gengið í sölu opinberra þjóðeigna nú um þessar mundir. Mér ofbýður að sjá þá lista, sem frammi liggja, og sýna hve mjög slíkar sölur fara í vöxt.

Eg vil taka það fram, að eg get ómögulega verið samdóma hv 5. kgk. þm. um það, að þetta frv. sé að eins til skýringar á eldri lögum, til þess að taka af allan efa.

Eg vil leyfa mér að benda á, að það getur undir mörgum kringumstæðum verið mjög varhugavert að selja hjábýli prestseignanna.

Eg get fallist á þá uppástungu, að málið sé afhent nefnd til umhugsunar, jafnvel þótt eg sé fús á að fella það undir eins.

Steingrímur Jónsson: Eg vildi leyfa mér að gera örstutta athugasemd. Þessari sölu hagar hér alt öðruvisi en áður en lögin um sölu þjóðjarða og kirkjujarða gengu í gildi.

Sýslunefndin á að eins að athuga, hvort ekki sé brotið á móti 2. gr. þjóðjarðasölulaganna og 2. gr. kirkjujarðasölulaganna. Eg hefi altaf sjálfur verið persónulega mótfallinn þjóð- og kirkjujarðasölu og er það enn. En samt get eg gefið þessu frumvarpi atkvæði mitt, því það miðar að eins til að gera lögin réttlátari og ákvæði þeirra skýlaus.

Eiríkur Briem: Viðvikjandi tillögu

hv. þm. Ísfirðinga, um að vísa máli þessu til nefndarinnar í prestslauna og kirkjumálunum, hér í deildinni, þá er eg ekki viss um, hve heppilegt það er. Í þeirri nefnd sitja 5 menn, og eg er bræddur um að orðið geti nokkuð erfitt að kalla þá saman, því að þeir hafa annríki mikið í ýmsum stórum nefndum. Annars finst mér málið nokkuð þýðingarlítið; það er oft svo lítill greinarmunur á hjáleigum og aðalbýlunum. Og jafnvel sjálfar jarðabækurnar eru nokkuð óljósar, að því er þetta atriði snertir. Það, sem í einni jarðarbókinni er talin hjáleiga, er í annari jarðabókinni talin sérstök jörð og eins öfugt.

Hér er alls ekki að ræða um hjáleigur, sem hnekkja mundu ábúð á prestssetrunum, að seldar væru, og það mundi líka ganga í gegnum margar hendur, hvort það ætti að selja þær eða ekki — og kæmi seinast til álita stjórnarráðsins. Nú eru það, sem áður voru sérstakar jarðir, taldar hjáleigur, og það, sem áður voru hjáleigur, eru nú sérstakar jarðir. Eg sé ekki annað en frumvarpið geti gengið fram nefndarlaust, og það er ekki til annars en trafala að fara að kalla saman 5 menn og halda fundi með þeim.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 12: 1.

Felt með 7 gegn 4 að vísa frumv. til nefndarinnar í málinu um utanþjóðkirkjumenn. Uppástunga að kjósa 3. manna nefnd feld með 7: 4.

Fundi slitið.

Onnur umræða í efri deild 21. apríl. (487).

Kristinn Daníelsson: Mér finst þetta mál vera svo athugavert, að ekki sé rétt að það fari svo lítið íhugað út úr deildinni, og vil eg því stinga upp á að kosin verði nefnd til að íhuga það nokkru betur. Það er útlátalaust að kjósa þessa nefnd, en hinsvegar skiftir miklu máli um meðferð þessara jarða, sem hér er um að ræða.

Eiríkur Briem: Það er alls ekki útlátalaust að skipa nefnd í þetta mál, svo áliðið sem nú er orðið þingtímans. Þingmenn hafa svo mikið að gera, að það eru orðin hrein vandræði að ná mönnum saman á fund. Og á hinn bóginn er þetta mál svo einfalt, að það er hreinasti óþarfi að íhuga það í nefnd. Eins og hv. 5. kgk. tók fram við 1. umr. þess, inniheldur frv. ekki annað en það, sem er í lögum nú. Kirkjumálanefndin áleit engan greinarmun gerandi á hjáleigum og kirkjujörðum. Enda virðist ekki vera mikill munur á sérstökum býlum og hjáleigum, sem t. d. liggja langt upp til dala og standa ekki í neinu sambandi við ábúðina á prestssetrinu. Oft er líka mikill vandi að skera úr, hvað sé hjáleiga og hvað ekki.

Í jarðabókunum er sumt talið hjáleigur fram að 1861, sem talið er lögbýli síðan; og eins er í nýju bókinni margt talið hjáleiga, sem talin voru sérstök býli í hinni eldri. Það getur því verið talsvert álitamál, hvað séu hjáleigur og hvað ekki. En hvað málið sjálft, söluna, snertir, þá er ekki á annað að líta en það, hvort hún snertir ábúðina á heimajörðinni; hvort það mundi skaða heimajörðina og rýra gildi hennar, ef hjáleigan væri seld.

Ráðherra (Kr. Jónsson): Eins og hv. deild mun vera kunnugt, hefi eg frá upphafi verið mótfallinn sölu opinberra jarða, bæði landsjóðs- og kirkjueigna. Eg þykist því geta dæmt óvilhalt um þetta mál. Og eg lýsi því yfir, að eg sé ekkert því til fyrirstöðu og tel það sjálfsagt að samþykkja þetta frv., úr því á annað borð er búið að heimila með lögum sölu kirkjujarða yfirleitt. Þær hjáleigur, sem hér er um að ræða, eru réttnefnd sérstök býli eða serstakar kirkjujarðir, og er ekkert að athuga við, að slíkar hjáleigur séu seldar. Hinsvegar verður að gæta þess vel, að ekki séu seldar hjáleigur, sem eru

partur af heimajörð og nauðsynlegar fyrir ábúð á henni. En að ekki er átt við slíkar jarðir, sést af orðunum í frv. gr.: „enda séu gerð ummerki á túni, engjum og högum, þá matið fer fram.“ Þetta ákv. sýnir ljóslega, að hér er aðeins átt við hjáleigur, sem eru sérstakar jarðir. Hv. 2. kgk. tók það réttilega fram, að það er mjög á reiki, hvað kallað hefir verið hjáleigur í jarðabókunum. Margar jarðir eru nú lögbýli og lögjarðir, sem kallaðar eru hjáleigur í gamla jarðamatinu. Eg sé því ekkert á móti því að samþykkja þetta frv., þó eg sé á móti sölu allra opinberra eigna yfirleitt.

Kristinn Daníelsson: Eg get vel fallist á það, sem hv. 2. kgk. þm. sagði, að áliðið væri þingtímans og því varla tími til að skipa nefnd, en þá kysi eg fyrir mitt leyti heldur að málið væri látið bíða næsta þings, en felt nú á þessu þingi. En eg er honum ekki sammála um, að þetta sé óbrotið mál. Það getur verið, að það sé honum vel ljóst, og er það vafalaust ljósara en flestum öðrum. Eg hygg að hv. deildarmenn muni eiga erfitt með að átta sig vel á málinu, svona alveg óathuguðu í nefnd, að minsta kosti er langt frá því að mér sé það fyllilega ljóst. Mér þótti vænt um að heyra þau ummæli hæstv. ráðherra, að hann væri á móti sölu opinberra eigna, en þá skil eg ekki, hvernig hann getur verið þessu frv. meðmæltur. Mér finst vera ósamræmi í því. Hér í frv. er farið fram á að selja megi hjáleigur frá stærri jörðum, sem þær eru oft mjög nátengdar. Setninguna í frv. „enda séu gerð ummerki á túni, engjum og högum þegar matið fer fram“, get eg ekki skilið svo, að átt sé við ummerki, sem eigi að vera þegar matið fer fram og eigi að hafa verið gerð áður, heldur er hér aðeins skipað svo fyrir, að slík ummerki skuli gera um leið og salan fer fram. Margar þessar hjáleigur liggja alveg inn í túni eignarinnar. Auðvitað má mæla út úr túni, og hefir verið gert, en ef farið er að gera það takmarkalítið, þá er ekki séð, hvort ekki getur orðið stórskaði að.

Ráðherra (Kr. Jónsson): Það er ekkert ósamræmi í því að vera á móti sölu opinberra eigna yfirleitt, en þó samþykkur þessu frv. Úr því að á annað borð er búið að heimila sölu kirkjujarða yfirhöfuð, þá er það misrétti, að neita ábúendum um kaup á hjáleigum, sem eru sama sem sérstakar jarðir. I frv. stendur, „ef þær eru sérstök býli“, og til þess þurfa þær að hafa sérstakt tún, engjar og haga. Það er mikið rétt, að ummerkin þarf ekki að setja fyr en um leið og selt er; býlin geta hafa haft tún etc. í félagi við heimajörðina alt til þess, er salan fer fram. En söluheimildin nær þó ekki til t. d. hjáleignanna hjá Odda, sem eru þar í túninu, undir húsveggnum. Enda mundu umráðamaður og hreppstjóri leggja móti sölunni í slíkum tilfellum, eins og þar stendur á. — En í frv. stendur að þeirra álits skuli jafnan leitað um söluna. — Eg get með engu móti annað séð, en að ákvæði frumvarpsins séu réttmæt, eins og nú er komið með sölu kirkjujarða yfirleitt. —

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 8: 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkv.gr.

Felt að kjósa 3. manna nefnd með 8: 1 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 8: 1 atkv.

Þriðja umræða í efri deild 24. apríl. (487).

Frumvarpið umræðulaust samþykt með 9 atkv. gegn 1 og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Verzlunarbækur.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög um verzlunarbækur.

Fyrsta umr. í efri deild 18. apríl (607).

Lárus H. Bjarnason: Eg fæ ekki varist að geta þess, að frágangur á sumum frumvörpum, sem koma hingað frá háttv. neðri deild er þannig, að hann sýnir að ofmikil rækt hefir ekki verið við þau lögð. Hér um dagin kom þaðan frumvarp, sem „sló því föstu", sem var alveg gagnstætt því, sem það ætlaði að *„slá fast"* Það var frumvarpið um forgangsrétt kandídata frá háskólanum íslenzka til embætta. Svona slæmar villur eru að vísu ekki á því frumvarpi, er hér liggur fyrir, en það ber þó merki þess, að á því hafa verið hafðar of hraðar hendur. Eg vil einkum benda á að víða er þar vitnað til tiltekinna greina, en ekki sagt, hver lögin séu. Eg held nú, að landið mundi komast vel af, þótt þetta frumvarp yrði ekki að lögum. En það mun ekki þykja kurteisi að skera það niður nú við 1. umræðu, en það er svo gallað, að það er nauðsynlegt að skipa nefnd í málið til að íhuga þá galla, sem eru bæði á efni þess og formi.

Augúst Flygenring: Eg vil að eins geta þess, að frumvarp þetta hefir inni að halda nokkur þarfleg ákvæði.

Þegar lög um verzlunarbækur voru samþ. á síðasta þingi, urðu fyrir vangá nokkrar misfellur á þeim, sem með þessu frumv. er meiningin að laga. Að vísu skal eg játa, að frumvarpið í þess núverandi mynd er ekki gott eða aðgengilegt, en það má breyta því og laga það, svo hér vona eg að það verði frambærilegt, og þá vil eg leyfa mér að stinga upp á því að nefnd verði skipuð í það, að lokinni umræðu.

Ráðherrann (Kr. J.): Þetta litla, sem eg ætlaði að segja, verður að eins að höggva í sama farið og bera í sama lækinn sem hinir ræðumennirnir. Eg get ekki stilt mig um að nefna það, sem háttv. 5. kgk. þm. hefir bent á, að í 3. gr. þessa frumvarps er talað um 3. og 5. gr., en engin lög nefnd, sem þessar greinar eru í. Hvaða 3. og 5. gr. er það? Það er dálítið skrítið að vitna í lög án þess að nefna dagsetning og ártal þeirra. Maður skyldi ætla, að þær væri í þessu frumvarpi. Það sést bæði á þessu frumvarpi og fleirum frumvörpum, sem hingað koma frá háttv. neðri deild, að málunum er hraðað æði mikið af. Eg geri annars ráð fyrir því, að nefnd verði skipuð í málið og að einhver verzlunarfróður maður fái þar sæti — og fjölyrði svo ekki meira um þetta.

ATKVGR.

Málinu vísa til 2. umr. með 8 samhlj. atkv.

3 manna nefnd samþ. í e. hlj. og í hana kosnir.

Júlíus Havsteen,
Augúst Flygenring,
Gunnar Ólafsson.

Önnur umr. í efri deild 2. maí. (607, 763).

Framsögum. Gunnar Ólafsson: Eins og getið er um í þessu stutta nefndaráliti, hefir nefndin ekki getað felt sig við frumvarpið eins og það er komið frá neðri deild, og hefir því komið með nokkrar breytingartillögur. Eftir frumvarpinu er ætlast til að lögin verði feld saman við lög 30. júlí 1909, en eftir því sem nefndin lítur á er frv. ekki svo úr garði gert, að það geti í raun og veru fallið inn í þau lög. Þessvegna vill nefndin gera breytingar á frv., sem miða að því að frv. falli betur inn í meginmál nefndra laga. Eg sé ekki ástæðu til að fara út í hverja einstaka breytingartillögu, því að þær skýrast allar af sjálfu sér, þegar þær eru bornar saman við lögin frá 1909. Um efnisbreytingu á frumvarpinu er ekki að ræða, nema hvað nefndin vill draga úr sektarákvæðinu í 3. gr. frv. Þar stendur, að ef öll bókfærslan er í þeirri ó-

reiðu, að hún geti bersýnilega ekki náð tilgangi sínum, varðar það sektum eða fangelsi og eftir atvikum missi verzlunarleyfis. Nefndinni þótti fangelsisrefsing altof hörð refsing, og vill því fella hana niður. Hér er ekki um svo mikið brot að ræða, að slík refsing geti átt við, og nefndin er því mótfallin að setja strangari refsiákvæði en þörf gerist. Þetta er aðalbreytingin. — 7. breytingartillagan getur ef til vill valdið miskilningi. Nefndin ætlast til að orðin „viðskifti eins og þau eru skráð í frumbókina eða“ verði feld inn í 3. gr. l. 1909 á milli orðanna „vita“ og „samanlagðar“ í þriðju málsgrein greinarinnar, — þannig, að öll málsgreinin kemur til með að hljóða þannig:

„Í höfuðbók skal rita viðskiftin eins og þau eru skráð í frumbókina eða samanlagðar upphæðir þær í krónum og aurum, er útilátnar eða innlagðar vörur nema í hvert sinn samkvæmt frumbókinni.“

Þetta skilst vel, þegar það er borið saman við lögin, en ef orðalagið á breytt. þykir ekki nógu skýrt, má laga það við 3. umræðu málsins.

Eg held að frv. þetta sé til bóta og geri lögin frá 1909 ljósari, svo að hægra verði að fylgja þeim, eins og þau eru nú. Vona eg því að háttv. deild leyfi frv. framgang.

Ráðherra (Kr. J.): Það var tekið fram réttilega, að frumvarp þetta, eins og það hefir komið frá neðri deild, væri alveg óframbærilegt. Það væri ómögulegt að leggja frv. fram til staðfestingar í þeirri mynd, sem það hafði, er það kom frá hv. n. d. En þó að þessar breytingar, sem nefndin leggur til, verði gerðar á frumvarpinu, þá er eg samt sem áður í vafa um, hvort frumvarpið er frambærilegt. Eg efast um að út úr þessari samfellingu á frumvarpinu og l. 30 júlí 1909 geti orðið lög, sem lögð verði fyrir konung til staðfestingar. Það er ósiður, að breyta lögum á þennan hátt, í staðinn fyrir að taka hverja grein fyrir sig, breyta því sem þurfa þykir, og umskapa greinina eða greinirnar með sérstökum lögum um breyting á eldri lögunum. Hinsvegar álít eg breytingarnar í sjálfu sér fremur til bóta, en eg get þó ekki annað en greitt atkvæði á móti málinu í heild sinni, því að eg álít það ekki svo úr garði gert, að frumv. verði gert að lögum.

Framsögum. Gunnar Ólafsson: Eg játa það satt vera að svona breyting á lögum er óviðkunnanleg. Það kom til tals í nefndinni. En eftið því sem á stóð, þótti þó nefndinni réttara að taka frv., eins og það kom frá n. d. til meðferðar og laga það svo að það félli inn í lögin 1909, heldur en að taka öll lögin fyrir og steypa frumvarpinu og lögunum saman í eitt nýtt frumvarp. Eg skal játa að það hefði verið réttari aðferð, en með því að það er orðið svona áliðið þingtímans, hefði ekki unnist tími til þess. Að fella málið alveg er ekki gott og vil eg því styðja frv. með þeirri lagfæringu, sem nefndin hefir gert, og kannske frekari breytingum ef sýnist.

Júlíus Havsteen: Okkur í nefndinni var ekki vel við þetta frumvarp. Það voru þeir gallar á því, eins og það kom frá neðri deild, að það var bágt að eiga við það. Það eru yfir höfuð að tala örðugleikar á því, að breyta lögum á þann hátt sem hér er gert, sem sé fella breytingarnar inn í eldra frumvarpið, sem breytt, svo ekki verði nema eitt lagaboðið eftir sem áður. Og þó að nefndin hafi lagað frumv. nokkuð, svo að það falli betur inn í lögin frá 1909, þá eru víst ýmsir gallar á því enn þá. Það hefði mátt vel sætta sig við það, að láta breytingarnar koma út sem sérstök lög eða umbreyting á eldri lögunum og hefði verið vandalaust fyrir hvern mann að átta sig á þeim tveimur lögum alveg eins og einum. — Eg hefði helzt kosið að fella frumvarpið alveg, úr því svo miklir örðugleikar eru á því að koma

málinu í frambærilegt form. Það getur varla verið til mikils skaða að málið bíði til næsta þings.

Steingrímur Jónsson: Eg vil heldur mæla líf í frumvarpið. Það er sumt í því til töluverðra bóta, sérstaklega breytingin á 2. gr. laganna 1909. Þessi lög hafa reynst kaupmönnum lítt bærileg, hafa haft mikinn kostnað í för með sér fyrir þá, en hinsvegar ekki komið að tilsvarandi gagni. Þessvegna vil eg mæla líf í frumvarpið, að minsta kosti til 3. umræðu, og mætti þá ef til vill laga það nokkuð.

Umræðu lokið.

ATKVGR.

1. Brt. þskj. 763 sþ. m. 8 shlj. atkv.
   1. gr. frv. þarmeð fallin.
2. brt þskj. 763 sþ. m. 10 shlj. atkv.
   2. gr. frv. þarmeð fallin.
3. brt. þskj. 763 sþ. m. 8 shlj. atkv.
   3. gr. frv. þar með fallin
4. brt. þskj. 763 sþ. án atkv.
5. „ „ „ „ m. 10 shlj. atkv.
6. „ „ „ „ án atkv.
   4. gr. frv. þannig breytt sþ. m 9 gegn 1 atkv.
7. brt. þskj. 763 sþ. m. 7 shlj. atkv.
8. brt. þskj. 763 sþ. m. 6 shlj. atkv.
   5. gr. frv. þar með fallin.

Frv. vísað til 3. umr. m. 8 atkv gegn 1.

Þriðja umræða í efri deild 4. maí (846).

Framsögum. (Gunnar Ólafsson): Þegar frv. þetta var til 2. umr., voru sumir deildarmenn ekki vel búnir að átta sig á því. Mönnum þótti frágangur þess, eins og það kom frá n. d., vera æði slæmur, en nú hefir það verið lagað, og vona eg að hv. deild sjái, að eins og það nú liggur fyrir getur það vel fallið inn í lögin um verzlunarbækur frá 1909. Lögfræðingar og kaupmenn hafa látið það álit í ljósi, að frumvarpið geti vel fallið inn í nefnd lög, og að breytingar þær sem í því felast séu til bóta.

Ráðherra (Kr. J): Eg vil leiða athygli nefndarinnar að því, að fyrirsögn frv. „frumvarp til viðauka við lög“ er óvenjuleg. Þetta gerir að vísu ekki mikið til, en það er þó óviðkunnanlegt, og hefði heldur átt að vera, frv. til laga um viðauka við lög, o. s. frv.

Framsögum. (Gunnar Ólafsson): Fyrirsögn frumvarpsins var þannig frá upphafi og þótti nefndinni ekki full ástæða til að breyta henni, en þyki háttv. deild nokkru skifta um það, þá er enn hægt að laga þetta.

Ráðherra (Kr. J.): Vill ekki nefndin taka þetta mál út af dagskrá í dag til að leiðrétta þetta orðalag, og helzt líka 5. gr., því hún er þannig orðuð, að hún líkist engu lagasmíði. Tíminn er nægur; frv. getur komið fyrir aftur á morgun.

Lárus H. Bjarnason: Ef á að fara að laga þetta hrákasmíði þm. V.-Skf., því annað get eg ekki kallað frumvarpið, þá vildi eg helzt, að 6. gr. væri löguð líka, því að hún er ekki svo góð sem skyldi. Það mætti breyta henni t. d. eftir lagaskólalögunum frá 1907, 3. gr.

Framsögum. (Gunnar Ólafsson): Eg hefi ekkert á móti því, að þetta mál sé tekið út af dagskrá og breytt því sem þurfa þykir í orðalagi þess, þó mér sjálfum þyki ekki brýn ástæða til þess, því að lítils met eg orð háttv. 5. kgk.

Málið tekið út af dagskrá.

---

5. maí (846, 932).

Gunnar Ólafsson: Þetta mál var tekið út af dagskrá í gær, en eg skal fyrir minn part segja, að eg áleit frumvarpið þá í fullgóðu lagi til þess að verða að lögum. Nú hefir því þó verið breytt dálítið, en eg vona samt að það verði samþykt.

Þessari umr. lokið.

Frv. borið undir atkvæði.

ATKV.GR.

1. brtill. sþ. með 11 shlj. atkv.
2. „ „ „ 11 „ „
3. „ „ „ 10 „ „

Frv. síðan með áorðnum breytingum samþykt með 10 shlj. atkv., og endursent neðri deild vegna breytinga er á því höfðu orðið hér í deildinni.

Löggilding verzlunarstaða.

FRUMV. til laga um löggilding verzlunarstaða.

Fyrsta umr. í efri deild 19. apríl (626).

Enginn tók til máls.

Frv. sþ. til 2. umr. með 8:3 atkv.

Önnur umræða í efri deild 22. apríl (626).

Enginn tók til máls.

Frv. borið undir atkv.

ATKV.GR.

1. gr. samþ. með 6:4 atkv.

2. gr. samþ. með 6 shlj atkv.

Fyrirsögn skoðuð sþ. án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 6 shlj. atkv.

Þriðja umr. í efri deild 24. apríl.

Frumvarpið umræðulaust samþykt með 8 atkv. gegn 4 og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Bankavaxtabréf.

FRUMVARP til laga um breyting á 3. gr. laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 3. flokk (seríu) bankavaxtabréfa.

Fyrsta umr. í efri deild 18. apríl (604).

Lárus H. Bjarnason: Það er líkt ástatt um fyrirsögn og meginmál þessa frv. sem hins, er var hér til umræðu næst á undan, að láðst hefir að nefna lög, sem vitnað er til tiltekinnar greinar. Þetta þarf að laga. Eg vildi feginn geta greitt atkvæði með því að landssjóður legði fram tryggingarfé það sem frv. fer fram á. En áður en eg get það, vil eg leyfa mér að gera þá fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort landssjóður getur lagt þetta fé fram.

Ráðherra (Kr. J.): Eg man ekki betur en að öll verðbréf landssjóðs séu nú bundin einmitt sem veð fyrir veðdeildirnar, en hv. 2. kgk. þm. veit þetta betur en eg.

(Lárus H. Bjarnason: Hefir landssjóður handbært fé að leggja fram í þessu skyni).

Því býst eg ekki við, og eigi verður því neitað, að það yrði veruleg byrði á honum að leggja fram þetta tryggingarfé. Mál þetta var annars athugað á seinasta þingi og þá þótti það eigi gerlegt að leggja þessa byrði á landssjóð, en nú er farið fram á að gera breytingar í því efni, og þykir mér sjálfsagt að nefnd sé sett í málið, og leyfi mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hl.

3 manna nefnd samþ. í e. hl. og í hana kosnir:

Eiríkur Briem,

Ari Jónsson,

Ágúst Flygenring.

Önnur umr. í efri deild 2. maí (604, n. 761).

Eiríkur Briem: Í nefndarálitinu eru teknar fram allar aðalástæðurnar fyrir því, að frumv. þetta verði samþ. Það eru nú talsvert breyttar kringumstæður frá því á síðasta þingi. Bankinn á nú í töluvert meiri örðugleikum en þá. Þá var ekki búist við eins miklum beiðnum um lán úr veðdeild, og átt hefir sér stað, sérstaklega þar sem menn vissu að fasteignir voru þá orðnar mjög bundnar. En reynslan hefir sýnt að þetta varð þó nokkuð á annan veg, þar eð beiðnir um mjög mikil lán hafa komið frá sveitastjórnum og bæjarstjórnum. Af þessum ástæðum veitir bankanum ervitt að leggja fram nægilegt tryggingarfé. Eg ímynda mér að

menn mundu alls ekki skoða huga sinn um að veita þessa heimild, ef ekki væri erfitt fyrir landssjóðinn að leggja fram þessa tryggingu, 125 þús., en ástæður landssjóðs eru vitanlega þannig, að óumflýjanlegt er, hvort sem er, að gera ráðstafanir til þess að hann geti staðið strauminn.

Rentutapið er ekki eins tilfinnanlegt fyrir landssjóð eins og fyrir Landsbankann, hann fær ekki af fé sínu eins háa vexti.

Ráðherra (Kr. J.): Eins og hag landssjóðs, eða réttara sagt viðlagasjóðsins, er nú komið, þá mun hann ekki hafa handbært fé til að leggja fram tryggingarfé það, sem hér ræðir um; verði frumvarpið að lögum, verður að útvega þetta tryggingarfé (kgl. skuldabréf), og getur það orðið all-erfitt fyrir landssjóð. Hinsvegar getur bankinn takmarkað lánveitingar sínar úr veðdeild, ef hann á erfitt með að leggja fram tryggingarféð, en til þess þarf hann ekkert tillit að taka, ef hann getur heimtað það af landssjóði. Enda mun hann og eigi spara að gera það.

Annað mál kann það að vera, að nú sé svo komið hag Landsbankans, undir stjórn þeirri, er þar hefir verið síðasta árið, að bankinn, fyrir eintómt ólag, er kominn í fjárþröng, svo að hann þykist þurfa að leita á náðir landssjóðsins; eg býst nú við, að eg greiði atkvæði móti þessu frumv.; þykir eigi ástæða til að hlaupa á þennan veg undir Landsbankann.

Eiríkur Briem: Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðherra tók fram, að þetta gæti borið svo brátt að, að bankinn þyrfti á þesu tryggingarfé að halda, vildi eg benda á það, að eigi þarf á tryggingarfénu að halda nema smám saman, jafnóðum og bankavaxtabréfin eru gefin út, og að þetta er að eins helmingur af því tryggingarfé, sem leggja þarf fram fyrir bankavaxtabréfum 3. flokks veðdeildar, og það þarf ekki nema helming í konungl. ríkisskuldabréfum.

Ráðherra (Kr. J.): Eg hefi altaf litið svo á, að Landsbankinn gæti heimtað af landssjóðnum samkvæmt þessu frumv. tryggingarfé einnig fyrir því, sem þegar er búið að lána út úr 3. veðdeild. Eg skil frv. þetta svo, að landssjóður eigi að leggja fram helming tryggingarfjárins, líka fyrir því sem þegar er búið að lána út, og sem Landsbankinn er búinn að leggja fram tryggingarefni fyrir.

Eiríkur Briem: Nefndin hefir skilið frumv. þannig, að landssjóður leggi fram helming. Nú er svo ástatt, að öll upphæðin er 3 miljónir; sjötti partur þar af 500,000. Hér segir nú að landssjóður eigi að leggja fram helming af þessari hálfu miljón, sem sé 250 þúsundir, að helmingi í bankavaxtahréfum, en hinn helminginn, 125,000, í konungl. ríkisskuldabréfum. Nú er Landsbankinn búinn að leggja fram nálægt helmingi tryggingarfjárins, og það er þá sá helmingurinn, sem eftir er, sem landsjóður þyrfti að annast um.

Fleiri tóku ekki til máls.

2. umr. lokið.

ATKV.GR.:

1. br.till. sþ. í e. hl.

Hin br.till. þar með fallin.

Frumv. með áorðnum breytingum sþ. í e. hl.

Fyrirsögn skoðuð sþ. án atkv.

Vísað til 3. umr. með 6 shl. atkv.

Þriðja umr. í efri deild 4. maí (855).

Framsögum. (Eir. Br.): Eg vil að eins leyfa mér að mælast til þess að hv. deild samþ. þetta frv. óbreytt.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 7 shl. atkvæðum og endursendist neðri deild.

Gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík.

FRUMVARP til laga um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík.

Fyrsta umr. í efri deild 21. apr. (657)

Lárus H. Bjarnason: Eg vil leyfa mér að gera tillögu um að í þetta mál verði skipuð 3 manna nefnd.

1. umr. lokið.

Vísað til 2. umr. m. 10 shl. atkv.

Samþ. 3 manna nefnd með 10 shl. atkv. og í nefndina kosnir með hlutfallskosningu:

Júlíus Havsteen,
Eiríkur Briem,
Sig. Hjörleifsson.

Önnur umræða í efri deild 28. marz (657, nr. 745).

Framsögum. (Sig Hjörleifsson): Hér er að ræða um gott mál og merkilegt, þar sem er holræsa og gangstétta gerð í höfuðstað landsins og mun þetta geta orðið til mikilla bóta fyrir þennan bæ.

Hér eru settar nákvæmar reglur, sem byggjast á samþyktum, sem bæjarstjórnin hefir gert og hafa verið samþ. í hv. neðri deild með litlum breytingum, en borgarstjóri hefir tjáð mér að hann sætti sig við þær.

Nefndin hefir orðið að öllu sammála um 1. og 2. gr. frv. og vill ráða deildinni til þess að sþ. þær. Aftur hafa orðið nokkuð skiftar skoðanir um 3. gr., að því er til gangstéttanna kemur; þó hefir nefndin komið sér saman um að ráða hv. deild til að samþ. þá grein einnig. Aftur vorum við allir sammála um að þau ákvæði 4. gr. væru feld burtu, þar sem ræðir um að kröfur bæjarstjórnar á hendur húsa og lóðaeigendum eftir 3. gr. séu trygðar með forgangsrétti í húseignunum. Okkur hefir öllum þótt lítil þörf á því og álitum að af því mundu leiða ómök og óþægindi á ýmsan hátt, sem væru meiri en þau þægindi, sem því væru samfara.

En við höfum ekki getað orðið sammála um 5. gr., þar sem 2 nefndarm. (meiri hlutinn) hv. 1. og 2. kgk. þingm. ráða til að sú grein sé feld burt.

Þar er ákvæði um að húseigendur skuli skyldir til að láta hreinsa þessar gangstéttir, en ekki bæjarstjórnin. Eg býst við að samnefndarmenn mínir geri grein fyrir sinni skoðun á þessu máli, en hún mun vera sú, að þeim þyki óþægindi of mikil að þessu fyrir húseigendur.

Eg tel rétt að 5. gr. standi, þó ef til vill mætti gera á henni smábreytingar og láta snjómokstur vera undanskilinn.

Annars mun þetta ákvæði greiða mjög fyrir hreinsun í bænum, og er það í lögum víða annarsstaðar, svo sem í Kaupmannahöfn, og gefst það þar vel.

Hér er um skoðanamun að ræða, þar sem meiri hlutinn vill að greinin sé feld, en eg vil að hún standi, nema þá að lítil breyting sé gerð á henni, en eg kem ekki fram með brtill. fyr en eg sé, hvaða undirtektir þetta mál fær.

Legg eg svo hið bezta með að málið fái framgang hér í deildinni.

Júlíus Havsteen: Það er eins og hv. framsögum. segir, að orðið hefir ágreiningur í nefndinni útaf 5. gr.

Við meiri hlutinn vorum þó líka í efa um, hvort rétt væri að sþ. 3. gr., gátum ekki séð að svo mikið gagn væri að þeim dýrindis gangstéttum, og því síður sem þessi kvöð kemur allhart niður á lóðaeigendum.

En við gengum þó inn á að sþ. þetta, þegar borgarstjórinn gaf okkur þær upplýsingar, að þessar stéttir yrðu mjög ódýrar. Ekki nema 56 aura á hverja alin, þegar steinninn væri 1 □ alin.

Aftur vorum við alveg mótfallnir því að 5. gr. stæði. Við þekkjum betur til hér í bæ en hv. framsögum. Það er mjög oft ekki hægt að fá menn til vika, og þó lof-

orð fáist, þá má búast við að maðurinn komi ekki að heldur, og verður maður þá að gera verkið sjálfur, og auk þess kosta svona aukaverk töluvert fé.

Þar sem svo stendur á, sem víða er, að að eins er ein vinnukona hjá fjölskyldu, þá hefir hún nóg að gera, þó ekki standi hún úti daglega við mokstur. Öðru máli væri að gegna um verzlanir, þar sem eru þjónar á hverjum fingri, þær gætu látið moka.

Svo eru þessar stéttir að jafnaði ekki nema öðru megin á götunum, en sumar götur eru svo, að þar verður ekki komið fyrir gangstétt.

Það mætti næstum kalla þetta hálf lúalegt af bæjarstjórninni, að vilja ekki hreinsa gangstéttirnar, þegar hún lætur hvort sem er hreinsa göturnar og rennurnar, og þetta er því mjög kostnaðarlítið fyrir hana.

Það mundi vekja almenna óánægju í bænum, ef þetta fengi fram að ganga.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. sþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr. sþ. með 11 shlj. atkv.

breytt. við 4. gr. sþ. í e. hlj.

4. gr. með áorðnum br. sþ. m. 11. shlj. atkv.

breyt. við 5. gr. sþ. með 7:3 atkv.

5. gr. þar með fallin.
6. gr.. sem verður 5. gr., sþ. með 9 shl. atkv.
7. gr., sem verður 6. gr., sþ. með 1 shl. atkv.
8. gr. feld með 7:5 atkv, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Steingr. Jónsson,
Aug. Flygenring,	Ari Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Ólafsson,
Júlíus Havsteen,	Kristján Jónsson,
Sig. Hjörleifsson.	L. H. Bjarnason,
	Sig. Stefánsson,
	Stefán Stefánsson.

Þriðja umræða í efri deild 3. maí (811).

ATKV.GR.:

Frumv. umræðulaust samþykt með 9 shlj. atkv. og endursendist neðri deild.

Lántökuheimild.

FRUMV. til laga um lántökuheimild fyrir landsjóð.

Fyrsta umræða í efri deild 5. maí (810).

Sigurður Sefánsson: Frv. þetta er hingað komið frá hv. neðri deild, en það sem mér þykir harla undarlegt við frv. er það, að ekki skuli vera neitt ákvæði um það, með hvaða kjörum lánið skuli tekið. Mér finst hv. n. d. hafa verið í þessu efni nokkuð svipuð manninum, sem tók lánið, hvað sem það kostaði. Þetta þykir illa viðeigandi, og auk þess vantar mig alveg upplýsingar um það, til hvers þessu lánsfé skuli verja. En eftir því sem eg kemst næst, verður þetta einungis eyðslulán, frumvarpið fór því nær umræðulaust í gegn um hv. neðri deild, og þar var bara ekki annað sagt, en að stjórnin mætti taka lán. Eg vil taka það fram, að þetta er hvorki sprottið af tortrygni til núverandi stjórnar né nokkurrar annarar stjórnar landsins. Það er einungis sprottið af varkárni.

Ráðherra (Kr. J.): Eg skal leyfa mér að geta þess, að peningamálanefnd hv. neðri deildar spurði mig einu sinni í vetur, hvort eg óskaði lántöku-heimildar, og var þá jafnframt bent á þessa svokölluðu landsjóðs víxla. Mér er það kunnugt, að aðaltilefnið til þessara heimildarlaga er tillagið til hafnargerðarinnar í Reykjavík, sem ráðgert er að landsjóður leggi fram; en það er nauðsynlegt að bæjarstjórnin geti komið hafnargerðinni í framkvæmd á sem allra styztum tíma. og það er aðalástæðan fyrir frumvarpi þessu. Lánsupphæðin öll á að

vera 500,000 kr., þar af eiga 400,000 kr. að ganga til hafnargerðarinnar, og eru þá þá eftir 100,00 kr. til þess að grípa til, ef í harðbakka slær fyrir landsjóðinn.

Viðvíkjandi landsjóðsvíxlunum er það að segja, að landssjóður hefir stundum þurft að fara til bankanna og fá þar fé, til þess að geta staðist dagleg útgjöld. Nú má búast við því að bankarnir verði tregir á að veita þessi lán, nema lagaheimild sé fyrir þeim, einkum ef búast má við, að stjórnin, sem þarfnast lánsins, sé völt í sessinum, og muni bráðlega fara frá. Því að bankarnir geta litið svo á, að næsta stjórn muni ef til vill eigi vilja greiða lán fráfarandi stjórnar. En sé lagaheimild fengin fyrir þessum bráðabirgðarlántökum, eins og frumvarp þetta fer fram á, þá geta bankarnir verið öruggir og veitt lánin gegn lögheimiluðum víxlum.

Enn eitt vil eg taka fram, og það er það, að engin samvizkusöm stjórn mundi misbrúka þannig lagaða lánsheimild.

Sigurður Stefánsson: Eg skal játa að eg man ekki glögglega, hvernig á hefir staðið með eldri lán, hvort þar hafa verið ákveðin lánsskilyrði eða ekki. En eg get fullyrt það, að frv. um lántökuheimild, sem samþykt var á síðasta þingi, ákvað glögglega hver kjörin skyldu vera.

En hér er um lán að ræða, sem ég verð að skoða sem hálfgert eyðslulán. Eg kalla sem sagt fjárframlagið til Hafnargerðarinnar í Reykjavík hálfgert eyðslulán. Eg vil taka það aftur fram, að eg er þess fullviss, að hæstv. ráðherra fer samvizkusamlega með lánið, en það gæti ef til vill stundum komið sér illa, ef einhver stjórn gæti tekið lán með hvaða vöxtum, sem henni þóknaðist.

Ráðherra (Kr. J): Mér fanst ræða hv. vinar míns, sem nú settist síðast niður, að sumu leyti bygð á misskilningi. Þess verður vel að gæta, að nú mun vera harla ervitt fyrir Ísland að fá lán erlendis, en á hinn bóginn sé eg ekki vel, hvernig landstjórnin getur komist af án einhverrar lánsheimildar. En auðvitað mun stjórnin reyna að komast að sem beztum kjörum. Eftir því sem eg nú veit bezt, eru vextir á norðurlöndum frá 4—5½ af hundraði.

Fleiri tóku ekki til máls. Málinu vísað til 2. umr. með 8 samhljóða atkv.

Önnur umræða í efri deild 5. maí (870).

Enginn tók til máls.

1. gr. samþ., með 9 samhlj. atkv.
2. — — — 8 — —

Fyrirsögn sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11. samhlj. atkv.

Þriðja umræða í efri deild 6. maí (870).

Samþykt með 10 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Læknaskipun.

I.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 16. nóv 1907 um skipun læknishéraða o. fl. (Norðfjarðarhérað).

Fyrsta umræða. í efri deild 24. apríl. (667).

Sigurður Stefánsson: Eg leyfi mér að stinga upp á 3 manna nefnd að lokinni umræðu.

Lárus H. Bjarnason: Eg sé ekki ástæðu til að skipa nefnd í svona ljóst mál. Ef menn þykjast ekki geta áttað sig á málinu án nefndarskipunar, má kjósa nefnd við næstu umræðu.

ATKV.GR.

Frumv. vísað til 2. umræðu með 10 samhljóða atkvæðum. Nefnd feld með 7 atkv. gegn 6.

Önnur umræða í efri deild 26. apríl. (667).

Steingrímur Jónsson: Í frv. þessu er farið fram á að stofnað sé nýtt læknishérað þannig að undan Seyðisfjarðarhéraði sé tekin Brekkusókn í Mjóafirði og undan Eskifjarðarhéraði Nessókn í Norðfirði. Líkt frv. kom fram í Nd. á þingi 1909, en var felt þá. En eg álít að hér hagi svo til, að af öllum þeim frumvörpum um fjölgun læknishéraða, sem komu fram á því þingi, hafi þetta frv. frekast átt skilið að verða samþykt. Eg kannast við það, að eg er mótfallinn því, að raska lögunum frá 1907 um skipun læknishéraða. Læknum hefir verið fjölgað svo mjög, að allrar varúðar verður að gæta í því efni. Á þingi 1907 var tala reglulegra læknishéraða ákveðin 43, auk tveggja aukalækna. Nú eru læknisembættin 48 vegna þess að á síðasta þingi, 1909, voru 3 ný héruð stofnuð. Þetta yrði því 49. embættið. En af því að eg álít að þau 3 héruð, sem voru stofnuð 1909, hafi ekki verið eins mauðsynleg eins og þetta hérað, sem hér er um að ræða, þá er eg þessu frv. samþykkur. Eins og öllum er kunnugt, er afarilt yfirferðar milli fjarðanna austanlands, t. d. er afarslæmur fjallgarður milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar, og sömuleiðis milli Eskifjarðar og Norðfjarðar, en á hinn bóginn eru engar verulegar torfærur milli Norðfj. og Mjóafjarðar. Það væri því miklu auðveldara að þjóna þessum fjörðum, ef læknirinn hefði aðsetur á Norðfirði. Aðalhluti héraðsins yrði Nessókn í Norðfirði, og eru þar 788 íbúar. Í Brekkusókn er miklu minna, aðeins 287. Til samans er þetta 1075 íbúar. Þó er þetta ekki sú rétta tala, því að á sumrum eru íbúar á þessum fjörðum miklu fleiri, kemur það til af því, að Norðfjörður er eitt hið mesta sjósóknarpláss austanlands, og sækja þangað hvalfangarar og sjómenn, innlendir og útlendir. Er því óhætt að fullyrða, að tala íbúa í héraðinu yrði nálægt 2000 að sumrinu til. Fyrir þessa menn er allerfitt að sækja, hvort sem er til Seyðisfjarðar eða Eskifjarðar. Um þessi héruð er það að segja, að Seyðisfjörður verður eftir sem áður fjölment læknishérað, en Eskifjarðarhéraðið aftur fáment, að eins 1018 manna að íbúa tölu. Að þessu athuguðu álít eg að frv. þetta eigi skilið að ganga fram, til þess að Austfirðingum sé ekki gert rangt til í þessu efni, í samanburði við aðra landshluta, einkum Vestfirði, sem standa miklu betur að vigi að því er læknaskipun snertir.

Sigurður Hjörleifsson: Eg er sammála hv. 4. kk. þm., að ekki beri að fjölga að sinni læknishéruðum hér á landi. En eg get ekki séð, að þó að ranglega hafi verið breytt á fyrri þingum í þessu efni, þá sé rétt að halda áfram á þeirri braut. Það væri fremur ástæða til að lagfæra það sem óvarlega hefir verið gert. En hér er á fleira en þetta að líta. Læknum þeim, sem í þessum héruðum sitja, væri að ýmsu leyti gerður ógreiði, ef frv. þetta næði fram að ganga. Þeir yrðu sviftir atvinnu og miklum tekjum, og það að óþörfu, því að þeir hafa alls ekki svo mikið að gera, að þeir geti ekki auðveldlega þjónað hvor sínu héraði. Sömuleiðis vil eg benda á það, að hætt er við því, að læknar verði lakari, ef héruðum er fjölgað of mjög. Þeir hafa minni æfingu, minna tækifæri til að auka þekkingu sína, og við það minkar eðlilega áhuginn. Þá er og eitt, sem eg vil minna hv. deildarmenn á. Hér er farið fram á að sniðin sé af Eskifjarðarhéraði alt að helmingi íbúanna. Læknirinn í því héraði segir, að það mundi svifta sig hér um bil helmingi tekna sinna. Þessum lækni var veitt embættið 7. ág. 1899, án nokkura skilyrða. Hann telur sig því hafa rétt til skaðabóta, ef héraðið er minkað. Sama er um lækninn á Seyðisfirði að segja; eg tel líklegt að hann mundi líka

heimta skaðabætur. Mér virðist því full ástæða til að íhuga þetta mál í nefnd. Landsstjórnin hefir áður orðið að borga skaðabætur í líku tilfelli. Eg held eg megi fullyrða, að læknirinn á Blönduósi, Júlíus Halldórsson, hafi fengið skaðabætur úr landssjóði af líkum ástæðum. Þó að það hafi verið sett inn í l. frá 1907, um skipun læknishéraða, að læknar verði að sætta sig við breytingar á læknishéruðum, sem kunni að verða gerðar, þá er ekki þar með sagt, að þetta ákvæði nái einnig til þeirra lækna, sem tóku embætti áður en þessi lög voru samþykt. Af þessum ástæðum vil eg leggja til, að 3 manna nefnd verði kosin til að íhuga málið.

Lárus H. Bjarnason: Eg ætlaði ekki að standa upp, en af því að hv. þm. Akureyrar bar það fram sem ástæðu fyrir nefndarskipun, að skaðabótakrafa á hendur landssjóði mundi að öllum líkindum koma fram frá 2 læknum þar eystra, ef frv. yrði samþykt, þá skal eg láta í ljósi þá skoðun mína, að þetta nær engri átt. Það má slá þessu fram, að mennirnir muni fara í skaðabótamál við landssjóð, því það má fara í mál út úr öllum þremlinum, en eg er viss um, að enginn dómstóll mundi dæma þeim neinar skaðabætur. Enda kvað vera til yfirlýsing frá báðum læknunum, um að þeir mundu sætta sig við þessa breytingu og ekki gera neina skaðabótakröfu. En þeirrar yfirlýsingar þarf ekki með, því að samskonar fyrirv. og hv. þm. gat um, úr læknalögunum frá 1899, er einmitt í lögum um skipun læknishéraða 1907, 3. gr.; og er það eitt fyrir sig næg sönnun þess, að læknar þessir geta enga kröfu gert til skaðabóta. Bætur þær sem læknirinn á Blönduósi fékk, voru alt annars eðlis. Þar stóð svo á, að læknirinn hafði bygt steinhús á leyfðu læknissetrinu, í því trausti, að hann fengi að sitja þar kyr áfram. En svo fékk hann skipun um að flytja sig að Blönduósi, og mæltist þá til þess að þingið bætti sér að nokkru þann kostnað, er hann hafði haft af húsbyggingunni. Þar var þannig alt öðru máli að gegna.

Sigurður Hjörleifsson): Ræða háttv. 5. kgk. þm. sannfærði mig ekki. Hafi læknisembættið á Eskifirði, með þeim ummerkjum sem það nú hefir, verið veitt áður en lögin um skipun læknishéraða voru sett, þá eru miklar líkur til þess, að læknirinn í því héraði hafi fullan rétt til skaðabóta. Annað mál er það ef fram hefir komið yfirlýsing frá honum, um að hann muni ekki gera kröfu til skaðabóta. Þó sýnir sú yfirlýsing, að hann telur sig hafa rétt til þeirra, og mér hefir hann tjáð, að hann mundi krefjast bóta. Eg sé ekki að neinn skaði geti hlotist af því, þó að málið sé athugað í nefnd, og vil leggja með því.

Steingr. Jónsson: Eg stend að eins upp til að láta í ljósi það álit mitt, að það sé engin ástæða til að skipa nefnd í þetta mál. Fyrst og fremst af því að eg álít að sú spurning, sem hv. þm. Akureyrar nefndi, sé ekki eins hættuleg og hann heldur. Enn þó svo væri, þá væri ekki rétt að setja það fyrir sig, ef Norðfjarðarbúar eiga í sjálfu sér heimting á lækni, og það virðast þeir eiga, þar sem afar erfitt er fyrir þá að sækja til Eskifjarðar, sem er næsta læknissetur. Eg sé því ekki ástæðu til að tefja timann með því að skipa nefnd í málið.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 7 atkv. gegn 2.

Fyrirsögn sþ. án atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.

Felt að skipa 3 manna nefnd með 7 atkv. gegn 6.

Þriðja umr. í efri deild 28. apríl (667).

ATKV.GR.:

Samþykt með 7:4 og verður afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

II.

FRUMVARP til laga um breyting á lög. um 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl. (Hnappadalshérað).

Fyrsta umræða í efri deild 24. apríl (668).

Sigurður Hjörleifsson: Það er stungið upp á 3 manna nefnd að lokinni umræðu.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með shlj. atkv.

Nefnd feld með 7:5 atkv.

Önnur umr. í efri deild 26. apríl (668).

ATKV.GR.:

Frv. umræðulaust og að viðhöfðu nafnakalli felt með 9 atkv. gegn 4 og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Steingr. Jónsson,
Ari Jónsson,	Aug. Flygenring,
Gunnar Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Stefán Stefánsson.	Jósef Björnsson,
	Júlíus Havsteen,
	Kristján Jónsson,
	Sig. Hjörleifsson.

Tveir þm. greiddu ekki atkv. (Lárus H. Bjarnason og Sig. Stefánsson) og töldust með meiri hlutanum.

Lækningaleyfi.

FRUMVARP til laga um lækningaleyfi.

Fyrsta umræða í efri deild 2. maí (798).

Júlíus Havsteen: Hv. 5. kgk. þm. (L. H. B.) taldi frumvarpinu það til gildis að í því væru öll læknamál lögð undir umsjón landlæknis, en eg get ekki séð, að það sé þörf á slíkum lögum. Hann hefir nú alt eftirlit bæði með læknum og skottulæknum hér í þessu landi. Frv. er ekki til nokkurs gagns, af því að það er ekkert í því, sem við höfum ekki nú í löggjöf vorri.

Lárus H. Bjarnason: Eg hefi að vísu ekki „*stúderað*“ frumvarpið vel, en mér er samt óhætt að fullyrða, að öll ákvæði frumvarpsins eru ekki til í löggjöfinni nú. Eg skal t. d. benda á það, að eftir núgildandi lögum hafa fleiri rétt til læknisembætta en frv. ætlast til, að eftir þeim hefir landlæknir að eins tillöguvald, en eftir þessu frv. hefir hann sjálfstætt vald. Það má og nefna ákvæði 4. gr. um að læknir geti skotið úrskurði stjórnarráðs um þar um rætt málefni til dómstólanna. Þetta ákvæði er í samræmi við það nýmæli fyrirliggjandi stjskr.frv., að afsettur embættismaður skuli geta skotið afsetningarúrskurði stjórnarinnar til dómstólanna. Dómstólarnir eiga að vera trygging þess, að einstaklingarnir geti notið réttar síns. Smáskamtalöggjöf vor er óviðunandi, eins og hún er nú, sérstaklega af því að hið lögmælta eftirlit með því að henni sé hlýtt er of lítið, hér er gerð tilraun til að leiðrétta þá vöntun. Frumvarpið er að öðru leyti svo undirbúið, að deildinni er óhætt að hleypa því til 2. umr., sem enda er sjálfsögð kurteisisskylda gagnvart neðri deild að lofa því þangað.

Júlíus Havsteen: Hv. 5. kgk. þm. tók ekki nærri sér að fella annað frumv. frá 1. umr. fyrir neðri deild á dögunum, eg á við prentsmiðjulagafrv., sem reyndar átti það skilið í fylsta máta. Það sem alt veltur á er þetta: Er málið þess vert að það sé rætt? Eg stend við það, að ráðherra er æðsti umboðsvaldhafandi. Hann einn „repræsenterar“ konungsvaldið. Dómstólarnir hafa þar ekkert að segja. Eg get því ekki séð að skot það til dómstólanna á urskurði ráðherra, sem nefnt er í frv., sé á réttum rökum bygt.

Lárus H. Bjarnason: Það er óþarfi að stæla lengi um þetta. Háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) veit það ofboð vel, að framkvæmdarvaldið hefir yfirleitt ekki annað vald en það, sem löggjafarvaldinu þóknast að skamta því. Þar er því ekki hægt að tala hér um rangt nýtt princip.

ATKV.GR.:
Frv. vísað til 2. umr. með 7:3 atkv.

Önnur umr. í efri deild 5. maí (798).

Sigurður Hjörleifsson: Eg vil mæla með þessu frumv. Það eru ýms ákvæði í því, sem miða að því að bæta úr vandkvæðum á læknaskipuninni í landinu. Hinsvegar má líka geta þess, að sumt getur verið athugavert við frv., og tel eg þá ekki það sem flestir mundu talið hafa, því að eg tel engan veginn skaðlegt að takmarka lækningaleyfi. En það er dálítið annað, sem eg á sérstaklega við. Eg veit ekki betur en sum kirkjufélög kristninnar telji það þýðingarmikinn rétt kirkjunnar að leggja hendur yfir menn. Þessum rétti kirkjunnar hefir verið haldið fram á Englandi á seinni árum og er tíðkaður þar. Frv. mundi koma í bága við þennan rétt, ef hér væru kirkjufélög sem héldu honum fram. Hér er um gamlan rétt kirkjunnar að ræða, en þar sem hans gætir ekki hér á landi sem stendur, má ætla að þetta geri lítið til. Ennfremur má geta þess að frv. að öðru leyti getur riðið í bága við ýmsar af þeim skoðunum á meðferð sjúkdóma, sem nú eru að ryðja sér til rúms í heiminum. En vér verðum að líta á málið frá praktisku sjónarmiði, og þá vil eg mæla með frumvarpinu Landlæknir hefir yfirfarið frv. eins og það er nú og telur að það mundi verða til bóta. Enda mun honum vera manna kunnugast um það, hve mikið ilt hefir leitt af lækningum ólæknisfróðra manna hér á landi.

Umr. lokið.

ATKV.GR.
1. gr. frv. sþ. m. 8 atkv. gegn 1.
2.—8. gr. frv. og jafnframt hver þessara greina um sig sþ. m. 9 atkv. móti 1.
Frv. vísað til 3. umr. m. 9 shlj. atkv.

Þriðja umr. í efri deild 6. maí (788).

ATKV.GR.:
Sþ. með 10:1 atkv.
Afgreiðist til ráðherra sem lög frá alþingi.

Friðun hreindýra.

FRUMVARP til laga um framlenging á friðunartíma hreindýra.

Fyrsta umræða í efri deild 15. marz (179).

Steingr Jónsson: Á alþingi 1901 voru samþykt lög um friðun hreindýra og voru staðfest 8. nóv. sama ár. Tilgangurinn með þeirri friðun var sá að fyrirbyggja að þessari dýrategund, sem er eina veiðidýrategund landsins og til mikillar prýði, yrði algerlega útrýmt.

Menn vissu ekki til að hreindýr væru annarsstaðar til en á Brúar- og Mývatnsöræfum. Menn ætluðu að fyrir vestan Jökulsá í Öxarfirði væru 4 eða 5 dýr, en fyrir austan ána 40—50.

Höfðu þau verið skotin mjög síðustu árin, og fækkað stórum.

Friðunartíminn er eftir lögunum 10 ár, og er útrunninn 1. jan. 1911.

Á þessu árabili hafa dýrin fjölgað nokkuð. A Brúaröræfum má ætla að þau séu nú 2—300, en það er lítið meir en þriðjungur þess sem þau voru þar fyrir 40—50 árum. Þá voru þau talin 5—600 þar. A Mývatnsöræfum hefir þeim einnig fjölgað nokkuð, og munu vera nú um 30—40.

Það er fyrirsjáanlegt, að verði dýrin skotin nú á næstu árum, þá verða þau upprætt mjög fljótt. Það er því farið fram á að friðunartíminn sé lengdur um 5 ár, og geta menn þá séð, hvort óhætt er að leyfa að skjóta þau.

Eg hygg að flestir þingdeildarmenn muni vera sammála mér um það, að leitt sé að uppræta þessi dýr.

Vil eg að endingu mæla með því að málið gangi til annarar umræðu.

ATKV.GR.:
Sþ. í e. hlj. að málið gangi til 2. umr.

Önnur umræða í efri deild 17. marz (179).
ATKV.GR.:
Frumvarpinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umræða í efri deild 21. marz (179).
ATKV.GR.:
Frumv. samþykt í einu hljóði og afgreitt til forseta neðri deildar.

Maríu og Péturslömb.

FRUMVARP til laga um afnám fóðurskyldu svonefndra Maríu og Péturslamba.

Fyrsta umræða í efri deild 20. marz (220).

Sigurður Stefánsson: Það er nú líklega í sjöunda eða áttunda sinn, sem maður heyrir jarminn í þessum blessuðum Maríu og Péturslömbum. Það hefir verið varið til umræðanna hér á Alþingi um lömb þessi miklu meiri tíma og fé heldur en andvirði lambseldanna nemur.

Lambseldi þessi munu vera alls 67. Eins og kunnugt er, er hin almenna fóðurskylda prestslamba afnumin með söknargjaldalögunum, fóðurskylda þessara lamba er því orðin nokkurskonar Anakronismus, sem ætti að hverfa hið bráðasta úr þessu.

Eg skal geta þess, að mér er nær að halda, að deilurnar um þessi lömb megi rekja alt aftur í tíma ráðgjafaþinganna, og síðan hefir málið altaf öðru hvoru verið á döfinni. Það er vitanlegt, að með þessari breytingu verður landssjóður fyrir dálitlum fjárhalla, eitthvað um 301 kr. eftir meðalverði á lambsfóðrum. Þetta er ekki mikið fé, umræðurnar um málið hafa kostað landið töluvert upp í þá upphæð, og geta kostað mikið enn, og hygg eg því bezt að málinu væri nú ráðið til lykta.

Einkennilegt er það, að um uppruna þessara blessaðra Maríu og Péturslamba veit enginn neitt. Eg hefi leitað upplýsinga um þetta hjá fróðum mönnum, en þeir eru alls ófróðir um það.

En hvað sem þessu líður, þá álít eg ekki rétt að vera nú lengur að spyrna á móti broddunum, og vænti þess að frv. verði samþykt. Eg skal geta þess, að eg finn ekki ástæðu til þess að málið verði sett í nefnd.

Kristinn Daníelsson: Eg get skrifað undir það með hv. þm. Ísafjarðarkaupstaðar, að gott væri að mál þetta væri úr sögunni, en sannfæringar minnar vegna get eg ekki verið með því, að það hverfi úr sögunni á þann hátt, sem frv. þetta fer fram á.

Hér er um beina gjöf að ræða til eigenda þeirra jarða, sem kvaðir þessar hvíla á, og það hlýtur að ganga út yfir landssjóð og nemur talsverðu fé fyrir hann.

Eg hefi reiknað það út, að með því að meta hvert lambsfóður 4 krónur, þá mundi það svara til höfuðstóls, er næmi um 7000 krónum, en reikni maður lambsfóðrið 4,50 aura, þá til rúmlega hálfs áttunda þúsands.

Hér er líka um meginregluatriði að ræða, sem varhugavert er að brjóta. Þegar búið er að strika þetta út, er beinn vegur til að stryka annað út, sem líkt stendur á með, t. d. prestsmötuna, sem er mikill tekjuauki fyrir prestana, og um leið fyrir landssjóð. Þó að eg álíti að mál þetta sé að vísu óbrotið og þó að það hafi oft verið hér á þingi áður, þá er hér þó, eins og eg sagði, um slíkt meginatriði að ræða, að eg geri það að tillögu minni, að 3 manna nefnd sé kosin til að íhuga málið.

Lárus H. Bjarnason: Eg leyfi mér að styðja uppástungu hv. þm. V.-Ísf. (Kr.

Dan.) sérstaklega af síðustu ástæðunni, er hann færði fyrir henni.

Ráðherra (Kr. J.): Hv. þingm. Ísafjarðarkaupst. (S. St.) hefir áður verið mótfallinn þessu máli, en nú óskaði hann, að það næði fram að ganga. Hann hefir talað í málinu fyr hér á þingi, og þá látið í ljósi líkar efasemdir og hv. þm. V. Ísf. (Kr. Dan.). Mér sýnist ekki betur en hér sé einstökum „privatmönnum" gefin gjöf. Það getur verið rétt, en það verður að athuga slíkt, áður en það er gert. Það er enginn vafi á því, að þegar kvöð er létt af jörð, hækkar hún í verði. Leigumálinn *„regulerar"* sig af sjálfu sér. Afleiðingin af þessu frv., ef það verður að lögum, yrði þá sú, að leigumáli þeirra jarða, er hér ræðir um, hækkaði. Hér er með öðrum orðum um gjöf að ræða, er kemur eigendum jarðanna í hag. Það verður að athuga málið vel, áður en farið er að gefa slíka gjöf. Þessi ástæða var þess valdandi, að frv. hefir fallið á fyrri þingum. Eg legg ekki til, að málið sé felt, en styð að því, að það sé rætt í nefnd, áður en því er ráðið til lykta.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Nefnd sþ. með 8 atkv. gegn 2 og hlutu þessir kosningu:

Steingr. Jónsson,
Kristinn Daníelsson,
Stefán Stefánsson.

Önnur umræða í efri deild 7. apríl (220, n. 476, 520).

Framsögumaður (Steingr. Jónsson): Eins og háttv. deildarmenn sjá á nefndarálitinu, þskj. 476, hefir nefndin ekki getað orðið sammála. Meiri hluti nefndarinnar vill aðhyllast frv. óbreytt. Við álítum að þessi kvöð, sem aðeins hvílir á 67 búendum í Norðurmúla- og Norður-Þingeyjarsýslum, sé óréttlát og úrelt. Sérstaklega ber mikið á þessu ranglæti nú, þegar gjöldum til presta hefir verið breytt og lambsfóðrin numin úr gildi. Því álítum við rétt að nema þessi einkennilegu sérgjöld úr gildi, því fremur sem þetta er í 8. eða 9. sinn, sem frv. um þetta efni er borið fram á þingi, og má af því sjá hve gjöldin eru illa liðin. — Að vísu er með þessu létt kvöðum af þessum jörðum og má búast við að jarðirnar hækki við það í verði og eigendurnir auðgist á því. En þess er að gæta að margar af þessum jörðum, að minsta kosti 16 eða 17, eru opinberar eignir, og þar af leiðandi kemur alt í sama stað niður hvað þær snertir. En hinsvegar verður því ekki neitað að uppgjöf kvaðanna af hinum jörðunum er í rauninni gjöf til eigendanna. Að vísu kemur verðhækkunin ekki fram fyr en leigumála er breytt eða jörðin seld, en meðan leigumáli er óbreyttur, kemur uppgjöfin leiguliðunum að gagni. Hinsvegar er ekki víst að eigendur jarðanna vildu svara út neinni verulegri peningaupphæð til þess að létta þessum kvöðum af leiguliðunum, og þessvegna álítur meiri hluti nefndarinnar rétt að afnema kvöðina endurgjaldslaust. Enda er hér ekki um mikla upphæð að ræða. Ef fóðrin eru metin eftir verðlagsskrá, mundi öll upphæðin nema 225 kr. á ári, ef jarðirnar, eru taldar 50, því að þær jarðirnar, sem eru opinberar eignir, geta ekki talist með til tapsins, og bæði rétt og sjálfsagt að létta kvöðunum af þeim, hvað sem hinum líður.

Framsögumaður minni hluta (Kristinn Daníelsson): Eg hefi ekki getað orðið samferða háttvirtum meðnefndarmönnum mínum í máli þessu.

Hér er verið að tala um hreina gjöf til eigenda þessara jarða; og held eg að mér sé óhætt að fullyrða, að það muni alveg einstakt í sögu alþingis, að gefið sé fé landssjóðsins, án þess að um nokkurt annað augnamið sé að ræða.

Háttv. frsm. meiri hl. kannaðist við í ræðu sinni, að þetta væri gjöf; það er

líka alveg ómögulegt að neita því að svo sé. Það er beinlínis gjöf til jarðeigendanna, en kemur ábúendunum ekki nokkurn skapaðan hlut við.

Jarðeigendurnir geta, ef þeim þóknast, hækkað leigumálann, nær sem vera skal.

Háttv. frsm. sagði, að engin hækkun gæti átt sér stað fyrst um sinn. Það get eg ómögulega fallist á; eg held þvert á móti, að margir menn mundu nota sér það þegar í stað. Þá talaði hv. frsm. um það, að þessi kvöð væri orðin svo úrelt, — það kemur málinu ekki við. — Það eru til enn þann dag í dag fleiri kvaðir, svo sem rekaréttur ofl., sem ekki er auðvelt að losast við. —

Enn færði hv. frsm. það fram, sínu máli til stuðnings, að 17 af jörðum þessum væru opinberar eigur. Hvað sannar það? ekki nokkurn hlut, — því hið opinbera gæti notað sér þessa verðhækkun, alveg eins og prívatmaður.

Munurinn yrði kanske sá, að hið opinbera notaði hækkunina, ef til vill ekki í sömu mynd, heldur á einhvern annan hátt.

Samkvæmt þessu, sem eg hefi komið fram með, hefi eg flutt breytingartill., sem fer fram á þá miðlun, að jarðeigendur greiði hvert lambseldi með 50 krónum; það þykir mér sanngjarnara gagnvart landsjóðnum. Eg ætla svo ekki að segja fleira um málið að sinni, vænti þess af hinni hv. deild, að hún taki sannngjarnlega á þessari miðlunartillögu minni.

Eiríkur Briem: Eg vildi leyfa mér að vekja athygli hinnar hv. deildar á því, að á þskj. 520 stendur frá nefndinni; en eftir því sem hv. þm. Vestur-Ísf. sagði, er þetta frá honum, og núna á augnablikinu sá eg aðra útgáfu af þskj. 520.

Kristinn Daníelsson: Þetta orsakaðist þannig, að orð hafði fallið úr, stóð þar upphaflega að það væri frá nefndinni.

Sigurður Stefánsson: Eg tók það fram þegar við 1. umr. þessa máls, að eg væri fyrir löngu orðinn dauðleiður á þessum blessuðum lömbum, og mér finst þetta einstakt hégómamál. Upphæðin öll nemur ekki meira en þrem hundruðum króna, og að hún skuli geta vaxið í augum þess þings, sem voterar um fleiri hundrað þúsund kr. útgjöld úr hálftómum sjóði, get eg ómögulega skilið, og mér finst það öldungis sama og að sía mýfluguna, en gleypa úlfaldann. Eins og eg hefi áður tekið fram, þá lendir þessi kvöð á leiguliðunum, þeir verða að dragnast með þetta, þegar annars er búið að afnema öll lambseldi í landinu. Og það situr sízt á þeim mönnum, sem ekki eru hræddir um fjárhagsástandið, að vera að gera veður út af öðru eins lítilræði og þessu.

Steingr. Jónsson: Eg hefði getað sparað mér að standa upp; því að háttv. þm. Ísfirðinga tók flest það fram, er eg vildi sagt hafa.

Háttv. þm. Vestur-Ísfirðinga viðurkendi, að þessi kvöð væri orðin úrelt og óvinsæl — því þá ekki afnema hana með lögum? En sem sagt, eins og eg hefi áður tekið fram, vil eg ráða hinni hv. deild til að samþykkja frv. þetta óbreytt.

Kristinn Daníelsson: Háttv. þm. Ísfirðinga undraðist yfir því, að þeir sömu menn, sem nú á þinginu vildu votera um hundruð þúsunda, sæju eftir að fleygja út þessum fáu krónum. — En það er ekki undrunarvert. Þetta mál er sem menn kalla principmál — og hér er verið að fleygja út þessu fé til einkis. Þá sagði sami hv. þm. að þetta sæti sízt á þeim, sem þætti fjárhagurinn í bezta lagi, — en eg held nú að það væri sanni nær að beina þessu til þeirra, sem þykir alt vera á hausnum.

Sigurður Stefánsson: Háttv. vinur minn, þingm. Vestur-Ísfirðinga, fór þessa gömlu þrælareið á principum áðan í síðustu ræðu sinni. En eg vil benda honum

á, að til eru þeir menn, sem ekki setja formrök fyrir sig. þegar um annað eins lítilræði er að ræða og hér.

2. umr. lokið.

1. br.till. feld með 9: 2.

Frumvarpið sþ. 10: 1.

Fyrirsögn skoðuð sþ. án atkv.greiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 10: 1.

Þriðja umræða í efri deild 11. apríl. (220).

Enginn tók til máls og var frumvarpið samþykt í einu hljóði.

Rottueitrun.

FRUMVARP til laga um ráðstöfun til að eyða rottum með eitri.

Fyrsta umræða í efri deild 15. marz (170).

Samþ. að málið gangi til annarar umr. í einu hljóði.

3 manna nefnd sþ. með 10 shlj. atkv. og í hana kosnir:

Sig. Hjörleifsson,

Steingr. Jónsson,

Jósef Björnsson.

Önnur umræða í efri deild 4. apríl (170, n. 453).

Framsögum. (Steingr. Jónsson): Eg þarf ekki að vera fjölorður um þetta mál, því að nefndarálitið lýsir skoðun nefndarinnar greinilega. Hún lítur svo á sem hér sé alls ekki um lítilsvert mál að ræða Rottur eru nú allmikill vágestur í flestum kauptúnum og kaupstöðum landsins. Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin gat aflað sér, er mikill skaði að þeim, og væri því þýðingarmikið að geta fækkað þeim eða útrýmt. En þótt henni þætti það miklu máli skifta að geta útrýmt rottum, gat hún ekki ráðið deildinni til að sþ. frumv. þetta. Með því eru lagðar þungar byrðar á kaupstaði og sveitarfélög. Nefndinni hefir borist bréf frá bæjarstjórn Reykjavíkur, þar sem því er mótmælt, að frv. verði að lögum, að því er Reykjavík snertir, og gert ráð fyrir, að það hafi í för með sér 40 þús. kr. kostnað fyrir bæinn. Það er að vísu ekki gott að segja um, hve kostnaðurinn muni nema miklu. En eftir reynslu Dana í þessum efnum, er það víst, að hann hlýtur að verða mikill. Nefndin lítur svo á, sem ekki sé rétt að leggja allan þann kostnað, er af útrýming á rottum leiðir, á sveitarsjóðina. Henni þykir réttara að skifta því á 3 aðila, er allir hafa hag af því, að rottum sé útrýmt, þannig, að landssjóður borgi t. d. einn þriðjunginn, sveitasjóðir einn og einstakir menn eða húsráðendur einn. Allir þessir aðilar hafa hag af útrýmingunni. Í Danmörku er þessu þannig komið fyrir, að félög hafa verið stofnuð, er tekið hafa að sér að gangast fyrir, að rottum væri eytt. Sveitarstjórnir hafa umsjón með því, hvernig útrýmingin fer fram. Bæði sveitarsjóðir og ríkissjóður leggja fram fé til hennar. Auk þess er bannað að ala rottur upp eða hlynna að því, að þeim fjölgi.

En áður en lagt er út á þessa braut, þótti nefndinni réttara, að rannsakað væri, hve mikill kostnaður mundi leiða af þessu, hvar rottur gerðu mestan usla, og hver aðferð sé heppilegust við útrýminguna. Og því leggur nefndin til, að þingdeildin skori á landsstjórnina að taka málið til athugunar og rannsóknar og leggja frv. um það fyrir næsta þing.

Eg skal geta þess, að það kom til tals í nefndinni að gefa sveitarstjórnum heimild til að gera samþyktir um útrýming á rottum. En hún leit svo á, sem á móti þessu mælti í fyrsta lagi það, að menn mundu horfa í kostnaðinn, og því eigi hagnýta sér þessa heimild, og í öðru lagi mundi samvinna milli sveitarfélaga vera óhjákvæmileg, en erfitt að koma henni í framkvæmd. Takmarkinu mundi því alls ekki verða náð með slíkum lögum.

Lárus H. Bjarnason: Eg vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hinnar hv. nefndar, hvort hún álíti þörf á að veifa þingsályktunartillöguvopninu í þessu máli. Mætti ekki eins hafa hina aðferðina, sem notuð var við annað, ekki ómerkilegra mál á undan, eg á við að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá. Í rauninni er sama hver aðferð er höfð, en sú síðari sparar tíma, og er betur við hæfi málsins. Dagskráin getur verið lík þingsál.till.; það þarf að eins að víkja orðunum við.

Steingrímur Jónsson: Fyrir mitt leyti hefi eg ekkert á móti rökstuddri dagskrá, ef hún er sæmilega orðuð. Tilgangurinn með tillögunni var að eins að fela stjórninni málið, en það má auðvitað líka gera með dagskrá. En eg vil biðja meðnefndarmenn mína að láta álit sitt í ljósi, eg get að eins talað fyrir mig, og vil ekki brjóta bág við þeirra vilja.

Lárus H. Bjarnason: Eg vil leyfa mér að bera undir nefndina þessa fljótorðuðu dagskrá:

> Í því trausti að landsstjórnin taki mál þetta til íhugunar til næsta þings, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

Steingrímur Jónsson: Mér finst réttara, að eg, sem framsögumaður nefndarinnar, beri sjálfur fram dagskrá, og vil hafa hana sem næst tillögunni. Eg skal leyfa mér að lesa hana upp:

> „Í því trausti að landsstjórnin semji og leggi fyrir næsta alþingi, frumv. til laga um ráðstafanir til að útrýma rottum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Lárus H. Bjarnason: Eg tek ekki mína dagskrá aftur, af því að eg vil ekki skylda stjórnina skilyrðislaust til að bera fram frv. þessa efnis, heldur að eins fela henni að athuga málið, og koma fram með frv., ef hún álítur það gerlegt, en ekki ella.

Steingrímur Jónsson: Eg hefi borið mig saman við meðnefndarmenn mína og höfum við orðið sammála um að mæla með þeirri dagskrá, er eg las upp áðan.

ATKV.GR.:

Dagskrá nefndarinnar fallin með 9:3 atkv.

Dagskrá 5 kgk. þm. sþ. með 7 shlj. atkv.

Húsavík með Þorvaldsstöðum.

FRUMVARP til laga um sölu á prestsetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum.

Fyrsta umr. í efri deild 9. marz (120).

Flutningsm. (Stgr. J.) Eg flutti á þingi 1909, undir þinglok, frumvarp samhljóða þessu frumvarpi, sem eg nú flyt í háttv. deild. Frumvarpið var þá sett í nefnd og felt, af þeirri aðal-ástæðu, að málið þótti ekki svo vel undirbúið af minni hendi og þeirra, sem eg flutti það fyrir, að það gæti orðið samþykt, en ekki af því, að háttv. deild gæti ekki samþykt efni þess. Eg hefi leyft mér að koma fram með þetta frumvarp af nýju, vegna þess, að það er nauðsynja og áhugamál Húsvíkinga að fá jarðirnar keyptar. Og eg hygg að fyrirstaða sú, sem var á síðasta þingi, sé nú ekki fyrir hendi, því öll skjöl málinu viðkomandi eru fundin og liggja frammi hér á skrifstofu Alþingis.

Frumvarpið er óbreytt að öðru leyti en því, að eg hefi sett lágmark kaupverðsins tveim þúsund krónum lægra en á síðasta þingi. Það gerði eg með vilja bæði sökum þess að þá var það sett í hæsta lagi og svo af því, að þar í þorpinu hafa eignir fallið í verði og vonir manna um stórtekjur af lóðinni ekki ræzt, sem menn gerðu sér þegar þetta mál var undirbúið 1907. Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál að sinni. Eg býst við, að meiri hluti háttv. deildarmanna vilji að frumvarpið sé athug-

að í nefnd, og vil eg ekki setja mig á móti því, en mælast til að háttv. deild taki frumvarpinu vel og greiði atkvæði með því að það fái að ganga til nefndar.

Sigurður Hjörleifsson: Eg leyfi mér að taka það hér fram, af því að eg átti þátt í því á þinginu síðast, að frumvarp þetta var fellt, að aðalástæðan til þess var sú, að málið var óhæfilega illa undirbúið, Nú þegar málið hefir fengið undirbúning, vil eg styðja það að frumvarpinu verði vísað til nefndar. Eg leyfi mér því að gera það að tillögu minni, að málinu sé vísað til nefndar þeirrar, sem fjallar um laun sóknarpresta. Eg skal svo ekki fara frekara út í efni frumvarpsins á þessu stigi málsins.

1. umr. lokið.

Frv. vísað til 2. umr.. með 11 samhlj. atkv.

Frv. vísað til nefndarinnar um laun sóknarpresta.

Önnur umr. í efri deild 24. marz (120, 273).

Steingrímur Jónsson: Eins og þingdeildarmenn sjá, hefir nefndin klofnað, og hefir meiri hlutinn lagt til að jarðirnar verði seldar, aðeins með þeirri breytingu að verðið sé hækkað um 3000 krónur.

Aftur gerir minni hlutinn ráð fyrir að greiða atkvæði móti frumvarpinu samkvæmt því, sem hann hefir látið uppi í nefndarálitinu.

Eg lít svo á, að þetta geti orðið til svo mikils gagns og þrifnaðar fyrir þorpið, að landsjóður eigi fyrir það að láta jarðirnar af hendi fyrir sanngjarnt verð, sem nefndin telur ekki mega vera minna en 25 þús. krónur. Það er hærra verð en eg hafði sett í frumvarpið og ætla eg að það sé helzt til hátt og gefur jörðin ekki svo mikið af sér, að hún yrði svo hátt sett, ef afgjaldið væri kapitaliserað eftir $4^1/_2$% vaxtamæli. Eg hef þó viljað verða samferða meðnefndarmönnum mínum af því eg býst við, að eignin hækki nokkuð í verði fram að söludegi, sem verður varla fyr en eftir ár.

Ástæður minnihlutans eru þær, að hann vill yfir höfuð ekki selja kirkjujarðir eða aðrar þjóðjarðir, svo þær gangi ekki úr opinberri eign. En eg vil benda á, að hér er ekki um það að ræða, að jörðin gangi úr opinberri eign.

Þegar til lengdar lætur, mundi að minni hyggju betra, að allar jarðir landsins væru þjóðjarðir eða opinber eign og hér er einmitt fengin trygging fyrir því, að þessi jörð verði eftirleiðis opinber eign, þegar hún er seld þorpinu sjálfu.

Háttvirtur þingmaður segir, að þorpið muni geta blómgast eins, þó að jörðin sé eign prestlaunasjóðsins og má færa nokkur rök fyrir því, en eg hygg að svo sé þó ekki. Presturinn nýtur launa af jörðinni eftir gömlu lögunum og er það ekki lítils virði í fjölmennu þorpi.

Unnar jarðabætur koma einnig þeim til tekna, sem jörðina eiga.

Þó að brauð þetta komist undir nýju ákvæðin, þá býst eg við, að umráðarétturinn komist ekki í þær hendur, sem réttast og æskilegast væri, nema selt sé. Eg get því ekki fallist á skoðun minni hlutans í þessu máli og vona líka, að deildin samþykki frumvarpið eins og það verður með breytingu nefndarinnar.

Kristinn Daníelsson: Eg ætla ekki að leggja hér út í neinar kappræður, en vildi að eins gera stuttlega grein fyrir atkvæði mínu, þó það sé gert í nefndarálitinu.

Aðalástæða mín er sú, að síðan eg fór fyrst að hugsa um landsmál hefi eg álitið varhugavert að selja nokkrar jarðeignir landsjóðs og þegar er að ræða um svo verðmæta eign, þá álít eg það því síður gerlegt.

Það er ekki hægt að sjá fram í tímann, hve verðmæt slík eign getur orðið með tímanum og hve mikinn skaða landsjóður

getur beðið við það, að hafa látið hana af hendi. Það hafa farið fram margar barnalegar sölur á opinberum eignum til skaða fyrir seljanda og ekki sízt varhugavert að selja jarðir þar sem blómleg kauptún eru að rísa upp.

Ef landið á framtíðarvon, þá stækkar þorpið og eignin hækkar í verði og getur hér verið um miklar tekjur fyrir landið að ræða. Og hitt hefir reynslan sýnt, að þorp hafa getað blómgast, hvort sem þau hafa verið einstakra manna eign, landsjóðs eign eða það átti sig sjálft.

Af þessum ástæðum, er eg nú stuttlega hefi tekið fram, get eg ekki varið það að vera með frumvarpinu og mun því greiða atkvæði á móti því um leið og eg greiði atkvæði með breytingartillögu nefndarinnar. En málið geri eg annars ekki að kappsmáli mínu.

Breytingartillaga á þingskj. 273 samþ. með 9 samhljóða atkv.

Frumvarpið með áorðinni breytingu samþykt með 10 atkv. móti einu.

Samþykt að vísa málinu til þriðju umræðu með 10 samhljóða atkvæðum.

Þriðja umræða í efri deild 27. marz (309).

ATKV.GR.;

Frumv. samþ. með 12 shlj. atkv.

Ein umr. í efri deild 6. maí (871).

Steingr. Jónsson: Þessu frv. hefir ekkert verið breytt í n. d. nema að því leyti, að nú eru 6 kúgildi undanskilin í sölunni, auk þess sem áður voru undanskilin hús og tún. Lágmark verðsins er það sama og áður var, en í rauninni er sama sem, að lágmarkið sé fært upp um 600 krónur, því eftir gangverði má telja 6 kúgildi sem næst 600 króna virði. Að öðru leyti er frumvarpið óbreytt og vil eg leyfa mér að mæla með því, að háttv. deild samþykki það.

Umr. lokið.

ATKV.GR.:

Frv. samþykt með 11 atkvæðum móti 1 og afgreitt sem lög frá alþingi.

Sala á Sigurðarstöðum.

FRUMV. til laga um sölu á kirkjujörðinni Sigurðarstöðum í Presthólahreppi.

Fyrsta umr. í efri deild 4. maí (830).

Steingrímur Jónsson: Eg ætla að eins að leyfa mér að stinga upp á því, að nefnd sé skipuð til að íhuga þetta mál. Mönnum kemur það kannske nokkuð undarlega fyrir, þar sem þessi jörð er í minni sýslu, en það er einmitt ástæðan til, að eg vil setja málið í nefnd. Í frv. stendur, að ekki megi selja jörðina minna en 7500 kr. — Mér er kunnugt um, að þetta verð er alt of hátt, ef nokkur sanngirni á að ráða. Eg get því ekki verið með frumv. svona löguðu, þó eg hinsvegar verði að öllum líkindum með því, að hreppurinn fái jörðina keypta á sínum tíma. Það er sömuleiðis vafasamt, hvort hreppurinn hefði nokkurt verulegt gagn af jörðinni, þó hann fengi hana; mér er ekki kunnugt, hvernig ábúðarréttinum á jörðinni er hagað. Af þessum ástæðum vil eg leggja til, að 3ja manna nefnd verði kosin til að íhuga málið. Það gæti komið á dagskrá á morgun aftur, ef nefndin áliti rétt að láta það ganga fram.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv.

Samþ. að kjósa 3. manna nefnd með 11 samhlj. atkv.

Þessir hlutu kosningu:

Steingrímur Jónsson,

Júlíus Havsteen,

Augúst Flygenring.

Kaup á Skálholti.

FRUMVARP til laga um að landsjóður kaupi hið forna biskupssetur jörðina Skálholt í Biskupstungum

Fyrsta umræða í efri deild 15. marz (171).

Lárus H. Bjarnason: Þetta frumvarp er orði til orðs eins og samskonar frumvarp, sem felt var hér í efri deild á síðasta þingi, með 8 atkvæðum móti 4, eftir að við háttvirtur þingmaður Ísafjarðarkaupstaðar og eg höfðum talað örfá orð á móti því. Jafnvel þingmaður Strandamanna fann ekki ástæðu til að taka til máls því til varnar.

Ástæðurnar eru nákvæmlega hinar sömu nú og þá, en þær má finna í B deild alþingistíðindanna blaðsíðu 949.

Stjórninni er falið að gera um kaupin fyrir hvaða verð, sem henni þóknast. — Og er það eitt út af fyrir sig ilt, þó að nú sé betri stjórn við völd en þá.

Önnur ástæða móti frv. er sú, að þó kaup yrði lögleidd á jörðinni landssjóði til handa, þá gæti ábúandi heimtað hana selda sér daginn eftir. Eg býst við að ekki þurfi að eyða frekari orðum að þessu frumvarpi, og legg til að það verði felt.

Felt með 8 : 3.

Prentsmiðjur.

FRUMVARP til laga um prentsmiðjur.

Fyrsta umræða í efri deild 21. apríl. (660).

Eugin tók til máls.

Umræðunni lokið.

Málið felt frá 2. umr. með 8 atkv. gegn 2.

Breyting á fátækralögum.

FRUMVARP til laga um breyting á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Fyrsta umræða í efri deild 21. apríl. (656).

Lárus H. Bjarnason: Eg vil leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd í málið að lokinni umr.

Umræðunni lokið. 3 manna nefnd sþ. í einu hljóði.

Og voru kosnir með hlutfallskosningu:
Júlíus Havsteen,
Kristinn Daníelsson,
Steingr. Jónsson.

Önnur umræða í efri deild 5. maí (656, n. 863).

Framsögumaður (Kristinn Daníelsson): Eg þarf lítið annað að gera en vísa til nefndarálitsins. Þar er tekið fram það, sem nefndinni þótti athugavert við frumvarpið, sérstaklega að nefndinni þótti ekki 1. gr. þess fallin til þess að verða að lögum. Aðalefni þeirrar greinar er að rýmka um kosningarétt þeirra, sem þiggja af sveit. Nefndin álítur ekki tiltækilegt að gera það á þennan hátt, því að ef slíku væri haldið áfram, mætti vel gera ákvæði stjórnarskrárinnar um þetta efni afllaus með öllu. Meðnefndarmenn mínir vildu helzt láta alt frumvarpið sæta sömu forlögum og fella það í heild sinni. En mér þótti nokkur bót í ákvæðum 2. og 3. greinar, sem lúta að því, að dvalarsveit þurfalings skuli ekki vera skyld að bera þriðjung kostnaðar við dvöl hans á sjúkrahúsi, lengur en 2 mánuði. Ákvæðin miða að því að draga úr hvöt dvalarsveitar til að koma lasburða þurfalingum af höndum sér, og er sá tilgangur góður. Eigi að síður er mér ekki kappsmál að þetta nái fram að ganga. Hitt er öll nefndin sammála um, að 1. gr. eigi að falla, en felum hv. deild á vald, hvað hún vill gera við frv.arpið að öðru leyti.

Steingrímur Jónsson: Eins og hv. framsögum. tók fram, vildum við 2 nefndarmenn helzt leggja til, að frv. yrði felt eins og það liggur fyrir í heild sinni. Við

getum ekki séð, að ákvæði 2. og 3. gr., sem frsm. gat um, séu svo mikils virði, að það sé rétt að fara að breyta stórum lagabálk þeirra vegna. Ákvæði fátækralaganna, að dvalarsveit borgi sjálf $^1/_3$ fátækrastyrks, er gott, og engin ástæða til að fara að draga úr því eftir svo stutta reynslu. Því vil eg leggja til, að frv. verði alt felt.

Framsögumaður (Kristinn Daníelsson): Það er dálitill vafi á því, hvort fátækralögin frá 1905 eru alment skilin eins og hv. 4. kngkj. þm. lét í ljósi. Þegar dvalarsveit t. d. sendir þurfamann á sjúkrahús, þá held eg, að dvalarsveitin taki aðeins þátt í kostnaðinum að $^1/_3$ að svo miklu leyti sem kostnaðurinn fellur á í dvalarsveitinni sjálfri. Legukostnaður, sem fellur á utan dvalarsveitar, hygg eg að sé allur greiddur af framfærslusveit sjúklingsins. Þannig held eg að lögin séu alment skilin. En í þessu frumvarpi er einmitt farið fram á að breyta þeim þannig, að dvalarsveit skuli undir öllum kringumstæðum borga $^1/_3$ legukostnaðar í 2 mánuði. Að þessu leyti er því breytingin í þá átt, sem hv. 4. kngkj. þm. vildi mæla með. Annars er eg alt af í vafa um það, hvort þetta ákvæði fátækralaganna er til bóta, að dvalarsveit skuli ekki fá endurgreiddan þriðjung fátækrastyrksins. Af þessu leiðir að dvalarsveitin vill alt af koma fátæklingum sem fyrst af sér og getur það orðið til þess, að þeir séu rifnir upp þaðan sem þeir gætu þó helzt haft nokkurnveginn ofan af fyrir sér. Þess vegna er ákvæðið nokkuð varhugavert og eg hefi sem sagt altaf verið í vafa um, hvort það er til bóta eða ekki.

Umr. lokið.

ATKV.GR.:

Breyt.t. (863) við 1. gr. frv. sþ. með 10:2.

1. gr. frv. þarmeð fallin.

2. gr. frv. feld með 6 móti 3. atkv.

Frv. í heild sinni þarmeð fallið.

Vegamál.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 53, frá 22. nóvbr. 1907. um vegi.

Fyrsta umræða í efri deild 30. marz. (313).

Lárus H. Bjarnason: Eg leyfi mér að leggja til að 3. manna nefnd verði kosin í þetta mál, að umræðunni lokinni.

ATKVGR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 9 samhlj. atkvæðum.

Samþ. í e. hlj. að kjósa 3 manna nefnd í málið.

Kosningu hlutu:

Gunnar Ólafsson,

Eiríkur Briem;

Kristinn Daníelsson.

Önnur umr. í efri deild 19. apríl (213, n. 612).

Frsm. (**Gunnar Ólafsson**:) Í nefndarálitinu er tekið fram alt það, sem nefndin vildi sagt hafa, og tilgreindar þær misfellur, sem henni þótti vera á því. Tilgangur frumvarpsins er aðallega sá, að létta nokkurri byrði af Árnessýslu (*Margir*: og Rangárvallasýslu) og að nokkru leyti af Rangárvallasýslu. Árnessýsla losnar, samkvæmt þessu frumvarpi, ef það verður að lögum, við kostnað á viðhaldi flutningsbrautar frá Reykjarétt austur að vegamótum Grímsnesbrautarinnar við Ingólfsfjall. Rangárvallasýsla losnar aftur á móti við viðhaldsskyldu á brautinni milli Þjórsárbrúar og Ölfusárbrúar, að $^1/_3$ sem nú hvílir á henni. Nefndinni þótti þetta sanngjarnt. En þótt hún geti fallist á þetta, þótti henni það ekki koma nógu greinilega fram, hvar þessi kostnaður, sem Rangárvallasýsla losnar við, ætti að lenda, og því kemur hún með breytingartillögu, þar sem það er beint tekið fram, að hann skuli að öllu leyti hvíla á Árnessýslu.

Um 4 gr. er þess að geta, að nefndin

gat ekki fallist á hana óbreytta. Hún lítur svo á, að það sé ekki rétt að gera sýsluvegagjaldið að persónugjaldi og vill því eigi að þar sé breytt um í nokkru, og það því fremur sem þetta getur orðið allhátt gjald, því að bæði hreppsnefnd og sýslunefnd, hvor í sínu lagi, hefir leyfi til að hækka hreppavega- og sýsluvegagjaldið upp í 3 kr. til hvors — þetta getur orðið allhár skattur, eigi sízt fyrir efnalitla og heilsulitla menn, getur orðið 6 kr., sem virðist of mikið.

Fyrir því stingur nefndin upp á að þessu sé breytt og að sýsluvegagjaldið sé goldið úr sveitarsjóði, eins og að undanförnu.

I 5. gr. er svo ákveðið, að meiri hluti gjaldenda þeirra er fund sækja geti samþykt, að meira fé megi verja til hreppsvegagerða en hreppsvegagjaldið hrekkur fyrir. Þetta *„og fund sækja“* þótti nefndinni athugavert. Það getur verið, að samþykt yrði gjald úr sveitarsjóði, sem fjöldi hreppsbúa væri mótfallinn. Því hefir hún lagt til, að orðin „og fund sækja“ falli burt.

Eg skal geta þess, að einn háttv. þm. var meiri hluta nefndarinnar ekki samdóma um þetta efni, þó hann gerði það ekki beint að ágreiningsatriði. Hann mun gera grein fyrir því nú við umræðarnar.

Kristinn Daníelsson: Eg hefi skrifað undir nefndarálitið án fyrirvara, en var þó ekki fyllilega samdóma meiri hluta nefndarinnar. Og skal eg leyfa mér að gera nokkra grein fyrir skoðun minni að því er snertir ágreiningsatriðin. Háttv. form. gat um, að eg hefði ekki verið alveg sammála nefndinni um breyt.t. hennar við 5. gr. frv., að orðin „og fund sækja“ falli burt. Eg óttast að þessi breyting á greininni stefni að því, að hreppstjórarnir geti aldrei löglega ráðist í verulegar vegabætur í hreppnum. Þetta atriði skiftir þó ekki miklu máli og skal eg ekki orðlengja um það. En það er annað atriði, sem eg var meira ósamdóma nefndinni um, og háttv. frsm. nefndi ekki. Það eru ákvæði 6. gr. frv. um það, hverjar gr. vegalaganna frá 1907 skuli úr gildi fallnar. Þar eru taldar upp þessar greinar: 10. gr., 24. gr., 26. gr., og fyrri liður 27. gr. og finn eg ekkert athugavert um það. En öðru máli er að gegna um 54. gr. og 55. gr., sem einnig á að fella niður, því að þar með er gerð töluverð lagabreyting til óhags fyrir kauptún, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig. Afnám 54. gr. hefir það í för með sér að hreppsvegagjaldið í þessum kauptúnum lækkar úr 2,50 niður í kr. 1,25 fyrir hvern verkfæran mann. Þetta gerir nú að vísu ekki mikið til, því að annarsstaðar er heimild til að hækka gjaldið, ef þurfa þykir. En það er aðallega 55. gr. sem mér þykir ekki rétt að fella niður. Eg skal með leyfi hæstv. forseta lesa upp greinina; hún hljóðar svo:

„Verzlunarstaðir, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu lausir við að gjalda þann þriðjung sýslusjóðsgjaldsins, sem þeim annars bæri að greiða eftir tölu verkfærra karlmanna þar, ef hreppsfélagið ver árlega til vegagjörðar í verzlunarstaðnum að minsta kosti jafnmiklu fé úr sveitarsjóði, auk hreppsvegagjaldsins, sem þessi þriðjungur sýslusjóðsgjaldsins mundi nema“. —

Þannig er með lögum 1907 þessum kauptúnum heimilað að halda eftir þriðjungi sýslusjóðsgjaldsins, sem miðast við tölu verkfærra manna, ef jafnmikilli upphæð er varið úr hreppssjóði til vegagerða í kauptúninu, auk hreppsvegagjaldsins. Það er viðurlitamikið að kippa burtu þessari heimild, því að það verður að taka tillit til þess, að kauptúnsbúar þurfa venjulega að verja töluverðu fé til ýmsra lagfæringa á kauptúnsvæðinu, auk þess sem þeir verða einir að kosta vegalagningar í kauptúninu. Eg hefi því hugsað mér að koma með breytt. við 3. umr. málsins, í þá átt, að slík kauptún fái að njóta nokkurs af sýsluvegagjaldi sínu.

Vona eg að háttv. meðnefndarmenn mínir taki það ekki illa upp, með því að eg gat þess í nefndinni, að eg væri ekki sammála að þessu leyti og mundi ef til vill koma með breytt.

Umr. lokið.

ATKV.GR.:

1. Breytt. á þskj. 612 (við 1. gr. frv. sþ. með 8 shlj. atkv.
1. gr. frv. þannig br. sþ. með 7: 1 atkv.
2. gr. frv. sþ. m. 9. shlj. atkv.
3. gr. sþ. m. 8. shlj. atkv.
2. Breytt. (612) (við 4. gr. frv. sþ. m. 9 shlj. atkv.
3. Breytt. (612) (við 4. gr. frv.) sþ. án atkv.
4. gr. frv. þannig br. sþ. með 7 shlj. atkv.
4. Breytt. (612) (við 5. gr. frv.) feld m. 7: 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ari Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Aug. Flygenring,	Steingr. Jónsson,
Eiríkur Briem,	Jósef Björnsson,
Gunnar Ólafsson,	Júlíus Havsteen,
Kristján Jónsson,	Sigurður Hjörleifsson,
Lárus H. Bjarnason.	Sigurður Stefánsson
	Stefán Stefánsson.

5. gr. frv. sþ. m. 8 shlj. atkv.
6. gr. frv. sþ. m. 7 shlj. atkv.

Frv. þannig br. sþ. til 3. umr. með 8: 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Steingr. Jónsson,
Ari Jónsson,	Júlíus Havsteen,
Aug. Flygenring,	Sigurður Hjörleifsson,
Eiríkur Briem,	Sigurður Stefánsson,
Gunnar Ólafsson,	Stefán Stefánsson.
Jósef Björnsson,	
Kristján Jónsson,	
Lárus H. Bjarnason.	

Þriðja umræða í efri deild 22. apríl (676, 678).

Kristinn Daníelsson: Við eigum hér breytingartill. á þskj. 678, hv. sessunautur minn, 4. kgkj. og eg.

Með þessum lögum stendur til að úr lögum verði numin 55. gr. vegalaga, og þótti okkur það skerða nokkuð réttindi þau, sem hin minni kauptún hafa. Okkur þótti sanngjarnara og eðlilegra, að þau kauptúnin fengi að halda sýsluvegagjaldinu; þó með því skilyrði, sem breytingartillagan ber með sér; verji auk þess til vegarins annari eins upphæð og þau áttu að gjalda til sýsluvegasjóðsins. Sýslunefndin getur alt af ákveðið, hversu hátt vegagjaldið skuli vera. Skal eg svo ekki fara um þessa brtill. fleiri orðum að sinni, en vænti þess að hv. deild samþykki hana.

Gunnar Ólafsson: Þetta atriði kom til tals í nefndinni og var einn hv. nefndarmanna þá ekki ánægður með frumvarpið eins og það lá fyrir. En eg verð að lýsa yfir því, að eg álít þessa brtill. ekki á nægilegum rökum bygða. Eg fæ enganveginn séð, að kauptúnin þurfi að hafa nokkur forréttindi fram yfir önnur hreppsfélög sýslunnar. Meira að segja er í mörgum kauptúnum landslagi svo háttað, að ekki er brýn þörf á miklum vegalagningum. Og þess verður vel að gæta, að vegir frá og til kauptúnanna eru engu síður í þeirra þarfir en sveitanna, sem að liggja.

En ef að nú hreppsfélag, sem er kauptún, þarf endilega að gera meiri vegi en hreppavegagjaldinu nemur, og ef sýsluvegasjóður hefir nokkuð að missa, þá er það leyfi í vegalögunum, að hlaupa undir bagga í þessu efni, þar sem þess er þörf. En sem sagt, eins og eg tók fram, álít eg þessa brtill. hvergi nærri nauðsynlega.

Kristinn Daníelsson: Eg ætla að eins að leyfa mér að benda á mismuninn í kauptúnum.

Í kauptúnum eru vegirnir venjulega götur, sem fólk fer daglega, og þurfa þess vegna tíðra aðgerða við. Eg vil ennfremur

leyfa mér að benda á, að í 25. gr. vegalaganna stendur, að ef miklar vegabætur þurfi í einu hreppsfélagi, þá geti sýslunefnd látið sýsluvegagjaldið renna til þess.

Ráðherra (Kr. J.): Eg fyrir mitt leyti er meðmæltur því að þessi brtill. verði samþykt. Eg hefi ekki getað séð, að nægilegt tilefni hafi verið til þess að nema úr gildi 55. gr. vegalaganna. Og eg fæ ekki skilið, hvers vegna hv. neðri deild fór fram á að svo yrði. Þess vegna verð eg að leggja til við hina hv. deild, að hún samþykki þessa brtill., því að ástæður flm. eru á fullum rökum bygðar.

3. umr. lokið.

ATKV.GR.

Brtill. á þskj. 678 sþ. 8:1 atkv.

Frv. síðan að viðhöfðu nafnakalli samþykt með 6:4 atkv.

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Júlíus Havsteen,
Eiríkur Briem,	Sig. Hjörleifsson,
Gunnar Ólafsson,	Sigurður Stefánsson,
Jósef Björnsson,	Stefán Stefánsson.
Kristján Jónsson,	
Lárus H. Bjarnason,	

Frv. síðan sent til neðri deildar.

Farmgjald.

FRUMVARP til laga um farmgjald af aðfluttum vörum.

Fyrsta umræða í efri deild 25. apríl (698).

Augúst Flygenring: Eg vil nú þegar við þessa umræðu gera það opinskátt, að *eg get ekki verið með þessu frumvarpi.* Eg get ekki verið því fylgjandi, þar sem hér er gengið inn á nýja braut, sem hlýtur að hafa geysimikinn kostnað í för með sér, og þar sem það að efni til er þannig úr garði gert, að það veldur fullkomnu misrétti meðal þeirra, er eiga við það að búa, sem sýnt hefir verið fram á, bæði í blöðum og á mannamótum. Flokkaskipunin á aðfluttum vörum er og svo ógreinileg, margbrotin og flókin, að með öllu er óviðunandi. En eg legg þó ekki aðaláherzluna á það, því að slíkt mætti ef til vill laga, svo að viðunanlegt væri, ef þessi leið væri farin. En hitt er þyngra á metunum, að okkur vantar alla reynslu fyrir því að svona fyrirkomulag geti blessast án tolleftirlits. Eg þekki ekki til þess, að svipað geti þrifist í nokkru landi án þess. Eg þykist vita, að mér verði svarað því, að í stað opinbers eftirlits komi drengskaparvottorð, vottorð upp á æru og samvizku, og þess háttar. En það er einmitt nærri því það versta við frumvarpið, að slík vottorð eru heimiluð þar, því að af því leiðir hreinasta siðspilling, þegar fara á að heimta yfirlýsingar upp á æru og samvizku fyrir hvert tituprjónabréf og lítilræði, sem flutt er inn í landið. Mér þykir ólíklegt, að nokkur geti í alvöru hugsað sér svo margbrotið tollkerfi án tolleftirlits í landi, þar sem eru 70—80 hafnir. og þar sem siglt er umhverfis strandlengju, sem er 700—800 mílur. Með þessu móti verður alt tollgjald af handahófi og skapar siðspilling hjá allri þjóðinni, sem ekki verður með neinu móti viðunandi. Það væri miklu nær, ef fara ætti þessa leið, eða að leggja á þannig lagaðan toll, að búa til lög um alment lestagjald, því að það er hægra að vita, hve mörg „*tons*“ flytjast inn í landið af vörum, heldur en að fá vitneskju um vöruflokkana. Eg skal játa, að fé vantar í landssjóð og að þörf er á einhverjum tekjuauka handa honum. En það væri samt í rauninni rétt svar, gegn því, sem neðri deild gerði í gær, að fella frumv. nú frá 1. umræðu. En eg býst nú samt við, að tillaga komi fram um, að setja nefnd í málið, og að hún verði samþykt. Þótt eg hafi litla von um, að það takist að laga galla þá, sem á því eru eða yfir höfuð að sníða eitthvað upp úr því, sem frambærilegt þætti,

þá skal eg þó ekki leggjast á móti því að slík nefnd verði skipuð.

Gunnar Ólafsson: Eg skal ekki vera langorður nú. Hv. 3. kgk. þm. gat þess, að hann væri mótfallinn frumvarpinu, og það var okkur flestum kunnugt áður. Hann tilgreindi þær ástæður til þess, að það væri svo illa úr garði gert og að það skapaði siðspilling í landinu, og mér heyrðist hann jafnvel vera mótfallinn nefnd. En það hefir verið tízka hér í deildinni, að frumvörp, sem gallar eru á, hafa verið sett í nefnd, til þess að ná af þeim göllunum. Ef þessar aðfinslur hins hv. 3. kgk. þm. (Aug. Fl.) hafa verið gerðar í því skyni að laga frumv., þá geta þær hafa verið réttmætar og eðlilegar. Mér dylst ekki, að gallar eru á frumvarpinu, enda er það eðlilegt, þar sem hér er um mikla nýjung að ræða. En að segja, að ekki eigi að leiða slíkt í lög, af því að ekkert slíkt sé til áður, er með öllu rakalaust. Og að frumvarp þetta geti orðið til siðspillingar þjóðinni, er ekkert nema grýla. Það er vitaskuld, að alt tolleftirlit er hér erfitt, og að það er hugsanlegt, að einhverju verði skotið undan, sem enginn tollur verði greiddur af, en að það geri frumvarpið óaðgengilegt fæ eg ekki með nokkru móti skilið. Það útaf fyrir sig geta ekki verið mótmæli gegn frumvarpinu. Eg veit ekki til, að sett séu lög, sem ekki eru að einhverju leyti brotin. Hitt er annað mál, að það er misjafnt, hve mjög lög eru brotin. Þetta frumv. gefur ekki meiri ástæðu til að óttast um, að það verði brotið, en þau tolllög, sem nú gilda og væntanlega gilda fyrst um sinn. Eg skal taka það fram, að skipsskjölin eiga að bera það með sér, hvaða vörur til landsins eru fluttar, og útgerðarmönnum skipanna er það áhugamál, að rétt sé greint frá stærð og þunga hverrar vörutegundar, sem á þeim er flutt. Hitt er annað mál, hvort það sé rétt að ná í skatta til landssjóðs á þennan hátt. En öllum ber saman um, að á einhvern hátt verður að ná í fé í landssjóð, og það er líka víst, að hvaða leið sem farin verður, verða ekki allir ánægðir. Það er því ekki annað ráðlegt en að taka þessu frumvarpi vel og sæmilega, setja það fyrst og fremst í nefnd og gera það svo aðgengilegt sem kostur er á.

Sigurður Hjörleifsson: Það er ekki ætlun mín að halda langa ræðu að þessu sinni. Eg vil að eins benda á það, að nú er fjárhagur landsins alls ekki glæsilegur og við erum allir sammála um það, að þörf sé á tekjuauka handa landssjóði. Ef þessu lagafrumvarpi verður hafnað nú, er ekki hægt að búast við því, að unt verði á þessu þingi að sjá landssjóði fyrir hæfilegum tekjum, og vil eg ekki gera hinni hv. deild þær getsakir, að hún vilji ekki sjá um, að hann fái þær tekjur, er hann þarfnast nauðsynlega. Eg held, að aldrei hafi verið lagðar svo nýjar álögur á neina þjóð, að ekki hafi jafnframt heyrst raddir um, að þær væru óþolandi. Þetta er nærri því eðlilegt. Mönnum þykja þær álögur, sem fyr eru, fullþungar og rís því hugur við, að bætt sé við þær. En það dugir ekki að líta of mikið á það. Eg held að það sé réttara að brýna það fyrir þjóðinni, að henni beri að sýna þá ættjarðarást, að þola þessar nýju álögur með ljúfu geði, þegar þeim er varið til þarfa alls þjóðfélagsins.

Nú er hér ekki kostur á fullkomnu tolleftirliti, þingið hefir hingað til ekki séð sér fært að ráðast í það, og á meðan við ekki höfum það, verðum við að bjargast eftir beztu föngum. Þá er að eins spurning um það, hvernig við gerum það bezt. Með því að leggja tollana á fáa gjaldstofna er það fengið, að eftirlitið verður hægra. Aftur frá hinni hliðinni séð er það verra, því það verður því meiri hvöt hjá mönnum til að svíkja tollinn sem hann er hærri. Nú er svo komið, að til muna mun vera farið að svíkja toll á kaffi, sykri og tóbaki

og hætt við að svikin yrðu enn meiri ef tollurinn væri hækkaður. Væri álögunum aftur jafnað niður á marga tollstofna, þá yrði minni hvötin til tollsvikanna, af því hver þessara tollstofna bæri minni útgjöld og hefir það allmikið sér til ágætis.

A síðasta þingi lá fyrir frumvarp um nokkurskonar lestagjald. Það þótti þá óhæft vegna þess hve það kæmi ranglátlega niður. Þetta frumvarp, sem hér er um að ræða, er tilraun í sömu átt og reynt að bæta úr annmörkunum, sem þóttu á lestagjaldsfrumvarpinu, með því að hafa misjafna flokkaskipun, þannig að misjafnlega hátt gjald hvíli á hverri vörutegund. En að þetta fyrirkomulag sé óframkvæmanlegt, það get eg ekki gengið inn á. Eg hefi átt tal við mjög merkan og reyndan sýslumann um þetta, og hefir hann tjáð mér, að hann sæi enga örðugleika á framkvæmd þessara laga. Starfið er auðvitað töluvert mikið, en þá er líka að borga hærri innheimtulaun en af öðrum tollheimtum.

Viðvíkjandi drengskaparyfirlýsingunni, sem hv. 3. kgk. gerði svo mikið úr, þá er því til að svara, að nú sem stendur eru menn skyldir til að gefa samskonar drengskaparyfirlýsingu skriflega, þegar menn taka á móti póstsendingum, *(Aug. Fl:* Það er ljótur siður.) og enginn fengist um það. Þetta sama á nú að gilda um allar tollskyldar vörur, að menn gefi drengskaparvottorð um, að ekki hafi verið flutt meira inn af þeim, en til var sagt. Þegar þessu er nú svona háttað um póstsendingarnar, þá er hér ekki um neitt nýmæli að ræða, þó menn eigi að gefa drengskaparvottorð, og það gefur því ekki ástæðu til að vera á móti frumvarpinu. Eg læt mér nægja þessi fáu orð að sinni; eg býst við að frumvarpið verði rætt meira, þegar það kemur aftur frá nefnd þeirri sem væntanlega verður skipuð í málið.

Lárus H. Bjarnason: Enda þó að meiri hluti deildarinnar muni líta svo á, að frumvarp þetta sé svo ranglátt, svo handahófskent og svo praktiskt óframkvæmanlegt, að ekki geti komið til mála að samþykkja það, þá vil eg þó ekki leggja til, að meiri hluta neðri deildar, þar sem viðsýni þm. Seyðfirðinga, sjálfræði þm. Barðstrendinga og drengskapur þm. Reykvíkinga virðast ráða svo miklu, sé svarað upp í sama lit og hann svaraði nýlega meiri hluta þessarar deildar.

Má og vera að umsteypa megi frumv. svo, að við það mætti bjargast eitt eða hálft fjárhagstímabil, t. d. með lögleiðingu lestagjalds eða einhvers annars handhægs gjalds. Vil eg því, eftir atvikum, leggja til að frumvarpinu verði vísað til nýkosinnar nefndar í 1. máli á dagskránni.

Ráðherra (Kr. J.): Þetta frumvarp er að mörgu leyti áþekt frumvarpi því sem var fyrir þessari hv. deild á síðasta þingi. Það er ekkert annað en venjulegt tollagafrumvarp, sem gengur í þá átt, að tolla flestar vörutegundir sem hingað flytjast, þvert ofan í þá reglu, sem vér hingað til höfum verið að berjast við að halda, að sið stórþjóðarinnar ensku, að hafa sem fæstar vörutegundir tollaðar. Nú, þegar farið er fram á að leggja toll á hverja vörutegund að kalla má, hlýtur að leiða af því svo mikið eftirlitsstarf, að óyfirkvæmilegt verður fyrir sýslumenn og lögreglustjóra, og mér hefir litist svo til að bæta mundi þurfa við 2—300 nýjum embættismönnum (þ. tollheimtumönnum) ef að framkvæmd laganna á að geta orðið í nokkru lagi. Það er ekki til nokkurs að ímynda sér að hægt sé að láta þetta starf lenda á lögreglustjóranum. Eg segi þetta ekki til þess að fella lagafrumv. nú þegar, heldur til þess að benda nefndinni á þetta atriði, sem hún þarf að taka til rækilegrar íhugunar. Eg býst við að málið gangi til 2. umræðu og nefnd verði sett í það, og sú nefnd kemur væntanlega fram með nefndarálit. Hvort eg muni geta veitt máli þessu fylgi mitt síðar, get eg ekki

sagt um á þessu stigi málsins; það fer eftir því, hvort nefndinni tekst að sníða af því þá annmarka, sem eg tel á því vera. Mér mundi lítast betur á málið, ef frumv. þetta væri eitthvað í þá átt að skapa lestargjald, eins og stefna þess var á síðasta þingi; mér þykir frumvarpið hafa versnað stórum síðan þá. —

Enginn hefir hugmynd um, hvað miklar tekjur muni fást inn eftir frumvarpi þessu. Eg hefi spurt þm. í hv. neðri deild um það, en enginn hefir getað svarað því. Sumir telja líklegt, að af því muni fást 200 þús. kr., aðrir 180 þús. kr. Þegar eg svo hefi spurt þá, á hverju þeir byggi það, þá hafa þeir ekkert svar getað gefið. Það væri þó gott að vita, hvað frumvarpið muni gefa í aðra hönd, og að því vildi eg leiða athygli nefndarinnar. Takist nefndinni að gera frumvarpið einfaldara og aðgengilegra, sérstaklega að því er kostnaðinn snertir, og að von væri um að landsstjórnin gæti framkvæmt lögin, þá mun eg ekki amast við því.

Steingrímur Jónsson. Eg vildi benda á við 1. umræðu dálítið atriði, sem kom í ljós í ræðu háttv. þingm. Akureyrar, sem ef til vill mætti kalla hina pólitísku hlið þessa máls. Eg tók eftir því, að fyrir honum leit svo út, sem að nýlega hefði versnað fjárhagur landsins; nú væri hann athugaverður og að það væri samróma álit allra að eitthvað þyrfti að gera til þess að rétta hann við. Nú er komið annað hljóð í strokkinn en var, þegar rætt var hér í deildinni um annað mál, sem að margra skynsamra manna dómi var gott, lítið bjargráð til viðreisnar fjárhagnum. Eg get nú reyndar skilið það vel, því það hefir sannarlega orðið breyting til hins verra, komið dálítið sig í ófarnaðar áttina við aðferð háttv. neðri deildar í gær, þessa aðferð, sem ekki verður varin og ekki skýrð öðruvísi en að atkvæðagreiðslunni þar hafi stýrt ósjálfráður ofsi einstakra manna.

Svo er annað í ræðu þessa þingmanns, sem eg vildi vekja athygli á. Það var eins og að hann vildi benda oss á, að það væri ekki annað fyrir hendi en að samþykkja þetta frumvarp hér sakir fjárhagsins; enda mun hafa verið teflt á þá leið af háttv. neðri deild í gær, að ekki væri um annað að gjöra en samþykkja frv. Því ber svo undarlega saman, að bannlagafrestunin var drepin þar í gær, og þetta frumvarp kemur til 1. umræðu hér í dag. Þessi ummæli sín studdi hann með því að slá á þann strenginn, sem viðkvæmastur er í brjóstum manna, ættjarðarástina. Hann sagði, að nú ættu menn að sýna ættjarðarást sína með því að samþykkja þetta frumvarp. Eg held eg verði aldrei haldinn því ofurmagni ættjarðarástarinnar, að eg fari að samþykkja það óbreytt. Þetta frumvarp, sem er engu líkara en að það væri draumórar hálf, vitlauss manns. Eg mun aldrei greiða því atkvæði mitt. Það er, ef nokkurt vit er í því, ekkert annað en margbrotin tollskrá, svo margbrotin að hún jafnast að því leyti á við tollskrár þeirra landa, sem leggja toll á allar vörutegundir eða nálega það. Það væri nú reyndar sök sér, ef svo væri, en hér er lagt á vörurnar af hreinu handahófi, vörurnar tollaðar með umbúðum o. s. frv. Væri um hreinan verðtoll að ræða, mætti deila um málið á skynsamlegum grundvelli. Eftirlitið yrði þá t. d. mun léttara. Það lítur helzt út fyrir, að þeir menn, sem borið hafa frumvarp þetta fram, hafi aldrei séð skipsskjöl, „Connossement“, því það er eins og menn haldi að það sé hægt að telja þar saman saumnálarnar og títuprjónana og hvert einasta smá atriði. En þessi skjöl eru næsta ógreinileg, það þekkja þeir sem einhverntíma hafa haft þau milli handa. Þrátt fyrir þetta er eg þó með því að málið sé sett í nefnd og er samdóma háttv. 5. kg.kj. að bezt sé að vísa því til tolllaganefndarinnar. Ástæðan til þess að eg vil vísa því til nefnd-

ar er þó ekki sú, að eg búist við að eg muni greiða frumvarpi þessu atkvæði mitt, heldur að eg hygg að nefndin kunni ef til vill að finna leið á svipuðum grundvelli til að fylla tekjusvang landssjóðs og bæta úr þeirri skyssu, sem neðri deild varð á í gær.

Að endingu vil eg að eins víkja nokkuð að því sem háttv. þm. Akureyrar sagði áðan. Hann tók það fram, að nú væru farin að verða stórkostleg tollsvik á kaffi, sykri og tóbaki. Ef hann veit það, þá ætti hann að upplýsa það. Eg hefi haldið, að ekki væri mikil brögð að því, nema ef til vill á vindlum. Til þessa álits míns hafa gefið ástæðu þau svik, sem upp hafa komist hér í Reykjavík um tollsvik á vindlum. Mér þótti leitt, að háttv. þm. skyldi kasta þessu hér fram í deildinni án þess að rökstyða það að nokkru. Því ef svo er, að farið er að svíkja toll á tryggustu gjaldstofnunum, sem hingað til hafa verið, þá álít eg miklu nær að gjöra tilraun til að kippa því í lag, heldur en að vera að semja ný tolllög.

Kristinn Daníelsson: Eg hafði hugboð um það og þótti það sennilegt, að þegar frumvarp þetta kæmi hingað, að um það mundi verða deildar meiningar. Það gleður mig samt, hversu umræðurnar hafa farið skaplega fram, því eg tel ekki þetta sem háttv. sessunautur minn (St. J.) talaði um draumóra hálfvitlauss manns, sem var full sterkt til orða tekið, sem eg veit að hann muni sjálfur sjá við rólega yfirvegun.

Þetta mál lá hér fyrir á síðasta þingi, eins og kunnugt er. Mér fanst rétt að láta það ganga fram og gerði mitt til þess þá. Og eg tel það hefði farið betur, ef því frumvarpi hefði verið lofað að ganga fram, því þá hefði sú hlið fengið reynslu í þessu efni, auk þess sem það frumv. var að mínu áliti að mörgu leyti aðgengilegra en frv. það sem nú liggur fyrir.

Eg ætla mér ekki að tala mikið um fjárhaginn, hvort hann sé glæsilegur eða ekki glæsilegur. Eg fyrir mitt leyti tel hann ekki svo fjarska ískyggilegan, en hvað sem því líður, þá er eitt víst og það er, að við þurfum að taka upp nýtt búskaparlag, málefni vor eru komin í það öngþveiti nú sem stendur, að ekki verður hjá því komist lengur að taka nú upp nýjar aðferðir og nýjar reglur. Það hefir verið bent á margt og eitt er þetta, og það mun reka að því, að eitthvað verði reynt til að jafna það ástand, sem verður fyrir dyrum í nálægri framtíð, og eg get ekki séð að þetta sé ekki reynandi. Eg álít, að með því að samþykkja þetta frv. sé gerð tilraun til að rétta við fjárhag landsins, tilraun, sem eg taldi heppilegt að hefði verið gerð á síðasta þingi.

Hér í deildinni hafa nokkrir talað á móti frumvarpinu og dregið fram ýmsar ástæður gegn því. Sérstaklega var það háttv. 3. kgkj. (A. Fl.), sem talaði einna skarpast á móti því, og fann því ýmislegt til foráttu. Háttv. þm. Akureyrar hefir svarað honum. Eg vil þó að eins benda á, að ákvæðið um drengskaparyfirlýsinguna er tekin upp í farmgjaldsfrumvarpið úr 5. gr. tolllaganna 1901, og engin breyting á því gerð.

Hvað snertir þessar 70—80 hafnir, sem hann sagði að hafa yrði tolleftirlit á, þá er það álit manna, að þessi lög muni ekki útheimta meira eftirlit en tollögin sem nú eru. Það hefir verið bent á það, og liggur í augum uppi, að það verði minni freisting til að svíkja toll, þegar um svo lágt gjald er að gera, heldur en þegar það er mjög hátt.

Alt öðru máli er að gegna um það, að ósanngirni yrði í flokkuninni. Það má sjálfsagt ræða lengi um flokkaskiftinguna, áður en að öllum þyki hún sanngjörn og réttlát, það verður að vera hlutverk háttv. nefndar, sem fjallar um málið, að laga hana með bendingum frá einstökum þingmönnum.

Háttv. 5. kgk. (L. H. B.) fór nokkuð

hörðum orðum um þetta frv. Hann kallaði það ranglátt, handahófskent og praktískt óframkvæmanlegt. Þetta eru of sterk orðatiltæki, því að það er bersýnilegt að hér er verið að gera tilraun til þess, að gera frumvarpið ekki ranglátt og komast hjá handahófi. Það er bágt að koma því í það horf, að engir gallar finnist á því, svo eg vil alls ekki taka hart á háttv. þm., þó að hann tæki sér svona stór orð í munn, með því líka að eg heyrði, að hann gerði ráð fyrir því, að umsteypa mætti frv. svo, að við það mætti bjargast fyrst um sinn.

Hæstv. ráðherra kvað frumvarpið hafa stórversnað frá því sem það var á síðasta þingi. Eg get tekið undir það með honum, Eg hefði álitið það frv. betra til að byrja með, en úr því það náði ekki fram að ganga, þá vil eg að þessi tilraun sé gerð. Hæstv. ráðherra kvartaði og um að enginn gæti gefið sér neina ábyggilega skýrslu um, hvað mikið muni fást inn af þessu frumvarpi. Það er náttúrlega ekki gott að segja. Ábyggilegt er relativ hugmynd, einn álítur þetta ábyggilegt, sem annar álítur ekki ábyggilegt.

Að öllu þessu athuguðu samanlögðu, vona eg að frumvarpið gangi kapplaust í gegnum hv. deild. Það hefir komið fram uppástunga um að skipa fimm manna nefnd í málið, og einnig hefir verið stungið upp á að vísa málinu til nefndar, sem hefir verið kosin áður hér í deildinni. En með því að tíminn er orðinn naumur, er ef til vill réttara að kjósa sérstaka nefnd í þetta mál, og vil eg heldur aðhyllast þá uppástungu, þótt eg geri það ekki að kappsmáli.

Ráðherra (Kr J): Það hefir alveg verið gengið framhjá því, sem mér sýnist aðalatriðið í þessu máli, nl: hve miklir örðugleikar mundu verða á framkvæmd laganna. Það er bent á þetta í bréfi frá Kaupmannaráði Reykjavíkur og skal eg með leyfi forseta lesa upp kafla úr því bréfi, hér er það berum orðum tekið fram að lögin verði óframkvæmanleg, verði þau samkvæmt tillögum frumvarpsins. —

Þeir háttv. þingmenn, sem hafa talað, hafa alveg gengið framhjá þessum agnúa, en þetta er aðalagnúinn. Það er hægðarleikur að ákveða skatta með lögum, en hitt er erfiðara að sjá um það, að skattarnir komi inn. Til þess að geta framfylgt þessum lögum, þyrfti líklega að setja 2—3 hundruð tollgæzlumenn, ef vel ætti að vera. Eg get sem gamall embættismaður bent á það, að það er ófært að bæta því á störf lögreglustjóra að innheimta þetta gjald.

Sigurður Hjörleifsson: Eg átti ekki von á því áður, að þurfa að taka aftur til máls við þessa umræðu. Eg þóttist ekki stilla orðum mínum svo ógætilega að þau þyrftu að reita goðin hér í deildinni til reiði. Eg sé þó að það hefir ekki tekist að komast hjá því, og veit ekki hvort mér kann að takast það nú.

Það var fyrst að mér fundið, að eg væri að brosa. Mér datt í hug sagan af skólapilti, sem var ásakaður fyrir að hlæja; en hann sagði: „Eg hló ekki, en *nú* fer eg að hlæja.“ Það er erfitt að lifa, ef ekki má svo mikið sem brosa. Eg skal játa það, að mér liggur við að brosa að þeirri tilgátu, — að það mundi þurfa 2 - 3 hundruð tollgæzlumenn til þess að sæmilegar tekjur fáist af þessum lögum, sem hér er um að ræða. Þetta er alt of mikil grýla og hégómleg og hefði sízt átt að koma úr þessari átt, frá hv. ráðherra.

Eg kannast við, að eg hefi litið svo á að fjárhagur landsins væri ekki afar slæmur. En eg veit ekki betur en að allir hafi verið sammála um það, að það væri ekki hægt að verða við réttmætum og nauðsynlegum fjárkröfum á þessu þingi, nema með auknum tekjum. Eg hefi aldrei sagt, að fjárhagurinn væri afarslæmur, aðeins hitt, að hann væri ekki svo góður, að ekki þurfi neitt úr að bæta. Þetta kannast eg við og stend við það. Og eg tel rétt að

hvetja þjóðina til að láta sér ekki vaxa mjög í augum auknar álögur, því að auðvitað er þeim varið, eða á að vera varið allri þjóðinni til hags og blessunar. Eg nefndi ekki ættjarðarást í sambandi við neinn sérstakan, ekki af því að eg efi það að slíkt orð mætti nota í sambandi við háttv. deildarmenn, en orð mín féllu ekki svo. Þetta var aðeins blátt áfram talað, en ekki meint til neins sérstaks manns og eg skil ekki hvernig nokkur hefir getað firzt við þessi ummæli. Eg var mótfallinn að grípa til þeirra örþrifaráða til þess að auka tekjur landsjóðs, að fresta lögum, sem $^3/_5$ kjósenda hafa óskað eftir; eg skil ekki annað en að nógir vegir aðrir séu til þess að afla landsjóði tekna. Og eg sé ekki neina ástæðu til þess að bera menn brixlum fyrir það, að svo skipaðist í neðri deild um bannfrestunarmálið, sem reynslan sýndi; og vel væri, ef við tækjum upp þann góða sið, að tala kurteislega um hina deild þingsins og vera ekki með getsakir í garð einstakra manna þar. Mér finnst það miður þingleg ummæli að vera að tala um „draumóra hálfvitlauss manns“ í þessu sambandi.

Það hefir verið fundið að þessu frumv. að það væri ekki hægt að segja um það með neinni vissu, hvað mikið það mundi gefa af sér. Þetta er satt, en alveg það sama má segja um tolla þá, sem nú eru. Það er aldrei hægt að segja um það fyrirfram, hve miklu þeir muni nema á þessu og þessu fjárhagstímabili. t. d. má benda á það að vínfangatollur var áætlaður 560 þúsund krónur á fjárlögum þeim er samþykt voru á síðasta þingi. Sú áætlun var gerð hér í efri deild og mátti heita afar varleg, samanborin við þær vonir, er stjórnin hafði gert sér um þenna tekjuauka. Efri deild færði þá áætlunina mikið niður, en samt er sagt að tekjurnar hafi reynst 100 þúsund krónum undir áætlun árið 1910. Þetta er gott dæmi þess, að það er ekki gott að segja það fyrirfram, hvað miklu slíkar tekjur muni nema. En hinsvegar getur engum blandast hugur um það, að tekjur af þessu frumvarpi mundu verða allverulegar. Að vísu eru ekki til nema ófullnægjandi skýrslur um aðfluttar vörur til landsins, en svo ábyggilegar eru þær þó, að það má segja með fullri vissu, að tekjuaukinn verði svo mikill, að fjárhagnum megi heita borgið með honum.

Háttv. 4. k. k. þm. hneykslaðist á því að eg gat þess, að tollsvik mundu vera farin að eiga sér stað hér á landi. Eg vil benda á það, að hann skaut inn í orðunum: „Nema vindlum“. Hann viðurkennir því að tollsvik á vindlum munu eiga sér stað, enda mun það vera almannarómur. En eg get alveg eins nefnt aðrar tollvörur og styðst einnig við almannaróm. Mér er engin launung á því, að í minni sveit er það almannarómur, að á Siglufirði séu þessar tollvörur, sem eg nefndi, fluttar inn tolllausar á sumrum, og svo kann að vera víðar. Hve mikil brögð eru að þessu, get eg ekki sagt, en um þetta ættu lögreglustjórarnir reyndar helzt að vita og hafa betra eftirlit á þessu.

Það er hægt að slá slíku fram, að lögin myndu verða óframkvæmanleg, en það sannar ekkert, og hitt þykir mér ekkert undarlegt, þótt sumir kaupmenn og verzlunarstjórar séu mótfallnir slíkum lögum. Þeir vilja auðvitað losna við þau af skiljanlegum ástæðum. En eg álít ekki að umsögn þeirra sé nein sönnun fyrir því, að lögin séu óframkvæmanleg. Tolllög eru í mörgum löndum mjög flókin, og hlutaðeigandi embættismenn þurfa oft mikið á sig að leggja, til þess að framfylgja þeim, svo í góðu lagi sé. En þar sem háttv. 4. k.k. talaði um að skip hefðu ekki svo vel útbúin skjöl, sem þyrfti, skal eg benda á ummæli því viðvíkjandi í Hages „Håndbog i Handelsvidenskaben“ bls. 218. „Loks er það skylda skipstjóra að sjá fyrir hinum nauðsynlegu farmskjöl-

um, sem fylgja eiga farminum. Þau eru: Leigusamningur, farmskírteini (Connossement) og sérílagi farmskrá, einkum þegar er að ræða um stykkjavöru, og skal þar gerð fullkomin upptalning á öllum þeim vörum, sem fluttar eru á skip. Þar sem farmskrá þessi er grundvöllurinn undir tollgreiðslu, þar sem affermingin fer fram, verður hún að semjast með mestu nákvæmni. Annars á skipstjóri á hættu að verða sektaður og að vörur þær, sem eigi eru nefndar á farmskránni, verði gerðar upptækar".

Þetta er bók, sem við allir þekkjum og er mikils metin, og ummælin benda í þá átt, að farmskrár muni ekki vera svo ónákvæmar, að þeirra verði ekki fullsæmleg not til þessa.

Gunnar Ólafsson: Það sem hæstv. ráðherra sagði var mest til þess að leiðbeina væntanlegri nefnd í þessu máli og álít eg það þakka vert. En hinsvegar get eg ekki fallist á þá skoðun hans, að fjölga þurfi tollgæzlumönnum eins mikið og hann hélt fram. Ef gætt er að því, hvernig tollar eru innheimtir nú, þá held eg, að þessi gjöld mætti innheimta alveg á sama hátt. Eins og allir vita, er skipstjórum og afgreiðslumönnum gert að skyldu að afhenda skrár yfir þær vörur, sem skipin flytja. Eftir þessum skrám tekur tollheimtumaður tollana og lætur kaupmenn gefa drengskaparvottorð um það, að hann hafi ekki fengið aðrar tollvörur en þær, sem tilfærðar eru á skránni. Þannig hefir þetta verið um langan tíma, og gefist vel. Að vísu munu nú tollsvik vera farin að eiga sér stað lítilsháttar, en það munu ekki vera mikil brögð að því, og hjá slíku mun aldrei verða komist til fulls. Eg sé ekki betur en að alveg sömu aðferð mætti hafa við innheimtu farmgjaldsins. Skipstjóri eða afgreiðslumaður skipsins afhendir tollheimtumanni samrit af farmskránni og eftir henni tekur tollheimtumaður gjaldið. Eg skil ekki að þurfi að fjölga tollgæzlumönnum þessvegna, en hitt er auðvitað, að störf lögreglustjóra aukast, er þeim er falið eftirlit með þessu. En þeir gera það ekki fyrir ekkert og geta fengið sér hjálp til þess eftir því sem þeir þurfa. Eg sé því ekki neitt á móti frumv. frá þessari hlið og hygg eg að margt annað geti verið meir athugavert við frumv. en þetta. Háttv. 4. kgk. þm. gerði mikið úr ókunnugleik þeirra sem hafa fjallað um þetta mál og gaf jafnvel í skyn, að þeir hefðu aldrei séð skipsskjöl. En eg vil benda honum á það, að á skipsskjölunum er einmitt tilgreind hver vörutegund eins nákvæmlega og hægt er. Þetta er gert vegna þess, að flutningsgjald er mjög mismunandi, það er t. d. ekki sama flutningsgjald af 100 pd. af korni og af 100 pd. af álnavöru. Af þessu leiðir, að skipstjóri og afgreiðslumaður verður að líta eftir því, að vörtegundirnar séu rétt tilgreindar. Enda er það svo, þótt háttv. 4. kgk. þm. hafi ekki veitt því eftirtekt, að á farmskránni eru vörutegundirnar liðaðar sundur nákvæmlega, t. d. korn, járn, munntóbak o. s. frv. og einmitt í samræmi við það er upptalningin í frmv. með mismunandi farmgjaldi af hverjum vöruflokki. Svo það er ekkert að óttast frá því sjónarmiði.

Annað er miklu athugaverðara, og það er flokkunin. Það eru sjálfsagt skiftar skoðanir um það, hvernig eigi að flokka vörurnar. En þetta sem hæstv. ráðherra benti á í bréfi kaupmannaráðsins, að lögin séu óframkvæmanleg, held eg séu eingöngu öfgar. Þeir geta ekki rökstutt það á neinn hátt og hafa ekki leitast við það. En að slá því fram, að lögin séu óframkvæmanleg, og færa engin rök fyrir því, það er markleysa, og vona eg að væntanleg nefnd taki það ekki gott og gilt. Það er sjálfsagt að nefndin fari nákvæmlega yfir frumvarpið og reyni að

bæta úr þeim göllum, sem á því kunna að vera, og að mínu áliti er það helzt flokkunin sem þarf umbóta við.

Það er einróma álit, að nauðsynlegt sé að auka tekjur landssjóðs á einhvern hátt, og af þeirri ástæðu mun eg ekki verða á móti þessu frumv.

Steingrímur Jónsson: Hv. þm. Ak. vill beina að mér, að eg hafi ekki talað kurteislega í garð neðri deildar, en þetta er af einhverjum misskilningi sprottið. Eg sagði, að eg gæti ómögulega kallað þetta annað en draumóra og það get eg ekki tekið aftur. Eg sagði ekki, að þetta væru draumórar, heldur gat aðeins um mína persónulegu skoðun á málinu og það var ekki einungis svo að eg hefði rétt til þess, heldur var það beinlínis skylda mín.

Þar sem eg talaði um að bannlagafrestunin hefði verið feld í neðri deild, þá get eg ekki dregið úr ummælum mínum þar að lútandi, því meðferðin á þessu máli var vægast sagt hrottaleg. Einkum var það ræða þingmanns Seyðisfjarðar, sem var hneykslanleg. Eg álít, að eg hafi fullan rètt til að víta það hér, hvernig þar var farið að.

Eg ætla ekki að ræða hér um einstöku atriði frumvarpsins, sem nú liggur fyrir og geymi það 2. umræðu, en eg vildi leiðrétta það hjá háttvirtum þingmanni Akureyrarkaupstaðar, að hann sagði að $^3/_4$ atkvæða hefðu verið með aðflutningsbanninu.

(*Sigurður Hjörleisson*: Eg sagði $^3/_5$ eða ætlaði að segja svo). Jæja, hafi þingmaðurinn ætlað að segja $^3/_5$, þá er það leiðrétt, en þess ber að gæta, að það voru ekki $^3/_5$ allra kjósenda landsins, það voru aðeins $^3/_5$ af þeim er kosningarrétt notuðu, og þeir sem kusu voru ekki nema rúmlega 67% af öllum kjósendum, og þetta vildi eg taka fram hér.

Þá er þess að gæta, að engin áætlun liggur fyrir um væntanlegar tekjur af þessu frumvarpi, Eg hefi heyrt menn vera að tala um 80 þúsundir á ári, en þessu er helzt hvíslað, það er líka að mínu viti a engum rökum bygt, algjörlega út í loftið og mjög ósennilega til getið.

Eg vil með leyfi háttv. forseta leyfa mér að lesa upp eina grein hér úr frumfarpinu, það er önnur greinin og hljóðar svo:

Af áburði tilbúnum, bókum prentuðum, gólfplötum úr leir og steini, húðum ósútuðum, heyi, járni óunnu í klumpum, kornvörum allskonar, kalki, kokes, kolum, leir, leirpípum, salti, sementi og líkum steinblendingsefnum, steinolíu, saltketi íslenzku í tunnum, skinnum ósútuðum, tunnum tómum, tunnustöfum, tiglsteinum allskonar, vörum sem keyptar eru og sendar í nafni landssjóðs, og vörum sem sérstaklega er lagður tollur á, skal ekkert farmgjald greiða.

Þegar svo mikill hluti af þungri vöru er undanskilinn tollinum, sé eg ekki að gjaldið geti orðið mikið. Raunar er hátt gjald lagt á 4. flokks vörur, en aðgætandi er að af þeirri vöru er að eins fá tons flutt til landsins.

Sigurður Stefánsson: Það er að eins örstutt athugasemd, sem eg hefi að bera fram. Það hefir verið tekið fram, að tekjurnar af þessu gjaldi myndi verða nánda nærri eins miklar og gjört var ráð fyrir af flutningsmanni þess í neðri deild. Það mun verða mjög erfitt að gjöra nokkra ábyggilega áætlun um þetta, og það því síður sem e. d. hefir svo sem engan tíma til að athuga frumvarpið svo sem þyrfti. Annars er það nokkuð ónærgætnislegt af hv. n. d. að ætlast til þessað svona umfangsmikið mál geti fengið svo rækilegan undirbúning frá þinginu sem með þarf, er annari þingdeildinni gefst ekki kostur á að athuga það í nefnd nema einn, tvo daga; sýnir það eitt með öðru þá léttúð og kæruleysi, sem hér er í öllum fjármálum. Eg vildi nú samt sem áður, að nefndin, sem kosin verður, gjöri sitt ítrasta til að fá nokkra vitneskju um, hve mikið þetta farmgjald muni gefa af sér í tekjur.

Verði hægt að sýna, að tekjurnar af því verði stórum minni en látið hefir verið í veðri vaka, þá getur svo farið, að á suma renni tvær grímur um það, hvort rétt sé að setja þetta lagabákn á laggirnar og hætt við að þá verði lítið úr því hógginu, sem hátt var reitt. Stjórninni bar að undirbúa þetta mál, en hún gjörði það ekki og vanrækslu hennar er það ekki alllítið að kenna, hve illa verður í garðinn búið með tekjur landsins á næsta fjárhagstímabili.

Samþykt með 7 samhlj. atkvæðum að málið gangi til 2. umræðu.

Frumvarpinu vísað til tolllaga nefndar í einu hljóði.

Önnur umræða í efri deild 6. maí (698, n. 939, 941).

Framsögumaður (August Flygenring): Eg skal fyrst leyfa mér að geta þess, að til nefndar þeirrar sem kosin var í tollfrumvarpið og farmgjaldsfrv. hefir verið vísað frumvarpi til laga um gjald af póstböglum.

Við höfum ekki komið fram með neitt nefndarálit í þessu máli, af því að við lítum svo á, að það standi og falli með farmgjaldinu. Ef farmgjaldið kemst að, þá er þetta sjálfsagt, en ef farmgjaldsfrv. fellur, sem eg vona, þá verður um þetta frv. það sem kallað er það sofni í nefnd. Það verður ekki útrætt, og á þá ekkert erindi lengra. Því næst skal eg leyfa mér að benda á prentvillu, sem er í nefndarálitinu. Þar standa 20,000 standard innan sviga yfir innfl. vörur í skýrslunni yfir þær, í stað þess að þar eiga að vera 2,000.

Eg vil þá víkja máli mínu að farmgjaldinu. Í nefndarálitinu er áætlað, að til landsins flytjist 2000 standard af trjávið á ári og er sú uppbæð sett eftir upplýsingum, sem einn elzti og helzti trjáviðarsalinn hér í bæ hefir upplýst um, en annars eru áætlanir nefndarinnar ýmist bygðar á upplýsingum frá fjármálaskrifstofu stjórnarinnar eða á verzlunarskýrzlunum frá 1908. Þar sem sést hafa augljósir gallar á upplýsingum frá fjármálaskrifstofunni, höfum vér farið eftir verzlunarskýrslunum að mestu leyti. Áætlunin yfir innfluttan smálesta fjölda til landsins er bygð mest á því, að það er reiknað út eftir útsöluverði, og getur því ekki verið nákvæmt. En það eina sem má byggja á, að sé nokkurn veginn rétt, eru vörur, sem ekki eiga að verða gjaldskyldar. Eg ætla samt að áætlunin fari ekki langt frá lagi.

Fjármálaskrifstofan hefir áætlað að lögin mundi gefa af sér 100 þúsund krónur, en eg get ekki skilið, hvernig hún hefir fundið það út.

Í 1. flokki er mikið af þungavöru, sem nefndin getur ekki gizkað á hvað verður. Þar eru alls konar glervörur, sem einu nafni eru kallaðar Faience, það er gips, sápa, tjara o. fl., en aðgætandi er að af þessum vörum er lágt gjald. Ekki nema 2 kr. á tonni.

Fjármálaskrifstofan áætlar að 11 þúsund tonn flytjist inn af trjáviði, en það getur ekki náð neinni átt, þar sem gagnkunnugur kaupmaður telur það að eins 2000 standard. Eg hygg meira að segja að vafasamt sé að mikið flytjist til landsins nú síðustu árin.

Þá er önnur vörutegund, vefnaðarvaran eða manufacturvara svokölluð, telst þar með skófatnaður, höfuðföt, tvinni, garn o. fl.

Eg hefi reiknað út eftir verzlunarskýrslunum og telst til, að þessar vörur nemi 220 ton. Þessar vörur eru ekki mjög þungar móts við verðið, og hefi eg áætlað meðaltal 5 krónur fyrir pundið í þeim og getur varla verið að tala um, að pundið kosti minna í þeim upp til hópa.

Hér í er silki, sem vegur lítið í samanburði við verðið og margar aðrar afardýrar vefnaðarvörur úr ull, en svo er aftur að vísu ódýrt prentað léreft, gallað, sem kallað er stumpasirs. Er það mjög ódýrt, en af því flyzt varla nema 2—3 tons.

Annars legg eg enga áherzlu á, hvað

farmgjaldið gefur í aðra hönd, heldur á prinsípið, sem hér er um að ræða. Eg vona við getum flestir orðið sammála um þá grundvallarsetningu, að gjald eigi að leggja á munaðarvöru og eyðsluvöru, sem getur sparast eða *horfið*.

Það er föst viðtekin regla hjá öllum þjóðum, að leggja ekki skatta á þær vörur, sem auka framleiðsluna. En hvort þessi skattaleið gefur af sér 65 þúsundir eða 100 þúsund stendur á sama. Því meir sem það gefur í tekjur, því meiri er óréttlætinn að leggja það á, úr því það er principielt rangt og ósanngjarnt. Eg hygg að þessi óljósa hugsun, að koma innflutningstolli á þessa vöru, byggist sumpart á þeirri ímyndun að það verði til þess að efla aðra atvinnuvegi. Verði nokkurs konar verndartollar.

Í mörgum löndum er lagt á innflutningsgjald í þessu skyni, en þá stefnu getum við ekki tekið upp. Við höfum nóg að gera, að hugsa um okkar tvo aðalatvinnuvegi, kvikfjárrækt og fiskiveiðar. Eg álít að þjóð, sem hefir lifað af þessum tveim atvinnugreinum og getur aukið þær og bætt, en vantar fremur fólk, eigi ekki að leggja eða þvinga inn á nýjar brautir í atvinnumálum *með verndartollum*. Það væri að taka fóðrið frá feitu kúnni og gefa hinni mögru, enda vona eg að þessar atvinnugreinar verða framvegis happasælli en ýmsar aðrar.

Auk þess er á það að líta, að þessu frumvarpi er mjög flaustrað af. Flokkun er öll röng og af handa hófi.

Margir líta svo á, að þessir skattar séu ekki svo háir, en séu þeir rangir hver um sig þó litlir séu, þá verða þeir að einu stóru ranglæti þegar þeir koma saman, og því meira ranglæti, sem tekjurnar yrðu meiri.

Hér er ekkert tillit tekið til þeirrar vöru, sem við ekki getum verið án og ekki komið upp hér í landinu. Eg skal taka sem dæmi í 3. flokki akkeri og akkerisfestar, mótora og þakjárn. Þessa getum við ekki án verið og getum ekki búið til og þetta er við hliðina á dýrmætum málmum, tini, kopar, silfri og gulli.

En þetta er þó ekki það versta, því verra er þó, að af nauðsynjavörum á að greiða helmingi hærra gjald en af ávaxtavörum, eggjum, kálmeti, og legsteinum, sem „figurerar“ hér hvað við hliðina á öðru. Þetta er alt gert fjarska mikið af handa hófi.

Frumvarpið hefur þar að auki ýmsa galla, sem hver maður getur séð. Það er ákaflega ílt að greina sundur, hvað er skattskylt og eftir hvaða flokki. Í 4. flokki er alls konar matvara og nýlenduvara. Í 7. gr. er undanskilin alls konar kornvara. Skepnufóður er tollskylt samkvæmt 7. gr., en þó er hey undanskilið í 7. gr., það er tollfrítt.

Tómar tunnur eru tollskyldar, en komi þær utan um steinolíu eru þær ekki skattskyldar. Þetta er í „principinu“ rangt. Enn koma fyrir fjarska mörg vafasöm atriði. Hvað heyrir t. d. undir alls konar glysvarning? Í Danmörku er glysvarningi skift í fjölda margar „positioner“ til tolls. En alt þess konar er afar vandasamt og ekki hægt að gera það nema með löngum undirbúningi.

Hv. þm. V.-Isf. gat þess í gær, að kaffi- og sykurtollurinn væri ekki réttlátur vegna þess að hann lenti jafnt á fátækum og ríkum. Hann tók til dæmis að fátækur sjómaður með 10 manns í heimili brúkaði eins mikið kaffi og borgaði þarafleiðandi eins mikinn toll eins og vellaunaður embættismaður í Reykjavík. Þetta er nú fyrst og fremst ekki rétt, því að sá vellaunaði embættismaður mun brúka miklu meira af kaffi en maður, sem þarf að spara alt við sig. En sé hugsun og ásetning hv. þm. að varna því að gjöldin komi harðast niður á þeim fátæku mönnum, þá verður hann að finna alt aðra leið en felst í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Því ef

hann heldur að útgjaldaauki sá er það hefði í för með sér fyrir landsmenn mundi aðallega koma niður á þeim ríku mönnum, þá skjátlast honum stórlega. Það yrðu einmitt fátæku mennirnir, sem mundu finna mest til hans, þeir sem t. d. lifa á fiskiveiðum og þurfa að fá öll sín áhöld frá útlöndum. Eg skal fúslega játa að kaffi og sykur-tollurinn er ekki eins réttmætur og æskil. væri, en þegar er um það að ræða að auka tekjur landsjóðs, þá álít eg réttara að fara þá leið, þar sem allir verða að leggja eitthvað af mörkum, heldur en að íþyngja einstökum stéttum og sízt þeim sem auka framleiðslu landsins, en það gerir einmitt þetta frv. Hv. þm. V.-Ísf. sagði líka, að við ættum að reyna að leggja inn á einhverja gjaldaleið, þar sem næðist til fleiri til að greiða skattana. En það er misskilningur að þeim tilgangi verði náð með þessu frv. Með því næst aðeins til tiltölulega fárra, en aftur nær kaffi- og sykurtollurinn til allra. Þetta gjald hefir líka þann ókost, sem margoft hefir verið bent á, að við vitum ekki með fullri vissu, hvar það kemur niður. Kaupmaðurinn leggur það á þær vörur þar sem bezt er að ná því. Auk þess mundu kaupmenn ekki hækka útsöluverð vörunnar nákvæmlega um það sem gjaldið nemur, heldur „runda verðið af“ sem kallað er, þ. e. að hækka það upp í aðgengilegri upphæð Við það borgar hver og einn sem gjaldið greiðir, hærra fyrir sjálfa vöruna, að frádregnu gjaldi en ella, og borgar hærri framfærslu en á kaffi og sykri, því það er orðin hefð hjá kaupmönnum að selja kaffi og sykur með áföllnum kostnaði að viðbættum tolli. Svo er enn eitt, sem eg set fyrir mig, og það er, að þessi skattaleið mundi verða þyrnir í augum útlendinga, þegar til þess kemur, að við förum að leita fyrir okkur með nýtt lán. Útlendir bankamenn, sem kunnugir væru tollpólitík annara landa, mundu sjá, að hér er lagt inn á braut, sem aðrar þjóðir eru horfnar frá fyrir löngu, og þeir mundu hugsa að þjóðin væri svo útörmuð, að hún treysti sér ekki til að ná inn viðunanlegum tekjum nema með því að leggja toll á allar mögulegar vörur — leggja á hreinustu neyðartolla. Annað er það, að slíkur tollur á öllum vörum mundi einnig verða þyrnir í augum þeirra manna, sem hugsuðu sér að reka stóriðnaðarfyrirtæki hér. Útlendingar, sem hugsa sér að leggja út í slík fyrirtæki, spyrja alt af fyrst, hvernig sköttum og tollum sé háttað í landinu. Það er ástæða til að taka tillit til þessa, því að sú framtíð er að öllum líkindum ekki fjarri, að útlendingar fari að gefa landinu meiri gaum en hingað til og leggja fé í fyrirtæki hér. Þeim mundi þykja það eigi alllítil kvöð að þurfa að greiða skatt af verkfærum, vélum, járnbrautarteinum eða öðru slíku, sem þeir flytja inn til að auka með framleiðslu í landinu, og það sem verra væri: Það mundi vekja hjá þeim óhug á þeirri þjóð, sem ekki hefði betra vit á að semja sína eigin tolla og skattalöggjöf en þetta.

Yfir höfuð get eg sagt það, að mér finst þessi tollpólitík kasta skuggalegum blæ á fjárhagsástandið í landinu, eg vil segja óþarflega ljótum blæ. Annars skal eg ekki þreyta hv. deild með lengri ræðu að sinni, Eg legg í móti frv. í heild sinni, vegna þess að með því er lagt inn á braut í tollmálum, sem eg er andstæður og sé engrar blessunar vonar af. Frv. er ósanngjarnt og ranglátt, og hefir engan kost, nema ef menn ef til vill kalla það kost, að dylja og fela þau gjöld, sem landsmenn eiga að borga til landsjóðs.

Gunnar Ólafsson: Eins og nefndarálitið ber með sér, gátum við, hv. þingm. Ak. og eg, ekki verið meiri hluta nefndarinnar sammála. Nefndarálitið sýnir ljóst, hvaða stefnu meiri hlutinn fylgir, jafnframt sem hv. framsögumaður hefir haldið fram því sama. En eg get ekki fallist á þá stefnu, og það af mörgum ástæðum. Meiri hl. nefndarinnar telur aðalástæðu

sína til að vera á móti frv., þá, að með því sé brotin meginregla í tollmálum, eða „princip“, eins og hv. framsögum. kallaði það. Eg skal ekki deila við hann um það, hvort þetta sé á rökum bygt, en vil þó benda á, að eg sé ekki betur en að einmitt sé fylgt sömu stefnu í frv. og áður hefir verið gert, nefnilega að taka tollana eða gjöldin á þann hátt, að ekki þurfi að bæta við tollþjónum; það er gert ráð fyrir að tollarnir verði teknir á sama hátt og nú, þ. e. eftir skjölum skipanna, og ekki öðru. Meiri hluti nefndarinnar heldur því fram, að verði frumv. að lögum, þá mundi það hafa í för með sér umfangsmikið tolleftirlit, að það eitt út af fyrir sig mundi éta upp mestar þær tolltekjur, er með lögunum fengjust, eins og segir í n.ál. Samt hefir nú meiri hl. ekki bent á neitt þessu til sönnunar, enda er ekki viðbúið að hann geti það. Hv. meiri hl. veit vel að fvv. hefir ekki í för með sér nema lítilsháttar aukin störf fyrir þá tollheimtumenn, sem nú eru, dálítið aukin reikningsfærsla; en fyrir þessi auknu störf er þeim ætlað hæfilegt gjald. — Önnur höfuðástæða hv. meiri hl. nefndarinnar er sú, að vöruflokkunin í frv. sé svo margbrotin, að ekki verði við ráðið. Þetta er líka skakt. Hv. framsm. veit það, að gjaldið á að reiknast eftir farmskrám eða farmskírteinum, en í þeim er alt af tiltekið, hver varan er. Þetta er því að eins grýla. Sömuleiðis hefir meiri hl. og framsm. hans gersamlega mistekist þar sem hann leitast við að sýna, að tekjuáætlun meiri hluta nefndarinnar í n. d. sé skökk, enda var ekki von til annars, þar sem nefndin hér hafði mjög naumnan tíma, og nefndin í heild sinni kom í rauninni ekki nálægt málinu, heldur vann framsm. einn að því. Eg verð því að álíta, að áætlun hv. frams.m. sé alveg út í loftið, og bendir margt til þess. Hann áætlar að tekjur af frv. verði einar 64 þús. kr., en stjórnarráðið fer aftur nokkuð hærra og gerir ráð fyrir 100 þús. kr. tekjur af frv. Bæði hv. frams.m. og stjórnarráðið virðist hafa farið yfir frv. með lítilli athugun. Að vísu játa eg það, að ekki sé hægt að gera nákvæma áætlun um tekjurnar af því, því til þess þyrfti að vikta upp allar vörur, sem til landsins koma. En með langri og nákvæmri yfirvegun má komast að réttari niðurstöðu en með tómri hundavaðsrannsókn, því annað get eg ekki kallað rannsókn hv. meiri hl. nefndarinnar. Nefndinni var innan handar að beiðast upplýsingar hjá þeim manni, sem mest hefir að þessu máli unnið, bæði á þingi og utan þings í mörg ár, en hún hirðir ekki um það, líklega af því hún hefir ekki viljað sinna þessu máli frekar og ekki kært sig um réttar upplýsingar, Eins og eg tók fram, þá er ómögulegt að gera fullkomlega nákvæma áætlun í slíkum efnum, t. d. er ekki hægt að ákveða nákvæmlega vikt á þeirri vefnaðarvöru, sem inn flyzt árlega, þar sem hún er tilgreind í verzlunarskýrslunum í krónum og aurum. En eftir upplýsingum frá þeim manni, sem mest hefir að þessu máli unnið, þá kostar vefnaðarvaran upp og niður sem svarar c. 1 kr. pundið með umbúðum. Þessi maður hefir um langan tíma vegið alla vefnaðarvöru, sem verzlun hans hefir flutt í umbúðunum, og farið eftir því, þegar hann ákvað gjaldið í frv. Sé svo gengið út frá þessu meðaltalsverði á hverju pundi af vefnaðarvöru, þá má eftir verzlunarskýrslunum reikna út, hve mörg pund flytjist árlega af þessari vöru. Auðvitað getur þessi áætlun aldrei orðið nákvæm fullkomlega, en hún mun þó vera nær sanni heldur en einhver ágizkun út í loftið. Þessa sömu aðferð má hafa við aðrar vörutegundir, ef menn vita fyrir, hve mikil upphæð er flutt inn árlega. Þó má reikna út þyngd alls þess sem flutt er inn, með því að prófa sig fram um það, hve mikið t. d. hvert tonn kostar að meðaltali. Á þessu er frv. bygt, þar sem verzlunarskýrslurnar gefa ekki upplýsingar um magn vörutegunda

þeirra sem inn eru fluttar. Önnur leið er ekki fær; þó maður komist ekki að nákvæmlega hárréttri niðurstöðu með henni, þá spillir það ekki frv., ef það í sjálfu sér er gott. — Að þessi leið til tekjuaukningar sé óheppilegri en sú sem hv. meiri hl. nefndarinnar stingur upp á, get eg ekki kannast við, því að slíkt farmgjald kæmi miklu jafnara niður en kaffi- og sykurtollurinn. — Eg tók eftir því í ræðu hv. framsm., að hann sagðist einkum hafa athugað einn lið í frv., nefnil. liðinn um vefnaðarvöru, fatnað, skófatnað, höfuðföt o. fl. þess háttar, og komst að þeirri niðurstöðu, að af öllu þessu mundi fást 10,000 En hann gleymdi að geta um, við hvað hann styðst í þessum skilningi. Hafi hann stuðst við útreikning stjórnarráðsins, þá verð eg að segja, að eg get alls ekki kannast við að sú áætlun sé ábyggileg. Það leiðir af sjálfu sér, að stjórnarráðið hefir ekki tíma til að reikna slíkt nákvæmlega út, og ef til vill ekki einu sinni hvöt til þess. En ef maður ber þetta saman við áætlun flutningsmanns frv., þá gerir hann ráð fyrir að þessi 5. flokkur muni gefa af sér 61,300 kr. Vitanlega reiknar hann hér með litunarefni o. fl., en þó er þessi munur æði mikill og sýnir, að meiri hl. nefndarinnar hefir farið hratt yfir og ekki grafið djúpt. Flutningsmaður frv. hefir gert áætlun um það, hvað hver flokkur muni gefa af sér. Hann áætlar að 1. flokkur muni gefa af sér í tekjur

	kr.	4,500
2. flokkur	„	2,700
3. „	„	27,100
4. „	„	61,000
5. „	„	61,300
6. „	„	18,000
7. „	„	2,500

Hann hefir nákvæmlega sundurliðað, hvað hver tegund muni gefa af sér, og komist að þessari niðurstöðu. Ef ekki er hægt að komast að nokkurnveginn niðurstöðu með þeirri aðferð, sem hann hefir haft, þá er það því síður hægt með því, að gizka á út í loftið og af handa hófi, eins og eg hygg að meiri hl. nefndarinnar hafi gert, og eins og eg tók fram áðan, þá spillir það ekki frv. í sjálfu sér, þó flokkunin væri ekki sem nákvæmust; því má alt af breyta, og gæti vel verið að ástæða væri til þess. Frv. í heild sinni getur verið jafngott fyrir það, þó einhverju smávegis þyrfti að breyta í því. — Eins og n.ál. her með sér, leggjum við hv. þm. Ak. og eg það til, að frv. verði samþykt nálega óbreytt. Við hefðum ef til vill gjarnan viljað gera nokkrar smábreytingar á því, en látum okkur þó nægja, að leggja til að gjaldið verði tekið af kolum, þau verði höfð í flokki út af fyrir sig. Sumum kann að þykja það rangt, en þegar þess er gætt, hversu lágt gjaldið er, að eins 50 au. af hverri smálest, þá verða menn að kannast við, að það er ekki þungur skattur. Sömuleiðis bætir það úr, að mikill hluti þeirra kola, sem til landsins flytjast, eru ekki notuð af Íslendingum sjálfum heldur útlendum mönnum. Það getur vel verið, að rétt væri að leggja litinn skatt á fleiri vörutegundir, ef þessi stefna verður ofan á, en við vildum ekki koma með fleiri br.till. í bili. — Skal eg svo ekki þreyta hv. deild með lengri ræðu, enda er ekki ástæða til þess, þar sem málið hefir verið rætt hér í deildinni áður.

Sigurður Hjörleifsson: Það er ekki ástæða til þess að tala langt erindi um þetta mál; forlög þess munu vera augljós hér í deildinni. En á hitt vildi eg benda, að þetta frv. var síðasta tilraunin til þess, að fjárlögin gætu farið nokkurnveginn skaplega héðan úr deildinni. Og verði þessu frv. hafnað, sem eg býst við, því verður það að vera á ábyrgð þeirra manna, er móti því hafa unnið. Verði frumvarpið felt, er nálega enginn vegur til þess að fá fjárlögin þannig úr garði gerð, að tekjur og gjöld standist á. Eg verð að taka það fram, að af minni hálfu hefir verið

gert alt, sem hægt var til þess, að eitthvert samkomulag gæti komist á um frv. þetta. En það hefir víst alt orðið árangurslaust.

Eg vil einnig leyfa mér að benda á, að eg og minir flokksbræður eru nú ekki lengur stjórnarflokkur, heldur þvert á móti. En venjulega hafa það verið stjórnarflokkarnir, sem beitt hafa sér fyrir það að afla landinu sem mestra tekna. Háttv. þm. Vestur-Skaftf.sýslu og eg getum ekki ábyrgst að tekjur þær sem áætlaðar hafa verið af þessu frumvarpi sé nákvæm áætlun. Tekjurnar geta orðið nokkuð minni, en líka nokkuð meiri, eftir því hvernig lætur í ári að öðru leyti. En það þori eg að fullyrða, að sá útreikningur, sem hér liggur fyrir frá vorri hendi, er eins nærri því sanna og rétta, sem verið getur. Annars liggur í hlutarins eðli að ekki er hægt að gerbreyta öllu okkar núverandi verzlunarfyrirkomulagi á svipstundu, og þó við vildum reyna að halda okkur við fáa tollstofna, eins og sumir halda að eitt sé heppilegt, þá er ekki hægt að breyta því til gagns á næsta fjárhagstímabili. En þeir menn, sem halda fram fáum tollstofnum, gæta þess ekki, að því meir sem tollarnir hækka, þess meiri mundu tollsvikin aukast, og þá yrði fyrst óumflýjanlegt tolleftirlit, og það þykir mér næsta ólíklegt, að embættismenn vorir fengju skrifarakrampa, þótt frv. þetta næði fram að ganga og yrði að lögum. Og eg leyfi mér að mótmæla því algerlega, sem hreinni og beinni fjarstæðu, sem andstæðingar þessa frv. í nefndinni hafa haldið fram, að það gæfi ekki af sér nema um 60,000 krónur í tekjur.

Eg vil líka leyfa mér að benda á það, að eg fór þess á leit við meðnefndarmenn mína, að nefndin leitaði upplýsinga hjá manni þeim, er mest og bezt hafði unnið að undirbúningi þessa máls, en við það var ekki komandi. Og þess vegna afsala eg mér fyrir hönd minna flokksmanna öllum þeim illu afleiðingum, sem fall þessa frumvarps hlýtur að hafa í för með sér.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. þm. Akureyrarkaupst. vildi smeygja af sér og sínum flokki allri ábyrgðinni á fjárlögunum, yfir á hæstv. núverandi stjórn og minni hluta flokkinn á þingi, með því að hvorki stjórnin né minni hlatinn hefði gert nokkuð til þess að bæta fjárhaginn. Hann þóttist aftur á móti hafa haldið fram bezta bjargráði, þar sem er farmgjaldsfrumvarpið. En þetta er ekki rétt. Háttv. 3. kkj. hefir lýst því frumvarpi svo vel og rækilega, að eg þarf ekki að fara út í þá sálma. Eg vil aðeins undirstrika það, að meiri hluti nefndarinnar hefir rökstutt í áliti sínu ítarlega, að lítt hugsanlegt sé að frv. mundi geta gefið af sér meira en rúmar 60 þús. kr., og að sú upphæð mundi nálega öll ganga til tolleftirlits. Tekjuhalli sá, sem nú er á fjárlögunum, er hvorki að kenna hæstv. núverandi stjórn né mínum flokki eða milliflokknum, heldur hinum svonefnda sjálfstæðisflokki, — sem þrátt fyrir alt sparnaðarópið notar sér yfirtökin í sameinuðu þingi og n. d. til þess að hrúga gjöldum á gjöld ofan og kúgar þannig stjórnina, minnihlutann og þjóðina til að taka við fjárlögunum jafnómögulegum og fyrirsjáanlegt er nú þegar, að þau muni verða.

Var það hv. meiri hluti, sem ekki einu sinni vildi leyfa 1 árs frestun á aðflutningsbanninu. Og má því með sanni segja: „Öllu er snúið öfugt þó“ að því er til kemur ummæla hv. þm. Akureyrarkaupstaðar.

En það sem mestu skiftir í máli þessu er það, að frumvarpið er handahófskent og sérstaklega allsendis óframkvæmanlegt án gífurlegs tilkostnaðar til tolleftirlits. Því hygg eg að ábyrgð sú, sem hv. þm. Akureyrarkaupstaðar vildi leggja á okkur minnihluta menn, muni reynast okkur harla létt.

Hv. meiri hluti ætti jafnvel að vera oss minnihlutamönnum þakklátur fyrir meðferð þessa máls. Hann mun hafa nógar synd-

ir á baki sér samt, við kosningaborðið, þó að ójöfnuðurinn út af farmgjaldsfrv. gangi undan.

Ráðherra (Kr. Jónsson): Eg vil leyfa mér að segja nokkur orð um frumvarpið almenns efnis. Eg sá það í upphafi, þegar er eg leit á þetta frumvarp — og það hefir lítið breyzt síðan — að það er með öllu óframkvæmanlegt — og eg tala hér af nokkurri þekkingu, sem gamall embættismaður. Það er með öllu óframkvæmanlegt með því lögreglufyrirkomulagi og þeirri embættaskipun, sem vér nú höfum. Og það er engin breyting gerð á þessu fyrirkomulagi, svo að hægt sé að framfylgja lögunum. Það er með engu móti hægt að leggja þau störf á lögreglustjórana, sem leiða af frumvarpi þessu, ef það verður að lögum. Þeir eru svo hlaðnir störfum fyrir, að þeir mundu með sanngirni geta færst undan að takast þau störf á hendur, sem frumvarpið ætlast til að á þá verði bætt. Það þarf ekki annað en líta á hina mjög svo margbrotnu og vafasömu flokkaskifting frumvarpsins til þess að sjá, hve erfitt alt eftirlit verður með því að slíkum lögum verði hlýtt og ekki farið í kringum þau. Frumvarpið var hátið í hitt eð fyrra, hjá því sem það er nú. Lestagjald var miklu betra, eins og þá var farið fram á. Það á hver þingmaður að geta séð, að það er eigi samboðið þinginu að bjóða landstjórninni slík lög, sem eigi verður unt að framfylgja sæmilega.

Þá er þess að geta, að það hefir engin ábyggileg skýrsla komið fram, sem sýni, hve miklar tekjur muni fást eptir þessu frumvarpi, verði það að lögum. Það er ekkert annað en sundurlausar óábyggilegar og órökstuddar skýrslur, sem fram hafa komið. Eg held, að skýrslur þeirra, sem mæla mót frumvarpinu, séu mun ábyggilegri en skýrslur hinna, sem mæla með því. Þessi lög geta aldrei gefið nema óvissa von um, að bæta úr þeim tekjuhalla, sem nú er í fjárlagafrumvarpinu, en á þessu ber meiri hluti þingsins ábyrgð og hefir skyldu til að bæta úr því.

(Sigurður Hjörleifsson: Nei, við tökum því með mestu ró. Heimastjórnarflokkurinn ber ábyrgðina)

Háttv. þm. Ak. má trútt um tala og nefna ábyrgð. Sá flokkur, sem eg hefi talist til alt fram á þetta þing, hefir gengið svo frá fjárlögunum og fjáraukalögunum nú, að það er fullrar $^1/_2$ miliónar kr. tekjuhalli alls á þessum lögum. Háttv. þm. Ak. (S. Hj.) virðist vera einn af þeim mönnum, sem ráðið hefir því mest, að frumvarpið um frestun bannlaganna var felt. Hann veit vel, að einn af beztu mönnum flokks þess, sem hann heyrir til, kom með frumv. um að fresta þeim lögum og að hann talaði mjög vel fyrir því, og færði svo styrkar ástæður fyrir sínu máli, að flestir þingmenn hér í deildinni féllust á þær. Ábyrgðina á falli þess frumvarps ber sá flokkur, sem háttv. þm. Ak. (S. Hj.) hefir starfað með á þessu þingi, og staðið framarlega í.

Háttv. þm. Ak. (S. Hj.) mintist eitthvað á stjórnarflokk, en eg kannast ekki við, að það sé rétt, sem hann sagði í því sambandi. Hinn háttv. þm. hefir ekki treyst sér til þess að koma fram með vantraustsyfirlýsing til mín hér í deildinni, og hefir viljann þó ekki vantað, en hann veit vel, að hún mundi verða feld. Hinn háttv. þm. veit líka mjög vel, að vantraustsyfirlýsing til min var feld í neðri deild, var feld með 13 atkv. gegn 12 og hann veit líka vel, að það er óhætt að telja 14 atkvæði móti henni þar í deildinni, því að forseti deildarinnar hefði greitt atkvæði gegn henni, ef hann hefði ekki setið í forsetastólnum.

Háttv. þm. Ak. (S. Hj,) talaði um, að þetta væri tilraun, sem þingið ætlaði og ætti að gera. En mér finst að það verði þó fyrst að afla sér einhverrar vitneskju um, hvort þetta er tiltækilegt ráð eða ekki, áður en það stekkur út í myrkrið með

þetta frv. Og eg hefi fært full rök fyrir því, að frumvarpið er ekki framkvæmanlegt og eg mun greiða atkvæði móti frumvarpinu. Mun eg svo ekki fara fleiri orðum um málið. Eg hefi áður tekið greinilega fram, hvernig fjárhagur landsins horfir við. Þetta frumvarp mundi ekki bæta úr honum, þótt það yrði samþykt.

Gunnar Ólafsson: Eg tók það fram áðan, að örlög þessa frumvarps væri auðsæ, svo að það er gagnslítið að tala mikið um það. Eg ætla samt að svara háttv. 4. kgk. þm (Stgr. J.) nokkrum orðum. Hann álasaði minni hluta nefndarinnar fyrþað, að hann hefði ekki komið fram með fleiri breytingartillögur en raun er orðin á, Hér til er því að svara, að það var enginn tími til þess. Nefndin átti aðeins einn fund með sér og þar varð niðurstaðan sú, að skrifara hennar var falið að semja nefndarálit. Við heyrðum það fyrst lesið upp í gær og vissum ekki fyrr, hvað meiri hlutinn ætlaði að gera og við gátum ekki gert neitt, fyrr en við vissum það. Háttv. andstæðingar okkar, sjálfstæðismanna, hafa með öllu fordæmt frumvarpið. hefir ekki þótt það þess vert að nokkuð væri við það eigandi. En skrítið þykir mér samt eitt, og það er það, að háttv. 4 kgk. þm. (Stgr. J.) og jafnvel hæstv. ráðherra hafa það að mótbáru gegn frumvarpinu, að lögreglustjórar mundu neita að gera þau störf, er frv. heimtar af þeim. Ef þetta er aðalástæðan gegn frv., gef eg ekki mikið fyrir rök þau, sem færð eru gegn því. Og mér þætti gaman að sjá hópinn „gera skrúfu“ og neita að taka að sér þau störf, sem frumvarpið leggur þeim á herðar. Eg álít alls ekki rétt að bera slíkt fram.

Það hefir verið talað mikið um það, og háttv. 5. kgk. þm. (L. H. B.) hefir ekkert tækifæri látið ónotað til að tala um það með miklum þjósti, að hinn slæmi fjárhagur væri ekki minnihlutanum, heldur meiri hlutanum að kenna, og hann hefir ekki þreyzt á að senda fyrverandi stjórn hnútur fyrir, hve illa hún hafi búið alt undir í þessu efni.

(Lárus H. Bjarnason: Þingmaðurinn tekur aldrei mark á neinni skynsemi).

Ekki skynsemi hins háttv. 5. kgk. þm. Það væri ekki til ofmikils mælst, að hinn háttv. þm. og hans flokkur hjálpuðu til að laga hann og engum hvílir sú skylda meira á en núverandi stjórn, og háttv. 5. kgk. þm. er víst ljúft að aðstoða hana, þar sem hann tyllir sér svo mjög á tær við hana. Það ætti að vera hennar að reyna að bæta fjárhaginn. Það er lítil frægð að því að níða aðra, og þá einkum menn, sem eru hvergi nærri, en slíkt hefir hinn háttv. 5. kgk. þm. oft gert sig sekan um; að hinu er meiri frægð að byggja upp og bæta það, sem bæta þarf, og það ætti háttv. þm. (L. H. B.) að leitast við að gera, ef einhver mannræna væri í honum.

Þá harmaði háttv. 5. kgk. þm. mjög fall frumvarpsins um frestun bannlaganna og kendi meiri hlutanum um, að hann hefði ráðið því bana. Hinn háttv. þm. var þó í orði kveðnu helzt með því að fella það. Að minsta kosti vildi hann ekki greiða atkvæði með því. Honum hefir ekki þótt það *„praktiskt“* þá í svipinn. En hann hefir nú sýnt innræti sitt í þessu efni. Það hefði verið réttara, að hann hefði komið fram þá eins og hann kemur fram nú, komið fram hreint og beint og verið með frestun bannlaganna, svo sem hann sárlangaði til.

Kristinn Daníelsson: Eg veit vel, að það þýðir lítið að tala um þetta mál.

(Stefán Stefánsson: Því þá að vera að tala um það?)

Það getur verið ástæða til þess, úr því að aðrir taka til máls, og það þarf að svara sumu af því sem sagt er. En annars komst eg svona að orði af því að eg heyrði merkan mann úr mótflokknum segja í morgun, að frumvarpinu væri bani búinn.

Eg hefi ekki enn þá heyrt þau rök koma fram í málinu, sem sýni, að frumvarpið sé óaðgengilegt. Það sem helzt hefir verið haft að mótbáru gegn því er, að það sé óframkvæmanlegt. Eg heyrði hæstv. ráðherra ekki færa nein rök fyrir þessu, og eg lagði þó vel við hlustirnar. En eg heyrði lögreglustjóra segja um það, að það væri vel framkvæmanlegt; sá hinn sami taldi engin vandkvæði á því.

Þá er því haldið fram, að frumvarpið gefi ekki landsjóði meira í tekjur en 60 þús. kr. En það hljóta allir að sjá, að það er meira að marka reikninga þess manns, sem mest hefir kynt sér málið.

Nefndin hefir látið sér nægja að mótmæla áætlunum þeim, er gerðar voru um tekjur þær, er landsjóður hefði af því, að frumvarpið yrði að lögum, en ekki leitað upplýsinga hans. Háttv 5. kgk. þm. (L. H. B.) sagði, að háttv. 3. kgk. þm. (Aug. Fl.) hefði gert glögga grein fyrir því, að frumvarpið væri óhafandi Eg skal ekki lasta það sem hann sagði. Hann talaði gætilega og hyggilega á margan hátt. En hann hefir ekki hlustað á ræðu háttv. þm. V. Sk., sem svaraði háttv. 3. kgk. þm. með góðum rökum.

(Lárus H. Bjarnason: Þingmaður Vestur-Skaftfellinga tala með rökum!)

Já, eg stend við það. Háttv. þm. V.-Sk. færði góð rök fyrir máli sínu.

(Lárus H. Bjarnason; Nú er eg alveg hissa. Nú er þingmaðurinn að gera að gamni sínu).

Þá beindi háttv. framsögumaður orðum sínum til mín og spurði mig að því, hvort eg héldi, að með þessu móti yrði meira lagt á hina ríku en þá fátæku. Hann bætti því við, að eg hefði sagt, að kaffi- og sykurtollur lenti jafnt á ríkum og fátækum. Eg sagði, að fátækur maður við sjó borgaði oft jafnmikinn eða meiri kaffi og sykurtoll en ríkur embættismaður í Reykjavík — og þetta kalla eg hinn mesta ójöfnuð. Hann spurði mig ennfremur, hvort eg áliti, að með þessu móti yrði lagt meira á ríkismanninn en fátæklinginn. Eg svara því fortakslaust játandi. Ríkismaðurinn gerir t. d. 2000 kr. umsetning, fátæklingurinn aftur ekki nema 200 kr. umsetning. Það er auðsætt, að ríkismaðurinn hlýtur að gjalda meira í landsjóð með þessu fyrirkomulagi. Það er ekki til neins að bera á móti því, að það er jöfnuður að því að færa skattagjöldin yfir á sem flestar vörutegundir

Það er verið að tala um, hvar ábyrgðin sé á fjárhag landsins. Úr því að verið er að ympra á þessu, verð eg að láta í ljós skoðun mína á því. Ábyrgðin hlýtur að lenda á þeim, sem verða í meiri hluta við þá atkæðagreiðslu, sem á að fara fram eftir fáeinar mínútur í þessum sal. Frumvarpið veitir landsjóði fé, og ef meiri hluti háttv. þingdeildarmanna ræður frumvarpinu bana, hindrar hann, að landsjóður fái fé. Eg vil að síðustu skjóta því til þeirra, sem fyrir viðburðanna rás eru í meiri hluta í þessum sal, að þeir láti þetta frumvarp ná fram að ganga og búi ekki þannig til ábyrgð, sem á að líta svo út um, að lendi á minni hlutanum, en hlýtur að lenda á þeim sjálfum eða getur lent á þeim sjálfum.

Sigurður Hjörleifsson: Eg vil taka það fram út af ummælum, sem komið hafa fram, að af hálfu okkar minni hluta nefndarmanna var boðist til að breyta þessu farmgjaldi í lestargjald; það var því ekki eingöngu um þetta frumvarp að ræða. Það var að ræða um það að útvega landsjóði fé með einhverju móti. Það var boðist til þess að leggja á eitthvert alment gjald til að útvega landsjóði tekjur. Eg vissi lengi vel ekki annað en frumvarpið ætti fram að ganga. En fyrst þegar meiri hlutinn var búinn að skrifa nefndarálit sitt, sá eg, að það átti að fella það, en í þess stað fara fram á hækkun á tolli af kaffi og sykri. En eins og sýndi sig í gær, reynd-

ist þetta tómur leikur. Öllum boðum til samkomulags til að auka tekjur landsins var hafnað, þegar ekki var hægt að koma fram því eina sáluhjálplega, frestun bannlaganna. Einlægt er verið að stagast á því, að bannlögunum skyldi ekki vera frestað.

(Stefán Stefánsson: Það verður lengi gert).

Það hefði verið nær að fresta þeim, segja þeir. Sumum háttv. þingmönnum virðist ekki vera sárt um, þótt fjarhaguriinn sé slæmur, ef það yfir höfuð má ekki útvega landinu tekjur með nokkru öðru móti en ónýta lög, sem á seinasta þingi voru samþykt með miklum meiri hluta atkvæða eftir ósk $^3/_5$ hluta kjósenda. Annars skil eg ekki þá *„lógik“*, sem kom fram í ræðu háttv. 5. kgk. þm. (L. H. Bj.) og hæstv. ráðherra. Þeir drótta því að sjálfstæðisflokknum, að það sé honum að kenna, að fjárlögin líti út, eins og þau líta út, og að þessi mikli tekjuhalli er í þeim. Það er nú alt af verið að gera hvell út af þeirri hækkun á útgjöldunum, sem varð á þeim við síðustu umræðu í neðri deild. En eg vil benda á það, að gjöldin hafa líka hækkað hér í deildinni, eins og öllum háttv. þingdeildarmönnum er kunnugt. Annars er ekki sá munur á flokkum nú, að annar flokkurinn geti slengt af sér ábyrgð yfir á hinn. Það er annað mál um þau atriði, sem eru gerð að hreinum flokksmálum. En fjárlögin eru svo samanfléttuð, að enginn einn flokkur ber ábyrgð á þeim í heild sinni.

Eg ímynda mér að óhætt sé að segja, að báðir flokkar beri ábyrgðina á fjárlögunum jafnt eða mjög líkt. En það er þjóðin sjálf, sem ber aðalábyrgðina á því, hvernig fjárlögin fara út úr þinginu nú, því að hún krefst meiri og meiri fjárveitinga til ýmislegra fyrirtækja í landinu. Eg segi þetta ekki þjóðinni til ámælis, þetta sýnir framfaraþrá hennar, og er henni sízt láandi þó hún heimti verklegar framfarir í landinu, en hún hefir ekki gætt þess, um leið og hún heimtar umbæturnar, að krefjast þess þá líka, að gjöld séu lögð á hana. Umbætur þær, sem þjóðin vill að gerðar séu, útheimta meira fé en hún telur sig færa að greiða. Þetta er ástæðan til þess að fjárlögin verða nú að öllum líkindum afgreidd með talsverðum tekjuhalla frá þessu þingi. Þetta vil eg segja þeim mönnum, sem alt af eru að japla á því, að það sé sjálfstæðisflokkurinn, sem beri alla ábyrgð á fjárhag landsins. Hinsvegar dettur mér ekki í hug að reyna að velta af sjálfstæðisflokknum ábyrgðinni á því sem virkilega er hans verk; t. d. tek eg fúslega á mig minn hluta af ábyrgðinni á því að hafa felt frestun bannlaganna, og veit eg að sú ábyrgð verður mér ekki þungbær.

Hæstv. ráðherra neitaði því, að nokkur stjórnarflokkur væri til á þingi. Hann taiaði öðruvísi fyrir skemstu, þegar hann var að láta mikið yfir því, hversu mikið fylgi hann hefði í þinginu, en storkaði mér aftur með því að eg hefði ekkert fylgi að baki. Hann sagði sömuleiðis, að eg hefði ekki borið fram vantraustsyfirlýsingu á sér hér í deildinni, og að sú vantraustsyfirlýsing, sem fram kom í n. d., hafi verið feld. En þetta sannar ekki það sem hann vildi sanna, heldur það gagnstæða. Það sannar það, að flokkar eru óákveðnir í þinginu, og um vantraustsyfirlýsinguna í n. d. vita allir hvernig fór. Hún féll niður með eins atkvæðis mun, fyrir gustukaverk frænda hans. Enn eru mörg gustukaverkin á þingi. Hæstv. ráðherra hrósar sér af því, að hann sé betri sjálfstæðismaður en eg. Eg hefi aldrei gefið honum tilefni til slíkra ummæla eða gortað af því eins og hann, hve góður sjálfstæðismaður eg væri. En hitt er öllum kunnugt, að núverandi ráðherra tók við embætti, eftir að búið var að tilkynna honum að mikill meiri hluti þjóðkjörinna þingmanna væri öðrum manni fylgjandi, og þegar svo er

ástatt, þá bið eg guð að hjálpa sjálfstæði þessa lands, ef það þarf að eiga mikið undir mönnum, sem byrja stjórn sína á því að brjóta þingræðið.

Augúst Flygenring: Eg ætla aðeins að svara hv. þm. V.-Skaftf. nokkrum orðum. Hann sagði, að jafn-auðvelt yrði að innheimta farmgjaldið eins og kaffi og sykurtolla nú, og rökstuddi hann þessa staðhæfing með því, að farið væri eftir „manifestum“ eða farmskrám skipanna, og að það væri jafnauðvelt að reikna út tollinn eftir þeim eins og að leggja saman tölur. Eg vil benda honum á það, að í hverjum umbúðum geta verið vörur úr fleiri en einum flokki. Þessvegna yrði algjörlega ófullnægjandi að fara eftir farmskránum; það þyrfti að taka vörurnar upp og vega þær. — Hann vildi sanna að áætlun okkar væri handahóf og ágizkun ein, með því að benda á það, að við nefndin hefðum áætlað tekjur o. s. frv. aðeins 64,000 kr., stjórnarráðið 100 þús. kr., en sjálfur flutningsmaður málsins 180 þús. kr.

Eg skal ekki fara inn á áætlun flutningsmanns, því eg þekti hana ekki. En það sem okkur ber á milli, mín og stjórnarráðsins, er það meðal annars, að í áætlun þess er trjáviður alt of hátt áætlaður, eins og eg áðan tók fram. Það nær ekki nokkurri átt að hingað flytjist 10—11 þús. tons af trjáviði. Eg hefi í þessu efni stuðst við umsögn gamalla timburkaupmanna. Hitt atriðið, sem okkur ber á milli, er það, að eg geri ráð fyrir, að alt of mikið sé í áætlun stjórnarráðsins gert úr því, hvað vefnaðarvara muni gefa mikið af sér. Eg geri ráð fyrir, að það hafi fengið upplýsingar um þetta atriði hjá flutningsmanni frv., því að áætlun þess er nokkuð lík hans áætlun um þennan flokk. En það nær vitanlega engri átt, að þessi flokkur geti gefið af sér nálægt 60 þús. kr. Það er líka hreinasta fjarstæða, að hvert pund af vefnaðarvöru kosti að jafnaði ekki meira en 1 kr. Eg vona að allir menn sjái það, að efni eins og ull, silki, baðmull, skór o: leður o. fl., er mörgum sinnum dýrara en sem svarar 1 kr. á pund. Efnið óunnið í þessum vörum kostar mikið meira en 1 kr., jafnvel í ódýrustu tegundunum. Og ekki geta umbúðirnar, þó þær séu reiknaðar með, lækkað meðalverð vörunnar á hverju pundi, því þær eru alt af mjög litlar og léttar, venjulega að eins þunnur strigapappír. Eg játa það, að ómögulegt er að gera nákvæmlega rétta áætlun um innflutning á slíkum vörum, en hinu verð eg að halda fram, að betur muni vandað til þeirrar áætlunar, sem við meiri hl. nefndarinnar höfum gert, en til hinna. — Hv. þm. Ak. staðhæfði, að kaffi- og sykurtollurinn kæmi ranglátar niður en farmgjald, vegna þess að það dreifði gjöldunum á sem flesta, en það sjá allir að er hinn fáránlegasti misskilningur. Gjaldaliðirnir verða fleiri, en notendurnir að vörum þeim sem gjaldið legst á verða ekki fleiri, heldur miklu færri en þeir menn eru, sem nú neyta kaffi og sykurs. Þetta afgjald legst aðallega á vörur, sem fátækir sjómenn og aðrir, sem á sjávarútvegi lifa, brúka og verða að kaupa, og er það skýlaust ranglátt að íþyngja þeirri stétt fremur öðrum. Sömuleiðis verða þeir sem reka einhverja iðn, og hafa marga menn í sinni þjónustu, að reikna sér rentur af áhöldum sínum, og eftir því hversu dýr þau eru, fara að miklu leyti kjör þeirra manna, sem atvinnu hafa hjá þeim. — Það er ekki rétt hjá hv. þm. Ak. að slá því fram, að brtill. sú er eg og annar þm. bárum fram við tollögin í gær hafi verið tómur leikur. Við mundum standa við hana, hvenær sem við sæjum okkur það fært. En við vildum ekki koma fram með mál, sem við vissum að hafði enga von um að ganga fram. Það hefði verið leikur. Við tókum till. aftur af þeirri ástæðu einni. Við vorum búnir að leita fyrir okkur og höfðum komist að raun um, að hún hafði mjög lítið fylgi. — Eg er alveg

steinhissa á því, að hv. sami þm. skuli sífelt vera að halda því fram, að þetta frv. hafi mikla kosti alment skoðað. Mér vitanlega hefir ekkert mál mætt jafn-mikilli mótspyrnu bæði í blöðum og meðal einstakra manna. Nefndin hafði í höndum bréf frá mörgum kaupmönnum þessa bæjar, þar sem þeir telja frv. afarmiklum ókostum búið. Fyrverandi stjórn, sem hafði frv. fyrir framan sig, nefnir það neyðarúrræði, og er þó hv. þm. Ak. vanur að byggja nokkuð á ummælum hennar. — Það er rangt af þm. Ak., að brígsla okkur, sem erum mótfallnir þessu frv., um að okkur sé ósárt um fjárhag landsins; sömu aðdróttunum hefðum við með meiri rétti getað beint að honum, þegar hann var á móti frestun bannlaganna.

Lárus H. Bjarnason: Það stendur enn óhrakið, sem eg sagði áðan um ábyrgðina á þessu máli, og þarf eg því ekki að endurtaka það. En eg vil víkja nokkrum orðum að Vestmanninum, sem situr hér á móti mér. Eg hafði annars ekki hugsað mér að „spandera“ miklu púðri á hann. Ræður hans eru oftast ekki svaraverðar, enda hefi eg hingað til alt af leitt hjá mér að svara þeim. Það er ekki alt af hægt að segja, hvort þær eru sprotnar af vanþekkingu, framhleypni eða flokkstrygð. Um suma menn má alt af segja, hvað valda muni orðum þeirra og athöfnum, en þar sem greindin er lítil, er alt af erfiðara að skera úr, hvort þeim ráði getuleysi eða góðviljalysi. Maðurinn hefir á þessi þingi gert mest að því að tala um mál, sem hann hefir ekkert vit á, svo sem háskólann, vísindi, loftskeyti o. fl. Það minnir mig á sumar skepnur, sem geta ekki þagað við því sem þær ná ekki til, eins og ein ónefnd skepna, sem hefir þann sið að spangóla að tunglinu. Allra mest hefir hann talað um háskólamálið. Það láir honum enginn, þó að hann hafi ekkert vit á því, en hinu hefði hann átt að hafa vit á, að þegja um það. Mér þykir ekkert undarlegt, þó hann veitist helzt að mér, því að sams konar skepnu og eg mintist á áðan er gjarnast að upplyfta sinni röddu, þegar betur búnir menn ríða í hlað en heima fyrir eru. Að öðru leyti læt eg mér nægja að mótmæla því, að eg hafi harmað það, að bannfrestunarfrv. var felt. En hitt kannast eg við, að mér hefði eftir atvikum verið kærara að framkvæmd aðflutningsbannsins hefði verið frestað um stund, ekki af óvináttu við bannlögin, heldur þvert á móti, af því eg hræddist að tekjumissirinn mundi verða lögunum að fótakefli, ef ekki væri fundinn annar spónn í staðinn, áður en lögin gengi í gildi.

Hv. þm. Ak. vil eg benda á, að það er ekki rétt að $^2/_3$ kjósenda á landinu hafi kosið bannlögin.

(Sig. Hjörleifsson: Eg sagði $^3/_5$).

$^3/_5$ er heldur ekki rétt. Af *greiddum* atkvæðum voru $^3/_5$ með bannlögunum, en að eins $^2/_5$ allra kjósenda. Því var slegið fram áðan af einhverjum, að minni hlutinn hefði engu síður en meiri hl. stuðlað að því, að hleypa útgjöldunum á fjárlögunum upp. Þetta er ekki rétt. Minni hlutarnir hafa ekki annað á samvizkunni en rúmar 13 þús. kr. fjárveitingu til háskólans, og þurfum við ekki að bera rjóða kinn fyrir að meta sjálfstæði landsins svo mikils. Eg bjóst ekki við, að hv. þm. Ak. mundi fara að fitja upp á þingræðisbrotinu aftur, þegar jafnvel „Ísafold“ treystir sér ekki til að veifa þeirri dulu lengur. Eða man ekki hv. þm., að vantraustsyfirlýsingin féll í n. d. með 13 : 12, og veit hann ekki að forseti n. d. er 14. stuðningsmaður stjórnarinnar þar. Man hann ekki, að í þessari deild báru 3 þjóðkjörnir þm. fram vantraustyfirlýsing á fyrv. ráðherra, og fyrst þeir vildu fella hann, má búast við að þeir muni ekki amast við hinni nýju stjórn. Ef 14 og 3 eru lagðir saman, þá verður það helmingur þjóðkjörinna þingmanna. Við þessa 17 bætast 6 kgk. þm, en þingræði er það, að meiri

hluti allra þingmanna ráði. Annars verður þetta samband, eg þori ekki að kalla það samskrið, milli hv. brota hins svokallaða sjálfstæðisflokks, ekki svo óskiljanlegt, þegar á alt er litið, þó þau áður hafi verið búin að segja svo skýrt sundur með sér. Því hvað skyldi valda því, annað en ósk fyrverandi ráðherra annarsvegar um að vera sýknaður af afbrotum sínum, og hins vegar von sparkliða um að komast á hvalfjöruna og hræðsla þeirra við Ísafold. En þar hafa þeir „gert reikning án verts“, því það verður fyrverandi ráðherra, sem græðir á sambandinu, en ekki þeir.

Stgr. Jónsson: Eg ætla að eins að gefa stutta yfirlýsingu. Það er mikið talað um ábyrgð hér í dag, og sagt að ábyrgðin hvíldi á okkur af að drepa þetta frv. Eg get lýst því yfir, að eg tek á mig minn hluta af þeirri ábyrgð, og skal eg ekki reyna að velta henni af mér yfir á aðra. En eg hygg að meira liggi undir þessum orðum; það eru víst engar öfgar þó eg segi að meiningin með þessu tali um ábyrgð sé sú sama, sem hjá einum þingmanni í n. d., er vildi koma yfir á okkur heimastjórnarmenn ábyrgðinni á fjárhagsútlitinu eftir fjárl., svo að okkur verði kent um það. Hvort það tekst að koma því svo fyrir, skal eg ekki um segja, úr því skera kosningarnar. En þó hygg eg, að meðferð mála á alþingi bendi á það gagnstæða. En það liggur líka enn annað á bak við þetta frv. Það er barið fram undir því yfirskini, að það geti haft þýðingu fyrir fjárhag landsins, og það er enn skiljanlegra að sjálfstæðismenn vilji gjarnan koma yfir á okkur ábyrgð á fjárhagnum yfirleitt. Þessa ábyrgð verðum við heimastjórnarmenn einnig, að minni hyggju, að taka á okkur, hvort sem okkur er það ljúft eða leitt; því við erum þeir einu, sem nokkur ábyrgð er í í þessum efnum.

Ráðherra (Kr. J.): Háttv. þm. V.-Ísf. sagði, að einhver lögreglustjóri hefði sagt sér, að þessi farmgjaldslög væru vel framkvæmanleg, eg veit með vissu að það getur ekki verið mikilsvirtur náfrændi hans, sem þetta hefir sagt; hann met eg mikils og mundi eg geta beygt skoðun mína fyrir rökum af hans munni, en þaðan munu þau eigi koma til stuðnings þessu frumvarpi. Þó að einhver lögreglustjóri kunni að hafa fleiprað þessu út úr sér við hv. þingmann V.-Ísf., þá legg eg eigi mikið upp úr því; eg hefi spurt ýmsa lögreglustjóra einmitt um þetta atriði, og þeir telja allir saman þessi lög alveg óframkvæmanleg, nema með mikilli aukningu á skrifstofufé og fjölgun á eftirlitsmönnum. Það þarf heldur ekki annað en að lesa t. d. 3. flokkinn, og þá sést það þegar, að flokkuninni er svo háttað, að hún heimtar fullkominn mann á hverjum stað. Hér í Reykjavík þyrfti marga menn. Fyrir þessu er ekki gert neitt ráð af þeim, sem borið hafa fram þetta frumvarp. Þeir hafa ekki gert neitt ráð fyrir þeirri breytingu, sem hlýtur að verða á tollgæzlunni. Og lögin eru öll frá upphafi vanhugsuð. Þingmanni Akureyrar ætla eg ekki að svara. Hann hefir aldrei, hvorki á síðasta þingi eða nú á þessu þingi, sagt eitt einasta orð í einu einasta máli, sem talist getur þess vert, að því sé svarað.

2. umr. lokið.

ATKV.GR.:

Br.till. við 1. gr. samþ. með 7 : 1 atkv.

1. gr. feld með 6 : 6 atk. að við höfðu nafnakalli eftir ósk nokkurra þingmanna og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Steingr. Jónsson,
Ari Jónsson,	Augúst Flygenring,
Gunnar Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Jósef Björnsson,	Kristán Jónsson,
Sig. Hjörleifsson,	Lárus H. Bjarnason,
Sigurður Stefánsson.	Stefán Stefánsson.

Frumvarpið þar með fallið.

Útrýming fjárkláðans.

FRV. til laga um útrýming fjárkláðans.

Fyrsta umræða í efri deild 29. apríl (766).

Steingrímur Jónsson: Eg álít þetta svo alvarlegt og þýðingarmikið mál, að það sé ekki gerlegt fyrir deildina að sleppa því fram hjá sér án þess, að það sé athugað í nefnd. Eins og kunnugt er, hafa ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum orðið landssjóði afardýrar. Og eg er í miklum vafa um, hvort rétt sé að samþykkja þetta frumv. Í öllu falli get eg ekki greitt því atkvæði mitt óbreyttu. Samt álít eg ekki rétt, að fella það þegar við 1. umræðu, og vil því leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og skipuð nefnd í það að þessari umræðu lokinni.

Frv. sþ. til 2. umr. í e. hlj.

Samþ. í e. hlj. að skipa 3 manna nefnd Og voru þessir kosnir í nefndina að viðhafðri hlutfallskosningu:

Július Havsten,
Jósef Björnsson,
Steingr. Jónsson.

Önnur umræða í efri deld 6. maí (766, n. 927)

Jósef Björnsson. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, kom fyrir þingið í þingbyrjun og hefir n. d. haft það til meðferðar, en hingað til deildarinnar hefir það ekki komið fyr en fyrir örfáum dögum. Nefndinni hefir því ekki gefist mikill tími til þess að athuga það og hefir hún að eins getað rætt málið á einum fundi.

Þetta fjárkláðamál er vandræðamál, fyr og síðar. Eins og kunnugt er, var fyrir skemstu varið stórmiklu fé úr landssjóði til þess að útrýma fjárkláðanum. En þrátt fyrir alt það fé og fyrirhöfn hefir sú raun orðið á, að sjúkdómurinn er ekki upprættur enn. Einmitt síðan þessi tilraun var gerð, hefir komið upp fjárkláði í öllum sýslum landsins, nema 3 eða 4. nefnil. Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjum og Suðurþingeyjarsýslu; í síðastnefndri sýslu hefir kláðinn ekki komið upp síðan 1907. Eigi að síður hefir kláðinn ekki gert mikið vart við sig, en hann virðist vera að aukast nú á seinni árum, einkum þó í vetur.

Það má vera, að það væri hægt að útrýma kláðanum, án þess að gera ný lög um það efni, ef það væri einlægur vilji fjáreigenda að hafa vakandi auga á veikinni og baða alt fé árlega. En með því að ekki er hægt að búast við, að svo geti orðið, og á hinn bóginn af því, að annaðhvort verður að fyrirskipa almennar baðanir um alt land eða skifta sér ekkert af málinu frá löggjafarvaldsins hlið nú, en láta þau lög nægja. sem nú gilda, þá sýnist nefndinni rétt að aðhyllast þetta frumv. Samkvæmt því er landsstjórninni gefin heimild til þess að fyrirskipa 2 baðanir með hæfilegu millibili á vetrinum 1911—1912 og er ætlast til að með því verði komið í veg fyrir frekari útbreiðslu kláðans. Frv. gerir ráð fyrir, að kostnaður við eftirlit kláðalækninga í hverri sýslu og umsjón með böðunum sé að nokkru leyti greiddur úr landssjóði.

Þessi kostnaður, sem fellur á landssjóð, álítur nefndin að verði alls og alls full 20 þús. krónur.

Og nefndinni taldist svo til, að allur kostnaður við baðanirnar í heild sinni mundi verða eitthvað á annað hundrað þús. krónur. En megnið af þessum kostnaði eiga fjáreigendur sjálfir að bera, landssjóður að eins að borga hálft kaup kláðalækna og baðara, og helming af öðrum tilkostnaði þeirra.

Eg skal játa, að mér hefði ekki fundist neitt á móti því, að fjáreigendur borguðu sjálfir allan kostnaðinn. En með því að nú er orðið svo áliðið þingtímans, er ekki nema um tvent að gera, annaðhvort að samþykkja frv. óbreytt, eða láta málið falla niður. Og þar sem svona stendur á, komst nefndin að þeirri niðurstöðu að taka tillit

til þeirra nauðsynjar að hefta útbreiðslu kláðans, og leggja til að hv. deild samþykki frv. eins og það liggur fyrir. Með þessum ummælum skal eg láta úttalað um málið að sinni.

Steingr. Jónsson: Eg hefi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, vegna þess að eg var og er mjög hikandi við að samþykkja þetta frv. eins og það er. Fyrst og fremst er eg í vafa um, hvort frv. þetta er til nokkurra umbóta, frá þeim lögum, sem vér höfum nú. Auk þess er annað: Er það víst, að kláðinn sé svo útbreiddur, að almennra baðana þurfi við? Það er að vísu sagt, að kláðinn hafi komið upp í flestum sýslum landsins. Háttv. frsm. nefndi þó nokkrar sýslur, sem fjárkláða hafði ekki orðið vart, þar á meðal Suðurþingeyjarsýslu, því að þar hefir kláði ekki komið upp síðan 1907. En auk þess má telja Eyjafjarðarsýslu og Norðurmúlasýslu. Þar er enginn kláði, og í Suðurmúlasýslu hefir að eins komið upp kláði á einum eða tveim bæjum nú fyrir skemstu. Það eru aðeins 4 sýslur, sem kláði hefir komið upp til muna, Árnes- og Rangárvallasýsla, Húnavatns-og Skagafjarðarsýsla. Með öðrum orðum: það væri nægilegt að fyrirskipa baðanir í þessum 4 sýslum. Kláðinn er tæpast almennur annarstaðar. Náttúrlega getur verið, að kláðinn kunni að komi upp víðar, því að hann getur leynst, þegar hann er á vægu stigi. En eg er í vafa um, hvort svo mikil brögð eru að kláðahættunni, að þetta mikla apparat þurfi. Hins vegar er mál þetta þess vert, að því sé sint, því að kláðinn var áður regluleg landplága. En svo er önnur spurning. Er það áreiðanlegt að þessi böðun verði árangursmeiri en fyrri tilraunir? Ef það er ekki víst, þá virðist miklu fé stofnað í hættu að nauðsynjalausu. Því að það er áreiðanlegt, að það má halda kláðanum í skefjum með þeim lögum, sem vér höfum nú. Svo er enn eitt: Er ástæða til þess að leggja nokkuð af þessum kostnaði á landssjóð? Það er áður búið að verja yfir 200 þús. úr landssjóði til kláðalækninga. Væri nú ekki réttara að láta fjáreigendur bera allan þennan kostnað, þegar búið er að létta svona mikilli byrði af þeim áður? Það verða 20—25 þús., sem þetta kostar landssjóð. Og það er ekki lítið fé. Enn er þess að gæta við þetta frumv., að það vantar í þriðju grein ákvæði um, að gjald fyrir baðlyf, flutning, geymslu og annan kostnað, megi laka lögtaki. Þetta þyrfti að taka fram, því að annars hafa gjöld þessi ekki lögtaksrétt. Eins þyrfti líka skýrar að vera tekið fram, að fjáreigendur sjálfir beri allan kostnað við baðanirnar, annan en helming kostnaðar við baðara og kláðalækna. Mér sýnist svo margt athugavert við frv., að eg vil taka það fram, að það getur vel verið, að eg greiði atkvæði á móti því úr deildinni, þótt eg geri það ekki við þessa umræðu.

Ráðherra (Kr. J.): Í viðbót við athugasemdir hv. 4. kgk. þm. vil og benda hv. deild á, að landsstjórnin á að „annast kaup á baðlyfjum, flutning þeirra á viðkomustaði strandferðaskipa, vátrygging, geymslu og afhending“. Alt þetta er mikill kostnaður, sem landssjóður verður að leggja út fyrir fram. Og nú er búið að hlaða svo miklum útgjöldum á landssjóð þetta ár, að það getur vel svo farið, að landssjóður eigi erfitt með að leggja svo mikla fjárhæð út, þótt ekki sé nema til bráðabirgða. Eg vildi að eins benda á þetta, að hér er um stórfé að ræða, sem getur dregist að landssjóður fái inn aftur, jafnvel svo árum skifti, því að mér er kunnugt um það, að innheimta slíkra gjalda gengur alls ekki greiðlega.

Eg veit ekki hvað vakir fyrir þeim hv. þingmönnum, sem vilja demba svo miklum útgjöldum á landssjóð ofan á alt annað.

Jens Pálsson: Að eg hefi gengið úr forsetasæti og beðið um orðið í þessu máli stafar af því, að eg hygg mig kunn-

ugastan allra háttv. deildarmanna verklegri viðureign við fjárkláðalækningar um undanfarin 30—40 ár. Stendur svo á því, að eg 1874 reisti bú og eignaðist sauðfé í einhverri hinni grómteknustu fjákláðasveit á suðurlandi á þeim tíma, Ölvesinu. Um það leyti var Jóni heitnum landritara Jónssyni falið með konunglegu umboði (Commissorio) að útrýma fjárkláðanum með lækningum á hinu grunaða og sjúka kláðasvæði hér sunnanlands; en þá var fortekið að nokkur fjárkláði ætti sér stað annarstaðar á landinu. Jón landritari ferðaðist um sveitirnar, skipaði fyrir um lækningar eftir dýralæknisráði og fyrirmælum, setti menn til framkvæmda og gekk eftir að hlýtt væri settum reglum. Bændum lærðist af þessu listin að lækna fjárkláðann og honum var útrýmt með öllu af lækningasvæðinu á tiltölulega skömmum tíma, án nokkurs annars kostnaðar af hálfu hins opinbera, að því er eg bezt veit, en ferðakostnaðar til Jóns landritara. Liðu síðan allmörg ár svo, að lítt eða ekki var fjárkláða vart né á hann minst manna á meðal eða í blöðum landsins. Svo fór það smátt og smátt að koma upp úr kafinu, að fjárkláðinn sé að gera vart við sig og að magnast í ýmsum sýslum landsins öðrum en fornu kláðasýslunum hér á suðurlandi. Og nú fór hann einnig að berast inn í þær með einstökum kindum úr réttum annarstaðar að. En hér syðra var hann jafnharðan læknaður. Annarstaðar á landinu var það ekki gjört, og fjárkláðinn magnaðist þar, og varð á ný að stórmáli, er landsstjórnin og blöðin létu mjög til sín taka. Um það leyti var fullyrt, að fjárkláða hefði verið útrýmt úr endilöngum Noregi með tóbaksseyðisbaði með forgöngu og umsjón Myklestads dýralæknis. Varð þá að ráði að gera hið sama hér á landi. Myklestad var til þess fenginn að framkvæma slíka útrýmingar-böðun á landsins kostnað að mestu leyti. — Eg var frá upphafi vantrúaður á, að fjárkláðinn upprættist hér á landi á þennan hátt, og fór ekki dult með þá vantrú. Mér þóttu engar líkur til, að í útigangssveitunum næðist hver kind í baðið, né að hellar og skútar, er útigangsfé liggur við, yrði tryggilega hreinsað o. s. frv. Og er eg sá böðunaraðferðina, sannfærðist eg um, að með slíkri aðferð yrði fjárkláði eigi upprættur. Engin rannsókn um hörundskvillann gerð fyrir fram á kindunum; þeim dembt í að eins eitt bóbaksseyðisbað, — og öllum kláða átti þar með að vera útrýmt, og alt trygt framvegis. Þessi aðferð stakk í stúf við þá, er viðhöfð var við kláðaútrýminguna hér syðra fyrir meir en 30 árum. Þá var hver kind rannsökuð fyrirfram, þuklað um alt hörund hennar, og fyndist kláðapref eða hrúður, var það rifið upp og borinn í tóbakslögur vendilega; en þar á eftir voru kindurnar baðaðar í maurdrepandi legi tvisvar með hæfilegi millibili. —

Þegar eg sá þessa nýju aðferð, blandaðist mér ekki hugur um, að okkur hefði verið nær að láta einhvern dugandi bónda, er fengist hefði við fyrri kláðaútrýminguna hér syðra, t. d. hreppstjóra Jón Arnason dbrm. í Þorlákshöfn, standa fyrir og stjórna þessari seinni útrýmingarlækning með ráði dýralæknis vors, en þennan norska Myklested. —

Okkur var talin trú um, að þessi Myklestads lækning væri tryggileg til algerrar upprætingar og útrýmingar fjárkláðanum í landinu. Þessu trúði stjórnin og þingið og því var ráðist í útrýmingarböðunina yfir land alt, og kostað til of fjár, alt að $^1/_4$ miljón króna, að sögn. En þess trú var ekki annað en hjátrú og hefir því brugðist. Fjárkláðanum er ekki útrýmt úr landinu, hann er enn við líði í 4 sýslum landsins að mun, og nokkrum fleirum að litlu leyti. —

Er nú ekki þessi reynsla nógu þung og nógu dýrkeypt til þess, að gera okkur dálítið tortrygna og hikandi, að stofna til annarar afardýrrar samkynja tilraunar, eins

og gert er með þessu frumvarpi. Framkvæmd þess yrði afardýr landssjóði, sýslusjóðum og sveitasjóðum, en allir þessir sjóðir eru víðast hvar hlaðnir helzti miklum útgjöldum undir. — Frumvarpið verður, ef það verður að lögum, of dýrt, og að minni skoðun eru slík lög ekki nauðsynleg. — Viðureign hvers fjáreiganda sem er við kláða, þá er hans verður vart í hjörð hans, er ekki eins örðug og af er látið; og þótt fjárkláða hafi nú orðið vart á fám bæjum í landinu, tel eg engan voða á ferðum. Það er engum meðalgreindum manni ofvaxið að lækna kindur sínar af kláða, ef menn að eins vilja það og hirða um það. Og aðhaldi má beita við menn með lögum þeim, er vér þegar höfum um það efni. — Sé kláðinn læknaður, þar sem hann kemur upp, og öllu sauðfé gefið gott þrifabað árlega, mun fjárkláði og önnur óþrif haldast niðri í landinu. Að lögleiða árleg þrifaböð, 1 eða 2, á öllu sauðfé væri þarflegt og borgaði sig vel, en þetta frumvarp er að minni skoðun ekki heppilegt og á að falla. —

Jósef Björnsson: Eg skal ekki lengja umræður um mál þetta, en vildi þó beina örfáum orðum til hv. 4. kgk. Eftir þessu frv. er ætlast til að alt fé sé tvíbaðað, og það þykir mér augljóst, að ekki muni duga eitt bað til þess, að útrýma kláðanum fljótlega með öllu. Um það eru menn samdóma, sem bezt vit hafa á þeim hlutum. Full trygging fæst, ef til vill, tæplega þótt tvíbaðað sé, en frekari trygging liggur í að taka kláðann, nú þegar hann er lítill, og í tvíböðun. Að því er kostnaðinn snertir, er eg háttv. 4. kgk. alveg sammála; eg hefði kunnað betur við að fjáreigendurnir sjálfir bæru allan kostnaðinn. Eg get líka viðurkent með hæstv. ráðh., að það geti orðið landssjóði talsvert örðugt, að leggja fram alt það fé, sem til lækninganna þarf, jafnvel þótt endurgjaldið sé víst.

Að því er snertir ræðu hv. 2. þm. Kjósar- og Gullbringusýslu, þá er eg honum að miklu leyti sammála um það, að oft sé hægt að lækna, ef viljinn er góður. Hann sagði, hv. þm., að hér væri í raun og veru enginn voði á ferðum; þar er eg honum ekki alveg samdóma; menn hafa kanske ekki altaf eins nánar gætur á máli þessu og skyldi, og þá getur vitanlega fjárkláðinn útbreiðst storkostlega. En eg er hv. þingm. alveg samdóma um það, að fjárkláðanum megi að miklu eða öllu leyti útrýma án nýrra laga, sé einbeittur vilji á því meðal fjáreigenda í landinu og samtök góð; og eins er eg honum samdóma í því atriði, að þrifaböð á sauðfé ættu að vera fyrirskipuð á hverju heimili. Það er eitt þeirra atriða, sem eg tel mjög þýðingarmikið, og sem eg sakna mjög að ekki standa í frumvarpinu. Eg er þess fullviss, að með því móti mundi fjárkláðinn aldrei ná neinum verulegum tökum, og að líkindum hverfa með öllu með tímanum, þó ekki væri annað lögskipað. En þrifaböð margborga sig auk þess fyrir fjáreigendur í betri þrifum og meiri afurðum sauðfjárins.

Stefán Stefánsson: Háttv. 4. kgk. sagðist vera hikandi í máli þessu; en það er eg ekki; eg mun hiklaust greiða atkvæði á móti því.

Eg er algerlega sammála hv. þm. Kjósar- og Gullbr.sýslu um það, að fjárkláða megi útrýma með þeim fyrirskipunum og lögum, sem nú höfum vér. Og takist það ekki, þá er það einungis fyrir okkar eigin trassaskap. Fjárkláði er enganveginn eins algengur og menn virðast ætla. — Það er ekki rétt, að fjárkláði hafi verið í Eyjafirði; og það er stórmerkilegt, að dýralæknirinn skuli hafa haldið því fram, að svo hafi verið. Eg vil benda á, að skýrsla um þetta efni í blaðinu „Norðurlandi“ var röng, óviljandi, og hefir verið leiðrétt síðar; og eg vil taka það fram, að eg met meira reynsluna í þessu efni heldur en álit og ummæli hinna svokölluðu lærðu dýralækna.

Og það er eingöngu skeytingarleysi manna að kenna, ef ekki tekst að útrýma fjárkláðanum með þeim lögum, sem nú höfum vér.

Sigurður Stefánsson: Eg verð að játa, að mér sem manni, er ann landbúnaðinum, tekur sárt til frumvarps þessa. Eg skal fúslega játa, að útrýming fjárkláðans þurfi ekki að vera svona kostnaðarsöm fyrir landið. Eg get líka játað með hv. ráðherra, að þetta geti orðið nokkuð ervitt fyrir landssjóðinn, og eg held að með einu fyrirskipuðu þrifabaði gæti hepnast að halda fjárkláðanum í skefjum. En það er eitt, sem ég óttast í þessu máli, og það er innheimtan, sem hreppsnefndir eiga að hafa; hún getur stundum farið nokkuð í handaskolum, fyrst ekki er lögtaksréttur á þeim. Eg hefi nú hugsað mér, þar sem tíminn er orðinn svo naumur, hvort ekki mætti leggja fyrir næsta alþingi, aukaþingið væntanlega, frumv. þess efnis, að öllum bændum væri gert að skyldu að baða fé sitt einu þrifabaði á ári. Þannig lagað fyrirkomulag er nú mjög tíðkað í einu mesta fjárræktarlandi heimsins, Skotlandi, og hefir gefist vel. Slíkt hefir reynst borga sig mjög vel, bæði í ull og öðrum afurðum, og vil eg því lesa upp rökstudda dagskrá þessu viðvíkjandi, er hljóðar svo:

„Í því trausti að stjórnin leggi fyrir næsta alþingi frv. til laga, er skyldi alla fjáreigendur landsins til að baða sauðfé sitt þrifabaði að minsta kosti einu sinni á ári, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Jósef Björnsson: Háttv. 6. kgk. sagði að reynslan hefði sýnt, að hægt væri auðveldlega að útrýma fjárkláða með einu baði. Það væru dýralæknar einir, sem annað segðu. Fjárræktarmenn segðu það ekki. En það er ekki fullkomlega rétt; eg hefi hérna fyrir framan mig dálítin pésa, á ensku, eftir tvo enska fjárræktarmenn, sem segja það gagnstæða, sem fullyrða það, að til útrýmingar þurfi 2 böð, og síðara baðið eigi ekki að fara fram fyr en eftir minst 15 daga (15—18 daga), til þess að vissa fáist fyrir, að ungviði, sem fram kemur úr eggjum eftir fyrra baðið, drepist, en fénu sé ekki misboðið. En eg vil taka það fram, að eg tel frv. ekki eins æskilega undirbúið og vera ætti. Eg verð að leggja mikla áherzlu á að þrifaböð sauðfjár séu gerð hverjum fjáreiganda að skyldu; það margborgar sig.

Jens Pálsson: Það eru aðeins fáein orð, er eg vildi mega bæta við það, er eg sagði áðan. —

Eftir því sem fram hefir verið tekið í umræðunum hér í deildinni, og bygt mun vera á opinberum skýrslum, eru heilar sýslur alveg lausar við fjárkláða, og þær ekki allfáar. Skal eg í sambandi við þetta láta þess getið, að eg veit ekki betur, en að Gullbringusýsla hafi verið alveg laus við kláða um langt skeið áður en útrýmingarböðun Myklestads fór fram, og síðan hefi eg ekki heldur heyrt þess getið, að fjárkláða hafi orðið þar vart. — Hvort það var á undan þeirri böðun eða á eftir að eg heyrði kvitt um kláðavott á einhverjum bæ í Kjósarsýslu, man eg ekki með vissu. — Eg verð, af því, sem mér er kunnugt um fjárkláðann í landinu, á yfirstandandi tíma, að álykta að hann sé til á einstaka bæ í fáeinum sýslum landsins. — Út frá þessu gekk eg í fyrri ræðu minni, og út frá því spyr eg aftur nú: er það skynsamlegt og réttmætt, að hleypa landinu öllu í ærinn kostnað út af þessu, — og það með annari eins rekistefnu og vafstri og frumvarp þetta fer fram á? Eg held ekki. — Skal eg þessu til skýringar taka það dæmi, að hlaupabóla kæmi á börn á einu heimili í hreppi, eða að almennur kláði í greipum og höndum manna væri á tveimur eða þremur heimilum í sýslu, mundi það þá þykja skynsamlegt að fyrirskipa með lögum dýra og fyrirhafnarsama kláðalækning á öllum börnum í hreppnum eða öllum manneskj-

um í sýslunni? Eg held ekki. Eg held það þætti vera og væri fjarstæða. — Og sama finst mér um þetta frumvarp.

Á hinn bóginn hefi eg ekkert á móti hinni rökstuddu dagskrá hv. þingmanns Ísafjarðarkaupstaðar. Það er þýðlegri meðferð á frv. að víkja því frá á þann hátt, en að fella það. Það tel eg rétt að stjórnin taki málið sér í hönd, og mjög er eg því hlyntur, að lögskipaðar verði hér á landi þrifabaðanir á sauðfé, — ein eða tvær á ári hverju.

Væri fjárkláðinn með rækilegri rannsókn eða skoðun alls sauðfjár á landinu, leitaður uppi, þar sem hann er, og gjörlæknaður þar, og væru svo árlegar þrifabaðanir lögleiddar og framkvæmdar svikalaust af öllum fjáreigendum á landinu, þá hygg eg að hætta og tjón af fjárkláða og öðrum hörundskvillum og óþrifum í sauðfé væri þar með úr sögunni.

Fleiri tóku ekki til máls. Rökstudd dagskrá þms. Ísafjarðarkaupstaðar borin undir atkv. og samþ. með 8:1 atkv.

Gerðardómur í brunabótamálum.

FRUMVARP til laga um gerðardóm í brunabótamálum.

Fyrsta umr. í efri deild 28. apríl (735).

Ráðherra (Kr. J.): Eg býst við að það verði skipuð nefnd í þetta mál, því að það er að ýmsu leyti athugavert. Vil eg leiða athygli hinnar háttvirtu deildar og væntanlegrar nefndar að einu aðalákvæði frumvarpsins, sem er í 1. grein þess, og fer í þá átt, að skylt skuli vera að leggja ágreining í brunabótakröfumálum undir gerðardóm.

Hér er gjörsamlega farið í bága við það sem frá alda öðli hefir verið í lögum hér á landi, að hver og einn mætti eða gæti snúið sér til dómstólanna, þegar hann vildi eða þyrfti að fá útkljáðan ágreining um réttarspursmál.

Og mikil áherzla hefir jafnan verið lögð á það, að engan mætti draga frá sínu, varnarþingi. En hér er einstökum mönnum eða félögum varnað að leita til dómstólanna til að ná rétti sínum, ef frumv. þetta verður að lögum. — Þetta er svo athugavert, að deildin þarf að íhuga frv. grandgæfilega, enda vænti eg þess, að nefnd verði skipuð til að taka það til meðferðar.

Lárus H. Bjarnason: Eg sting upp á 3. manna nefnd.

Vísað til 2. umr. með 9 samhlj. atkv.

3. manna nefnd samþ. með 10 samhlj. atkv. og í hana kosnir:

Julius Havsteen,
Kristinn Daníelsson,
August Flygenring.

Tollur af póstsendingum.

FRUMVARP til laga um toll af póstsendingum, sem koma til Íslands frá útlöndum.

Fyrsta umr. í efri deild 28. apríl (733).

Lárus H. Bjarnason: Eg vildi leyfa mér að leggja það til að máli þessu sé vísað til nefndar þeirrar sem kosin var í tollalagafrumvarpið og farmgjaldsfrumvarpinu hefir verið vísað til.

Málinu vísað til 2. umr. með 9 samhlj. atkv.

Vísað til tollalaganefndar með 11 samhlj. atkv.

Stofnun húsmæðraskóla.

FRUMVARP til laga um stofnun húsmæðraskóla.

Fyrsta umr. í efri deild 26. apríl (707).

Lárus H. Bjarnason: Eg var að bíða eftir því að einhver annar stæði upp, en

úr því að svo er ekki, vil eg leyfa mér að stinga upp á því að sett verði í málið 5 manna nefnd, að lokinni umræðunni.

1. umr. lokið.

Málinu vísað til 2. umr. með 8:2 atkv.

Samþ. 5 manna nefnd með 10 shlj. atkv. og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Sigurður Stefánsson,
Eiríkur Briem,
Jósef Björnsson,
Lárus H. Bjarnason,
Kristinn Daníelsson.

Öryggi skipa og báta.

FRUMVARP til laga um öryggi skipa og báta.

Fyrsta umr. í efri deild 18. febr. (stj.frv. bls. 174—179).

Lárus H. Bjarnason: Eg vil leyfa mér að leggja til að þessu máli, sem er náskylt því máli, er síðast var á dagskrá, verði vísað til sömu nefndar.

1. umr. lokið.

Samþ. í einu hlj. að málið gangi til 2. umræðu.

Samþ. í einu hlj. að vísa málinu til nefndar þeirrar, er skipuð hafði verið í málið: Frv. til laga um vita, sjómerki o. fl. og er sú nefnd skipuð þessum þingmönnum:

Sigurður Stefánsson,
Júlíus Havsteen,
Gunnar Ólafsson,
Ágúst Flygenring,
Sigurður Hjörleifsson.

Skógrækt.

FRUMVARP til laga um skógrækt.

Fyrsta umr. í efri deild 1. apríl (431).

Lárus H. Bjarnason: Eg leyfi mér að stinga upp á að þessu máli verði vísað til ábúðarlaganefndar að lokinni umræðu.

Ráðherra (Kr. J.): Það er eitt atriði í máli þessu, sem eg vildi leiða athygli hinnar háttvirtu nefndar að, sem væntanlega verður skipuð í þetta mál.

Það er í 2. grein frumvarpsins ákveðið að laun skógræktarstjóra skuli vera 2400 kr.

Eftir því sem mér er bezt kunnugt, er samið við þann mann, sem nú hefir starfið á hendi, um hærri laun, sem sé 3000 kr.

Eg drep aðeins á þetta, svo nefndin geti athugað, hvernig fram úr þessu verður ráðið. Hún verður í þessu efni að gæta þess að eigi sé gengið á gjörða samninga.

Eg hefi einnig vakið máls á þessu, og bent á það í háttvirtri neðri deild. Raunar ekki í ræðu, en í viðtali við einstaka þingmenn.

Vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Tillaga um að málið sé fengið í hendur nefndinni, sem hefir til meðferðar frumvarp til viðauka við ábúðarlögin.

Samþykt í einu hljóði.

Sveitarstjórn.

FRUMVARP til laga um breytingu á sveitastjórnarlögum 10 nóv. 1905.

Fyrsta umræða í efri deild 8. marz (99).

Kristinn Daníelsson: Eg geri ráð fyrir, að háttvirtir deildarmenn hafi fengið tíma til að kynna sér þetta stutta frumvarp, sem eg leyfi mér að leggja fyrir hina háttvirtu deild og fela velvild hennar. Frumvarp þetta er ekki margbrotið, en eg vona að hinni háttvirtu deild þyki það þó svo mikils vert, að hún skipi nefnd að umræðum loknum til þess að athuga það.

Það sem hefir komið mér til að bera þetta frumvarp fram er reynsla mín í þessum málum, sem hefir sýnt mér, að hin núgildandi lög eru ekki fullnægjandi. Sérstaklega eru það tvö atriði þeirra, sitt í

hvorri grein, sem mig langar til að vekja athygli hinnar háttvirtu deildar á.

Í fyrri greininni er talað um 4 mánaða dvalartíma sem skilyrði til gjaldskyldu.

Eftir því sem atvinnureksturinn verður fjörugri og margar nýjar atvinnugreinar bætast við, sem ekki voru til áður, eftir því verður þetta ákvæði meira ófullnægjandi. Meðal annars á þetta sér stað þar sem útlendingar eiga í hlut. Þeir ættu ekki að sleppa við gjaldið, þegar þeir koma að stunda mjög svo góða atvinnu hér, þótt um stuttan tíma geti verið.

Eg skal til dæmis nefna Norðmenn, sem koma hingað til að bræða þorskalýsi, og hlýtur þessi atvinna að vera þeim mjög arðsöm. Eg hefi raunar ekki séð atvinnureikninga þeirra, en þeir koma hingað ár eftir ár og þeim fjölgar með hverju ári.

Þeir eru hér að eins 6—8 vikna tíma og hefir því ekki verið leyfilegt, vegna fjögurra mánaða ákvæðisins, að leggja á þá útsvar. Þetta er þó þvert ofan í það, sem þeir hafa búist við sjálfir.

Eg hefi heyrt utan að mér, að þetta miði að eins til smámunalega að nurla nokkrar krónur handa sveitarsjóðunum. En eg vil halda því fram, að það sé full ástæða til að gjaldstofn sveitanna sé ekki rýrður, heldur ef unt er færður út, því að á því er hin brýnasta þörf.

Það er ekki smálitlar gjaldabyrðar, sem lagðar eru á alþýðu manna með sveitarútsvarinu, og mætti mönnum standa verulegur stuggur af, hve mjög þær vaxa ár frá ári.

Eg vil sem dæmi nefna eitt hreppsfélag, sem eg þekki vel til. Þar var aukaútsvarsbyrðin fyrir fám árum fimm þúsundir króna. Nú hefir það verið gert að tveim hreppsfélögum og eru aukaútsvörin í þeim saman tíu þúsundir króna. Það mun vera hér um bil þúsund manns í hreppsfélögunum, svo að tíu krónur koma þá á hvert einasta mannsbarn. — Þannig hafa útgjöldin aukist, svo að ekki er vanþörf á að nota alla sanngjarna álögustofna.

Þó að sumir haldi, að hér sé um smámuni að ræða, að hér sé verið að reyta inn nokkra aura handa sveitafélögunum, þá mun samt bezt að halda utanað tekjum sveitafélaganna, og gera þeim sem auðveldast að afla hins nauðsynlega fjár.

Eg hefi gert um leið nokkrar smábreytingar, sem eg er þó ekki viss um að öllum þyki heppilegar, en þær verða þá athugaðar í nefnd og lagfærðar. Þegar fjórum mánuðum er breytt í fjórar vikur, þá ætlaði eg að sleppa mætti úr lögunum ákvæðunum um hvalveiði, síldarveiði og laxveiði, en verið getur þó, að þessu megi ekki sleppa að öllu, sérstaklega ákvæði um síldarveiði með nót, því það getur verið að hún sé rekin enn styttri tíma með ákaflegum miklum ágóða.

Sömuleiðis sleppi eg niðurlagi 36 gr.

Eg gerði það með ásettu ráði að sleppa þessum kafla úr, með því mér virtist hann óþarfur, þótt vera kunni að öðrum lítist annað, enda bjóst eg við að þegar frumvarpið væri komið á framfæri, yrðu fleiri, sem vildu laga eitthvað.

Það getur verið að einhverjir komi með þær mótbárur móti frumvarpinu, að hér sé verið að koma með smábreytingar á stórum lagabálki, en ekkert er eðlilegra en að lög, sem svo daglega eru notuð, þurfi ýmsra smábreytinga við.

Þá kem eg að annari greininni og vildi eg minnast stuttlega á hana.

Í henni er fólgið bersýnilegt misrétti milli fiskimanna á róðrabátum. Eftir núgildandi lögum er ekki hægt að leggja á þá aukaútsvar, ef þeir koma frá sama flóanum og veiðistöðin er við, og einu gildir hversu stór flóinn er, en undir eins og maður kemur annarstaðar frá, verður lagt á hann útsvarið.

Eg skal sem dæmi nefna hér suður með sjó. Ef maður kemur til róðra úr Grinda-

vík, þá er hægt að leggja útsvar á hann, en ekki aftur á mann, sem kemur undan Jökli og hefir það einmitt komið stundum fyrir, að menn undan Jökli hafa stundað róðra hér suður með sjó.

Það þarf að gera þessum mönnum öllum jafn hátt undir höfði. Annaðhvort þarf að leysa þá alla undan útsvarsskyldunni eða leyfa að lagt sé á þá alla.

Þá hefi eg slept úr orðunum, að formaður skuli hafa lokið útsvari áður en hann fer á brott, með því eg áleit þau óþörf eftir atvikum. Það gerir ekkert til, þótt sá sem lagt er á sé farinn úr sveitinni, þegar jafnað er niður, ef ákveðið væri, til hvers væri að snúa sér með gjaldið. Eg vil svo ekki fjölyrða meir um málið að sinni, en vil stinga upp á, að í það sé kosin heldur 5 en 3 manna nefnd. Málið er að vísu ekki yfirgripsmikið og ætti ekki að vera tímafrekt, en betur sjá augu en auga.

(Lárus H. Bjarnason: Mættu ekki vera sjómenn í nefndinni).

Eg geri það ekki að tillögu minni, en háttvirtur fimti konungkjörinn getur gert það að sinni, og þætti mér þá betra að hann gerði það standandi en sitjandi.

Vísað til 2. umr. með 9 samhlj. atkv.

Samþykt að kjósa fimm manna nefnd með 9 samhljóða atkvæðum og hlutu kosningu:

Kristinn Danielsson,
Steingr. Jónsson,
Jósef Björnsson,
Augúst Flygenring og
Ari Jónsson.

Ölgerð og ölverzlun.

FRUMV. til laga um ölgerð og ölverzlun.

Fyrsta umr. í efri deild 2. maí (801).

Framsögum. Júlíus Havsteen: Eg get ekki litið svo á, að þetta mál geti komið til umræðu hér í deildinni, mér finst það koma gersamlega í bága við stjórnarskrána; í 51. gr. stendur, að öll bönd, sem hamli á einhvern hátt atvinnufrelsi manna, skuli afnumin með lagaboði. Þá má ekki heldur binda slík bönd með lagaboði, og eg vona að frumvarpinu verði af þessum ástæðum vísað frá þegar í stað, og leyfi mér að bera fram kröfu mína hér að lútandi fyrir hæstv. forseta.

Forseti: Þar sem hv. 1. kgk. þingm. hefir lýst yfir þeirri skoðun sinni, að frumvarp þetta ríði í bága við 51. gr. stjórnarskrárinnar, og geti því eigi komið til umræðu hér í deildinni, — og beint til mín kröfu um, að því verði vísað frá, — þá skal eg taka fram, að eg get ekki fallist á þessa skoðun hans né orðið við þessari kröfu hans, því að eg fæ ekki séð, að með þessu frumvarpi sé verið að leggja neinar óréttmætar hömlur eða bönd á atvinnufrelsi manna og jafnrétti til atvinnu. Alit eg því, að ekki geti komið til mála, að frv. fari í bága við 51. gr. stjórnarskrárinnar. Eg úrskurða því, að málið liggi fyrir til umræðu.

Ráðherra (Kr. J.): Spurningin, sem hér liggur fyrir, er sú, hvort frv. þetta komi ekki í bága við almennings heill, og það er þetta sem er punctum saliens í málinu, og eg fyrir mitt leyti verð algerlega að fallast á úrskurð hæstv. forseta, að frv. sé eigi svo vaxið, og að fyrir því sé eigi lögleg ástæða til að vísa málinu frá.

Júlíus Havsteen: Mér þætti gaman að vita, hvort það er nokkur almennings heill í því að óáfengt öl yrði eingöngu selt í Reykjavík eða einhverjum öðrum kaupstað landsins. Það þarf engrar útlistunar við, hve kynlegt það er, að að eins megi búa þetta öl til á einum stað í landinu. Öl geymist ekki vel, og flestir fengju það eigi heim til sín öðruvísi en gallsúrt, en eg get ómögulega álitið, að það standi í nokkru sambandi við almenningsheill, að drekka súrt öl; getur verið, að þeir sem

hafa búið til þetta lagabrot haldi upp á súrt öl. Svo er lagabrotið hreint og beint einokun á ölverzlun, og kastar það tólfunum, ef vér nú förum að innleiða einokunarverzlunina sælu, sem vér vorum svo glaðir að losast við á sínum tíma. Það er undarlegt að hugsa sér, að menn geta fundið upp á slíku lagabroti. Eg álít það sjálfsagt, að hv. deild eigi ekki að vera að eyða sínum dýrmæta tíma í umræður um þetta frv. heldur fella það undir eins.

Fleiri tóku ekki til máls.

Frv. borið undir atkv. og felt frá 2. umr. með 6:5 atkv.

Íslenzkur fáni.

Fyrsta umræða í efri deild 2. maí (793).

FRUMVARP til laga um ísl. fána.

Lárus H. Bjarnason: Eg leyfi mér að stinga upp á 3 manna nefnd í málið, að lokinni umr.

Umr. lokið.

Visað til 2. umr. með 6: 2.

3. manna nefnd samþ. með 8 shlj. atkv., og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Steingr. Jónsson,
Gunnar Ólafsson,
Ágúst Flygenring.

Vantraustsyfirlýsing og ráðherraskifti.

I.

TILLAGA til þingsályktunar um að lýsa vantrausti á núverandi ráðherra (36); hvernig ræða skuli.

22. febrúar.

Forseti: Eg leyfi mér að stinga uppá einni umræðu, og ef enginn hefir neitt á móti því, leyfi eg mér að skoða það sem samþykt.

(Þingsályktunartillagan var aldrei rædd).

II.

1. marz.

Ráðherra (B. J.): Eg skal leyfa mér að tilkynna virðul. deild svar hans hátignar konungs við lausnarbeiðni minni. Það er svo látandi í íslenzkri þýðingu:

„Lausnarbeiðni yðar meðtekin, þótt leitt þyki mér, og bið eg yður þjóna embættinu þar til er skipaður er eftirmaður yðar".

Þetta svar barst mér þegar á laugardaginn er var, og hefði eg tilkynt það í fyrradag, ef eg hefði eigi verið að hinkra við eftir því að meiri hlutinn kæmi sér saman um einhvern eftirmann minn. Eg skal sömuleiðis tilkynna virðul. deild að eg fékk í gær annað skeyti þess efnis, að konungur voni að haldið verði áfram tilraunum til að ná samkomulagi um eftirmann, og að hann verði látinn vita afdrifin, er hann kemur heim úr ferð sinni til Sviþjóðar 11. þ. mán. (marz).

III.

15. marz.

Áður en gengið var til dagskrár, lýsti forseti því yfir, að ráðherra hefði óskað að taka til máls.

Ráðherra (Kr. Jónsson): Eg skal leyfa mér að skýra hv. deild frá því, að eg hefi í morgun fengið svohljóðandi símskeyti frá stjórnarskrifstofunni í Höfn:

„Deres til Hans Majestæt Kongen sendte telegrafiske Indstilling om Udnævnelse af Justitiarius Kristján Jónsson til Islands Minister og Entledigelse i Naade og med Pension af Minister Björn Jónsson, bifaldet af Hans Majestæt Kongen Amalienborg, 14. Martz.

Bestalling for Justitiarius Kristján Jónsson, til at være Minister for Island, underskreven af Kongen samtidig.

Krabbe".

Þetta er í íslenzkri þýðingu svohljóðandi:

„Tillaga yður, símuð til Hans Hátignar konungsins, um að justitiarius Kristján Jónsson verði skipaður ráðherra Íslands, og um að ráðherra Birni Jónssyni verði veitt lausn og með eftirlaunum, er samþykt af hans Hátign konunginum, á Amalienborg þ. 14. marz.

Skipunarbréf fyrir justitiarius Kristján Jónsson, til að vera ráðherra fyrir Ísland, samtímis undirritað af konunginum.

Krabbe".

Um leið og eg tilkynni þetta, vil eg leyfa mér að segja örfá orð í þessari deild, sem eg hefi setið í svo mörg ár. Hún þekkir mig, hugsunarhátt minn, vegi mína og framferði, því að hér hefi eg verið öll þau ár, sem eg hefi setið á þingi. Þykist eg því mega vænta þess, að deildin sýni mér fremur velvilja en hitt. Að því er snertir útnefningu mína, skal eg geta þess, að er eg undirgekst að taka að mér ráðherraembættið, hafði eg ástæðu til að ætla, og get enn álitið, að eg hafi mátt reiða mig á stuðning meiri hluta þingmanna. Eg hafði ástæðu til að ætla að eigi færri en 23. þm. myndu styðja mig, eða að minsta kosti eigi amast við mér sem ráðherra. Eg hygg því að óhætt sé að fullyrða, að hér hafi þingræði eigi verið traðkað eða að neinu leyti misboðið. Eg tek þetta fram vegna þess, sem fram hefir komið síðan í gær af hálfu nokkurra þingmanna. — Sem ráðherra mun eg kosta kapps um að koma á friði og ró í landinu. Ófriðaröldum þeim er yfir landið hafa gengið um síðastliðin ár verður að lægja. Það er hið nauðsynlegasta, hið eina nauðsynlega í bráðina. — Hin pólitisku stórmál ættu að fá að hvíla sig, liggja niðri um nokkur ár. Við ættum að reyna að eyða deilum í landinu, og hugsa meir um hvað landi og lýð sé gagnlegast. — Á þessu þingi mun eg stuðla að því af fremsta megni, að viðunanleg fjárlög verði samþykt, og að hagfeld stjórnarskrárbreyting nái fram að ganga. Verður þá þingið að sjálfsögðu rofið. En eg lýsi því yfir, að þó engin stjórnarskrárbreyting verði samþykt, þá hefi eg alt um það ásett mér að rjúfa þingið, til þess að þjóðinni gefist færi á að láta í ljós álit sitt um þá atburði, er hér hafa gerst. Það er hún, sem á að leggja dóm á þá.

Fjármálanefnd.

TILLAGA til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til að íhuga ýms fjármál landsins (790).

29. apríl.

Sþ. í e. hlj. að ræða tillöguna í einni umræðu.

Ein umræða í efri deild 4. maí (790).

August Flygenring: I þessari tillögu eru 3 liðir. I 1. lið er gjört ráð fyrir að nefnd þessi rannsaki, hvort auka megi tekjur landsjóðs með einkarétti á aðfluttum vörum. Í 2. lið, að hún íhugi bankamál landsins, og í 3. lagi að hún athugi ýms atvinnu og verzlunarmál, svo sem hlutafélög og samvinnufélagsskap. Það blandast víst engum hugur um, að það er mikill vandi að kjósa í þessa nefnd, svo að hún verði vel skipuð, og geti leyst af hendi starf sitt, sem er afarmikið, eins og t. d. 2. liður.

Fyrsti liður er orðaður svo, að nefndin eigi að rannsaka, hvort tiltækilegt sé að auka tekjur landsjóðs með einkarétti á aðfluttum vörum. Þetta er nýtilkomin fluga, sem hefir verið skotið út og ætlast er til að megi bjarga með öllum fjárhag landsins. Eg og fleiri lítum svo á, að það

væri miklu nær að íhuga ýmsar aðrar leiðir, sem skynsamlegri væru og auðveldari.

Út af þessu hefi eg ásamt háttv. 4. kgkj. komið fram með brtill. við þann lið, sem fer fram á að fyrst skuli rannsaka, með hverju móti sé tiltækilegt að auka tekjur landsjóðs, og síðan eða jafnframt, hvort heppilegt væri að landið hefði einkasölurétt á nokkrum aðfluttum vörum. Hið síðara hefi eg ekki sett af því, að eg álíti það atriði ætti að fylgja með, heldur hefi eg gjört það til samkomulags við neðri deild. Um hina liðina höfum við gjört þær tillögur, að þeir falli burtu, af því, að við búumst við að nefndin hafi stuttan tíma til starfa og að nefndarmenn hafi önnur störf á hendi jafnframt; þá þótti okkur ekkert þýða að hlaða meiri störfum á hana. Hvortveggja liðirnir eru svo umfangsmikil mál, að þau verða ekki rannsökuð nema með löngum tíma.

Síðasta brtill. okkar er að fella burtu, að 4 nefndarmanna skuli kosnir í Sameinuðu þingi. Við lítum svo á, að stjórnin sé miklu betri og hæfari til að skipa nefndina heldur en sameinað þing, velji hæfari menn en sem sam. þing kýs, því þar mun mestu ráða framgirni einstakra manna og flokksfylgi við þá. Nú með því, að ekki mun til neins að koma með þessa breytingu til neðri deildar, þá höfum við afráðið að taka þessa tillögu aftur. Hinar vonum við að verði samþyktar.

Sigurður Hjörleifsson: Máli þessu víkur svo við, að í háttv. neðri deild voru bornar fram 2 tillögur til þingsályktunar, önnur frá peningamálanefndinni um að skipa milliþinganefnd til að rannsaka bankamál landsins, og hin frá tollllaganefndinni um að skipa nefnd til að rannsaka einkarétt á aðfluttum vörum.

Til þess að spara fé, kom nefndunum saman um að steypa málunum saman og skipa aðeins eina nefnd. Eg skal játa, að verkefnið er mikið og það er hæpið, hvort nefndin geti leyst starf sitt viðunanlega af hendi á svo stuttum tíma. Mér er ekkert kappsmál um, hverjir verði skipaðir í þessa nefnd, en þætti hinsvegar leitt ef hún yrði ekki skipuð, og henni falið að íhuga bæði þessi stórmál. Það er líka full þörf á að rannsökuð sé hlutafélög og sameignarfélög, því þau eru orðin hreinasta þjóðarplága; svo mikil er orðin óreiða í þeim málum.

Eg hefi skilið tillögur tollllaganefndarinnar svo, að það lægi sérstaklega fyrir þessari nefnd, að rannsaka hvernig væri tiltækilegast að auka tekjur landsins, en þeirri spurningu er ekki vel svarandi fyr en búið er að rannsaka, hvort tiltækilegt sé að gjöra það með einkarétti á aðfluttum vörum Ef það reynist ekki tiltækilegt, þá rís spurningin, hvernig eigi að gjöra það.

(Júl. Havsteen: Ekki með einokun).

Nafnið gerir ekkert til. Það er mest vert um gagnið, og einokun tíðkast í fleiri löndum, t. d. Frakklandi. Þó að nefndinni sé hér ætlað mikið starf, þá mun hún þó geta nokkru afkastað fyrir næsta þing. Og mun eg því greiða henni atkvæði. Eins og nú er ástatt, þykir mér undarlegt, að menn skuli ekki sætta sig við það, sem öll tollllaganefndin í neðri deild hefir lagt til um skipun nefndarinnar. Eins og kunnugt er, þá hefir stjórn sú, sem nú situr að völdum, eiginlega ekki neinn flokk á bak við sig, það er því eðlilegt að flokkarnir komi sér saman um það í Sameinuðu þingi, hverjir skuli hafa sæti í nefndinni.

Steingrímur Jónsson: Eg vil aðeins minna á það í þessu sambandi, að það er undarlegt, að tillaga er nú komin fram um milliþinganefnd, áður en þingið er búið að vinna úr því, sem milliþinganefndin í skattamálunum kom með, og eg álít þessa tillögu frá háttvirtri neðri deild hreinasta „humbug“.

En ef nefnd ætti að skipa, væri miklu réttara að stjórnin skipaði hana en þingið, þar sem þingið mundi velja í hana að mestu eftir flokkum.

Nefndarstarfið á að grípa yfir allar greinar atvinnumálanna, og sé tilætlunin að þetta sé gert í flughasti, svo að árangurinn verði lagður fyrir næsta þing, þá ætti nefndin að falla.

Ef aðeins væri tekið aðalatriðið, hvort ekki væri kostur á að útvega landsjóði auknar tekjur, þá væri það sæmilegra, þó ekki sé rétt að vera að koma með nýja milliþinganefnd, meðan þingið getur ekki tekið til meðferðar frumvörp þau, sem skattamálanefndin samdi Eg hefi gengið inn á að taka aftur 4. breytingartillögu okkar, þó eg álíti að hún hefði verið til bóta. Eg álít að milliþinganefndir starfi betur, ef þær eru kosnar af stjórninni og þá starfa þær á hennar ábyrgð. En þetta hefir fordæmi frá 1907.

Ráðherra: Eg ætla, að það hafi verið misráðið af háttvirtum flutningsmönnum að taka 4. breytingartillöguna aftur.

En eg stóð aðallega upp vegna orða, sem háttvirtur þingmaður Akureyrarkaupstaðar sagði.

Hann sagði, að núverandi stjórn hefði engan flokk að baki sér. Eg býst við að eg hafi eins mikinn flokk að baki mér og sá flokkur er, sem hann er málsvari fyrir.

Eg ætla að hans ógætilegu og óvarlegu orð hafi við lítið að styðjast og það er ekki í fyrsta sinn í vetur, sem hann kemur fram með árásir á mig. Eg býst við, að eg standi betur að vígi í sjálfstæðisflokknum hjá þjóðinni á Íslandi, en þingflokkur hans, eða garpar þeir sem mestu hafa ráðið í þeim flokk þennan vetur eða síðari hluta hans. Orð mína snerta ekki allan þann flokk. En það mun á daginn koma, áður en langt um líður, hvernig þeir hvor um sig standa gagnvart þjóðinni.

Sigurður Hjörleifsson: Það er ekki ný bóla að hæstvirtur ráðherra hreytir til mín ónotum.

(Ráðherra: Hversvegna er það?)

Það var ekki tilgangur minn að styggja hann að neinu leyti.

Það er viðurkent og þing, og þjóð veit það, að hæstvirtur ráðherra hefir ekki þingflokk að baki sér eftir að hann tók við embættinu. Því þingflokkurinn, sem hjálpaði honum til embættisins, taldi hann ekki sinn flokksmann.

Það sem eg sagði var alls ekki til lítilsvirðingar sagt.

Þetta má kalla að stökkva upp á nef sér, að nota svona tækifæri til þess að hreyta að þeim þingmönnum illyrðum, sem honum er í nöp við.

Hvert fylgi hæstvirtur ráðherra hafi í landinu, skal eg ekki segja, það sýnir sig á sínum tíma, en er ekki á dagskrá hér, en verður vonandi bráðlega á dagskrá þjóðarinnar.

Sigurður Stefánsson: Eg verð að taka undir með þeim háttvirtum þingmönnum, sem hafa látið það í ljósi, að þetta verkefni sé svo mikið, að ekki muni finnast menn í landinu, er geti int það af hendi á svo stuttum tíma.

Eg felli mig betur við breytingartillöguna við 1. lið en fyrsta lið sjálfan, en eg álít að hið merkilegasta í tillögunni sé 3. liður, sem hefði átt að vera 1. liður.

Eg vil taka undir með háttvirtum þingmanni Akureyrar, að það sé orðin hin stærsta ógæfa, hvernig þessi samvinnufélagsskapur er rekinn.

Þing og stjórn hafa næstum virt að vettugi alt það starf, sem millilandanefndin í skattamálum vann, og er það óviðeigandi að vera nú að skipa nýja nefnd, meðan ekki er unnið úr því sem nefndin hefir gert áður. Um þriðja lið tillögunnar er mér einna sárast, og eg álít að tollaganefndin hefði unnið þarfara verk að

binda nefndarstarfið aðeins við þann lið heldur en að taka þetta alt upp.

Það er ekki gott að vita, hvert fjártjón það, er þegar er orðið, getur orðið fyrir landið, er hver fjárglæframaðurinn á fætur öðrum leiðir bændur út í heimskulegar spekulationir; víst er það að nú stendur margur bóndinn með bogið bakið undir þeim skuldum og ábyrgðum, sem hann af einfeldni sinni hefir undirgengist í sumum þessum svo nefndu samvinnufélögum, kaupfélögum og iðnfyrirtækjum, sem nú eru annaðhvort alveg farin á höfuðið eða því sem næst. Að reisa skorður við þessu með lögum er að vísu ákaflega mikið vandaverk. Það hefir um langan tíma verið á prjónunum hjá bræðraþjóðum okkar, og ætti reynsla þeirra að geta verið okkur til gagns og lög þau sem þeir hafa sett um þetta gætu orðið til hliðsjónar við lagasetningu um þetta mál. Stjórnin átti að búa veruleg tekjuaukalög undir þingið að þessu sinni, en hún hefir vanrækt það fullkomlega, sem svo margt annað, og það svo rækilega, að hún hefir ekki komið svo sem með neitt í hið stóra skarð, sem verður eftir vínfangatollinn í tekjum landsins. Og svo tolllaganefndin í háttvirtri neðri deild. Eg ber ekki „respekt“ fyrir henni. Hún er sú aumasta nefnd, sem verið hefir á þessu þingi.

Hún fær þetta mál í hendur í þingbyrjun og skilar því af sér nú í þinglok og hefir sama sem ekkert gert. Er svo málið sent hingað í efri deild alveg óundirbúið, og á það því sammerkt svo mörgu, sem frá neðri deild kemur. Um einkaréttinn skal eg ekki tala mikið, en eg hygg að þeir séu hér fáir, sem bera gott skyn á það mál.

Við höfum tollstofna hér, sem við gætum notað miklu betur en nú er gert, án þess að auka verulega tolleftirlit eða að gera það dýrara sem nokkru nemi, og ætti nefndin fyrst og fremst að athuga þá.

Hinsvegar legg eg ekki mikið upp úr breytingartillögunum, en mun greiða tillögunni atkvæði, þó það sé ekki af neinu tilliti til nefndarinnar.

Það er nú orðin tízka að draga alt til síðustu stundar, og má segja um þingið eins og sagt er um valinn, er hann hefir drepið rjúpuna, að hann kennir sín ekki fyr en kemur að hjartanu.

Nú í þinglok fara menn fyrst að sjá, í hvaða ógöngur er komið, og er þá farið að fálma út í loftið og tekið til ýmsra ráða, sem eru miður heppileg.

Það er venja að þingið velji þessar milliþinganefndir, en ef við hefðum stjórn, sem við gætum treyst, væri fult eins rétt að fela henni að útnefna mennina. Í þessu máli er mér sama hvort er.

Það var sagt, er við fengum innlenda stjórn, að hún mundi undirbúa lögin betur fyrir þingið. Sú von hefir allmjög svikið þetta land.

Aldrei hefir verið meiri milliþingajarmur en á síðustu þingum.

Um flokkana skal eg ekki tala; framtíðin verður að skera úr því, hvernig skipast um þá, en því get eg búist við, að allmjög verði næsta þing öðruvísi skipað en þetta þing.

Lárus H. Bjarnason: Það var margt rétt í ræðu háttvirts þingmanns Ísfirðinga, eins og vant er, og er eg honum sérstaklega sammála um, að nauðsyn væri á því, að búin væru til lög um stofnun atvinnufélaga, eins og eg tók fram á þingi 1909, enda var þetta eitt af því, sem stjórnin hefði átt að gera, en lagðist undir höfuð, eins og flest eða alt annað, sem hún átti að gera í löggjafarmálum.

Eg hallast einnig fremur að brt. við 1. lið en að sjálfum liðnum, en tel auk þess eftir atvikum rétt að fella niður 2. og 3. lið, ekki af því, að ekki væri gott að þeir væru einnig athugaðir, heldur af því að eg veit ekki völ á mönnum, er væru vel vígir á þá alla, enda tíminn of naumur til að sinna svo mörgum málum til auka-

þings eða jafnvel til næsta reglulega alþingis.

Út af því, hvort nauðsynlegt sé að brúka mikið milliþinganefndir, eftir að stjórnin er orðin innlend, er rétt að geta þess, að fyrsta innlenda stjórn brúkaði lítið milliþinganefndir og bjó þó lög vel undir þingið. Hinsvegar gerðu þær nefndir, sem störfuðu í hennar tíð, mikið gagn.

Öll lagafrumvörp kirkjumálanefndarinnar að 1 undanteknu, sem stjórnin lét liggja, gengu t. d. fram lítið breytt. Fátækralaganefndin kom með tvö lagafrumvörp, sem gengu bæði fram og þykja góð lög.

Nú, með því hér er um mikið vandamál að ræða, tel eg eftir atvikum rétt að nefnd sé skipuð, enda þótt eg beri gott traust til núverandi stjórnar, hvort sem sannara er, að hún hafi mikinn eða litinn flokk að baki sér.

Eg skal engu spá um, hvor flokkurinn verði ofaná við næstu kosningar. Þjóðin er því miður svo lítið þroskuð eins og sýndi sig 1908, að veðrabrigði með henni verða ekki fyrirfram séð, fremur en í loftinu yfir oss.

Ráðherra (Kr. J.): Það var óþarfi af háttvirtum þingmanni Akureyrarkaupstaðar að stökkva svo upp á nef sér, svo eg noti hans eigin orð, út af ummælum mínum.

Það er langt frá því, að eg hafi neitt á móti milliþinganefnd. Eg álít, að hér sé um það stórmál að ræða, að nefnd sé rétt að skipa, en eg álít ekki rétt eins og sakir standa, að þingið kjósi mennina í hana. Þá verður þetta að bitlingi til flokksþarfa, en ekki lagður verðleikur á metaskálarnar, þar sem stjórnin þó mundi reyna að fara eftir verðleikum.

Eg lít svo á, að stjórnin ætti ætíð að skipa þessar nefndir, hver sem hún væri. Hér er farið inn á braut, sem er mjög svo varhugaverð.

Það sem felst í 1. lið er fullkomlega nægilegt verkefni fyrir hina fyrirhuguðu nefnd; enda er tæplega rétt að láta sömu nefnd fjalla um öll þessi mál, sem hún á að hafa til meðferðar eftir tillögunni.

Hvort þessi nefnd getur verið búin að ljúka störfum sínum fyrir næsta þing, er ekki gott að vita, ef aukaþing verður haldið, en fyrir næsta reglulegt þing ætti hún að hafa lokið starfinu, svo að þing og stjórn fái notfært sér það. —

Kristinn Daníelsson: Háttv. 3. kgk. þm. tók það fram, að nefndinni væri ætlað alt of mikið starf eftir tillögunni, eins og hún er nú. Og hæstv. ráðherra lét í ljós sömu skoðun. Eg get vel tekið undir það, að starfið er mikið og væri ærið nóg verkefni handa fleiri nefndum. En vegna þess, að slíkar nefndarskipanir kosta talsvert mikið fé, býst eg við að þingið, af sparnaðarástæðum, sjái sér ekki fært að skipa meira en eina nefnd, að svo stöddu. Hins vegar hygg eg vera gert of mikið úr óskyldleik þessara mála, sem nefndinni er ætlað að rannsaka. Og þó að starfið sé mikið, þá hygg eg að það geti ekki skaðað, þó að tvö hin síðari atriðin fylgi með. Nefndin mundi þá aðallega íhuga fyrsta atriðið, en láta hin sitja á hakanum og að eins taka þau til athugunar að svo miklu leyti sem fé og tími entist til. Þess vegna vil eg láta tillöguna halda sér að þessu leyti eins og hún kom frá n. d.

Viðvíkjandi 4. breytingartillögunni skal eg að eins geta þess, að eg er þakklátur flutningsmönnum fyrir það, að þeir hafa tekið hana aftur. Mér sýnist eiga fult eins vel við að þingið kjósi nefndarmennina, ekki af því að eg vilji að þetta sé notað sem pólitiskir bitlingar, heldur af því að það má ætla, að mismunandi flokkar líti sínum augum hver á þessi mál, og er æskilegt að skoðanir beggja komi fram í nefndinni. Enda hefir það sýnt sig áður, að menn úr ólíkum flokkum hafa getað komið sér vel saman og unnið í bróðerni

án flokkarigs í milliþinganefndum, því að þar kemur hið pólitíska dagstrið ekki til greina.

Háttv. þm. Ísafjarðar vildi rekja orsakirnar til þess, að þörf er á milliþinganefnd, til ónýtrar stjórnar á undanförnum árum. Þetta er ekki rétt álitið. Milliþinganefndir eru skipaðar í öllum löndum og þarf ekki að vera ónýtri stjórn að kenna þó að þeirra sé þörf hér eins og annarstaðar.

Eg skal ekki blanda mér í ýms aukaatriði, sem hafa slæðst inn í umræðurnar um þetta mál. Þó vil eg ekki láta hjá líða að mótmæla þeim ummælum háttv. 5. kgk. þm., að þjóðin hafi sýnt þroskaleysi við kosningarnar 1908.

Augúst Flygenring: Hv. þm. Akureyrar mintist á 1. breytingartillöguna á þskj. 878, og kvað hana vera óþarfa af því, að efni hennar fælist að sjálfsögðu í 1. lið tillögunnar, eins og sá liður er nú. Eg vil benda á, að eftir tillögunni eru nefndarmenn beint bundnir við að rannsaka einkarétt á aðfluttum vörum og engar aðrar aðferðir til að afla landsjóði tekna. Og ef nefndinni sýnist sú leið ótiltækileg, þá hefði hún ekki leyfi til að taka til rannsóknar neinar aðrar leiðir, eða að minsta kosti ekki neina hvatningu til þess. Þess vegna höfum við komið fram með þessa breytingu. Það er ófært af þinginu að benda á einkasölurétt sem þá einu réttu leið til að auka tekjur landsjóðs. — Eg get tekið undir það sem hv. þm. Ísafj. sagði, að það hefði verið réttara af þinginu að athuga, hvort ekki væri fært að auka tekjurnar með þeim tollstofnum, sem við höfum. En þar sem þingið hefir ekki gert neitt teljandi í þá átt, þá er fult þörf á milliþinganefnd til að íhuga þessi mál. En að binda verksvið nefndarinnar við einkasölurétt, það finst mér ófært.

Hv. þm. Vestur-Ísafj. hélt því fram, að hvor þingflokkurinn héldi fram sinni stefnu í fjármálunum. Þetta er ekki rétt, því að flokkarnir hafa alls enga stefnu í fjármálum. Þar fer alt á ringulreið, en alls ekki eftir flokkaskiftingunni, sem nú er á þingi.

Hvað 4. breytingartill. á þskj. 878 snertir, þá höfum við að vísu tekið hana aftur. En í rauninni álít eg það rangt, því að eg álít að stjórnin ætti að útnefna alla nefndarmennina. Við höfum tekið tillöguna aftur eingöngu vegna þess, að annars verður málinu hleypt í skipbrot. Við höfum leitað fyrir okkur í neðri deild og höfum komist að raun um, að málið muni ekki ganga fram að öðrum kosti.

Lárus H. Bjarnason: Það var eitt atriði í ræðu hv. þm. Ísfirð., sem eg gleymdi áðan, en vil ekki láta ómótmælt. Hann sagði, að báðir flokkar á þinginu væru jafnsekir í fjármálunum. Þetta er ekki rétt. Hinn svokallaði Sjálfstæðisflokkur hefir enn þá meiri hluta atkvæða bæði í neðri deild og í sameinuðu þingi. Sá flokkur ræður því öllum fjárlögum og hefir ábyrgð á því, hvernig fjárlög og fjáraukalög fara frá þinginu. Annars skal eg benda á það, að minni hlutinn hefir verið varkárari í fjármálunum en meiri hlutinn. Hann á svo sem engan þátt í hinni gífurlegu gjaldahækkun á fjárlögunum; meiri hlutinn á hana því nær alla. Og það er of mælt, að enginn stefnumunur sé milli flokkanna í fjármálum. Farmgjaldsfrumvarpið var fullkomlega flokksmál í neðri deild. Það mál, svo ómögulegt sem það er, er mál meiri hlutans og minni hlutinn vill enga ábyrgð á því hafa.

Annars er eg ekki hræddur um, að nefndin verði mjög illa skipuð. Eg treysti flokkunum til að velja svo vel sem kostur er á, að minsta kosti eru til menn í minni hlutanum, er vel gengir væru í slíka nefnd, og þar sem stjórnin á að velja oddamanninn, þá er óhætt að búast við að meiri hluti nefndarinnar verði að minsta kosti viðunanlega skipaður.

Júlíus Havsteen: Eg á bágt með að tala langt mál vegna hæsi, enda gerist þess ekki þörf. Eg ætla að eins að minn-

ast á 1. lið tillögunnar, að því er snertir einokunina. Eg vil að eins taka það fram, að eg á bágt með að trúa því, að meiri hlutinn vilji nú fara að innleiða einokun í landinu einmitt sama árið, sem haldin er aldarminning Jóns Sigurðssonar. Hann hélt ekki upp á einokunarverzlun; það man eg.

Umr. lokið.

ATKV.GR.:

1. brtill. á þskj. 878 samþ. í e. hlj.
2. „ „ „ „ „ m. 7:5 atkv.
3. „ „ „ „ „ „ 7:6 „
4. „ „ „ „ tekin aftur.

Tillagan þannig breytt sþ. m. 8:3 atkv.

Umræða í sameinuðu þingi 6. maí (926, 944).

Björn Kristjánsson: Peningamálanefndin hefir leyft sér að koma fram með brtill. við þingsályktunartillögu þessa. Eins og kunnugt er, er tillaga þessi orðin til hjá peningamálanefndinni fyrir þá sök, að hún hafði meðferðis tvö stór bankafrumvörp, annað um fasteignaveðsbanka, hitt um breytingu á bankalögunum, sem henni þótti réttast að milliþinganefnd athugaði, þar sem hér var um svo mikilsvert mál að ræða. En til þess að hjálpa bankanum við í svip, kom nefndin með frumvarp um að landsjóður legði fram tryggingarfé fyrir útgáfu veðdeildarbréfa. Nú hefir háttv. efri deild felt burtu þennan aðaltilgang tillögunnar og tekið annað í staðinn, það, að íhuga hvort heppilegt væri að landið hefði einkasölurétt (monopol) á nokkrum aðfluttum vörum, sem peningamálanefndin í neðri deild var líka einhuga um að fela þessari nefnd, og sett var inn í tillöguna í samráði við tollaganefndina. Þar sem nú að þessi upphaflegi tilgangur tillögunnar er horfinn, og þar sem oss finst full ástæða til að skipa þurfi 5 manna milliþinganefnd til að athuga þessi stórmál, sem þeir 7 menn, sem í peningamálanefndinni sátu, ekki treystu sér til að eiga við, sérstaklega fasteignabankann, þá hefir nefndin leyft sér að koma með þessa br.till. Milliþinganefndin á að athuga, hver ráð eru til að koma í veg fyrir það, að alt sitji fast eftir stuttan tíma. Þessi mál eru nú allvel undirbúin og auk þess mundi nefnd sú, sem skipuð væri, njóta aðstoðar bankastjóranna til að koma þeim í lag.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að fyrir hverju þingi liggur fjöldi lánbeiðna, bæði til ama fyrir þingið og þá sem sækja og fá þær veittar, en geta ekkert fé fengið. Það sést því, að ekki er vanþörf á að koma landsbankanum í það horf, að hann geti veitt lánin. Eg vonast því til, að háttv. sameinað þing vilji fallast á að fela þessari nefnd að íhuga bankamál landsins, og það, hversu koma megi íslenzkum verðbréfum í peninga.

Fjórða atriðinu í tillögunni höfum vér slept til samkomulags, því sem sé, að fela nefndinni að athuga ýms verzlunarmál, og til þess að leggja ekki alt of mikið á herðar þessarar nefndar.

Augúst Flygenring: Háttv. 1. þm. Gullbr.-Kj. mintist ekki á allar breytingarnar, sem gerðar voru á tillögunni í efri deild. Það var gerð þar breyting við 1. lið og það er einmitt sú breyting, sem eg legg mesta áherzlu á. Það er 1. liðurinn, sem er mergurinn málsins. Peningamálanefndin vill orða hann svo, að nefndinni sé falið „að rannsaka, hvort tiltækilegt sé að auka tekjur landsjóðs með einkarétti á aðfluttum vörum.“ Ef liðurinn er orðaður svo, þá er nefndin bundin við það eitt. Mér þykir undarlegt, og eg skil ekki því háttv. þm. Gullbr.-Kj. er þetta orðalag liðsins svo fast í hendi. Hann hefir ekki hingað til, er mér kunnugt um, verið þessari stefnu einni meðmæltur, hvað aukna skatta snertir, heldur alt annari. Eg fylgi því eindregið, að látið verði standa orðalag liðsins, eins og það er í tillögunni, að nefndin sé skipuð til „að rannsaka með hverju móti tiltækilegt sé að auka tekjur land-

sjóðs, og í sambandi við það, hvort heppilegt væri að landið hefði einkasölurétt á nokkrum aðfluttum vörum.“ Með því móti eru ekki útilokaðar aðrar leiðir til skattaaukninga. Nefndin getur þá rannsakað þær leiðir, sem hún vill. Eftir brtill. peningamálanefndarinnar álít eg að milliþinganefndin sé eingöngu bundin við að rannsaka einkarétt (monopol) á aðfluttum vörum, og að hún geti ekki rannsakað, á hvern annan hátt megi auka tekjurnar.

Um hinn liðinn, sem hér er lagt til að bætt verði við aftur: að fela milliþinganefndinni að íhuga bankamálin, er mér nokkurnveginn sama. Eg álít hann gagnslausan og ekkert sagt með honum. Þegar þessi tillaga lá fyrir efri deild, vissum við ekkert, hvernig á liðnum stóð. Nú hefir okkur verið skýrt frá, að hann eigi aðallega við breytingu á Landsbankalögunum, frumvarp um stofnsetningu fasteignabanka, sem peningamálanefndin hafði til meðferðar. Mér þykir ekki ólíklegt, að milliþinganefndin geti bent á góð ráð, hvernig hagkvæmast sé að stofna fasteignabanka, en hvort hann kemst í framkvæmd eða ekki, hlýtur að verða komið undir því, hvort nokkurt fé fæst til þess. Annars geri eg ekki 2. liðinn að neinu ágreiningsatriði. Um 1. liðinn er mér sárara, að úr honum sé slept því orðalagi, með hverju móti tiltækilegast sé að auka tekjur landsjóðs. Eg er ekki enn orðinn svo trúaður á monopol, að eg telji það eitt tiltækilegt til tekjuauka og annað ekki; heldur vil eg álíta að jafnframt eigi það að vera hlutverk milliþinganefndarinnar að finna eitthvert annað ráð til að fylla skarð það, sem bannlögin hafa höggvið í tekjur landsins, ef henni skyldi ekki lítast einkasöluleiðin meir en svo heppileg.

Eg er á móti brtill., af því að þar er nefndin bundin við það eitt, að rannsaka monopol.

Ráðherra (Kr. J.): Mér sýnast breytingartillögurnar ekki svo viðtækar, sem út litur í fyrstu. Eg get tekið í sama strenginn og 3. konungkjörni þingm., að greinin eins og hún stendur í tillögunni sjálfri mætti vera óbreytt, en þá ætti peningamálanefndin að taka aftur tölulið 1. í breytingartillögunum, en láta hitt standa. Eg hefi ekkert á móti tölulið 2. Væri þetta gert, sé eg ekki annað, en að allir hlutaðeigendur og allir flokkar geti verið ánægðir.

Björn Kristjánsson: Peningamálanefndin hafði nauman tíma til athugunar í morgun og eg gætti ekki að því, að tillögunni hafði að þessu leyti verið breytt í e. d. Eg vona, að eg geti fyrir hönd meðnefndarmanna minna tekið aftur 1. lið breytingartillögunnar með því skilyrði, að 2. liður verði þá samþyktur.

2. liður á þingskjali 944 samþyktur með 35 samhlj. atkv. tillagan samþykt með 34 samhlj. atkv.; og verður afgreidd til ráðherra sem þingsályktunartillaga frá alþingi.

Gufuskipaferðir.

I.

Till. til þingsályktunar um gufuskipaferðir (140); 10. marz.

Forseti: Eg legg til að ein umræða sé höfð um málið.

Ein umræða samþykt með 10 samhljóða atkvæðum.

Ein umræða. í efri deild 11. marz (140)

Flutningsmaður Sigurður Stefánsson: Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hve mjög mönnum, síðan nýi Thorefélagssamningurinn varð heyrum kunnur, hafa brugðist þær góðu vonir, er þeir höfðu gert sér um, að nú yrðu ráðnar bætur á gufuskipaferðum frá Kaupmannahöfn til Íslands og á gufuskipaferðum umhverfis strendur landsins. Það þarf ekki að reifa þetta mál lengi. Hér um bil alstaðar a landinu er óánægjan megn, alsaðar að heyrast umkvartanir um, hve óheppilega sé fyrirkomið

gufuskipaferðum og samgöngum vorum á sjó. Menn bjuggust við, að nú yrði þeim eitthvað breytt til bóta frá því sem áður var, er Thorefélagið naut einskis styrks af landssjóði. En þá var, eins og kunnugt er, skipaferðum Túliníusar fundið það til foráttu, að skip hans eltu skip Sameinaðagufuskipafélagsins, svo að 2 skip komu í einu eða hvorn daginn á eftir öðrum, en svo liðu mánuðir, að jafnvel aðalstaðirnir fengu engar gufuskipaferðir, t. d. Akureyri og Isafjörður. Menn vonuðust eftir, að þetta mundi fara batnandi, er samningar höfðu tekist með landsstjórninni og Thorefélaginu um, að það héldi uppi strandferðum við Ísland. En þetta befir farið öðruvísi. Það hefir orðið sama raunin á og meðan Thorefélagið naut ekki neins styrks úr landssjóði. Í staðinn fyrir það að menn vonuðust eftir, að ferðir yrðu farnar 14. hvern dag frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur, er sömu kássuferðunum nú haldið óbreyttum sem áður.

(Lárus H. Bjarnason: Heyr!)

Mér er sérstaklega kunnugt um, að þessu er þannig háttað í mínu eigin kjördæmi, Ísafjarðarkaupstað, sem er með stærstu kaupstöðum landsins. Þar er mjög kvartað yfir því, að skipin elti hvert annað, og svo líður langur tími svo, að ekkert skip kemur. Mér er það að vísu ljóst, að sérstakleg vandkvæði eru á, að fá þessu breytt, þar sem hér er um fastbundna samninga að ræða. En þingið má ekki horfa í það, þótt erfitt sé að laga þetta. Ef það þegir við kvörtunum þeim, er fram hafa komið í þessu efni, þá er engin von leiðréttingar. Eg ætlast ekki til þess, að samdar verði nákvæmar áætlanir um, hvernig og hve oft skipin koma á hverja vík og vog, heldur hitt, að málið verði athugað „í stórum dráttum“ og séð verði ráð til þess afstýra, að það komi fyrir, að tveir helztu kaupstaðir landsins, Akureyri og Isafjörður, verði t. d. ferðalausir frá því fyrst í desember til þess seinast í janúar. — Eg skal geta þess, að það er ekki kvartað yfir því, að ferðirnar séu í sjálfu sér ekki nógu margar, heldur hinu, hve hörmulega þeim er fyrirkomið.

Það er nú tilgangur okkar með þessari tillögu, að sjá um, að íhugað verði, hvernig koma megi samgöngum fyrir á haganlegri hátt en hingað til, og stjórnin fái vitneskju um, að mikil óánægja sé með samninga hennar um gufuskipaferðir vorar og skorað verði á hana að laga þá. — Að síðustu vona eg, að deildin sé oss flutningsmönnum samdóma um þessa tillögu og kjósi 5 manna nefnd til að íhuga málið.

Lárus H. Bjarnason: Eg er samdóma háttv. þingm. Ísfk. um að ferðirnar séu óviðunandi og skipin lítt boðleg. Eg er líka samdóma háttv. þingm. Ísfk. (S. St.) um að erfiðleikar verði á að bæta úr þeim skyssum, er fráfarandi stjórn hefir gerst sek um í samgöngumálinu. En nú er von á, að samvizkusamur og vel vitiborinn maður komist í ráðherrasætið og er því ekki vonlaust um að honum takist að bæta úr yfirsjón fyrirrennara síns. Ráðherra er umboðsmaður fjárveitingarvaldsins, en fjárlögin umboðsskjalið. Hafi hann ótvíræðlega brotið umboð sitt, og það fullyrði eg að ráðherra hafi gjört með Thoresamningnum, þá ætti að mega koma einhverri leiðréttingu að.

Tillagan samþykt með 10 samhljóða atkvæðum.

Fór þá fram nefndarkosning og hlutu þessir kosningu:

Sigurður Stefánsson,
Ari Jónsson,
Gunnar Ólafsson,
Steingrímur Jónsson,
Augúst Flygenring.

Framhald einnar umræðu 5. maí (140, n. 931).

Sigurður Stefánsson: Eins og hv. deild sér, hefir nefndin komið fram með nefndarálit, sem endar á þingsályktunar-

till. Þannig er fenginn sá árangur af till. okkar, sem getur orðið á þessu þingi. Við álítum því, að hún þurfi ekki að koma til umræðu og í samráði við meðnefndarmenn mína tek eg hana aftur.

Till. tekin aftur.

II.

TILLAGA til þingsályktunar um gufuskipaferðir (931); 5. maí.

Forseti: Eg legg til að málið sé rætt í einni umræðu.

Sþ. í e. hlj. að ræða málið í einni umr.

Ein umræða í efri deild 8. maí (931).

Framsögum. Steingrímur Jónsson: Eg geri ráð fyrir, að eg þurfi ekki að vera langorður um þessa tillögu, því að í nefndarálitinu er gerð gerð grein fyrir aðalástæðunum, þó að það sé styttra en það hefði þurft að vera.

Eg skal taka það fram, að nefndin hefir leitt hjá sér ágreininginn um það, að hve miklu leyti Thoresamningurinn sé löglegur. Nefndin hefir ekki tekið það atriði til umræðu og hefir álitið það sér óviðkomandi. Aðalumræðu og athugunarefni nefndarinnar hefir verið hin almenna óánægja um land alt út af því, hvernig ferðunum 1910 og 1911 er hagað. Og þegar leitað er að orsökunum, þá var nefndin samdóma um það, að aðalástæðuna sé að finna í því, hvernig ferðunum er hagað skv. áætlunum skipanna, en ekki eins mikið í hinu, að ferðirnar séu of fáar. Það verður ekki séð að neitt samband eigi sér stað milli þessara tveggja félaga, sem njóta styrks til ferðanna. Það lítur út fyrir, að ferðaáætlanirnar séu gerðar alveg á sama hátt og áður, á meðan samkepni átti sér stað milli félaganna. Ferðunum er hagað svo ruglingslega, að þó að fjöldi ferðanna sé töluvert mikill, þá eru ferðirnar jafnvel óhentugri en þær hafa verið undanfarin ár, og þóttu þær þó ekki góðar þá. Þegar litið er á sambandið við útlönd eða ferðirnar milli Kaupmannahafnar, Englands og Íslands, þá eru ferðirnar í sjálfu sèr viðunandi margar, 64 alls, fyrir utan Hamborgarferðirnar, en samt líður stundum heill mánuður eða jafnvel meira milli ferða. En svo koma aftur á móti stundum margar ferðir í sömu vikunni. Nefndin fær ekki séð, að neinir örðugleikar gætu verið á því, að fá reglubundnar ferðir einu sinni í viku eins og líka hafði verið lofað af málgagni stjórnarinnar í fyrra. Og þegar þingið veitti heimild til að gera samninga um ferðirnar fyrir mörg ár, þá var öllum hugfast, að með því kynnu að fást umbætur á samgöngunum, sérstaklega að ferðirnar yrðu reglubundnar. Það má vera, að eftir samningunum við félögin verði þess ekki krafist, að þetta verði lagað fullkomlega. En eftir ákvæðum þingsins 1909 var alveg sjálfsagt að heimta þetta, og virðist mér líklegt að félögin viðurkenni það. Það má byggja þessa kröfu á 2 ástæðum. Fyrst, að þegar samið er til 10 ára, þá liggur það í sjálfu sér, að það á að vera pláss fyrir þær umbætur á ferðunum, sem framfarir og aukin viðskifti á þessum 10 árum útheimta. Annars væri óforsvaranlega samið, ef það væri sleginn slagbrandur fyrir öllum kröfum um auknar ferðir, eftir því sem þörfin kynni að heimta. Það þarf ekki annað en gæta að, hve mikið ferðirnar hafa aukist á næsta 10 ára tímabili á undan. Hin ástæðan er sú, að tillag til ferðanna var aukið úr 40 þús. kr. í 60 þúsund. Þetta er aðalástæðan til að krefjast umbóta og samþykkja tillöguna, sem hér liggur fyrir. Nefndin fær ekki séð, að með því sé gengið nærri stjórninni eða félögum þeim sem í hlut eiga. Stjórnin er skyld að kippa þessu í lag sem bezt hún getur, og það hlýtur að vera í in-

teresse félaganna, að uppfylla kröfur landsmanna, til þess að geta haldið hylli þeirra og viðskiftum.

Þá er annað atriði, ef til vill ekki minna vert, hvernig skipin eru. Þegar rætt var um þetta mál á þingunum 1907 og 1909, þá var einna mest talað um það, að við þyrftum að fá betri skip, hraðskreiðari skip, og útbúin með þeim þægindum, sem svöruðu til kröfu tímans, ekki sízt með tilliti til þess að ætla má að Ísland eigi framtíð fyrir höndum sem túristaland. Eg skal fyrst snúa mér að sameinaða félaginu. Það hefir nálega eingöngu gömul skip, nema Botnia er nýleg. Skipin voru góð og sterk, en eru að verða of gömul. Þó að þau séu sem stendur viðunandi, þá verða ekki mörg ár þangað til þau geta ekki talist það lengur. Ekkert þeirra er gott til frambúðar nema Botnia; hún er gjaldgeng enn til nokkurra ára. En þegar litið er til Thorefélagsins, þá hefir það enn þá lakari skipakost. Það verður ekki sagt, að félagið hafi nema eitt reglulegt farþegaskip, nfl. Sterling. Það er látið heldur vel af þessu skipi, sagt að það sé gott skip og þægilegt. En það er mikið spursmál, hvort það er til frambúðar, enda er það þegar orðið kringum 25 ára gamalt, að því er sagt er. Eg þekki ekki þetta skip. En hin Thoreskipin þekki eg öll, og þau geta alls ekki heitið viðunandi farþegaskip. Ingólfur var þangað til í fyrra aðeins flutningaskip, en er sterkt skip. Þá var sett káeta í hann fyrir nokkra menn og liggur það í hlutarins eðli, að slíkt skip getur ekki svarað til tímans kröfu sem farþegaskip. Þó er þetta eina skipið frá þessu félagi, sem norðurland fær að sjá sem farþegaskip.

Um strandferðaskipin er það að segja, að þau eru ekki í fullu samræmi við þau loforð, að bátarnir skyldu ekki síðri en „Skálholt“ og „Hólar“, en það er enginn vafi á því að bátar þessir eru lakari, bæði minni skip og farrými annars og þriðja flokks langtum minni og ver fyrir komið en var á hinum skipunum. Annars eru bátar þessir laglegir útlits, að minsta kosti sá þeirra, „Austri“, sem eg þekki. Hvort þeir eru eins sterk og örugg skip og „Skálholt“ og „Hólar“, get eg ekki borið um. Loks er báturinn, sem gengur fyrir Suðurlandi. Hann fullnægir vafalaust ekki þeim kröfum, sem áskilið var eftir samningnum. Það er lítið flutningaskip, og seint í förum og auk þess farþegarúm þar af skornum skamti. Eg álít það lífsskilyrði, að áskorunum til stjórnarinnar í þessu efni verði fylgt, og félögunum ættu engin vandkvæði að vera að því, að bæta úr þessum göllum, ef þau vilja standa við samninga þá, sem þau hafa gjört. Allir vita að sameinaða gufuskipafélagið er svo skipum búið, að þar þarf ekki að leggja fingurna á milli, og ef Thorefélagið hefir sótt eftir þessum ferðum, hefir séð sér hag í að annast siglingarnar, þá hefir það hlotið að sjá fram á, að það yrði að bæta um skipakost.

Hið þriðja atriði, sem nefndin hefir fundið ástæðu til að athuga, eru ferðirnar kringum landið. Út á ferðir strandferðabátanna hafði nefndin ekkert verulegt að setja. Ferðum þeirra 1910 var hagað eftir gamla laginu. Þó telur nefndin það æskilegt, að ferðir þeirra byrjuðu dálítið fyr. Samningurinn virðist ekki vera neitt í vegi fyrir því, en þetta er aðeins bending til stjórnarinnar frá nefndinni. Til stórra bóta álítur nefndin hafa verið hringferðir þær kringum land, sem „Austri“ fór í fyrra, og henni er það áhugamál að þeim verði haldið í sama horfi og ekki spilt, eins og nú lítur út fyrir að eigi að fara að gjöra. Á áætluninni í ár hefir verið skotið inn ýmsum viðkomustöðum, en á alt annan hátt en nefndin hafði hugsað sér. Þannig hefir verið skotið inn 3 stöðum á Austfjörðum nálægt Seyðisfirði og gjört ráð fyrir viðkomustað á

Húnaflóa, og auk þess Sauðárkrók. Ef báturinn á að fara að koma við hér og hvar, þá fer ekki að verða sama gagn og áður að ferðunum, sem sé það, að fá fljótar ferðir kringum landið. Nefndin vildi að sama fyrirkomulag hefði haldist og í fyrra með 2—3 viðkomustöðum í viðbót, þeim sem fjarlægastir væru frá aðalviðkomustöðunum, sem lengdi þó ekki umferðatímann mjög mikið. Nefndin í þessari deild hefir lagt mesta áherzlu á þetta, en ekki á viðkomustaði strandbátanna yfirleitt; um þá hefir verið rætt í háttv. neðri deild.

Svo eru hinar ferðirnar kringum landið. Við þær hafði nefndin margt að athuga. Fyrst og fremst samband Reykjavíkur við Norðurland. Samkvæmt ferðaáætlun hins sameinaða 1911 fara skip þess 8 ferðir norðan um land á leið frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur, en ekki nema 4 ferðir norðan um land til Kaupmannahafnar, og allar þessar 4 ferðir eru farnar síðari hluta ársins, en millilandaskip Thore fara aldrei kringum land til Reykjavíkur frá Kaupmannahöfn og aldrei þá leið tilbaka. Þetta þótti nefndinni afar aðfinsluvert og verra en það hefir nokkurntíma verið á síðasta áratug. Mönnum í Norðurlandi þykir hart að geta ekki komist til Reykjavíkur svo mörgum mánuðum skifti, eða þá að þurfa að njóta til þess norskra skipa. Þar að auki hlýtur það að vera óþolandi fyrir félögin sjálf að norsk skip, eins og t. d. Flora, taki farþega frá þeim svo hundruðum skifti og flutning. Að því er snertir Thorefélagið, þá veit eg að það muni hafa ætlað að hafa skiftistöð á milli Reykjavíkurferðanna annarsvegar og Norðurlandsferðanna hinsvegar á Ísafirði. En þá varð gap þar á milli ferðanna, svo að ómögulegt var að nota þær, þær stóðust ekki á. Þetta þarf bóta með og það er hægðarleikur að koma þeim á. Það er meginatriðið, að félögin semji ferðaáætlanir sínar saman undir umsjón stjórnarráðsins, svo að samræmi sé í þeim. Það verða þau að gjöra, í stað þess að keppa og eyðileggja hvort annað, það var ekki meiningin með þessum 100 þús. kr., sem lögð eru til þeirra frá Íslandi og Danmörku.

Þá hefir enn verið tundið að því, að í ferðaáætlunum skipanna kringum landið og áætlunum strandferðabátanna sé ekki tekið tillit til þess, að á vissum tíma þurfi menn sérstaklega að komast ferða sinna, svo sem er um námsfólk í mentaskólann í Reykjavík, gagnfræðaskólann á Akureyri og kvennaskólana. Þingmenn þurfa að komast til og frá Alþingi, en fyrir því er ekki séð. Sjómenn og kaupafólk þarf á vissum tímum að fara af Suðurlandi til Austfjarða og til baka aftur. Það hafa komið fram kvartanir um það, að minna tillit hafi verið tekið til þessara þarfa árið 1910 og 1911, en áður hafi verið. Það sem einmitt vakti fyrir mönnum á síðasta þingi með kröfunum um Suðurlandsbátinn var það, að þá yrði bætt úr þessari þörf, en það hefir ekki orðið sem skyldi. Þá væri æskilegt að Suðurlandsbáturinn byrjaði ferðir sínar $^1/_4$ eða heilum mánuði fyr en nú.

Eg gat þess áðan, að ferðir millilandaskipanna væru óaðgengilegar að því er snertir sambandið við útlönd, en þær eru líka óaðgengilegar hvað snertir ferðir þeirra milli Reykjavíkur og Vestfjarða. Það mátti segja, að Vestfirðir hefðu áður góðar og tíðar ferðir. Nú er ekki því að heilsa lengur. Thoreskipin ganga nú oftast nær ekki lengra en til Stykkishólms, en ekki til Ísafjarðar, svo að oft líða langir tímar milli ferða héðan til Ísafjarðar; þannig var engin ferð þangað frá því í byrjun Desember og þangað til í byrjun Febrúarmán. Þetta má ekki svo til ganga með Ísafjörð.

Enn vil eg benda á, að það er hrapallegt að það skuli ekka vera nein miðsvetrarferð norðurfyrir landið, til eða frá

útlöndum. Slík ferð mundi spara póstsjóði ekki litla peninga, auk þeirra þæginda sem er að því fyrir menn útum land að komið sé á hafnirnar fyrir norðan í Desember, í stað þess að fá póstinn allan með landpóstunum í janúar, eða láta senda hann til Austfjarða.

Þá var eitt atriði úr þingsályktunartillögu háttv. þingm. V.-Skaftfellinga, um viðkomu skipanna í Vestmannaeyjum, sem eg vildi minnast á. Eg er honum ekki sammála um það, að millilandaskipin eigi endilega að koma við í öllum ferðum í Vestmannaeyjum, en eg álít sanngjarnt að í Vestmannaeyjum, sem hafa mikla verzlun, væru fastákveðnar hæfilega margar viðkomur árið um í kring. Það er auðvelt fyrir stjórnina að sjá um það.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál, vona að það sem eg hefi sagt nægi til að fylla út nefndarálitið og skýra hvað hefir vakað fyrir nefndinni, þegar hún kom með þingsályktunartillögu þá sem prentuð er á þingsk. 931. Aðalatriðið er þetta, að úr þeim ferðum, sem nú höfum við, verði gjörðar reglubundnar ferðir á viku hverri milli Reykjavíkur og útlanda, og í sambandi við það haganlegar hringferðir umhverfis landið. Með tillögum þessum álítum við, að ekki neitt sé gjört á hluta félaganna, eða stjórnar þeirrar sem nú er við völd, og alls ekki heldur stjórnar þeirrar sem frá fór. Annað lífsskilyrðið er, að skipin verði bætt á þá leið, sem eg hefi bent á.

Sigurður Hjörleifsson: Eg vil taka það strax fram, að eg mun greiða atkvæði með tillögum þeim sem hér liggja fyrir. Eg sé ekkert að athuga við þær, og reyndar ættu allir að geta verið sammála um þær. Hitt er annað mál, hvaða gagn verði að því að samþykkja þær. Hér er við ramman reip að draga, að koma máli þessu í það horf, sem æskilegt er. Aðalatriðið er það, að fá félögin til að vinna saman, að fá félögin til að haga ferðum sínum hvort eftir öðru. Það sem mig aðallega vantaði í framsöguna var það, að það væri ekki nóg að hugsa fyrir ferðunum til landsins, heldur þyrftum við að koma á réttu sambandi milli millilandaferðanna, strandferðanna og flóabátanna, koma í veg fyrir að þau elti hvert annað. Það sýnist svo sem að við þyrftum að hugsa út eitthvert system, og hygg eg þá að aðaldrættirnir í því yrðu þessir, að við yrðum að koma á samræmi milli innanlandsferðanna, flóabátanna og strandbátanna, því þegar það er búið, kemur hitt af sjálfu sér, en fullkomið samræmi kemst á þegar strandferðabátarnir hafa vissar stöðvar út af fyrir sig, og þurfa ekki að flækjast inn á hverja vík og vog; þar eiga flóabátarnir að taka við og flytja vörurnar í strandferðabátana. Þegar þessu væri komið í gott og skynsamlegt lag, gætum við komið á miklu betra og fljótara póstsambandi við útlönd. Þá mætti fá velútbúin, stór og hraðskreið skip til að sigla á aðalhafnirnar, Ísafjörð, Akureyri, Seyðisfjörð og Reykjavík. Með því að þessi skip færu hratt yfir, væru þau aðallega fyrir farþega og póst. Þau ættu ekki að taka vörur annarstaðar en á þessum 4 aðalstöðvum, en strandferðabátarnir eiga að flytja og safna vörunum saman í þessi skip, og flytja vörur úr þeim á þá viðkomustaði, sem þeim eru ætlaðir.

Framsögumaður (St. J.): Háttv. þm. Akureyrar minti mig á eitt, sem mér láðist að geta um áðan, að ferðaáætlanir skipanna þurfa að vera komnar hingað svo snemma, að áætlanir flóabátanna verði sniðnar eftir þeim. Fyr er ekki hægt að kippa þessu í lag. Stjórnarráðið ætti að sjá um þetta, því ef að flóabátaáætlanirnar eru ekki sniðnar eftir hinum, þá má segja, að þeim 40 þús. kr., sem veittar eru til þeirra, sé kastað á glæ.

Arí Jónsson: Eg ætla að leyfa mér að tala fáein orð af því, að eg hefi skrif-

að undir nefndarálitið með fyrirvara. Sá fyrirvari gildir þó ekki um tillögurnar sjálfar, eg er þeim alveg samdóma og greiði þeim atkvæði. En eg er ekki sammála öllum þeim ástæðum, sem í nefndarálitinu standa. Eg lít svo á, að skipaferðir þær, sem vér höfum haft undanfarið ár, hafi verið til stórbóta, en að áætlun skipanna hafi verið óhaganleg og því ekki ferðafjöldinn komið að fullum notum. Eftir þeim ferðafjölda, sem vér nú höfum, bæði að því er snertir millilandaferðirnar og strandferðirnar, þá yrðu samgöngurnar góðar, ef hægt væri að koma á betra samkomulagi um ferðirnar hjá félögunum. Skipin fara svo oft nú frá báðum félögunum nálega samtímis í ferðirnar, en svo líður aftur langur tími á milli ferða. Þetta þyrfti að jafna. Stjórnarráðið þarf fyrst að búa til áætlan um ferðirnar og fá svo félögin til þess að fara sem mest eftir því.

Eg er sammála nefndinni um það, að sum skip eru ófær, t. d. Perwie. Aftur á móti eru sum góð, eins og t. d. Botnía, skip sameinaða félagsins og Sterling, skip Thore.

(L. H. B.: Sterling!)

Já, Sterling, eg þekki það skip sjálfur, og tel það alveg eins gott fjarþegaskip og Botníu. Enda mun vart nokkurt skip flytja eins marga farþega milli Islands og útlanda eins og einmitt Sterling. Eg álít að eg geti fullkomlega hlutdrægnislaust dæmt um farþegaskip beggja félaganna.

Eg er samþykkur því, að nauðsynlegt sé að fá áætlun skipanna út um landið fyr en hingað til hefir verið. Það kemur oft fyrir, að margir landsmanna hafa ekki haft not af janúarferðunum fyrir það, hvað áætlanirnar hafa komið seint Þær þyrftu að komast til landsmanna í október eða snemma í nóvember, til þess að fyrstu ferðirnar eftir nýárið geti orðið að fullum notum.

ATKV.GR.:

1. liður samþ. með 12 shlj. atkv.

2. liður samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþykt án atkvæðagr.

Tillagan í heild sinni sþ. með 12 shl. atkv.

III.

TILLAGA til þingsályktunar um strandferðir og millilandaferðir gufuskipafélagsins Thore (145); 18. marz.

Hvernig ræða skuli.

Samþykt ein umræða í einu hljóði.

Ein umr. í efri deild 20. marz (145).

Gunnar Ólafsson: Eg hefi orðið þess var, bæði í þessari háttvirtu deild og eins í háttvirtri neðri deild, að einstakir menn hafa látið illa yfir því að mikið sé borið fram af þingsályktunartillögum, og telja að þetta vopn á stjórnina sé notað um of.

Eg skal ekki deila um það, það má ofmikið að þessu gera sem öðru, en hins verður að gæta, að þegar eitthvað fer aflaga, verður maður að snúa sér þangað, sem von er um að hjálp fáist. Í þessu máli hafa viðkomendur snúið sér til landstjórnarinnar, en því hefir hún mér vitanlega ekki svarað.

Eg skrifaði stjórnarráðinu ásamt öðrum háttv. þingmanni fyrir tveim vikum og spurðumst við fyrir um, hvort sama skip yrði látið ganga aftur í ár fyrir Suðurlandi, sem þar gekk í fyrra, en ekkert svar hefir fengist.

Skaftfellingar hafa kvartað yfir því, að skipið væri alls kostar ófullnægjandi, en þeim kvörtunum hefir ekki verið sint.

Síðasta ráðið er þá að snúa sér til þingsins, að það skori á stjórnina að taka kröfur þessar til greina.

Mörgum hér í deildinni er kunnugt, að gufuskipið Perwie, sem hafði umræddar strandferðir í fyrra, er með öllu óviðunandi. Það var aldrei til þess ætlað og ekki til þess fallið. Þess má geta, að það

hefir alls ekkert farþegarúm. Í þeim klefa, sem kallaður er 1. farrými, komast fyrir 2 eða 3 menn eða þar um bil. Um annað farrými er ekki að tala. Hola nokkur í lestinni hefir verið kölluð annað farrými.

Eg kom út í þetta skip í fyrrasumar; sá eg þá holu þessa í lestinni, sem kallað er annað farrými, og var þar markað fyrir rúmfletum. Voru þar bundin naut í kring um þetta 2. farrými, sem áttu að fara með skipinu.

Eg skil ekki að nokkrum manni geti þótt þetta boðlegt. Hér við bætist, að skip þetta er algerlega ganglaust. Fer ekki harðara en róðrarbátur.

Skipstjórinn hefir sagt, að það mesta sem hann gæti pint skipið áfram væri 7 mílur á vökunni, og það í blæja logni. Blási aftur á móti, getur það vel rekið aftur á bak eftir þessu að dæma.

Það er líka langt frá að vera hættulaust að vera með skipinu, þar sem það vantar svo mjög útbúnað, eða hvar ætti að láta fólkið í vondum veðrum og sjógangi, þegar það getur eigi hafst við á þiljum uppi?

Eg hefði samt ekki um þetta fengist, ef skift hefði verið nú um skip, og ekki von á þessu sama aftur. En þar sem sýnilegt er af áætluninni, að þetta skip á að vera áfram, er ekki hægt að þegja lengur; það verður að gera kröfur um að hér sé bætt úr.

Raunar stendur í athugasemdum við áætlunina, að ef til vill verði annað skip haft til Suðurlandsferðanna, en svo stóð einnig á áætluninni í fyrra, að mig minnir, og er því ekki neitt á þessu að byggja.

Enn er margt ótalið, sem ábótavant er við þessar Suðurlandsferðir. Í fyrra kom það fyrir, að skipinu var stýrt í aðrar áttir, en það átti að fara. Svo var það til dæmis eitt sinn, að þann dag, sem það átti að fara héðan austur um land, að þá fór það upp í Borgarfjörð og dvaldi þar, eða var orðið viku á eftir áætlun þegar það kom til Víkur. Þetta mun þó ekki vera skipstjóranum að kenna; og yfir höfuð var framan af sumri ekkert skeytt um áætlun.

Um leið og annað skip fengist, verður að eiga stjórnina að með það að láta skipið virða áætlunina. Það er mjög bagalegt, þegar ekki stendur neitt heima um komu skipsins.

Eitt atriði er það þessu viðvíkjandi, er skipi er ætlað eingöngu að koma á þessar brimahafnir, að áætlunin verður að vera rúm.

Skip verður að geta staðið við svo sem hálfan sólarhring til þess, að geta leitað lags með upp- og framskipun, án þess að skipstjóri þurfi að láta sér óðslega. Þetta hefir raunar ekki eins mikla þýðingu og hitt, en þó til verulegra bóta, að skipstjóri geti verið rólegur. Þegar svo áætlunin er nokkuð rúm, má hafa styttri dvalartíma á endastöðvum.

Þá er eitt atriði, sem eg vildi minnast á. Eins og menn muna, hafa Skaftfellingar fengið löggilta tvo ósa, sem þeir hafa hug á að koma vörum sínum að, og er því farið fram á, að þetta skip, sem strandferðirnar annast, komi nokkrum sinnum við í Skaftárósi, til dæmis eina ferð í maí, eina í júní og eina í júlí. Þetta er sem kunnugt er bezti tími ársins og þá sjódeyður.

Til þessa hefir ekki komið beinlínis enn, en eg býst við að menn fari nú að undirbúa sig til að taka á móti vörum þarna. Eg get þessa til athugunar, ef hæstvirt stjórn vildi taka tillit til þessa í framtíðinni.

Viðvíkjandi strandferðunum á þessu svæði skal eg ekki fara fleiri orðum, þar sem eg vænti að málið verði athugað í nefnd, sem hefir þess háttar mál til meðferðar.

Þá er einn liður í þingsályktunartillögunni um það, að landstjórnin hlutist til um að millilandaskip Thorefélagsins komi oftar við í Vestmanneyjum en þau hafa gert. Í augum þeirra manna, sem minst þekkja til, er það ekki vel þakkað, að skipin séu að tefja sig á koma til eyjanna.

En þegar gætt er að, hve mikill flutningur er þangað og þaðan, þá sjá menn að sjálfsagt er að skipunum sé gert að skyldu að ferma og afferma þar, sem á öðrum höfnum. Menn finna til þarfanna meir og meir eftir því sem viðskiftin aukast og vörumagn.

Sérstaklega er kvartað yfir því, hve Thoreskipin hafa vanrækt að koma til eyjanna, eftir að þau fengu landsjóðsstyrkinn. Þau vanræktu það raunar eins áður en þau fengu styrkinn, en þá voru þau og áttu að vera sjálfráð, en nú síðan hefir óánægjan vaxið að mun. Menn ætlast til að skip þau sem hafa fast tillag úr landsjóði fylgi áætlun og leyti lags um að gera skyldu sína.

Mönnum þykir óhæfa að skip, sem kemur að nóttu til eyjanna með flutning, að þau geri boð á þann hátt sem Sterling og fleiri skip gera frá því félagi, að sé varan ekki sótt samstundis, þó um hánótt sé, þá fari þau strax. Þau koma t. d. kl. 11 að nóttu og senda þá þau boð í land, að sé ekki búið að taka vörurnar fyrir kl. 4, þá sé skipið farið, og er þessu svo framfylgt.

Menn geta ekki unað við þessar búsifjar. Nauðsynin heimtar, að mönnum gefist kostur á að ná í land vörum sínum og koma því frá sér, sem senda þarf, en með slíku atferli er það ógerlegt og Eyjabúar vilja alls ekki þola þessa aðferð lengur Þeir líta svo á, að þegar skip hefir tekið eitthvað til flutnings, þá beri því að skila flutningnum þar í Eyjunum eins og annarstaðar, og að sjálfsögðu krefjast þeir þess að þau skip, er styrk fá úr landsjóði, hafi fasta áætlun til Eyja.

Eg tala hér að eins um Thorefélagskipin, en ekki skip sameinaða gufuskipafélagsins, því þau hafa reynst miklu liðlegri.

Eg segi ekkert um, hvort þetta er útgerð skipanna eða skipstjórunum að kenna, getur enda verið báðum. En eitt má benda á, að þegar forstjóri útgerðarinnar var með Sterling í fyrra sumar í góðu veðri, þá ætlaði maður héðan til Eyja með skipinu, en því var neitað þrátt fyrir ítrekaða beiðni og var mest kent forstjóranum; hann vildi ekki tefja skipið með því að koma til Eyja eða taka þangað póst, svo sem skylt var. En skipið fór austur með landi og á milli eyjanna og til Austfjarða með forstjórann.

Þetta er nú eitt dæmið.

Einu sinni kom Ingólfur við í Vestmannaeyjum, það var í október minnir mig, og var beðinn að taka flutning, en svaraði, að hann sæi ekki ástæðu til þess, hann fengi nógan flutning annarstaðar. Þetta getur ekki kallast liðleg framkoma, og mætti nefna mörg fleiri dæmi. Sömuleiðis kemur það oft fyrir, að þessi skip fara fram hjá Eyjunum í góðu veðri og að ástæðulausu, án þess að hirða um að taka póst eða skila. Eg gæti sagt frá mörgum fleiri dæmum til að sýna það, hve réttmæt sú krafa er, að ráðin sé bót á þessu. Þetta er síðasta leiðin, að biðja stjórnina að kippa þessu í lag, eins vel og hægt er. Það verður að teljast sanngjarnt, að skip, sem fara á milli landa, og hafa flutning til Vestmannaeyja, séu skyld að skila honum og skyld til að flytja póst frá og til Eyja. Afgreiðslumaður getur strax sagt, hvort líkur séu til að megi losa skipin, og ef það ekki er hægt, þá getur skipið farið strax aftur. Ástandið er óþolandi, eins og það er nú, og verður að ráðast bót á því. Eitt Thores-skipið, „Ingólfur“, lagði af stað meðan verið var að flytja út í hann lýsistunnur; það var aðeins hálfnað og skeytti ekki um að taka það sem eftir var. Það er nauðsynlegt að fá leiðrétting á slíku, og því ber eg fram þessa þingsályktunartillögu. Skal eg svo ekki orðlengja þetta meir, nema að tillögunni verði andmælt.

Sigurður Hjörleifsson: Eg tek undir það sem flutningsmaður sagði í byrjun ræðu sinnar, að of mikið sé um slíkar þingsályktunartillögur hér á þingi. Eink-

um geta þær verið varasamar um slíkt efni eins og þetta. Það er ekki við búið, að deildin geti skoðað svo vel alla málavöxtu, að maður geti dæmt um það, hvort tillagan er á rökum bygð, því hér er margt að taka tillit til. Þessi tillaga er í mörgum liðum, og má segja, að misjafnlega réttmætt sé að taka tillit til þeirra. Mig furðar á, að þessi tillaga skuli koma fram nú, þar sem háttv. flutningsmaður hennar er í nefnd, sem falið var að íhuga strandferðir landsins. Annars skal eg geta þess, að því er snertir 1. liðinn, að það getur vel verið að „Perwie“ sé óhæft skip, enda er látið mjög illa af því, en eg veit þó, að það er ekki lakara en svo, að það hefir verið í vetrarferðum fyrir norðan land og til slíkra ferða eru ekki valin slæm skip. Annars er það altalað, að skift muni verða um skip til suðurlandsferðanna á komandi sumri, og þar af leiðandi er dálítið óviðkunnanlegt að koma með þessa tillögu um að fá annað skip en „Perwie“. Það getur vel verið að annað skip verði komið í staðinn, áður en stjórnin getur gert ráðstöfun í þessa átt. Eg vil sízt draga úr því að bornar séu fram sanngjarnar kröfur. En menn verða að líta á, að kröfurnar geta orðið of miklar og ósanngjarnar. Við borgum nú há gjöld til lítilla báta á Faxaflóa og Eyjafirði, en þessi bátur, „Perwie“, fer við strendur, sem gefa lítið af sér og eru hættulegar fyrir skip. Menn verða að taka tillit til, hvernig hagar til og gæta þess að vera ekki ósanngjarnir.

Þetta er nauðsynlegt að mínu áliti að íhuga í nefnd.

Síðasti liðurinn, um Vestmannaeyjar, þykir mér undarlega orðaður. Það er gert ráð fyrir að öll skip, sem fari austur um, komi við í Vestmannaeyjum í hverri ferð; að vísu eru Vestmannaeyjar uppgangsstaður, og alls góðs maklegar, og gefa landinu töluverðar tekjur með útflutningi á fiski. Þó er að að gæta, hvort þessi krafa er samt sem áður ekki æði hörð. Eg hygg, að Vestmannaeyjar hafi beztar samgöngur á sjó af öllum höfnum á landinu.

Nú er iðulega heimtað af gufuskipafélögunum að þau láti skipin koma við á höfnum, sem ekkert verulegt er að gera. Menn verða að varast að gera slíkar kröfur út í bláinn. Eg legg því til að það sé íhugað í nefnd, hvort þessar kröfur séu réttmætar eða ekki, en get ekki samþykt tillöguna, eins og hún liggur fyrir.

Ráðherra (Kr. Jónsson): Eg ætla aðeins að segja fáein orð í sambandi við það sem vikið hefir verið að í ræðum beggja hv. þm. sem talað hafa. — Svona málaleitanir er erfitt að fá framkvæmdar, nema að þær séu fullkomlega á rótum bygðar. Hér er um það að ræða, hvort hinn upphaflegi samningur við félagið hafi verið brotinn; ef svo er ekki, þá getur stjórnarráðið engin afskifti haft af málinu. Eg er ókunnugur því, hvernig samningurinn er í þessu atriði, en það verður að skoðast. Það verður að rannsaka það, hvort útgerðarmaðurinn hafi samkv. samningum haft heimild til að nota þetta skip eða ekki; hafi hann þá heimild, þá getur stjórnin ekkert gert í málinu. Enda er hvort sem er hæpið að stjórnin geti gert nokkuð nú, vegna þess hve áliðið er, og ferðir og skip að sjálfsögðu ákveðin fyrir þetta ár, og því litlar líkur til að það fáist breytt. En að sjálfsögðu verður stjórnin að hafa eftirlit með því að samningarnir séu haldnir. Mér þótti rétt að benda á þetta, hve landsstjórnin hlýtur að eiga erfitt í slíku máli, og vel gæti verið, að tillagan verði árangurslaus. En hinsvegar skal eg gera mitt ítrasta til að laga þær misfellur, sem á ferðunum kunna að vera. Eg skal geta þess, að eg þekki ekki þær áskoranir eða umkvartanir til stjórnarinnar, sem hv. flm. talar um.

Flutningsmaður (Gunnar Ólafsson):

Eg þakka hæstv. ráðherra fyrir undirtektirnar, að hann ætlar að athuga málið og gera það sem í hans valdi stendur. Eg skal ekki þrátta um það, hvort samningarnir við Thorefélagið séu brotnir eða ekki, en þó minnir mig, að í samningnum sé að Suðurlandsbáturinn skuli vera 100—150 tonn, og er þá samningurinn ekki uppfyltur, því að „Perwie“ er stærra og auk þess öðru vísi útbúin en til var ætlast og lofað var. Þá eru það líka samningsrof, ef ferðaáætlun bátsins er einskis virt og ekki haldin. Hv. þm. Ak. virtist ekki vilja gera mikið úr þessum misfellum á ferðunum, og er það líklega af því, að honum er málið ekki eins kunnugt og þeim er við þetta ástand verða að búa. Hann sagði, að málið væri ekki tímabært nú, vegna þess að skifta ætti um skip nú í sumar. En þessu sama mun hafa verið slegið fram áður eða lofað góðu um, en það nægir ekki, ef það er aldrei uppfylt. „Perwie“ er ekki horfin enn, og verður líklega áfram, ef ekki er tekið duglega í taumana. Það er rétt að „Perwie“ hefir verið notuð til millilandaferða, en einungis sem flutningaskip. Skip, sem ætlað er að flytja fólk og hefir fasta áætlun, verður að vera þolanlega hraðskreitt og hafa farþegarúm, svo sem menn hafa átt að venjast þar til nú, að Thorefélagið kom Perwie þarna. Það getur vel verið að „Perwie“ sé góð í sjó og sé gott flutningaskip og síldarveiðaskip. En hún er ekki gott farþegaskip. Hv. þm. Ak. tók það fram, að við mættum ekki vera of kröfuharðir á þessu svæði, þar sem strandferðirnar borguðu sig ekki, en þar sem að svona stendur nú á, að fólkið kemst ekki af án ferðanna, þá er þinginu skylt að hjálpa þessum sveitum til að þær geti notið samgangna. Það voru veittar 20,000 krónur til þessara ferða og þykir mér líklegt að ferðirnar gætu borgað sig, ef að báturinn væri góður. Og þegar landssjóður leggur svo mikið fé til ferðanna, þá er sjálfsagt að þing og stjórn heimti að ferðirnar séu í lagi og samsvari gjaldinu. Það er farið fram á það í 2. lið tillögunnar, að Suðurlandsbáturinn byrji ferðir sínar í Aprílmánuði. Það getur ekki verið ósanngjörn krafa, þegar litið er á það, að ferðirnar byrjuðu altaf í Aprílmánuði þegar Sameinaða félagið hafði þær. Það hepnaðist þá og ætti eins að hepnast nú. Vík er útilokuð frá ferðum frá því í ágúst og alt til vors. Þessvegna er það nauðsynlegt að skipin byrji ferðir sínar svo snemma á vorin sem hugsanlegt er. Hv. þm. sagði, að þessi tillaga hefði ekki átt að koma fram, þar sem eg væri í nefnd til að íhuga strandferðirnar, en tillagan var prentuð og útbýtt áður en nefndin var skipuð. Eg verð að játa það, að eg álít þetta svo einfalt mál, að engin vandræði sé fyrir deildina að samþykkja það, eins og það nú liggur fyrir, enda mundi stjórnin rannsaka það og kippa því í lag, eftir því sem hægt er. Hinsvegar hefi eg ekki á móti að vísa þessu máli til nefndarinnar, sem eg gat um áðan, ef að hv. deildarmenn óska þess.

Sigurður Hjörleifsson: Það hefir verið minst á samninginn við Thore-félagið viðvíkj. „Perwie“. Eins og hv. þm. vita, þá byggist samningurinn á tilboði fra Sameinaða félaginu um bát fyrir Suðurland, fyrir 20 þús. króna hækkun á tillaginu. Þetta er grundvöllurinn undir samningnum. Skipið átti að vera 100—150 tonn og þykir mér undarlegt, ef að þessu skilyrði er ekki fullnægt. Nú veit víst enginn hv. deildarm. hve stórt skip „Perwie“ er, og er því óheppilegt að tala mikið um þetta atriði, einkum ef nú verður skift um skip í sumar, og annað betra kemur í staðinn; þá er óheppilegt að hafa haldið langa ræðu um þetta. Það er aldrei tímabært að koma fram með mál, sem ekki er nægilega upplýst.

Það getur auðvitað verið bagalegt að skip fari burt af höfn, án þess að vera

búin að ljúka við uppskipun eða útskipun, en það getur verið fullkomlega réttmætt af skipstjóra að gjöra það. Það er um að ræða heill skipsins og hamla slæm veður því iðulega að skip geti fermt eða affermt. Við erum ekki sjómenn og getum ekki um slíka hluti dæmt. Eg skal benda á það sem dæmi, að þegar þingmennirnir komu hingað suður í vetur, austan og norðan um land, þá kom skipið við á Norðfirði. Þar er ekki komið nema örsjaldan, en samt fór skipið burtu frá litlum farangri, án þess að taka hann, vegna þess að skipsjóra þótti ganga of seint, og hafði hann þá afsökun, að skipið var fult af farþegum.

Kristinn Daníelsson: Eg stend aðallega upp til þess, að koma fram með þá uppástungu, að máli þessu verði vísað til nefndarinnar, sem hefir áður verið kosin til þess athuga gufuskipaferðir; og í því trausti að mér gefist síðar kostur á að taka til máls um þetta efni, skal eg ekki fjölyrða meira.

Fleiri tóku ekki til máls. Málinu vísað til nefndar þeirrar er uppá var stungið, í einu hljóði.

Aukapóstferðir.

TILLAGA til þingsályktunar um aukapóstferðir (132); 15. marz.

Forseti: Það er tillaga mín að höfð sé ein umræða um málið. Samþ. með 8 samhljóða atkv.

Ein umræða í efri deild 11. marz (132)

Flutningsmaður (Kr. Daníelsson): Eg hefi gerst flutningsmaður að þessari tillögu og eg hygg, að háttv. þingdeildarmenn muni fara nærri um, af hverjum rótum hún er runnin. Það er eftir ósk kjósenda minna, að eg hefi flutt mál þetta inn á þingið. Því er þannig farið, að landsfólkið snýr sér til þings og stjórnar með málaleitanir um það, er því þykir ábótavant og það vonast eftir að geta fengið bætur á. Þessar óskir verða því háværari og því tilfinnanlegri sem meira fer fram í einni sveitinni eða einu héraðinu en öðru.

Um póstferðir er enn þannig háttað, að ýmsir landshlutar hljóta lítið gagn af póstunum, og einn þessara hluta er sú sveit, er landsstjórnin, samkvæmt þessari þingsályktunartillögu, á að hlutast til um, að aukapóstur gangi til. Ingjaldssandur er í Önundarfirði, en er í hreppsfélagi með Dýrafirði. Nú er farið fram á það í þessari tillögu, að aukapóstur sé í hverri póstferð látinn fara frá Mýrum í Dýrafirði að Hrauni á Ingjaldssandi. Leið þessa væntanlega aukapósts liggur um blómlega sveit í Dýrafirði, er njóta myndi góðs af honum. Sveitamönnum kemur það illa, hve lengi þeir verða að bíða eftir blöðum og bréfum, eftir það að póstar eru komnir. Almenningur er tregur á að taka blaðaböggla og flytja þá bæja og sveita á milli, svo að þeir bíða oft mánuðum saman á bréfhirðingastöðunum, áður en þeir komast í hendur réttra viðtakenda. Vér þingdeildarmenn erum nú víst allir betur farnir í þessu efni og meiri hluti háttv. þingdeildar manna þekkir víst ekki af eigin reynslu slíkt ástand. En eg vona, að flestir þeirra geti þá hugsað sér, hve ilt er að búa undir slíku, og eg þykist því hafa ástæðu til að vona, að þingsályktunartillagan verði samþykt.

Eg þykist vita, að sumir hafi það á móti þessari tillögu, að tillöguleiðin er farin á svona smámáli og að sumir háttv. þingdeildarmenn muni ef til vill kinnoka sér við að fara þessa leið. Sumir kunna að líta svo á, að rétt sé, að þingið takmarki að nota rétt sinn til að samþykkja þyngsályktunartillögur, svo að hann verði þeim mun áhrifameiri, er hann er ekki oft notaður. Þetta kann í sjálfu sér satt að vera, en þar sem þessi braut er nú orðin svo fjölfarin, finst mér eðlilegt, að þingmenn noti

sér hana. Stjórn landsins verður á þann hátt kunnugt um kröfur landsmanna og fær við ályktun þingsins hvöt til að verða við óskum og þörfum þeirra. Og eg vona, að háttv. þingdeildarmenn játi, að allar sveitir landsins eigi rétt á samgöngum.

Eg sé, að háttv. þingdeildarmenn eru orðnir órólegir í sætum sínum. Eg skal því ekki lengja umræður, en fel tillöguna góðvild háttv. deildar. Hún er stutt, og það er útlátalítið að samþykkja hana.

Steingrímur Jónsson: Eg er ekki svo kunnugur á Vestfjörðum, að eg geti sagt um, hvort styðja eigi tillögu þessa eða ekki. En þótt svo sé, að mig skorti kunnugleik, gæti eg ef til vill verið henni samþykkur, því eg treysti háttv. sessunaut mínum til þess að fara rétt með það, sem hann segir um þetta mál. En jafnvel þótt eg væri ekki í neinum vafa um efni tillögunnar, að rétt og sanngjarnt væri að aukapóstur færi í hverri póstferð frá Mýrum í Dýrafirði að Hrauni á Ingjaldssandi, gæti eg þó ekki greitt henni atkvæði mitt.

Vér þykjumst allir hafa þingræðisstjórn hér á landi. Ef hér er um meira en orðin tóm að ræða, þá kemur það undarlega fyrir sjónir að nota vald og tíma þingsins til að stinga stjórnina slíkum títuprjónastungum. Hér er um hreint minniháttar framkvæmdaratriði að ræða. Ef stjórnin hefði sýnt hér þverúð eða trassaskap, þá gæti hafa verið ástæða til þess, að þingið skærist í málið. En þá ætti bezt við, að ræða um það, þegar póstmáladálkar fjárlaganna er á dagskrá. En það sést ekki að leitað hafa verið til stjórnarinnar í þessu máli eða að það hafa verið borið undir hana. En það er, að minsta kosti, fráleit leið, er hér er farin. Svona mál eiga sveitastjórnirnar að undirbúa. Þær eiga að senda skjöl sín og gögn til póststjórnarinnar. Síðan sendir póststjórnin málið áleiðis til landsstjórnarinnar. Þá fyrst, þegar landsstjórnin hefir neitað að sinna málinu, er ástæða til þess, að þingið athugi það. En það á þá að gera það í umræðum um fjárlögin, en ekki ráða því eða þess konar málum til lykta með sérstakri þingsályktunartillögu. Það er nærri því skoplegt, hve mjög þingsályktunartillögur eru notaðar hér á þingi. Þær eru notaðar til þess að útkljá stærstu mál og smæstu. Með þingsályktunurtillögu eru samþyktir gerðar í stjórnarskrármálinu. Með þingsályktunartillögu ráðum vér hver vera á ráðherra í landinu. En með þingsályktunartillögum viljum vér einnig ráða fram úr smávægilegum framkvæmdaratriðum. Þetta hefir aldrei tíðkast svo mjög sem á þinginu 1909. Þingtíðindi síðasta þings eru full af svona smámálum. Í gamla daga var öðru máli að gegna. Þá áttum vér alt undir hægfara og íhaldssama útlenda stjórn að sækja. En á seinasta þingi átti sannarlega ekki við að fara þessa leið, því að þá höfðum vér þingræðisstjórn. Af þessum ástæðum leyfi eg mér að koma hér fram með og afhenda háttv. forseta rökstudda dagskrá í málinu, er svo hljóðar:

„Í því trausti, að landsstjórnin telji sér skylt að taka málaleitun þessa til greina, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Dagskráin samþykt með 8 samhljóða atkvæðum.

Viðkomustaðir strandferðaskipanna.

TILL. til þingsályktunar um viðkomustaði strandferðaskipa (133); 10. marz.

Forseti: Eg legg til að ein umræða sé höfð um málið.

Ein umræða samþykt í einu hljóði.

Ein umr. í efri deild 11. marz (133).

Kristinn Daníelsson: Það er eins með þessa tillögu eins og hina, að eg ber hana fram eftir ósk kjósenda minna. Hún er líka sama eðlis, sem sú fyrri. Það er farið fram á í henni, að þetta hérað geti orðið

betur aðnjótandi samgangnanna á sjó, eins og hún fór fram á umbætur á samgöngum á landi. Héraðsbúar hafa fundið mjög til þess, að héraðið, einkum þó Flateyri, hafi farið varhluta af gufuskipaferðum á síðustu árum. Þá er í 2. lið beiðni um að strandbátur komi við á Súgandafirði. Þetta bygðarlag er afar-blómlegt og er í afarmiklum uppgangi, og er því mjög tilfinnanlegt að engar samgöngur eru á sjó við fjörðinn, sérstaklega í apríl og maí, og svo á haustin í októbermánuði. Hv. þm. Ísafj. þekkir þetta bygðarlag, og mun geta borið það með mér, að það er í geysimiklum uppgangi, og mun hafa tekið meiri framförum á síðustu árum heldur en flest önnur sjópláss á landinu. Eg mælist því til að hv. deild taki góðlátlega á móti tillögunni og samþykki hana. —

Að því er snertir ummæli hv. 4.kk. þm. að það væri að stinga stjórnina með tituprjónum að samþykkja slíkar þingsályktunartillögur, skal eg geta þess,. að eg get ekki fallist á það, og mjög fjarri er að slíkt sé tilgangurinn með þeirri tillögu, er hér liggur fyrir. Það hefði ef til vill mátt segja svo áður fyrr, þegar slíkar tillögur voru sjaldgæfar, en eins og nú er farið að nota þær, felast ekki í þessari aðferð neinar tituprjónastungur eða erjur við stjórnina, heldur samvinna milli þings og stjórnar, að þing og stjórn leggist á eitt með að verða við kröfum þjóðarinnar.

Lárus H. Bjarnason: Eg er hv. 4. kgk. þm. samdóma um það, að ekki sé rétt að ónáða þingið með svona smámálum. Þau eiga að fara umboðsleiðina til landsstjórnarinnar. Þá var ólíka mikilsverðari tillagan, sem hæstv. forseti neitaði að taka á dagskrá í dag, till. um innsetning gæzlustjórans. En eg er hv. 4. kgk. þm. algerlega ósamdóma um, að orðalagið á þeirri rökstuddu dagskrá, er hann óskaði borna upp út af síðustu tillögu á undan, hafi verið rétt. Hann sagði að sér væri alls ókunnugt, hvort tillagan væri á nokkrum rökum bygð, en í dagskránni treystir hann þó landstjórninni til að taka hana „til greina.“ Það er dálítið ósamræmi í því. Nú vil eg leyfa mér að bera fram aðra betri dagskrá í þessu máli, þar sem aðeins er farið fram á að stjórnin taki tillögu þá, er hér liggur fyrir „til athugunar.“

Eg hefði hugsað mér að koma með breyt. till. í þessa átt við dagskrá h. 4. kgk., en það fórst fyrir. Í rauninni munar engu á þessu tvennu, því að hver góð og samvizkusöm stjórn — og nú er til allrar hamingju von á góðri, eða að minsta kosti betri stjórn en verið hefir — tekur auðvitað slíkar tillögur til athugunar og þá til greina, ef henni sýnast þær sanngjarnar, hvernig sem orðalagið er. En orðalagið á minni tillögu er viðkunnanlegra. Eg skal með leyfi hæstv. forseta lesa hana upp:

„Í því trausti að landstjórnin taki tillögu þessa til athugunar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá“ —

Hin rökstudda dagskrá var samþ. með 8 samhlj atkv.

Gjöf Jóns Sigurðssonar.

TILLAGA til þingsályktunar um breyting á reglum um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“ (746); 27. apríl.

Forseti: Eg leyfi mér að stinga upp á einni umræðu.

Lárus H. Bjarnason: Eg vil leyfa mér að skjóta því til hæstvirts forseta, hvort ekki sé betra að hafa tvær umræður, en ekki nefnd.

ATKVGR:

Tvær umræður samþyktar.

Fyrri umr. í efri deild 29. apríl (746).

Enginn tók til máls.

1. gr. till. sþ. í e. hlj.

2. gr. 1. liður sþ. í e. hlj.

2. gr. 2. liður sþ. með 8:1 atkv.

2. gr. 3. liður feldur m. 8:3 atkv.
2. gr. þannig br. sþ. m. 11 shlj. atkv.
3. gr. sþ. í e. hlj.
Niðurlagsgr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn og formáli sþ. í e. hlj.
Till. eins og hún er orðin vísað til 2. umr. með 11. shlj. atkv.

Síðari umræða í efri deild 3. maí (815.)

Enginn tók til máls og var tillagan samþykt með 9 samhljóða atkvæðum og sendist til sameinaðs þings.

Umræða í sameinuðu þingi 6. maí (976, 899).

Jón Þorkelsson: Eins og háttv. neðri deildarmenn muna, þá bar eg fram fyrir nokkru tillögur um breyting á reglum fyrir „Gjöf Jóns Sigurðssonar," sem gengu í þá átt, að rýmka nokkuð ákvæðin um, hversu verja mætti vöxtum af þessum sjóði, sem er leifar af eigum þeirra hjóna Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar konu hans. Eg bar þessar tillögur fram í samráði við nefnd þá, sem kosin var hér á þingi 1909 til að dæma um rit til verðlauna úr þessum sjóð, og sem í voru ásamt mér þeir Hannes Þorsteinsson alþm. og prófessor Björn Magnússon Ólsen. Það var einróma álit okkar, að það bæri að rýmka um reglur sjóðsins þannig, að þegar ekki væru fyrir hendi verðlaunaverðar ritgerðir, sem óskað væri verðlauna fyrir, þá mætti styrkja útgáfur annara rita, sem ekki væri leitað fyrir verðlauna og að ennfremur mætti styrkja útgáfur heimildarrita um bókmentir, löggjöf og sögu landsins. Þetta var samþykt í neðri deild eins og kunnugt er, en efri deild feldi þetta síðasta ákvæði niður. Það sem vakti oss nefndarmenn til athuga hér um á þeim fundi, sem talað var um þetta mál, en þá var nýkomin beiðni til alþingis um 500 kr. styrk til að gefa út merkustu bréf Jóns Sigurðssonar sjálfs — var einmitt það, að oss fanst það maklegt, að þessi sjóður, minningarsjóður Jóns Sigurðssonar, gæti hlaupið hér í skrápana og stutt útgáfu bréfanna. En samkvæmt reglunum var það ekki hægt, því að úr honum má ekki veita nema fyrir vísindalegar ritgerðir, sem beðið er um verðlaun fyrir. Oss þótti því sanngjarnt og nauðsynlegt að rýmka um þessi skilyrði á þann hátt, sem samþykt var hér í háttv. neðri deild. Eg skil nú öldungis ekkert í því, hvers vegna hv. efri deild hefir strikað út þann liðinn, sem varð til þess að vér lögðum til að reglunum væri breytt. — Í sambandi við þetta vil eg leyfa mér að taka það fram, að þó að nú verði gefið út mikið af bréfum Jóns Sigurðssonar í ár, þá getur það komið fyrir að það verði gefið út meira. Síðar þarf og að líkindum að gefa út ýms merk skjöl, sem snerta starfsemi Jóns Sigurðssonar, bæði sem vísindamanns og stjórnmálamanns. Það yrði því að eins hægt að gera á kostnað þessa sjóðs, að skilyrðum verði breytt, svo að styrkja megi útgáfu slíkra rita. Mér finst þessar breytingar væru svo sanngjarnar, að eg skil ekki, hvernig efri deild fór að taka svona í einróma álit vor allra nefndarmanna. Eg álít tillögurnar alveg sjálfsagðar. Sjóðurinn hefir staðið gagnslaus í 10 ár. Það var tilætlunin með sjóðnum að hann gerði gagn, vöxtunum af honum yrði varið til nokkurra nytja, og eg vona að háttv. þingmenn skilji, að allar þessar tillögur stefna til gagns fyrir bókmentir, sögu og löggjöf þjóðarinnar, og til þess að sjóður þessi geti orðið til sem mestra nytsemda í framtíðinni.

ATKVGR.:
Viðaukatillaga á þingsk. 899 við 2. gr. sþ. með 24 samhl. atkv.
Till. í heild sinni sþ. með 30 shlj. atkv.

Guðspakkafé:

TILLAGA til þingsályktunar um rannsókn og ráðstafanir á guðspakkafjám. 24. apr. (696).

Forseti stakk upp á einni umræðu og var það samþykt með 10 samhljóða atkvæðum.

Ein umr. í efri deild 25. apríl. (696).

Kristinn Daníelsson: Eg hefi gerst flutningsmaður að þessari tillögu á þingskjali 696.

Háttvirtri deild er kunnugt, að fyrir neðri deild hefir legið tillaga svipaðs efnis. Sú tillaga féll þar þó, með litlum atkvæðamun, sem sýndi, að deildinni þótti nokkurs vert um þetta, þó að henni félli ekki búningurinn. Þar var farið fram á, að þetta væri gert með töluverðum kostnaði. Eg er á sama máli, að athuga beri guðspakkafé og hefi borið mig hér saman við hæstvirtan ráðherra og hann hefir tekið því vel að þetta nái fram að ganga.

Það er óviðkunnanlegt um fé þetta, sem er opinbers eðlis, að ekkert skuli vera vitað um, hvernig því er varið.

Það hefir áður verið hugsað um þetta og Harbo biskap lét rannsaka það mál á 18. öld, 1744—1745. Þá kom út Kansellibréf um málið 30. september 1820 og var aftur skipað fyrir að rannsaka það, en sú ransókn hafði ekki orðið til neins.

Aftur býður stjórnarbréf frá 3. júní 1866 að slengja þessu saman við sveitarsjóði.

Þó að afraksturinn muni sumstaðar ganga til sveitarsjóða, virðist eiga vel við að athuga þetta nánara.

Hugmyndin guðspakkafé hefir annars tæplega ákveðna merkingu.

Undir það heyra hinar svonefndu Kristfjárjarðir og einnig má telja hér til Thorkilliisjóðinn, sem er ætlaður til uppeldis og mentunar fátækum börnum. En það þyrfti að athuga alt ástand þess sjóðs. Hjá því verður varla komist, að gerðar séu ráðstafanir um notkun hans. Samkvæmt fræðslulögunum er nú séð fyrir þeirri kenslu barnanna, sem sjóðurinn var ætlaður til, svo að nauðsyn er á að einhver breyting sé gerð á ráðstöfun gjafabréfsins.

Fleira þarf að athuga viðvíkjandi þessum sjóði. Talað hefir verið um að töluvert af fé hafi verið brúkað úr honum, sem vafasamt er, hvort heimild var fyrir. Eg á við útgáfu dýrrar bókar, sem gefin var út á hans kostnað.

Svo skal eg ekki þreyta menn með fleiri orðum, en vona að háttvirt deild geti verið mér sammála í þessu máli og sérstaklega þar sem stjórnin hefir tekið vel í það.

Augúst Flygenring: Eg veit ekki, hver árangur kynni að verða af þessari tillögu, þó hún yrði samþykt; býst við, að hann yrði heldur rýr. Það er heldur ekki ljóst, hve viðtækt á að taka þetta. Máske flutningsmaðurinn hafi orðið svo hrifinn af því að sjá æfisögu Jóns rektors Thorkelin og rannsóknina á meðferð þess sjóðs, sem við hann er kendur, að hann þessvegna telji skyldu sína að útvega meira af líku tægi.

Eg vona þó að flestum fyndist heldur fjarri tilganginum með guðspakkafé að verja því til útgáfu bóka af líku tægi og þeirrar sem nýskeð er komin út um þennan sjóð og gefanda hans. Þar sem varið hefir verið nær 5 þúsundum króna af ekki meira en 70 þúsundum, sem sjóðurinn er, til þess að hrúga upp alskonar bréfarusli, sálmarusli, og jafnvel prófsvottorðum ólesandi barna, hér út um nes og upp í sveit, — sem auðvitað enginn les nema einstöku historiugrúskarar. Það er ekki til þess að heiðra gefandann að gefa út slík ósköp.

Eg leyfi mér að beina þeirri spurningu til hæstvirts ráðherra — fyrst hann er hér staddur, — eftir hvaða heimild að alt þetta rusl hefir verið gefið út, og til

þess varið offjár af sjóði, sem ætlaður er til mentunar snauðum börnum.

I formálanum stendur, að Jens prófastur Pálsson hafi stutt þetta mál rækilega, en það mun þó aldrei hafa verið ásetningur þessa heiðursmanns að kasta í þessa ruslakistu sem svarar 20 barna árlegu skólagjaldi um aldur og ævi.

Eg vona, að það sé ekki tilgangurinn með tillögu þeirri sem hér liggur fyrir, að halda áfram á líkan hátt og hér hefir verið byrjað og fá meira inn á bókamarkaðinn af slíku góðgæti, en sé annars ekki að tillagan geri neitt gagn og mun eg því greiða atkvæði á móti henni.

Ráðherra: Það er ervitt fyrir mig að svara uppá fyrirspurn þá, sem beint hefir verið til mín, þar sem eg hefi engan hlut átt að máli því, sem hér er um að ræða. — Sjóður þessi, Thorchillis'sjóðurinn stóð fyr meir undir stjórn stiftsyfirvaldanna, en er nú undir stjórn stjórnarráðsins og á ábyrgð ráðherra. Og hefir landritari aðallega haft stjórn hans með höndum.

Nú er mér tjáð, að í ráðherratíð Hannesar Hafsteins hafi verið ákveðið að gefa út minningarrit um stofnanda sjóðsins; og að svo hafi í tíð Björns Jónssonar verið samið við höfundinn að þessu riti að gefa það út til minningar um sjóðsstofnandann; var þá samið um ákveðinn arkafjölda ritsins, er eigi mætti fara fram yfir, enda fer ritið eigi fram yfir þann arkafjölda. — Höfundurinn hefir eðlilega fengið kaup fyrir starfa sinn, og það hefir ekki orðið tekið af öðru fé en þessum sjóði. Eg býst við að svo verði að líta á, að stjórnarráðið hafi eftir atvikum haft vald til þess að ráðstafa þessu þannig. Það hefir verið talað um stofnskrá sjóðsins í þessu sambandi. Ákvæði hennar eru mér eigi kunnug, svo að eg muni þau nú glögt, en eg býst ekki við, að brotið hafi verið gegn þeim með útgáfu þessarar bókar.

Kristinn Daníelsson: Háttvirtur 3. konungkjörinn beindi til mín þeirri spurningu, hve viðtæk þessi rannsókn ætti að vera. En eg hygg, að þetta sé ljóst af tillögunni sjálfri, og það er, að stjórnin rannsaki, eftir því sem hún er fús til, án þess að til þessa sé varið sérstöku fé. Eg hugsaði mér, að þegar fengin væri full vitneskja um þetta fé, að þá væri samin skrá yfir það og að stjórnin kæmi svo með tillögur sínar því viðvíkjandi.

Hér vakti meðal annars fyrir mér Thorkillii sjóðurinn og að stjórnin kæmi fram með tillögur um, hvernig honum yrði varið framvegis, þar sem það er bert, að ekki er hægt að verja honum samkvæmt fyrirmælum gjafabréfsins. Gjafabréfið ákveður, að honum skuli varið til þess að greiða kenslukaup fyrir fátæk börn, en þar sem nú er orðin skylda hins opinhera að sjá fyrir þeirri kenslu, verður honum ekki komið við hér.

En þar sem heimilin annast kenslu á börnum sínum fram til 10 ára, mætti veita styrk til þeirrar kenslu, en þá yrði að nema staðar við 10 ár. Áður fékk hvert barn styrkinn til enda síns náms. Nú er skylda heimilanna að annast fræðsluna, og geti þau það ekki, þá verður að leggja til hennar úr sveitarsjóði án þess að það kallist sveitarstyrkur.

Það liggur í augum uppi, að eitthvað þarf að gera við Thorkilliisjóðinn.

Hann var áður notaður til þess að kenna börnum í skóla og gerði hann þá mikið gagn á því svæði, sem hann er ætlaður fyrir.

Tillagan feld með 6 : 6 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Kristinn Daníelsson,	Steingr. Jónsson,
Ari Jónsson,	August Flygenring,
Gunnar Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Jósef Björnsson,	Júlíus Havsteen,
Kristján Jónsson,	Lárus H. Bjarnason,
Sigurður Hjörleifsson.	Stefán Stefánsson,

Einn þingmaður greiddi ekki atkvæði.

Bæjarfógetaembættið á Akureyri og sýslumannsembættið í Eyjafirði.

TILLAGA til þingsályktunar um bæjarfógetaembættið á Akureyri og sýslumannsembættið í Eyjafjarðarsýslu (349). 30. marz.

Forseti lagði til að tillagan yrði rædd í einni umræðu, og var það sþ. í e. hlj.

Ein umræða í efri deild 31. marz (349).

Sigurður Hjörleifsson: Við flutningsmenn þessarar tillögu, eg og háttv. 6. kngk. þm., höfum minst á þetta mál við báða þingmenn Eyfirðinga í neðri deild, og hefir okkur skilist svo, að þeir væru málinu hlyntir. Það hefir verið mikið umtal um það í héraðinu, á Akureyri og í Eyjafirði, að það bæri nauðsyn til að breyta þessari embættaskipun. Og það er engin furða þó að Akureyrarbúar hafi sérstaklega fundið til þessarar nauðsynjar, því að störfin hafa vaxið mjög mikið undanfarin ár. Hve mikið þau hafa vaxið, get eg ekki sagt, því að um það hefi eg ekki ábyggilegar skyrslur, en þau hafa áreiðanlega vaxið mjög mikið, bæði í stjórn bæjarins og sjálfrar sýslunnar. Nú er svo komið, að margir álíta ókleift fyrir einn mann að þjóna embættinu, nema þá með aðstoð löglærðs manns. Nú eru deildar meiningar um, hvað eigi að gera til þess að bæta úr þessu. Akureyringar vilja helzt fá sérstakan bæjarfógeta, sem um leið hefði borgarstjórastöðu, sem nú er farið að kalla svo. Og eg get hugsað, að þá þætti vel tilvinnandi að bæjarfélagið greiddi nokkurn hluta af launum þessa embættismanns. Það sem vakir fyrir þessum mönnum er, að fá embættinu, eins og það er nú, skift í tvö embætti, bæjarfógetaembætti og sýslumannsembætti í Eyjafjarðarsýslu. En fyrir öðrum vakir aftur á móti að brýna nauðsyn bæri til að skipa sérstakan sýslumann, sem hefði aðsetur á Siglufirði. Og þeir hafa mikið til síns máls. Það er orðin venja að bera saman, hve mikið hver hluti landsins leggi í landssjóð. Þar eru Vestmannaeyjar einna hæstar tiltölulega, þær leggja kringum 40 þús. kr. En Siglufjörður leggur þó miklu meira í landssjóð eða árlega kringum 60—70 þús. kr. Nú er opinbert leyndarmál að tollsvik eru þar afartíð. Þar mun vera selt til muna af vínföngum, kaffi, sykri o. s. frv., sem flutt er inn tolllaust. Af þessu stafar vitanlega fjárhagslegt tjón fyrir landssjóð, ef mikil brögð eru að þessu. Og það mun vera óhætt að segja, að það sé orðinn talsvert almennur grunur á að tollsvik eigi sér stað. Til þess bendir meðal annars, að fjárlaganefnd neðri deildar hefir nú tekið tillit til þessa og gerir ráð fyrir, að sá maður, sem verður skipaður til lögreglueftirlits á Siglufirði, hafi jafnframt tollheimtu á hendi. Það stafar vitanlega af því, að fjárlaganefndinni hefir borist vitneskja um, hvernig ástandið er. — En svo er ekki nóg með það að tollsviknar vörur séu fluttar inn. Hitt er ennþá meira um vert, að þar sem sýslumaður situr á Akureyri önnum kafinn, þá er mikil hætta á því að eitthvað missist af útflutningsgjaldi á Siglufirði. Það þarf ekki meir en að eitt síldarskip sleppi frá Siglufirði án þess að greiða útflutningsgjald af síldarfarmi, þá getur það numið 1000 kr. tjóni fyrir landssjóð. Af þessu er auðséð, að hér er um brýna þörf að ræða, bæði fyrir héraðið og vegna hagsmuna landssjóðs. Ef embættinu væri skift í bæjarfógetaembætti og sýslumannsembætti, gæti vel komið til tals að gera sýslumanni að skyldu að búa á Siglufirði nokkurn hluta ársins. En þetta er alt óákveðið og ýmsar skoðanir um það, hvernig hentugast væri að bæta úr þessum vandræðum, og skal eg ekki fella um þetta neinn ákveðinn dóm, hvernig hentast væri úr að bæta. Þess vegna þótti oss rétt, að beina þessu máli til

stjórnarinnar. Það hefir að vísu verið farið fram á þetta áður af Verzlunarmannafélaginu á Akureyri á síðastliðnum vetri. En sú áskorun kom svo seint til stjórnarráðsins, að það gat ekki tekið hana til greina. Til þess nú að hreyfa þessu máli hefi eg gjörst flutningsmaður, ásamt öðrum háttv. þingdeildarmanni, að þingsályktunartillögu þessari, sem hér liggur fyrir, og sem eg vil mælast til að hin háttv. deild samþykki.

Lárus H. Bjarnason: Fyrsta spurningin, sem hér rís, er sú, hvort breyta þurfi frá því sem nú er. Og þurfi að breyta til, þá er að athuga, hvort ekki séu hér fleiri leiðir líklegar en hv. flutningsmaður vék að. Mér skildist hv. flutningsm. vilja gera 3 embætti úr þessu eina, sem nú er, sem sé sérstakt bæjarfógetaembætti á Akureyri, og sérstakt sýslumannsembætti á Siglufirði, auk gamla sýslumannsembættisins. En þetta hefir ef til vill verið misskilningur hjá mér. Það situr reyndar ekki á mér sem viðriðnum lagaskólann, að vera á móti því að ný lagaembætti séu stofnuð, svo að kandidatar þaðan geti fengið eitthvað til að lifa á, en svona djúptækur get eg þó ekki verið, enda mun vera óþarfi að breyta til frá því, sem nú er, svo, að það kosti landsjóð nokkuð. Það mætti taka af bæjarfógetanum forstöðuna fyrir bæjarstjórninni líkt og gert hefir verið hér í Reykjavík. Með því væri að vísu teknar af launum hans 500 kr., en eg læt vera þó að þau væru ekki nema 3000 kr., sérstaklega þar sem aukatekjurnar eru mjög miklar, enda hlyti að hægjast um fyrir honum að stórmiklum mun með því móti. Það mun nú vera um 2000 manns á Akureyri og um 6000 í sýslunni, eða alls 8 þús. manns. Mér hefir verið sagt, að aukatekjurnar af tolli o. fl. séu þar miklu meiri en föstu launin, sumir segja að launin séu jafnvel 9—10 þús. kr. brúttó. Héldi sýslumaður sumarlögreglustjóranum á Siglufirði áfram, ætti hann með þessu móti að geta annað embættinu, enda engin vorkun að leggja fram töluvert fé til sæmilegs skrifstofuhalds af svo háum launum. Úr tollsvikunum, sem hv. flutningsmaður var að tala um, geri eg ekki svo mikið. Mér var ekki kunnugt um, þar sem eg var sýslumaður, að nein tollsvik ættu sér stað; en menn hafa kannske lært þau á þessum síðustu og verstu tímum. Mikil brögð munu þó ekki vera að þeim. Og ekki heldur neinar horfur á, að það breytist verulega til batnaðar, þó að sýslumaður kæmi til Siglufjarðar. Það hefir verið skipaður þar sérstakur lögreglustjóri þann tíma, sem mest er um gjaldheimtu, og undir hann heyrir að líta eftir að tollur sé ekki svikinn.

Sé ástæða til að rannsaka, hvort skifta beri Eyjafjarðarsýslu, þá mun vera lík ástæða til að taka til skoðunar, hvort hið sama gildir ekki um alla hina kaupstaðina, Ísafjörð, Hafnarfjörð og Seyðisfjörð og væri þá rammi tillögunnar of þröngur. Þar að auki er þingsályktunartill. alt of hátíðlegt form fyrir ekki meiri mál. Slíku vopni á ekki að beita eins títt eins og nú er gert. Eg vil því leyfa mér að leggja það til, og vona eg að háttv. flutnm. verði mér samnmála um það, að þetta mál verði afgreitt til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá, sem nái til rannsóknar allra kaupstaðanna. Góð stjórn mundi engu síður taka málið til athugunar, þótt það væri afgreitt með rökstuddri dagskrá, en hana mætti orða svo:

„Í því trausti, að landstjórnin athugi til næsta alþingis, hvort og hvernig skifta eigi störfum bæjarfógetans á Akureyri og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og annara bæjarfógeta og sýslumanna, þar sem líkt á stendur, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

Hér er farið fram á alveg það sama og í þingsáltill., bara með öðru móti.

Sigurður Hjörleifsson. Mér þótti nokkuð undarlegt upphafið á ræðu háttv. 5.

kgk. þm. Hann talaði eins og hér væri verið að fara fram á að breyta til, en það er rangt, Það er ekki verið að halda því fram, að það þurfi að breyta, einungis farið fram á það eitt, að málið sé rannsakað. Okkar tillaga fer ekki fram á annað. Við höfum engin tæki til að rannsaka þetta mál, það er einungis stjórnarráðið, sem heimtir saman allar skýrslur þar að lútandi. sem getur dæmt um það, hvort skifta beri störfum bæjarfógetans á Akureyri og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu. Það er ekki hægt nð koma þessu máli fram nema að stjórnin taki það til íhugunar. En því ber ekki að neita, að það hafa komið fram háværar raddir um það nyrðra, að ástæða sé til að skifta embættinu.

Það var misskilningur hjá háttv. 5. kgk. þm. að eg hafi viljað stofna 3 embætti þar nyrðra. Eg benti að eins á, að á Siglufirði hefði komið fram krafa um að sérstakur sýslumaður yrði settur þar. Á Siglufirði líta menn á þörf kauptúnsins, en á Akureyri á hag bæjarins. Annars munu menn ekki hafa hugsað sér, hvernig skiftingin ætti að vera, og engum dottið í hug, að embættin ættu að verða 3, heldur að eins 2. Hvort þess er þörf, um það vantar alla statistik.

Mér þótti það undarlegt hjá hv. 5. kgk. þm., að honum þótti ekki líklegt, að tollsvikin á Siglufirði mundu batna þótt þangað kæmi sýslumaður. Mér finst í þessu liggja heldur mikið vantraust til sýslumanna landsins. En viðvíkjandi eftirlitsmanni, þeim sem á Siglufirði hefir verið, þá er það skjótt af að segja, að sá maður hefir alt af verið hálfgerður varndræðamaður í þeim skilningi, að staðan hefir gert hann að vandræðamanni. Hann hefir varla vald til að dæma í sektir fyrir lítilfjörlegar barsmíðar. Hann hefir lögregluvald en ekki dómsvald, svo þótt nýtur maður sé sendur þangað, þá mundi starf hans ekki koma að fullum notum. Það er þörf á því að hv. stjórn taki þetta mál til íhugunar, hún hefir betri tök á því að semja við sýslumanninn og bæjarfógetann, sem nú er í embættinu. Hún gæti ef til vill fengið hann til að taka við öðru embættinu, væri þessu eina skift í tvent.

I þingsáltill. okkar felst ekki nein vantraustsyfirlýsing á stjórnina; vér berum að eins hér fram óskir manna þar nyrðra. Mér persónulega er sama, hvort hún verður samþykt eða rökstudd dagskrá háttv. 5. kgk. En það er eitt atriði, sem mælir á móti því, að dagskráin sé samþykt, en það er það, að í henni er farið lengra en í þingsályktunartill. Það er með henni eins og verið að gefa undir fótinn með að slíkar kröfur komi sem víðast að. Það er óeðlilegt að verið sé að ýta undir menn í þessu efni, og það þingið sjálft, en eðlilegt að stjórnin stingi upp á breytingum.

Steingrímur Jónsson: Eg er samþykkur háttv. flutningsmönnum um, að þörf sé á að rannsaka þetta mál, sérstaklega þar sem veitt hefir verið á fjárlögunum undanfarin ár fé til lögreglustjóra á Siglufirði. En þótt eg sé sammála þeim um þetta, þá er eg ekkert hrifinn af leiðinni, sem þeir vilja fara, því að eins og tekið hefir verið fram af háttv, 5. kgkj., þá á ekki að nota þingsályktunartillöguformið nema brýn þörf sé á. Eg get ekki skilið annað en að hver góð stjórn, sem sér sóma sinn, muni verða við óskum héraðsbúa og taka þær til greina. En mér þykir oflangt gengið, þar sem segir hér í tillögunni: „og leggja málið fyrir næsta þing“. Það er eins og það sé sjálfsagt að stjórnin skuli koma með frumvarp um að aðgreina embættin. Ef rannsóknin færi á þá leið að stjórninni fyndist ekki ástæða til aðgreiningarinnar, eða ef hún fyndi aðrar leiðir, t. d. eins og háttv. 5. kgkj. benti á, að skilja að borgarstjórastarfið og bæjarfógetaembætttið, þá á það að nægja. Af þessum ástæðum er eg meðmæltur rökstuddri dagskrá, hún er nægilega áhrifamikil. Sú aðferð finst mér

vera aðgengileg. Hún hefir þann kost fram yfir þingsál.till. að hún er réttlát, hún fer fram á, að um leið og rannsakaðar eru ástæður til skiftingar Eyjafjarðarsýslu, þá sé líka rannsakað, hvernig hagi til um hina kaupstaðina. Eg er viss um, að maður getur að minsta kosti búist við því, að strax á sama þinginu og búið væri að hamra þessari skiftingu fram, mundu koma líkar beiðnir frá hinum kaupstöðunum, t. d. Ísafirði, þótt eg hinsvegar játi, að þar sé ekki eins mikil þörf og í Eyjafirði.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. 4. kg.kj. þm. hefir tekið af mér ómakið. Það er óþarfi að vera að keyra stjórnina áfram með svipum og skorpiónum, stjórn sem maður þekkir ekkert og er nýtekin við. Það hefði verið annað mál, hefði það verið fráfarandi stjórn, þótt henni hefði verið gefin ein þingsályktunartillagan til. Hún lét reyndar ekki svo sérlega mikið að þingsál till. þeim, sem hún fékk á síðasta þingi. Það mælir líka með hinni rökstuddu dagskrá, að hún er viðtækari en þingsál.till. Í henni liggur, að stjórnin á að athuga ástandið á 3—4 stöðum, þar sem líkt hagar til og í Eyjafirði, hvort þar þurfi að breyta til frá því fyrirkomulagi, sem nú er. Stjórnin á að athuga, áður en hún leggur út í breytingar á sýslumannsembættinu og bæjarfógeta á Akureyri, hvaða dilka þær geti dregið á eftir sér og mundi sú athugun ef til vill leiða til þess, að þær breytingar yrði síður gjörðar hugsunarlaust. Það er líklegt, að sama krafa mundi koma frá sumum hinna kaupstaðanna, t. d. Ísafirði og Hafnarfirði, því að þó að alþýða manna segi, að hún vilji ekki að ný embætti séu stofnuð, þá er það tæpast alvörumál, sem sést bezt á þeim stöðugu beiðnum til alþingis um ný læknisembætti. Eg leyfi mér að mæla fram með hinni rökstuddu dagskrá.

Stefán Stefánsson: Eg stend upp til að lýsa því yfir, að eg get ekki verið með hinni rökstuddu dagskrá, af því að hér er verið að blanda saman alveg óskyldum hlutum. Það hafa engar kröfur komið fram frá hinum kaupstöðunum, eða sýslubúum þar, um að greina að embættin. Þar hafa engar raddir heyrst í þá átt. Þar er þess vegna að öllum líkindum á slíkri aðgreiningu engin þörf. Það er merkilegt að háttv. 5. kg.kj. þm. skuli tala um þetta mál eins og hér sé verið að stofna ný embætti. Það liggur alls ekki fyrir. Hér er aðeins farið fram á, að þetta mál sé rannsakað, og að niðurstaðan af þeirri rannsókn verði lögð fyrir næsta þing. Annað en þetta felst ekki í tillögunni. Næsta þing getur svo ráðið, hvort embættinu er skift eða eigi. En ef stjórninni og þinginu fyndist ekki ástæða til að breyta til, þá mundu þær raddir þagna, sem hafa komið fram um þetta. Eg skal annars geta þess, úr því að eg stóð upp á annað borð, að þegar bæjarfógetaembættið hér í Reykjavík var aðskilið frá sýslumannsembættinu í Gullbringu- og Kjósarsýslu, þá var þar færra fólk en nú er í Eyjafjarðarsýslu og Akureyri. Nú eru í Eyjafjarðarprófastsdæmi eftir síðustu skýrslum (1908) 7165 manns, í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi 7860, í Kjalarnespróf.d. 5600 og í Norður-Múlasýslupróf.d. (Seyðisfirði) 2964 manns. Þessa hefi eg getið sökum þess, að því hefir verið slegið fram, að ef þessu embætti, sem hér er um að ræða, væri skift, þá mundu hinir kaupstaðirnir líka heimta aðskilnað á sýslumanns og bæjarfógetaembættunum. Eg get ekki séð að slíkar kröfur muni koma fram, og kæmu þær fram, þá er langt frá að þingið þurfi að sinna þeim, nema ástæður væru líkar eða eins, og það á sér eigi stað nema ef vera skyldi um Ísafjarðarkaupstað. Eg legg eindregið á móti hinni rökstuddu dagskrá háttv. 5. kgkj.

Sig. Hjörleifsson: Eg stend aðallega upp til þess að svara háttv. 4. kg.kj. þm.

Það er alls ekki sjálfsagt, að stjórnin leggi frv. fyrir næsta þing um þetta mál. Það er alls ekki farið fram á það í þessari þingsál.till., heldur aðeins að stjórnin rannsaki málið, viti hvort þessi ráðstöfun muni heppileg. Annað er það ekki. Það er ætlast til þess, að ef þetta reynist svo, að hún álítur ástæðu til að skifta embættinu, þá leggi hún frumv. fyrir þingið þess efnis. Fyndist stjórninni aftur á móti ekki ástæða til þess, þrátt fyrir hinar háværu raddir, sem fram hafa komið um það, þá gjörir hún það ekki, heldur skýrir þinginu frá því. Það er undarlegt, að háttv. 5. kg.kj. skuli finnast að það sé ófært að samþykkja þessa þingsál.till. vegna stjórnarinnar sem nú er; en að það væri ástæða til þess, ef það væri önnur stjórn eða öllu heldur fráfarandi stjórn. Maður er ekki orðinn óvanur þessu og því líku hér í deildinni. Háttv. 5. kg.kj. þm. stendur varla svo upp, að hann noti ekki tækifærið til að narta í og skamma stjórnina, sem nú er fallin. Þessar sífeldu skammir eru farnar að verka á mig eins og eg sjái reiðan mann standa yfir líki þess manns, er hann hefir vegið og haldi áfram að krukka í það.

(L. H. B.: Eg er dauður),

Eg get ekki skilið, hvernig hann getur verið að þessu í hverri einustu ræðu, sérstaklega þegar sá sem hann er að skamma er ekki til staðar.

Umræðunni lokið.

Rökstudd dagskrá feld með 7. atkv. móti 6.

Þingsályktunartill. samþykt með 7. atkv. gegn 4.

Myndugleiki.

TILLAGA til þingsályktunar um persónulegan og fjárhagslegan myndugleika; (205), 21. marz.

Ein umræða samþykt í einu hljóði.

Ein umræða í efri deild 24. marz (205).

Lárus H. Bjarnason: Það er ekki ástæða til að fjölyrða um þessa tillögu. Hún má heita orði til orðs samhljóða tillögunni, er samþykt var hér í deildinni 1909 og er nr. 270 í skjalapartinum frá því ári, enda þingmenn allir þeir sömu og þá voru. Af þessu tvennu er það sýnilegt, að ekki þarf að halda langan kapitula um hana. Frv. það sem borið var fram hér á síðasta þingi, en hætt var við með samþykki flutningsmanna, hv. þm. Ísafj., og frv. stjórnarinnar fyrverandi, sem felt var hér á dögunnm, lutu aðeins að breytingum á gildandi ákvæðum um fjárhagslegan myndugleika; en ef á að fara að breyta þeim, þá virðist það ekki úr vegi að taka líka til athugunar persónulegan myndugleika, og slá saman í eitt öllum þeim ákvæðum, sem um þetta efni eiga að gilda. Það er því fremur ástæða til að taka alt þetta mál til ítarlegrar rannsóknar, sem ákvæðin þar að lútandi eru misjafnlega gömul, allar götur frá 1683 og fram á 20. öld. Þau eru því hvergi nærri samrýmileg hvert við annað, og mörg þeirra úrelt. Á þingi er erfitt að búa til slík lög. Til þess þarf bæði næði og fagþekking. En á þinginu er næðið lítið, og nýtur fagþekkingin sín því ekki sem skyldi, þótt til væri. En stjórninni er innanhandar að búa til slík lög, eða að njóta aðstoðar annara til þess. Og eg hygg að í höndum núverandi stjórnar sé málið í góðum höndum.

Breytingar frá því sem tillagan 1909 var orðuð eru svo sem engar, aðeins tvær. Önnur er sú, að ekki þarf að leggja lögin fram fyr en á næsta *reglulegu* alþingi, og var hún gerð vegna þess að búist var við aukaþingi, þegar nefndarálitið var á ferðinni. Hin er sú, að í þessari tillögu stendur að stjórnin megi *„láta* rannsaka“ o. s. frv., þar sem eldri tillagan fól stjórninni „að rannsaka“ efnið o. s. frv. En þetta er í rauninni engar eða

litlar efnisbreytingar, því að þessa heimild til að njóta aðstoðar annara hefir stjórnin auðvitað, hvort orðalagið sem haft er, en vitanlega má búast við að sú aðstoð kosti eitthvað. — Að öðru leyti vil eg vísa til nefndarálitsins frá 1909 nr. 271 í skjalapartinum, og framsöguræðu minnar, sem er á bls. 1041 í umræðupartinum. Skal eg svo ekki fjölyrða meira um tillöguna, en vona að háttv. deild taki henni vel.

ATKV.GR.:

Till. til þingsál. þskj. 205 sþ. í e. hlj.

Nefndarbreyting.

17. marz.

Áður en gengið var til dagskrár skýrði ráðherra frá því að hann óskaði að deildin kysi annan mann í stað sinn í nefnd þá er kosin hafði verið í byrjun þings til að íhuga frv. til almennra viðskiftalaga. Forseti skaut þessari beiðni ráðherra til deildarinnar, og áleit hana samþykta þar eð enginn mótmælti henni. Var síðan 1. kgkj. þm. Júlíus Havsteen kosinn í nefndina í stað ráðherra.

Erindi frávikins gæzlustjóra.

17. febr.

Forseti: Frá skrifstofunni hefir mér sem forseta verið fengið í hendur, örfáum mínútum fyrir fundinn — sama sem í fundarbyrjun — alllangt erindi til Ed. frá háttv. þm. Borgf. og bað sami háttv. þm. mig að lesa það hér upp. En við þeirri beiðni get eg ekki orðið vegna þess, að þingdeildin má ekki taka við neinu málefni nema einhver þingdeildarmanna taki það að sér til flutnings á *þingskapalegan hátt*, en því skilyrði hefir ekki verið fullnægt. Fyrir því getur erindið hvorki orðið lesið upp né rætt á þessum fundi.

Kristján Jónsson: Þetta erindi til deildarinnar ræðir um málefni, sem snertir beinlínis deildina sjálfa og mig sem þjónustumann eða fulltrúa hennar. Eg fer þess því einlæglega á leit við hæstv. forseta, að hann lesi þetta bréf upp með samþykki deildarinnar. Það hefir viðgengist, síðan eg kom fyrst á þing, að bréf um málefni snertandi deildina sjálfa séu lesin upp, ef deildin æskir þess með atkvæðagreiðslu. Eg þykist vita að deildin óski að heyra bréf þetta, og vona að hæstv. forseti leiti atkvæða hennar um það,

Forseti: Þrátt fyrir þá miklu virðingu, er eg ber fyrir hv. þm. Borgf., verð eg að halda fast við þann úrskurð minn, að bréf hans verður ekki lesið upp nú. Slík erindi verða að koma fram í *þingskapalegu formi*. Það verður ekki sagt um þetta bréf, og getur það því eigi orðið lesið upp né rætt hér í dag.

Kristján Jónsson: Eg vil enn af nýju fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann lesi bréfið upp fyrir deildinni, ef hún vill heyra það, og að hann beri það undir deildina, hvort hún vilji heyra bréfið lesið og hlíti svo úrskurði hennar þar um.

(Lárus H. Bjarnason: Má eg gera athugasemd).

Forseti: Úrskurður er fallinn í þessu máli, og því geta engar umræður né atkvæðagreiðsla farið fram.

(Júlíus Havsteen: Hverjar ástæður hefir forseti fyrir þessum úrskurði).

Ástæðan er sú, að svona langt og slíkt erindi sem þetta á að koma fram undirbúið á skipulegan hátt sem prentað erindi, er getur legið fyrir öllum þingmönnum.

Lárus H. Bjarnason: Eg vil benda hæstv. forseta á niðurlag 36. gr. þsk. þar sem segir, að hverjum þm. sé heimilt að gjöra stutta athugasemd um gæzlu þingskapanna og fl. — Hæstv. forseti sagði, að bréfið væri ekki formlega framborið. Samkvæmt hvaða grein þingskapanna? mætti eg spyrja. Forseti gat þess, er hann var kosinn, að hann „vonaði og óskaði“

að samvinna yrði góð milli sín og deildarinnar. En eitt skilyrði fyrir góðri samvinnu er það, að forseti láti eftir þdm. það sem sanngjarnt er. Annars skal eg benda hv. forseta á, að innan handar er að koma málinu á dagskrá samkv. 41. gr. þsk.

Eg vona, að til þess þurfi ekki að koma og leyfi mér í því skyni að leggja til að hæstv. forseti leiti atkvæða deildarmanna um það, hvort þeir vilji heyra bréf háttv. þm. Borgf.

Kristján Jónsson: Eg átti tal við hæstv. forseta í gær um þetta efni, og var hann þá fús að lesa bréf mitt upp í deildinni í dag. En í morgun átti eg tal við hann aftur, og þá bar hann brigður á, að þetta væri löglegt. Nú óska eg að heyra vilja deildarinnar í þessu máli, hvort hún vill heyra erindið eða ekki, og fyrir því mælist eg til, að hr. foreti skjóti spurningunni til úrlausnar deildarinnar.

Forseti: Það er rétt, að háttv. þm. Borgf. talaði við mig í gær og fór fram á það að eg læsi erindi frá sér upp fyrir deildinni. Eg tók því ekki fjarri þá, því að eg bar það traust til hans, að hann vissi af einhverjum stað í þsk., er heimilaði það. En er eg hafði íhugað málið betur, bað eg hann rétt fyrir fundinn áðan að koma ekki fram með þessa ósk, því eg gæti ekki orðið við henni. Eg áskildi það, að erindið kæmi fram í réttu formi. Erindið er mjög langt og ræðir um stórmál, sem hlýtur að koma fyrir þingið. Rétt er formið ekki, nema bréfið sé prentað, útbýtt, og fyrirtektartími þess tilkyntur. Svo er ákveðið í þingsk., að fara skuli með hvert mál, er þingmaður ber fram eða flytur inn í þingið, hvort heldur eru frumvörp, þingsályktunartill. eða fyrirspurnir til stjórnar eða annað, — og eg skal bæta því við, að því minni ástæða finst mér til að lesa bréfið upp, þar sem háttv. þm. hefir tjáð mér, að hann ætli hvort sem er að láta prenta það sem þingskjal í máli, sem mun koma fyrir deildina.

Háttv. 5. kgk. þm. vildi opna málinu nú þegar veg inn á þingið með því að heimfæra það undir 11. gr. þingskapanna, 3. lið, en það er eigi unt.

(Lárus H. Bjarnason: Ekki í dag. Síðar).

Já, það er rétt; það er ekkert á móti því, að það geti komist inn undir þessa grein síðar meir, þegar það hefir fengið þann undirbúning, sem þingsköpin gera ráð fyrir. Nú er forsetaúrskurður fallinn, og við það stendur. —

Eftir dagskrárumræður s. d.

Kristján Jónsson: Eg beiðist þess að fá að vita, hvað hæstv. forseti ætlar að gera við erindi mitt, það er umræða varð um í byrjun fundarins,

Forseti: Ef háttv. þingm. óskar ekki að láta prenta bréfið, verður það afhent skrifstofunni, til að leggjast fram á lestrarsalnum.

Kristján Jónsson: Vill ekki hæstv. forseti skýra deildinni frá innihaldi bréfsins; eg vil gjarnan, að hún viti, hver málaleitan felst í því.

Forseti: Málið er ekki formlega undirbúið til dagskrár; eg held og því fast við þann úrskurð, sem eg hefi felt.

Ágreiningur um dagskrá og bókun fundargerða.

Efri deild 10. marz.

Þá er forseti hafði lesið upp dagskrá fyrir næsta fund í deildinni og í því er hann sagði fundi slitið stóð upp

Lárus H. Bjarnason: Eg hefi afhent hæstv. forseta skriflega kröfu frá 3 deildmönnum um að tillaga til þingsályktunar um innsetning gæzlustjóra Ed. við Landsbankann verði tekin á dagskrá næsta

fundar deildarinnar. Þessa kröfu er forseti skyldur að taka til greina samkv. 2. málsgrein 41. gr. þingskapanna. Hæstv. forseti hafði og lofað að taka tillöguna á dagskrá á morgun, en þegar hann kom út frá ráðherra áðan, var komið annað hljóð í strokkinn.

Forseti: Það er rétt, að nefnt hafði verið við mig að taka tillögu þessa á dagskrá á morgun, en hæstv. ráðherra hefir forföll og getur ekki mætt á fundi á morgun. Hefir hann því, ásamt fleiri háttv. þingmönnum, óskað þess, að málinu verði frestað til mánudags. Samkv. því hefi eg sett dagskrána. Þegar eg var að tilkynna fundarslitið, og háttv. 5. kkj. tók til máls, mintist eg þess, — er í svip hafði horfið mér úr minni, og sem tilkynna bar og tilkynnist nú í hv. deild, að mér hefir á fundinum verið afhent skrifleg krafa þriggja háttv. þingdeildarmanna, er hljóðar svo:

Vér leyfum oss að heimta, að tillaga til þingsályktunar um innsetning gæzlustjóra e. d. við Landsbankann verði tekin á dagskrá laugardaginn 11. þ. m.

Alþingi 10. marz 1911

Lárus H. Bjarnason,
Stefán Stefánsson,
Aug. Flygenring.

Eftir að hafa lesið upp þessa tilkynningu, segi eg nú fundinum slitið.

Efri deild 11. marz.

Þegar í byrjun fundar stóð upp **Forseti** og mælti á þessa leið:

Það var tilkynt hv. deild að fundarlokum í gær, að þrír hv. þingmenn: 5. kjk., 3. kjk. og 6. kjk. hefðu skriflega farið fram á að fá tillögu til þingsályktunar „um innsetning gæzlustjórnar Efri deildar við Landsbankann“ á þingskj, 134, tekna á dagskrá í dag. — Um þessa tillögu eða kröfu þeirra verður nú umræðulaust leitað atkvæða. Þeir sem greiða henni atkvæði standi upp.

Með tillögunni voru greidd 7. atkv.
en á móti 3. —

Þá leita eg þarnæst atkvæða um, hvort málið skuli tekið fyrir á þessum fundi. — Þeir sem vilja hafa málið tekið fyrir standi upp. (Stóðu upp 7). Þeir sem ekki vilja láta taka málið fyrir, standi upp. (Stóðu upp 3).

Með því að samkv. 41. gr. þsk. „mál, sem eigi er á dagskrá, verður því að eins tekið fyrir, að til þess fáist samþykki $^3/_4$ þeirra sem á fundi eru“, og eigi hefir fengist nægur atkvæðafjöldi fyrir því að málið verði tekið fyrir á þessum fundi, þá verður það ekki gjört.

Lárus H. Bjarnason:

(Forseti: hringir).

Eg vil benda hæstv. forseta á að samkv. niðurlagi 36. gr. þsk. hefir hver þm. rétt til að gera athugasemd um gæzlu þingskapa, og þingsköpin standa yfir forseta. Samkv. 2. málsgrein 41. gr. þsk. þarf ekki nema einfaldan meiri hl. atkv. til þess að mál verði tekið á dagskrá, þegar krafa um það hefir verið tilkynt í lok næsta fundar á undan. Það er gersamlega rangt að til þess þurfi $^3/_4$ atkvæða. Forseti skilur ekki þingsköpin.

(Forseti: hringir): Umræðu um þetta er slitið. Háttv. skrifari lesi upp gjörðabók síðasta fundar).

Þetta er óforsvaranleg hlutdrægni og eg mótmæli henni í kröftugasta máta. Niðurlag 3. máls 41. gr. á að eins við mál, sem borin eru upp á þingfundi fyrirvaralaust.

Var síðan lesin upp gerðarbók frá síðasta fundi. Að því loknu stóð upp

Lárus H. Bjarnason: Eg vil benda á, að fors. hefir ekki látið bóka rétt það sem gerðist í lok fundarins. Eg heimta að það sé borið undir deildina, hvort ekki sé rétt, sem eg skýri frá. Eg afhenti forseta í fundarbyrjun skriflega kröfu frá þremur þingm., sem skyldi tilkynt deild-

inni í fundarlok. Hann ætlaði auðsjáanlega að stinga kröfunni undir stól, og þegja hana fram af sér, og sleit fundi án þess að lesa hana upp. En er hann sá, að vér létum oss ei lynda slíkar aðfarir, þá sá hann að sér og fékst til að tilkynna deildinni kröfuna, *eftir* að hann var búinn að slíta fundi einu sinni, og sagði því næst „þessum aukafundi“ slitið, og nú hefir hann bætt svo gráu ofan á svart, að hann hefir úrskurðað að $^3/_4$ atkv. þurfi til að samþykkja að mál þetta verði tekið á dagskrá, þar sem aftur á móti þsk. bera það augljóslega með sér að einfaldur meiri hluti ráði.

Forseti: Eg bið háttv. þm., sem svo iðulega hefir farið út fyrir þingsköpin, að gæta þess, að hann hefir ekki leyfi til að tala um annað en bókunina.

Lárus H. Bjarnason: Eg skil þingsköpin, og veit hvað mér er heimilt að tala um og hvað ekki. Eg held fast við það, að bókunin sé ekki rétt. Eg heimta að það sé tekið upp í gerðabókina, að hæstv. forseti hafi ekki tilkynt þessa kröfu vora, sem eg afhenti honum í fundarbyrjun, fyr en eftir að hann var búinn að slíta fundi í fyrsta sinn.

Forseti: Eg mótmæli því að krafa þessi hafi borist mér í fundarbyrjun; hún kom meðan á fundinum stóð. Eg játa það, að hún féll úr minni mér og eg gleymdi að tilkynna hana þegar dagskráin var tæmd og búið var að lesa upp dagskrá fyrir næsta fund, svo að orðin: „segi eg fundi slitið“ voru að hrökkva af vörum mér, er eg mundi eftir kröfunni. Ætlaði eg þá samstundis að bæta úr þessu með því að tilkynna hana, en þá rauk hv. 5. kjk. upp með vonzku á sína vísu. En undir eins og eg komst að fyrir honum, tilkynti eg kröfuna og sömuleiðis nöfn þeirra manna, er undir henni voru, og bað þingmenn að minnast þess að krafan væri tilkynt.

Kristinn Daníelsson: Eg stend upp til að mótmæla þeim ummælum hv. 5. kjk., að forseti hafi látið bóka nokkuð. Sem skrifari hefi eg bókað það sem í gerðabókinni er, upp á eigin hönd eins og vant er, og hefir ekkert verið fyrir mig lagt. Eg áleit sjálfsagt að bóka þetta þannig. Þó að karp nokkurt yrði í fundarlok í gær, svo að óregla varð á niðurlagi fundarins, þá áleit eg ekki að þessleiðis ætti að koma fram í fundarbókinni. Forseti framkvæmdi það sem honum bar, sem sé að tilkynna þessa kröfu í fundarlok, og þó að hann hafi af ógáti verið búinn að segja fundi slitið áður, get eg ekki álitið annað en að fyllilega hafi verið úr því bætt, þar sem krafan var tilkynt áður en þingmenn fóru og fundi var slitið til fulls. Eg sé því ekki betur en að þetta sé rétt og þinglega bókað, og álit rangt að fara að draga slíkt karp inní bókun alþingis.

Lárus H. Bjarnason: Eg vildi ekki væna hv. þm. V.-Ísf. þess að hann gerði viljandi rangt, og gat mér því fremur til að hæstv. fors. mundi hafa verið valdur að því, að þannig var bókað; get eg auðvitað trúað orðum hv. þm., að fors. hafi ekki komið nálægt bókuninni. En hver sem veldur, þá er bókunin ekki rétt. Hún á að vera nokkurskonar ljósmynd af því sem fram fer á fundunum. Það er hún ekki hér. Og eg endurtek það, að eg heimta að bókað sé, að krafa sú sem forseti hefir játað að hann hafi tekið við og átt að tilkynna í fundarlok, hafi ekki verið tilkynt fyr en eftir að fundi var slitið. Að hann áleit fundinum endanlega slitið og nýjan fund settan, sést á því að hann sagði „þessum aukafundi“ slitið, er hann hafði lesið upp kröfuna. Annars er framkoma hæstv. fors. í þessu máli aðeins einn hlekkur í samanhangandi keðju af tilraunum hans og ráðherra til að draga þetta mál á langinn og fresta úrslitum þess hér í deildinni. Forseti var í gær búinn að lofa mér að taka þetta mál á dagskrá í

dag, en eftir að hann var búinn að vera litla stund inni í ráðherra herberginu, þá var hann allur umsnúinn. Það er eins og einhver leynistrengur liggi úr greipum ráðherra að ónefndum stað á hv. forseta.

Forseti (hringir): Eg hringi þm, niður og víti ummæli hans um mig sem röng og óþingleg. Eg skal geta þess, að á meðan ekkert var því til fyrirstöðu, hafði eg ekkert á móti því, að mál þetta yrði tekið á dagskrá í dag. Þar sem ráðherra óskaði þess, af því hann gat ekki verið á fundi í dag, og margir þm. skoruðu á mig, að taka málið ekki á dagskrá í dag, þótti mér ekki rétt, og því ekki fært, að gera það. Eg sá enda enga ástæðu til þess. Það stendur á engu þó málið bíði til mánudags. Eg hefði gert það sama fyrir hv. 5. kgk. þm. Fyrir tilmæli hans tók eg út af dagskrá í gær frv. til laga um viðauka við gildandi lagafyrirmæli um utanþjóðkirkjumenn. Sömuleiðis tók eg eftir ósk hv. 3. kgk. þm. frv. til laga um stýrimannaskólann í Reykjavík út af dagskrá. En nú virðist það vera vítavert í augum hv. 5. kgk. að sinna samskonar beiðni, þegar hún kemur frá öðrum! Eg skal lýsa því yfir, að þegar eg kom inn í deildina fyrir fundinn í dag, þá heilsaði hv. 5. kgk. með þeim orðum, að það hefði „frézt að eg ætlaði að neita að bera tillöguna undir atkvæði, og brjóta stjórnarskrána". Slíkt framferði gagnvart forseta er hreinasta óhæfa. Eg sagði honum að eins, að slíku svaraði eg ekki. Að endingu skal eg geta þess, að vilji hv. þm. fá breytt bókuninni, verður hann að koma með ákveðna tillögu í þá átt.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal benda hæstv. forseta á, að hann hafði skakt eftir mér. Eg spurði, hvort hann ætlaði sér að brjóta þingsköpin, en ekki stjórnarskrána. — Það stóð alt öðruvísi á um þessi tvö mál, sem forseti gat um að hefði verið tekin út af dagskrá, heldur en þetta mál. Áður en eg fór fram á það við hæstv. forseta, að hann tæki frv. til l. um viðauka við gildandi lagafyrirmæli um utanþjóðkirkjumenn út af dagskrá í gær, var eg búinn að tala við alla nefndarmennina og fá leyfi þeirra til þess. Hefði hæstv. forseti ætlað að fara eins með þetta mál, átti hann auðvitað fyrst að snúa sér til nefndarinnar, en það hefir hann ekki gjört. — Nú skal eg verða við ósk hæstv. fors., eða réttara sagt forseta-viðvanings, og koma með tillögu um það, að bókað verði, að krafa vor hafi fyrst verið lesin upp fyrir deildinni eftir að fundi var slitið.

Forseti: Eg skal enn geta þess til skýringar, að það var aðeins „lapsus memoriæ" hjá mér, að eg sagði fundi slitið án þess að vera búinn að tilkynna kröfuna; hún féll úr hug mér. Eg veit enda ekki, hvort það er endilega sjálfsagt að tilkynna slíkt á undan þeim orðum, sem fundi er slitið með, fremur en strax upp úr þeim. Það ætlaði eg að gera, en fékk ekki frið til þess, því að hv. 5. kgk. var óðara rakinn upp með ónot og ofstopa.

Sigurður Stefánsson: Eg vil aðeins vekja athygli bæði hæstv. forseta og hv. 5. kgk. á því, að hér hafa farið milli þeirra orð, sem ekki koma málinu hið minsta við. Hér á aðeins að ræða um bókunina. Sé rangt bókað, þá er sjálfsagt að leiðrétta það og láta svo útrætt um málið.

Forseti: Hér er ekki um neina ranga bókun að ræða. Alt slíkt tal er hártogun ein. Eg skal biðja skrifara að lesa upp aftur þenna stað í gerðabókinni, sem deilt er um, svo að hv. deildarmenn geti áttað sig á málinu.

Kristinn Daníelsson les upp: „Forseti tilkynti deildinni að farið sé fram á af 5. kgk. þm., 3. kgk. þm. og 6 kgk. þm. að taka á dagskrá næstu fundartillögu til þingsályktunar um innsetningu gæzlustjóra E. d. í Landsbankanum".

Hér vantar þá ekki annað inní en að

forseti hafi verið búinn að sleppa orðunum „fundi slitið“, þegar hann tilkynti kröfuna.

Kristján Jónsson: Umræðurnar eru nú um alt annað en það, sem þær áttu að snúast um, og hér er aðalatriðið, nefnilega hver er sá rétti skilningur þingskapanna. Eg var sjónarvottur að því, að forseta var í gær afhent þessi margumrædda krafa, og sá hann leggja hana á borðið fyrir framan sig. Og eg var heyrnarvottur að því, að krafan var lesin upp áður en fundi var slitið, að minni skoðun. Undirbúningur málsins er því í alla staði löglegur. — Nú segir í þingsköpunum í 41. gr. 2. málsgrein, að krafa um að taka mál á dagskrá, sem tilkynt hefir verið í lok fundar, skuli borin undir atkvæði umræðulaust í byrjun næsta fundar, og sker þá einfaldur meiri hluti úr, en ekki $^3/_4$ eins og hæstv. forseti virðist álíta. Það er ekkert vafamál, að mál þetta heyrir undir 2. málsgr. 41. gr. en ekki 3. málsgrein. Deildin hefir því samþykt að taka málið á dagskrá, og er því þetta atriði löglega útkljáð. Hitt er annað mál, hvort hæstv. forseti vill beygja sig fyrir löglegum úrskurði deildarinnar, og gera það sem hann er skyldur til samkv. þsk. Um það skal eg ekkert segja.

Forseti: Það sem liggur fyrir er að ganga frá fundarbókinni. Þareð ekki hefir komið fram skrifleg tillaga frá háttv. 5. kgk., en hins vegar hefir komið yfirlýsing frá háttv. þingm. Borgfirðinga um að málið hafi fengið löglegan undirbúning undir þennan fund, þá leyfi eg mér að skoða þessa yfirlýsingu sem breytingartillögu við hina munnlegu tillögu hv. 5. kgk.; skifleg tillaga hefir sem sagt ekki komið fram.

(L. H. B.: Eg held á henni í hendinni).

Mér hefir ekki verið afhent nein tillaga.

Lárus H. Bjarnason: Eg bið háttv. forseta að vera ekki svona æstan. Eg hefi hér skriflega tillögu um að bætt verði inn í gerðabókina þessum orðum: „Eftir að fundi var slitið, en áður en fundi var slitið í annað sinn“. Þetta þarf að koma í fundarbókina til þess að hún flytji rétta mynd af því sem gerðist á fundinum. Eg vona að háttv. forseti, nú þegar hann hefir áttað sig, játi sem góður drengur að hann hafi hlaupið á sig; með því móti getur alt jafnað sig.

Kristinn Daníelsson: Fyrst komin er fram ákveðin tillaga leyfi eg mér að mæla á móti því, að þannig löguð breyting verði gerð á gerðabókinni. Þar sem háttv. 5. kgk. telur að fundarbókin eigi að vera nokkurs konar ljósmynd af því sem gerist á fundunum, þá getur það ekki verið alvara hans, að þar eigi að koma að hverjum smágalla og óþinglegu atviki. Það finst mér ekki eiga við um svo sæmilega bók. Þó slíkt komi fyrir, gefur öllum að skilja, að það er fyrir ógát eða vangá, sem öllum getur orðið á. Hver óhlutdrægur maður mun geta gengið úr skugga um, og það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, að það er af keskni að verið er að reyna að koma þessu inn í fundarbókina; og það er tilraun til þess að gera ómynd úr þeirri ljósmynd, sem fundarbókin á að vera af sæmilegum gerðum þingsins.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal ekki þrátta meira um þetta. Það er tilgangslaust.

Kristján Jónsson: Eg kom með enga breytingartillögu; eg lýsti að eins mínum skilningi á þingsköpunum og að eg áliti að forseti ætti að beygja sig undir úrskurð deildarinnar.

Síðan var gengið til atkvæða um tillögu 5. kgk. og hún feld með 7 atkvæðum móti 4 að viðhöfðu nafnakalli.

Nei:	*Já*:
Kristinn Daníelsson,	Augúst Flygenring,
Steingr Jónsson,	Eiríkur Briem,
Ari Jónsson,	Kristján Jónsson,
Gunnar Ólafsson,	L. H. Bjarnason.
Sig. Hjörleifsson,	

Sigurður Stefánsson,
Stefán Stefánsson.

Lárus H. Bjarnason: Mætti eg spyrja háttv. forseta, úr því að málið verður ekki tekið fyrir í dag, hvað hann ætlar þá lengi að draga það, hvort heldur fyrir „rás viðburðanna“ eða af öðrum ástæðum, að taka málið á dagskrá? Verður það tekið á dagskrá á mánudaginn eða seinna? getur háttv. forseti svarað því?

Forseti: Þessu skal eg svara því, að málið verður á dagskrá á mánudaginn. Eg hefi þegar lagt fyrir skrifara minn, þann sem útbýr dagskrána til mánudagsins, að rita málið á hana.

Efri deild 16. marz.

Forseti: Eg hefi þá athugasemd að gera við bókunina, að hér á einum stað er ekki nákvæmlega bókað, þar sem segir:

„Í tilefni af því, að einn þingdeildarmanna. 5. kgk., er fengið hafði orðið, hóf mál sitt með umtali um ráðherraskiftin, sem forseti endurtók að hann bannaði umræður um, ákvað forseti að fundi væri frestað um fjórðung stundar, þá er þingmaðurinn ekki ætlaði að taka fyrirmæli hans til greina“.

Það vantar að geta þess, að þm. hélt áfram og að hann hlýddi ekki boðum forseta.

Lárus H. Bjarnason: Eins og bókunin er, get eg eftir atvikum nú, er forseti hefir lýst óánægju sinni yfir henni, látið vera að amast við henni, í trausti þess, að forseti vandi betur úrskurði sína en hann hefir gert hingað til.

Forseti: Eg get ekki dæmt um, hvað þingm. ætlaði að gera, eg gat að eins dæmt um það sem fram kom. Það sem eg óska breytt er það, að þingm. tók ekki fyrirmæli forseta til greina.

Steingrímur Jónsson: Það er í mínum augum svo, að þessi bókun gefi nákvæmlega til kynna það sem fram fór. Það virtist svo eða var ekki heyranlegt annað en að háttv. 5. kgk. ekki ætlaði að taka til greina orð forseta.

Kristinn Daníelsson: Mér fanst bezt við eiga að hafa bókunina þannig. Það getur verið að það þyki undarlega til orða tekið að segja, að þm. hafi ekki ætlað að gera þetta, en það er sú talvenjumerking í orðinu „ætla að gera“ sama sem að sýna sig í því, og felst þá í þessu, að þm. sýndi forseta skort á hlýðni, sem gaf tilefni til fundarfrestunar. Hann virtist ekki ætla að taka fyrirmæli forseta til greina. Þess vegna fanst mér rétt að orða bókunina þannig.

Steingrímur Jónsson: Skrifari bar þessa bókun undir mig í gær og okkur kom báðum saman um, að hún væri nákvæm mynd af því sem á fundinum hafði gerst.

Forseti: Eg get gjarnan fallið frá að breyting sé gerð á bókuninni. Þessar skýringar tel eg mér fullnægjandi, þar sem þær lýsa því sem fram fór á fundinum. Eg skal ekki gera það að kappsmáli, að nákvæmar sé bókað það sem þar gerðist.

Lenging þingtímans.

Fundur í sameinuðu þingi 6. mai.

Forseti (Sk. Th.) Þar sem nú er liðinn tími sá, sem Alþingi var framlengt um, þá leyfi eg mér að beina þeirri ósk til hæstv. ráðherra að honum mætti þóknast að framlengja enn þingið.

Ráðherra (Kr. J.) Eg skal lýsa því yfir, að eg framlengi þingtímann til næsta þriðjudagskvölds, 9. þ. m.

Forseti (Sk. Th.) Eg leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra, hvort það sé fast ákveðið að þinginu sé slitið það kvöld.

Ráðherra (Kr. J.) Eg læt það óákveðið fyrst um sinn.

Ferðakostnaðarreikninganefnd.

Sameinað alþingi 29. apríl.

Kosin nefnd til að úrskurða ferðakostnaðarreikninga þingmanna.

Kosnir voru að viðhafðri hlutfallskosningu:

Ólafur Briem	22	atkv.
Steingr. Jónsson	17	„
Björn Þorláksson	11	„
Eggert Pálsson	8½	„
Gunnar Ólafsson	7⅓	„

Kosningar.

Sameinað alþingi 29. apríl.

Kosnir 3 menn í nefnd til að meta rit til verðlauna af „gjöf Jóns Sigurðssonar".

Í nefndina kosnir með hlutfallskosningu:

Dr. Jón Þorkelsson	22	atkv.
Prof. B. M. Ólsen	17	„
Alþm. Hannes Þorsteinsson	11	„

Kosinn yfirskoðunarmaður landsbankans.

Kosningu hlaut;

Benedikt Sveinsson alþm. með 21 atkv. Jón Laxdal fyrrum verzlunarstjóri hlaut 16 atkvæði, 2 seðlar auðir.

Kosning fulltrúa í bankaráð Islandsbanka fyrir tímann til aðalfundar 1914.

Kosningu hlaut:

Sig. Hjörleifsson alþm. með 20 atkv. Lagaskólastjóri Lárus H. Bjarnason 5. kgkj. hlaut 19 atkv.

Kosning fulltrúa í Bankaráð Íslandsbanka fyrir tímann til aðalfundar 1915.

Kosningu hlaut:

Ari Jónsson alþm. með 22 atkv. Skólameistari Stefán Stefánsson 6. kgkj. hlaut 15 atkv., og lagaskólastjóri Lárus H. Bjarnason 5. kgkj. 1 atkv., einn seðill auður.

Efri deid 9. maí.

Kosin 4. manna nefnd til að íhuga peningamál landsins og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Sigurður Hjörleifsson	20	atkv.
Hannes Hafstein	19	„
Magnús Blöndahl	10	„
Augúst Flygenring	9½	„

Efri deild 1. apríl.

Kosning gæzlustjóra við Landsbankann.

Forseti gerði svo látandi grein fyrir kosningunni:

Kosning þessi gildir frá þessum degi til 1. dags júlímánaðar 1914. — það er fyrir það tímabil, sem eftir er af kjörtíma Kristjáns dómstjóra Jónssonar, er kosinn var gæzlustjóri af efri deild alþingis 1909, en hefir nú með bréfi dags. 27. f. m. beðið deildina lausnar frá því umboði, sakir breytingar á stöðu sinni, þar sem hann er orðinn ráðherra Islands.

Var þá gengið til kosninga og kosinn:

Jón Ólafsson þm. S.-M. með 7 atkv.

Samábyrgðarstj. Jón Gunnarss. fékk 6 atk.

Efri deild 3. maí.

Kosning yfirskoðunarmanns landsreikninganna fyrir árin 1910 og 1911.

Kosningu hlaut:

Lárus H. Bjarnason, lagaskólastjóri, með 6. atkv.

Hannes Þorsteinsson, alþm. hlaut 5 atkv. 2 seðlar auðir.

Þinglok.

Á fimtugasta og níunda fundi efri deildar alþingis, að afloknum þingstörfum, og eftir að gerðabók hafði verið lesin upp og samþ., ávarpaði forseti (Jens Pálsson) deildarmenn og mælti á þessa leið:

Þar sem þessi er hinn síðasti fundur

háttvirtrar efri deildar á þessu þingi, bið eg háttvirta deildarmenn virðulega kvadda og bið þá heila að lifa. Segi eg svo fundinum slitið.

Á fimta fundi hins sameinaða alþingis 10. maímán. tók forseti (Skúli Thoroddsen) til máls og mælti á þessa leið:

Alþingi hefir alls haft til meðferðar 107 lagafrumvörp, 24 stjórnarfrv., 83 þingmannafrv. Af þessum hafa 16 stjórnarfrv. orðið að lögum og 29 þingmannafrv. Hafa þá alls 45 frv. verið afgreidd sem lög frá þessu alþingi. Enn fremur hafa komið fram 49 þingsályktunartillögur; af þeim hafa 25 verið samþyktar og verið afgreiddar til ráðherra. Ein fyrirspurn til stjórnarinnar hefir verið borin upp og svarað. Af rökstuddum dagskrám hafa 11 komið undir atkvæði. Þó að störf þingsins hafi þannig verið allmikil og tala þeirra mála, sem til umræðu hafa komið, sé há, þá verður þó ekki sagt, að þingið hafi fjallað um mörg stórmál. — Markverðustu gerðir þingsins auk fjárlaganna, eru stofnun háskólans nú á þessu ári, og breyting sú, sem samþykt hefir verið á stjórnarskránni. Með stjórnskrárbreytingunni hefir, meðal annars, verið gerð ráðstöfun til þess, að bæta úr því ranglæti, sem kvenþjóð þessa lands hefir átt við að búa hingað til. Að vísu er það ekki trygt að fullu enn, að sú réttarbót nái fram að ganga, en fyrsta sporið er þó stigið í þá átt, og verður því, án efa, tekið með fögnuði. — Nú eru nýjar þingkosningar fyrir höndum, og vér óskum þess allir af heilum hug, að þær fari á þann hátt, sem verða megi þjóðfélaginu til mestra heilla og farsældar.

Ráðherra (K. J.): Eg skal leyfa mér að lesa upp bréf hans hátignar, konungsins, svo hljóðandi:

Vér Frederik áttundi, af Guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi af Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldenborg.

Vér veitum yður með bréfi þessu, sem ráðherra Vorum fyrir land Vort Ísland, vald til þess að samþykkja í Voru nafni, að yfirstandandi alþing megi setu eiga svo lengi sem þörf verður á, þó eigi meira en 4 vikur fram yfir 8 vikna tíma þann, er heimilaður er í 3. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 um breytingu á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874, og enn fremur vald til þess í Voru nafni, að segja þingi slitið að liðnum hinum lögheimilaða reglulega þingsetutíma, eða síðar á 4 vikna fresti þeim, er áður er nefndur, þegar eigi er lengur þörf á að lengja þingið

Ritað á Amalíuborg 25. marz 1911.

Undir Vorri konungl. hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Kristján Jónsson.

Til hr. Kristjáns Jónssonar Riddara af Dannebrog Vors ráðherra fyrir Ísland.

Með því að störfum þingsins er nú lokið, og með því að tími sá er þinginu er lögleyfður til starfa er liðinn, og enn fremur framlenging sú á þingtímanum, er veitt hefir verið með konungsúrskurði, þá segi eg í nafni og umboði konungs þessu 22. löggjafarþingi Íslendinga slitið.

Stóð þá upp 1. kgk. þm. (Júlíus Havsteen) og mælti: „Lengi lifi konungur vor, Frederik hinn áttundi!“ og tók allur þingheimur undir með níföldu húrrahrópi.

Leiðrétting.

Á 10. og 11. dálki er prentað bréf, sem á inn annarstaðar (er prentað með réttu á d. 1037—1038), og á að falla burt. En á undan málsgreininni á 11. dálki, sem hefst með orðunum: „Úrskurðurinn segir þannig,“ komi:

Niðurlagið á bréfi mínu til konungs var svo hljóðandi:

At det maatte behage Deres Majestæt allernaadigst at bestemme, at Varigheden af ombemeldte nuværende kongevalgte Medlemmer af Altingets Mandater maa forlænges saaledes, at disse vedblive at fungere til det for Tiden samværende Altings Slutning, omendskjønt der forinden maatte være hengaaet 6 Aar fra deres Udnævnelse.

Svar konungs er þetta:

Indstillingen bifaldes.

Amalienborg den 5. April 1911

Frederik R.